Hæstaréttardómar 1982 - 1. bindi

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1982

Efnisskrá til bráðabirgða

1. hefti

	Bls.
Ábúð	664
Áfrýjun, áfrýjunarfrestur	58
Áfrýjunarleyfi	546
Alm. hegningarlög, 233. gr.	1
Alm. hegningarlög, 4. mgr. 220. gr.	124
Alm. hegningarlög, 173. gr. a	281
Ávana- og fíkniefni	27, 96, 281, 530, 537
Banaslys	124, 409
Barnalífeyrir, endurheimta	140
Bifreiðar:	
a) einkamál	711
b) opinber mál 1, 72, 124, 350, 383, 390, 398, 409, 493, 661, 703, 706,	690, 749
Blóðrannsókn, bifreiðarstjórn	72, 383, 390, 398, 661, 690, 706, 749
Brot í opinberu starfi	146
Dómkvaðning matsmanna	68
Dómssátt úr gildi felld	25, 219
Dómstólar	1
Eignarupptaka	590
Endurupptaka dæmds máls	406
Fjárnám, fjárnámsgerð	58, 247
Fjarskiptalög, brot gegn	590
Frávísun:	
a) frá héraðsdómi	37, 363, 428, 543
b) frá Hæstarétti	58, 119, 139, 546, 573
c) frávísunardómur úr gildi felldur	214
Frelsisskerðing	260
Frestur	139, 657
Fyrning sakar	409
Gagnaöflun	121
Gagnsök	37
Gáleysi	124, 409
Gatnagerðargjald	593
Geðheilbrigðisrannsókn	121
Gjafabréf	613

Bls.
Gjafvarnarlaun 543
Gjaldfelling veðskuldabréfs 371
Greiðsludráttur 222
Gæsluvarðhald 116, 379, 568
Handtaka 527, 571, 573
Heimvísun 214
Hlutafélag, skrásetning 576
Húsaleiga 546
Húsleit 571, 573
Ítrekun 383, 390, 661, 690, 706, 749
Jafnréttisráð 437
Kosningarréttur 766
Kærufrestur 573
Kærumál:
1) Dómssátt úr gildi felld 25, 219
2) Frávísun:
a) frá héraðsdómi 37, 543
b) frá Hæstarétti 119, 139, 573
c) frávísunardómur úr gildi felldur 214
3) Frestur 139, 657
4) Gagnsök 37
5) Gjafvarnarlaun 543
6) Gæsluvarðhald 116, 379, 568
7) Handtaka 527, 571, 573
8) Heimvísun 214
9) Húsleit 571, 573
10) Kærufrestur 573
11) Lögmannafélag Íslands, úrskurður 543
12) Matsmenn, dómkvaðning 68
13) Skipti 754
14) Verjandi, þóknun 119
Lausafjárkaup 222
Líkamsárás 363, 485
Líkamsmeiðingar 124, 363, 485
Lóðarúthlutun 593
Lögheimili 766
Lögmannafélag Íslands, úrskurður 543
Manndráp, gáleysi 124, 409
Matsmenn, dómkvaðning 68
Nauðungaruppboð 371
Niðurlagning stöðu 730, 740
Ómaksbætur 114, 272, 659, 660
Ómerking 428
Ómerking ummæla 613
Opinberir starfsmenn 146, 730, 740
Opinbert starf, brot í 146

Bls.
Riftun 222, 613
Samaðild 428
Sameignarfélag 546
Sératkvæði:
a) í héraði 82
b) í Hæstarétti 1, 96, 260, 281, 363, 371, 403, 428, 437, 499, 511, 593, 613, 664, 711
Skaðabótamál, skaðabætur 44, 82, 247, 260, 363, 711
Skipti 754
Skjalafals 1, 146, 233, 398, 563
Skrásetning hlutafélags 576
Skuldamál 58, 511
Stjórnsýsla 593, 664
Sveitarstjórnarkosningar 192
Tómlæti 462
Umferðarlög 1, 72, 124, 350, 383, 390, 398, 409, 493, 661, 690, 703, 706, 749
Ummæli, ómerking 613
Útivistardómar 113, 114, 115, 272, 273, 274, 583, 659, 660
Veðskuldabréf, gjaldfelling 371
Verjandi, þóknun 119
Verksamningur 247, 462
Vextir 511
Vinnusamningur 58
Vinnuslys 44
Víxilmál 499, 506
Þjófnaður 1, 274, 558, 563, 583
Ökuhraði 493, 703

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXIII. árgangur. 1. hefti. 1982

Miðvikudaginn 13. janúar 1982.

Nr. 19/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Halldóri Fannar Ellertssyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Þjófnaður. Skjalafals. Brot gegn 233. gr. alm. hegningarlaga. Bifreiðar. Umferðarlög. Dómstólar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjað er dómi sakadóms Kópavogs 2. október 1980 og dómi sakadóms Akureyrar 30. s. m. á hendur ákærða. Eru brot þau, sem ákærða eru gefin að sök, öll framin, áður en dómur gekk í héraði í fyrra málinu. Hafa málin því verið sameinuð í Hæstarétti.

Báðum dómunum er áfrýjað að ósk ákærða með stefnum 17. desember 1980.

Ágrip mála bárust Hæstarétti 9. og 27. nóvember 1981.

Af ákæruvaldsins hálfu er þess krafist, að hinir áfrýjuðu dómar verði staðfestir með eftirtöldum frávikum:

1. Ákærði verði sakfelldur fyrir skjalafals samkvæmt ákæru 25. október 1979, kafla II.
2. Ákærði verði sakfelldur fyrir þjófnað samkvæmt ákæru 25. október 1979, kafla I, 3. lið.
3. Ákærði verði sakfelldur samkv. öllum þeim refsiákvæðum, er greinir í ákæru 21. nóvember 1979, og beittur þeim viðurlögum, er þar getur.

4. Ákærði verði eigi dæmdur til að greiða vexti af fébótum umfram það, sem krafist er.
5. Refsing ákærða verði þyngd.

Verjandi ákærða krefst þess, „að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins vegna brota, talinna í ákæru ákæruvaldsins, dags. 7. febr. 1977, I. kafla, 1. tl., og í ákæru, dags. 25. okt. 1979, 3. tl. I. kafla, og af kröfu ákæruvaldsins um sakfellingu og refsingu fyrir ölvun við akstur skv. ákæru, dags. 21. nóv. 1979". Enn fremur krefst hann þess, að ákærði verði sýknaður af ákæru fyrir brot það, sem greinir í II. kafla ákæru 23. október 1979.

I. A.
Ákæruefni, sem dómur sakadóms Kópavogs 2. október 1980 lýtur að.

I. A.

Ákæruefnum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi, en það athugast, að bókstafur A á við ákæru 7. febrúar 1977, B við ákæru 9. september s. á., C við ákæru 16. desember s. á., D við ákæru 25. október 1979 og E við ákæru 21. nóvember s. á. Í ákæru D, II, hefur fallið niður ártalið 1978 á eftir orðinu júníbyrjun. Héraðsdómari hefur leyst úr hverju einstöku ákæruatriði, en efnisskipan dómsins er eigi jafnglögg og skyldi.

Í ákæruskjali 21. nóvember 1979 segir, að brot það, sem ákærði er þar saksóttur fyrir, hafi hann framið 9. september 1979, en ártalið á að vera 1978. Þessi mistök girða ekki fyrir, að dómur sé lagður á þetta ákæruefni, sbr. 3. málsgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, enda hefur málið verið flutt hér fyrir dómi að aðgættri þessari leiðréttingu ríkissaksóknara.

Í ákæruskjali 7. febrúar 1977 er ákærða m. a. gefið að sök að hafa í fyrstu viku nóvembermánaðar 1975 stolið segulbandstæki, hjólsög og strekkjara úr skúr við Álftröð 1 í Kópavogi. Leitt er í ljós, svo sem greinir í héraðsdómi, að ákærði var dæmdur sekur um þessa háttsemi með dómi sakadóms Kópavogs 23. júlí 1975. Hefur ríkissaksóknari

fallið frá þessu ákæruefni hér fyrir dómi, en héraðsdómari vísaði því eigi frá dómi sem vera ber, sbr. 2. mgr. 168. gr. laga nr. 74/1974 og 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936.

Það athugast, að samkv. ákæruskjali 21. nóvember 1979 skyldi höfða mál gegn ákærða fyrir sakadómi Reykjavíkur, en af hálfu ríkissaksóknara var ákæruskjalið sent til bæjarfógetans í Kópavogi. Verður við það að miða, að misritun sé til að dreifa um nefnt atriði í ákæruskjalinu.

I. B.

Hátterni það, sem ákærði er saksóttur út af í ákæruskjali 25. október 1979, I. kafla, 2., 4. og 5. tölulið, varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Taka á klarinetthljóðfæri því, er greinir í sama ákæruskjali, I, 3, varðar ákærða refsingu samkv. 244. gr. almennra hegningarlaga.

Háttsemi sú, sem ákærða er gefin að sök í sama ákæruskjali, II. kafla, varðar við 155. gr. almennra hegningarlaga.

Um önnur ákæruefni ber að staðfesta úrlausn héraðsdómara með vísan til röksemda hans að því er varðar refsisök og færslu til refsiákvæða.

II.

Ákæruefni, er dómur sakadóms Akureyrar 30. október 1980 tekur til.

Það athugast, að eitt þeirra málverka, sem ákærði sló eign sinni á, hefur eigi komið til skila.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að háttsemi ákærða, er hinn áfrýjaði dómur fjallar um, varði við 244. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Ákvörðun refsingar, skaðabóta og sakarkostnaðar.

III. A.

Öll þau brot, sem ákærði er dæmdur sekur um í máli þessu, voru framin, áður en dómur sakadóms Reykjavíkur 21. september 1979 gekk. Ber því að ákveða refsingu ákærða

nú með vísan til 77., 78. og 255. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 mánaða fangelsi, en til frádráttar refsivist komi gæsluvarðhaldsvist hans í 9 daga.

III. B.

Engar skaðabótakröfur voru uppi hafðar í máli því, er dæmt var í sakadómi Akureyrar 30. október 1980. Hér á eftir verður dæmt um bótakröfur þær, er dómur sakadóms Kópavogs 2. október 1980 tekur til.

Skaðabótakrafa Steinunnar Finnbogadóttur nemur endanlega 117.000 gömlum krónum. Einn kröfuliðurinn, að fjárhæð 10.000 gamlar krónur, varðar viðskipti hennar við ákærða út af úri. Ákærði er eigi í máli þessu sóttur til saka um neitt brot, er tengist úri þessu, og verður eigi dæmt í málinu um þann kröfulið, sbr. 3. málsgr. 146. gr. laga nr. 74/1974. Ber að dæma ákærða til að greiða Steinunni 107.000 gamlar krónur.

Af gögnum máls verður eigi séð, að Sigtryggur Sigurðsson hafi haft uppi bótakröfu á hendur ákærða í málinu, og koma bætur til hans því eigi til álita.

Að öðru leyti ber að staðfesta úrlausn héraðsdómara um höfuðstól dæmdra bótakrafna. Vextir af greindum fjárhæðum verða eigi dæmdir framar því, sem krafist er í málinu. Af hálfu Hótels Hafnar, Jakobs Sveinbjarnarsonar, Ragnhildar Ellertsdóttur og Steinunnar Finnbogadóttur hefur vaxta eigi verið krafist. Verða þeim því eigi dæmdir vextir, og gegnir einu, þótt ákærði hafi í dómi gengist undir að greiða tveimur þessara aðilja vexti af fjárhæðum, sem hugsanlega yrðu dæmdar. Af hálfu Bettýjar Kristínar Feron var krafist vaxta, og ber ákærða að greiða henni vexti, svo sem hér segir:

19% ársvexti af 100.000 gömlum krónum frá 19. janúar 1979 til 22. s. m., en af 165.000 krónum frá þeim degi til 1. júní s. á., 22% ársvexti frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvexti frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvexti frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvexti frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvexti frá þeim degi og

til uppsögu dóms þessa, en síðan vexti af almennum sparisjóðsbókum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákærði greiði Hótel Esju 19% ársvexti af dæmdri fjárhæð frá 9. júní 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvexti frá þeim degi til 1. september s. á. og 24% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

III. C.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 nýkrónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 5.000.00 nýkrónur.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Fannar Ellertsson, sæti 15 mánaða fangelsi, en til frádráttar refsivist komi gæsluvarðhaldsvist hans í 9 daga.

Ákærði greiði Ragnhildi Ellertsdóttur 450.00 nýkrónur, Jakob Sveinbjörnssyni 11.20 nýkrónur, Hótel Höfn 200.00 nýkrónur og Steinunni Finnbogadóttur 1.070.00 nýkrónur. Enn fremur Bettý Kristínu Feron 1.650.00 nýkrónur með 19% ársvöxtum af 1.000.00 nýkrónum frá 19. janúar 1979 til 22. s. m., en af 1.650.00 nýkrónum frá þeim degi til 1. júní s. á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi og til uppsögu dóms þessa, en síðan með vöxtum af almennum sparisjóðsbókum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags. Þá greiði ákærði Hótel Esju 480.00 nýkrónur ásamt 19% árs-

vöxtum frá 9. júní 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á. og 24% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 nýkrónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 nýkrónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Með ákæruskjali 21. nóvember 1979 var mælt fyrir um höfðun opinbers máls á hendur ákærða fyrir að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda aðfaranótt 9. september 1979. Mun það þó hafa verið misritun fyrir 9. september 1978. Mál þetta skyldi reka fyrir sakadómi Reykjavíkur að því er í ákæruskjalinu sagði. Verður að leggja sjálft ákæruskjalið til grundvallar um það atriði, sbr. 1. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974 og 19. gr. laga nr. 107/1976. Samkvæmt þessu varð málið ekki dæmt í sakadómi Kópavogs, sbr. og 29. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm sakadóms Kópavogs að því er þessa ákæru varðar og vísa henni frá sakadóminum.

Að öðru leyti er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur sakadóms Kópavogs 2. október 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. september 1980, er höfðað af hálfu ákæruvaldsins með 5 ákæruskjölum ríkissaksóknara, dags. 7. febrúar 1977, 9. september 1977, 16. desember 1977, 25. október 1979 og 21. nóvember 1979, á hendur Halldóri Fannar Ellertssyni, Álftröð 1 í Kópavogi, fæddum 30. nóvember 1950 að Tjaldanesi í Dalasýslu, A. fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

I.

Er ákærða gefið að sök að hafa tvívegis stolið frá systur sinni á heimili hennar að Álftröð 1 í Kópavogi:

1. Í aprílmánuði 1975 stal ákærði gullkrossi, hálsmeni og fleiri skartgripum.
2. Fimmtudaginn 22. janúar 1976 stal ákærði allt að 30.000 krónum.

II.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa í fyrstu viku nóvembermánaðar 1975 stolið segulbandstæki, hjólsög og strekkjara úr skúr við Álftröð 1 í Kópavogi.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta.

B. Fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 15. janúar 1977 tekið á leigu leigubifreiðina R 273 og látið aka sér frá Snorrabraut 85 í Reykjavík að Álftröð 1 í Kópavogi án þess að hafa handbært fé til greiðslu ökugjaldsins, kr. 1.120.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og nefnds ökugjalds.

C. Fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa miðvikudaginn 16. nóvember 1977 stolið veski með allt að 2.000 krónum í peningum, skjölum og skilríkjum í húsinu nr. 44 við Barðavog í Reykjavík.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D. Þjófnaður samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940:

I.

1. Stolið í júníbyrjun 1978 peningaveski með peningum, allt að kr. 10—15 þúsund, tékkhefti við Landsbanka Íslands og ýmsum persónulegum munum frá Á. B. á gistiheimili við Snorrabraut í Reykjavík.

2. Föstudaginn 19. janúar 1979 tekið heimildarlaust kr. 100.000 og 22. janúar kr. 65.000 úr bankabók nr. 529 við Landsbanka Íslands, en bókina tók ákærði heimildarlaust í húsi, sem hann var staddur í á Akranesi. Fór fyrri úttektin fram í Reykjavík, en seinni á Akureyri.

3. Stolið í marsmánuði 1979 klarinetthljóðfæri úr herbergi systur sinnar að Álftröð 1 í Kópavogi.

4. Þann 19. mars 1979 stolið eftirtöldu á Hótel Höfn í Hornafirði: kr. 20.000 í peningum frá herbergisfélaga sínum og fatnaði frá manni á herbergi nr. 206 og kr. 20.000 úr peningakassa hótelsins.

5. Aðfaranótt miðvikudagsins 21. mars 1979 stolið allt að kr. 100.000 í peningum, gullarmbandsúri, tveim gullarmböndum og gullhálsfesti frá konu, þar sem hann var staddur í gistiheimilinu að Brautarholti 22 í Reykjavík.

II.

Skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga:

Falsað í júníbyrjun nafn Ásgeirs Beinteinssonar sem útgefanda á þrjá tékka á eyðublöð úr tékkhefti, sem um getur í lið I, hér að framan, og látið kunningja sinn B. Kr. fá tékkana upp í viðskipti þeirra:

1. Nr. 2611064, kr. 48.000, dags. 4. júní, til Birgis Kristjánssonar.

2. Nr. 2611065, kr. 36.000, dags. 4. júní, til handhafa.

3. Nr. 2611066, kr. 44.000, dags. 4. júní, til handhafa.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

E. Fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 9. september 1979 (sic) undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda bifreiðinni G 5257 frá Skipholti 45 í Reykjavík suður í Hafnarfjörð með viðkomu á Umferðarmiðstöðinni í Reykjavík.

Telst þetta varða við 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

MÁLSATVIK.

I.

A. 1. Föstudaginn 23. janúar 1976 kom Ragnhildur Ellertsdóttir, Álfröð 1 í Kópavogi, á lögreglustöðina hér í bæ og kærði Halldór Fannar Ellertsson, bróður sinn, fyrir að hafa í aprílmánuði 1975 stolið frá sér gullúri, gullkrossi og einu hálsmeni. Kveður hún mann að nafni Bjarni Sigurðsson hafa verið með Halldóri, er umræddur atburður átti sér stað.

24. janúar 1976 játar Halldór Fannar fyrir lögreglunni í Kópavogi að hafa tekið lítinn gullkross, hálsmen og eitthvað fleira frá dóttur Ragnhildar, og kveðst hann hafa selt umrædda skartgripi í skartgripaverslun í Lækjargötu í Reykjavík. Halldór neitaði að hafa stolið gullúri frá systur sinni, en hann kveður Bjarna Sigurðsson, félaga sinn, hafa stolið því. Halldór staðfestir framburð sinn fyrir sakadómi Árnessýslu 7. jan. 1977, en dregur síðan framburð sinn til baka fyrir sakadómi Kópavogs 17. mars 1978, og kannast hann nú ekki við að hafa tekið umrædda skartgripi.

Bjarni Guðbergur Sigurðsson, til heimilis að Laugarnesvegi 85 A, Reykjavík, kannast við fyrir sakadómi Kópavogs 2. september 1980 að hafa verið á heimili Ragnhildar, er skartgripir þeir og gullúr, sem hér er ákært út af, hurfu, og kveður hann Halldór Fannar hafa tekið bæði úrið og skartgripina, og ber Bjarni af sér alla sök í málinu.

Í málinu liggur fyrir skaðabótakrafa Ragnhildar Ellertsdóttur um, að Halldór Fannar greiði sér kr. 20.000 vegna ofangreindra skartgripa.

2. Sama dag og í lið 1 greinir kærði Ragnhildur Ellertsdóttir Halldór Fannar, bróður sinn, fyrir að hafa stolið frá sér kr. 30.000 22. janúar 1976 á heimili hennar. Halldór játar fyrir lögreglu 24. janúar 1976 að hafa stolið kr. 25.000 frá systur sinni og hafi peningarnir verið 5 fimmþúsund króna seðlar. Heldur hann fast við framburð sinn fyrir dómi 7. janúar 1977 og 17. mars 1978.

Halldór kveðst fyrir dómi 7. jan. 1977 hafa greitt systur sinni kr. 10.000 upp í kröfuna, en systir hans mótmælir því fyrir dómi 21. mars 1978 og ítrekar fyrri framburð sinn. Gerir hún þá kröfu í málinu, að Halldór greiði sér kr. 30.000.

II.

Þessi ákæruliður var upplýstur og dæmdur í sakadómi Kópavogs 23. júlí 1976.

B. Laugardaginn 15. janúar 1977 tók ákærði leigubifreið frá Snorrabraut 85 í Reykjavík og ók að Álfröð 1 í Kópavogi, sbr. reikning merktan dómskjal nr. 9.

Er heim kom, átti ákærði ekki handbæra peninga fyrir fargjaldinu, kr. 1.120.

Fyrir sakadómi Kópavogs 17. mars 1978 kannast ákærði við að hafa ekið umrædda leið án þess að hafa átt handbært fé fyr-

ir fargjaldinu, og samþykkir hann að greiða kröfu leigubifreiðarstjórans, kr. 1.120.

Upplýst er í málinu, að ákærði var undir áhrifum lyfja, er atburður þessi átti sér stað.

C. Miðvikudaginn 16. nóvember 1977 bankaði ákærði upp á í kjallaraíbúð að Barðavogi 44 í Reykjavík í leit að hljómflutningstækjum, sem hann taldi sig eiga í geymslu í einhverju húsi við Barðavoginn. Fékk hann að hringja í ofangreindri kjallaraíbúð, og notaði hann sér tækifærið og stal veski, sem lá á borði við símann. Í veskinu voru kr. 2.000 svo og ýmis persónuskilríki. Halldór játar fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins að hafa tekið veskið ófrjálsri hendi, en man að öðru leyti óglöggt eftir atvikum sökum ölvunar umræddan dag.

Kærandi kveðst ekki gera kröfur í máli þessu.

I.

D. 1. Upplýst er með eigin játningu ákærða fyrir sakadómi Kópavogs 29. ágúst 1980, að hann hafi stolið peningaveski Ásgeirs Beinteinssonar, Strandgötu 65, Akranesi, að Snorrabraut 32, Reykjavík, í júníbyrjun 1978, en ákærði kveðst hafa verið þar að drykkju ásamt Á. B. og fleiri aðiljum.

Í veskinu var tékkhefti, ýmis persónuskilríki svo og 10—15 þúsund í peningum. Ákærði kveðst ekki muna, hvort hann tók 10—15 þúsund úr veskinu. Ásgeir Beinteinsson fellur frá skaðabótakröfu í málinu.

2. Ákærði viðurkennir fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir sakadómi að hafa stolið aðfaranótt föstudagsins 19. janúar 1979 bankabók í eigu Bettýjar Feron að Heiðarbraut 39, Akranesi, en ákærði var þar gestkomandi, er hann framdi verknaðinn.

Ákærði viðurkennir, að hafa tekið í eigin nafni í heimildarleysi út úr bókinni kr. 100.000 hinn 19. janúar 1979 í Reykjavík og kr. 65.000 22. janúar 1979 á Akureyri. Peningunum eyddi ákærði til bifreiðakaupa og í persónulegar þarfir.

Ákærði samþykkir að greiða Bettý Feron kr. 165.000 með hæstu innlánsvöxtum á hverjum tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní 1979 til greiðsludags.

3. Mánudaginn 26. mars 1979 kærði Fanney Ellertsdóttir, Álfatröð 1, Kópavogi, þjófnað á klarinetthljóðfæri á heimili sínu, en hljóðfærið kvaðst hún hafa haft að láni og hefði það horfið í byrjun mánaðarins.

Ákærði, bróðir kæranda, játaði fyrir rannsóknarlögreglu 25. mars 1979 að hafa tekið umrætt hljóðfæri. Kveðst hann ekki hafa ætlað að slá eign sinni á það, heldur hafi hann tekið það til að fullnægja hljómlistaráhuga sínum, en hann kveðst hafa verið að byrja á drykkju, er hann tók hljóðfærið.

Upplýst er í málinu, að hljóðfærið hafi gleymst í leigubifreið, á meðan á drykkju ákærða stóð, og hafi ákærði engan reka gert að því að reyna að hafa upp á hljóðfærinu og koma því til skila, er hann var kærður fyrir töku þess.

Við eftirgrennslan hafðist upp á hljóðfærinu, og er það komið í réttar hendur.

4. 15. mars 1979 réð ákærði sig sem háseta á Svöluna, RE 3, sem gerð var út frá Höfn í Hornafirði.

Flaug ákærði austur til Hafnar 18. mars og fékk inni á herbergi 206 á Hótel Höfn, en útgerð bátsins hafði herbergið á leigu. Ákærði játar fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir sakadómi að hafa stolið kr. 20.000 úr peningakassa hótelsins í afgreiðslu þess að kvöldi komudagsins. Kveðst ákærði hafa neytt færis, er enginn var í afgreiðslunni, opnað peningakassann og tekið peningana.

Ákærði fellst á að greiða Hótel Höfn kr. 20.000 ásamt hæstu innlánsvöxtum hvers tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní til greiðsludags.

Ákærði játar jafnframt að hafa stolið kr. 20.000 frá herbergisfélaga sínum, Sigtryggi Sigurðssyni, á herbergi 206 á hótelinu. Kveðst ákærði hafa tekið peningana úr veski hans eða jakka í herberginu. Fellst ákærði á að greiða Sigtryggi kr. 20.000 með hæstu innlánsvöxtum hvers tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní 1979 til greiðsludags.

Ákærði játar jafnframt að hafa stolið nýjum jakkafötum að verðmæti kr. 70.000 frá herbergisfélaga sínum, Þórmari Ragnarssyni, Heiðvangi 11, Selfossi. Kveðst ákærði hafa farið í fötum Þórmars, er hann yfirgaf Höfn í Hornafirði þann 20. mars 1979, og hafi hann brúkað þau í 2 daga. Fötunum var seinna komið til skila til eiganda síns, og gerir hann ekki frekari kröfur í málinu.

Sigtryggur Benediktsson, skipstjóri á Svölunni, RE 3, gerir þá kröfu, að ákærði greiði sér samtals kr. 36.930, en Sigtryggur kveðst hafa gengist í ábyrgð fyrir ákærða, er hann réð hann

til starfa. Kveðst Sigtryggur hafa greitt hótelreikning ákærða við Hótel City, Reykjavík, að upphæð kr. 25.000 og jafnframt hafi hann greitt flugfar fyrir ákærða til Hornafjarðar, kr. 11.930. Reikningar vegna þessara krafna liggja ekki fyrir og hefur ekki verið ákært út af þeim.

5. Aðfaranótt miðvikudagsins 21. mars 1979 var ákærði að drykkju á gistiheimilinu að Brautarholti 22, Reykjavík, ásamt Steinunni Finnbogadóttur, Eyrarhúsum, Tálknafirði, og fleira fólki.

Er Steinunn vaknaði um hádegisbilið daginn eftir, þá saknaði hún kr. 100.000 í peningum svo og tveggja mársteinsgullarmbanda, gullhálsmens og kvengullúrs, en peningana og skartgripina kvað hún hafa verið í handtösku í herbergi sínu, er hún fór að sofa um nóttina. Vaknaði strax grunur um, að ákærði hefði verið hér að verki, og hafðist samdægurs upp á honum á Akureyri.

Við leit á ákærða fundust: gullúrið, gullhálsfestin og annað gullarmbandið svo og kr. 52.400 í peningum. Var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar málsins svo og fleiri afbrota, og var hann í varðhaldi í 9 daga, frá 22. mars til 30. mars 1979.

Ákærði játaði fyrir sakadómi Kópavogs 29. ágúst sl. að hafa stolið kr. 100.000 frá Steinunni Finnbogadóttur nótt þá, er í ákæru greinir, og jafnframt að hafa stolið skartgripum þeim, er í ákæru greinir, að undanskildu breiðara mársteinsarmbandinu. Ákærði féllst þó á að greiða Steinunni andvirði armbandsins.

Ákærði fellst á í réttinum að greiða Steinunni Finnbogadóttur samtals kr. 127.600 með hæstu innlánsvöxtum á hverjum tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní 1979 til greiðsludags.

II.

Upplýst er í lið D 1, að ákærði stal í júníbyrjun 1978 veski Ásgeirs Beinteinssonar, er þeir voru saman að drykkju að Snorrabraut 32, Reykjavík, á heimili Einars Bjarnasonar. Ákærði játar fyrir sakadómi Kópavogs 29. ágúst sl. að hafa tekið 3 óútfyllt tékkaeyðublöð úr hefti Ásgeirs Beinteinssonar og falsað nafn hans sem útgefanda á þau öll og látið kunningja sinn, Birgi Kristjánsson, Strandaseli 2, Reykjavík, hafa uppi fyrirhuguð viðskipti ákærða við Flugleiðir og gjaldeyrisbanka.

Tékkarnir eru:

1. nr. 2611064, kr. 48.000, dags. 4. júní, til Birgis Kristjánssonar,
2. nr. 2611065, kr. 36.000, dags. 4. júní, til handhafa,
3. nr. 2611066, kr. 44.000, dags. 4. júní, til handhafa.

Ákærði kveðst hafa hitt Birgi á City Hótel í júníbyrjun 1978 og hafi þeir verið að dykkju saman. Kveðst ákærði hafa látið Birgi fá ofangreinda 3 tékka til þess að kaupa fyrir sig farmiða og gjaldeyri til Kaupmannahafnar, en hann kveður þá félaga hafa ætlað saman þangað. Kveður hann Birgi síðan hafa svikið sig og hafi hann aldrei keypt hvorki farmiða né gjaldeyri fyrir sig, eins og til stóð, heldur hafi hann framselt tékkana á öðrum stöðum en ásetningur stóð til og hafi Birgir eytt andvirði þeirra í eigin þarfir.

Birgir heldur því hins vegar fram fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins, að tékkarnir hafi verið greiðsla af hálfu ákærða vegna viðskipta, sem þeir hafi átt saman á Litla-Hrauni, er þeir voru þar saman í afplánun. Kveðst Birgir hafa selt ákærða stereotæki á Hrauninu og hafi ákærði greitt sér fyrir hljómflutningstækin með þessum ávísunum.

Halda bæði ákærði og Birgir fast við framburð sinn við seinni yfirheyrslur svo og við samprófun fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins.

Ekki er upplýst í málinu, hvort að Birgi Kristjánssyni hafi verið kunnugt um, að ávísanirnar hafi verið falsaðar.

Í málinu liggur fyrir krafa Hótels Esju um, að útgefandi ávísunar nr. 2611064 verði dæmdur til að greiða sér kr. 48.000 auk 2% mánaðarvaxta frá útgáfudegi til greiðsludags auk lögfræðikostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

E. Ákærði játar fyrir lögreglunni í Reykjavík í skýrslu, dags. 12. september 1978, og fyrir sakadómi Kópavogs að hafa ekið bifreiðinni G 5257 án ökuréttinda leið þá, er í ákæru greinir.

Kveðst ákærði hafa verið í partíi að Skipholti 45 í Reykjavík, áður en hann lagði upp í aksturinn, og segir hann um vínneyslu sína í lögregluskýrslunni: „Ég neytti áfengisins eins og aðrir og fann aðeins til breytingar af völdum áfengisins." Seinna í skýrslunni segir hann: „Ég man, að þarna var veitt Whisky Ballantine og Rum."

Er hann var spurður fyrir lögreglu, hvort hann hefði fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, svarar ákærði, „ég get ekki sagt, að ég hafi fundið til áhrifa áfengis við aksturinn, en náttúrulega vissi ég, að ég var búinn að smakka áfengi og jafnframt að ég væri ekki með ökuréttindi."

Ákærði neitar fyrir sakadómi að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Blóðprufa var ekki tekin af ákærða.

NIÐURSTAÐA.

I.

A. 1. Telja verður sannað, að ákærði hafi stolið gullkrossi og gullhálsmeni frá systur sinni, Ragnhildi Ellertsdóttur, að Álftröð 1, Kópavogi, í apríl 1975. Eigi þykir lögfull sönnun fram komin fyrir því, að ákærði hafi stolið gullúri frá systur sinni við sama tækifæri, og ber að sýkna hann af því.

Ákæruliður er réttilega færður til refsiákvæðis.

Skaðabótakröfu Ragnhildar Ellertsdóttur þykir í hóf stillt og verður tekin til greina að fullu.

2. Ákærði hefur undandráttarlaust viðurkennt að hafa stolið kr. 25.000 frá Ragnhildi Ellertsdóttur, systur sinni, hinn 22. jan. 1976. Hefur ákærði ætíð haldið fast við þann framburð sinn fyrir sakadómi og neitar staðfastlega, að upphæðin hafi verið kr. 30.000, eins og kærandi heldur fram. Telja verður sannað, að ákærði hafi stolið kr. 25.000 frá Ragnhildi Ellertsdóttur. Sú fullyrðing ákærða, að hann hafi greitt systur sinni kr. 10.000 upp í kröfuna, er ósönnuð af hans hálfu. Ákæruliður er réttilega færður til refsiákvæðis. Ber ákærða að greiða Ragnhildi Ellertsdóttur kr. 25.000 í skaðabætur.

II.

Þar sem ákærði var dæmdur fyrir brot þau, er í þessum lið ákæru greinir, með dómi sakadóms Kópavogs hinn 23. júlí 1976, þá ber að sýkna hann af öllum kröfum ákæruvaldsins hvað þennan ákærulið áhrærir.

B. Ákærði játar fyrir sakadómi Kópavogs 17. mars 1978 að hafa tekið leigubifreið og ekið leið þá, er í ákæru greinir, án þess að hafa handbært fé fyrir fargjaldinu. Þykir ákærði því hafa brotið gegn 248. gr. alm. hegningarlaga, og breytir hér engu lyfjanotkun ákærða, er brot var framið. Ákæra er réttilega færð til refsiákvæðis.

Krafa tjónþola verður tekin til greina að fullu.

C. Með eigin játningu ákærða telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í þessum ákærulið, og er ákæra réttilega færð til refsiákvæðis.

I.

D. 1. Með eigin játningu ákærða telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir. Telja verður og sannað, að ákærði hafi stolið kr. 10.000 frá Á. B.

Ákæra er réttilega færð til refsiákvæðis.

2. Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru.

Ákærði samþykkir að greiða Bettý Feron kr. 165.000 með hæstu innlánsvöxtum á hverjum tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní 1979 til greiðsludags.

3. Ákærði játar bæði fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og í sakadómi Kópavogs að hafa tekið klarinetthljóðfæri það, er systir hans hafði að láni, að henni fornspurðri, til þess að svala tónlistaráhuga sínum. Upplýst er í málinu, að hljóðfærið hafi síðan gleymst í leigubifreið, en ákærði kveðst hafa verið á drykkjutúr, er atburður þessi átti sér stað.

Ósannað er, að um auðgunarásetning hafi verið að ræða af hálfu ákærða, er hann svipti systur sína hljóðfærinu, og þykir brot hans því varða við 257. gr., 1. mgr., alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

4. Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru.

Ákærði samþykkir að greiða Hótel Höfn, Hornafirði, kr. 20.000 í skaðabætur svo og Sigtryggi Sigurðssyni kr. 20.000 í skaðabætur. Jafnframt samþykkir ákærði að greiða báðum aðiljunum hæstu innlánsvexti hvers tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní 1979 til greiðsludags. Skaðabótakröfu Sigtryggs Benediktssonar skipstjóra ber að vísa frá dómi, þar sem hennar hefur ekki verið getið í ákæru.

5. Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákærði samþykkir að greiða Steinunni Finnbogadóttur kr. 127.600 með hæstu innlánsvöxtum á hverjum tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní til greiðsludags.

II.

Ákærði játar fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og sakadómi Kópavogs að hafa falsað í júníbyrjun 1978 nafn Ásgeirs Beinteinssonar sem útgefanda á tékka þá, sem í ákæru greinir, og jafnframt, að ásetningur sinn hafi staðið til þess að framselja téðar ávísanir í gjaldeyrisbanka og hjá Flugleiðum og blekkja þannig þessa aðilja í lögskiptum sínum við þá. Kveður hann Birgi Kristjánsson, félaga sinn, hafa ætlað að annast þessi lögskipti fyrir sína hönd, en hann hafi svikið sig og hafi hann framselt tékkana hjá öðrum aðiljum en til stóð í upphafi og eytt andvirði ávísananna í eigin þarfir.

Birgir heldur því hins vegar fram, að framangreindir tékkar hafi verið greiðsla af hálfu ákærða upp í fyrri viðskipti þeirra.

Ósannað er, að tékkarnir hafi verið greiðsla af hálfu ákærða til Birgis Kristjánssonar vegna fyrri viðskipta þeirra á Litla-Hrauni. Ekki er heldur upplýst í málinu, að Birgi Kristjánssyni hafi verið kunnugt um, að ákærði hafi falsað ávísanirnar með þeim ásetningi að nota þær til að blekkja með í lögskiptum.

Þykir brot ákærða því varða við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga.

Ákærði samþykkir að greiða Hótel Esju kr. 48.000 í skaðabætur auk 2% mánaðarvaxta frá útgáfudegi til greiðsludags, en kröfu hótelsins um, að ákærða verði gert að greiða lögfræðikostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands er hafnað, þar sem krafan er höfð uppi og dæmd í opinberu máli.

E. Ákærði játar fyrir lögreglu og í sakadómi að hafa ekið án ökuréttinda bifreiðinni G 5257 leið þá, er í ákæru greinir, aðfaranótt laugardagsins 9. september 1979. Eigi þykir lögfull sönnun fram komin fyrir því, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er akstur átti sér stað, og ber því að sýkna ákærða af þeirri kröfu ákæruvaldsins, að hann hafi ekið undir áhrifum áfengis. Þykir brot ákærða varða við 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1972 8/3 í Kópavogi: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 6. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, sbr. 45. og 21. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 7 mán. frá 8. mars 1972.

1973 29/6 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi, skilorðsbund-

ið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

1973 6/9 í Kópavogi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1973 14/6 á Akureyri: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1975 16/4 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.

1975 12/9 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga og 248. gr. sömu laga, en refsing ekki gerð.

1975 19/3 í Kópavogi: Dómur: 1 mán. fangelsi og skilorðsbundið í 2 ár fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga.

1975 19/4 á Akureyri: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 257. gr. og 2. mgr. 259. gr. alm. hegningarlaga.

1976 23/7 í Kópavogi: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1977 18/1 í Kópavogi: Dómur: 10 mánaða fangelsi + 13 daga gæsluvarðhald fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga og 155. gr. sömu laga.

1979 21/9 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Skaðabætur.

Þykir refsing ákærða með hliðsjón af sakaferli hans svo og framangreindu hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði. Til frádráttar refsivist ákærða komi gæsluvarðhaldsvist hans í 9 daga.

Ákærði greiði skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni héraðsdómslögmanni, kr. 200.000 í málsvarnarlaun.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Rúnar Mogensen fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Fannar Ellertsson, sæti fangelsi í 8 mánuði. Til frádráttar refsivist ákærða komi gæsluvarðhaldsvist hans í 9 daga.

Ákærði greiði skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni, kr. 200.000 í málsvarnarlaun.

Ákærði greiði eftirtöldum aðiljum skaðabætur sem hér segir:

1. Ragnhildi Ellertsdóttur, Álfröð 1, Kópavogi, kr. 45.000.

2. Jakob Sveinbjörnssyni, bifreiðarstjóra á R 272, kr. 1.120.
3. Bettý Feron, Heiðarbraut 39, Akranesi, kr. 165.000 með hæstu innlánsvöxtum á hverjum tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní 1979 til greiðsludags.
4. Hótel Höfn, Hornafirði, kr. 20.000 með hæstu innlánsvöxtum á hverjum tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní 1979 til greiðsludags.
5. Sigtryggi Sigurðssyni, Höfn, Hornafirði, kr. 20.000 með hæstu innlánsvöxtum á hverjum tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní 1979 til greiðsludags.
6. Steinunni Finnbogadóttur, Eyrarhúsum, Tálknafirði, kr. 127.600 með hæstu innlánsvöxtum á hverjum tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní 1979 til greiðsludags.
7. Hótel Esju kr. 48.000 auk 2% mánaðarvaxta frá útgáfudegi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan annan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 30. október 1980.

Mál þetta, sem höfðað er af hálfu ákæruvaldsins með ákæruskjali, dagsettu 3. (sic) október 1979, var tekið til dóms hinn 29. október sl.

Málið er höfðað á hendur „Halldóri Fannar Ellertssyni, Tjarnarlundi 8 G á Akureyri, fæddum 30. nóvember 1950 að Tjaldanesi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu.

I.

Ákærða er gefið að sök að hafa í júlí- eða ágústmánuði 1978 stolið þremur málverkum eftir Einar Jónsson frá Fossi og fimm bókum úr íbúðarherbergi að Snorrabraut 42 í Reykjavík, er ákærði dvaldi þar sem gestur.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Ákærða er gefið að sök að hafa miðvikudaginn 25. júlí 1979 mundað hníf í húsinu nr. 41 við Hafnarstræti á Akureyri og hótað þeim Þórólfi Ingvarssyni, fæddum 16. apríl 1944, Jónheiði Þorsteinsdóttur, fæddri 31. október 1944, og Ingunni Þórólfsdóttur, fæddri 19. maí 1963, öllum til heimilis að Tjarnarlundi 8 G, að hann skyldi ráða þeim bana með hnífnum.

Telst þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og telst sakhæfur, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1972 8/3 í Kópavogi: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 6. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, sbr. 45. gr. og 21. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 7 mánuði frá 8/3 1972.

1978 29/6 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1978 6/9 í Kópavogi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1978 4/5 á Akureyri: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1975 16/4 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.

1975 12/9 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga og 248. gr. sömu laga, en refsing ekki gerð.

1975 19/3 í Kópavogi: Dómur: 1 mán. fangelsi og skilorðsbundið í 2 ár fyrir brot á 244. gr. alm. hegningarlaga.

1975 19/4 á Akureyri: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 257. gr. og 2. mgr. 259. gr. alm. hegningarlaga.

1976 23/7 í Kópavogi: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1977 18/1 í Kópavogi: Dómur: 10 mánaða fangelsi ÷ 13 daga gæsluvarðhald fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga og 155. gr. sömu laga.

1979 21/9 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Skaðabætur.

MÁLAVEXTIR.

Liður I í ákæruskjali.

Samkvæmt játningu ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu, var ákærði við vinnu í Hlaðgerðarkoti í Mosfellssveit fram undir júlí/ágúst 1978. Þegar ákærði fór frá Hlaðgerðarkoti, fékk hann leyfi Einars Valgarðs Bjarnasonar til að nota herbergi hans að Snorrabraut 42 í Reykjavík, og í þessu skyni fékk ákærði lykla að herberginu hjá Einari Valgarði. Skömmu eftir að ákærði var kominn í herbergi þetta, tók hann þrjú málverk eftir Einar Jónsson frá Fossi, sem voru í eigu Einars Valgarðs. Hér er um að ræða málverk frá Þingvöllum, líklega málað um síðustu aldamót, málverk frá Rangárvallasýslu og málverk af herskipi og togara. Hinn 9. ágúst 1978 seldi ákærði myndina frá Þingvöllum í listmunaversluninni að Laufásvegi 58, Reykjavík. Ákærði hefur einnig viðurkennt að hafa selt hin málverkin tvö, en ekki liggur ljóst fyrir, hvar eða hvenær hann seldi þessi málverk. Samkvæmt gögnum málsins hefur Einar Valgarð fengið öll málverkin í sína vörslu. Um svipað leyti og ákærði tók umrædd málverk úr herbergi Einars Valgarðs, tók hann þar einnig fimm bækur, en þessar bækur eru: 1. Leikrit eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, 2. Að norðan, I. og II. bindi, eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, 3. Sólon Íslandus eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, 4. Ljóðmæli eftir Stefán frá Hvítadal. Bækur þessar fór ákærði með til Höllu Halldórsdóttur, Gaukshólum 2, Reykjavík, og afhenti henni þær án endurgjalds, en Halla tilkynnti síðan rannsóknarlögreglu ríkisins um bækurnar.

Samkvæmt gögnum málsins hefur bókunum nú verið skilað.

Með þessari háttsemi sinni, hefur ákærði brotið gegn ákvæði 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Liður II í ákæruskjali.

Miðvikudaginn 25. júlí 1979, kl. 2015, var lögreglan á Akureyri kvödd til aðstoðar í húsið nr. 41 við Hafnarstræti á Akureyri vegna ölvaðs manns, er að sögn hefði haft í hótunum við fólk og ógnað því með hnífi. Lögreglumenn fóru þegar að sinna þessu. Þegar lögreglan kom á vettvang, hitti hún fyrir þau hjónin Jónheiði Þorsteinsdóttur og Þórólf Ingvarsson, Tjarnarlundi 8 G, Akureyri, og kváðust þau hafa ætlað að ná í dóttur sína, Ingunni Þórólfsdóttur, er væri á neðri hæð hússins nr. 41 við Hafnarstræti og þar væri einnig ákærði og væri hann ölvaður og hefði

haft í hótunum við þau og ógnað þeim með hnífi, ef þau tækju dóttur sína á brott. Lögreglumennirnir höfðu tal af húsráðanda, sem leyfði þeim inngöngu í húsið, og bar hann það sama um háttalag ákærða og óskaði eindregið eftir því, að hann yrði fjarlægður úr húsinu. Húsráðandinn benti lögreglumönnunum á ákærða, þar sem hann var í þröngum eldhúskrók inn af íbúðinni og sat þar uppi á eldhúsborði og hafði Ingunni fyrir innan sig og hindraði allan aðgang að henni og hafði allbeittan hníf í hendi.

Lögreglan afvopnaði ákærða, sem þá sýndi mótþróa, þannig að setja varð hann í handjárn, og í framhaldi af þessu var ákærði fluttur í lögreglustöðina á Akureyri, þar sem hann var færður í fangaklefa.

Aðspurður neitaði ákærði að hafa otað hnífnum að fólkinu, en sagðist hafa hótað að berja Þórólf Ingvarsson vegna afskipta hans af Ingunni, en ákærði kvað hana vera unnustu sína og með öllu sjálfs sín ráðandi.

Ákærði bar í skýrslu hjá lögreglu 26. júlí 1979, að hann hefði verið töluvert ölvaður kvöldið áður, verið búinn að neyta áfengis í nokkra daga og því verið illa fyrirkallaður. Ákærði kvað það hafa verið tveimur dögum áður, að honum hefði verið vísað úr íbúð í Tjarnarlundi 8 G vegna áfengisneyslu. Þá hafi hann farið til kunningja síns, Sigurðar Antons Friðþjófssonar, Hafnarstræti 41, og fengið að dvelja hjá honum. Þetta umrædda kvöld hefði Ingunn og foreldrar hennar komið í Hafnarstræti 41 með muni, sem ákærði átti í Tjarnarlundi 8 G hjá foreldrum Ingunnar. Ákærði óskaði þá eftir því, að Ingunn yrði eftir hjá honum, en því voru foreldrar hennar andvígir. Af þessum sökum kom til nokkurra orðahnippinga milli ákærða og foreldra Ingunnar. Ákærði kveðst hafa fengið Ingunni með sér fram í eldhús til að tala einslega við hana. Þá hafi Jónheiður, móðir Ingunnar, komið í eldhúsið til að fá Ingunni með sér, en því kveðst ákærði hafa neitað. Ákærði kveðst muna eftir því að hafa verið með hníf í höndunum þarna í eldhúsinu, en hann man ekki, hvenær hann tók hnífinn af eldhúsborðinu, en hnífurinn hafi legið þar rétt hjá sem ákærði sat. Ákærði kveðst hvorki hafa otað hnífi þessum að Ingunni né foreldrum hennar, og ekki mundi ákærði eftir að hafa sagt „ég skal drepa ykkur öll, ef þið takið Ingunni frá mér," eða „þá verða slagsmál, og ég nota hnífinn".

Á hinn bóginn getur ákærði þess, að verið gæti, að hann hafi

sagt þetta, þótt hann muni það ekki, og ákærði segir, að ef hann hafi sagt þessi orð, þá hafi engin meining legið að baki þeim, honum hafi aldrei dottið í hug að beita hnífnum. Ákærði kveðst minnast þess að hafa haft hnífinn í höndunum, þegar lögreglan kom á staðinn, en ekki kveðst ákærði hafa beitt hnífnum gegn lögreglumönnunum. Þá kveðst ákærði muna eftir að hafa sagt, að það yrðu slagsmál, ef foreldrar Ingunnar færu með hana með sér. Ákærði kveðst hafa verið mjög reiður, en var fullviss um, að honum hefði aldrei dottið í hug að beita hnífi gegn öðrum mönnum. Ákærði getur þess, að hafi hann sagt þau í reiðikasti til að valda foreldrum Ingunnar ótta (sic). Ákærða var síðan kynnt frumskýrsla lögreglunnar og hafði ekkert við hana að athuga annað en það, að þegar lögreglan kom á staðinn, þá hafi hann ekki verið afvopnaður, heldur hafi hann verið búinn að sleppa hnífnum þá skömmu áður. Ákærði hefur efnislega staðfest þennan framburð sinn fyrir dómi.

Sama dag var tekin skýrsla hjá lögreglunni af Þórólfi Ingvarssyni, fæddum 16. apríl 1944, til heimilis að Tjarnarlundi 8 G, Akureyri. Varðandi aðdraganda atburðanna að Hafnarstræti 42 er framburður þessa vitnis samhljóða framburði ákærða. Þá kemur fram hjá þessu vitni, að ákærði hafi sagt eitthvað á þá leið, „að ef að við tækjum Ingunni frá honum, þá mundi hann drepa okkur öll". Þegar ákærði hafi sagt þetta, þá hafi hann haldið hnífnum í hendinni og ekki hafi verið hægt að skilja orð hans á annan veg en að hann ætlaði að nota hnífinn til þess að vinna á því fólki, sem þarna var, enda þótt ákærði hefði ekki beinlínis otað hnífnum að þeim. Þennan framburð sinn hefur vitnið staðfest fyrir dómi hinn 7. júlí 1980.

Vitnið Ingunn Þórólfsdóttir, fædd 19. maí 1963, til heimilis að Tjarnarlundi 8 G, Akureyri, gaf skýrslu hjá lögreglunni sama dag. Varðandi aðdraganda atburðanna að Hafnarstræti 41 er framburður þessa vitnis samhljóða vitnisburði ákærða. Þó kveðst þetta vitni ekki muna eftir, að ákærði hafi sagt orðin „ég skal drepa ykkur öll, ef þið takið Ingunni frá mér", en vel geti verið, að ákærði hafi sagt þessi orð, þótt vitnið hafi ekki heyrt það. Á hinn bóginn kveðst vitnið muna, að ákærði segði við sig, „þá verða slagsmál, og ég nota hnífinn". Vitnið telur, að aldrei hefði komið til þess, að ákærði beitti hnífnum, heldur hefði hann sagt þetta til að hræða þau. Vitnið hefur fyrir dómi hinn 19. júní 1980 staðfest skýrslu þessa.

Vitnið Jónheiður Þorsteinsdóttir, fædd 31. október 1944, til

heimilis að Tjarnarlundi 8 G, Akureyri, kom fyrir sakadóm hinn 11. desember 1979.

Í þeirri skýrslu er framburður vitnisins samhljóða framburði ákærða varðandi aðdraganda atburðanna að Hafnarstræti 41. Vitnið segir, að þegar það kom í eldhúsið í greint sinn, þá hafi ákærði brugðist þannig við, að hann sagði: „Ég drep ykkur, ef þið takið Ingunni með ykkur“ eða eitthvað í þá áttina, og vitnið segir, að þegar ákærði sagði þetta, þá hafi hann haldið á eldhúshnífi, sem hann hefði gripið til þarna á eldhúsborði. Þá segir vitnið, að þegar hér var komið, hafi ákærði verið mjög æstur.

Vitnið Sigurður Anton Friðþjófsson, fæddur 4. ágúst 1942, til heimilis að Hafnarstræti 41, Akureyri, hefur borið fyrir sakadómi hinn 11. desember 1979, að í greint sinn hafi hann verið staddur á heimili sínu, en hann hafi verið undir það miklum áfengisáhrifum, að hann muni ekkert eftir því, hvað gerðist.

Föstudaginn 23. október 1980 kom Herdís Sigríður Eyþórsdóttir, fædd 8. júlí 1950, til heimilis að Hafnarstræti 41, fyrir dóminn.

Varðandi aðdraganda atburðanna að Hafnarstræti 41 í greint sinn er framburður þessa vitnis samhljóða framburði ákærða.

Þetta vitni ber, að þegar ákærði var kominn í eldhúsið, þá hafi hann lokað Ingunni þar af og gripið til hnífs, sem þar var, og sagt, að ef einhver vogaði sér nálægt þeim, þá dræpi hann þau öll. Vitnið segir þó, að ákærði hafi allan tímann beint hnífnum að sjálfum sér, þannig að vitnið hefði getað gengið beint til ákærða, án þess að hann gerði sér neitt. Vitnið segir, að framkoma ákærða hafi ekki valdið ótta hjá sér og ákærði hafi ekki gert sig líklegan til að beita hnífnum. Vitnið segir, að ákærði hafi beint morðhótunum sínum að öllum hópnum, sem þarna var.

Með vísan til þeirra vitnaframburða, sem hér að framan eru raktir, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem greinir í þessum lið ákæru. Að vísu er vafamál, hvort háttsemin hafi valdið ótta hjá þeim aðiljum, sem í ákæru greinir, um líf eða heilbrigði, en brotið sýnist fullframið, ef háttsemin er til þess fallin að vekja þennan ótta.

Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði því brotið gegn 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Vörn.

Björn Jósef Arnviðarson héraðsdómslögmaður hefur hinn 29. október sl. lagt fram vörn í máli þessu af hálfu ákærða. Verj-

andinn gerir þær dómkröfur, að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfa, og að við ákvörðun refsingar verði höfð hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá hefur verjandinn gert kröfu um hæfileg málsvarnarlaun sér til handa.

Varðandi lið I í ákæruskjali fellst verjandinn á, að brotið falli undir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en gerir þó kröfu um vægustu refsingu fyrir þennan ákærulið, er lög leyfa.

Varðandi lið II í ákæruskjali fellst verjandinn á, að þetta brot varði við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verjandinn telur einkum, að það sé refsilækkandi, að háttsemi ákærða í greint sinn hafi ekki valdið hlutaðeigandi ótta.

Þá telur verjandinn, að beita megi ákvæði 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 til refsilækkunar. Það er álit dómsins, að eins og hér stendur á, sé ekki fært að beita 75. gr. hegningarlaganna til refsilækkunar. Þá sýnist það atriði, að háttsemin olli tæplega ótta hjá hlutaðeigendum um líf eða heilbrigði, ekki koma til álita, þar eð telja verður brotið fullkomið, þegar háttsemin er til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annara.

Ákvörðun refsingar.

Við ákvörðun refsingar verður að hafa í huga, að frá 16. apríl 1975 og til 21. september 1979 hefur ákærði tvívegis verið sakfelldur fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaganna og þrívegis fyrir brot á 244. gr. sömu laga. Þá hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 257. gr. og 2. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga á sama tímabili.

Þá ber að hafa í huga, að í sakadómi Kópavogs hinn 2. október 1980 er ákærði dæmdur fyrir brot gegn 244. gr., 248. gr. og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fyrir þjófnaði, fjársvik og skjalafals. Að auki er hann í þessum dómi dæmdur fyrir ölvunarakstur.

Í þessu máli er ákærði sekur fundinn um tvö brot, annað gegn 233. gr. og hitt gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við ákvörðun refsingar nú verður því að hafa í huga ákvæði 71. gr., 1. mgr., 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með hliðsjón af þessu telst refsing ákærða til handa hæfilega ákveðin fangelsi 2 mánuði í hegningarauka.

Þá er rétt með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um

meðferð opinberra mála að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Jósefs Arnviðarsonar héraðsdómslögmanns, 200.000 krónur.

Dóm þennan kvað upp Sigurður Eiríksson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Fannar Ellertsson, sæti fangelsi 2 mánuði í hegningarauka.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Jósefs Arnviðarsonar héraðsdómslögmanns, 200.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. janúar 1982.

Nr. 269/1981. **Ákæruvaldið**
gegn
Pétri Þórssyni.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. desember 1981, sem barst dóminum sama dag, og krafist þess, að hin kærða dómssátt verði úr gildi felld.

Hinn 15. þ. m. barst Hæstarétti með bréfi ríkissaksóknara, dags. sama dag, endurrit af þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur, er fram hafði farið þann dag. Kom varnaraðili þá fyrir dóm og var kynnt framangreind kæra og kröfugerð ríkissaksóknara. Mótmælti varnaraðili kærunni og krafðist þess, að dómssáttin yrði látin standa óhögguð.

Hinn 27. júní 1977 samþykkti varnaraðili í sakadómi

Reykjavíkur að greiða 35.000 króna sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og vera sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 10. maí s. á. Varnaraðili var því sóttur um ítrekað brot gegn greindum ákvæðum umferðarlaga svo og gegn 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 í máli því, sem lyktaði í héraði með hinni kærðu dómssátt. Þau málalok voru óheimil að lögum, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, 3. mgr. 81. gr. laga nr. 40/1968 og 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Dómssáttina ber því að fella úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Dómssátt sakadóms Þingeyjarsýslu og Húsavíkur

8. desember 1981.

Ár 1981, þriðjudaginn 8. desember, var sakadómur Þingeyjarsýslu og Húsavíkur settur að sýsluskrifstofunni á Húsavík og haldinn af fulltrúa sýslumanns/bæjarfógeta, Snædísi Gunnlaugsdóttur, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið að halda rannsókn vegna kæru um meintan ölvunarakstur. Dómari leggur fram: nr. 1 bréf lögreglustjórans í Reykjavík, nr. 2 kvaðningu, nr. 3 lögregluskýrslu, nr. 4 lögregluskýrslu, nr. 5 sakavottorð.

Í réttinum var mættur kærði: Nafn: Pétur Þórsson. Stétt eða atvinna: . . . Heimili: Ránargata 11, Reykjavík (Mararbraut 5, Húsavík). Fæðingardagur: 9. júní 1953. Fæðingarstaður: . . .

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt, sem varðar við 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Hann fellst á að greiða kr. 1.200.00 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málssókn út af brotinu, og sæta því að vera sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 8. desember 1981.

Sektin greiðist fyrir 1. mars 1982, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi/fangelsi í 10 daga.

Málskostnaður, kr. 20.00, greiðist fyrir 1. mars 1982.

Brotið hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Þriðjudaginn 19. janúar 1982.

Nr. 182/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vara-ríkissaksóknari)
gegn
Lúðvík Per Jónassyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Héraðsdóm kvað upp Benedikt Þórðarson, fulltrúi sakadómarans í ávana- og fíkniefnamálum.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 22. desember 1978, og er máli einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 5. maí 1981.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta úrlausn hans um sakfellingu vegna ákæruefna á hendur ákærða. Eru brot hans réttilega færð til refsiákvæða, en þó ber um II. ákærulið að vísa að auki til auglýsingar nr. 425/1974 og auglýsingar nr. 230/1976, en til síðargreindu auglýsingarinnar um III. ákærulið, sbr. nú auglýsingu nr. 293/1978. Brotastarfsemi ákærða, sem fólgin er í innflutningi fíkniefna og dreifingu, tók yfir nokkurt tímabil, og átti innflutningur fíkniefnanna rót að rekja til sammæla ákærða og nokkurra nafngreindra manna. Var magn innfluttra efna allmikið, og þar á meðal var kókaín. Brot sín framdi ákærði í hagnaðarskyni. Refsingu ber að ákvarða með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi 7 mánuði, en til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist ákærða í 13 daga. Þá sæti ákærði enn fremur 7.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 60 daga fangelsi, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Lúðvík Per Jónasson, sæti 7 mánaða fangelsi, en til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans í 13 daga. Þá sæti hann enn fremur 7.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 60 daga fangelsi, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Atkvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 17. ágúst 1978.

SAKAREFNIÐ.

Ofangreint mál var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útg. 4. nóvember 1977, gegn Lúðvík Per Jónassyni vélstjóra, Tryggvagötu 14 A, Selfossi, fæddum 16. febrúar 1948 í Vestmannaeyjum, fyrir eftirgreind brot á lögum um ávana- og fíkniefni:

„I.

Í júlí/ágúst 1976 tekið við 200 gr af hassi af Eggert Sigurðssyni að heimili sínu í því skyni að selja efnið í Bandaríkjunum fyrir nefndan Eggert og Ásgeir Kristófer Ásgeirsson. Flutt efnið til Bandaríkjanna með m/s Brúarfossi, en ákærði var þá vélstjóri á skipinu, og selt þar 30 gr af efninu fyrir 7 bandaríkjadali hvert gramm og neytt sjálfur um 20 gr af því. Afgang efnisins flutti ákærði síðan með sér hingað til lands með skipinu og afhenti það nefndum Ásgeiri Kristófer á Selfossi ásamt um 180 bandaríkjadölum af andvirði hins selda hassefnis.

II.

Hinn 1. desember 1976 í Rotterdam tekið við 2.5 kg af hassi, 30 gr af amfetamíndufti og 10 gr af kókaíni úr höndum Eggerts Sigurðssonar og Ásgeirs Kristófers Ásgeirssonar og flutt öll efnin hingað til lands fyrir þá félaga, falin í vélarúmi m/s Grundarfoss, en ákærði var þá 3. vélstjóri á skipinu. Nokkrum dögum síðar afhent nefndum Eggert öll efnin að Blönduhlíð 9 í Reykjavík og á sama tíma tekið við sem sinni eign 500 gr af hassinu, a. m. k. 4.5 gr af amfetamínduftinu og a. m. k. 1.5 gr af kókaíninu, en fyrirfram hafði ákærði samið um það við nefnda Eggert og Ásgeir Kristófer, að í sinn hlut kæmu 15% af þeim efnum, sem hann flytti hingað til lands fyrir þá, og auk þess hafði ákærði lagt þeim til sem svarar kr. 47.000 eða 57.000 til kaupa á fíkniefnum. Í seinni hluta desember að Barmahlíð 50 í Reykjavík selt Sighvati Borgari Hafsteinssyni 100—160 gr af hassi á kr. 1.200 hvert gramm, a. m. k. 1.8 gr af amfetamíndufti á kr. 12—14.000 hvert gramm, og a. m. k. 0.2 gr af kókaíni á kr. 12—15.000 hvert gramm. Um sama leyti selt Eiríki Erni Stefánssyni og Vilhjálmi Gunnarssyni 200 gr af hassi um borð í m/s Grundarfossi í Reykjavíkurhöfn á kr. 1.200 hvert gramm og jafnframt ítrekað gefið Kristni Sigtryggssyni af öllum efnunum og neytt þeirra sjálfur.

III.

Hinn 19. febrúar 1977 í Rotterdam tekið við um 2.5 kg af hassi og um 35 gr af amfetamíndufti úr höndum Eggerts Sigurðssonar og stuttu síðar flutt efnin frá Antwerpen hingað til lands, falin í vélarúmi m/s Grundarfoss. Skömmu eftir heimkomu um mánaðamót febrúar/mars afhent nefndum Eggert og Ásgeiri Kristófer Ásgeirssyni efnin heima hjá sér og þá jafnframt tekið við rúmlega 600 gr af hassi og um 4 gr af amfetamíndufti úr höndum þeirra félaga sem greiðslu fyrir flutning efnanna hingað til lands. Nokkru síðar selt Vilhjálmi Gunnarssyni allt að 50 gr heima hjá sér á kr. 1.200 hvert gramm, selt Eiríki Erni Stefánssyni um 40 gr að Goðheimum 23 í Reykjavík á kr. 1.300 hvert gramm og þá jafnframt gefið Eiríki Erni um 0.5 gr af amfetamíndufti, selt Árna Frímanni Jónssyni 20 gr af hassi heima hjá sér fyrir kr. 25.000 og ennfremur margsinnis gefið Kristni Sigtryggssyni af báðum efnunum og neytt þeirra sjálfur, en hinn 15. apríl 1977 lagði lögreglan hald á um 224 gr. af hassi og tæp 3 gr af amfetamíndufti á heimili ákærða.

Framangreind brot ákærða teljast varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. auglýsingu nr. 425/1974 og auglýsingu nr. 230/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku samkvæmt 5. gr nefndra laga nr. 65/1974 á 224 gr af hassi, tæpum 3 gr af amfetamíndufti og þeim hluta andvirðis seldra fíkniefna í eigu ákærða, kr. 140.000, sem hald var lagt á 26. apríl 1977."

Ákæran var birt ákærða í dómi 21. júlí 1978 og þá þegar honum að ósk skipaður verjandi, Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður. Vörn bar að skila 15. ágúst sl. Þann dag var skriflegri vörn skilað, og gerði verjandi þar eftirfarandi dómkröfur:

a) Að ákærði yrði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og allur sakarkostnaður lagður á ríkissjóð, þar með talin hæfileg réttargæslu- og málsvarnarlaun.

b) En til vara, að ákærði yrði látinn sæta mildustu refsingu, sem lög frekast heimila, en þá gert að greiða sakarkostnað, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun. Varðandi kröfu þessa var einkum átt við skilorðsbindingu varðhalds- eða fangelsisdóms.

Var málið síðan dómtekið.

MÁLAVAXTALÝSING.

Verða nú raktir málavextir í sömu röð og í stefnu er gert:

I.

Upphaf máls þessa er það, að ákærði kynntist bandarísku fólki í Norfolk og Cambridge á ferðum sínum sem vélstjóri á m/s Brúarfossi. Hafði fólk þetta gefið honum marihuana að reykja og jafnframt spurt, hvort hann gæti útvegað hass. Kveðst ákærði hafa lofað að athuga málið. Færði hann þetta í tal við vin sinn Eggert Sigurðsson, sennilega í júní 1976, en þá var Brúarfoss staddur í Reykjavíkurhöfn, og hafði Eggert komið um borð til fundar við ákærða ásamt Ásgeiri Kristófer Ásgeirssyni. Kveðst ákærði hafa spurt greinda aðilja, hvort þeir gætu útvegað hassefni á Bandaríkjamarkað, og þeir ákveðið að kanna það mál. Næst þegar Brúarfoss svo kom til Reykjavíkur, hafi Eggert fengið ákærða 200 gr af Líbanonhassi. Ákærði mun ekki hafa greitt

fyrir efnið, en umsamið var, að hann skilaði 6 dölum fyrir hvert gramm, þegar hann kæmi næst til Íslands.

Hugðist hann selja grammið á 7 dali og hljóta þannig 1 dal í sölulaun, en þegar til kom, gat hann ekki selt efnið á þessu verði. Tókst honum aðeins að losna við 30 gr á 7 dali grammið, en sjálfur reykti hann af efninu ein tuttugu grömm í túrnum.

Afgang efnis og ca 180 dali af andvirði hins selda hassefnis afhenti hann Ásgeiri Kristófer á Selfossi eftir túrinn, þar eð Eggert var á báti í Norðursjónum, en áður höfðu þeir þremenningarnir ráðgert og rætt smygl fíkniefna frá Hollandi, þótt ekkert hafi verið endanlega afráðið í þeim efnum.

II.

Í nóvemberlok 1976 heldur ákærði í ferð með Grundarfossi til Rotterdam, en áður hafði verið ákveðið, að Ásgeir og Eggert héldu til Hollands og keyptu þar fíkniefni, sem ákærði flytti svo heim. Kveðst ákærði hafa lagt þeim til kr. 47.000 eða 57.000 til efniskaupa, en á þessu stigi málsins hafði ekki verið ákveðið hvers konar efni yrðu keypt, en ákærði mun hafa haft mestan áhuga á hassefnum. Áður en lagt var upp í ferðina, segir ákærði, að hann hafi verið búinn að semja við Eggert um 20% af heimfluttu efni í sinn hlut, en við móttöku efnis á Pax hóteli í Rotterdam hafi Ásgeiri tekist að ná þessari prósentu niður í 15 af hundraði. Segist ákærði hafa móttekið allt efnið í plastpoka, hassefnið í strigaumbúðum og plastpoka þar utan um, en speed og kókaín í sínum plastpokanum hvort. Hafi pokar þessir verið frekar litlir með lás í opi, sem lokaði pokunum, sennilega loftþéttir. Telur ákærði hassið hafa verið 2½ kg, speedið 30 gr og hafi það verið kristallað, líkt og salt, en kókaínið hafi verið 10 gr, fínmalað og hvítt.

Kveðst ákærði hafa borið efnin um borð í plastpokanum, falið hann í sanddós á verkstæði í vélarúmi skipsins og ekki hreyft við efninu fyrr en eftir komu til Reykjavíkur.

Ákærði segist hafa tekið fyrstu vakt um borð, þegar til Reykjavíkur kom, en að henni lokinni haldið með efnin heim til Eggerts í Blönduhlíð 9, hafandi áður haft samband símleiðis boðandi komu sína. Þar hafi efnum verið skipt, og kveðst ákærði hafa fengið í sinn hlut um 500 gr af hassi, a. m. k. 4.5 gr af speedi og ca 1.5 gr af kókaíni. Að lokinni skiptingu efna á heimili Eggerts, kveðst ákærði hafa haldið heim á Selfoss og komið efnunum fyrir í geymslu á heimili sínu. Hafi hann síðan sett sig í sam-

band við væntanlega kaupendur og selt þremur aðiljum nafngreindum talsvert magn, auk þess sem hann reykti nokkurt magn sjálfur ásamt kunningja sínum Kristni Sigtryggssyni, en honum gaf hann jafnframt 30 gr af hassi og eitthvað af speedi og kókaíni, áður en ákærði hélt aftur á sjóinn. Hafi hann þannig verið búinn að ráðstafa mestum hluta efna, áður en hann hélt utan, en þó haldið eftir efni til eigin neyslu í túrnum, sem stóð yfir í mánaðartíma.

Sighvatur Borgar Hafsteinsson var einn af þremur ofangreindum kaupendum, og mun hann hafa fengið hjá ákærða 100 gr af hassi, eitthvað af speedi og lítilræði af kókaíni. Afhending fór fram á heimili Sighvats að Barmahlíð 50, Reykjavík, og kom ákærði þangað með efnin. Segist ákærði hafa komist í kynni við Sighvat fyrir tilstilli Kristins Sigtryggssonar, en Kristinn hafði unnið með honum við Sigöldu sumarið áður. Viðskipti þessi munu hafa átt sér stað seinni hluta desember 1976, en að þeim loknum kveðst ákærði hafa haldið austur á Selfoss, þar vigtað 200 gr af hassi til Eiríks Stefánssonar og Vilhjálms Gunnarssonar og haldið daginn eftir með efnið til Reykjavíkur, hafandi mælt sér mót við greinda aðilja um borð í Grundarfossi, en ákærði átti vakt síðdegis þennan dag. Segir ákærði þá hafa komið um borð og móttekið efnið gegn staðgreiðslu, sem var kr. 240.000.

III.

12. janúar 1977 kveðst ákærði hafa komið til Reykjavíkur úr jólatúr með Grundarfossi og hitt Eggert þar. Hafi verið ákveðið, að Eggert færi við annan mann til Hollands að kaupa fíkniefni og ákærði tæki við þeim á Pax hóteli í Rotterdam, þegar Grundarfoss kæmi þangað næst. Ekkert var ákveðið fyrirfram um efnismagn eða um hlut ákærða fyrir flutninginn, en hann lagði ekkert fé til kaupa að þessu sinni. Segist ákærði hafa hringt frá Antwerpen á ofangreint hótel 19. febrúar til að kanna, hvort Eggert væri mættur, en í Antwerpen hafi skipið verið affermt og lestað vegna verkfalla í Rotterdam. Mun ákærði síðan hafa farið með lest til Rotterdam til fundar við Eggert og móttekið þar 3.5 kg af hassi og 35 gr af speedi. Hafi hassið verið í 7 plötum og aðeins ein átekin, en speedið í plastpoka, heldur minni en um var að ræða í fyrri ferð, en með sams konar lokubúnaði. Segir ákærði, að við afhendingu efna hafi verið samið um flutningsþóknun honum til handa, og skyldi hann hljóta 17½% af

efnismagni. Kveðst ákærði hafa falið efnin undir hillu við verkstæðisdyr í vélarúmi og geymt þau þar á leiðinni heim, en er til Íslands kom, segist hann hafa tekið efnin og flutt þau upp í klefa sinn, þar sem þau hafi verið, þar til eiginkona hans kom og sótti hann, áður en skipið lét úr höfn. Hafi hann haldið með efnin austur á Selfoss, en um kvöldið komu þeir þangað félagarnir Eggert og Ásgeir og sóttu efnin. Ákærði kveðst hafa fengið í sinn hlut rúmlega 600 gr af hassi og 4 gr af speedi fyrir flutning efnanna.

Mun hann hafa af hassinu selt Vilhjálmi Gunnarssyni 20 gr á 1.200 kr. grammið, Árna Frímanni Jónssyni 20 gr á kr. 25.000 og Eiríki Erni Stefánssyni 42 gr á 1.300 kr. grammið. Þá kveðst ákærði sem fyrr hafa gefið vini sínum Kristni Sigtryggssyni óspart að reykja og sniffa af efni því, sem hann hafði yfir að ráða. Segist hann ekki hafa lagt neina sérstaka áherslu á að koma hassefninu út í fríi því, sem hann tók sér eftir ofangreindan túr, og því átt eftir talsvert efnismagn, þegar hann var handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald 13. apríl 1977, eða rúmlega 400 gr.

Eiginkona ákærða mun hins vegar hafa selt Árna Frímanni Jónssyni liðlega 170 gr, eftir að ákærði hélt utan á ný, og eitthvað lítilræði gefið kunningjum, en 15. apríl 1977 afhenti hún starfsmönnum ávana- og fíkniefnadeildar á heimili sínu að Tryggvagötu 14 A, Selfossi, 224 gr af hassi og tæplega 3 gr af speedi, sem falið var í frystikistu, en lögreglan hafði haft fregnir af efni þessu og áður leitað þess allrækilega á heimili ákærða og víðar á Selfossi án árangurs. Var lagt hald á greind efni. Skömmu síðar, eða 26. apríl 1977, afhenti eiginkona ákærða svo sömu aðiljum á skrifstofu fíkniefnadeildar kr. 140.000, sem hún kvað vera söluandvirði hassefna í eigu ákærða.

NIÐURSTÖÐUR.

Í ákæruskjali er ákærði saksóttur fyrir að hafa:

1) Í júlí/ágúst 1976 tekið við 200 gr af hassi af Eggert Sigurðssyni að heimili sínu í því skyni að selja efnið í Bandaríkjunum.
2) Hinn 1. desember 1976 í Rotterdam tekið við 2.5 kg af hassi, 30 gr af amfetamíndufti og 10 gr af kókaíni úr höndum Eggerts Sigurðssonar og Ásgeirs Kristófers Ásgeirssonar og flutt öll efnin hingað til lands fyrir þá félaga,

falin í vélarúmi m/s Grundarfoss, en ákærði var þá 3. vélstjóri á skipinu. Nokkrum dögum síðar afhent nefndum Eggert öll efnin að Blönduhlíð 9 í Reykjavík og á sama tíma tekið við sem sinni eign 500 gr af hassinu, a. m. k. 4.5 gr af amfetamíninu og a. m. k. 1.5 gr af kókaíninu, en fyrirfram hafði ákærði samið um það við nefnda Eggert og Ásgeir Kristófer, að í sinn hlut kæmu 15% af þeim efnum, sem hann flytti hingað til lands fyrir þá, og auk þess hafði ákærði lagt þeim til sem svarar kr. 47.000 eða 57.000 til kaupa á fíkniefnum. Ákærði seldi síðan þremur nafngreindum aðiljum af efnum, auk þess sem hann gaf nokkuð og neytti talsvert sjálfur.

3) Hinn 19. febrúar 1977 í Rotterdam tekið við um 2.5 kg af hassi og um 35 gr af amfetamíndufti úr höndum Eggerts Sigurðssonar og stuttu síðar flutt efnin frá Antwerpen hingað til lands, falin í vélarúmi m/s Grundarfoss. Skömmu eftir heimkomu um mánaðamót febrúar/mars afhent nefndum Eggert og Ásgeir Kristófer efnin heima hjá sér og þá jafnframt tekið við rúmlega 600 gr af hassi og um 4 gr af amfetamíndufti úr höndum þeirra félaga sem greiðslu fyrir flutning efnanna hingað til lands. Ákærði seldi nokkru síðar þremur nafngreindum aðiljum af efnunum og neytti þeirra einnig sjálfur og gaf með sér kunningja.

Ákæruskjalið er byggt á játningu ákærða og framburðum Eggerts Sigurðssonar og Ásgeirs Kristófers Ásgeirssonar svo og skýrslum kaupenda af ákærða, og má segja, að skýrslur þessar séu samhljóða í öllum meginatriðum.

Samkvæmt greindum gögnum verður að telja fullsannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem rakin er í ákæruskjali. Bæði Eggert og Ásgeir Kristófer bera, að ákærði hafi fengið hjá þeim 200 gr af hassi til sölu í Bandaríkjunum. Mun hann hafa reynt sölu þar, en efnið verið of dýrt og hann því aðeins selt 30 gr, neytt 20 gr og skilað Ásgeiri Kristófer aftur 150 gr. Segja þeir, að umræður hafi hafist í framhaldi af þessu þeirra í millum þess efnis, að ákærði tæki að sér flutning fyrir þá gegn þóknun í efni, er heim var komið. Segja þeir ákærða tvívegis hafa flutt fyrir sig efni til Íslands. Hafi þeir í bæði skiptin mælt sér mót á Hótel Pax í Rotterdam, ákærði þangað komið og nálgast efnin. Eru skýrslur þeirra félaganna í fyllsta samræmi við ákæruskjal að öðru leyti en því, að í seinni ferðinni segja þeir ákærða hafa móttekið 3½ kg af hassi, en í ákæruskjali er

ákærða aðeins gefið að sök að hafa í febrúar 1977 flutt til Íslands 2½ kg. Ákærði kveður einnig magn hafa verið 3½ kg. Þrátt fyrir framburð allra hlutaðeigandi þykir ekki annað fært við ákvörðun refsingar en leggja til grundvallar magn tilgreint í ákæruskjali, og verða mistök þessi ákærða því til hagsbóta.

Samkvæmt þessu telst hann því hafa flutt til landsins samtals 5 kg af hassi, 65 gr af amfetamíni (speedi) og 10 gr af kókaíni. Fyrir flutning fékk ákærði í sinn hlut 1100 gr af hassi, a. m. k. 8.5 gr af amfetamíni og a. m. k. 1.5 gr af kókaíni.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa selt hérlendis fjórum aðiljum nafngreindum af ofangreindu hassmagni. Segir hann Vilhjálm Gunnarsson hafa fengið samtals tæplega 150 gr, Eirík Örn Stefánsson 140 gr, Sighvat Borgar Hafsteinsson 100 gr og Árna Frímann Jónsson 20 gr. Söluverð tilgreindra kaupenda mun hafa verið 12—1.300 kr. grammið. Eiríkur Örn Stefánsson fékk jafnframt gefins 0.5 gr af amfetamíndufti eftir seinni ferðina, og Sighvatur Borgar Hafsteinsson keypti einnig auk hassins a. m. k. 1.8 gr af amfetamíndufti á kr. 12—14.000 hvert gramm og a. m. k. 0.2 gr af kókaíni á kr. 12—15.000 grammið. Kaupendur þessir hafa allir gefið skýrslu og staðfest ofangreind viðskipti við ákærða.

Samkvæmt vottorði ríkissaksóknara hefur ákærði ekki áður gerst brotlegur við ákvæði laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974. Verður að meta þetta ákærða til málsbóta sem og þá staðreynd, að hann hefur ekki orðið uppvís að fíkniefnabrotum, eftir að atvik þau gerðust, sem hér eru til úrlausnar.

Hins vegar hefur ákærði framið mjög alvarlegt brot með ólöglegum innflutningi og dreifingu fíkniefna í miklum mæli og þannig unnið til refsingar fyrir þessa háttsemi sína, sem réttilega er lýst í ákæruskjali og talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974 og auglýsingu nr. 230/1976.

Að öllu framanrituðu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði, og þar sem auðgunarsjónarmið réðu aðallega gerðum hans, og fyrir liggur, að hann hafði talsverðan hagnað af fíkniefnasölu, þykir rétt með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, að hann greiði einnig kr. 500.000 í sekt til ríkissjóðs, en 50 daga fangelsi komi í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærði sætti gæsluvarðhaldi dagana 13.—26. apríl 1977, og samkvæmt

76. gr. alm. hegningarlaga þykir rétt, að vist þessi, 13 dagar, komi refsingu hans til frádráttar.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til að sæta upptöku þeirra ávana- og fíkniefna, sem hald var lagt á 15. apríl 1977, samkvæmt 5. gr. laga nr. 65/1974. Með vísan til þess, er áður segir um magn efna, skulu upptæk ríkissjóði til handa 224 gr af hassi og tæp 3 gr af amfetamíndufti. Einnig er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til að sæta upptöku á kr. 140.000, sem hald var á lagt 26. apríl 1977, samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Fullsannað þykir, að fjárhæð þessi sé andvirði seldra fíkniefna í eigu ákærða, og skal hún því upptæk gerð ríkissjóði til handa.

Samkvæmt 141. gr., sbr. 142. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna, kr. 50.000, til skipaðs verjanda hans, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Lúðvík Per Jónasson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans í 13 daga. Hann greiði einnig kr. 500.000 sekt til ríkissjóðs, og komi 50 daga fangelsi í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptæk skulu ríkissjóði til handa 224 gr af hassi, tæp 3 gr af amfetamíndufti og kr. 140.000.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns.

Fimmtudaginn 21. janúar 1982.

Nr. 263/1981. **Sigurður Jónsson og**
Sigurlína Sigurðardóttir
gegn
Húsfélaginu Dunhaga 23
Kjartani Þorgilssyni
Lárusi Þ. Valdimarssyni og
Erni Þorlákssyni.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Gagnrök.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Með kæru 8. desember 1981, sem barst Hæstarétti 16. s.m., kærðu sóknaraðiljar til Hæstaréttar með heimild í 21. gr., 1. mgr., 1. tl. b, í lögum nr. 75/1973 frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur í máli þessu. Fyrir Hæstarétti gera sóknaraðiljar þá kröfu, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á gagnkröfu þeirra. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili, Húsfélagið Dunhaga 23, hefur lagt fram greinargerð og krafist staðfestingar héraðsdóms svo og kærumálskostnaðar.

Varnaraðiljarnir Kjartan Þorgilsson, Lárus Þ. Valdimarsson og Örn Þorláksson hafa ekki sent Hæstarétti kröfur né greinargerðir.

Eins og greinir í hinum kærða dómi, höfðaði varnaraðili Húsfélagið Dunhaga 23 mál gegn sóknaraðiljum með sáttakæru 18. desember 1980. Bæjarþingsstefna var gefin út síðar og málið þingfest 15. janúar 1981. Hinn 6. maí 1981 „gagnstefndu“ sóknaraðiljar þeim Lárusi Þ. Valdimarssyni, Kjartani Þorgilssyni og Erni Þorlákssyni, „öllum persónulega og f. h. svokallaðrar „stjórnar Húsfélagsins Dunhagi 23, Reykjavík“,“ eins og í stefnu þeirra er að orði komist.

Stefnandi í aðalsök í héraði er Húsfélagið Dunhaga 23, en ekki þeir Kjartan, Lárus og Örn persónulega. Er því því

óheimilt að hafa uppi kröfur á þá persónulega í gagnsök. Ber af þeim sökum að staðfesta hinn kærða dóm að því er slíkar kröfur varðar.

Dómkröfur húsfélagsins í aðalsök í héraði varða breytingar á hitakerfi hússins. Í þeirri sök geta stefndu, sem eru sóknaraðiljar fyrir Hæstarétti, komið meðal annars að þeim vörnum, að þá beri að sýkna, vegna þess að aðalfundur húsfélagsins 1980 hafi verið ólögmætur og stjórnarkosning á fundi þessum markleysa. Í gagnsökinni í héraði gera þessir aðiljar viðtækari kröfur. Þeir krefjast dóms um lögmæti aðalfundarins 1980 í heild og um gildi allra ákvarðana og framkvæmda húsfélagsstjórnarinnar, sem þá var kosin. Þessar kröfur eru ekki samrættar kröfum stefnanda í aðalsök, og má því ekki höfða gagnsök til að fá um þær dóm gegn andmælum aðalstefnanda, sbr. 49. gr. laga nr. 85/1936, en slík andmæli hafa komið fram fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðiljar hafa ekki krafist breytingar á hinum kærða dómi nema um gagnkröfur sínar, en ekki að því er varðar málskostnaðarkröfu í aðalsök í héraði.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn kærða dóm.

Eftir þeim úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljanum Húsfélaginu Dunhaga 23 kærumálskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 2.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Sigurður Jónsson og Sigurlína Sigurðardóttir, greiði varnaraðiljanum Húsfélaginu Dunhaga 23 2.000.00 krónur í kærumálskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. nóvember 1981.

Mál þetta var höfðað með sáttakæru, birtri 18. desember 1980, og þingfest á bæjarþingi 15. janúar 1981. Gagnsök var höfðuð og þingfest á bæjarþingi 7. maí 1981. Aðalstefnandi er Húsfélagið Dunhaga 23, Reykjavík. Gagnstefnendur eru Sigurður Jóns-

son, Dunhaga 23, og Sigurlína Sigurðardóttir, Fálkagötu 30, Reykjavík. Í gagnsökinni eru gerðar kröfur á hendur Lárusi Valdimarssyni, Kjartani Þorgeirssyni og Erni Þorlákssyni, öllum til heimilis að Dunhaga 23, Reykjavík. Lögmaður aðalstefnanda tók við birtingu gagnstefnu f. h. gagnstefndu allra og féll frá stefnufresti.

Allir persónulegir aðiljar málsins eru félagar í húsfélaginu. Gagnstefnendur eru sameigendur að einni íbúð hússins. Sigurlína var í stjórn húsfélagsins fram til 12. janúar 1978, en gagnstefnendur fengu afsal fyrir íbúð sinni þann 1. apríl 1980. Þann 17. s. m. var haldinn aðalfundur í félaginu. Voru þá þeir Lárus, Kjartan og Örn kosnir í stjórn félagsins. Kjartan var þá eigandi að íbúð skv. kaupsamningi, en mun ekki hafa verið búinn að fá afsal fyrir sinni íbúð.

Húsfélagsstjórnin hélt fund þann 23. maí 1980, og bar þar á góma orkukostnaður vegna húseignarinnar. Var ákveðið að hækka mánaðargreiðslur félagsmanna, og enn fremur bar á góma, að sett yrði svonefnt Danfoss-kerfi í miðstöðvarlögn hússins. Var ákveðið, að stjórnin beitti sér fyrir því, að Hörður Markan pípulagningameistari yrði fenginn til verksins og að félagsfundur yrði haldinn um málefnið laugardaginn 7. júlí 1980. Var formanni, Lárusi Þ. Valdimarssyni, falið „að senda út fundarboð í ábyrgðarbréfi strax á morgun til þeirra, sem ekki eru viðstaddir eða hafa samþ. breytingu".

Gerðarþola Sigurði Jónssyni var skv. þessu sent fundarboð í ábyrgðarbréfi. Í kvittun fyrir móttöku bréfsins greinir, að póststofan hafi móttekið ábyrgðarsendingu þessa til fyrirgreiðslu þann 29. maí 1980, en tilkynning um ábyrgðarsendingu er send út þann 30. Ljósrit þessarar tilkynningar ber með sér, að gerðarþoli Sigurður Jónsson hefur tekið hana í pósthúsinu Neshaga 16 þann 2. júní 1980.

Í fundarboði þessu er þess getið, að boðað sé til fundarins samkv. samþykkt á stjórnarfundi þann 28. maí og að á fundinum verði fyrst og fremst tekin fullnaðarákvörðun um breytingu á sameiginlegri hitaveitu hússins, þannig að sett verði Danfoss-kerfi á hitalögn ásamt tilheyrandi búnaði, og þess getið, að stjórnarmenn o. fl. hafi samþykkt þessa breytingu fyrir sitt leyti. Þess er og getið, að að áliti fagmanna sé þessi breyting það eina, sem tiltækt sé til að mæta síhækkandi orkuverði, þar eð þá verði hægt að stilla hvern ofn í húsinu á nákvæmlega réttan hita miðað við þarfir.

Sigurður Jónsson og félagsstjórn áttu bréfaskipti varðandi erindi fundarboðsins dagana fyrir fundarhaldið. Hinn boðaði félagsfundur var haldinn á tilsettum tíma. Voru mættir stjórnarmenn, Lárus og Kjartan, og þess getið, að Elín Forberg hafi veitt Lárusi umboð sitt, en hún sé nú erlendis svo og Örn Þorláksson. Þá liggi fyrir skriflega, að Eyjólfur Guðmundsson og Elín Forberg óski eftir fyrirhugaðri breytingu á hitalögninni og skv. síðustu bókun stjórnarfundar sé Örn Þorláksson einnig samþykkur henni ásamt öðrum stjórnarmönnum. Síðan segir svo í fundargerð, að þar með hafi eigendur „að 71.78% eignarinnar óskað eftir „Danfosskerfi", og engir eru mættir á fundinum, sem eru á öðru máli, en Lárusi og Kjartani er báðum kunnugt um skrif Sig. Jónssonar varðandi málið".

Fundurinn ákvað þannig, að undireins og viðeigandi ofnkranar fengjust, yrði Hörður Markan beðinn að gera fast tilboð í verkið, en Hörður hafði mætt á fundinum og útskýrt Danfoss-kerfið.

Félagsmönnum var skýrt frá þessari niðurstöðu með bréfum þann 10. júní og þeir jafnframt krafðir um gjöld verkinu samfara. Í tilefni þessa hefur Sigurður Jónsson skrifað félagsstjórn bréf þann 20. júní 1980 og telur ályktun fundarins markleysu og mótmælir kröfu um fjárgreiðslu vegna verksins.

Á stjórnarfundi þann 6. ágúst 1980 lá fyrir kostnaðaráætlun, gerð af Herði Markan, um ásetningu Danfoss-retúrloka ásamt nauðsynlegum breytingum á ofnatengjum og í hitaklefa. Áætlun þessi hljóðar um kr. 1.600.000 að hámarki til. Var þetta tilboð samþykkt, og var ákveðið, að Hörður tæki til starfa strax daginn eftir.

Þann 7. ágúst 1980 hófust framkvæmdir, og var þeim lokið daginn eftir að öðru leyti en því, að eftir var að skipta um ofnloka í íbúð gagnstefnenda, en þá neituðu þau um aðgang að íbúð sinni. Þann 11. s. m. var þess krafist af hálfu aðalstefnanda, að veittur yrði aðgangur fyrir pípulagningamann að íbúð gagnstefnenda til endurnýjunar á lokum á miðstöðvarofnum í íbúðinni með beinni fógetagerð. Með úrskurði 28. s. m. var kröfu þessari synjað með þeim rökum, að ekki hefði komið fram, að knýjandi nauðsyn bæri til þess að gera breytingar á hitakerfi hússins.

Þann 11. september 1980 féllst Hitaveita Reykjavíkur á, að hleypt yrði vatni á hitakerfið með þeim fyrirvara, að lokið yrði við nauðsynlegar lagfæringar innan 1 árs frá dagsetningu bréfsins. Í bréfinu segir, að ljóst sé, að hitakerfið muni ekki starfa

eðlilega, eins og frá því sé nú gengið, og að það sé á ábyrgð húseigenda einna, hvernig til takist með rekstur þess. Þann 27. nóv. 1980 var haldinn húsfundur, rækilega boðaður, þar sem ákvarðanir stjórnar og fyrri húsfundar um hitaveitumálin voru staðfestar og málshöfðun ákveðin.

Dómkröfur aðalstefnanda í aðalsök eru þær, að stefndu verði „in solidum" dæmd til að veita honum aðgang til handa píplagningamönnum á vegum Guðmundar Finnbogasonar píplagningameistara, Reykjavík, að íbúð þeirra í húsinu nr. 23 við Dunhaga í Reykjavík til þess að endurnýja ofnloka á þeim hluta sameiginlegs hitakerfis hússins, sem í íbúð þeirra er, með sama hætti og þegar hefur verið gert í öðrum hlutum hússins, þ. e. með sjálfvirkum lokum af Danfoss-gerð, tengdum á bakrennsli, og til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu í máli þessu skv. gjaldskrá LMFÍ, þar með talinn kostnað við árangurslausa sáttatilraun. Gagnstefnendur krefjast þess í aðalsök, að þau verði alfarið sýknuð og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi Lárusar Þ. Valdimarssonar, Kjartans Þorgilssonar og Arnar Þorlákssonar, öllum persónulega in solidum að mati réttarins. Kröfur gagnstefnenda í gagnsök eru sem hér segir:

1) Að aðalfundur Húsfélagsins Dunhaga 23, Reykjavík, sem haldinn var 17. apríl 1980, verði dæmdur ólögmætur og ógildur með öllu.
2) Að allar ákvarðanir og framkvæmdir stjórnar þeirrar, sem kosin var á aðalfundi 17. apríl 1980, verði dæmdar ógildar að öllu leyti.
3) Að Lárusi Valdimarssyni, Kjartani Þorgilssyni og Erni Þorlákssyni, öllum að Dunhaga 23, Reykjavík, verði persónulega gert með dómi skylt að viðlögðum dagsektum, kr. 2.000 á dag, er renni til gagnstefnenda, að koma hitakerfi húseignarinnar Dunhaga 23, Reykjavík, í samt lag, eins og það var áður en breytingar hófust á því hinn 7. ágúst 1980.
4) Að Lárusi Valdimarssyni, Kjartani Þorgilssyni og Erni Þorlákssyni, öllum að Dunhaga 23, Reykjavík, verði in solidum gert að greiða gagnstefnendum málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu aðalstefnanda er krafist sýknu í gagnsök og að gagnstefnendum verði dæmt að greiða honum hæfilegan málskostnað vegna gagnsakarinnar að mati dómsins. Frávísunarkrafa hefur ekki komið fram af hálfu aðalstefnanda, en úrlausn-

arefni þessa úrskurðar er, hvort vísa beri gagnsökinni frá ex officio.

ÁLIT DÓMSINS.

1. Það virðist vera ein af meginforsendum gagnstefnenda fyrir sýknukröfu í aðalsök, að stjórn húsfélagsins, sem upphaflega tók ákvörðun um þá framkvæmd, sem deilt er um í málinu, hafi ekki verið löglega kjörin og hafi þess vegna ekki haft vald til að taka ákvörðun f. h. félagsins. Þess má vænta, að við úrlausn álitaefna aðalsakar verði tekin afstaða til þessarar málsástæðu að því leyti sem hún þykir hafa þýðingu fyrir málið.

Þess er ekki getið í greinargerð gagnsakar, og það hefur ekki að öðru leyti komið fram í málinu, að gagnstefnendur telji, að af meintu ólögmæti aðalfundarins hafi leitt skerðing hagsmuna þeirra að öðru leyti en varðar ákvarðanir stjórnar um breytingu á hitakerfi og kostnað við þær. Þau virðast því ekki hafa lögvarða hagsmuni af að fá úrlausn dómsins um lögmæti fundarins umfram það, sem varðar rök fyrir sýknudómi í aðalsök.

2. Meðal ákvarðana framkvæmdastjórnar þeirrar, sem kosin var á þessum aðalfundi, kunna að vera ákvarðanir og framkvæmdir, sem varða ótiltekna aðilja innan félags og utan, þ. á m. aðilja, sem ekki standa að þessu máli. Þótt umboði stjórnarinnar kunni að vera áfátt, er ekki sjálfgefið, að allar framkvæmdir hennar og ákvarðanir séu af þeim sökum ógildar. Gagnstefnandi hefur ekki sýnt fram á lögvarða hagsmuni sína af að fá álit dómsins um lögmæti ákvarðana og framkvæmd stjórnarinnar umfram það, sem varðar ágreining aðilja þessa máls, eins og honum er lýst í aðalsök.

Húsfélagið, sem málið höfðaði, er félag þeirra, sem á hverjum tíma eiga hlut (íbúð) í fjölbýlishúsinu. Fjölbýlishúsið er sérstök sameign, og gilda um hana almennar reglur um sérstaka sameign, lög um fjölbýlishús nr. 59/1976, samþykktir fyrir húsfélög nr. 280/1976 og samþykktir og sammæli sameigendanna.

Í máli, þar sem húsfélagið er aðili, virðist bera að líta á einstaka félagsmenn að því er varðar álitaefni um leyfilegt aðiljasamlag á sama hátt og um væri að ræða utanfélagsmenn.

Þeir þrír menn, sem kröfur eru gerðar á hendur í 3. og 4. tl. gagnsakar og málskostnaðarlið kröfugerðar stefndu í aðalsök, hafa hvorki heimild í 47. né 50. gr. laga 85/1936 né með sammæli allra hlutaðeigandi gerst aðiljar við hlið stefnanda í aðalsök.

Viðbrögð málflutningsumboðsmanns aðalstefnanda verða og ekki virt á þann veg, að hann hafi með afstöðu sinni í umboði félagsins og stjórnarmanna persónulega viljað gera þá að málsaðiljum við hlið aðalstefnanda.

Samkvæmt þessu þykir skorta heimild í réttarfarslögum til kröfugerðar á hendur þeim Lárusi, Kjartani og Erni persónulega í máli þessu, og ber þá að vísa frá þeim kröfum, sem gerðar eru á hendur þeim persónulega í málinu.

Hafi það verið skoðun gagnstefnenda, að stjórnarmenn húsfélagsins hafi höfðað málið án málflutningsumboðs frá félaginu, hefði mátt vænta þess, að þau hefðu krafist frávísunar aðalsakar. Telji þau sér hins vegar ekki fært að koma fram frávísun, hljóta þau að sætta sig við að gera einungis kröfu á hendur hinum formlega sóknaraðilja málsins.

Samkvæmt þessu þykir verða að vísa frá dómi öllum kröfum gagnstefnenda í gagnsök svo og málskostnaðarkröfu í aðalsök, sbr. 47.—50. gr., 67. gr., 2. mgr. 108. gr. og 113. gr. laga 85/1936. Ekki hafa komið fram kröfur um málskostnað í þessum þætti málsins.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Gagnsök máls þessa og málskostnaðarkröfu stefndu í aðalsök er vísað frá dómi.

Föstudaginn 22. janúar 1982.

Nr. 12/1980. **Bjarni Gunnar Björnsson**
(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)
gegn
Útgerðarfélagi Ólafsfjarðar h/f
(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. janúar s. á. Dómkröfur hans eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 79.403.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 9. september 1976 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum til 3. mars 1980 og eftir það með dómvöxtum til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms, en til vara þess, að „áfrýjanda verði dæmdar hæfilegar bætur að mati Hæstaréttar". Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal útreikningar Guðjóns Hansen tryggingafræðings 21. desember 1981 á örorkutjóni áfrýjanda.

Mál þetta var höfðað til að fá dóm um bætur vegna fjártjóns og miska af völdum slyss um borð í b/v Ólafi bekk 9. september 1976, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi.

Af hálfu stefnda er viðurkennt, að félagið beri bótaábyrgð á tjóni áfrýjanda.

Ekki er fram komið, að stefndi hafi, er slysið varð, hagað sér með þeim hætti, að á hann verði lagður hluti sakar.

Tryggingayfirlæknir skoðaði áfrýjanda 29. nóvember 1978 og mat síðan örorku hans, eins og fram kemur í héraðsdómi. Þessu mati hefur eigi verið hnekkt.

Í hinum áfrýjaða dómi er þess getið, að fram hafi verið lagðir útreikningar tryggingafræðings á örorkutjóni áfrýjanda. Er þar fyrst um að ræða útreikninga Guðjóns Hansen 5. janúar 1979. Þar segir:

„Bjarni er sagður fæddur 4. júlí 1949 og hefur samkvæmt því verið 27 ára gamall, er hann varð fyrir ofangreindu slysi. Samkvæmt staðfestum ljósritum af skattframtölum hans fyrir starfsárin 1974—1976 voru launatekjur hans þau ár sem hér segir:

Árið	1974	kr. 630.800,-
—	1975	— 1.118.986,-
—	1976	— 1.179.311,-

Í ofangreindum tekjum ársins 1975 eru innifalin laun greidd í hlunnindum (fæði) kr. 1.757,-. Hins vegar er hliðstæð fjárhæð, kr. 23.600,- á árinu 1976 ekki talin með, enda hefur henni verið sleppt við samlagningu tekjudálks framtalsins. Ekki eru heldur taldar með hreinar tekjur af atvinnurekstri, kr. 62.500,- árið 1974 og kr. 1.863,- árið 1975. Árið 1974 er rekstrartap jafnframt fært sem frádráttarliður á framtali, og verður ekki með vissu séð, hvernig skattayfirvöld hafa litið á hinar hreinu tekjur.

Launatekjur Bjarna árin 1974 og 1975 eru að miklum meirihluta af sjómennsku á fiskiskipum, en 1976 hefur hann starfað meira í landi. Vinnuvikur á sjó eru taldar 50 árið 1974, 35 árið 1975 og 10 árið 1976. Til grundvallar áætlun tekna fram í tímann hef ég lagt framangreindar launatekjur árin 1974 og 1975, þ. e. tvö ár fyrir slys. Þótt ég sé vanur að miða umreikning tekna af því tagi, sem hér um ræðir, við breytingar á fiskverði sjómanna, hef ég í máli þessu umreiknað tekjur með tilliti til breytinga á kauptöxtum verkamanna. Tel ég tekjur Bjarna, einkum árið 1974, svo lágar miðað við fjölda vinnuvikna, að í raun hafi tekjufjárhæðir ráðist af kauptryggingarfjárhæðum ekki síður en fiskverði, og auk þess hafa tekjurnar að hluta verið af störf-

um í landi. Umreiknaðar á þennan hátt reiknast mér meðallaunatekjur 1974 og 1975 verða sem hér segir:

Árið 1976, frá slysdegi	kr. 1.362.682,-
— 1977	— 1.754,650,-
— 1978	— 2.730.992,-
Eftir þann tíma	— 3.255.507,-

Miðað við þennan tekjugrundvöll og tap tekna í samræmi við áðurnefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra launatekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 7 mánuði .... kr. 642.574,-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma .. — 2.239.477,-

Samtals kr. 2.882.051,-

Til samanburðar skal þess getið, að með umreikningi tekna með tilliti til breytinga á fiskverði reiknast mér heildarverðmæti tapaðra launatekna nema kr. 2.736.294,-, þ. e. um 5,1% lægri fjárhæð en að ofan greinir. Vegna óvissu, sem kann að vera um vinnuframlag Bjarna til áðurnefnds atvinnurekstrar (útgerðar), svo og vegna þess, að sennilegt virðist, að hann hefði á árinu 1976 náð meðalvinnutekjum verkamanna (miðað við úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar), hef ég enn fremur reiknað verðmæti tapaðra tekna miðað við meðalvinnutekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík, sem ég legg að jafnaði til grundvallar, þegar unglingar eiga í hlut. Reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna þá nema kr. 3.447.814,- eða um 19,6% hærri fjárhæð en að ofan greinir.

Við útreikninginn hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna vegna slyssins frá Tryggingastofnun ríkisins né öðrum aðilum.

Reiknað er með 13% ársvöxtum og töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra karla 1951—1960."

Lögmaður stefnanda ritaði tryggingafræðingnum bréf 21. júní 1979 og kvaðst að gefnu tilefni frá andstæðingi sínum vilja beiðast skýringa á því, að hagsmunir áfrýjanda „eru lagðir til jafns við unglinga" í útreikningunum. Einnig

spurðist hann fyrir um, hvort miðað væri við 13% ársvexti allan þann tíma, sem máli skipti.

Fyrir héraðsdóm voru lagðir nýir útreikningar Guðjóns Hansen frá 27. júní 1979. Þykir eigi ástæða til að taka hér upp annað úr þessu skjali en eftirfarandi:

„Um áðurnefnd atriði, sem spurst er fyrir um í bréfi yðar, skal eftirfarandi tekið fram:

a. Við tjónsútreikning er reiknað með 13% ársvöxtum frá slysdegi og áfram til frambúðar.

b. Tekjuáætlun sú, sem aðallega er lögð til grundvallar tjónsútreikningi, styðst við launatekjur Bjarna 1974 og 1975, umreiknaðar með tilliti til breytinga á kauptöxtum verkamanna. Ég taldi aðferð þessa geta orkað nokkurs tvímælis að tvennu leyti. Hef ég því í fyrsta lagi reiknað, hver áhrif önnur umreikningsaðferð hefði á niðurstöðu, og í öðru lagi hef ég reiknað, hver niðurstaða yrði, ef miðað væri við algengar vinnutekjur verkamanna og í því efni stuðst við úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík undanfarin ár. Eins og fram kemur í útreikningnum frá 5/1 1979, er þetta gert vegna óvissu um vinnuframlag Bjarna til atvinnurekstrar þess, sem hann tók þátt í. Algengast er, að grípa þurfi til slíkra launþegatekna, þegar unglingar eiga í hlut, og ógerlegt er að styðjast við tekjur hlutaðeigandi árin fyrir slys, en ástæða getur einnig verið til slíkrar viðmiðunar í öðrum tilvikum, t. d., þegar hreinar tekjur af atvinnurekstri virðast ekki vera nothæfar sem mælikvarði á vinnutekjur atvinnurekanda, sem orðið hefur fyrir slysi. Stundum er óskað eftir útreikningi miðuðum við slíkan grundvöll til samanburðar við aðra viðmiðun."

Í þeim útreikningum Guðjóns Hansen, sem lagðir voru fyrir Hæstarétt og gerðir voru 21. desember 1981, segir m. a.:

„Við endurútreikninginn hef ég tekið tillit til breytinga, sem orðið hafa á kauptöxtum, síðan fyrri útreikningar voru gerðir. Með því móti reiknast mér meðallaunatekjur Bjarna 1974 og 1975 verða sem hér segir:

Árið 1976,	frá slysdegi	kr. 13.627,-
— 1977		— 17.547,-
— 1978		— 27.310,-
— 1979		— 39.043,-
— 1980		— 59.060,-
— 1981		— 88.535,-
Eftir þann tíma		— 108.893,-

Miðað við þennan tekjugrundvöll og tap vinnutekna í samræmi við örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 7 mánuði ..... kr. 6.426,-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma .... — 57.977,-

Samtals kr. 64.403,-

Ef tekjur Bjarna 1974 og 1975 eru umreiknaðar með tilliti til breytinga á fiskverði til sjómanna í stað breytinga á kauptöxtum verkamanna, reiknast mér heildarverðmæti tapaðra launatekna nema kr. 49.047,-. Sá mikli munur, sem hér kemur fram, á að verulegu leyti rót sína að rekja til almennra launahækkana 1. nóvember og 1. desember 1981, en eftir er að ákveða fiskverð það, sem gilda á frá 1. janúar 1982. Ef á hinn bóginn meðalvinnutekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík eru lagðar til grundvallar tekjuáætlun, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna nema kr. 79.784,-.

Um forsendur þær, sem liggja til grundvallar útreikningi þessum, skírskotast til fyrri útreikninga svo og til þess, er að framan greinir."

Þegar framangreint er virt, þykja bætur til áfrýjanda hæfilega metnar 37.000.00 krónur, eftir að tillit hefur verið tekið til greiðslna, sem áfrýjandi fékk vegna slyssins. Miskabætur til hans þykja hæfilega metnar í hinum áfrýjaða dómi, 3.500.00 krónur.

Í áfrýjunarstefnu gerði áfrýjandi sömu vaxtakröfu og fyrir héraðsdómi. Verða dómvextir því eigi dæmdir frá fyrri tíma en 1. júní 1980. Samkvæmt þessu verða ársvextir af hinni dæmdu fjárhæð þessir: 13% frá 9. september 1976 til

21. nóvember 1977, 16% frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% frá þeim degi til 1. júní 1980 og síðan dómvextir: 46% til 1. mars 1981, 42% frá þeim degi til 1. júní 1981 og 39% frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan hæstu innlánsvextir til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 15.000.00 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Útgerðarfélag Ólafsfjarðar h/f, greiði áfrýjanda, Bjarna Gunnari Björnssyni, 40.500.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 9. september 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma. Þá greiði stefndi áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 15.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Ólafsfjarðar 3. september 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. ágúst sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af stefnanda, Bjarna Gunnari Björnssyni, á hendur stefnda, Útgerðarfélagi Ólafsfjarðar h/f, Ólafsfirði, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 10.000.000 með 13% ársvöxtum frá 9. september 1976 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978 og síðan 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979 og síðan 22% ársvöxt-

um frá 1. júní 1979 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og framlögðum reikningum.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður felldur niður.

Málavextir eru þeir, að hinn 9. september 1976 slasaðist stefnandi við vinnu sína um borð í togaranum Ólafi bekk.

Hafði hann unnið við löndun á afla togarans, og var henni nýlokið. Vann stefnandi ásamt fleiri verkamönnum við að ganga frá toghlera í festingar í bakborðssíðu togarans.

Var toghlerinn hífður til á skipsgilsinum. Þurfti að ýta toghleranum út í síðuna, en er slakað var, rakst toghlerinn niður á þilfarið og kastaðist fram eftir þilfarinu og lenti á vinstri ökla stefnanda, en kallað hafði verið að slaka, og slakaði gilsarinn þá með fyrrgreindum afleiðingum. Klemmdist stefnandi þannig, að vinstri fótur varð milli toghlerans og bobbings.

Brotnaði „fibulae" ca 10 cm frá „malleolus lateralis," og „talis" var „luxeraður lateralt".

Stefnandi telur, að stefndi, sem er eigandi togarans, beri fébótaábyrgð á slysinu samkvæmt reglunni um ábyrgð húsbónda á skaðaverkum starfsmanna sinna og/eða aðgerðarleysi þeirra vegna ófullnægjandi vinnuaðstöðu, tæknilega og með tilliti til hinna vinnandi manna. En mistök við verkstjórn eða skortur á verkstjórn sé orsök slyssins.

Afleiðingar slyssins eru taldar þær, að stefnandi hafi hlotið örorku sem hér segir:

Frá slysdegi talið í 4 mánuði	100%
Eftir það í 3 mánuði	50%
Varanlega	10%

Örorkutjónið hefur verið reiknað út af tryggingafræðingi miðað við skattframtöl stefnanda 1975 og 1976, og nemur það eftirfarandi:

Tímabundið	kr. 642.574
Varanlega	— 2.239.472
	Alls kr. 2.882.061

Þá kveður stefnandi stefnukröfuna fela í sér bætur fyrir miska, sársauka, lýti og óþægindi, sem stefnandi metur á kr. 1.500.000. Stefnukrafan sé hins vegar höfð mun hærri en framangreindar tölur samtals með tilliti til hinna öru verðbreytinga og þess tíma, sem málarekstur kann að vara, enda hyggist stefnandi koma með endurskoðaða örorkutjónsútreikninga. Voru þeir síðan lagð-

ir fram, sbr. dskj. nr. 17, þar sem verðmæti tapaðra launatekna á slysdegi er talið nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 7 mánuði ..... kr. 642.574
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma ..... — 2.653.391

Samtals kr. 3.295.965

eru þá umreiknaðar meðallaunatekjur stefnanda 1974 og 1975, sbr. dskj. nr. 17.

Séu hins vegar meðalvinnutekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík lagðar til grundvallar tekjuáætlun og tillit tekið til kaupbreytinga, sbr. dskj. nr. 17, þá reiknast verðmæti tapaðra vinnutekna kr. 3.944.319, eða um 19.7% hærri fjárhæð en að framan greinir.

Samkvæmt áverkavottorði á dskj. nr. 6 segir við skoðun á áverkum stefnanda um ári eftir slysið, eða 10. september 1977: „Við skoðun þá er hann ánægður með ástand sitt. Segir, að öklinn sé orðinn góður. Hann er algerlega eymslalaus.

Kvartar samt um, að hann geti ekki beygt vinstri ökla eins mikið eins og hægri. Skoðun: Vinstri ökli vel útlítandi, operationsör. Hreyfingar í öklanum góðar. Ca 5° vantar upp á dorsal flexio á vinstri fæti, borið saman við hægri."

Í ályktun í örorkumati á dskj. nr. 7 segir: „Alveg óvinnufær var slasaði talinn hafa verið frá 9. 9. '76 til 1. 1. '77, og hlaut hann slysadagpeningagreiðslur frá slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þetta tímabil.

Eftir það mun starfsgeta slasaða hafa verið töluvert skert í 3 mánuði, og varanlega er hér um nokkra örorku að ræða.

Helstu kvartanir slasaða eru þær, að hann þreytist um vinstri öklalið, ef hann gengur mikið eða stendur lengi í fótinn. Þá segist slasaði fá óþægindi, jafnvel verki í vinstri öklalið eftir mikla áreynslu, og einnig kvartar hann um, að óþægilegt sé að ganga niður stiga. Slasaði gengur alveg óhaltur á sléttu gólfi. Hreyfingar allar í vinstri öklalið eru eðlilegar, nema hvað dorsi flexio er etv. lítilsháttar skert. Reflexar eru jafnir og eðlilegir á báðum ganglimum. Ekki er merkjanleg fyrirferðaraukning um vinstri öklalið.

Ekki verður fyrir það synjað, að nokkur hætta kann síðar meir að verða á slitbreytingum í vinstri öklalið umfram það, sem búast má við hjá heilbrigðum manni. Slys þetta veldur þannig trúlega síðar meir örorku vegna nefndra hugsanlegra slitbreytinga. Ekki verður þó fullyrt nú, í hve miklum mæli þær

slitbreytingar kunna að verða eða hvenær þær kunna að koma fram.

Þar sem ekki þykir nú líklegt, að um frekari bata á afleiðingum áðurnefnds slyss verði hér eftir að ræða, þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í 4 mánuði	100%
Eftir það í 3 mánuði	50%
Varanlega	10%".

Þann 17. mars 1978 var tekin lögregluskýrsla af stefnanda vegna slyssins. Kvað hann löndun úr togaranum hafa verið lokið, en honum ásamt fleiri mönnum verið falið að ganga frá toghlera í festingar á bakborðssíðu skipsins. Var hlerinn hífður á skipsgilsinum, þar sem ekki var um annað að ræða.

Þurftu þeir að ýta hleranum út í síðuna, en hlerinn rakst þá niður að aftan með þeim afleiðingum, að hann hentist fram eftir skipinu og lenti á vinstri ökla stefnanda. Sagðist stefnandi hafa brotnað og hafi liðbönd slitnað. Stefnandi kveður skýrslu ekki hafa verið gerða og sé hún nú gefin, þar sem hann kveðst engan veginn vera búinn að ná sér eftir slysið.

Stefnandi gaf síðan skýrslu fyrir dómi 20. júní 1979.

Taldi hann þá, að þeir hefðu verið 3 eða 4, sem ýttu hleranum, sem hafi verið hífður af gilsinum, og er honum var slakað, þá hafi hlerinn tekið að dansa til og komið niður á afturenda og kastast fram eftir skipinu, en stefnandi, sem hafi verið við framenda hlerans, orðið undir honum með vinstri fótinn. Taldi stefnandi, að Kristinn Gylfason hefði stjórnað spilinu, en var þó ekki alveg viss. Kvað hann Hörð Sigurðsson hafa verið verkstjóra þarna. Kvaðst hann ekki muna, hverjir voru þarna með honum að ýta á hlerann, en hlerinn væri 1200 kg og að fest hafi verið í hann í krók fyrir miðju.

Kvað stefnandi hliðarvindu bakborðsmegin hafa verið notaða í greint sinn, en venjulega hafi verið notaðir kranar í landi, áður en krani var settur í skipið stjórnborðsmegin, en hann hafi ekki haft kraft til að flytja hlerann í greint sinn.

Stefnandi kveðst ekki muna til þess, að beðið hafi verið um að slaka né hvort hlerinn var kominn yfir festingar þær, sem hann átti að fara í, er hann fór niður. Þá kvað hann blokkina, sem gilsinn var í, vera frekar bakborðsmegin í skipinu og taldi

frekar hæpið, að þeir hefðu getað haldið hleranum kyrrum yfir festingunum, sem hann átti að fara í.

Stefnandi kvað sér ekki vera kunnugt um, að þetta spil hefði verið notað áður við slíkan hleraflutning. Hann telur, að síðan séu varahlerar geymdir stjórnborðsmegin í skipinu.

Þann 18. mars 1978 gaf skýrslu hjá lögreglu Björn Steinn Sveinsson. Kvaðst hann hafa verið ásamt stefnanda og fleirum í greint sinn að vinna um borð í Ólafi bekk við að koma öðrum toghlera skipsins í festingar á bakborðssíðu skipsins.

Segir hann, að gils og krani skipsins, sem er stjórnborðsmegin, hafi verið notaður við verkið. Er þeir hafi verið í þann veginn að koma hleranum í festingar sínar, hafi verið kallað „slaka", en þá hafi hlerinn kastast til baka með þeim afleiðingum, að hann hafi lent á vinstri fæti stefnanda, sem klemmdist á milli hlerans og bobbinga, sem voru á þilfarinu.

Fyrir dómi 20. júní 1979 kvað þetta sama vitni, að ekki hefði verið slakað nógu fljótt og hafi þá hlerinn skollið á þeim. Vitnið kvað Kristin Gylfason hafa stjórnað krananum, en Hörð Sigurðsson á gilsinum. Vitnið taldi, að sá, sem var á gilsspilinu, hafi ekki séð til að slaka á festingarnar.

Vitnið kvað hafa verið gefið merki um að slaka og hafi þurft að vera samtaka um það, en hífumenn ekki verið nógu samtaka í slökun. Vitnið kvað hlerana hafa verið geymda síðan stjórnborðsmegin, en áður hafi þeir verið færðir með þessu móti. Vitnið kvað einhvern þeirra þriggja, sem ýttu á hlerann, hafa hrópað um að slaka, en þriðji maðurinn hafi sennilega verið Kolbeinn Ágústsson. Vitnið kvað þá hafa gert áður nokkrar tilraunir til að sveifla hleranum yfir að festingunum bakborðsmegin.

Þann 18. mars 1978 gaf Hörður Sigurðsson skýrslu hjá lögreglu. Kvað hann stefnanda í greint sinn hafa ásamt fleiri mönnum verið að koma toghlera skipsins í festingar bakborðsmegin og hafi verkið verið unnið með gils og krana skipsins, sem var stjórnborðsmegin í skipinu. Segir hann, að er þeir voru að ýta hleranum að festingunum, hafi hlerinn kastast til baka, þannig að hann lenti á stefnanda, og klemmdist fótur hans á milli hlerans og bobbinga.

Fyrir dómi 20. júní 1979 kvaðst þetta sama vitni hafa verið statt aftur við spil og verið þarna verkstjóri.

Vitnið kvaðst sjálft hafa verið á koppinum sem kallað er.

Vitnið sagði, að er slakað var, hafi hlerinn komið til baka á

þá, sem voru að ýta honum. Vitnið kvað hafa verið fest úr bæði krana og spili í hlerann, er honum var slakað, en man ekki, hvort slaki hafi komið á. Vitnið kvað hlerana eftirleiðis hafa verið geymda stjórnborðsmegin, utan eitt eða tvö skipti, og hafi þessi sömu tæki verið notuð við fyrri flutninga á hlerunum. Vitnið kvað hlerann hafa lent á röngum stað og því komið til baka.

Vitnið Kristinn Sigurður Gylfason kvaðst hafa í greint sinn verið að ýta hlera í festingar bakborðsmegin um borð í Ólafi bekk ásamt 3 eða 4 öðrum mönnum. Hafi Hörður Sigurðsson verið á spilinu. Vitnið mundi ekki til þess, að krani stjórnborðsmegin hefði verið notaður. Vitnið kvað þá hafa beðið um slökun, en er það var gert, hafi hlerinn skollið niður og á stefnanda.

Vitnið Helgi Þórðarson kvaðst hafa verið aftur við spilið, sem hlerinn var hífður á í greint sinn. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort löndunarkrani stjórnborðsmegin var notaður líka, en kveðst ráma í, að vírinn hafi hrokkið af spilkoppnum og því komið óeðlilegur slaki á og hlerinn því kastast inn að miðju.

Vitnið Kolbeinn Ágústsson kvaðst hafa verið að ýta hleranum ásamt stefnanda og fleirum. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort kraninn stjórnborðsmegin var notaður í greint sinn með gilsinum. Vitnið kvað hafa komið óvænt slaka á spilið, þannig að þeir misstu vald á hleranum og stefnandi varð fyrir honum, en vitninu tókst að skjóta sér undan.

Stefnandi telur stefnda bera bótaábyrgð vegna slyssins, eins og áður er sagt, og bendir jafnframt á, að stefndi hlutaðist ekki til um rannsókn á slysinu og orsökum þess og kvaddi ekki til öryggiseftirlitsmann. Það hafi ekki verið fyrr en hinn 17. mars 1978 fyrir tilstilli stefnanda, að lögreglurannsókn hófst. Af því verði stefndi að bera halla, ef um skort á sönnunum verði að ræða. Þá er af hálfu stefnanda bent á, að 23. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum eigi hér við, en mistök hafi orðið við slökun hlerans, er vírinn slapp af spilkoppnum.

Af hálfu stefnda er það viðurkennt, að hann beri einhverja ábyrgð á slysi því, sem stefnandi varð fyrir um borð í b/v Ólafi bekk hinn 9. september 1976. Hann telur hins vegar, að framkomnar bótakröfur stefnanda séu ekki í nokkru samræmi við slysið, sem hann varð fyrir. Á áverkavottorði á dskj. nr. 6 sé ljóst, að brotið hófst vel við, og allt var með eðlilegum hætti. Stefnandi útskrifaðist af sjúkrahúsi 16. október 1976. Hann kom á göngudeild til eftirlits hinn 5. nóvember 1976 og gekk þá með fullri þyngd án óþæginda, sbr. dskj. nr. 6. Hann gekk þá með

hækjur, sem honum var ráðlagt að sleppa. Hinn 9. nóvember 1976 var hann klíniskt gróinn og hafði engin óþægindi. Brotin litu vel út skv. röntgenmynd.

Hinn 10. september 1977 kom hann á FSA til þess að fá fjarlægðan járnpinna og járnþráð, sem notaður hafði verið við aðgerðina. Við þá skoðun var hann ánægður með ástand sitt. Sagði, að öklinn væri orðinn góður, og hann var algerlega eymslalaus. Þó taldi hann sig ekki geta beygt vinstri ökla eins mikið og hægri. Við skoðun kom í ljós, að hreyfingar í öklanum voru góðar.

Ljóst sé skv. áverkavottorðinu á dskj. nr. 6, að stefnanda hætti til að gera of mikið úr meiðslum sínum. Hann komi á FSA með hækjur, sem engin ástæða var til að nota og töfðu fremur fyrir bata en hitt, enda ráðlagt að leggja þær frá sér þegar í stað, og hann taldi sig ekki geta beygt vinstri ökla eins mikið og hægri, sem stóðst ekki við athugun. Önnur læknisvottorð liggi ekki fyrir um stefnanda.

Að vísu segi í örorkumati á dskj. nr. 7, að slasaði hafi komið til viðtals og skoðunar hjá tryggingayfirlækni 29. nóvember 1978 og þar segi, að hann kvarti um þreytu um vinstri öklalið, einkum ef hann stendur lengi eða gengur mikið.

Stundum eru þar verkir. Síðar segir á dskj. nr. 7:

„Hreyfingar allar í vinstri öklalið eru eðlilegar, nema hvað dorsi flexio er e. t. v. lítilsháttar skert. Refl. eru jafnir og eðlilegir á báðum ganglimum. Ekki er merkjanleg fyrirferðarauknin um vinstri ökla."

Með vísun til þessa, sem fram kemur í vottorði á dskj. nr. 7 um eigin skoðun læknisins, virðist allt of mikið tekið tillit til kvartana stefnanda, sem ekki hafi við rök að styðjast og örorkumatið allt of hátt og ekki í samræmi t. d. við áverkavottorðið.

Ekki sé annað komið fram en stefnandi stundi alla sína vinnu frá áramótum 1976/1977, að minnsta kosti eins og ekkert hafi í skorist, og líðan hans hafi verið ágæt.

Kvartanir hans um stirðleika í ökla og þreytu fái varla staðist, ef t. d. er haft í huga, að hann stundar skíðaíþróttir, en alkunnugt er, að staða á skíðum hefur mikla þreytu eða áreynslu á ökla í för með sér.

Vegna alls þessa er af hálfu stefnda talið rétt, að stefnandi fari í nýja læknisskoðun og e. t. v. myndatöku á FSA og síðan

verði örorkumat endurskoðað með tilliti til þess, sem þá kemur fram. Þá ætti t. d. að koma fram eitthvað um slitbreytingar.

Þá er því mótmælt af hálfu stefnda, að tapaðar vinnutekjur ættu að hækka, sbr. hugleiðingar þar um á dskj. nr. 8, bls. 2.

Stefndi mótmælir mötunum á dskj. nr. 7 og 8 sem röngum og því haldið fram, að ekki sé rétt að byggja bótakröfu stefnanda á þeim.

Þá er þess krafist af hálfu stefnda, að bótafjárhæð sé lækkuð vegna hækkunar vaxta og skattfrelsis bótafjár.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi eigi sök á tjóninu, þar sem þeir, sem ýttu hleranum, hafi beðið um slaka. Þá mótmælir stefndi því, að lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum eigi hér við.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að handvömm og mistök við slökun hlerans séu orsök tjóns hans, hvort sem beðið var um að slaka eða ekki, og hér sé því um hreint vinnuslys að ræða og því eigi lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum við. Því er algerlega mótmælt, að eigin sök stefnanda hafi valdið tjóninu.

Þá er því mótmælt, að hækkaðir vextir hafi áhrif til lækkunar bótafjárhæðar og að lækkun krafna vegna skattfrelsis fari yfir 20%. Þá er þess krafist af hálfu stefnanda, að örorkumat verði lagt algerlega til grundvallar bótum. Samþykkt er af hálfu stefnanda, að greidd laun eftir slysið, kr. 79.207, sbr. dskj. nr. 15, og greiddar slysabætur, kr. 220.566, komi til frádráttar dæmdri bótafjárhæð.

Af því, sem rakið hefur verið, er ljóst, að stefnandi verður fyrir slysi um borð í b/v Ólafi bekk þann 9. september 1976, en skipið er í eigu stefnda, og vann stefnandi þar sem verkamaður við losun skipsins. Af hálfu stefnda er það viðurkennt, að hann muni bera einhverja ábyrgð á slysinu.

Af vitnaframburðum má ráða, að þeir, sem ýttu hleranum, báðu um slaka, og var þá slakað. Verður að ætla, að slaka þurfi að fullu við þessar aðstæður, þannig að þungi hlerans hvíli að sem minnstu leyti á mönnunum, sem ýttu hleranum.

Þar sem slíkur flutningur á toghlera hlýtur að vera mjög hættulegur þeim, sem á hlerann ýta, verður að ætla, að þeir sýni sérstaka varúð, því að ef slökun hlerans heppnast ekki, hlýtur hlerinn að leita til baka. Verður því eftir atvikum að fallast á þá málsástæðu stefnda, að um einhverja sök sé að ræða hjá stefnanda. Þykir eftir atvikum rétt að meta hana 25%.

Rétt þykir að leggja til grundvallar örorkumat á dskj. nr. 7, þannig að frá slysdegi talið í 4 mánuði sé örorka stefnanda metin 100% og eftir það í 3 mánuði 50%.

Það liggur fyrir í máli þessu, að stefndi hlutaðist ekki til um, að rannsókn færi fram vegna slyssins.

Hins vegar kemur það fram á dskj. nr. 6, að meiðsl stefnanda hafast vel við, og við skoðun um það bil ári eftir slysið, eða 10. september 1977, segir: „Við skoðun þá er hann ánægður með ástand sitt. Segir, að öklinn sé orðinn góður. Hann er algerlega eymslalaus. Kvartar samt um, að hann geti ekki beygt vinstri ökla eins mikið og hægri. Skoðun: Vinstri ökli: vel útlítandi operationsör. Hreyfingar í öklanum góðar. Ca 5° vantar upp á dorsal flexio á vinstri fæti borið saman við hægri.“ Samanber einnig svipuð ummæli á dskj. nr. 7, bls. 2 neðarlega. Miðað við þetta þykir því eftir atvikum hæfilegt, að varanleg örorka slasaða sé metin 5%. Þá þykir rétt að byggja bætur til stefnanda á útreikningum um örorkutjón hans eins og fram kemur á dskj. nr. 17, þannig að

vegna tímabundins orkutaps í 7 mánuði	kr.	642.574
Frá því dragast svo:		
Greidd laun eftir slysið ..... kr. 79.207		
Greiddar slysabætur ..... — 220.566	—	299.773
	Alls kr.	342.801
Varanl. orkutap miðað v. 5% örorku	—	1.326.695
Nettó örorkutap	kr.	1.669.496
25% vegna eigin sakar	—	417.374
	kr.	1.252.122
20% lækkun vegna skattfrelsisbóta	—	250.424
	Samtals kr.	1.001.698

Hafnað er þeirri málsástæðu stefnda, að lækka beri bætur vegna hækkaðra vaxta.

Samkvæmt ofanrituðu þykja því bætur stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 1.001.698. Rétt þykir, að miskabætur til stefnanda verði kr. 350.000. Alls verða því bætur til stefnanda kr. 1.351.698. Ekki hefur verið mótmælt vaxtakröfum stefnanda, og eru þær því teknar óbreyttar til greina, þannig að stefnda ber að greiða stefnanda í máli þessu skaðabætur, kr. 1.351.698 með 13% árs-

vöxtum frá 9. september 1976 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, síðan 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979 og 22% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 300.000 í málskostnað.

Dóm þennan kváðu upp Barði Þórhallsson bæjarfógeti ásamt meðdómsmönnunum Gísla M. Gíslasyni og Jóni Sigurpálssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Útgerðarfélag Ólafsfjarðar h/f, greiði stefnanda, Bjarna Gunnari Björnssyni, skaðabætur, kr. 1.351.698 með 13% ársvöxtum frá 9. september 1976 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, síðan 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979 og 22% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 300.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 26. janúar 1982.

Nr. 115/1979. **Jón V. Jónsson s/f**
(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.)
gegn
Sævari Hermannssyni
og gagnsök
(Jón Hjaltason hrl.).

Vinnusamningur. Skuldamál. Áfrýjun.
Fjárnámsgerð vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 14. júní 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Stefnan var birt 1. október s. á. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 5. október 1979. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 3.098.46 krónur með 13% ársvöxtum frá 3. apríl 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar hæstaréttardóms og með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst enn fremur staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er varðar höfuðstól dómkröfunnar. Aðaláfrýjandi samþykkir þessa kröfu nema 470.29 krónur samkvæmt 2. tölulið B í héraðsdómi. Yfirlit það á héraðsdómskjali nr. 9, sem kröfuliður þessi byggist á, er ekki þannig úr garði gert, að það veiti viðhlítandi sönnur fyrir honum. Verður hann því ekki tekinn til greina.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um gagnkröfur aðaláfrýjanda.

Upphafstími vaxta hefur ekki sætt andmælum.

Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 2.628.17 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði segir.

Frestur til að áfrýja fjárnámsgerðinni var liðinn, þegar stefna var gefin út, og framangreint áfrýjunarleyfi tekur ekki til þeirrar dómsathafnar. Þessum þætti málsins er því sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda alls 3.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Jón V. Jónsson s/f, greiði gagnáfrýjanda, Sævari Hermanníussyni, 2.628.17 krónur með 13% ársvöxtum frá 3. apríl 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 35.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar dóms þessa og með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð er sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 3.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 16. september 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. september 1978, hefur Sævar Hermanníusson rafvélavirki, Bergstaðastræti 65, Reykjavík, höfðað á bæjarþinginu 1. nóvember 1977 á hendur Jóni V. Jónssyni s/f, Miðvangi 37, Hafnarfirði, til heimtu vinnulauna o. fl.

1.0.

Stefnandi réðst til starfa hjá stefnda um mitt ár 1975, en þá mun stefndi hafa verið búinn að taka að sér mikla jarðvegsvinnu í grunni væntanlegrar málmblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði.

Starfssvið stefnanda var að svara í síma á skrifstofu stefnda og taka við beiðnum um útvegun varahluta og ýmissa annarra nauðsynja, sem þurfti til starfsemi stefnda á Grundartanga og í vélaverkstæði stefnda í Hafnarfirði. Stefnandi annaðist síðan útvegun þessara hluta, kom þeim í skip eða flutti þá sjálfur, ef ákvörðunarstaður þeirra var á Grundartanga, eða flutti þá á verkstæði stefnda. Stefnandi notaði bíl sinn til þessara ferða, en stundum hafði hann afnot af öðrum bílum fyrirtækisins, og fyrir kom, að hann þurfti að nota bílaleigubíl.

Hann fékk greiddar 128.640 krónur alls vegna bensínkostnaðar og virðist auk þess hafa fengið ókeypis viðgerðir á bifreið sinni á verkstæði stefnda. Að öðru leyti var honum ekki greitt fyrir afnot eigin bifreiðar í þágu stefnda og ekki um það samið, að því er virðist.

Þegar stefnandi fór þeirra erinda að kaupa hluti, sem vantaði til starfsemi stefnda, fékk hann venjulega tékka með tiltekinni fjárhæð, sem var miðuð við áætlað verð þess, sem kaupa skyldi, en stundum virðist hafa komið fyrir, að stefnandi hafi orðið að leggja út fyrir því, sem hann keypti, úr eigin vasa, svo sem ef tilkynning kom um vöntun hlutar að morgni, áður en hann var kominn til vinnu í Hafnarfirði, en kaupin voru gerð í Reykjavík. Það, sem stefnandi lagði þannig út, átti hann síðan að fá endurgreitt gegn afhendingu reikninga og nótna.

Á tímabili, sem ætla má, að hafi verið síðsumars 1975, virðast fylgiskjöl hafa safnast fyrir hjá stefnanda og uppgjör tafist.

Stefnandi virðist hafa látið af störfum hjá stefnda 3. apríl 1976, en ekki var gert upp við hann að fullu við það tækifæri. Telur stefnandi sig eiga inni stefnufjárhæðina, en stefndi telur hins vegar, að stefnandi skuldi sér fé vegna viðskipta aðiljanna.

2.0.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 661.206 krónur auk 2% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 3. apríl 1976 til 20. nóvember 1976, 2.5% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 1. ágúst 1977 og 3% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Meginmálsástæða stefnanda er, að hann eigi auk óumdeildra launa og orlofsfjár rétt á endurgreiðslu útlagðs fjár og hæfilegrar þóknunar fyrir notkun eigin bifreiðar í þágu stefnda.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar og á því byggt, að stefnandi hafi ekki lagt neitt fé út fyrir stefnda, sem hann hafi ekki þegar fengið greitt eða samþykkt, að stefndi hafi fengið alla þá þóknun fyrir notkun eigin bifreiðar, sem um hafi verið samið og hann hafi átt rétt á, og að stefnandi hafi tekið við og notað tékkávísanir frá stefnda, sem hann hafi ekki skilað fylgiskjölum fyrir, og meðan svo sé ástatt, hljóti hann að teljast skulda stefnda þá fjárhæð, sem ávísanir þessar nema.

Kröfur stefnanda sundurliðast þannig:

1. Laun 7. des. 1975 — 3. apríl 1976,	396.502 kr.		
orlof 7. des. 1975 — 3. apríl 1976,	20.028 —		
orlof 7. des. 1975 — 16. jan. 1976	62.320 —	478.850 kr.	
÷ innborgað		266.133 —	212.717 kr.
2. Útlagt fyrir fé stefnda:			
A. fyrir bílaleigubíl, varahluti og bensín	19.330 kr. 30.770 —	50.100 kr.	
B. fyrir ýmislegt, einkum varahluti		47.029 —	97.129 kr.
3. Fyrir afnot af bifreið stefnanda	480.000 kr.		
÷ greitt fyrir bensín	128.640 —		351.360 kr.
			Samtals 661.206 kr.

Af stefnda hálfu er liður nr. 1 viðurkenndur svo og liður 2 A. Lið 2 B og 3 er mótmælt og stefnandi talinn skulda stefnda vegna vanskila á fylgiskjölum 430.510 kr. Þannig telur stefndi stefnanda skulda sér 167.693 krónur.

3.0.

Stefnandi heldur því fram, að Bragi Jónsson, yfirverkstjóri yfir Grundartangaverkinu, sonur framkvæmdastjóra stefnda, Jóns V. Jónssonar s/f, hafi gert við sig munnlegan ráðningarsamning,

hann hafi átt að fá laun samkvæmt launataxta Rafiðnaðarsambands Íslands eða sömu laun og hann hafði haft hjá fyrri vinnuveitanda á Keflavíkurflugvelli, hann hafi átt að nota eigin bíl fyrst um sinn við starfið, en síðan að fá bíl til afnota í eigu fyrirtækisins. Hann segist hafa fengið borguð laun eftir þessu samkomulagi, en aldrei hafi orðið úr því, að hann fengi bíl frá fyrirtækinu til afnota að staðaldri. Hann telur, að hann hafi að minnsta kosti ekið 100 km dag hvern. Hann segist hafa lagt bensínnótur inn á skrifstofuna og fengið þær greiddar með launum. Hann kveðst hafa miðað við að hafa ekið 25—30 þúsund km á tímabilinu, sem hann vann hjá stefnda. Síðan kveðst hann hafa lækkað þessa kmtölu í 16 þúsund. Þá kveðst hann hafa miðað við, að bifreið sín eyddi 12 lítrum af bensíni á 100 km og að bensín kostaði að meðaltali 67 kr. á lítra.

Af stefnda hálfu hefur verið bent á, að bensínlítrinn hafi kostað 60 kr. í desember 1975.

Stefnandi lýsti þessum útreikningi nánar þannig, að hann hefði talið alla þá daga, sem hann vann hjá stefnda, reiknað með, að hann hefði ekið 100 km dag hvern, fengið þá út 20—30 þúsund km samtals og lækkað síðan þá tölu í 16.000 km. Hann segist hafa imprað á því við Braga Jónsson og Jón V. Jónsson, að hann þyrfti að fá frekari þóknun fyrir notkun bifreiðar sinnar, meðan hann starfaði hjá stefnda, en ekki hefur komið fram, að hann hafi gert kröfu á þessum grundvelli fyrr en í kröfubréfi lögmanns hans.

Jón V. Jónsson, framkvæmdastjóri stefnda, segist sjálfur hafa ráðið stefnanda samkvæmt ábendingu Braga Jónssonar. Hann segir, að Bragi Jónsson hafi ekkert haft með það að gera að ráða starfsmenn, hann hafi gert það sjálfur. Hann segir ekkert hafa verið minnst á taxta rafiðnaðarmanna. Hann segir, að þótt hann hafi borgað bensín, sé ekki þar með sagt, að hann telji, að allt það bensín, sem greitt hafi verið fyrir, hafi verið notað í þágu fyrirtækisins. Hann heldur því fram, að stefnandi hafi ekki verið vanhaldinn, þó að hann fengi ekki sérstakar greiðslur fyrir notkun bifreiðar fram yfir það, sem honum var greitt, þar sem hann hafi fengið gott kaup, viðgerðir á bifreið sinni og varahluti til hennar.

Lögmaður stefnanda hefur mótmælt því, að stefnandi hafi fengið varahluti frá stefnda, en þessi staðhæfing hefur ekki verið borin undir stefnanda, enda kom hún ekki fram fyrr en við lok gagnaöflunar.

Jón V. Jónsson segir, að við athugun á bókhaldi fyrirtækisins hafi komið í ljós, að vantaði fylgiskjöl tengd ávísunum, sem stefnandi hafi tekið við. Hann kvaðst hafa krafið hann um fylgiskjöl þessi og segir, að þá fyrst hafi stefnandi gert kröfu á hendur sér um greiðslu þóknunar fyrir notkun bifreiðar.

Kolbrún Jónsdóttir skrifstofumaður, starfsmaður stefnda og dóttir Jóns V. Jónssonar, segir, að stefnandi hafi fengið greitt fyrir bensínnotkun vikulega með launum sínum og að hann hafi fengið greitt bensín samkvæmt öllum þeim nótum, sem hann hafi lagt fram.

Vitnið Sigurjón Jónsson tæknifræðingur, sem var starfsmaður stefnda, þegar stefnandi var ráðinn, og kveður stefnanda nú vera væntanlegan mág sinn, segist hafa orðið vitni að því, þegar Bragi Jónsson réð stefnanda. Hann segir, að stefnandi hafi átt að fá sama kaup og hann hafði hjá fyrri vinnuveitanda og bíl til afnota við starfið, hann hafi átt að vera innkaupastjóri.

Stefnandi miðar kröfu sína um þóknun fyrir notkun eigin bifreiðar við taxta Rafiðnaðarsambands Íslands.

Stefnandi hefur lagt fram skjal í málinu, þar sem virðast vera skráð númer á tékkávísunum og fjárhæðir þeirra svo og fjárhæðir reikninga og annarra fylgiskjala. Enginn texti er á þessu skjali að öðru leyti en því, að það ber fyrirsögnina „Sævar v/varahl. o. fl.“ og að seinni hluti talnaraðarinnar ber yfirskriftina ágúst. Fjárhæðir eru í tveimur dálkum. Í öðrum dálkinum eru fjárhæðir reikninga og í hinum dálknum fjárhæðir ávísana.

Í nokkrum tilvikum hefur verið strikað yfir fjárhæðir, og er þá sama fjárhæð í báðum dálkum, nema í einu tilviki, þar sem strikað er bæði yfir númer ávísunar og fjárhæð, en í því tilviki hefur engin tala verið færð í reikningsdálk. Dálkarnir eru síðan lagðir saman á reikningsstrimli og samtala reikningsfjárhæðanna dregin frá samtölu tékkafjárhæðanna með útkomunni 56.069. Fjárhæð einnar ávísunarinnar er ranglega talin 1.000 krónur á strimlinum í stað 10.000 króna. Eftir að þessi reikningur hefur verið leiðréttur, kemur út niðurstöðutalan í öðrum tölulið B í kröfugerð stefnanda, 47.069 krónur.

Nokkrar tölur í reikningsdálkinum á þessu yfirliti eru án samsvarandi fjárhæðar í ávísunum, og telur stefnandi, að um sé að ræða fjárhæðir, sem hann hafi lagt út, án þess að fá ávísanir fyrirfram.

Þetta skjal er samið af vitninu Benedikt Sveinssyni, sem ann-

aðist bókhald fyrir stefnda sem starfsmaður hans á þeim tíma, þegar stefnandi starfaði hjá stefnda.

Stefnandi segir, að þessi kröfuliður sé þannig til kominn, að fyrst eftir að hann byrjaði að starfa hjá stefnda, hafi hann fengið uppgert útlagt fé samdægurs eða næsta dag, eftir að hann gerði kaup fyrir stefnda. Á einu tímabili segist hann hafa lagt inn plögg fyrir kaupum sínum, um leið og hann lagði fram bensínnótur, en á einu tímabili hafi fylgiskjöl safnast fyrir hjá sér af þeirri ástæðu, að Kolbrún hafi ekki haft tíma til þess að taka við skjölunum.

Stefnandi segir, að eftir að skjöl fóru að safnast þannig fyrir hjá honum, hafi hann tekið upp það ráð að leggja inn gögn fyrir útlögðu fé með launaskýrslum og fengið þá borgað jafnharðan. Hins vegar hafi hann afhent Benedikt Sveinssyni nótubunkann, sem safnast hafði fyrir. Benedikt hafi síðan farið yfir hann og borið saman við ávísanaheftin og útskriftir úr bankanum. Hann segir, að þessar nótur hafi safnast fyrir í júlí og ágúst 1975 og að gengið hafi verið frá dskj. 9 í september eða október 1975.

Kolbrún Jónsdóttir segir, að þessar nótur hafi ekki safnast fyrir vegna þess, að hún hafi ekki haft tíma til að afgreiða þær, heldur hafi verið um að ræða tregðu af hálfu stefnanda til að ganga frá uppgjöri.

Benedikt Sveinsson hefur komið fyrir dóminn. Hann kannast við að hafa samið dskj. 9 og kveðst telja, að niðurstöðutala skjalsins segi til um, hvað stefnandi hafi átt inni, og kveðst hafa gert þetta eftir bestu vitund.

Sigurjón Jónsson segist sjálfur hafa lagt út fé fyrir stefnda og kveður fleiri starfsmenn fyrirtækisins hafa orðið að gera það, vegna þess að svo mikið los hafi verið á skrifstofuhaldinu. Hann segir mjög líklegt, að stefnandi hafi einnig þurft að gera þetta og ekki síst vegna starfssviðs hans.

Af stefnda hálfu hefur annars vegar verið lagður fram lappi með dagsetningum, númerum ávísana og fjárhæðum, sem nema samtals 73.000 krónum, og hins vegar ljósrit ávísana, sem ýmist eru gefnar út á nafn stefnanda eða handhafa, en allar ábaktar af honum. Ávísanirnar eru að fjárhæð 357.510 krónur. Lappann lagði stefndi fram með greinargerð sinni, en ávísanirnar ekki fyrr en við upphaf aðalmeðferðar málsins 12. september sl. Dagsetningar ávísana þessara eru frá tímabilinu 1. ágúst 1975 til 23. janúar 1976.

Stefndi hefur leitt vitnið Gylfa Sveinsson viðskiptafræðing

fyrir dóminn. Vitni þetta er starfsmaður tölvuþjónustufyrirtækisins Rekstrartækni og hefur starfað á vegum þess fyrirtækis við að endurvinna bókhald stefnda fyrir árin 1975—1976. Hann segir, að bókhald stefnda hafi verið í miklum ólestri, sjóðbók, sem haldin hafi verið, verri en engin og mjög mikil brögð að vöntun fylgiskjala. Hann segir, að Benedikt Sveinsson hafi augljóslega ekki passað fylgiskjöl og enga viðskiptareikninga fært. Hann segir, að viðskiptareikningur stefnanda sé enn ófærður.

Stefndi hefur kært vitnið Benedikt Sveinssson til refsingar fyrir misferli í starfi sínu sem bókhaldara hjá stefnda, og í skýrslu vitnisins Gylfa Sveinssonar kemur fram það álit, að kæra þessi hafi við rök að styðjast.

Vitnið Benedikt Sveinsson kveðst ekki vita til, að um hafi verið að ræða nokkur vanskil á fylgiskjölum af hálfu stefnanda.

Stefnandi fullyrðir, að hann hafi skilað öllum fylgiskjölum.

4.0.

ÁLIT DÓMSINS.

Það virðist vera viðurkennt af hálfu stefnanda, að honum hafi ekki tekist að ná samkomulagi um það við stefnda, að hann fengi þóknun fyrir notkun eigin bifreiðar í þágu stefnda umfram þá greiðslu, sem hann fékk vegna eldsneytisnotkunar.

Kemur þá til álita, hvort stefnandi eigi rétt til frekari greiðslu vegna þess, að stefndi hafi tileinkað sér not bifreiðar hans, en þegar litið er til þeirrar aðferðar, sem stefnandi hefur haft við útreikning kröfu sinnar og þeirra upplýsinga, sem fram hafa komið um not bifreiðarinnar í þágu stefnda, greiðslna, sem stefnandi fékk vegna eldsneytisnotkunar og þjónustu þeirrar, sem stefnandi naut hjá stefnda vegna bifreiðarinnar, þykja ekki efni til að dæma stefnanda frekari þóknun á þessum grundvelli.

Það er viðurkennt af hálfu stefnda, að á þeim tíma, sem hér skiptir máli, hafi bókhaldi hans verið stórlega ábótavant. Af þessum sökum hefur ekki verið hægt að afla upplýsinga úr bókhaldi stefnda um uppgjör aðilja vegna fjár, sem stefnandi hefur lagt út fyrir stefnda, en hefði bókhald stefnda verið í því lagi, sem lög gera ráð fyrir, hefði honum verið í lófa lagið að gera grein fyrir stöðu stefnanda varðandi kaup hans í þágu stefnda.

Þegar virtar eru upplýsingar, sem fram hafa komið í málinu um þann hátt, sem hafður var á við innkaup stefnanda fyrir

stefnda, þess gætt, að óumdeilt er, að safnast höfðu fyrir óuppgerðar nótur hjá stefnda, þess, sem fram kemur á dskj. 9 og í vætti Benedikts Sveinssonar um þetta efni, og loks þess, að stefndi hefði átt hægast með að upplýsa um stöðu aðilja varðandi þessi skipti, þykir mega byggja á því, að stefndi skuldi stefnanda 47.069 krónur vegna útlagðs fjár.

Eins og fram kemur í vætti Gylfa Sveinssonar, var um stórkostlega vöntun fylgiskjala að ræða í bókhaldi stefnda. Stefnandi hefur fullyrt, að hann hafi skilað öllum fylgiskjölum. Eins og á stendur þykir sönnunarbyrðin liggja á stefnda fyrir því, að stefnandi hafi vanrækt skil þessara skjala.

Stefndi hefur hvorki með bókhaldi sínu né á annan hátt fært sönnur á mál sitt að þessu leyti, og verður þegar af þeirri ástæðu ekki fallist á sýknukröfu hans byggða á skuldajöfnuði.

Samkvæmt framansögðu þykir bera að fallast á kröfu stefnanda í 1. og 2. tl. kröfugerðar hans um greiðslu 309.846 króna auk vaxta og málskostnaðar, en hrinda kröfu hans í 3. tl. og skuldajafnaðarkröfu stefnda. Vextir ákveðast 13% ársvextir frá 3. apríl 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst 100.000 krónur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jón V. Jónsson s/f, greiði stefnanda, Sævari Hermanníussyni, 309.846 krónur auk 13% ársvaxta frá 3. apríl 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og 100.000 krónur í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Hafnarfjarðar 20. mars 1979.

Ár 1979, þriðjudaginn 20. mars, er fógetaréttur Hafnarfjarðar settur að Þrúðvangi 4 og haldinn með undirrituðum vottum af Bergi Oliverssyni fulltrúa.

Fyrir er tekið fógetamálið nr. 718/78: Sævar Hermanníusson gegn Jóni V. Jónssyni s/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 endurrit dóms.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Viðar hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 309.846 með 13% ársvöxtum frá 3. apríl 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 7.000 vegna fjárnámsbeiðni, kr. 8.600 í kostnað af endurriti og birtingu dóms, kr. 100.000 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola mætir Dagbjört Traustadóttir, sem býr hér.

Mætta kveðst aðspurð ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mættu um sannsögli og skorar á hana að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu lýsir fógeti yfir fjárnámi í fasteigninni Þrúðvangi 4 í Hafnarfirði, eign Jóns Rúnars Jónssonar, annars eiganda sameignarfélagsins Jóns V. Jónssonar s/f.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mættu, sem er ólöglærð, og brýnir m. a. fyrir henni að tilkynna gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Fimmtudaginn 28. janúar 1982.

Nr. 2/1982. **Hreppsnefnd Grímsneshrepps f. h. hreppsins**
gegn
dánarbúi Helgu Jónsdóttur.

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili hefur með kæru, dags. 27. nóvember 1981, sem barst Hæstarétti 5. janúar 1982, kært til Hæstaréttar úrskurð aukadómþings Árnessýslu 25. nóvember 1981. Krefst hann þess, að úrskurðinum verði hrundið og synjað verði um hina umbeðnu dómkvaðningu matsmanna. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Dæma ber sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja 1.500.00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, hreppsnefnd Grímsneshrepps f. h. hreppsins, greiði varnaraðilja, dánarbúi Helgu Jónsdóttur, 1.500.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadómþings Árnessýslu 25. nóvember 1981.

Með stefnu, útgefinni 15. desember 1980, höfðuðu löggiltir skiptaforstjórar í dánarbúi Helgu Jónsdóttur mál á hendur hreppsnefnd Grímsneshrepps í Árnessýslu, þar sem þess er krafist, að:

1. Dæmt verði, að hæfilegt endurgjald fyrir jörðina Ásgarð í Grímsneshreppi sé gkr. 1.232.000.000.
2. Varnaraðili greiði sóknaraðilja kostnað af flutningi máls þessa hjá matsnefnd eignarnámsbóta og fyrir aukadómþinginu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.
3. Varnaraðili greiði dæmdar fjárhæðir innan 14 daga frá birtingu dóms þessa gegn afsali jarðarinnar.

Með sameiginlegri og gagnkvæmri erfðaskrá, dags. 31. ágúst 1971, arfleiddu hjónin Helga Jónsdóttir og Sigurliði Kristjánsson kaupmaður, síðast til heimilis að Laufásvegi 72, Reykjavík, Hjartavernd, Reykjavíkurborg og Skógrækt ríkisins að jörðinni Ásgarði í Grímsneshreppi með gögnum og gæðum. Þau hjón eru nú bæði látin, og standa skipti á búi Helgu yfir, en

hún tók allan arf eftir mann sinn samkvæmt nefndri erfðaskrá. Vegna ákvæða 2. mgr. 26. gr. jarðalaga nr. 65/1976 var stefnda, hreppsnefnd Grímsneshrepps, gefinn kostur á að fá jörðina keypta. Stefndi, hreppsnefndin, ákvað að neyta forkaupsréttar sins.

Ágreiningi um verð var vísað til matsnefndar eignarnámsbóta til ákvörðunar um verð og greiðslukjör. Þann 17. nóvember 1980 kvað matsnefndin upp svohljóðandi úrskurð: „Eignarnemi, hreppsnefnd Grímsneshrepps f. h. hreppsins, greiði eignarnámsþola, dánarbúi Sigurliða Kristjánssonar og Helgu Jónsdóttur, kr. 124.341.000 og kr. 1.500.000 í málskostnað. Eignarnemi greiði til ríkissjóðs kostnað af starfi matsnefndarinnar, kr. 2.400.000.“

Sóknaraðili vildi ekki una mati nefndarinnar og höfðaði mál þetta með heimild í 17. gr. laga nr. 11/1973, sem hljóðar svo:

„Leita má úrlausnar dómstóla um ágreining út af lögmæti eignarnáms, þar á meðal ágreining um fjárhæð eignarnámsbóta, en um síðastgreint atriði þó ekki fyrr en úrlausn matsnefndar liggur fyrir.“

Tekið var til varna af hálfu stefnda, og eru kröfur hreppsnefndarinnar þær, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og honum gert að greiða kostnað af málinu fyrir matsnefnd eignarnámsbóta og málskostnað í máli þessu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Mál þetta var þingfest 16. desember 1980. Þann 22. janúar 1981 lagði stefnandi fram greinargerð sína og dskj. 3—15, og var málinu þá frestað til 26. febrúar 1981, en fram kom greinargerð stefnda þann 28. apríl sl. Var gengið á vettvang í Ásgarði og jörðin og aðstæður skoðaðar. Þann 6. júlí sl. fóru fram vitnayfirheyrslur, og þann 10. september lagði lögmaður stefnanda fram ýmis gögn.

Þann 6. október sl. var eftirfarandi bókað í þingbók: „Dómurinn beinir því nú til aðila að afla frekari sönnunargagna en fyrir liggja, m. a. með matsgerð um hugsanlegt verðmæti Ásgarðslands ásamt tilheyrandi.“

Með bréfi, dags. 23. október 1981, til sýslumannsins í Árnessýslu, dskj. nr. 30, fór lögmaður stefnanda fram á það, að „dómkvaddir verði tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að meta til söluverðs jörðina Ásgarð í Grímsnesi, Árnessýslu, svo sem nánar greinir hér á eftir.

Matsmenn skulu við mat miða við gangverð jarðarinnar, þ. e.

miða við það verð, sem ætla má, að fengist gæti fyrir jörðina við sölu, og fylgt sé þá þeirri skiptingu, sem hér greinir:

1. Allt land sunnan Ásgarðsár en vestan Sogsvegar.
2. Allt land sunnan Ásgarðsár en austan Sogsvegar.
3. Allt annað land jarðarinnar og þar með talið ræktun, girðingar og öll jarðarhús ásamt öllu, sem þeim fylgir og fylgja ber.
4. Sumarbústaður Sigurliða Kristjánssonar og Helgu Jónsdóttur ásamt öllu, sem honum fylgir og fylgja ber, þar með talin rafstöð.
5. Veiðihús, ásamt öllu því, sem því húsi fylgir og fylgja ber.
6. Veiðiréttur jarðarinnar í Sogi, Álftavatni og Ásgarðsá.

Við mat sé þess gætt, að unnt er að selja hluta landsins undir sumarbústaðalönd. . . .“

Boðað var til þinghalds 25. nóvember, þar sem matsbeiðni þessi yrði tekin fyrir.

Sótt var þing af hálfu beggja aðilja. Og var eftirfarandi bókað að ósk umboðsmanns stefnda: „Í tilefni af dómkvaðningarbeiðni lögmanns stefnanda, dagsettri 23. október s.l., í máli þessu eru ítrekuð mótmæli mín frá 6. október s.l. og þess krafist, að úrskurðað verði um umbeðna dómkvaðningu. Ástæður eru þessar: Samkvæmt 26. gr. i. f. jarðalaga hefur matsnefnd eignarnámsbóta metið verð jarðarinnar Ásgarðs, og samkvæmt 17. gr. laga nr. 11, 1973 ber ágreining um fjárhæð bóta undir dómstóla. Nýtt mat á því ekkert erindi inn í þetta mál. Mat á Ásgarði gæti orðið mjög kostnaðarsamt, og auk þess mundi það valda ófyrirsjáanlegum töfum á málinu. Fráleitt væri að skylda umbjóðendur mína til að bera þann kostnað til viðbótar kostnaði við þegar framkvæmt mat.

Loks er bent á, að matsbeiðnin takmarkast aðeins við gangverð jarðarinnar, en í því fellst að mínu mati, að ekki skuli taka tillit til sjónarmiða jarðalaga.“

Lögmaður stefnanda tók fram, að hann hefði þegar skv. ábendingu frá dóminum beðið um dómkvaðningu matsmanna, sbr. dskj. nr. 30, og hvarflaði ekki frá þeirri beiðni.

Með framangreindri bókun í þinghaldi þann 6. október sl. beindi dómurinn þeim tilmælum til aðilja, að aflað yrði frekari sönnunargagna en fyrir liggja, m. a. með matsgerð, svo sem að framan er talið. Matsbeiðnin er fram komin að þessu tilefni gefnu.

Hvorki verður séð, að 17. gr. laga nr. 11/1973 né 26. gr. jarðalaga nr. 65/1976 séu því til fyrirstöðu, að annarra sönnunargagna heldur en þar greinir sé aflað, þ. á m. matsgerða.

Slík skýring er í samræmi við meginreglu þá, sem fram kemur í 122. gr. laga nr. 85/1936.

Aðrar þær ástæður, sem lögmaður stefnda hefur fram komið, eru heldur ekki því til fyrirstöðu, að krafa matsbeiðanda verði tekin til greina.

Samkvæmt þessu þykir rétt, að umbeðin dómkvaðning fari fram.

Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, kvað upp úrskurð þennan ásamt meðdómsmönnunum Árna Jónssyni landnámsstjóra og Stefáni Má Stefánssyni prófessor.

Úrskurðarorð:

Umbeðin dómkvaðning fari fram.

Fimmtudaginn 28. janúar 1982.

Nr. 175/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Bjarna Jósefssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 19. júní 1981. Ágrip barst Hæstarétti 26. nóvember s. á.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd.

Áður en kom til flutnings málsins fyrir Hæstarétti, var því lýst yfir af ákæruvaldsins hálfu, að niður væru felldar úr ákæru í málinu tilvitnanir í áfengislög, þ. e. í 2. málsgrein ákærunnar „og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978“ og í 3. málsgrein ákærunnar „og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga“. Koma ofangreind lagaákvæði því eigi til álita við meðferð málsins fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í héraðsdómi, neitaði ákærði því í fyrstu í yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Kópavogi hinn 9. desember 1979 að hafa ekið bifreiðinni Y 1947 aðfaranótt þess dags. Síðar sama dag breytir ákærði fyrri framburði sínum á þá leið, að hann viðurkennir, að það hafi verið hann, sem ók bifreiðinni Y 1947 í umrætt skipti. Er þetta þá bókað eftir honum: „Ég var að koma frá Reykjavík og ók beinustu leið í Birkihvamm. Ég var búinn að bragða áfengi, en ekki mikið og veit ekki nákvæmlega, hversu mikið það var. En ég fann aðeins til áfengisáhrifa . . .“ Framburður ákærða var lesinn fyrir honum, og til staðfestu undirritaði hann skýrsluna í viðurvist rannsóknarlögreglumanns þess, sem skýrsluna tók, og lögregluvarðstjóra, sem ritar undir skýrsluna sem vottur. Er hér um afdráttarlausa játningu að ræða. Verður með hliðsjón af öðrum sakargögnum og framkomu og undanbrögðum ákærða og eiginkonu hans við frumrannsókn málsins að byggja á þessum framburði ákærða, enda ekkert, sem rennir stoðum undir síðari afturköllun hans, þannig að mark verði á henni tekið.

Þykir því ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi verið undir áfengisáhrifum, er hann ók bifreiðinni í umrætt skipti. Hefur hann með því athæfi gerst brotlegur við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um það ákæruatriði, er varðar ónóga aðgæslu ákærða í akstri samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976.

Hins vegar verður ekki talið, að ákærði hafi með því atferli sínu að hverfa af vettvangi gerst brotlegur við 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga. Hann skildi bifreið sína eftir á árekstrarstað, sem var rétt við heimili hans. Gerði hann því ekki tilraun til þess að leyna því, með hverjum hætti tjóni á mannvirkjum hefði verið valdið, en slys á mönnum varð ekki. Þykja ekki skilyrði til þess að sakfella ákærða vegna þessa ákæruatriðis, og ber því að sýkna hann af ákæru fyrir brot gegn 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Refsing fyrir brot þau, sem ákærði er sakfelldur fyrir, þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, varðhald 15 daga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda og greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00 krónur.

Á rannsókn málsins eru eftirfarandi ágallar: 1) Í þinghaldi 27. janúar 1981 eiðfesti héraðsdómari Katrínu Guðjónsdóttur, eiginkonu ákærða, sem þá hafði viðurkennt að bera rangt við frumrannsókn málsins. 2) Við lögregluyfirheyrslu 9. desember 1979 var Ragnheiður Jósefína Bjarnadóttir yfirheyrð sem sakborningur, án þess að neitt, sem þá var fram komið í málinu, hafi bent til þess, að hún hafi átt þátt í broti því, sem verið var að rannsaka. Henni var enda ekki bent á rétt sinn til þess að skorast undan vætti vegna skyldleika við hin grunuðu, sem bæði voru foreldrar hennar.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Jósefsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar

Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 23. mars 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 9. mars 1981, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 21. apríl 1980, „á hendur Bjarna Jósefssyni pípulagningamanni, Birkihvammi 2, Kópavogi, fæddum 15. september 1926 í Reykjavík, fyrir að aka sunnudaginn 9. desember 1979 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Y 1947 frá Reykjavík áleiðis heim til sín, aka svo óvarlega á Birkihvammi, að bifreiðin rakst á verkstæðisskúr við Birkihvamm 12, og fyrir að aka af vettvangi án þess að gera fyrst viðeigandi ráðstafanir vegna ákeyrslunnar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 92/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Að morgni 9. desember 1979 var lögreglunni í Kópavogi tilkynnt, að bifreiðinni Y 1947 hefði verið ekið á verkstæðishús við hús nr. 12 við Birkihvamm hér í bæ.

Er lögreglan kom á vettvang, reyndist bifreiðin mannlaus og vél hennar köld. Við fyrirspurnir lögreglu á heimili skráðs eiganda nefndrar bifreiðar, sem reyndist ákærði í máli þessu, varð fyrir svörum eiginkona ákærða, Katrín Guðjónsdóttir, sem kvaðst hafa verið ökumaður bifreiðarinnar, þá er henni hefði verið ekið á fyrrnefndan skúr. Við frekari yfirheyrslur hjá lögreglu töldu þau hjónin bæði, að Katrín hefði verið ökumaður bifreiðarinnar, er framangreindur árekstur átti sér stað, og hafi hún þá verið á heimleið frá dóttur þeirra hjóna, Ragnheiði Bjarnadóttur, og hafi klukkan þá verið 0130—0200 aðfaranótt 9. desember 1979.

Er staðreyna átti þessar fullyrðingar ákærða og eiginkonu hans með framburði Ragnheiðar, taldi hún við lögregluyfirheyrslu, að foreldrar hennar hefðu bæði komið til hennar þann 8. desember 1979, en hún hefði hvorugt þeirra séð eftir kl. 1900

þann dag. Enn fremur taldi Ragnheiður við sömu yfirheyrslu, að móðir hennar hefði hringt í hana að morgni þess 9. desember og sagt henni, að hún væri að fara á lögreglustöðina vegna föður hennar, sem hefði ekið drukkinn á skúr þá um nóttina.

Við síðari yfirheyrslu hjá lögreglu þann 9. desember 1979 viðurkenndi ákærði að hafa ekið bifreið sinni frá Reykjavík að árekstrarstað við Birkihvamm 12 eftir að hafa bragðað áfengi og jafnframt að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Kvaðst hann hafa misst stjórn á bifreiðinni í beygjunni með þeim afleiðingum, að hún hefði runnið á skúrinn. Ákærði kvaðst ekki hafa tilkynnt lögreglu áreksturinn, þar sem hann hefði bragðað áfengi fyrir aksturinn.

Þá staðfesti eiginkona ákærða við síðari yfirheyrslu sama dag þennan framburð ákærða að því leyti, að hann hefði verið ökumaður bifreiðarinnar í umræddu tilviki, hún hefði þá verið heima, en ákærði hefði komið heim í miklu uppnámi og sagt henni, að hann hefði ekið á skúr. Ekki kvaðst hún hafa merkt áfengisáhrif á Bjarna, en hann hefði ekki verið viðræðuhæfur og snúið sér að drykkju eftir heimkomuna.

Ákærði var færður til blóðtöku kl. 1200 þann 9. desember 1979, og samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði 0.67‰.

Ákærði kom fyrir dóm þann 17. nóvember 1980. Kvaðst hann þá hafa ekið bifreiðinni Y 1947 um Birkihvamm nótt þá, er óhapp það varð, er í ákæru greinir. Tók ákærði fram, að hann hefði ekki verið undir áhrifum áfengis, er hann ók, en viðurkenndi þó að hafa drukkið 1—2 glös af áfengisblöndu löngu fyrr um kvöldið, líklega kl. 2100. Er ákærða var bent á, að hann hefði viðurkennt áfengisáhrif við yfirheyrslu hjá lögreglu 9. desember 1979, taldi hann það geta verið rétt, en hins vegar hafi hann ekki verið í standi til þess að gefa skýrslu hjá lögreglu þann dag og hefði hann ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Þá gat ákærði ekki gefið skýringu á því fyrir dómi, hvers vegna áreksturinn varð, en aðstæður á árekstursstað væru þær, að verkstæðið væri byggt fyrir götuna, en hann hefði litið til hliðar og þess vegna lent á skúrnum. Kvaðst hann þá hafa gengið heim til sín og verið miður sín. Hann hafi orðið fyrir stórtjóni og hafi honum ekki tekist að ná bílnum úr gryfjunni eða skurðinum, sem var í kringum skúrinn, án þess þó að hafa gert tilraun til þess.

Ákærði kvaðst hafa verið í miklu uppnámi og fengið sér í glas, „fleiri en eitt og fleiri en tvö“, eftir að heim kom. Kveðst hann ekki geta sagt, hvað hann hafi drukkið mikið, enda hafi hann ekki talið það. Hann hafi átt dreytil í 2 flöskum, bæði létt og sterkt, og hafi hann drukkið það að mestu. Um morguninn, þegar lögreglan kom, hafi eiginkona ákærða ákveðið ótilkvödd að taka á sig sökina vegna ákeyrslunnar. Hafi hún gert það, vegna þess hve miður sín ákærði hafi verið.

Eiginkona ákærða, Katrín Guðjónsdóttir, Birkihvammi 2 hér í bæ, kom fyrir dóm þann 27. janúar 1981. Skýrði hún svo frá, að ákærði hefði komið heim nótt þá, er atburðir þeir áttu sér stað, er mál þetta snýst um, og hafi klukkan þá líklega verið hálf tvö. Hafi hann verið í uppnámi og sagt, að bíllinn væri ónýtur, en áfengisáhrif kvaðst vitnið ekki hafa séð á ákærða. Hefði hann lokað sig inni og ekki viljað ræða við vitnið. Vitnið kvaðst einu sinni hafa farið inn til ákærða um nóttina, eftir að hann kom heim, og taldi vitnið sig þá fyrst hafa séð áfengisáhrif á ákærða, en ekki gat vitnið munað, hvort það hefði séð áfengisflösku eða drykkjarílát hjá ákærða. Þá taldi vitnið, að er lögreglan kom á heimili sitt og ákærða, hafi því brugðið, þar sem ákærði hefði drukkið áfengi um nóttina, og vitnið því ákveðið að taka á sig sökina. Hafi síðan orðið að samkomulagi, að þau hjónin færu bæði á lögreglustöðina með lögreglunni. Áður en það varð, hefði vitnið hringt í dóttur sína og sagt henni í fáum orðum frá atvikum, en vitnið taldi sig örugglega ekki hafa sagt henni, að faðir hennar hefði ekið á drukkinn. Þá taldi vitnið, að ákærði hefði farið af árekstursstað án þess að gera ráðstafanir í sambandi við ákeyrsluna, en 1—2 dögum síðar hefði hann haft samband við skúreigandann og þeir hafi þá gert út um málið sín á milli.

Ragnheiður Bjarnadóttir, dóttir ákærða, var boðuð fyrir dóm, og mætti hún ekki. Með bókun í sakadómsbók var hún leyst undan vitnaskyldu með vísan til 3. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974.

Vitnið Eðvarð Árnason varðstjóri, Æsufelli 4, Reykjavík, kom fyrir dóm sama dag, og taldi það sig muna vel atvik þau, er hann varð vitni að í sambandi við mál þetta. Hefði vitnið stjórnað aðgerðum lögreglu í upphafi rannsóknar í gegnum talstöð. Eftir að komið var með ákærða og eiginkonu hans á lögreglustöðina, hafi vitnið yfirheyrt þau bæði, en vegna ósamræmis í framburðum þeirra hafi rannsóknardeild lögreglu verið fengið málið til meðferðar.

Við yfirheyrslu rannsóknarlögreglu hafi vitnið verið vottur. Hefði ákærði greinilega verið miður sín, en ekki mikið drukkinn að sjá. Hafi ákærði upphaflega neitað akstri, en eftir að dóttir hans var yfirheyrð, hafi hann breytt framburði sínum og viðurkennt akstur, en ekki mundi vitnið nákvæmlega, hvort ákærði hefði viðurkennt áfengisáhrif. Þá hefði ákærði ekki getað greint frá magni áfengis, er hann hefði neytt, að öðru leyti en því, að það hafi ekki verið mikið. Ekkert hafi bent til þess, að ákærði gæfi lokaskýrslu hjá rannsóknarlögreglu öðruvísi en í samræmi við það, sem var satt og rétt.

Vitnið Þröstur Hjörleifsson aðstoðarvarðstjóri, Furugrund 58 hér í bæ, kom fyrir dóm sama dag. Kvaðst vitnið hafa tilkvatt ásamt lögreglumanni nr. 11 farið í Birkihvamm, þar sem bifreið hefði verið ekið á skúr. Hafi bifreiðin verið læst og mannlaus. Er þeir fóru á heimili skráðs eiganda, ákærða í máli þessu, hafi eiginkona hans orðið fyrir svörum og óaðspurð skýrt þeim frá því, að hún hefði verið ökumaður bifreiðarinnar, er hún lenti á skúrnum. Vitnið hafi síðan farið inn til ákærða, þar sem hann sat á rúmstokknum, og hafi hann sagt, að konan hefði ekið bílnum. Ekki mundi vitnið eftir að hafa séð þar ummerki þess, að ákærði hefði verið við drykkju, en mundi þó að hafa fundið áfengisþef af ákærða. Ástand ákærða taldi vitnið slíkt, að hann hefði verið greinilega miður sín og verið bæði titrandi og skjálfandi. Eftir að farið var með ákærða og eiginkonu hans á lögreglustöðina, var vitnið viðstatt, er varðstjóri yfirheyrði ákærða. Hafi ákærði þá í fyrstu bæði neitað akstri um nóttina svo og áfengisneyslu, en síðan hefði hann játað áfengisneyslu, en neitað akstri.

Vitnið Hilmar Harðarson lögreglumaður, Holtagerði 11 hér í bæ, kom fyrir dóm sama dag, og skýrði hann frá tildrögum málsins og atvikum á heimili ákærða á sama veg og rakið er í framburði vitnisins Þrastar Hjörleifssonar. Virtist vitninu ákærði hafa verið undir áhrifum áfengis, hann hafi verið „sjúskaður“ og af honum áfengisþefur.

Vitnið Sigrún Ólafsdóttir rannsóknarlögreglumaður, Vesturbergi 144, Reykjavík, kom fyrir dóm sama dag. Kvaðst vitnið fyrst hafa yfirheyrt eiginkonu ákærða og hafi hún sagst hafa ekið á skúr, er hún var á leið heim frá dóttur sinni, en síðan hafi vitnið yfirheyrt ákærða og hafi hann skýrt frá á sama veg og konan, en framburður hans þó ekki að öllu leyti samkvæmur framburði eiginkonunnar. Síðar hafi ákærði breytt framburði

sínum, en ekki sagst hafa þorað í upphafi að viðurkenna akstur-inn af ótta við að missa ökuskírteini sitt ævilangt, þar sem hann hefði áður verið sviptur ökuréttindum. Reyndar hefðu bæði hjónin haft orð á því, að það kæmi sér mjög illa fyrir ákærða að missa ökuréttindin.

Vitnið kveðst muna greinilega eftir því, að við síðari yfir-heyrslu hafi ákærði viðurkennt að hafa fundið lítillega til áfengisáhrifa við aksturinn, en jafnframt haldið því fram, að hann hefði einungis drukkið lítið magn áfengis fyrir akstur. Við þessa síðari yfirheyrslu hafi ákærði verið rólegur og virst fullkomlega með sjálfum sér, en hann hefði sýnt merki þess, að hann væri leiður yfir því að hafa ekki sagt sannleikann í upp-hafi. En að öðru leyti hafi hann verið í fullkomnu jafnvægi. Taldi vitnið það fráleitt, að ástand hans, er hann viðurkenndi áfengisáhrif við akstur, hafi verið slíkt, að hann hafi ekki ver-ið í standi til að gefa skýrslu.

Verjandi ákærða hefur skilað skriflegri vörn, og krefst hann þess, að ákærði verði alfarið sýknaður af öllum ákæruatriðum og að allur kostnaður sakarinnar verði felldur á ríkissjóð. Jafn-framt krefst hann málsvarnarlauna. Er því haldið fram, að sök-in sé algerlega ósönnuð. Ákærði neitaði að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann hefði að vísu við yfirheyrslu hjá lögreglu sagst hafa fundið aðeins til áfengisáhrifa, en það hafi ekki verið við akstur, heldur skömmu eftir neyslu. Þá hafi ákærði ekki verið í standi til að gefa skýrslu hjá lögreglu, en lögreglumenn beri, að ákærði hafi greinilega verið miður sín við skýrslutöku. Hafi ákærði ekki verið beint spurður af lögreglu, hvort hann hefði fundið til áfengisáhrifa við akstur, enda muni vottur að yfirheyrslunni ekki eftir því, að ákærði hefði þá viður-kennt áfengisáhrif við aksturinn. Er ákærði kom heim til sín eft-ir umferðaróhappið, hafi eiginkona hans ekki séð áfengisáhrif á ákærða. Þá er bent á, að framburður vitnisins Sigrúnar Ólafs-dóttur rannsóknarlögreglukonu sé um margt ósamhljóða öðr-um framburðum vitna.

Þá er krafist sýknu af brotum á 1. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Ekki væri í ljós leitt, hverjar skemmdir urðu á horni húss þess, er ákærði ók á. Eigandi hússins hefði ekki gert neinar kröf-ur í málinu. Upplýst væri þó, að ákærði gekk frá þessari hlið málsins við húseigandann tveimur dögum eftir óhappið. Ósannað væri, að ákærði hefði valdið eiganda hússins hættu eða óþæg-

indum, eins og 1. mgr. 37. gr. áskilur. Samkvæmt þessu væri því eigi sönnuð á hendur ákærða vangæsla við akstur, sú er varðar við 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Þá væru heldur ekki nein efni til að ákveða ákærða refsingu eftir 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, þótt hann léti undan fallast að tilkynna lögreglu ófarir sínar, sem bitnuðu einungis á honum sjálfum og eign hans. Ástand ákærða eftir óhappið skipti máli, en í ljós sé leitt, að hann var stórlega miður sín eftir það og hefði framkoma hans vafalaust mótast af því.

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa ekið bifreiðinni Y 1947 aðfaranótt 9. desember 1979 um Birkihvamm og misst þar stjórn á henni með þeim afleiðingum, að hún lenti á verkstæðisskúr við Birkihvamm 12, og styðja önnur gögn málsins þær játningar. Þetta hafi verið kl. 0130—0200, en fyrr um kvöldið, líklega kl. 2100, hefði hann drukkið 1—2 glös af venjulegri blöndu af áfengi. Skýring hans fyrir dómi á orsök árekstrarins var sú, að hann hefði litið til hliðar og þess vegna lent á skúrnum.

Ganga verður út frá því, að ákærði hafi í yfirheyrslu hjá lögreglu þann 9. desember 1979 verið spurður að því, hvort hann hefði fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, enda kemur það glöggt fram í viðkomandi skýrslu, dskj. nr. 3, bls. 5, þegar hún er lesin í samhengi. Þar að auki hefur ákærði viðurkennt fyrir dómi að hafa játað áfengisáhrif við aksturinn fyrir lögreglu, og verður ekki séð, að framburður lögreglumanna þeirra, er að rannsókn málsins unnu, stangist á á þann hátt, að haft geti áhrif á þennan þátt málsins.

Ákærði hefur fyrir dómi staðfastlega neitað áfengisáhrifum, er umræddur akstur fór fram, gagnstætt því, er hann hafði áður haldið fram við yfirheyrslu hjá lögreglu. Þrátt fyrir þessa afturköllun ákærða á fyrri framburði þykir framkoma hans og undanbrögð við frumrannsókn málsins, áfengisdrykkja hans fyrir akstur og það, að hann missti stjórn á bifreiðinni í akstri án fyrirsjáanlegra ytri orsaka, fullnægjandi sönnun þess, að ákærði hefur verið undir áhrifum áfengis við aksturinn í umrætt skipti.

Þá þykir ákærði ekki hafa sýnt nægilega aðgæslu í akstrinum, er hann missti stjórn á bifreiðinni. Ákærði var búsettur skammt frá þeim stað, er það gerðist. Hlaut honum því að vera kunnugt um aðstæður þar, og mátti hann vita, að þörf var á að sýna sérstaka aðgæslu í akstri. Þetta gerði ákærði ekki, og þykir í því

sambandi ekki skipta máli, hversu miklar skemmdir urðu við árekstur inn.

Loks þykir í ljós leitt, að ákærði hvarf af vettvangi án þess að gera lögmæltar ráðstafanir varðandi árekstur inn. Ákærða var þetta skylt, einkum þar sem einhverjar skemmdir höfðu orðið á skúrnum, hvort sem þær voru miklar eða litlar, enda bendir ekkert til þess, að ástand ákærða hafi verið slíkt, að honum hafi verið fyrirmunað að gangast í þau verk, a. m. k. var hann ekki slasaður.

Í samræmi við framanritað þykir ákærði hafa gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er að sök gefin í ákæruskjali, að öðru leyti en því, að ekki ók hann brott af vettvangi, eins og segir í ákæru, heldur gekk hann brott. Varðar þessi ónákvæmni í atvikalýsingu þó hvorki frávísun né sýknu.

Ákærði hefur því gerst brotlegur gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 92/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1944 25/7 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og brot gegn 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1953 15/8 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 20. og 26. gr. bifreiðalaga.

1954 18/5 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á tolllögum.

1954 15/9 í Reykjavík: Dómur: 800 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 4 mánuði, fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.

1958 5/11 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.

1976 11/5 í Kópavogi: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 3/11 1975.

Refsing ákærða þykir samkvæmt þeim refsilagaákvæðum, sem ákært er eftir, hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 4.500.00, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Þá ber, svo sem krafist er í ákæru, svo og með vísan til þeirra

lagaákvæða, sem þar er vitnað til, að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Loks dæmist ákærði til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 2.000.00 kr.

Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Jósefsson, greiði sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 4.500.00, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. janúar 1982.

Nr. 2/1978. **Rúnar Gunnarsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Sigurði Reyni Guðmundssyni og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Skaðabótamál. Sýkna. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. janúar 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 14. desember 1977. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 25.892.70 krónur með 7% ársvöxtum frá 30. janúar 1963 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögu og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð ný áætlun Guðjóns Hansen tryggingafræðings um örorkutjón áfrýjanda, dags. 25. janúar 1982. Telst honum tjón áfrýjanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku nema samtals 54.957.80 krónum, ef miðað er við vinnutekjur verkamanna, en 60.856.00 krónum, ef miðað er við tekjur iðnaðarmanna.

Fyrir Hæstarétti reisir áfrýjandi kröfur sínar ekki að neinu leyti á því, svo sem hann gerði fyrir héraðsdómi, að stefnda Sigurði Reyni hafi orðið á mistök, er hann gerði að meiðsli áfrýjanda eftir slys það, sem málið er af risið.

Aðiljaskýrsla áfrýjanda, sem frá er greint í hinum áfrýjaða dómi, var ekki gefin fyrr en á dómþingi hinn 15. desember 1971, eða tæpum 9 árum eftir að áfrýjandi slasaðist. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Á málinu hefur orðið stórfelldur og vítaverður dráttur. Einungis eitt dómþing var háð frá því 25. mars 1969 þar

til 17. apríl 1973, að málið var flutt munnlega á bæjarþingi. Hinn 27. apríl 1973 var síðan kveðinn upp úrskurður um, að aðiljum væri veittur kostur á að afla nokkurra nýrra gagna. Að því búnu var ekkert aðhafst í málinu fyrr en hinn 10. desember 1976.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. maí 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Elín Runólfsdóttir, Laugateig 16 í Reykjavík, f. h. ófjárráða sonar síns, Rúnars Gunnarssonar, fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 14. apríl 1967, á hendur Sigurði Reyni Guðmundssyni, skólastjóra Leirárskóla í Borgarfjarðarsýslu, og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 418.393 með 7% ársvöxtum frá 30. janúar 1963 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Í meðferð málsins varð Rúnar Gunnarsson fjárráða, og tók hann þá við rekstri málsins sjálfur. Gerir hann nú þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð kr. 2.589.271 með 7% ársvöxtum frá 30. janúar 1963 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu báðir hafa *aðallega* krafist sýknu af dómkröfum stefnanda, en *til vara* verulegrar lækkunar á fjárkröfum stefnanda. Stefndi Sigurður Reynir hefur krafist málskostnaðar í báðum tilvikum úr hendi stefnanda að mati dómsins, en stefndi fjármálaráðherra hefur krafist þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Málsatvik eru þau, að veturinn 1962/1963 var stefnandi, þá 12 ára gamall, í barnaskóla að Núpi í Dýrafirði. Átti hann að ljúka fullnaðarprófi úr þeim skóla vorið 1963, og var leikfimi meðal annarra skyldugreina. Kennsla í þeirri grein var ekki fyrir hendi í barnaskólanum, og því stundaði hann það nám með nemendum héraðsskólans á staðnum, og var kennari í greininni þar stefndi Sigurður Reynir. Nemendur héraðsskólans voru

einu og tveim árum eldri en stefnandi. Hinn 30. janúar 1963 voru nemendurnir að læra að æfa hástökk, svonefnt „grúfustökk", yfir 75—80 cm háa slá með þriggja skrefa atrennu, og komu nemendurnir niður á einfalda öryggisdýnu úr stökkinu. Í einu slíku stökki fipaðist stefnanda svo stökkið, að hann hlaut brot á vinstri olnboga. Stefndi Sigurður Reynir áleit vera um að ræða liðhlaup og gerði tilraunir til að „kippa" handleggnum í liðinn og batt síðan um hann. Fljótt kom þó í ljós, að eitthvað annað og meira hafði hent stefnanda. Var farið með hann til læknis á Þingeyri, sem sá, að um brot var að ræða, og var farið með stefnanda í sjúkrahúsið á Ísafirði til meðferðar. Stefnandi gekk síðar undir frekari læknismeðferð, og var hann metinn með 20% varanlega örorku af völdum slyssins. Er mál þetta höfðað til heimtu skaðabóta af þeim sökum.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði ásamt einum eða tveim nemendum barnaskólans verið látinn stunda leikfimi með nemendum gagnfræðaskólans. Hann sagði, að vel gæti verið, að hann hafi verið búinn að æfa hástökk áður, svonefnt „saxstökk", en í hér umrætt sinn hafi verið fyrsta skipti sem hann hafi átt að æfa „grúfustökk". Kvaðst hann ekki vita, hvort gagnfræðaskólanemendurnir höfðu áður æft slíkt stökk, enda hafi hann þá verið búinn að vera skamman tíma við leikfimiæfingar með þeim nemendum. Hann kvað stefnda Sigurð Reyni hafa sagt þeim nemendunum, hvernig þeir ættu að bera sig að við stökkið, en ekki sýnt þeim framkvæmd þess sjálfur. Sagði stefnandi, að við æfinguna hefðu þeir nemendurnir verið um tíu talsins og hafi þeir farið í röð í stökkið. Kvaðst stefnandi hafa reynt að framkvæma stökkið eins og þeir nemendur, sem á undan fóru, en hann kvaðst ekki sérstaklega hafa kunnað, með hverjum hætti hann ætti að koma niður úr stökkinu. Hann kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvort það hafi verið í fyrsta stökki sínu, sem hann slasaðist, en það muni þó ekki hafa verið nema í eitt skipti, sem hann hafði áður verið búinn að stökkva. Stefndi Sigurður Reynir hafi verið staddur annars staðar í salnum, er slysið skeði, en er hann kom að, hafi hann reynt að kippa handleggnum í lið, en án árangurs. Hafi síðan verið farið með sig til Þingeyrar, þar sem læknir komst að raun um, að handleggurinn væri brotinn. Þaðan hafi hann farið til Ísafjarðar, í sjúkrahúsið þar, þar sem gert var að brotinu. Seinna hafi hann svo farið til læknismeðferðar hér í Reykjavík, þar sem afltaug í handleggnum hafði skaddast við brotið.

Stefndi Sigurður Reynir skýrði svo frá fyrir dómi hinn 30. september 1965, að í umrætt sinn hafi nemendur sínir, þar á meðal stefnandi, verið að æfa hástökk í leikfimisal skólans. Hafi verið um að ræða tiltölulega auðvelt stökk, eða stökk yfir 75—80 cm háa slá með þriggja skrefa atrennu, og hafi öryggisdýna verið notuð til að koma á úr stökkinu. Kvað hann slíka íþróttaæfingu vera mjög algenga og slysahættu við hana vera hverfandi litla. Sigurður Reynir kvaðst ekki hafa verið sjónarvottur að slysinu, þar sem hann hafi þá verið að leiðbeina öðrum nemendum. Taldi hann, að stefnanda hefði fipast stökkið, fallið og borið fyrir sig vinstri handlegg, þannig að líkami hans hafi lent ofan á handleggnum. Er hann hafi að komið, hafi hann skoðað handlegg stefnanda vandlega og virst með öllu öruggt, að um liðhlaup væri að ræða á vinstri olnboga. Með hliðsjón af því og þar sem læknir hafi ekki verið á staðnum, hafi hann talið sjálfsagt að reyna að lagfæra liðhlaupið og síðan bundið um handlegginn. Er stefnandi hafi eftir það fundið til flökurleika, hafi grunur komið upp um hugsanlegt beinbrot og því hafi verið ákveðið að flytja stefnanda til læknisins á Þingeyri. Frekari afskipti af stefnanda kvaðst Sigurður Reynir ekki hafa haft. Sigurður Reynir kvaðst þá hafa verið búinn að kenna íþróttir í 13 ár og jafnan notað hér umrædda æfingu mikið og alla tíð áfallalaust. Á öllum ferli sínum sem leikfimikennari hafi einungis orðið þrjú óhöpp og í öll skiptin verið um að ræða liðhlaup. Kvaðst hann þá hafa lagfært liðhlaupin með því að „kippa" í liðinn og síðan látið lækni athuga meiðslin og þá um leið fengið staðfestingu þess hjá lækninum, að rétt hefði verið að lagfæra liðhlaupið á staðnum án dráttar. Kvaðst hann hafa hlotið tilsögn í undirstöðuatriðum bráðabirgðahjálpar við meiðslum, þar á meðal um lagfæringu liðhlaups, í námi sínu í Íþróttakennaraskóla Íslands, þaðan sem hann hafi lokið prófi.

Stefnandi lagðist inn á sjúkrahúsið á Ísafirði 1. febrúar 1963 og dvaldist þar til 2. mars s. á. Í vottorði frá því sjúkrahúsi, dags. 21. maí 1973, segir um sjúkdómsgreiningu, að um hafi verið að ræða brot á vinstri upphandlegg (fractura supracondylica humeri sinestra). Enn fremur hafi verið um að ræða sköddun á taug (paresis nervi mediani). Í vottorðinu segir sjúkrahúslæknirinn, Úlfur Gunnarsson, að þegar hann hafi séð stefnanda 1. febrúar 1963, hafi vinstri handleggur verið bólginn og deformeraður um og ofan við olnboga. Minnkuð tilfinningar-, snerti- og sársaukaskyn hafi verið í þumal- og vísifingri og hreyfingar í þeim fingr-

um hafi verið takmarkaðar. Röntgenkontrolmyndir 23. febrúar 1963 hafi sýnt, að beinbrotið væri ennþá í góðri stellingu, og það séu greinileg einkenni um, að brotið sé að gróa. Lömun í nervus medianus hafi gengið til baka, en sé ekki alveg bötnuð.

Hinn 29. maí 1973 (sic) lagðist stefnandi inn á handlæknisdeild Landspítalans til meðferðar hjá Árna Björnssyni lækni. Í vottorði læknisins, dags. 7. apríl 1965, segir svo:

„Við skoðun fannst eftirfarandi: Ekki sáust nein missmíði á vinstri olnboga, en slasaði gat ekki beygt hann að fullu og ekki heldur rétt úr honum alveg. Slasaði gat ekki kreppt I., II. og III. fingur til fulls. Þá sást mikil rýrnun á hendinni, þumalfingursmegin. Snertiskyn var upphafið á I., II. og III. og hálfum IV. fingri.

Greinilegt var, að önnur aðal-tilfinningataugin fram í vinstri handlegg (nervus medianus) hafði skaddast.

Aðgerð var gerð á handleggnum, og kom í ljós örherzli kringum taugina og þykkni á tauginni sjálfri, svarandi til brotsins ofan við olnbogann. Taugin var losuð, og slasaði útskrifaðist hinn 4. 6. 1963.

Hinn 9. 2. 1965: Slasaði kom til skoðunar í dag. Hann kvartar um dofa í vinstri hendi. Ennfremur máttleysi, sérstaklega í þumalfingri og vísifingri og dofa í þumalfingri, vísifingri og löngutöng og hálfum baugfingri. Hann segist lítið sem ekkert geta notað höndina við vinnu, bæði vegna tilfinningaleysisins og ennfremur vegna þess, að hún kólnar upp við minnstu vosbúð og þreytist mjög fljótt.

Objectiv skoðun: Vinstri hönd er áberandi rýrari en sú hægri, sérstaklega er baugfingur mun minni vinstra megin en hægra megin. Tilfinningaleysi og vöðvalömun svarar til þess, að nervus medianus sé skaddaður. Slasaði finnur grófan sársauka á svæðinu, en myndskyn (stereognosis) er alveg upphafið.

Um er að ræða sköddun á nervus medianus vinstra megin, sem stafar vafalaust af handleggsbroti. Svo langur tími er liðinn síðan aðgerðin var gerð á tauginni, að vonlaust má telja, að um frekari bata geti orðið að ræða. Til greina getur komið að skera aftur inn á taugina, skera burtu hið skemmda svæði og tengja taugina saman að nýju, en árangur af því er vafasamur. Þá getur ennfremur komið til greina tilflutningur á sinum til þess að auka afl handarinnar. Hvað sem gert verður, eru engar líkur til þess, að höndin eða handleggurinn geti náð fullum bata.“

Stefnandi kom til skoðunar hjá Stefáni Guðnasyni tryggingalækni hinn 5. október 1966, og mat læknirinn örorku stefnanda. Í vottorði hans, dags. 13. s. m., segir m. a., að stefnandi hafi haldið áfram barnaskólanámi sínu frá marslokum 1963 að sögn, en ekki getað iðkað íþróttir né smíðanám. Síðan hafi stefnandi verið við skólanám á vetrum, að undanteknum þeim námsgreinum, sem áður gat, og stundað ýmsa vinnu á sumrum, en stefnandi hafi sagst hafa átt bágt með að leysa hana af hendi vegna magnleysis, dofa og kulsækni í meidda handlimnum. Síðan segir í vottorði læknisins:

„Skoðun á vinstri handlim leiðir eftirfarandi í ljós:

Sýnileg rýrnun er á thenarsvæðinu. Kraftur í hendinni mælist 20—23 á móti 35—39 á hægri hendi. Sarsauka-, hita- og kuldaskyn virðist nánast eðlilegt á I.—III. fingri, en snertiskyn er truflað, slasaði greinir ekki örugglega, við hvern af þessum fingrum er komið hverju sinni. Hlykkjótt ör, um 8 cm. langt, er innan á vinstri olnbogasvæði. Nokkur radialsveigja í olnbogaliðnum. Slasaði kvartar um máttleysi í I., II. og III. fingri, ennfremur sljóa tilfinningu, dofa og kulsækni í sömu fingrum. Hann þreytist og fljótt í hendinni og kveður þetta allt baga sig mikið við vinnu.

Ályktun:

Um er að ræða pilt, sem meiddist við fimleikaæfingar í Núpsskóla í Dýrafirði 1963. Slasaði, sem þá var 12 ára að aldri, hlaut sköddun á aðaltilfinningatauginni fram í vinstri handlegg, sem talin er vafalaust vera afleiðing handleggsbrots. Afleiðingarnar eru vöðvarýrnun, máttleysi og tilfinningatruflun í meiri hluta handarinnar, svo að það hefur bagað slasaða verulega við vinnu, gerir það enn og líkur til, að svo verði framvegis.

Talið er vonlaust, að slasaði fái frekari bata en orðinn er á meiðsli þessu, og verður því að álíta tímabært að meta nú örorku slasaða, og telst hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá	1. febrúar	1963	til 31. marz	1963	100%
—	1. apríl	1963	— 28. maí	1963	75%
—	29. maí	1963	— 30. júní	1963	100%
—	1. júlí	1963	varanlega		20%.“

Sami læknir skoðaði stefnanda og mat örorku hans aftur á árinu 1975. Í vottorði læknisins, dags. 8. september 1975, segir svo:

„Slasaði kom til undirritaðs til viðtals og skoðunar á ný 20. 8. og 26. 8. 1975. Hann kvartar ennþá um máttleysi, dofa, dauf-

ara skyn fyrir snertingu, sársauka, hita og kulda á vinstri hendi en á þeirri hægri, ótímabæra þreytu og kulsækni á meidda handliminn. Þá kvartar hann og um marr og smelli í vinstri olnboga, einkum er hann hefur haldið handleggnum um tíma í beygju um þennan lið, t. d. við teiknivinnu o. þ. h. Frá því er hann kom til undirritaðs síðast út af matsgjörðinni 1966, hefur hann að sögn verið við skólanám á vetrum, en vinnu á sumrum, meðan hann var við menntaskólanám, aðallega verkamannavinnu, en eftir að hann hóf nám í arkitektur, að loknu stúdentsprófi 1970, einnig teiknivinnu, og baga óþægindin í vinstri handlim þá verulega. Háskólanámið hefur hann stundað í Englandi síðustu 3 árin, og er því ekki enn lokið. Honum finnast einkennin ekki eins áberandi nú og þau voru 1966 og telur það e. t. v. stafa af því, að hann er farinn að venjast óþægindunum og sætta sig að nokkru við þau og reynir að haga vinnu sinni eftir því.

Skoðun: Vi. handlimur: Slasaði er rétthentur. Það er sýnileg dálítil rýrnun á framhandlegg og hendi, og mælist hún um 1/2 sm. rétt ofan við úlnlið og um 1 sm. Þverhöndin og fingur sýnilega dálítið rýrari, einkum vísifingur, samborið við það, sem er hægramegin. Kraftar eru verulega minni að finna í hendinni en í þeirri hægri (mælast H. 45—120, V. 30—85). Reflexar yfirleitt daufari en hægramegin. Minnkað sársauka-, snerti-, hita- og kuldaskyn svarandi til innervationssvæðis n. median sin. og sterognosis tæplega eðlileg. Nokkurt marr og smellir heyrast og finnast við aktivar og passivar hreyfingar í olnbogaliðnum. A. ö. l. er skoðun lík því sem var haustið 1966.

Fyrir liggur umsögn um röntgenmyndir teknar í Landspítala 27. 8. 1975, svohljóðandi:

„*Vinstri olnbogi:* Nokkuð þykkni kemur fram lateralt á humerus, ofan við condylinn, eftir fyrri fractur, eins og lýst er við skoðun 5. 3. 63 og 12. 3. 63. Liðlínur sléttar og jafnar, liðbil eðlilegt."

Ályktun:

Um er að ræða 25 ára gamlan nemanda í arkitektur, sem slasaðist við fimleikaæfingar í skóla fyrir 12 árum. Hann hlaut brot á vinstri upphandlegg rétt ofan við olnbogann og sköddun á nervus medianur sin.

Vegna afleiðinga þessa slyss var slasaði vistaður í sjúkrahúsi í 1 mánuð strax eftir slysið og aftur um vikutíma þremur mánuðum síðar vegna skurðaðgerðar á afleiðingum slyssins, og undir eftirliti læknis var hann um tíma eftir það.

Slasaði var talinn hafa verið óvinnufær af þessum sökum í um 2 mánuði frá slysdegi talið, síðan lítt vinnufær í um 2 mánuði, en varð aftur óvinnufær í 1 mánuð eftir það. Þar á eftir er starfsgeta hans talin verulega skert í rúmlega 1½ ár og loks varanlega dálítið skert.

Varanlegar afleiðingar slyssins eru rýrnun, máttleysi, skyntruflun og hreyfingaróþægindi í vinstri handlim.

Svo langt er nú liðið síðan slysið varð, að ekki þykir von um frekari bata, hvorki af sjálfu sér né fyrir nokkurs konar meðferð eða aðgerðir. Þótt líðan slasaða virðist nú orðin nokkru betri en áður var, virðist það fremur vera fyrir það, að hann er farinn að venjast óþægindunum, en hitt, að þau séu ekki enn til staðar og muni ætíð baga hann í svipuðum mæli og gert var áður ráð fyrir, að verða mundi til frambúðar. Þykir því tímabært að meta nú þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem nú greinir:

Frá slysdegi í 2 mánuði	100%
Eftir það í 2 mánuði	75%
Eftir það í 1 mánuð	100%
Eftir það í 7 mánuði	65%
Eftir það í 1 ár	50%
Eftir það varanlega	20%“.

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur reiknað út örorkutjón stefnanda á grundvelli örorkuákvörðunar Stefáns Guðnasonar, nú síðast í vottorði, dags. 8. desember 1966 (sic). Í útreikningi tryggingafræðingsins frá 1973 kemur fram, að stefnandi hafi lokið stúdentsprófi vorið 1970. Síðan lagt stund á kennslu, en þá verið við háskólanám erlendis. Í síðasta útreikningnum miðar tryggingafræðingurinn annars vegar við tekjur verkamanna, en hins vegar við tekjur iðnaðarmanna. Við útreikningana byggir hann á úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar á skattframtölum kvæntra verkamanna í Reykjavík og vinnutekjum, reiknuðum eins og þær hafa reynst samkvæmt rannsókn hvert ár fyrir sig 1963—1975, en frá ársbyrjun 1976 stuðst við reynslu 10 ára tímabilsins 1966—1975 með umreikningi með tilliti til kaupbreytinga að meðtalinni umsaminni hækkun 1. febrúar 1977. Reiknað er með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973 og síðan með 9% ársvöxtum til frambúðar. Samkvæmt því reiknast tryggingafræðingnum örorkutjón stefnanda vera:

Vegna tímabundins orkutaps í 2 ár eftir slysið kr. 8.784
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma — 1.909.443

Samtals kr. 1.918.227

Vinnutekjur iðnaðarmanna eru reiknaðar með hliðstæðum hætti við árstekjur verkamanna og sé reiknað með þeim árstekjum til 17 ára aldurs, eftir það með tekjum iðnnema í fjögur ár og síðan með tekjum iðnaðarmanna, reiknast tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundna orkutapsins kr. 8.784
Vegna varanlegs orkutaps — 2.074.857

Samtals kr. 2.083.641

Reiknað er með sömu vöxtum og gert er við útreikning verkamanna. Sé hins vegar reiknað með 13% ársvöxtum frá 15. júlí 1974, lækkar verðmæti tapaðra vinnutekna um því sem næst 21.5% miðað við verkamann, en því sem næst 22.2% miðað við iðnaðarmenn.

Kröfur stefnanda í málinu á hendur stefnda Sigurði Reyni eru á því byggðar í fyrsta lagi, að hann sem kennari hafi ekki leiðbeint stefnanda sem skyldi um framkvæmd umrædds hástökks. Stefnandi hafi verið við leikfimina með sér eldri nemendum og muni allnokkru um hvert árið á hér umræddu aldursskeiði, jafnframt því sem stefnandi var að læra slíkt hástökk í fyrsta sinni. Hafi Sigurður Reynir því átt að sýna stökkið í verki fyrir nemendurna, áður en þeir hæfu að framkvæma það einir. Einnig hafi honum þá jafnframt borið að líta eftir því og leiðrétta, ef nemendurnir færu ekki rétt að, og þá sérstaklega stefnanda vegna aldurs hans. Einnig megi telja, að einföld dýna til að koma niður á úr stökkinu hafi ekki verið fullnægjandi. Skortur á þessu af hálfu Sigurðar Reynis verði að meta honum til gáleysis, en til þess gáleysis megi rekja orsakir slyssins. Í annan stað eru kröfur stefnanda á því byggðar, að stefndi Sigurður Reynir hafi á eindæmi sitt ákveðið, að um liðhlaup væri að ræða, í stað þess að láta lækni athuga meiðslin, en læknir hafi verið innan einnar stundar fjarlægðar. Af þeim sökum fer stefndi Sigurður Reynir að „kippa“ í liðinn, þ. e. a. s. toga í handlegginn af afli. Megi ætla, að afltaugin í handleggnum hafi skaddast við það enn meir en ella og afleiðingar slyssins orðið enn meiri. Það sé því augljóst, að um sök sé að ræða af hálfu stefnda Sigurðar

Reynis í merkingu skaðabótaréttarins og því beri honum að bæta stefnanda tjón hans.

Kröfur stefnanda á hendur fjármálaráðherra eru byggðar á húsbóndaábyrgð hans. Héraðsskólinn að Núpi hafi verið afhentur ríkinu á árinu 1962 með þeim hætti, er segir í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 41/1955, sbr. 1. gr. laga nr. 34/1962, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Stefndi Sigurður Reynir hafi því verið starfsmaður ríkisins, er stefnandi varð fyrir slysinu. Og þar sem slysið verði rakið til skaðaverks hans, eins og áður segir, þá beri ríkissjóður fébótaábyrgð á því skaðaverki ásamt með honum.

Sýknukrafa beggja stefndu er á því byggð, að orsök slyssins verði á engan hátt rakin til leiðbeiningarskorts af hálfu stefnda Sigurðar Reynis við kennsluna né heldur vanbúnaðar tækja við hana. Hér hafi verið um að ræða mjög algengt og auðvelt hástökk, aðeins yfir 70—80 cm. Öryggisdýna hafi verið notuð til að koma niður á úr stökkinu, sem hafi verið fullkomlega nægjanleg. Sigurður Reynir hafi verið búinn að segja nemendunum, hvernig þeir ættu að bera sig að við stökkið, og stefnandi hafi farið að, eins og hann sá aðra nemendur gera, er á undan honum framkvæmdu stökkið, og einnig hafi hann líklega verið búinn að stökkva einu sinni, áður en slysið varð. Vitað er, að öllum íþróttum og leikfimiæfingum getur fylgt slysahætta, og því er öll aðgát nauðsynleg. Í hér umræddu tilviki hafi því alfarið verið um óhappatilvik að ræða, að stefnandi kom svo illa niður úr stökki sínu, að leiddi til beinbrots, eða þá samhliða aðgátsskorti hans sjálfs. Þá hafi stefndi Sigurður Reynir á allan hátt farið rétt að í aðgerðum sínum við að lagfæra liðhlaupið, sem hann taldi vera. Ekkert sé heldur komið fram um það í málinu, að sköddun á afltaug í handlegg stefnanda eða lömun eigi rætur að rekja til þeirra aðgerða hans né til einhvers annars en brotsins sjálfs.

Varakrafa beggja stefndu er á því byggð, að fjárkröfur stefnanda séu allt of háar. Bæði sé, að ef sýknurök verði eigi til greina tekin, þá verði slysið að mestu rakið til gáleysis stefnanda sjálfs og/eða óhappatilviks, svo og sé í kröfum stefnanda ekki tekið tillit til hagræðis af eingreiðslu, skattfrelsis bóta og annarra atvika, sem til lækkunar eigi að leiða.

Eins og fyrr greinir, var stefnandi í leikfimikennslu hinn 30. janúar 1963 að læra og æfa hástökk, „grúfustökk", undir leiðsögn stefnda Sigurðar Reynis. Stökkhæðin var 75—80 cm, sem

telst mjög hæfileg fyrir byrjendur á hér umræddu aldursskeiði. Skiptir þá eigi máli 1—3 ára aldursmunur. Við slíkt stökk telst ein dýna nægjanleg til niðurkomu á úr stökkinu. Stefndi Sigurður Reynir skipti nemendunum í hópa, svo sem venja er við skólaleikfimikennslu, til að nýta tíma og áhöld sem best. Er þá gert ráð fyrir, að kennarinn gangi á milli hópanna til kennslu og leiðréttinga. Stefnandi segir stefnda Sigurð Reyni hafa skýrt fyrir hópnum, hvernig ætti að framkvæma stökkið, og sjálfur kvaðst stefnandi hafa farið að við stökkið, eitt eða tvö, eins og þeir nemendur, sem á undan honum fóru að. Hér umrædd hástökksæfing er mjög auðveld og slysahætta henni samfara hverfandi lítil. Hins vegar fylgir allri leikfimi nokkur hætta. Stefndi Sigurður Reynir var ekki til staðar, er stefnandi varð fyrir slysinu, þar sem hann var þá að sinna öðrum nemendum. En þótt hann hefði þar verið staddur, hefði hann ekki getað komið í veg fyrir slysið, enda móttaka af hans hálfu úr hástökki vart framkvæmanleg og ekki viðhöfð.

Það er álit hins læknisfræðilega meðdómanda, að aðgerðir stefnda Sigurðar Reynis til heilyndis hugsanlegu liðhlaupi hafi ekki haft sérstakar skaðaverkanir á handleggsbrotið.

Af þessu framansögðu verður því að telja, að slysið verði ekki á neinn hátt rakið til þeirra aðgerða eða aðgerðaleysis af hálfu stefnda Sigurðar Reynis við kennsluna, að leiða beri til skaðabótaábyrgðar hans, heldur verður að telja slysið alfarið rakið til óhappatilviks. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt að fella málskostnað niður.

Haukur Kristjánsson yfirlæknir og Karl Guðmundsson íþróttakennari kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Reynir Guðmundsson og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Rúnars Gunnarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Emils Ágústssonar borgardómara.

Það er óvefengt í málinu, að stefnandi var á hér umræddum tíma í skólaskyldu barnafræðslustigs að Núpi og skyldi ljúka

því námi um vorið 1963, en meðal námsgreina var leikfimi. Kennslu í þeirri grein naut stefnandi hjá stefnda Sigurði Reyni við kennslu nemenda héraðsskólans á staðnum. Samkvæmt upplýsingum menntamálaráðuneytisins varð sá skóli eign ríkisins frá miðju ári 1962 og rekinn af því í samræmi við lög nr. 41/1955, 2. mgr. 18. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 34/1962.

Hér að framan hefur aðstæðum verið lýst, þá er stefnandi var við hástökksæfinguna hinn 30. janúar 1963. Telst stökkhæðin hafa verið hæfileg, og ekki skiptir máli 1—3 ára aldursmunur nemenda. Við þessa æfingu telst ein dýna til niðurkomu á úr stökkinu hafa verið nægjanleg. Stefndi Sigurður Reynir skipti nemendunum í hópa, svo sem venja er til við skólaleikfimikennslu, til að nýta tíma og áhöld sem best, og sinnti þeim til skiptis við kennsluna. Stefndi Sigurður Reynir skýrði fyrir hástökksnemendunum í upphafi, hvernig ætti að framkvæma stökkið, en sýndi þeim ekki sérstaklega framkvæmd þess, svo sem stefnandi heldur fram og ómótmælt er af stefndu. Hafi hann síðan látið nemendurna eina um framkvæmd æfingarinnar, enda móttaka úr stökkinu af hans hálfu vart framkvæmanleg og ekki viðhöfð.

Umrædd hástökksæfing er auðveld og slysatíðni samfara henni hverfandi lítil. Áhætta fylgir þó fimleika- og íþróttaæfingum. Tel ég því, að í hér umræddu tilviki hafi stefndi Sigurður Reynir, þá er hann hafði skýrt fyrir nemendunum framkvæmd stökksins, átt að fylgjast með því, að nemendurnir framkvæmdu það á réttan hátt, áður en hann lét þá eina um æfinguna. Þykir mega rekja orsakir slyssins að nokkru til þessa skorts hans á leiðbeiningu til stefnanda, þó orsakir þess verði að verulegu leyti taldar eiga rætur að rekja til óhappatilviks. Ég er samþykkur hinum læknisfróða meðdómanda varðandi aðgerðir stefnda Sigurðar Reynis við stefnanda eftir slysið.

Með tilliti til þessa ber að leggja á stefnda Sigurð Reyni nokkra fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, er hann varð fyrir af völdum slyssins. Þá fébótaábyrgð ber jafnframt að leggja á stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs sem starfsdrottin stefnda Sigurðar Reynis. Skipting fébótaábyrgðarinnar þykir hæfilega ákveðin svo, að stefndu bæti stefnanda tjón hans að 1/4 hluta.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Útlagt ..... kr. 5.630
2. Atvinnutjón ..... — 2.083.641

3. Þjáning, lýti og röskun á stöðu og högum .... kr. 500.000

Samtals kr. 2.589.271

Afstaða til 1. kröfuliðs verður tekin við ákvörðun málskostnaðar.

Um 2. og 3. kröfulið.

Bætur fyrir atvinnutjón eru byggðar á framangreindum útreikningi tryggingafræðingsins miðað við iðnaðarmenn og 9% ársvexti til frambúðar frá 16. maí 1973.

Hér að framan er lýst sjúkrasögu stefnanda og afleiðingum slyssins. Með vísan til þess og annars þess, sem að framan er rakið og máli þykir skipta við ákvörðun bóta, þykir tjón stefnanda af völdum slyssins samkvæmt þessum kröfulið samtals hæfilega metið kr. 1.600.000. Verða stefndu því samkvæmt framansögðu dæmdir til að greiða stefnanda 1/4 hluta þeirrar fjárhæðar, eða kr. 400.000, ásamt vöxtum, eins og krafist hefur verið.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 85.000.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Reynir Guðmundsson og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði in solidum stefnanda, Rúnari Gunnarssyni, kr. 400.000 með 7% ársvöxtum frá 30. janúar 1963 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 85.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1982.

Nr. 113/1980. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari)
gegn
Guðjóni Erlingssyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974 og gegn áfengislögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Þórður Þórðarson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 4. mars 1980. Ágrip barst Hæstarétti 5. maí 1981.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur og ákærði sakfelldur samkvæmt einstökum ákæruliðum, en refsing verði þyngd.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar, er lög leyfa.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sakfellingu og færslu brota til refsiákvæða, þó svo, að brot samkvæmt I. ákærulið varðar við 18., sbr. 39. gr. laga nr. 82/1969, en refsing verður ekki ákvörðuð samkvæmt 5. gr. laga nr. 52/1978, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brot voru framin á árunum 1975—1977, og var ákærði þá á aldursskeiðinu 19 til 21 árs. Ákærði dreifði fíkniefnum, marihuana og hassi, til allmargra aðilja og í hagnaðarskyni. Hann hefur ekki hlotið refsingu eftir þetta samkvæmt því, er ráða má af sakavottorði hans. Samkvæmt gögnum, er lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, stundar hann nú nám við háskóla erlendis.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3 mánaða fang-

elsi óskilorðsbundið svo og 3 mánaða fangelsi skilorðsbundið, sbr. 57. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 101/1976, 9. gr. Skal fullnustu á síðargreinda refsihlutanum frestað, og fellur sú refsing niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið. Þá sæti ákærði enn fremur 6.000.00 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist 50 daga fangelsi, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar, eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Erlingsson, sæti fangelsi 3 mánuði, en frá því dregst 22 daga gæsluvarðhaldsvist hans. Þá sæti hann og fangelsi 3 mánuði, en fullnustu þeirrar refsingar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið. Enn fremur sæti hann 6.000.00 króna sekt í ríkissjóð og afplánist hún 50 daga fangelsi, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Magnúsar Þ. Torfasonar og Sigurgeirs Jónssonar.

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, að við teljum, að staðfesta beri ákvæði hins áfrýjaða dóms um fangelsisrefsingu ákærða.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 12. október 1979.

Ár 1979, föstudaginn 12. október, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var af Þórði Þórðarsyni með undirrituðum vottum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 606/1979: Ákæruvaldið gegn Guðjóni Erlingssyni.

Málið, sem dómtekið var þann 12. júlí sl., er höfðað með ákæru, dags. 27. nóvember 1978, gegn Guðjóni Erlingssyni, Klapparstíg 16, Reykjavík, fæddum þar í borg 15. desember 1955, fyrir eftirgreind brot á lögum um ávana- og fíkniefni og áfengislögum, framin í Reykjavík á árunum 1975—1977:

„1. Vorið 1975 selt mörgum ótilgreindum mönnum samtals um 30 lítra af 96% spíritus á kr. 3.000 hverja 3/4 líters flösku.

2. Vorið 1975 keypt a. m. k. 200 gr af marihuana af Holberg Mássyni á kr. 4—500 hvert gramm og selt efnið nokkrum nafngreindum piltum á kr. 900 hvert gramm að undanskildum 20—30 gr, sem ákærði neytti sjálfur.

3. Haustið 1975 keypt a. m. k. 200 gr af marihuana af Holberg Mássyni á um kr. 500 hvert gramm og selt það nokkrum nafngreindum aðilum á um kr. 900 hvert gramm.

4. Vorið 1976 keypt um 500 gr af marihuana af Holberg Mássyni á kr. 500—550 hvert gramm og um sama leyti keypt samtals 300 gr af þessu efni af manni nefndum „Nelson" fyrir sama verð og selt nafngreindum aðilum meginhluta þessara efna á um kr. 800 hvert gramm að undanskildum 200 gr, sem ákærði afhenti nefndum Holberg til baka að láni haustið 1976.

5. Haustið 1976 keypt um 30 gr af marihuana af Holberg Mássyni á kr. 900—1.000 hvert gramm og síðan selt hluta efnisins nokkrum kunningjum sínum á kr. 1.200 hvert gramm, en annars neytt þess að mestu leyti sjálfur.

6. Í fyrri hluta janúar 1977 tekið við um 200 gr af marihuana

af Holberg Mássyni og selt Thomas R. Lansdown og Albert Klahn Skaftasyni meginhluta efnisins á kr. 5—700 hvert gramm.

7. Í seinni hluta janúar 1977 keypt 196 gr af hassi af Holberg Mássyni fyrir kr. 196.000, selt Thomas R. Lansdown samtals allt að 100—120 gr af efninu, Albert Klahn Skaftasyni 30—40 gr og Guðmundi Kristjánssyni 5 gr á kr. 1.500 hvert gramm."

Í nefndu ákæruskjali er háttsemi ákærða í 1. lið talin varða við „18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978 um breyting á þeim lögum."

Þá er háttsemi ákærða í 2.—7. lið talin varða við „2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974."

Þá er þess krafist af ríkissaksóknara, að ákærði verði dæmdur „til refsingar, til að sæta upptöku á tæpum 5 grömmum af hassi og um 10.5 grömmum af marihuana samkvæmt 5. gr. nefndra laga nr. 65/1974 og á 6 flöskum af bruggi samkvæmt 8. gr. áfengislaganna, en lagt var hald á þetta 23. febrúar 1977, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fæddur 15. desember 1955 í Reykjavík. Hann hefur sætt refsingum sem hér segir:

1976 12/10 Reykjavík: Sátt, 8.000 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.

MÁLSATVIK.

Í byrjun árs 1977 stóð yfir hér fyrir dómi umfangsmikil rannsókn á innflutningi og dreifingu kannabisefna hérlendis. Ákærði, Guðjón Erlingsson, var í nefndri rannsókn borinn alvarlegum sökum og var handtekinn af lögreglu á heimili sínu að Klapparstíg 16 hér í borg 23. febrúar þ. á.

Farið var fram á leyfi ákærða til framkvæmdar leitar að hugsanlegum sakargögnum á heimili hans, en ákærði synjaði þeirri beiðni, og var þá hér fyrir dómi og þann sama dag kveðinn upp úrskurður um leit á heimili ákærða. Við húsleitina fundust 6 flöskur af ætluðu heimabruggi, tvö bréf með ætluðu marihuana og tveir brúnir hassmolar.

Vigtun ofangreindra efna og merking varð þannig:

1) meint marihuanaefni, 10.5 gr, merkt sýni nr. 230 a.
2) meint hassefni, 4.9 gr, merkt sýni nr. 230 b.

Nefnd tvö sýni voru send til greiningar hjá Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands.

Niðurstöður próf. Þorkels Jóhannessonar voru eftirfarandi:

I. Með bréfi, dags. 13. apríl 1977. Þar sagði svo:

„Ávana- og fíknilyf og efni. — Matsgerð nr. 266:

Rannsóknastofunni hefur borist sýni nr. 230 a til rannsóknar með tilliti til kannabis, sbr. bréf lögreglustjórans í Reykjavík, sem dagsett er 29. 3. 1977. Sýnið var blöð, blaðstilkar og fræ af dökkgrænni plöntu, samtals 1,41 g að þyngd.

Með smásjárskoðun, litarprófi og gasgreiningu á súlu mátti staðfesta, að um Cannabis sativa væri að ræða. Magn tetrahýdrókannabínóls í blöðum og blaðstilkum var 7 mg/g.

Sýnið var því samkvæmt framansögðu kannabis."

II. Með bréfi, dags. 13. apríl 1977. Þar sagði svo:

„Ávana og fíknilyf og efni. — Matsgerð nr. 267.

Rannsóknastofunni hefur borist sýni nr. 230 b með tilliti til rannsóknar á kannabis, sbr. bréf lögreglustjórans í Reykjavík, sem dagsett er 29. 3. 1977. Sýnið var brúnn köggull, 1 g að þyngd.

Með smásjárskoðun, litarprófi og gasgreiningu á súlu mátti staðfesta, að um Cannabis sativa væri að ræða. Magn tetrahýdrókannabínóls í sýninu var 76 mg/g.

Sýnið var því samkvæmt framansögðu kannabis."

Ákærði neitaði í fyrstu sökum og var 24. febrúar þ. á. úrskurðaður í allt að 30 daga gæsluvarðhald og sat í gæsluvarðhaldi til 18. mars s. á., en hafði þá játað sakir, og mun hér vikið að sakarefni í þeirri röð sem í ákæruskjali greinir.

Ákæruliður 1.

Ákærði lýsti fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 18. mars 1977 kaupum á 96% spíritus af Holberg Mássyni ásamt skólafélaga sínum, Sigurði Barða Jóhannssyni. Ákærði kvað viðskiptin hafa átt sér stað vorið 1975 og hafi nefndur Sigurður fjármagnað kaupin að mestu leyti. Ákærði kvaðst ekki geta tilgreint magn nákvæmlega, en líklegast hafi þeir alls keypt 40 lítra, notað sjálfir um 10 lítra, en afgang hafi ákærði ásamt sambýliskonu sinni, Bertu Ingibjörgu Ragnarsdóttur, tappað á 3ja pela flöskur og selt ýmsum aðiljum á 3.000 kr. hverja. Ákærði kvað þá félaga hafa keypt líterinn á 2.700—2.900 kr., og ákærði deildi hagnaðinum með nefndum Sigurði.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 27. febrúar sama ár viðurkenndi Holberg Másson, fæddur 21. september 1954, að

hafa verið 1975 keypt nokkurt magn af denatured spiritus og eimað. Kvaðst nefndur Holberg hafa selt ákærða eitthvað af þessu, en ekki vita, hve mikið, en taldi magn geta verið 20—30 lítra og söluverð 2—3.000 kr. hver líter. Nefndur Holberg kvað einhvern hafa verið í slagtogi með ákærða við kaupin, en ekki vita, hver það var. Nefndur Holberg staðfesti framangreint fyrir dómi 23. mars s. á.

Berta Ingibjörg Ragnarsdóttir, fædd 25. janúar 1956, sambýliskona ákærða, var yfirheyrð hjá lögreglu í Reykjavík 25. febrúar s. á. og staðfesti framburð ákærða um kaup og dreifingu á spíritus, en kvaðst ekki geta fullyrt um efnismagn. Nefnd Berta kvað ákærða ekki hafa selt allan spíritusinn, því um 5 lítrar hafi verið eftir og þau notað þá til eigin neyslu á löngum tíma.

Ekki verður af gögnum málsins séð, að nefndur Sigurður Bárður (sic) hafi verið yfirheyrður um framangreint.

Albert Klahn Skaftason, fæddur 16. febrúar 1955 í Reykjavík, lýsti í yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 16. mars 1977 kaupum á 3 lítrum af spíritus af ákærða 1975 eða 1976 og kaupverð verið 3.000 kr. hver lítri.

Ákæruliðir 2—3.

Ákærði lýsti hér fyrir dómi 18. mars 1977 kaupum á marihuana af Holberg Mássyni vor og sumar 1975. Ákærði kvað Holberg hafa boðið sér marihuana til sölu um það leyti sem skóla lauk um vorið, og kvaðst ákærði hafa keypt af honum 200 gr á 4—500 kr. hvert gramm.

Ákærði kvaðst sjálfur hafa neytt af efninu 20—30 gr, en afgang selt að mestu leyti þremur aðiljum, Birgi, búsettum í Blesugróf í Reykjavík, Björgvin Emilssyni og Thomas Lansdown. Efnið kveðst ákærði hafa selt á 900 kr. hvert gramm, en ekki geta fullyrt um efnismagn til hvers og eins, nema hvað nefndur Birgir hafi fengið minnst.

Ákærði kvað kaupendur hafa óskað eftir meira efni og því hafa haft samband við nefndan Holberg aftur og af honum keypt 200 gr til viðbótar og líklega á svipuðu verði og áður.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 9. mars 1977 kvað ákærði síðari kaupin hafa átt sér stað í júní 1975. Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 23. mars s. á., og í heildaryfirliti yfir fíkniefnakaup ákærða voru greind kaup sögð hafa átt sér stað haustið 1975. Í nefndu þinghaldi kvaðst ákærði hafa selt efnið mörgum ónefndum aðiljum á 900 kr. hvert gramm.

Varðandi sölu ákærða á ofangreindu efni þá um sumarið lýsti ákærði hjá lögreglu í Reykjavík 16. mars 1977 viðskiptum við nokkra aðilja, og verður nú vikið að framburði ákærða þar um.

Ákærði kvað Inga Rafn Bæringsson, þá búsettan við Kópavogsbraut í Kópavogi, hafa keypt af sér marihuana, en ekki geta tilgreint efnismagn það ár, en nefndur Ingi Rafn átt síðar frekari fíkniefnaviðskipti við ákærða.

Ákærði kvað pilt, nefndan Pál, hafa keypt af sér marihuana síðari hluta árs 1975 og aftur fyrri hluta árs 1976. Ekki tilgreindi ákærði nánar afhendingartíma eða magn, utan hvað heildarmagn bæði árin hefði verið 30—40 gr. Ákærði gat ekki gefið aðrar upplýsingar um nefndan Pál en þær, að foreldrar hans hafi verið búsettir á Seltjarnarnesi. Tókst ekki að hafa upp á nefndum Páli.

Ákærði kveðst hafa selt pilti, er Gísli hét og var skólafélagi ákærða í Menntaskólanum við Hamrahlíð, 20—25 gr af marihuana sumarið 1975 á 900 kr. hvert gramm. Ekki tókst að hafa upp á nefndum Gísla vegna rannsóknar máls þessa.

Ákærði kvað Sigurgeir Oddgeirsson hafa keypt af sér 10 gr af marihuana og afhendingar verið tvær eða þrjár á heimili ákærða, en efnið hafi hann selt ódýrt vegna kunningsskapar við nefndan Sigurgeir.

Að lokum kvaðst ákærði hafa selt Guðnýju Þórarinsdóttur alls 50 gr af marihuana, en afhendingar verið allmargar, bæði síðari hluta árs 1975 og fyrri hluta 1976. Ákærði kvað söluverð til nefndrar Guðnýjar hafa verið 900 kr. hvert gramm. Í samprófun við nefnda Guðnýju 3. júní 1977 hjá lögreglu breytti ákærði efnismagni í 10—20 gr, og staðfesti nefnd Guðný það magn, en kvað söluverð hafa verið 1.000 kr., en það kvað ákærði hugsanlegt.

Holberg Másson lýsti hér fyrir dómi 10. mars s. á. innflutningi sínum á marihuana vorið 1975 og kvaðst hafa selt ákærða þá um sumarið „nokkur hundruð grömm, sennilega 2—400." Nefndur Holberg gerði ekki grein fyrir söluverði eða viðskiptum að öðru leyti.

Björgvin Emilsson, fæddur 16. júlí 1954, viðurkenndi 6. september hjá lögreglu í Reykjavík að hafa á árinu 1975 átt fíkniefnaviðskipti við ákærða. Nefndur Björgvin kvaðst hafa keypt 100 gr af marihuana af ákærða vorið 1975 og afhending farið fram í sal í Menntaskólanum við Hamrahlíð og kaupverð sennilega verið 150.000 kr. Nefndur Björgvin kvaðst auk þess sum-

arið s. á. hafa í tvö eða þrjú skipti keypt sams konar efni af ákærða og fyrir fimm þúsund krónur í hvert skipti.

Kristinn Birgir Kristinsson, fæddur 12. júlí 1955, til heimilis að Bleikargróf 11, Reykjavík, viðurkenndi hjá lögreglu í Reykjavík að hafa keypt 10—15 gr af marihuana af ákærða árið 1975 og söluverð verið 900 kr. fyrir hvert gramm.

Sigurgeir Oddgeirsson, fæddur 4. apríl 1955, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 25. mars 1977 vegna máls þessa. Nefndur Sigurgeir kvaðst hafa þekkt ákærða í mörg ár og þeir umgengist hvor annan af og til. Nefndur Sigurgeir kvaðst hafa unnið við dúklagningu heima hjá ákærða einn dag sumarið 1975. Nefndur Sigurgeir kvaðst hafa verið að fara á dansleik þá um kvöldið og ákærði að verki loknu viljað, að hann tæki við lítilræði af marihuana til reynslu. Nefndur Sigurgeir kvaðst hafa tekið við efninu, en týnt því og ekki komið til neyslu. Nefndur Sigurgeir kvaðst í umrætt sinn hafa unnið fyrir ákærða án endurgjalds, en ákærði í greiðaskyni viljað afhenda sér efnið til reynslu. Ekki verður af gögnum málsins séð, að nefndur Thomas Lansdown hafi tjáð sig um fíkniefnaviðskipti við ákærða á árinu 1975.

Ákæruliðir 4—7.

Ákærði lýsti hér fyrir dómi 18. mars 1977 fíkniefnamisferli sínu árið 1976 og byrjun árs 1977, en leiðrétti í þinghaldi 23. mars s. á. tímasetningu á viðskiptum við bandaríska pilt, Nelson að nafni, en ákærði hafði í fyrra þinghaldi talið þau hafa átt sér stað árið 1975, en þau hefðu átt sér stað vorið 1976.

Ákærði kvað nefndan Holberg Másson hafa komið sér í samband við bandaríska pilt, Nelson að nafni, er dvaldist hér á landi um tíma. Af nefndum Nelson kveðst ákærði hafa keypt um 300 gr af marihuana á 500—550 kr. hvert gramm og afhendingar verið tvær til þrjár. Ákærði kvað nefndan Holberg hafa boðið sér marihuana til sölu um svipað leyti og af honum hafa keypt 500 gr á 500—550 kr. hvert gramm. Efni þessi kvaðst ákærði að meginhluta hafa selt Thomas Lansdown, Albert Klahn Skaftasyni og Inga Rafni Bæringssyni á 800 kr. hvert gramm. Ekki kvaðst ákærði þó hafa selt allt efnið, því nefndur Holberg hafi fengið um 200 gr lánuð um haustið og lofað greiðslu fljótlega, en efndir hafi ekki orðið fyrr en í jan. 1977 sem síðar verður vikið að.

Um haustið 1976 kvaðst ákærði hafa fengið um 30 gr af mari-

huana, sem var betra en fyrri efni og hafi það verið kallað Columbia gold. Ákærði kvaðst hafa selt hluta af þessu efni sömu aðiljum og áður og kvaðst ekki hafa átt fíkniefnaviðskipti við aðra aðilja þá um haustið en áður er getið.

Um aðra kaupendur marihuana af ákærða árið 1976 vísast til framburðar ákærða um viðskipti við Guðnýju Þórarinsdóttur og Pál, sem rakinn var í sambandi við ákæruliði 1—3.

Í desember 1976 eða janúar 1977 kveður ákærði nefndan Holberg hafa endurgreitt sér 200 gr af marihuana, er ákærði hafði lánað honum sumarið áður. Ákærði kvað efni þetta mun lélegra en hann áður hafði verið með. Efni þetta kvaðst ákærði að mestu hafa selt áðurnefndum Thomas Lansdown og Albert Klahn Skaftasyni, en eitthvað Þorbirni nokkrum, er væri frá Austfjörðum. Efni þetta kvaðst ákærði hafa selt á 5—700 kr. hvert gramm.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu 16. mars s. á. gerði ákærði frekari grein fyrir viðskiptum við framangreinda aðilja.

Ákærði kvaðst hafa kynnst nefndum Thomas Lansdown sumarið 1975, en nefndur Thomas hafi leikið í hljómsveitinni Fress og hafi hann í flestum tilvikum verið að kaupa efni fyrir hljómsveitarmeðlimina, er hann skipti við ákærða. Kvað ákærði nefndan Thomas hafa keypt af sér marihuana í gegnum árin og yfirleitt 5 gr í einu á 800 kr. hvert gramm.

Ekki kvaðst ákærði geta með nokkru móti hent reiður á, hversu mikið magn af marihuana nefndur Thomas hefði keypt, því sá hafi sífellt verið að falast eftir meira efni.

Ákærði kvaðst telja, að nefndur Thomas hefði fengið um 70—150 gr af marihuana efni því, er ákærði hafði undir höndum í des. 1976 eða janúar 1977. Afhendingar til nefnds Thomas kvað ákærði ýmist hafa farið fram á heimili sínu að Klapparstíg 16 eða á Háskólalóðinni og aðrir en þeir tveir ekki verið viðstaddir.

Ákærði kvað Albert Klahn Skaftason hafa unnið hjá sér sumarið 1976 og talsverður samgangur verið þeirra í milli. Ákærði kvaðst ekki geta fullyrt um heildarmagn af marihuana, er nefndur Albert hefði keypt af sér, en sá hafi keypt grammið á 500—600 kr. auk þess sem ákærði hefði gefið nefndum Albert nokkur grömm um áramót 1976—1977.

Ákærði lýsti í nefndri lögregluyfirheyrslu viðskiptum við Þorbjörn, er búið hefði í gömlu fjölbýlishúsi á Bergstaðastræti við Hallveigarstíg, en væri nú fluttur á Seyðisfjörð. Ákærði kvað nefndan Þorbjörn hafa keypt af sér talsvert af marihuana um

áramótin 1976—1977, en ekki vita heildarmagn þess efnis. Ákærði kvaðst þó halda, að nefndur Þorbjörn hefði ekki fengið undir 50 grömmum og greitt kr. 600—700 fyrir hvert gramm og afhendingar farið fram á heimili ákærða.

Í nefndri lögregluyfirheyrslu lýsti ákærði sölu á marihuana til Inga Rafns Bæringssonar, er þá bjó á Kópavogsbraut. Ákærði kvaðst hafa selt nefndum Inga marihuana fyrst á árinu 1975 og allt til þess er sá flutti til Noregs sumarið 1976. Ákærði kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir efnismagni til nefnds Inga, en muna, að mesta efnismagn afhent honum í einu hafi verið sumarið 1976 og 30 gr. Ákærði kvað nefndan Inga yfirleitt hafa greitt 800 kr. fyrir hvert gramm.

Er ákærða var birt ákæruskjal í máli þessu, þá lét ákærði þess getið, að marihuanaefnið frá Holberg hefði rýrnað nokkuð hjá sér, þar sem ákærði kvaðst oft hafa týnt úr því stöngla og fræ, áður en til endursölu kom.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu 7. mars s. á. lýsti ákærði kaupum á 196 gr af hassi af áðurnefndum Holberg Mássyni í janúar þ. á. Ákærði kvað nefndan Holberg hafa komið út á Reykjavíkurflugvöll, er ákærði kom frá Patreksfirði, og boðið sér hass þetta til kaups og hafi þetta líklega átt sér stað 19. janúar. Sennilega tveim dögum seinna hafi nefndur Holberg komið á heimili ákærða og þá haft efnið meðferðis, pakkað í gulan plastpoka og í tveimur kögglum. Ákærði bar á sama veg um viðskipti þessi hér fyrir dómi 18. mars s. á. og kvaðst hafa staðgreitt efnið, kr. 100.000 í peningum og kr. 96.000 með ávísun á reikning nr. 12205 við Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibú. Efnið kvaðst ákærði hafa selt þremur aðiljum.

Ákærði kvaðst hafa selt Guðmundi Kristjánssyni 5 gr heima hjá Albert Klahn á kr. 7.500, Albert Klahn 30—40 gr á kr. 1.500 hvert gramm, en auk þess gefið honum með sér lítilræði af efninu. Loks kvaðst ákærði hafa selt áðurnefndum Thomas Lansdown 100—200 grömm á kr. 1.500 hvert gramm. Daginn, sem ákærði var handtekinn, kvaðst ákærði hafa verið orðinn uggandi um hag sinn og álitið, að vænta mætti handtöku fljótlega, og þá falið í baðskáp 20—30 gr af hassi, sem ákærði átti eftir. Er lögregla kom og handtók ákærða, kvaðst hann hafa hent hassinu út um gluggann og séð það skoppa inn í sund gegnt Klapparstíg 16.

Aðspurður um söluhagnað kvað ákærði hann að mestu hafa farið til daglegra nota.

Holberg Másson skýrði frá því í yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 27. febrúar 1977 að hafa kynnt ákærða fyrir Bandaríkjamanni, Nelson Ingersoll að nafni, vorið 1976. Í nefndri yfirheyrslu var eftirfarandi eftir nefndum Holberg bókað framangreint varðandi:

„Mætti kveðst hafa sl. vor kynnt Nelson áðurnefndan fyrir Guðjóni Erlingssyni og þeir hafi síðan átt saman einhver viðskipti með gras, enda það verið tilgangurinn með kynningunni. Mætti kveðst ekki vita náið um viðskipti þeirra Guðjóns og Nelsons, en telur, að bróðir Nelsons hafi flutt eitthvað af grasi til landsins og Guðjón tekið að sér sölu efnisins. Mætti kveðst ekki viss um, að Nelson hafi haft grasið undir höndum, þegar kynningin átti sér stað, en telur það líklegt. Nelson hafi farið utan kringum 15. maí þetta vor, og telur mætti, að viðskipti þessi hafi átt sér stað fyrir þann tíma."

Nefndur Holberg staðfesti framangreint hér fyrir dómi 10. mars s. á.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að tekist hafi að hafa upp á nefndum Nelson Ingersoll og yfirheyra vegna rannsóknar þessarar.

Í yfirheyrslu hér fyrir dómi 11. mars s. á. lýsti áðurnefndur Holberg Másson dreifingu á umtalsverðu magni af marihuana hér á landi vor og sumar 1976. Nefndur Holberg kvaðst þá um vorið hafa selt ákærða um 500 gr af marihuana, óhreinsuðu með stönglum og fræum. Ekki fullyrti nefndur Holberg um söluverð til ákærða, en söluverð verið 4—500 kr.

Nefndur Holberg kvaðst í júlí s. á. hafa flutt til landsins 100 gr af marihuana, svonefndu „Columbiagrasi", en ekki muna nákvæmlega um dreifingu á því, en ákærði hafi fengið hluta af því.

Í áðurnefndu þinghaldi skýrði nefndur Holberg frá afhendingu á marihuana til ákærða í janúar 1977. Nefndur Holberg kvaðst hafa afhent ákærða rúmlega 200 gr, en Guðjón ekki getað selt það allt og því hafa tekið til baka um 100 gr. Nefndur Holberg kvað ákærða ekkert hafa greitt fyrir efnið, enda átt inni hjá sér fyrir afnot bifreiðar o. fl. sumarið áður.

Í sama þinghaldi lýsti nefndur Holberg sölu á um 200 gr af hassefni til ákærða fyrir 180.000 kr.

Í skýrslu hjá lögreglu 17. febrúar s. á. hafði nefndur Holberg lýst þessari sölu á hassefni nánar. Kvað hann afhendingu efnisins, er reynst hafi tæplega 200 gr, hafa farið fram á heimili

ákærða að Klapparstíg 16 og líklega þann 20. janúar, en áður símleiðis boðið ákærða efnið til sölu.

Thomas Richard Lansdown, fæddur 25. nóvember 1953 í Bandaríkjunum, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 17. mars 1977 vegna máls þessa og lýsti kaupum sínum á kannabisefnum af ákærða, en kaupin hafi hann annast fyrir félaga sína í nafngreindri hljómsveit. Í nefndri yfirheyrslu var um þessi viðskipti bókað:

„Mætti segir, að samantekið heildarmagn efna, sem mætti og framangreindir aðilar hafi keypt á liðnu ári, hafi verið ca 5—600 grömm af marihuana og 70—80 grömm af hassi. Mætti segir allt þetta efni hafa verið keypt af sama manninum og mætti hafi sjálfur annast viðskiptin í öll skiptin, sem keypt var. Mætti segir afhendingar hafa verið mjög margar. Stundum hafi verið verslað oftar en einu sinni í viku, en stundum hafi jafnvel fallið úr vika án efniskaupa. Mætti segir þennan mann ávallt hafa verið með efnið heima hjá sér, og kveðst mætti aldrei hafa séð meira efnismagn hjá honum hverju sinni en keypt var. Þetta efni, hvort sem um marihuana eða hass hafi verið að ræða, hafi það verið í 5 gramma pakkningum, sem hafi verið búið að vigta, áður en mætti kom á staðinn. Nánar segir mætti þennan söluaðila vera Guðjón Erlingsson, Klapparstíg 16 hér í borg. Honum kveðst mætti hafa kynnst þannig, að sér hafi verið vísað á hann sem aðila, er gæti selt mætta marihuana. Mætti kveðst ekki vita, hvað sá heiti, sem vísaði á Guðjón. Mætti segir þá félaga hafa að meðaltali lagt jafnmikið fé fram til efniskaupa, en ýmist hafi verið, hver útvegaði peninga hverju sinni. Mætti segir efni jafnan hafa verið skipt jafnt á milli þeirra félaga eftir kaupin og því ekki alltaf notað það saman. Aðspurður segir mætti marihuanaefnið hafa verið mjög svipað eða eins, en Guðjón hafi hins vegar haldið því fram, að það væri misgott, og því haft á því misjafnt verð. Fyrir marihuana kveðst mætti hafa greitt kr. 600.- til kr. 1.200.- eftir mati Guðjóns á efnisgæðum. Fyrir hassið kveðst mætti hins vegar hafa greitt honum kr. 1.500.- fyrir hvert gramm. Mætti segir hassefnið alltaf hafa verið af sömu tegund, þ. e. Rauður Líbanon. Mætti kveðst ekkert hass hafa fengið hjá Guðjóni fyrr en nú eftir áramót og seinast fengið hjá honum hass rétt áður en hann var handtekinn."

Í nefndri lögregluyfirheyrslu var nefndur Thomas spurður um kaup á marihuana af ákærða á árinu 1977 og kvaðst þá hafa keypt 20—30 gr í byrjun janúar á 6—800 kr. hvert gramm.

Nefndur Thomas breytti í yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík framangreindum framburði um móttekið hassmagn frá ákærða og kvað það alls hafa verið 150 grömm, en annað áður fram komið rétt.

Albert Klahn Skaftason, fæddur 16. febrúar 1955 í Reykjavík, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 16. mars 1977 og lýsti þá fíkniefnakaupum af ákærða. Nefndur Albert kvað viðskipti þeirra hafa byrjað sumarið 1976, er hann vann hjá ákærða, en undanfarna mánuði hefði hann átt stöðug viðskipti við ákærða og væri bæði um að ræða kaup á marihuana og hassefni frá ákærða. Efnin kvaðst nefndur Albert hafa keypt ásamt sambýliskonu sinni, Jónínu Ingibjörgu Gísladóttur, og hafi hún fjármagnað kaupin. Aðspurður um heildarmagn efna frá ákærða kvaðst nefndur Albert giska á 200 gr af marihuana og 100 gr af hassi og kvað þessar tölur nærri lagi, en bætti við, „að afhendingar hafi verið svo margar, að ógjörningur sé að fara nákvæmlega með tölur í þessu sambandi." Nefndur Albert kvað marihuanaefnið hafa verið á frá kr. 500—900 hvert gramm, en hassið, er var svonefnt Líbanonhass, hafi verið á 1.500 kr. hvert gramm.

Nefndur Albert var í sömu yfirheyrslu spurður um viðskipti Inga Rafns Bæringssonar og ákærða. Kvaðst nefndur Albert ekki vita, hversu mikil þau hafi verið, en þó geta fullyrt, að Ingi Rafn hafi verslað meira en hann sjálfur.

Af gögnum málsins verður séð, að 15. mars 1977, er lögregla hugðist boða Inga Rafn Bæringsson, fæddan 10. mars 1955, Kópavogsbraut 43, Kópavogi, til yfirheyrslu vegna meintrar aðildar að máli þessu, var sá sagður staddur í Noregi og þar starfandi. Ekki verður séð, að nefndur Ingi hafi síðar verið yfirheyrður vegna máls þessa.

Jónína Ingibjörg Gísladóttir, fædd 9. maí 1952, kvaðst í yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 16. mars 1977 hafa átt fíkniefnaviðskipti við ákærða. Kvaðst hún ásamt sambýlismanni sínum, Albert Klahn Skaftasyni, og árið 1976 og byrjun árs 1977 ítrekað af ákærða hafa keypt bæði marihuana og hass. Ekki kvaðst hún geta fullyrt um heildarefnismagn frá ákærða, en þau hafi móttekið 30—40 gr af hassi. Kvaðst hún hafa fjármagnað kaupin, en nefndur Albert yfirleitt annast móttöku efna frá ákærða.

Þorbjörn Ágúst Erlingsson, fæddur 17. september 1955 í Keflavík, til heimilis að Selási 8, Egilsstöðum, var 26. mars 1977 yfir-

heyrður hjá lögreglu í Reykjavík vegna meintra fíkniefnakaupa af ákærða. Nefndur Þorbjörn kvaðst hafa kynnst ákærða á dansleik í veitingahúsinu Sigtúni. Kvað nefndur Þorbjörn ákærða hafa komið að heimili sínu á Bergstaðastræti hér í borg í jan. sl. að skila hljómplötum, en þá hafi ákærði boðið sér marihuana til kaups. Kvaðst nefndur Þorbjörn hafa hugleitt málið í nokkra daga og síðan haldið heim til ákærða á Klapparstíg og keypt af honum marihuana á 600 kr. hvert gramm. Alls kvaðst nefndur Þorbjörn hafa keypt af ákærða marihuana 5—6 sinnum, en ekki muna magn í hvert sinn. Kvað hann ákærða alltaf hafa verið einan við afhendingu efna og efnið ævinlega staðgreitt. Nefndur Þorbjörn kvaðst alls hafa keypt af ákærða um þetta leyti 50—100 gr af marihuana.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að þar nefndur Guðmundur Kristjánsson hafi verið yfirheyrður um kaup fíkniefna af ákærða.

VARNARÁSTÆÐUR.

Páll A. Pálsson héraðsdómslögmaður, skipaður verjandi, gerir þær kröfur, að ákærði hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa, fyrir þau brot, sem talin eru í ákæruskjali, og lögmanni tildæmd hæfileg málsvarnarlaun. Þá krafðist verjandi þess, að gæsluvarðhaldsvist ákærða kæmi til frádráttar refsingu að fullu.

Verjandi rökstyður kröfur sínar um vægustu refsingu með því, að ákærði hafi ekki áður gerst sekur um fíkniefnabrot og hegðað sér vel, eftir að brot voru upplýst. Annar rökstuðningur verjanda þykir hér ekki máli skipta.

1. Ákæruliður.

Þrátt fyrir játningu ákærða um sölu á 30 lítrum af 96% spíritus þykir varlegra með vísan til framburðar Holbergs Mássonar og annarra gagna að ganga út frá 20 lítrum sem seldu magni. Þykir því sannað með játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem réttilega í ákæruskjali greinir, með ofangreindu fráviki um efnismagn, nánar vorið 1975 selt mörgum ótilgreindum mönnum samtals 20 lítra af 96% spíritus á kr. 3.000 hverja 3/4 líters flösku.

Í ákæruskjali er ofangreind háttsemi ákærða réttilega talin

varða við 18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978 um breyting á þeim lögum.

Hefur ákærði samkvæmt framansögðu unnið til refsingar.

2. Ákæruliður.

Með játningu ákærða, sem nægilega er studd öðrum gögnum málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem réttilega í ákæruskjali greinir, nánar „vorið 1975 keypt a. m. k. 200 gr af marihuana af Holberg Mássyni á kr. 4—500 hvert gramm og selt nokkrum nafngreindum piltum á kr. 900 að undanskildum 20—30 gr, sem ákærði neytti sjálfur."

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

3. Ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem réttilega greinir í ákæruskjali, nánar „haustið 1975 keypt a. m. k. 200 gr af marihuana af Holberg Mássyni á um kr. 500 hvert gramm og selt það nokkrum nafngreindum aðilum á um kr. 900 hvert gramm."

Í ákæruskjali er ofangreind háttsemi ákærða réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

4. Ákæruliður.

Í þessum ákærulið er ákærða gefið að sök að hafa keypt 300 gr af marihuana af manni nefndum „Nelson". Þrátt fyrir að ekki hafi tekist að yfirheyra nefndan „Nelson" vegna máls þessa, þykir óhætt að leggja framburð ákærða um þessi viðskipti til grundvallar, enda staðfestir Holberg Másson, að þau hafi átt sér stað.

Þá þykir rétt með vísan til framburðar ákærða og nefnds Holbergs svo og hvernig ákæru er háttað að leggja til grundvallar framburð ákærða um kaup á 500 gr af marihuana af Holberg og dreifingu á 300 gr þar af. Einnig þykir með vísan til Holbergs mega ganga út frá kr. 500 sem einingarverði í viðskiptum þeirra.

Þykir samkvæmt ofansögðu sannað með játningu ákærða, sem nægilega er studd öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi, sem réttilega í ákæruskjali greinir með ofangreindu fráviki um einingarverð, vorið 1976 keypt um 500 gr af marihuana af Holberg Mássyni á kr. 500 hvert gramm og um sama leyti keypt samtals 300 gr af þessu efni af manni, nefndum „Nelson", fyrir sama verð og selt nafngreindum aðiljum meginhluta þessara efna á um kr. 800 hvert gramm að undanskildum 200 grömmum, sem ákærði afhenti nefndum Holberg til baka að láni haustið 1976.

Í ákæruskjali er ofangreind háttsemi ákærða réttilega til refsiákvæða færð, nánar talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

5. Ákæruliður.

Ákærði viðurkenndi að hafa haustið 1976 keypt um 30 gr af marihuana af Holberg Mássyni á 900—1.000 kr. hvert gramm. Nefndur Holberg styður framburð ákærða án þess þó að fullyrða um efnismagn eða verð. Þykir rétt að leggja til grundvallar framburð ákærða um framangreint. Þykir því sannað með játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem réttilega er lýst í ákæruskjali, nánar „haustið 1976 keypt um 30 gr af marihuana af Holberg Mássyni á kr. 900—1.000 hvert gramm og síðan selt hluta efnisins nokkrum kunningjum sínum á kr. 1.200 hvert gramm, en annars neytt þess að mestu leyti sjálfur."

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

6. Ákæruliður.

Þessi ákæruliður er í samræmi við játningu ákærða og efnislega studdur framburði Holbergs Mássonar og öðrum gögnum málsins. Þykir því samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem réttilega er í ákæruskjali lýst, nánar „í fyrri hluta janúar 1977 tekið við um 200 gr af marihuana af Holberg Mássyni og selt Thomas R. Lansdown og Albert Klahn Skaftasyni meginhluta efnisins á kr. 5—700 hvert gramm."

Í ákæruskjali er þessi háttsemi réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

7. *Ákæruliður.*

Þessi ákæruliður er byggður á játningu ákærða, sem er efnislega studd öðrum gögnum málsins, utan hvað ekki liggur fyrir framburður nefnds Guðmundar Kristjánssonar um viðskipti við ákærða, og þykja þau því ekki nægilega sönnuð. Þykir því samkvæmt ofansögðu nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem réttilega í ákæruskjali greinir með ofangreindu fráviki um 5. gr., sölu til Guðmundar Kristjánssonar, og nánar í seinni hluta janúar 1977 keypt um 196 gr af hassi af Holberg Mássyni fyrir kr. 196.000, selt Thomas R. Lansdown samtals allt að 100—120 gr af efninu og Albert Klahn Skaftasyni 30—40 gr á kr. 1.500 hvert gramm.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Hefur ákærði þannig unnið til refsingar.

Refsingu ákærða ber að tiltaka með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Við ákvörðun refsingar verður haft í huga, að ákærði hefur ekki áður gerst sekur um brot af þessu tagi, hins vegar lét ákærði sem milliliður aðiljum í té umtalsvert magn fíkniefna, sbr. 2.—7. ákærulið.

Að ofanskráðu athuguðu og virtu svo og með hliðsjón af 5., sbr. 8. tl. 1. mgr. 70. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða, Guðjóns Erlingssonar, hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði, en auk þess með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 fésekt að upphæð kr. 300.000, þar sem ákærði skv. ofansögðu áskildi sér hagnað með sölu fíkniefna og áfengis.

Ofangreindri refsingu þykir með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 rétt að komi til frádráttar með fullri dagatölu sá tími, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa, nánar 22 dagar.

Þá ber með vísan til 5. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, svo sem í ákæru er krafist, að gera ákærða að sæta upptöku á 5 grömmum af hassi og um 10.5 grömmum af marihuana

og með vísan til 8. gr. áfengislaga að sæta upptöku á 6 flöskum af meintu bruggi, en lagt var hald á framangreint 23. febrúar 1977.

Samkvæmt ofangreindu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 100.000 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar héraðsdómslögmanns.

Dómsuppkvaðning hefur dregist óæskilega vegna mikilla embættisanna.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Erlingsson, fæddur 15. desember 1955, sæti fangelsi í 4 mánuði og greiði fésekt til ríkissjóðs, kr. 300.000, en 30 daga fangelsi komi í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans, 22 dagar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 100.000 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar héraðsdómslögmanns.

Upptæk skulu til eyðingar 5 grömm af hassefnum, 10.5 grömm af marihuana og 6 flöskur af meintu bruggi.

Mánudaginn 1. febrúar 1982.

Nr. 75/1981. **Lorelei h/f**
gegn
Helga M. Bergs bæjarstjóra f. h. Akureyrarbæjar og bæjarsjóðs og gagnsök.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Lorelei h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Gagnáfrýjandi, Helgi M. Bergs bæjarstjóri f. h. Akureyrarbæjar og bæjarsjóðs, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. febrúar 1982.

Nr. 76/1981. **Hörður Ólafsson**
gegn
J. P. Innréttingum h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hörður Ólafsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. febrúar 1982.

Nr. 155/1981. **Engilbert Hannesson**
gegn
Valborgu Eby Þorvaldsdóttur
og Pétri Þorvaldssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Engilbert Hannesson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu, Valborgu Eby Þorvaldsdóttur og Pétri Þorvaldssyni, sem sótt hafa dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 500.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. febrúar 1982.

Nr. 187/1981. **Guðlaugur Þ. Níelsson og Rósa Á. Guðmundsdóttir**
gegn
Tryggva Sigurðssyni og Elsu Guðmundsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Guðlaugur Þ. Níelsen og Rósa Á. Guðmundsdóttir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. febrúar 1982.

Nr. 1/1982. **Halldór Júlíusson**
gegn
Stefáni Þorvaldssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Halldór Júlíusson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. febrúar 1982.

Nr. 28/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Herði Gunnari Ingólfssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 28. janúar 1982, sem barst Hæstarétti sama dag. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Nokkurrar ónákvæmni gætir í hinum kærða úrskurði um magn það af fíkniefnum, sem Sigurður Þór Þórsson og Gunnsteinn Sigurðsson hafa skýrt frá við lögregluyfirheyrslu, að þeir hafi keypt af varnaraðilja. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans.

Dómsorð:
Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 26. janúar 1982.

Ár 1982, þriðjudaginn 26. janúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Klukkan 1700 í gær handtók lögreglan í Reykjavík Hörð Gunnar Ingólfsson, fæddan 24. ágúst 1961, til heimilis að Álftamýri 16 hér í borg, grunaðan um fíkniefnamisferli. Hörður þessi

kvaðst við lögregluyfirheyrslur ekki hafa nærri slíku komið frá því í sept. sl., en þá réttilega frá skýrt.

Klukkan 1545 í dag lagði Ólafur Jónsson, fulltrúi lögreglustjóra í Reykjavík, hér í dómi fram kröfu um hæfilegt gæsluvarðhald á hendur ofangreindum Herði og studdi ýmsum gögnum.

Aðspurður hér fyrir dómi í framhaldi þar af kvaðst margnefndur Hörður Ingólfsson telja sig dagreykingamann á kannabisefni og 2 gr af slíkum efnum í hans fórum við handtöku ætluð til eigin nota.

Mætti kvaðst ekki bera því í mót að hafa undanfarna mánuði, eða eftir áðurnefndar játningar í sept., átt milligöngu um kannabisviðskipti. Nánar með því að fara með fé ákveðinna kaupenda til dreifiaðilja, en bera til baka umbeðin kannabisefni og afhenda án álagningar. Mætti Hörður taldi sig ekki geta munað einstök tilvik eða heildarmagn fíkniefna, en oftast verið um að ræða lítilræði hverju sinni, eða fáein gr, og með vissu aldrei meir en 25 gr í einu. Margnefndur Hörður kvaðst í vafa um, hvort hann ætti að nafngreina efnisútvegendur til sín, en ráðgaðist þar um við sinn réttargæslumann, Stefán Pálsson hæstaréttarlögmann, símleiðis, en átti í framhaldi þar af eintal við nefndan lögmann hér í byggingu. Fyrir stundu tjáði áðurnefndur réttargæslumaður dómara, að sinn skjólstæðingur væri reiðubúinn að lýsa ofangreindri efnisútvegun nánar.

Hófst þegar þar um skýrslutaka hjá lögreglu, og liggur eigi fyrir um niðurstöðu hennar á þessari stundu.

Eigi að síður þykir verða að taka afstöðu til ofangreindrar kröfu Ólafs Jónssonar, fulltrúa lögreglustjórans í Reykjavík.

Ýmsir aðiljar hafa samkvæmt framlögðum lögregluskýrslum, sbr. nánar dskj. nr. 13, borið um ætluð kannabiskaup sín af Herði G. Ingólfssyni og nánar svo:

1) Sigurður Þór Þórsson, fæddur 20. mars 1964, yfirheyrður hjá lögreglu 10. desember sl., og kvaðst þá í júlí sl. ásamt nafngreindum kunningja af Herði Ingólfssyni hafa keypt 2 gr af hassi. Samkvæmt dskj. nr. 11 hefur lögregla undanfarinn sólarhring, en án árangurs, leitað Sigurðar þessa.
2) Erling H. Halldórsson, fæddur 20. febrúar 1962, yfirheyrður hjá lögreglu 13. janúar sl. og kvaðst þá í júlí sl. af Herði Ingólfssyni hafa keypt 5 gr af hassefnum.
3) Sigfinnur Steinar Gíslason, fæddur 30. janúar 1963, yfirheyrður hjá lögreglu 13. janúar sl. og kvaðst þá réttri viku fyrr af Herði Ingólfssyni hafa keypt 1 gr af hassolíu.

4) Gunnsteinn Sigurðsson, fæddur 29. nóvember 1963, yfirheyrður hjá lögreglu 8. desember sl. og kvaðst þá í ágúst sl. í fjórum afhendingum hafa af margnefndum Herði Ingólfssyni samtals keypt 12—15 gr af tvenns konar hassi og enn um miðjan nóvember sl. 2 gr af sama aðilja.
5) Sigfinnur Steinar Gíslason, fæddur 30. janúar 1963, áður nefndur í lið 3 hér að ofan, lýsti og fyrir lögreglu 13. janúar sl. að hafa af Herði Ingólfssyni keypt 5 gr af hassefnum í ágúst sl. og 3 gr af annars konar hassi í nóvember sl.
6) Árni Þór Þórðarson, fæddur 14. apríl 1963, yfirheyrður hjá lögreglu 9. desember 1981 og kvaðst þá tímabilið júlí—ágúst sl. af Herði Ingólfssyni hafa keypt svart hassefni í 4 eða 5 skipti og 2—3 gr í senn.
7) Björn Geir Jóhannsson, fæddur 29. janúar 1964, yfirheyrður hjá lögreglu 12. janúar sl. og viðurkenndi þá að hafa í ágúst sl. af Herði Ingólfssyni keypt 10—15 gr af marihuana. Einnig kvaðst greindur Björn þann 19. desember sl. ásamt Jónasi F. Þorsteinssyni og tveimur öðrum nafngreindum kunningjum hafa ekið Herði Ingólfssyni að tilteknu húsi í Hlíðunum og nefndur Hörður þangað sótt 30 gr af hassefnum og selt nefndum félögum.
8) Jónas Freydal Þorsteinsson var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 7. janúar sl. og lýsti þá efnislega á sama veg og síðastnefndur Björn för þeirra félaga með Herði Ingólfssyni að tilteknu húsi í Hlíðunum og Hörður þangað sótt hassefni og selt þeim félögum ofangreindum. Jónas þessi lýsti hins vegar efnismagni sem 20 gr.

Tveir af þeim fjórum aðiljum í liðum 7—8 hér að ofan, er áttu að hafa verið nærstaddir þar greind viðskipti, hafa ekki verið yfirheyrðir að séð verði af framlögðum gögnum.

NIÐURSTÖÐUR.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974, þannig að dreifimeðferð fíkniefna þeirrar tegundar, sem hér er til rannsóknar, gæti, ef sönnuð teldist, varðað Hörð G. Ingólfsson fangelsisrefsingu.

Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingar gæsluvarðhalds í þessu sambandi, en með vísan til þess og annars ofanritaðs svo og 1. mgr. 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 rétt í þágu rannsóknar að verða við fram-

kominni kröfu lögreglu og gera Herði G. Ingólfssyni að sæta gæsluvarðhaldi, sem hæfilega telst afmarkað við allt að 10 dögum frá kl. 1700 þann 26. janúar að telja.

Úrskurðarorð:

Hörður Gunnar Ingólfsson, fæddur 24. ágúst 1961, til heimilis að Álftamýri 16, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 10 dögum frá kl. 1700 þann 26. janúar 1982 að telja.

Mánudaginn 1. febrúar 1982.

Nr. 266/1981. **Valdstjórnin**
gegn
Ólafi Þorlákssyni.

Kærumál. Þóknun verjanda í opinberu máli.
Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Með kæru 14. desember 1981, sem barst Hæstarétti 16. s. m., hefur Ólafur Þorláksson, héraðsdómslögmaður í Reykjavík, kært til Hæstaréttar ákvörðun fulltrúa yfirsakadómarans í Reykjavík 10. desember 1981 um þóknun vegna réttargæslustarfa. Vísar lögmaðurinn um kæruheimild til 5. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974. Krefst hann þess, að reikningur vegna starfa þessa, sem hann hafði lagt fyrir sakadómara og er að fjárhæð 7.322.00 krónur, verði tekinn til greina án breytinga, en fulltrúinn hafði ákveðið utan réttar, að þóknunin skyldi vera 2.000.00 krónur.

Í bréfi til Hæstaréttar hefur fulltrúinn, Ingibjörg Benediktsdóttir, gert grein fyrir tilteknum atvikum varðandi mál þetta og framsent bréf vararannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Að öðru leyti hafa eigi komið fram greinargerð eða kröfur af hálfu valdstjórnarinnar.

Þóknun skipaðs verjanda sakbornings skal ákveða í dómi í máli, ef því verður lokið með þeim hætti, nema verjandi hafi afsalað sér þóknun, sbr. 2. mgr. 87. gr. laga nr. 74/ 1974 um meðferð opinberra mála. Í þeim lögum er ekki að finna heimild til að skjóta þeirri ákvörðun héraðsdóms til æðra dóms nema í sambandi við áfrýjun dóms eða dómsathafnar. Ef máli verður ekki lokið með dómi, getur dómari ákveðið með úrskurði þóknun verjanda eða réttargæslumanns á þann hátt, sem segir í 2. mgr. 87. gr. Dómari ákveður og þóknun verjanda, sem kemur fyrir dóm utan lögsagnarumdæmis, þar sem með aðalmál er farið, sbr. 1. mgr. 143. gr. laganna. Ákvörðunum þessum má skjóta til Hæstaréttar samkvæmt 5. tl. 172. gr. Af gögnum máls þessa verður ekki séð, að því sé lokið eða að nefnt ákvæði 143. gr. eigi við um það. Verður því ekki talið, að hin kærða ákvörðun héraðsdóms sæti kæru samkvæmt 5. tl. 172. gr. laganna eða öðrum ákvæðum þeirra. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Þriðjudaginn 2. febrúar 1982.

Nr. 171/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Helga Bjarnasyni
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Gagnaöflun. Geðheilbrigðisrannsókn.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Með ákæruskjali 23. desember 1980 var höfðað opinbert mál á hendur ákærða fyrir sakadómi Akureyrar fyrir tvö þjófnaðarbrot framin í október og nóvember s. á. Dómur í máli þessu var kveðinn upp í sakadómi Akureyrar 27. mars 1981. Var ákærði talinn sannur að sök og dæmd þriggja mánaða fangelsisrefsing. Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar. Við flutning málsins hér fyrir dómi lagði skipaður verjandi ákærða, Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður, fram ljósrit af hluta dóms sakadóms Hafnarfjarðar 29. september 1969. Fjallar dómur þessi um skírlífisbrot, sem ákærða var gefið að sök að hafa framið 22. nóvember 1967. Komst héraðsdómari að þeirri niðurstöðu, að ákærði hefði gerst sekur um brot þetta, en sýknaði hann af refsikröfu ákæruvalds, þar eð ekki yrði talið að fenginni læknisumsögn, að refsing mundi bera árangur gagnvart ákærða. Dómi í máli þessu var ekki áfrýjað til Hæstaréttar, en í honum segir svo:

„Að beiðni verjanda fór fram rannsókn á geðheilbrigði ákærða, sem Þórður Möller yfirlæknir framkvæmdi.

Niðurstaða sú, sem Þórður Möller dró af rannsókninni, hljóðar svo:

„Jón Helgi Bjarnason er hvorki geðveikur maður né geðvilltur í venjulegri merkingu, heldur mjög treggefinn maður, hugsanlega líflítill í fæðingu, sem verður fyrir því í

bernsku að veikjast af hettusótt og sló hastarlega niður og breytist eftir það mjög áberandi í lundarfari og hegðun allri. Hefur þar vafalaust verið um heilabólgu að ræða, sem sjaldgæfan fylgikvilla hettusóttar, sem hefur valdið áberandi truflun á persónuþroska drengsins, jafnvel algjörri stöðvun, svo hann er mun verr farinn af þeim sökum heldur en af almennum greindarskorti, sem þó er verulegur. Kemur þetta fyrst og fremst fram í dómgreindarskorti, lélegri tilfinningastjórn, fljótfærni og hömluleysi.

Hlýtur að teljast nokkuð vafasamt, að Jón Helgi verði talinn sakhæfur miðað við þennan sjúklega vanþroska, sem að yfirgnæfandi líkum verður rakinn til vefrænna heilaskemmda."

Í því skyni að fá nánar skýrða þá skoðun yfirlæknisins, að hann teldi nokkuð vafasamt, að ákærði væri sakhæfur, lagði dómarinn fyrir hann skriflega eftirtaldar þrjár spurningar:

1. Teljið þér, að hinn sjúklegi vanþroski hafi verið á það háu stigi, að ákærði Jón Helgi hafi af þeim sökum verið alls ófær að stjórna gerðum sínum, er hann framdi umrætt skírlífisbrot, sbr. 15. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.
2. Ef svo er, álítið þér, að hinn andlegi vanþroski muni leiða til afbrota hjá ákærða, og þá hvers konar afbrot.
3. Ef svar yðar við spurningu nr. 1 er neitandi, er spurt, hvort þér teljið samt, að vanþroski ákærða sé eða hafi verið á svo háu stigi, að ekki sé þess að vænta, að refsing muni bera árangur, sbr. 16. gr. alm. hegningarlaga.

Svör yfirlæknisins voru svohljóðandi:

„Ad 1: Það, sem úr sker að minu viti, er þetta, að dómgreind JHB **reynist** ekki gleggri en, og hömluleysi hans reynist nægilegt til, að hann fremur verknað, sem fyrir heilbrigðri dómgreind er eins augljóslega saknæmur eins og sá, sem hér um ræðir. Hvort hins vegar er hægt að fullyrða, að hann hafi verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum, er mjög vandsagt.

Ad 2: Hugsanlegur möguleiki til endurtekinna afbrota er

óneitanlega fyrir hendi og sennilegast þá svipaðra, þó vonir standi til, að óþægindi þau, er JHB hefur þegar haft af þessum málarekstri, hræði hann frá slíku.

Ad 3: Þó vonast megi til þess, að þau óþægindi, sem JHB hefur þegar haft af núverandi málarekstri, verði til þess að hræða hann frá endurtekningu, þá væri mjög ólíklegt, að slíkar hömlur kæmu af nokkrum eiginlegum skilningi á samhengi brots og refsingar, og sérstaklega ekki af neinum dýpra skilningi á saknæmi brots sem þessa og skv. því mjög ólíklegt, „að refsing muni bera árangur“.“

Þá lagði áðurgreindur skipaður verjandi ákærða fyrir Hæstarétt staðfest ljósrit af bréfi Brynjólfs Ingvarssonar, geðlæknis við T-deild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, dags. 24. ágúst 1981, til Þorsteins A. Jónssonar, fulltrúa í dómsmálaráðuneytinu, svohljóðandi:

„Varðandi Jón Helga Bjarnason, f. 16.01.51, Skarðshlíð 34 E, Akureyri.

Hér er eitt af þeim málum, sem lenda svo auðveldlega í útideyfum og þvælingi milli embætta. Um endurmat á geðheilsu Jóns Helga og sakhæfi mætti skrifa langt mál, en niðurstaða yrði þó aldrei nema á einn veg: Ályktunarorð í skýrslu Þórðar Möller, geðlæknis, frá 10/4 1969 standa óhögguð ennþá, og hef ég þar engu við að bæta.

Þessu áliti til grundvallar liggja niðurstöður og læknabréf frá Vífilsstaðadeild Kleppsspítalans 1980, T-deild F.S.A. 1980, viðtöl við Jón Helga sjálfan 21/8 ’81 og foreldra hans á undanförnum vikum.“

Áður en dómur verður lagður á mál það, sem nú er til úrlausnar hér fyrir dómi, þykir af því, sem að framan segir um geðhagi ákærða, ekki verða hjá því komist, að hann sæti nú geðrannsókn, sbr. 2. tl. d 75. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, þar sem skýrt komi fram læknisfræðilegt álit um sakhæfi ákærða.

Á l y k t a r o r ð:

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, skal sæta rannsókn á geðheilbrigði sinni, svo sem að framan getur.

Nr. 18/1981. Þriðjudaginn 2. febrúar 1982.

Ákæruvaldið
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Magnúsi Hafsteinssyni
(Hákon Árnason hrl.).

Bifreiðar. Banaslys. Líkamsmeiðingar. Gáleysi. Brot gegn 4. mgr. 220. gr. alm. hegningarlaga og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 17. desember 1980, og er málinu einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Meðákærði í héraði undi héraðsdómi, og er málinu ekki áfrýjað að því er hann varðar.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð skýrsla Karls Hermannssonar, lögregluþjóns í Keflavík. Segir þar m. a. svo:

„Vegalengdin frá Grindavíkurafleggjara að eystri afleggjaranum að Innri-Njarðvíkum er 4700 metrar. Vegalengdin frá eystri afleggjaranum að Innri-Njarðvíkum að Hafnaafleggjara er 1800 metrar. Vegalengdin á milli afleggjaranna að Innri-Njarðvíkum er 1150 metrar. Vegalengdin frá vestari afleggjaranum að Innri-Njarðvíkum að Hafnaafleggjara er 650 metrar. Heildarvegalengdin frá Hafnaafleggjara að Grindavíkurafleggjara er 6500 metrar.

Eitt hundrað og fimmtíu metra vegarkafli suður Reykjanesbraut frá Hafnaafleggjara er tiltölulega beinn, og sést hann vel í baksýnisspegli, ef ekið er norður Reykjanesbraut að Hafnaafleggjara. Sunnan við þessa 150 metra fer beygjan að vera krappari. Þarna er landslag slétt og ekkert, sem hindrar útsýni á þessum vegarkafla".

Hinn 12. október 1981 sætti ákærði 3.000.00 króna sekt

með dómssátt í sakadómi Keflavíkur fyrir að aka bifreið sviptur ökuleyfi.

Samkvæmt auglýsingu nr. 108/1966 er leyfður hámarkshraði ökutækja á Reykjanesbraut frá vegamótum við Krísuvíkurveg að vegamótum við Hafnaveg (Flugvallarveg) 80 km á klukkustund á tímabilinu frá 1. maí til 30. september. Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi ekið bifreiðinni J 237 í kappakstri eftir Reykjanesbrautinni, langt yfir lögleyfðum hámarkshraða. Hefur hann með þessu gerst brotlegur við 1. og 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og framangreinda auglýsingu, sbr. 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga. Í ákæru hefur misritast 3. mgr. 50. gr. í stað 4. mgr. 50. gr., en málið er flutt með hliðsjón af þessu, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974. Ekki verður talið, að a liður 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga eigi hér sérstaklega við. Að öðru leyti má fallast á niðurstöðu héraðsdóms um brot ákærða og heimfærslu þeirra til lagaákvæða.

Ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða þykir mega staðfesta. Rétt er, að ákærði sæti sviptingu ökuleyfis í 3 ár. Hann hefur þegar verið sviptur ökuleyfi í 1 ár, og ber því að svipta hann ökuleyfi í 2 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Refsiákvörðun héraðsdóms á að vera óröskuð. Ákærði, Magnús Hafsteinsson, sæti ökuleyfissviptingu í 3 ár, þar af 2 ár frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krón-

ur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hákonar Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Njarðvíkur 23. september 1980.

Ár 1980, þriðjudaginn 23. september, var í sakadómi Njarðvíkur af Guðmundi Kristjánssyni aðalfulltrúa kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 989/1979: Ákæruvaldið gegn Magnúsi Hafsteinssyni og Valþór Ólasyni.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 21. janúar sl. og dómtekið 16. júní sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru, dags. 29. október sl., „á hendur Magnúsi Hafsteinssyni, Þórustíg 5 í Njarðvík, fæddum 26. febrúar 1962 í Keflavík, og Valþór Ólasyni, Faxabraut 37 A í Keflavík, fæddum 31. desember 1961 í Skagahreppi í Austur-Húnavatnssýslu, fyrir að hafa í sameiningu og af gáleysi valdið dauða Stefáns Jens Sigurðssonar, fædds 1. október 1963, og stórfelldum meiðslum Rúnars Ingibergssonar, fædds 26. júlí 1963, með því að hafa, um kl. 5, sunnudagsmorguninn 20. maí 1979, ákærði Valþór við stjórn bifreiðarinnar Ö 132 og ákærði Magnús við stjórn bifreiðarinnar J 237, þreytt kappakstur eftir Reykjanesbraut frá afleggjara við Innri-Njarðvík í átt til Keflavíkur með allt að 160 kílómetra hraða á klukkustund allt að Hafnavegi, ákærði Magnús á undan, og með því þar að beygja til vinstri, þótt hann vissi af bifreið meðákærða Valþórs á eftir sér, og ákærði Valþór einnig með því að aka fram úr bifreiðinni J 237 vinstra megin þar á gatnamótunum. Skullu bifreiðarnar þar saman af miklu afli, og hlaut Stefán Jens, sem var farþegi í bifreiðinni Ö 132, útbreiddar heilablæðingar og handleggsbrot og lést af meiðslum þessum um kl. 10 þennan morgun, en Rúnar, sem einnig var farþegi í bifreiðinni Ö 132, hlaut brot á þremur hryggjarliðum, sprungu í nefbein, lungnamar og loftbrjóst ásamt heilahristingi og heilamari. Þykja ennfremur hafa á framangreindan hátt af ófyrirleitni stofnað lífi og heilsu annarra farþega, þeirra Finns Kr. Halldórssonar, fædds 29. maí 1962, Erlu Valgeirsdóttur, fæddrar 20. júlí 1963, í bifreiðinni J 237, og Skjaldar Vattnars Árnasonar, fædds 13. maí 1963, í bifreiðinni Ö 132, í augljósan háska.

Telst framangreint atferli ákærðu beggja varða við 215. gr.,

219. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 37. gr., 1., 2. og a og c liði 3. mgr. 49. gr., 3. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, sbr. og auglýsingu um hámarkshraða á Reykjanesbraut nr. 108/1966.

Þá þykir atferli ákærða Magnúsar eins varða við 4. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 46. gr., en atferli ákærða Valþórs eins við 3. mgr. 47. gr., allt sbr. 80. gr. umferðarlaga. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

II.

Samkvæmt sakavottorðum, dags. 26. október sl., hefur ákærði Magnús hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé, en ákærði Valþór hlaut hins vegar 40 þús. kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga með dómssátt í sakadómi Keflavíkur 23. mars 1979. Þá hlaut hann 80 þús. kr. sekt og ökuleyfismissi í einn mánuð með dómssátt í sama dómstóli þann 9. maí sl. fyrir sams konar brot. Öðrum refsingum hefur hann eigi sætt, sem hér kunna að skipta máli.

III.

Sunnudaginn 20. maí 1979, kl. 0505 um morguninn, var lögreglunni tilkynnt um umferðarslys á Reykjanesbraut við mót Hafnavegar í Njarðvík. Þarna hafði orðið árekstur með bifreiðunum Ö 132 og J 237, og er lögreglumenn komu á staðinn, voru báðar bifreiðarnar utan akbrautarinnar að vestanverðu, skammt norðan við gatnamótin. Bifreiðin Ö 132 var á hvolfi, og hafði afturendi hennar hafnað á hitaveitustokk, sem er skammt utan við akbrautina. Tveir farþegar höfðu kastast út úr bifreiðinni við veltuna, og lá annar þeirra, Stefán Jens Sigurðsson, u. þ. b. 17 metra norðan við bifreiðina, hinum megin við hitaveitustokkinn. Var hann meðvitundarlaus og með mikla höfuðáverka. Hinn farþeginn, sem lá utan bifreiðarinnar, var Rúnar Ingibergsson, og var hann með áverka í andliti. Aðrir farþegar í bifreiðunum svo og ökumenn þeirra, ákærðu í málinu, höfðu ýmist hlotið mjög smávægileg meiðsli eða engin.

Í lögregluskýrslu segir enn fremur, að þarna hafi orðið árekstur með bifreiðinni J 237 og bifreiðinni Ö 132, sem báðum var ekið eftir Reykjanesbraut i átt til Keflavíkur, og var J 237 á undan. Þegar hún var komin að mótum Hafnavegar, var henni

beygt til vinstri, en í sama mund var Ö 132 ekið fram með vinstri hlið J 237, og rákust þær saman. Við árekstur hafi ökumaður Ö 132, ákærði Valþór, misst stjórn á bifreiðinni og hún hafnað á hvolfi utan akbrautar, svo sem áður greinir.

Á vettvanginum höfðu lögreglumenn eftir ökumanni J 237, ákærða Magnúsi, að hann hefði ekið eftir Reykjanesbraut í átt til Keflavíkur, en ekki vitað, hve hratt hann ók, þar sem hann leit ekki á hraðamæli. Hann hafi séð Ö 132 í baksýnisspegli, þegar hann hafi verið á móts við þann afleggjara til Innri-Njarðvíkur, sem nær er Keflavík. Hann hafi síðan beygt til vinstri, er hann var að verða kominn fram hjá mótum Hafnavegar, og hefði þá Ö 132 verið ekið fram með vinstri hlið bifreiðar sinnar og árekstur orðið. Hafi ökumaður Ö 132 misst stjórn á henni við áreksturinn og hún kastast út af akbrautinni og hafnað á hvolfi. Hann sjálfur hafi stöðvað bifreið sína utan við akbrautina.

Einn lögreglumannanna ræddi þarna á vettvangi við Erlu Valgeirsdóttur, einn farþega í J 237. Tjáði hún lögreglumanninum, að bifreiðarnar hefðu verið í spyrnu eftir Reykjanesbraut í átt til Keflavíkur og hafi J 237 verið á undan. Er þau nálguðust Hafnaveg, hafi þau í bifreiðinni ákveðið að beygja inn að Fitjanesti þar við veginn og hafa tal af þeim, sem í Ö 132 voru. Hafi hún ekki vitað fyrr en árekstur varð með bifreiðunum.

Miklar skemmdir urðu á báðum bifreiðunum, einkum á Ö 132.

Hinir slösuðu, áðurnefndur Stefán Jens og Rúnar, voru fyrst fluttir í lögreglubifreiðum á sjúkrahúsið í Keflavík, en þaðan á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík. Þar lést Stefán Jens kl. 0800 sama morgun. Segir í krufningarskýrslu, að blæðingar hafi verið milli heilahimna og útbreiddar blæðingar í heilann sjálfan ásamt miklum bjúg. Í höfuðsverði hafi verið stór skurður, en grunn hrufl og skrámur á húðinni víð og dreif um líkamann. Þá hafi hægri handleggur verið þverbrotinn um úlnlið. Þessir áverkar, og þá fyrst og fremst blæðingar og bjúgur í heila, hafi verið banamein Stefáns Jens.

Í áverkavottorði vegna Rúnars Ingibergssonar segir læknirinn í niðurstöðu sinni, að hann hafi brot á þremur hryggjarliðum, sprungu í nefbeini, vægt lungnamar og loftbrjóst ásamt heilahristingi og vægu heilamari. Hann hafi dvalið á spítalanum frá 20. maí til 5. júní, en þá útskrifast og verið í styrktarbelti vegna hryggbrotanna, og var þá áætlað, að hann kæmi til eftirlits að fjórum vikum liðnum.

Í vottorði Veðurstofunnar um veður á Keflavíkurflugvelli þennan dag segir, að kl. 03 hafi verið austan, skýjað og hiti -÷- 0.6° og kl. 06 hafi verið logn, skýjað og hiti 0.2°. Samkvæmt lögregluskýrslu var komin dagsbirta og sólskin, er slysið varð, og jafnframt er þess getið, að yfirborð vegarins hafi þá verið þurrt.

Ákærði Magnús greinir svo frá atvikum öllum, að við Aðalstöðina í Keflavík hafi Erla Valgeirsdóttir, farþegi í bifreið hans, viljað ræða við strákana í bifreiðinni Ö 132, sem þarna var einnig á plani stöðvarinnar. Í framhaldi af þessu hafi strákarnir í Ö 132 farið að kalla til þeirra, sem í J 237 voru, og boðið þeim í spyrnu. Ekki vildi ákærði fara í neina spyrnu við þessa stráka og ók út af planinu suður Hafnargötu og Reykjanesbraut. Bifreiðinni Ö 132 var ekið strax á eftir bifreið ákærða og hafi Finnur Kristinn Halldórsson, farþegi í J 237, endilega viljað fara í spyrnu. Móts við vestari gatnamót að Innri-Njarðvík var Ö 132 ekið upp að vinstri hlið J 237. Óku ákærðu bifreiðum sínum fyrst rólega áfram samhliða, en fóru síðan í spyrnu. Tók J 237 strax forystuna, og varð Ö 132 fljótlega nokkuð langt á eftir. Hægði ákærði á ferðinni, ók út í hægri vegkant og stöðvaði, en Ö 132 ók fram hjá, hægði á ferðinni og sneri við. Ákærði Magnús sneri einnig bifreið sinni við og ók áleiðis til Keflavíkur. Báðir ákærðu stöðvuðu síðan bifreiðar sínar á Reykjanesbrautinni, hlið við hlið, og ræddust við. Síðan ákvað ákærði að aka af stað áleiðis til Keflavíkur, og var Ö 132 ekið á eftir. Hafi hann gefið dálítið í og farið upp í 80—90 km hraða miðað við klst. Fór hann nokkuð langt fram fyrir Ö 132 og sá hana nokkuð langt fyrir aftan sig á beina kaflanum, rétt áður en beygjan kemur á veginn við Fitjarnar. Er hann hafi verið að nálgast afleggjarann að Fitjanesti, þá hafi Erla, farþegi sinn, stungið upp á því, að þau beygðu í átt að nestinu. Hægði ákærði á ferðinni, leit í baksýnisspegilinn og hliðarspegilinn, en sá engan bíl fyrir aftan. Gaf hann því stefnuljós og ætlaði svo að beygja, en þá kom Ö 132 skyndilega í vinstri hlið bifreiðar ákærða. Ákvörðunin um að beygja upp að Fitjanesti var tekin það seint að sögn ákærða, að vel gæti verið, að hann hefði tekið beygjuna í seinna lagi. Gæti hann trúað, að hann hefði beygt mitt á milli, þar sem merkt er á vettvangsuppdrætti lögreglunnar „hemlaför" og „mold og glerbrot" hins vegar, en nánar verður greint frá uppdrættinum síðar. Ekki gat ákærði gert sér nokkra grein fyrir, hversu hratt Ö 132 var ekið, er óhappið varð.

Fyrir dómi kvað ákærði seinni spyrnuna hafa byrjað á milli eystri Innri-Njarðvíkurafleggjara og Grindavíkurafleggjara, á stað, sem er á milli tveggja hóla. Með spyrnu átti ákærði við, að tveimur bifreiðum væri stillt upp samhliða og þeim ekið samtímis af stað og væri tilgangurinn sá að ná sem mestum hraða á sem stystum tíma. Kvaðst hann hafa haft vinninginn. Þegar hann var kominn fram hjá vestari Innri-Njarðvíkurafleggjaranum, sagðist hann hafa hægt ferðina, þar sem hann ætlaði að beygja upp Hafnaveg. Minnti hann, að nefnd Erla hefði átt uppástunguna að þessu, og hafi ætlunin verið að tala við strákana í hinum bílnum. Kveðst ákærði hafa litið í báða baksýnisspegla bifreiðar sinnar og séð Ö 132 langt í burtu. Hafi hún verið á milli afleggjaranna til Innri-Njarðvíkur. Hann sagðist hafa gefið stefnuljós með góðum fyrirvara og sagðist vera alveg viss um þetta.

Ákærði gat ekki sagt hraða bifreiðar sinnar í umræddri spyrnu og sagði mílumæli vera á bifreiðinni, og vissi hann ekki nákvæmlega hlutföllin milli mílu og kílómetra. Hann sagði hraðann þó hafa verið frekar mikinn og umfram það, sem leyfilegt er. Hann sagði, að í þann mund, sem hann beygði til vinstri upp Hafnaveg, hafi hann ekki séð til ferðar Ö 132 og talið hana vera víðs fjarri. Hann kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir hraða Ö 132, er hann sá hana í baksýnisspeglinum. Nefnda beygju kvaðst hann hafa tekið á venjulegum hraða, þ. e. á þeim hraða, sem hann sé yfirleitt á við beygju innanbæjar. Ekkert hafi hann sveigt til hægri, áður en hann tók beygjuna til vinstri.

Ákærða var í dóminum sýndur uppdráttur lögreglunnar af vettvangi, og taldi hann áreksturinn hafa átt sér stað á móts við Hafnaveg. Taldi hann stað þann, sem á uppdrættinum er markaður „mold og glerbrot", eiga að vera nær gatnamótunum. Sagðist hann hafa tekið beygjuna með eðlilegum hætti og hafi hann alls ekki verið kominn fram hjá gatnamótunum, er árekstrurinn átti sér stað. Sagði ákærði ranga framburði Rúnars Ingibergssonar og Skjaldar Árnasonar, sem síðar verður lýst, þess efnis, að hann hefði verið kominn fram hjá gatnamótunum, er hann tók beygjuna.

Ákærði kvað báðum farþegum sínum hafa verið ljóst, að fara átti í spyrnu.

Ákærði Valþór greinir í lögregluskýrslu frá upphafi samskipta þeirra Magnúsar þennan morgun með svipuðum hætti og ákærði

Magnús. Hann kvað J 237 hafa snúið við við innri afleggjarann til Innri-Njarðvíkur og hafi hann einnig snúið bifreið sinni við þarna. Stöðvuðu þeir síðan bifreiðarnar á brautinni, samsíða, en óku síðan af stað, og náði J 237 forskoti og varð nokkuð á undan. Jókst hraði Ö 132 fljótt, og taldi ákærði, að hann hefði komist í u. þ. b. 110 til 120 km hraða miðað við klst. Móts við Hafnaveg sá hann hemlaljós kvikna á J 237, hægra megin. Hóf hann þá þegar að hemla sinni bifreið, þar sem hann taldi, að ökumaður J 237 ætlaði að stöðva þarna á brautinni til að tala við þá, sem í Ö 132 voru. Ekkert hafi þó verið ákveðið um það, áður en aksturinn hófst. Nálgaðist hann bifreiðina J 237 nokkuð hratt og hugðist fara fram úr henni. Er J 237 var komin nokkuð fram hjá vegamótunum, var henni sveigt til vinstri í veg fyrir Ö 132. Engin stefnuljós voru tendruð á J 237, er gæfu til kynna fyrirhugaða akstursstefnubreytingu. Skipti engum togum, að bifreiðarnar skullu saman af miklu afli. Mundi ákærði mjög óljóst eftir ferli bifreiðar sinnar eftir það og gat ekki lýst honum af nákvæmni.

Ákærði kvað það rangt, sem segir í skýrslu lögreglunnar af vettvangi, að Rúnar Ingibergsson hafi kastast út úr bifreið hans. Sagði hann, að er bifreiðin hafði stöðvast á toppnum og hann kominn út úr henni, sá hann, hvar Rúnar var að reyna að komast út um glugga hennar. Hljóp hann þá til og hjálpaði honum út og lagði hann við hlið bifreiðarinnar, svo sem lögreglan sýnir í uppdrætti sínum af vettvangi. Að öðru leyti taldi hann nefnda lögregluskýrslu rétta svo og vettvangsuppdráttinn.

Fyrir dómi minnti ákærða, að seinni spyrnan hefði hafist mitt á milli Innri-Njarðvíkurafleggjaranna. Náði bifreiðin J 237 forskoti, sem ákærði taldi mest hafa numið 15 metrum. Sagðist hann hvorki hafa séð hemlaljós né stefnuljós á bifreiðinni J 237, er hún nálgaðist mót Hafnavegar, en hins vegar sá hann, að hún hægði á sér. Ekki sagðist ákærði vita, hvað ákærði Magnús hefði í hyggju, er hann hægði á sér, og hafi hann ákveðið að fara fram úr honum þarna. Skyndilega hafi meðákærði Magnús beygt bifreið sinni til vinstri í veg fyrir bifreiðina Ö 132. Hafi þeir þá verið komnir fram hjá mótum Hafnavegar og hafi Magnús beygt fyrirvaralaust.

Ákærða var sýndur uppdráttur lögreglunnar af vettvangi, og taldi hann stað þann, sem merktur er „mold og glerbrot", eiga að vera fjær gatnamótunum, þ. e. norðar á Reykjanesbrautinni.

Ákærði kvað hraða bifreiðar sinnar hafa verið mestan milli 110 og 115 km miðað við klst. Hafi hann þá litið á hraðamælinn og hraðinn ekkert aukist eftir það.

Ákærði kvaðst hafa verið í 10—15 metra fjarlægð frá J 237, er hún byrjaði að beygja, og hafi hann reynt að forða árekstri (sic) með því að beygja bifreið sinni til vinstri og hemla, en það hafi ekki dugað. Ekki gat hann sagt til um hraða bifreiðar sinnar þá, en sagði, að hann hefði verið búinn að draga talsvert úr ferð þeirri, sem áður var nefnd.

Ákærða var kynntur framburður hans í lögregluskýrslu, þar sem segir, að hægra hemlaljós hafi kviknað á J 237, og sagði hann það rétt vera.

Ákærði kvað öllum farþegum í bifreið sinni hafa verið ljóst, að fara átti í spyrnu, og hafi enginn þeirra mótmælt því.

Ákærða var kynntur framburður vitna fyrir lögreglu um hraða bifreiðarinnar J 237, og kvað hann rangt með farið, að hann hefði verið á bilinu 140—160 km miðað við klst.

Erla Valgeirsdóttir, Reykjanesvegi 12, Njarðvík, farþegi í J 237, kvað bifreiðunum hafa verið snúið við á Reykjanesbrautinni nokkuð fyrir innan innri afleggjarann til Innri-Njarðvíkur. Voru þær síðan stöðvaðar samsíða á brautinni og spyrnan hafin. Náði J 237 strax nokkru forskoti, og var hraði hennar gífurlegur, um 140—160 km miðað við klukkustund, að hún taldi. Er J 237 nálgaðist mót Hafnavegar, ákváðu þau að fara inn á planið við Fitjanesti og hafa þar tal af krökkunum í Ö 132. Þegar J 237 hafði verið sveigt nokkuð til vinstri, hafi það engum togum skipt, að bifreiðarnar skullu saman af miklu afli. Missti ökumaður á Ö 132 þá greinilega vald á bifreið sinni, og fór hún nokkurn spöl á tveimur hjólum (vinstri hjólum), tókst síðan á loft og valt þrjár til fjórar veltur, að Erlu fannst.

Fyrir dómi var lýsing Erlu á atvikum í meginatriðum samhljóða framangreindum framburði hennar. Hún kvaðst ekki vita, hversu miklu forskoti J 237 náði, þar sem hún leit aldrei aftur fyrir sig. Hraði bifreiðarinnar var mikill, og taldi hún hann hafa orðið yfir 100 km miðað við klst. Ekki hafi hún þó litið á hraðamælinn. Hún taldi hraðann 140—160 km miðað við klst., sem hún nefnir í lögregluskýrslu, ekki vera fjarri lagi.

Erla kvað þau í J 237 hafa ákveðið, er þau nálguðust mót Hafnavegar, að beygja upp veginn að Fitjanesti. Hafi ákærði Magnús hægt á bifreið sinni með fyrirvara og verið byrjaður að taka beygjuna á eðlilegum hraða, en þá hafi árekstur inn orð-

ið. Ekki tók Erla eftir því, að ákærði hefði verið kominn fram hjá Hafnavegi, er hann tók beygjuna. Hún taldi stað þann, sem merktur er „mold og glerbrot" á vettvangsuppdrættinum, hljóta að byrja nær gatnamótunum, þ. e. meira móts við Hafnaveg. Ekki tók Erla heldur eftir því, hvort ákærði gaf stefnuljós, og vissi ekki, hvar Ö 132 var stödd, er J 237 byrjaði beygjuna. Hún kvað Ö 132 greinilega hafa verið á mikilli ferð, er árekturinn varð.

Erla sagði þau Finn Halldórsson, farþega í J 237, ekki hafa mótmælt því, er ákveðið var að fara í spyrnu.

Finnur Kr. Halldórsson, Hlíðarvegi 28, Njarðvík, lýsir upphafi spyrnunnar á Reykjanesbraut með sama hætti og Erla Valgeirsdóttir. Náði J 237 miklu forskoti. Taldi hann hraða J 237 þarna hafa verið nokkru minni en í fyrri spyrnunni, sem farið var í, þegar bifreiðarnar óku frá Keflavík, en í þeirri spyrnu hafi hraði J 237 verið um 140—160 km miðað við klst. Er þau nálguðust mót Hafnavegar, hægði J 237 mikið ferðina og var kominn á um 70—80 km hraða, þegar Erla stakk upp á að beygja inn á planið við Fitjanesti. Eftir að hafa hægt enn frekar ferðina hóf Magnús að beygja til vinstri, stöðvaði síðan í örfáar sekúndur, en tók síðan af stað og hélt áfram að beygja. Skyndilega og þeim í J 237 að óvörum skall bifreiðin Ö 132 af miklu afli í vinstra framhorn J 237. Virtist ökumaður Ö 132 missa vald á bifreið sinni við höggið, og fór hún nokkuð langa leið á tveimur hjólum, vinstri hjólunum, hentist síðan í loft upp og fór einn til tvo hringi, áður en hún kom niður, og valt síðan áfram.

Fyrir dómi sagði Finnur, að hann hefði setið í framsætinu í J 237 milli Magnúsar og Erlu. Ekki hafi hann haft neitt á móti því, að farið væri í spyrnu. Hann sagði J 237 þegar hafa tekið forystuna og talsvert hafi dregið í sundur með bifreiðunum. Hafi ákærði Magnús nefnt, að hraði bifreiðarinnar væri 160 km miðað við klst., en ekki kvaðst Finnur hafa litið á hraðamælinn. Sagðist hann telja, að þessi hraði bifreiðarinnar gæti staðist. Hann kvað Erlu hafa stungið upp á því að fara upp að Fitjanesti, þ. e. beygja upp Hafnaveg, þegar þau nálguðust gatnamótin. Hafi ákærði Magnús þá byrjað að hægja á ferð bifreiðar sinnar og hafi hann byrjað beygjuna með eðlilegum hætti, bæði hvað snerti hraða bifreiðarinnar og staðsetningu. Hann sagði, að sig minnti jafnvel, að Magnús hefði stöðvað bifreið sína þarna á móts við Hafnaveg í örskamma stund, áður en hann hóf beygjuna. Hann kvað J 237 hafa verið staðsetta við miðju Reykjanes-

brautar, er beygjan hófst, og henni hafi aldrei verið ekið út í hægri vegarkantinn þarna.

Finnur kvaðst hafa fylgst með ferðum Ö 132 og síðast litið aftur, er J 237 var við ytri afleggjarann að Innri-Njarðvík. Var Ö 132 þá allfjarri, um 100 metra aftan við J 237 á að giska.

Finnur taldi, að Magnús hefði gefið stefnuljós til vinstri, er hann nálgaðist gatnamót Hafnavegar, en ekki sá hann það beinlínis. Honum var sýndur vettvangsuppdrátturinn og vakin sérstök athygli á staðsetningu „mold og glerbrot". Hélt Finnur sig fast við það, að bifreiðin hefði nálgast og byrjað beygjuna upp Hafnaveg með eðlilegum hætti. Árekstur inn hefði komið sér algerlega að óvörum, og engin hljóðmerki kvaðst hann hafa heyrt frá Ö 132.

Finnur kvað það hljóta að vera rétt í lögregluskýrslu sinni, þótt hann myndi það ekki fyrir dómi, þar sem segir, að ákærði Magnús hafi verið byrjaður að hægja ferð J 237, þegar Erla stakk upp á því, að beygt yrði upp að Fitjanesti.

Skjöldur Vattnar Árnason, Vesturgötu 34, Keflavík, var einn farþega Ö 132 í umrætt sinn og sat í aftursæti, vinstra megin. Hann kvað J 237 strax hafa náð miklu forskoti í spyrnunni og hafi hraði bifreiðanna orðið gífurlegur, um 150—160 km miðað við klst. á Ö 132. Er J 237 var komin á móts við Hafnaveg, sá Skjöldur hemlaljós kvikna á henni. Kallaði hann þá til ákærða Valþórs og sagði: „Passaðu þig Valþór, hann bremsar". Þegar J 237 var komin nokkuð fram fyrir gatnamótin, var henni ekið alveg út á hægri vegarbrún, og taldi hann, að ökumaður hennar ætlaði að stöðva þar. Hafi ákærði Valþór líklega einnig talið svo, því hann ætlaði að aka fram úr J 237, en er framendi Ö 132 var á móts við afturenda J 237, var síðarnefndu bifreiðinni skyndilega beygt til vinstri í veg fyrir þá fyrrnefndu. Hafi ákærði Valþór reynt að koma í veg fyrir árekstur með því að sveigja til vinstri, en tókst það ekki. Skullu bifreiðarnar saman af miklu afli, og hentist Ö 132 í loft upp og snerist einn til tvo hringi í loftinu, að Skildi fannst. Valt hún síðan eina til tvær veltur, áður en hún stöðvaðist.

Skjöldur kvaðst hafa rankað við sér inni í bifreiðinni, mjög fljótlega eftir að hún hafði stöðvast, og sá hann þá Rúnar Ingibergsson hálfan út úr bifreiðinni, en ákærða Valþór og Stefán heitinn sá hann ekki.

Fyrir dómi skýrði Skjöldur eins frá atvikum og hér hefur verið rakið. Hann kvað J 237 strax hafa náð forskoti, 100—200

metrum, þegar mest var. Hafi hraði bifreiðarinnar verið mikill, og taldi hann, að hann hefði orðið um 140 km miðað við klst. á Ö 132. Var honum bent á, að hann tali um 150—160 km hraða í lögregluskýrslu á nefndri bifreið, og tók hann þá fram, að hér væri um ágiskun sína að ræða, þar sem hann hefði ekki litið á hraðamælinn. Hraðinn hafi allt eins getað verið meiri sem minni en 140 km miðað við klst.

Skjöldur sagði, að áðurnefnt bil á milli bifreiðanna hefði haldist óbreytt, þar til bifreiðin J 237 kom að Hafnavegi. Hafi þá kviknað hemlaljós á bifreiðinni og hún numið staðar eða svo til og ekið út á hægri vegarbrún. Taldi hann, að ákærði Valþór hefði ætlað að fara fram hjá J 237 þarna og halda áfram ferð sinni til Keflavíkur, en Ö 132 var orðin svo til bensínlaus og ákærði því ætlað að skila henni. Sagði hann, að í þann mund sem ákærði hafi ætlað að aka fram hjá J 237, hafi þeirri bifreið verið beygt til vinstri og í veg fyrir Ö 132. Hafi J 237 þá verið staðsett örskammt norðan móta Hafnavegar og Reykjanesbrautar (þ. e. nær Keflavík). Að mati Skjaldar hafi ákærði Magnús þurft að taka U-laga beygju til að komast inn á Hafnaveg.

Skjöldur kvað bifreiðina Ö 132 hafa verið á talsvert mikilli ferð um það leyti sem áreksturinn varð. Engin stefnuljós hafi hann séð á J 237, sem gáfu til kynna fyrirhugaða stefnubreytingu, og engin hljóðmerki hafi ákærði Valþór gefið vegna hins fyrirhugaða framúraksturs hans.

Skjöld minnti, að hann hefði nefnt við ákærða Valþór að vera ekkert að þessari spyrnu, eftir að hún var hafin, en önnur mótmæli hafi hann ekki haft uppi og ekki hafi hann heyrt aðra mótmæla því að fara í spyrnuna. Honum var sýndur vettvangsuppdrátturinn, og taldi hann staðsetningu „mold og glerbrot“ vera rétta.

Rúnar Ingibergsson, Skólavegi 30, Keflavík, sat einnig í aftursæti Ö 132 í umrætt sinn. Hann mundi, að honum fannst hraði Ö 132 vera gífurlegur, er ekið var Reykjanesbrautina í átt til Keflavíkur. Hann kveður ákærða Valþór hafa ætlað að aka fram úr J 237, en rétt norðan við mót Hafnavegar var þeirri bifreið beygt til vinstri í veg fyrir Ö 132. Taldi hann ökumann J 237 hafa ætlað að beygja inn á Hafnaveg, en ekki getað það nógu snemma vegna mikils hraða bifreiðarinnar. Skipti það engum togum, að bifreiðarnar rákust saman, og fann Rúnar, að Ö 132 tókst á loft, en hvað gerðist eftir það, mundi hann mjög óljóst.

Fyrir dómi kvað Rúnar ökumenn nefndra bifreiða hafa sam-

mælst um að fara í spyrnu og hafi farþegunum í báðum bifreiðunum verið þetta ljóst. Tók J 237 þegar forystuna, og kvað Rúnar, að bilið milli bifreiðanna hefði orðið 3—4 bíllengdir. Hann sagði, að hraði bifreiðanna hefði orðið gífurlegur, og nefndi töluna 130—150 km miðað við klst. Ekki hafi hann þó litið á hraðamælinn. Hann kvað J 237 hafa verið sveigt í veg fyrir Ö 132, rétt um það leyti sem síðarnefnda bifreiðin var að taka fram úr. Var hún þá örstutt frá vinstra afturhorni J 237. Hann sagði, að sér fyndist eins og J bifreiðin hefði verið komin fram hjá mótum Hafnavegar, er hún beygði. Ekki tók hann eftir, að J bifreiðin gæfi stefnuljós, og ekki sá hann heldur neitt hemlaljós á bifreiðinni, er hún nálgaðist gatnamótin. Hann sagði og, að ákærði Valþór hefði ekki gefið hljóðmerki né önnur merki um fyrirhugaðan framúrakstur.

Jörgen *Bendt* Pedersen lögreglumaður tók ljósmyndir af vettvangi, og var það í mesta lagi hálfri klukkustund eftir slysið, að hans sögn. Hann sagði enn fremur, að mold og glerbrot úr bifreiðunum hefðu aðallega verið, þar sem beygjan út á Hafnaveg af Reykjanesbraut hefst, þegar komið er frá Keflavík/Njarðvík. Kvað hann vettvangsuppdráttinn sýna rétta staðsetningu þessa, og taldi hann, að áreksturinn hefði orðið þar.

Birgir Ólafsson lögreglumaður ritaði framanlýsta frumskýrslu lögreglunnar og kvað hana gerða eftir bestu vitund og samvisku. Hann sagðist hafa séð um að flytja hina slösuðu á sjúkrahúsið í Keflavík og ekkert unnið að vettvangskönnun fyrr en að því loknu, en um hana höfðu þeir Rúnar og Jóhannes lögreglumenn aðallega séð.

Guðmann *Rúnar* Lúðvíksson lögreglumaður sagði, að þeim Jóhannesi lögreglumanni hefði virst samkvæmt ummerkjum á vettvangi, að bifreiðin J 237 hefði ætlað að taka beygjuna upp Hafnaveg mjög í seinna lagi. Taldi hann, að líklegasti árekstursstaður bifreiðanna hefði verið, þar sem merkt er „mold og glerbrot“ á uppdrættinum.

Jóhannes Jensson lögreglumaður gerði uppdráttinn að vettvangi og væri hann gerður eftir bestu vitund og samvisku. Hann sagðist hafa framkvæmt mælingar og aðrar athuganir á vettvanginum ásamt Rúnari lögreglumanni og unnið uppdráttinn upp úr þeim. Væru allar merkingar á uppdrættinum nákvæmlega rétt staðsettar. Hann taldi aðspurður, að langlíklegasti árekstursstaður bifreiðanna væri, þar sem merkt er „mold og glerbrot“.

Vettvangsuppdrátturinn sýnir, að á Reykjanesbrautina hafði hrunið mold og glerbrot og síðan fleira úr bifreiðunum. Byrjar hrun þetta skammt norðan Hafnavegar, um 13 metra frá miðlínu hans við Reykjanesbraut. Er það við upphaf beygjunnar af Reykjanesbraut út á Hafnaveg, þegar komið er frá Keflavík/Njarðvík, og á vinstri vegarhelmingi Reykjanesbrautar miðað við aksturssteínu til Njarðvíkur/Keflavíkur. Bifreiðin J 237 hefur stöðvast um 46 metra frá stað þessum, en Ö 132 um 72 metra. Hafði hún hafnað á steinsteyptum hitaveitustokki. Á vettvangsuppdráttinn eru enn fremur mörkuð hemlaför, rúmlega 5 metra löng, á Reykjanesbraut móts við miðju Hafnavegar. Töldu lögreglumenn, að þau væru líklega eftir bifreiðina Ö 132.

IV.

Ákærðu hafa báðir viðurkennt að hafa reynt með sér í spyrnu, þ. e. farið í kappakstur, á Reykjanesbraut árla umræddan sunnudagsmorgun, og bera farþegar þeirra með sama hætti um þetta atriði. Ákærðu óku gífurlega hratt í kappakstri þessum og langt umfram það, sem lög leyfa. Enginn farþeganna gat borið um hraða bifreiðanna skv. hraðmæli, en þó þykir unnt að slá því föstu, að hann hafi verið meiri en ákærðu vilja vera láta. Verður að telja, að hraðinn hafi orðið allt að 160 km á klukkustund, þótt um fulla nákvæmni geti eigi verið að ræða. Ekkert var ákveðið um í upphafi, hvar kappakstrinum skyldi ljúka. Ákærði Magnús náði forystu í kappakstri þessum, og er hann kom að Hafnavegi, ákvað hann að beygja til vinstri inn á þann veg. Vissi hann af ákærða Valþór á eftir sér. Af framburði meðákærða Valþórs, vitnanna Skjaldar og Rúnars og ummerkjum á vettvangi er ljóst, að þessi ákvörðun ákærða var tekin með of litlum fyrirvara, enda var hann í raun kominn fram hjá Hafnavegi, er hann hóf að beygja. Má ætla, að það stafi af ofurhraða bifreiðarinnar. Ákærði Magnús kvaðst hafa gefið fyrirhugaða beygju til kynna með stefnumerkjum, en þrátt fyrir það verður að virða honum akstursmáta þennan til stórkostlegs gáleysis, eins og aðstæðum var háttað.

Ákærði Valþór hugðist aka fram úr meðákærða á nefndum gatnamótum og enda þótt hann hafi ekki orðið var merkja um fyrirhugaða stefnubreytingu hans, var framúraksturinn honum óheimill.

Framanlýst háttsemi beggja ákærðu uppfyllti engan veginn þær skyldur, sem hvíla á ökumönnum um varúð og varkárni, og

fór svo, að hún hafði hörmulegar afleiðingar, sem virða verður þeim báðum til sakar.

Háttsemi beggja ákærðu þykir rétt lýst í ákæru, og varðar hún við þau lagaákvæði, sem þar greinir. Við ákæruna er það að athuga, að samkvæmt krufningarskýrslu er dánarstund Stefáns Jens sögð kl. 0800 og á öðrum stað um kl. 1000.

Ákærðu höfðu sammælst um að fara í umræddan kappakstur, og vissu farþegar þeirra það. Ekki mótmæltu þeir þessari ákvörðun ákærðu, og verður að líta svo á, að þeir hafi samþykkt hana. Ekki verður hins vegar á það fallist með verjendum ákærðu, að þetta samþykki leysi þá undan refsingu fyrir brot á þeim ákvæðum almennra hegningarlaga, sem greinir í ákæru. Hins vegar leiðir það til lækkunar við mat á refsingu ákærðu samkv. 4. mgr. 220. gr. alm. hegningarlaga.

Refsingu beggja ákærðu þykir með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald 3 mánuði. Þykja eigi efni til að skilorðsbinda refsingu þessa. Þá þykja báðir ákærðu hafa unnið til ökuleyfissviptingar skv. 81. gr. umferðarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin eitt ár frá birtingu dóms þessa. Loks skulu ákærðu dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar. Ákærði Magnús greiði málsvarnarlaun Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 300.000, og ákærði Valþór málsvarnarlaun Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 300.000, en annan kostnað greiði þeir in solidum.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna dómarans við önnur störf á vegum embættisins og enn fremur vegna sumarleyfis hans.

Dómsorð:

Ákærði Magnús Hafsteinsson sæti varðhaldi 3 mánuði.

Ákærði Valþór Ólason sæti varðhaldi 3 mánuði.

Ákærðu skulu sviptir ökuleyfi í eitt ár frá dómsbirtingu.

Ákærði Magnús greiði laun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.000.

Ákærði Valþór greiði laun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.000.

Ákærðu greiði annan kostnað sakarinnar in solidum.

Þriðjudaginn 2. febrúar 1982.

Nr. 18/1982. **Björn Thoroddsen**
gegn
Þórunni Christiansen.

Kærumál. Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Hlöðver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, kvað upp hinn kærða úrskurð á bæjarþingi Hafnarfjarðar 14. janúar 1982. Með úrskurðinum synjaði hann beiðni sóknaraðilja um 4 vikna frest til að afla vitnaskýrslu Ásgeirs Christiansen, sem búsettur er í Los Angeles í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Sóknaraðili skaut úrskurðinum til Hæstaréttar með kæru 18. janúar 1982, sem barst Hæstarétti 19. s. m. Skírskotar hann til f liðar 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 sem kæruheimildar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og hinn umbeðni frestur veittur. Hann krefst og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Með hinum kærða úrskurði var sóknaraðilja eigi synjað um, að fyrrgreindur Ásgeir Christiansen mætti koma fyrir dóm til að bera vætti í málinu, heldur var úrskurðað, að málinu yrði ekki frestað í því skyni. Lagaheimild brestur til að kæra þann úrskurð, sbr. gagnályktun frá j lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Þriðjudaginn 2. febrúar 1982.

Nr. 143/1979. **Ragnheiður Guðráðsdóttir**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Margréti Pálsdóttur
(Guðmundur Markússon hrl.).

Endurheimta barnalífeyris.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1979. Áfrýjandi krefst sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmd til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti byggði lögmaður áfrýjanda ekki sýknukröfu sína á því, að krafa stefndu væri fallin niður fyrir tómlæti eða fyrningu.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn samtals 4.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Ragnheiður Guðráðsdóttir, greiði stefndu, Margréti Pálsdóttur, samtals 4.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 30. maí 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. maí sl., hefur Margrét Pálsdóttir, Langholtsvegi 204, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 27. janúar 1978, á hendur Ragnheiði Guðráðsdóttur, áður Skeiðarvogi 151, Reykjavík, en nú til heimilis í Bandaríkjunum. Stefnukröfur eru, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 177.973 með 13% ársvöxtum frá 1. ágúst 1975 til 1. desember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk alls málskostnaðar. Þá var upphaflega krafist staðfestingar á kyrrsetningargerð, sem fram fór 20. janúar 1978 í eign stefnda, fasteigninni að Skeiðarvogi 151, Reykjavík.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing í málinu og þær kröfur gerðar, að stefndi verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og auk þess dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Í fógetarétti Reykjavíkur 30. ágúst 1978 varð svofelld sátt með aðiljum:

„1. Stefnandi bæjarþingsmálsins nr. 361/1978 (staðfestingarmál löghalds), Margrét Pálsdóttir, fellur frá kröfum sínum um staðfestingu löghaldsgerðarinnar og samþykkir, að löghaldstryggingu sé skilað. Aðilar eru sáttir á, að dæmt verði um málskostnað löghaldsmálsins kr. 19.310.- eins og löghaldsgerðin hafi ekki fallið niður og stefnandi hafi ekki fallið frá kröfum sínum um staðfestingu löghalds.

Fellur því þegar gert löghald niður.

2. Gerðarþoli, Ragnheiður Guðráðsdóttir, setur að handveði til tryggingar greiðslu á dómkröfum stefnanda í ofangreindu bæjarþingsmáli veðskuldabréf, að fjárhæð kr. 4.283.572.- útg. 21. 7. 1978, með 5. veðrétti í fasteigninni að Skeiðarvogi 151, Reykjavík. Það er í vörzlu Jóns Bjarnasonar, hrl., Bergstaðastræti 44, Reykjavík, og mun hann sjá um vörslur á skuldabréfi þessu og annast greiðslu á dómkröfum stefnanda eftir dóm í málinu. Þó skal honum heimilt að greiða til Ragnheiðar greidda afborgun og vexti, enda sé endanlegur dómur ekki genginn í málinu. Þá skal gerðarþola heimilt að setja aðra tryggingu í samráði við gerðarbeiðanda. Enginn frestur veitist á fullnægju dóms, þó beðið sé eftir greiðslu á veðsk.bréfi."

Sátt um það deiluefni, sem hér er til úrlausnar, hefur verið

reynd fyrir dómi, en án árangurs, en samkvæmt 6. tl. 5. gr. laga nr. 85/1936 skal héraðsdómari leita sátta í málinu.

Málsefnið er það, að Margrét Pálsdóttir krefur Ragnheiði Guðráðsdóttur um barnalífeyri frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Tryggingastofnun ríkisins, sem Ragnheiður tók á móti vegna Margrétar á tímabilinu 1. febrúar 1974 til 31. júlí 1975 samkvæmt upplýsingum greindra stofnana, sem fram koma á dómskj. 3. Margrét er dóttir Ragnheiðar. Hún varð 18 ára 31. júlí 1975, og þá lauk greiðslu barnalífeyris úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Réttur til barnalífeyris vegna Margrétar skapaðist við lát föður hennar, Páls Ragnars Jóhannessonar, sem lést 20. maí 1973. Hún telur sig ekki hafa verið á framfæri móður sinnar greint tímabil og kveðst hafa kostað framfæri sitt sjálf og geri því endurkröfu til þess lífeyris, sem móðir hennar hafi þannig tekið á móti fyrir hennar hönd. Um endurkröfurétt þennan vísar stefnandi til laga um almannatryggingar og svo sérstaklega til 16. gr. laga um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 29/1963.

Sýknukrafa Ragnheiðar er í fyrsta lagi byggð á því, að líta verði á framfærslutímabil barna sem eina heild. Margrét hafi frá fæðingu verið á framfærslu foreldra sinna og eftir lát föðurins á framfæri Ragnheiðar. Hún hafi um sinn horfið af heimilinu, meðan dvalið var um fárra vikna skeið í bráðabirgðahúsnæði, og ráð hafi verið fyrir því gert, að hún kæmi aftur á heimili fjölskyldunnar. Þá er því mótmælt, að Margrét hafi farið af heimilinu fyrr en 14. maí 1974. Þá er því mótmælt, að Margrét eigi sjálfstæðan rétt til að fá til sín lífeyrinn, sem stefnt er út af. Sé þetta talið rétt hjá Margréti, er á því byggt, að réttur hennar sé fallinn niður fyrir fyrningu eða tómlæti hennar.

Af hálfu stefnda hefur verið lögð fram aðiljaskýrsla hans, og af hálfu stefnanda hefur skýrslan verið tekin sem staðfest fyrir dómi. Í skýrslu þessari kemur fram frekari útlistun á málsástæðum þeim, sem raktar eru hér að framan, og málsatvikum lýst af hálfu stefnda, m. a. er þar talinn kostnaður, sem Ragnheiður telur sig hafa haft af framfærslu Margrétar, áður en hún flutti að heiman, og húsgögn, sem Ragnheiður telur sig hafa látið Margréti fá til búnaðar herbergis þess, er hún fékk á nýju heimili.

Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands, þjóðskrá, tilkynnir Margrét sig frá Rauðarárstíg 42, Reykjavík, en þar bjó móðir hennar, að Langholtsvegi 204, Reykjavík, þann 6. júní 1974. Sam-

kvæmt vottorðinu er hún heimilisföst þar til 28. janúar 1975, er hún flytur að Kjalarlandi 12, Reykjavík. Að Kjalarlandi býr hún samkvæmt vottorðinu til 10. ágúst 1976. Samkvæmt framburði Margrétar hér fyrir dómi þann 16. mars 1979 flutti hún að heiman í febrúar—mars 1974. Þennan framburð hennar styður framburður Daðeyjar *Steinunnar* Daðadóttur í þinghaldi 29. mars sl., en Steinunn segir, að stefnandi hafi flutt til sín 15. mars 1974 að Langholtsvegi 204, en Steinunn býr þar. Þær eru sammála um það Margrét og Steinunn, að þangað hafi Margrét flutt að ósk móður sinnar, en ósamkomulag hafi verið með þeim mæðgum og ekki hafi verið ráð fyrir því gert, að Margrét flytti aftur heim. Margrét segir, að ósamkomulag þetta hafi verið út af núverandi stjúpföður hennar, sem hafi ekki þolað hana á heimilinu. Segir hún jafnframt, að hvorugt systkina sinna búi lengur hjá móður þeirra og hafi systir hennar verið farin að heiman á undan henni.

Steinunn Daðadóttir segir, að hún hafi unnið hjá móður Margrétar. Hún hafi stungið upp á því við móðurina, að hún tæki stúlkuna til sín, þar sem móðir hennar kvartaði mjög undan henni og Steinunni vantaði barnfóstru. Segir Steinunn, að Margrét hafi fengið hjá sér herbergi og fæði og auk þess kr. 7.000 á mánuði til að byrja með. Móðir Margrétar hafi ekkert greitt með henni. Síðar hafi Margrét farið að vinna úti, en þó verið hjá henni eitthvað áfram. Henni hafi líkað ágætlega við Margréti og engin vandræði haft af henni. Þær eru sammála um það Margrét og Steinunn, að móðir Margrétar hafi lagt kommóðu og rúm Margrétar með henni í vistina. Margrét segir, að auk þessa hafi móðir hennar lagt til með henni ýmislegt til skrauts úr búi sínu og föður Margrétar.

Eiginmaður Margrétar, Jón Ólafsson, hefur einnig borið fyrir dómi, að það hafi verið að frumkvæði Ragnheiðar, að Margrét fór að heiman. Margrét og Jón voru heitbundin, þá er hún fór að heiman, og bjó hann að Langholtsvegi 204 með henni.

Í þinghaldi 29. mars sl. lagði lögmaður stefnda fram kröfu um, að dómarinn viki sæti í málinu. Lögmaður stefnanda mótmælti þessari kröfu lögmanns stefnda og lýsti gagnaöflun lokið og óskaði eftir því, að dagur yrði ákveðinn til munnlegs flutnings málsins. Dómaranum þótti rétt að taka fyrst fyrir kröfu stefnda um, að dómarinn viki sæti, og kvað upp úrskurð 2. apríl sl., þar sem þeirri kröfu var hafnað. Stefndi skaut þeirri ákvörðun dómarans til Hæstaréttar, sem staðfesti úrskurðinn með dómi

23. apríl sl. Dómarinn tók síðan afstöðu til frestbeiðni stefnda og synjunar stefnanda á frekari fresti til gagnaöflunar með úrskurði, uppkveðnum 25. apríl sl. Dómarinn synjaði þar um frekari frest til gagnaöflunar og ákvað, að munnlegur flutningur málsins skyldi fara fram 28. maí sl., og fór það eftir.

Álit dómsins.

Í 11. gr. laga nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins segir: „Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.“ Í 16. gr., 1. mgr., sömu laga segir síðan: „Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára að aldri, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. . . . “

Af orðalagi þessara ákvæða er ljóst, að börnin sjálf eiga rétt til þessa lífeyris til framfærslu sinnar.

Í 14. gr., 1. mgr., laga nr. 67/1971 um almannatryggingar segir: „Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 17 ára, ef annað hvort foreldra er látið . . .“.

Í sömu grein sömu laga, 4. mgr., segir: „Barnalífeyrir greiðist móður eða foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum, er annast framfærslu þeirra að fullu“.

Samkvæmt orðalagi þessara ákvæða er barnalífeyrir samkvæmt lögunum um almannatryggingar greiddur framfæranda til framfærslu barns.

Samkvæmt því, sem hér er rakið, er rétt að líta á greiðslur eftir hvorum tveggja lögunum sem framfærslueyri. Í báðum tilfellum eru greiðslur miðaðar við ákveðið tímaskeið og ákveðnar sem árlegar greiðslur. Tryggingastofnun ríkisins skiptir greiðslum þessum niður á mánuði. Rétt þykir því að líta á þær sem greiðslur til framfærslu þann tíma, sem greiðsla er miðuð við, að öðrum kosti verður ekki séð, að þær þjóni tilgangi sínum.

Aðiljar eru sammála um, að eftir að Margrét fór að heiman, hafi Ragnheiður ekki greitt til framfærslu hennar. Húsmunir, sem hún lét henni í té við vistaskiptin, þykja hér ekki skipta máli, þar sem þeir verða tæpast taldir skipta sköpum um framfærslu hennar, og stefndi hefur ekki gert gagnkröfu þeirra vegna.

Upphæð þess fjár, sem Ragnheiður tók á móti til framfærslu Margrétar þann tíma, er stefnt er fyrir, er ekki umdeild, heldur

eingöngu, hvenær Margrét fór að heiman. Við það þykir mega miða eftir málflutningi Margrétar, að hún beri ekki brygður á rétt Ragnheiðar til að taka til sín lífeyri samkvæmt hvorum tveggja lögunum, meðan Margrét var á heimili hennar.

Ragnheiður hefur mótmælt, að Margrét hafi farið af heimili hennar fyrr en 14. maí 1974. Þegar litið er til vottorðs Hagstofu Íslands um heimilisfesti Margrétar, þykir þrátt fyrir framburð hennar og Daðeyjar *Steinunnar* Daðadóttur ekki rétt að miða við, að hún hafi farið af framfærslu Ragnheiðar fyrir 14. maí 1974. Samkvæmt framburði Margrétar og vitnisins Daðeyjar *Steinunnar* þykir nægilega fram komið, að Margrét hafi eftir þennan tíma sjálf séð um framfærslu sína og hafi þannig átt rétt á samkvæmt framanskráðri lögskýringu að fá til sín lífeyri eftir hvorum tveggja lögunum.

Lög nr. 95/1947 um lögræði þykja ekki, eins og hér háttar til, breyta þessari niðurstöðu, sbr. hliðsjón af 18. gr., 1. mgr., þeirra laga.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 14/1904 (sic) fyrnast kröfur ómyndugra á hendur fjárhaldsmanni á fjórum árum, frá því er fjárhaldið hættir. Samkvæmt þessu ákvæði var krafa stefnanda á hendur stefnda ófyrnd, þegar mál þetta var höfðað. Eins og hér háttar til, þykir stefnandi ekki heldur hafa sýnt kröfu sinni tómlæti.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða máls þessa sú, að stefndi skal greiða stefnanda kr. 148.904.

Vaxtakröfu hefur ekki verið sérstaklega mótmælt, og er hún tekin til greina af dæmdri upphæð.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.000, og er þá tekið tillit til löghaldskostnaðar og kostnaðar við tvo úrskurði, sem fram fóru að tilhlutan lögmanns stefnda.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ragnheiður Guðráðsdóttir, greiði stefnanda, Margréti Pálsdóttur, kr. 148.904 með 13% ársvöxtum frá 1. ágúst 1975 til 1. desember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 200.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. febrúar 1982.

Nr. 168/1980. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Matthíasi Árna Mathíesen Guðmundssyni
(Ingi Ingimundarson hrl.).

Skjalafals. Brot í opinberu starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 26. júní 1980. Ágrip barst Hæstarétti 30. júlí 1981.

Málinu var af ákæruvaldsins hálfu einnig áfrýjað til þyngingar. Fyrir Hæstarétti gerir ákæruvaldið þessar kröfur:

„Krafist er staðfestingar hins áfrýjaða dóms á sakfellingu í öllum liðum ákæru, I.—X. lið, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og á sakarkostnaðargreiðslu, en jafnframt aðallega, að öll brotin, eins og þeim er lýst í ákæru, varði ákærða einnig refsingu samkvæmt 138. gr. sömu laga, til vara þau brot, er greinir í III.—IV. lið og VIII.—X. lið. Þess er krafist, að refsing ákærða verði þyngd og ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þ. m. t. saksóknarlaun hér fyrir dómi, er renni til ríkissjóðs."

Dómkröfur af hálfu ákærða eru þær, að hann verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfa við viðkomandi broti, og að refsing verði skilorðsbundin.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl.

Auk þeirra leiðréttinga, sem gerðar voru við ákæru, er málið var flutt í héraði, voru við flutning málsins hér fyrir dómi gerðar svofelldar leiðréttingar á ákærunni, sem skipaður verjandi ákærða gerði engar athugasemdir við:

V. liður A, innlagningarseðill í Samvinnubanka, talinn

10.000.00 krónur, en var 20.000.00 krónur, svo sem réttilega er greint í héraðsdómi, IV. liður, 23.—24. töluliður, ávísanir taldar gefnar út 19. nóvember 1975, en þær voru gefnar út 13. desember s. á., sami ákæruliður (IV.), 31. töluliður, ávísun talin gefin út 25. nóvember 1975, en hún var gefin út 25. júní 1976. Jafnframt var það leiðrétt, að ávísun þessi var í raun gefin út í nafni Jóns B. Bjarnasonar, en ekki Sigurjóns Einarssonar, svo sem greinir í ákæru. Var málið reifað fyrir Hæstarétti með hliðsjón af þessum breytingum í samræmi við ákvæði 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

I.

Skilja verður upphafskafla ákæru svo, að þar sé ákærði m. a. ákærður til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fyrir að hafa falsað ökuskírteini þeirra Sigurjóns Einarssonar, Snæbjörns Geirs Viggóssonar og Jóns Bjarna Bjarnasonar (sbr. X. lið ákæru) með því að koma þar fyrir mynd af sjálfum sér og samstilla stimpilför í mynd og ökuskírteini, þannig að út leit sem heilt væri, en ökuskírteini þetta komst ákærði yfir í starfi sínu sem rannsóknarlögreglumaður.

Með því að taka til eigin nota framangreind ökuskírteini, sem ákærði hafði aðgang að vegna starfs síns sem rannsóknarlögreglumaður, og breyta þeim með þeim hætti, sem í ákæru greinir og lýst er nánar í héraðsdómi, og síðan að nota þau til þess að blekkja í lögskiptum þeim, sem greinir hér á eftir, hefur ákærði gerst brotlegur við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 138. gr. sömu laga, að því er varðar stofnun bankareikninga þeirra, sem greinir í III.—IV. lið og VIII. lið ákæru, svo og framsal ávísana samkvæmt 1. og 2. tölulið IX. liðar ákæru. Auk þess þykir sannað, að ákærði hafi notað falsað ökuskírteini Sigurjóns Einarssonar við framsal ávísana þeirra, sem greinir í IV. lið ákæru, 8., 9. og 13. tölulið, Snæbjörns Viggóssonar við framsal ávísunar í IV. lið, 26. tölulið, og Jóns Bjarna Bjarnasonar í IV. lið, 33. og 34. tölulið, Snæbjörns Viggóssonar við framsal

ávísunar í VIII. lið, 4. tölulið, og Jóns Bjarna Bjarnasonar við framsöl ávísana samkvæmt X. lið, 1., 2., 3. og 8. tölulið. Hefur hann með því gerst brotlegur við sömu lagaákvæði.

Svo sem í héraðsdómi greinir, benda líkur til þess, að ákærði hafi notað hin fölsuðu ökuskírteini við stofnun ávísanareiknings 2338 við Breiðholtsútibú Iðnaðarbanka Íslands h/f (IX. liður ákæru) og við framsal nokkurra fleiri ávísana en hér greinir, en eigi þykir sekt ákærða í þeim efnum sönnuð, svo að sakfella megi hann þess vegna.

II.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um sakfellingu ákærða samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fyrir fölsun allra þeirra ávísana og innlagningar- og úttektarseðla, sem honum er í I.—X. lið ákæru gefið að sök að hafa falsað.

III.

Um skjalafals ákærða samkvæmt þessum ákærulið er fjallað með öðrum fölsunarbrotum hans undir I. og II. lið hér að framan. Með því að hagnýta sér tékkhefti það, sem greinir undir þessum ákærulið, með þeim hætti, sem í ákæru og héraðsdómi greinir, hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 138. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Með vísan til yfirlýsingar ákæruvalds hér fyrir dómi kemur hvorki til álita að sakfella ákærða samkvæmt 138. gr. almennra hegningarlaga fyrir að hafa ritað á ritvél rannsóknarlögreglu meginmál tveggja ávísana né vegna þess, að ákærði kann að hafa fært sér í nyt vitneskju, er vera má, að hann hafi fengið í starfi sínu um rannsókn á brotum hans, en hann deildi vinnuherbergi með þeim rannsóknarlögreglumanni, sem falin hafði verið rannsókn brota þessara.

V.

Við ákvörðun refsingar ber að taka tillit til umfangs brotastarfsemi ákærða og að brotin tóku yfir alllangan tíma.

Á hinn bóginn hefur ákærði, svo sem greinir í héraðsdómi, að fullu bætt tjónþolum fjártjón, sem atferli hans olli. Þá missti ákærði starf sitt vegna brota þessara, en nafnbirting ákærða í fjölmiðlum hefur eigi áhrif á ákvörðun á refsingu hans.

VI.

Samkvæmt 1. mgr. 155. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi 20 mánuði, en frá þeirri refsingu dragist með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist hans frá 24. júlí til 4. ágúst 1976.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar. Dæma ber ákærða til þess að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 5.000.00 krónur.

Víta ber drátt þann, sem orðið hefur á meðferð máls þessa hjá sakadómi Kjósarsýslu, einkum drátt þann, sem varð frá flutningi málsins hinn 15. júní 1978 til endurupptöku þess 17. desember 1979 og dómsuppkvaðningar hinn 31. desember 1979.

Dómsorð:

Ákærði, Matthías Árni Mathiesen Guðmundsson, sæti fangelsi 20 mánuði, en þar frá skal draga gæsluvarðhaldsvist hans frá 24. júlí 1976 til 4. ágúst s. á.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kjósarsýslu 31. desember 1979.

Árið 1979, mánudaginn 31. desember, er á dómþingi sakadóms Kjósarsýslu, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31,

Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1610/1976: Ákæruvaldið gegn Matthíasi Árna Mathíesen Guðmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var endanlega 17. desember sl., er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 17. mars 1977, höfðað gegn Matthíasi Árna Mathíesen Guðmundssyni, Byggðarholti 29 í Mosfellshreppi, fyrir skjalafals, fjársvik og brot í opinberu starfi, framin á tímabilinu frá því í ágúst 1975 og fram í júlí 1976 með þeim hætti, að ákærði, sem þá var rannsóknarlögreglumaður í Reykjavík, opnaði á annarra nöfnum í bönkum og bankaútibúum í Reykjavík eftirtalda níu sparisjóðs- og/eða tékkareikninga til þess að nota í viðskiptum til fjársvika og tékkaútgáfu, og í því skyni framvísaði ákærði í afgreiðslum bankanna innlagningar- og úttektarseðlum með fölsuðum nafnritunum, og við opnun tékkareikninganna og notkun margra þeirra tékka, er síðar greinir, ökuskírteinum, sem ákærði hafði ýmist veitt viðtöku eða með öðrum hætti komist yfir í starfi sínu, en öllum breytt þannig, að í þau hafði hann límt myndir af sjálfum sér í stað þeirra, er þar voru fyrir:

I. Sparisjóðsbók í Landsbanka Íslands, aðalbanka, nr. 145975:

A. 18. ágúst opnað ofangreindan reikning með því að framvísa innlagningarseðli, kr. 50.000.00, þar sem ákærði tilgreindi reikningseiganda og innleggjanda Ingvar Jóhannesson, Álftahólum 4.

B. 27. sama mánaðar framvísað í bankanum úttektarseðli á reikninginn með sömu nafnritunum, kr. 40.000.00, sem ákærði fékk greiddar í reiðufé.

C. 29. sama mánaðar framvísað í bankanum innlagningarseðli á reikninginn með sömu nafnritunum, kr. 450.000.00, og greitt hann með því að framvísa tékka á Landsbanka Íslands, útibúið á Selfossi, C 40565, á sparisjóðsávísanareikning 655, sem ákærði hafði þann sama dag gefið út með nafnrituninni Óli Þ. Guðbjartsson og framselt með nafnrituninni Ingvar Jóhannesson og réttu nafnnúmeri þess manns, 4771—5431.

II. Innlánsbók í Útvegsbanka Íslands, aðalbanka, nr. 59172:

A. 11. september opnað ofangreindan reikning með því að framvísa innlagningarseðli, kr. 10.000.00, þar sem ákærði til-

greindi reikningseiganda og innleggjanda Ingvar Jóhannesson, Álftahólum 4, en innlegg þetta greiddi ákærði með tékka, sbr. III. lið, 1. tölul.

B. 15. sama mánaðar framvísað í bankanum úttektarseðli á reikninginn með sömu nafnritunum, kr. 5.000.00, sem ákærði fékk greiddar í reiðufé.

C. 1. október framvísað í bankanum innlagningarseðli á reikninginn með sömu nafnritunum, kr. 170.000.00, sem ákærði greiddi með tékkum, sbr. III. lið, 6. tölul., og IV. lið, 7. tölul., og samhliða því framvísað úttektarseðli á reikninginn með sömu nafnritunum, kr. 90.000.00, sem ákærði fékk greiddar í reiðufé.

D. 13. október framvísað í bankanum úttektarseðli á reikninginn með sömu nafnritunum, kr. 70.000.00, en er ákærði varð var við fyrirstöðu á greiðslu, hvarf hann við svo búið á brott úr bankanum.

III. Tékkareikningur í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, nr. 3006—7:

11. september opnað ofangreindan reikning með því að framvísa í bankanum umsókn með rithandarsýnishorni og innlagningarseðli, kr. 20.000.00, þar sem ákærði tilgreindi reikningseiganda og innleggjanda Sigurjón Einarsson, Suðurhólum 8, og framvísaði þá jafnframt ökuskírteini á því nafni, sem ákærði hafði aflað sér og breytt með þeim hætti, er áður er lýst. Ákærði fékk keypt tékkhefti, eyðublöð nr. 814826—814850, og gaf eftir það út tékka á reikninginn, alla með nafnrituninni Sigurjón Einarsson, og notaði þá í viðskiptum, eins og rakið verður, án þess að raunveruleg innstæða væri fyrir þeim, að undanskildum tékkunum í 1.—5. tölul.:

1. 814826, kr. 10.000.00, til handhafa, dagsettur 11. september. Framseldur nafnrituninni Ingvar Jóhannesson og notaður til greiðslu innleggs í Útvegsbanka Íslands, sbr. II. lið A.

2. 814827, kr. 1.000.00, til handhafa, dagsettur 14. september. Staðgreiðsla fyrir aðgöngumiða að íþróttavelli.

3. 814828, kr. 2.000.00, til handhafa, dagsettur 15. september. Staðgreiðsla fyrir vörur í Apóteki Austurbæjar.

4—5. 814829 og 814830, kr. 4.000.00 og kr. 2.000.00, til Hagkaupa, dagsettir 15. og 26. september. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

6. 814832, kr. 80.000.00, til handhafa, dagsettur 1. október. Sama framsalsritun og notkun og í 1. tölul. greinir, sbr. II. lið C.

7. 814833, kr. 60.000.00, til handhafa, dagsettur 1. október. Framseldur nafnrituninni Ingvar Jóhannesson og notaður til greiðslu innleggs í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi.

8. 814835, kr. 5.000.00, til Hagkaupa, dagsettur 1. október. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

9. 814839, kr. 2.000.00, til handhafa, dagsettur 26. október 1975. Staðgreiðsla fyrir aðgöngumiða í Austurbæjarbíói.

10. 814843, kr. 160.000.00, til Landsbanka Íslands, dagsettur 1. október. Notaður til greiðslu innleggs í Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi.

11. 814844, kr. 6.000.00, til Kaupgarðs, dagsettur 27. október. Staðgreiðsla fyrir vörur í Kaupgarði, Smiðjuvegi 9, Kópavogi.

12. 814847, kr. 50.000.00, til handhafa, dagsettur 6. nóvember. Framseldur með nafnrituninni Sigurður Karlsson og réttu nafnnúmeri þess manns, 7881—3010, og notaður til greiðslu innleggs á sparisjóðsbók nr. 25237, sbr. V. lið B.

13. 814848, kr. 5.000.00, til Vörumarkaðarins, dagsettur 11. nóvember. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

14. 814849, kr. 6.000.00, til SS Laugavegi, dagsettur 11. nóvember. Staðgreiðsla fyrir vörur í verslun SS, Laugavegi 116.

15. 814850, kr. 60.000.00, til handhafa, dagsettur 17. nóvember. Framseldur nafnrituninni Skúli Skúlason og réttu nafnnúmeri þess manns, 8183—5748, og notaður til greiðslu innleggs í Iðnaðarbanka Íslands, sbr. VII. lið C.

IV. Ávísanareikningur í Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, nr. 27520:

16. september opnað ofangreindan reikning með því að framvísa í bankanum umsókn með rithandarsýnishorni og innlagningarseðli, kr. 22.000.00, þar sem ákærði tilgreindi reikningseiganda og innleggjanda Sigurjón Einarsson, Blikahólum 8, og framvísaði þá jafnframt ökuskírteini á því nafni, sem ákærði hafði aflað sér og breytt með þeim hætti, er áður er lýst. Ákærði fékk keypt tékkhefti, eyðublöð 984676—984700, og þann 1. nóvember annað tékkhefti, eyðublöð 1011151—1011175, og gaf út eftirtalda tékka á reikninginn með nafnrituninni Sigurjón Einarsson, nema þar sem annarrar nafnritunar og reikningsnúmers er getið, og notaði þá í viðskiptum, eins og rakið verður, án þess að raunveruleg innstæða væri fyrir þeim, að undanskildum tékkunum í 1.—6. tölul.

1. 984676, kr. 5.000.00, til Hagkaupa, dagsettur 17. september.

Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

2. 984677, kr. 1.000.00, til handhafa, dagsettur 18. september. Greiðsla fyrir aðgöngumiða í Nýja Bíói.

3—6. 984678, kr. 5.000.00, 984679, kr. 2.000.00, 984680, kr. 5.000.00, og 984682, kr. 4.000.00, allir til Hagkaupa, dagsettir 19. september (tveir), 23. og 25. september. Sama notkun og í 1. tölul.

7. 984683, kr. 90.000.00, til handhafa, dagsettur 1. október. Framseldur nafnrituninni Ingvar Jóhannesson og notaður til greiðslu innleggs í Útvegsbanka Íslands, sbr. II. lið C.

8. 984685, kr. 60.000.00, til handhafa, dagsettur 1. október. Framseldur nafnrituninni Sigurjón Einarsson og seldur í Landsbanka Íslands, Vegamótaútibúi, gegn greiðslu í reiðufé.

9. 984687, kr. 60.000.00, til handhafa, dagsettur 1. október. Framseldur nafnrituninni Sigurjón Einarsson og seldur í Landsbanka Íslands, aðalbanka, gegn greiðslu í reiðufé.

10. 984689, kr. 90.000.00, til Búnaðarbanka Íslands, dagsettur 1. október. Notaður til greiðslu innleggs á reikning 3006—7.

11. 984691, kr. 66.000.00, til handhafa, dagsettur 6. nóvember. Framseldur nafnrituninni Sigurður Karlsson og nafnnúmeri þess manns, 7880—3010, og notaður til greiðslu innleggs í Samvinnubankanum, sbr. V. lið B.

12. 984693, kr. 5.000.00, til handhafa, dagsettur 5. nóvember. Staðgreiðsla fyrir vörur í versluninni Ásgeir, Grímsbæ.

13. 984694, kr. 80.000.00, til handhafa, dagsettur 1. október. Framseldur nafnrituninni Sigurjón Einarsson og seldur í Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, gegn greiðslu í reiðufé.

14. 984695, kr. 3.000.00, til handhafa, dagsettur 5. nóvember. Sama notkun og í 12. tölul.

15. 984697, kr. 10.000.00, til Vörumarkaðarins, dagsettur 7. nóvember. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

16. 984699, kr. 50.000.00, til Landsbanka Íslands, dagsettur 14. nóvember. Notaður til greiðslu afborgunar skuldar í Landsbanka Íslands, veðdeild, en meiri hluta tékkafjárhæðarinnar fékk ákærði greitt í reiðufé.

17. 984700, kr. 85.000.00, til handhafa, dagsettur 14. nóvember. Framseldur nafnrituninni Skúli Skúlason og nafnnúmeri þess manns, 8183—5748, og notaður til greiðslu innleggs í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi, sbr. VI. lið B.

18—19. 1011151, kr. 3.000.00, og 1011152, kr. 2.000.00, til Silla

& Valda, dagsettir 18. nóvember. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

20—21. 1011153, kr. 7.000.00, og 1011155, kr. 2.000.00, til SS Glæsibæ, dagsettir 19. nóvember. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

22. 1011156, kr. 30.000.00, til handhafa, dagsettur 20. nóvember. Framseldur nafnrituninni Skúli Skúlason og nafnnúmeri þess manns, 8183—5748, og notaður til greiðslu innleggs í Iðnaðarbanka Íslands h/f, sbr. VII. lið C.

23—24. 1011157, kr. 7.000.00, og 1011158, kr. 2.000.00, til SS Austurveri, dagsettir 19. nóvember. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

25. 1011159, kr. 30.000.00, á ávísanareikning 16360, til handhafa, dagsettur 14. maí. Framseldur nafnrituninni Snæbjörn Viggósson og seldur í Landsbanka Íslands, aðalbanka, gegn greiðslu í reiðufé.

26. 1011160, kr. 30.000.00, á ávísanareikning 16360, til handhafa, dagsettur 14. maí. Framseldur nafnrituninni Snæbjörn Viggósson og seldur í Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, gegn greiðslu í reiðufé.

27. 1011161, kr. 30.000.00, á ávísanareikning 16360, til handhafa, dagsettur 14. maí. Framseldur nafnrituninni Snæbjörn Viggósson og seldur í Landsbanka Íslands, Langholtsútibúi, gegn greiðslu í reiðufé.

28. 1011162, kr. 30.000.00, á ávísanareikning 16360, til handhafa, dagsettur 14. maí. Framseldur nafnrituninni Snæbjörn Viggósson og seldur í Landsbanka Íslands, Árbæjarútibú, gegn greiðslu í reiðufé.

29—30. 1011163, kr. 10.000.00, og 1011164, kr. 10.000.00, báðir á ávísanareikning 17870 og til handhafa, dagsettir 25. júní, útgefnir með nafnrituninni Jón B. Bjarnason. Notaðir í staðgreiðsluviðskiptum í versluninni Útilífi, Glæsibæ.

31. 1011165, kr. 5.000.00, til SS Austurveri, dagsettur 25. nóvember. Sama notkun og í 23.—24. lið.

32. 1011166, kr. 10.000.00, á ávísanareikning 16360, til handhafa, dagsettur 9. júlí, útgefinn með nafnrituninni Jón B. Bjarnason. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum í Skátabúðinni við Snorrabraut.

33. 1011167, kr. 150.000.00, á ávísanareikning 22720, til Jóns Bjarnasonar, útgefinn 15. júlí pr. pr. Klausturhólar, með nafnrituninni Guðm. Axelsson. Tékkann framseldi ákærði nafnritun-

inni Jón B. Bjarnason og framvísaði í Iðnaðarbanka Íslands h/f, Grensásútibúi, til greiðslu innleggs á ávísanareikning 2388, sbr. IX. lið, 3. tölul.

34. 1011168, kr. 120.000.00, og að öðru leyti útfylltur, útgefinn og framseldur sem í 33. lið greinir. Seldur í Landsbanka Íslands, útibúinu Selfossi, gegn greiðslu í reiðufé.

V. Sparisjóðsbók í Samvinnubankanum, Reykjavík, nr. 25237:

A. 4. nóvember opnað ofangreindan reikning með því að framvísa innlagningarseðli, kr. 10.000.00, þar sem ákærði tilgreindi reikningseiganda og innleggjanda Sigurð Karlsson, Krummahólum 4.

B. 7. sama mánaðar framvísað í bankanum innlagningarseðli á reikninginn með sömu nafnritunum, kr. 116.000.00, sem ákærði greiddi með tékkum, sbr. III. lið, 12. tölul., og IV. lið, 11. tölul., og samhliða því framvísað úttektarseðli á reikninginn með sömu nafnritunum, kr. 95.000.00, sem ákærði fékk greiddar i reiðufé.

C. Sama dag framvísað í Samvinnubankanum, Háaleitisútibúi, sparisjóðsbókinni ásamt úttektarseðli með sömu nafnritunum kr. 30.000.00, sem ákærði fékk greiddar í reiðufé.

VI. Sparisjóðsbók í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi, nr. 6227:

A. 12. nóvember opnað ofangreindan reikning með því að framvísa innlagningarseðli, kr. 20.000.00, þar sem ákærði tilgreindi reikningseiganda og innleggjanda Skúla Skúlason, Krummahólum 4.

B. 14. sama mánaðar framvísað innlagningarseðli á reikninginn með sömu nafnritunum, kr. 85.000.00, sem ákærði greiddi með tékka, sbr. IV. lið, 17. tölul.

C. Sama dag framvísað í Samvinnubankanum, Melaútibúi, sparisjóðsbókinni ásamt úttektarseðli með sömu nafnritunum, kr. 80.000.00, sem ákærði fékk greiddar í reiðufé.

VII. Sparisjóðsbók í Iðnaðarbanka Íslands h/f, Reykjavík, nr. 37527:

A. 12. nóvember opnað ofangreindan reikning með því að framvísa innlagningarseðli, kr. 20.000.00, þar sem ákærði tilgreindi reikningseiganda og innleggjanda Skúla Skúlason, Asparfelli 8.

B. 19. sama mánaðar framvísað í bankanum úttektarseðli á reikninginn með sömu nafnritunum, kr. 15.000.00, sem ákærði fékk greiddar í reiðufé.

C. 21. sama mánaðar framvísað innlagningarseðli á reikninginn með sömu nafnritunum, kr. 110.000.00, sem ákærði greiddi með tékkum, sbr. III. lið, 15. tölul., IV. lið, 22. tölul., og VIII. lið, 2. tölul., og samhliða því framvísað úttektarseðli á reikninginn með sömu nafnritunum, kr. 80.000.00, sem ákærði fékk greiddar í reiðufé.

VIII. Tékkareikningar í Búnaðarbanka Íslands, Vesturbæjarútibúi, nr. 1878—0:

20. nóvember opnað ofangreindan reikning með því að framvísa í bankanum umsókn með rithandarsýnishorni og innlagningarseðli, kr. 35.000.00, þar sem ákærði tilgreindi reikningseigandа Snæbjörn Viggósson, Tjarnarbóli 8, og framvísaði þá jafnframt ökuskírteini á því nafni, sem ákærði hafði aflað sér og breytt með þeim hætti, er áður er lýst. Ákærði fékk keypt tékkhefti, eyðublöð 164401—164425, og gaf eftir það út tékka á reikninginn með þeirri nafnritun, nema þar sem annarrar nafnritunar og reikningsnúmers er getið, og notaði þá í viðskiptum, eins og rakið verður, án þess að raunveruleg innstæða væri fyrir þeim, að undanskildum tékkunum í 1. og 2. tölul.:

1. 164401, kr. 10.000.00, til Hagkaupa, dagsettur 20. nóvember. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

2. 164403, kr. 20.000.00, til handhafa, dagsettur 21. nóvember. Framseldur nafnrituninni Skúli Skúlason og nafnnúmeri þess manns, 8183—5748, og notaður til greiðslu innleggs í Iðnaðarbanka Íslands, sbr. VII. lið C.

3. 164404, kr. 40.000.00, til handhafa, dagsettur 1. desember. Framseldur nafnrituninni Snæbjörn Viggósson og seldur í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, gegn greiðslu í reiðufé.

4. 164405, kr. 40.000.00, til handhafa, dagsettur 1. desember. Framseldur nafnrituninni Snæbjörn Viggósson og seldur í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi, gegn greiðslu í reiðufé.

5. 164406, kr. 10.000.00, til Hagkaupa, dagsettur 2. desember. Sama notkun og í 1. tölul.

6. 164408, kr. 10.000.00, til SS Laugavegi, dagsettur 19. desember. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

7—8. 164410, kr. 3.000.00, og 164411, kr. 10.000.00, báðir til

Silla & Valda, dagsettir 19. desember. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

9. 164413, kr. 15.000.00, á ávísanareikning 2138—0, til Hagkaupa, útgefinn 5. mars með nafnrituninni Jón Magnússon. Sama notkun og í 1. tölul.

10—11. 164414, kr. 4.000.00, og 164415, kr. 2.000.00, báðir á ávísanareikning 2187—0, til SS Glæsibæ, útgefnir 5. mars með nafnrituninni Jón Magnússon. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

12. 164417, kr. 5.000.00, til SS Austurveri, dagsettur 19. mars. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

13. 164418, kr. 6.000.00, til SS Hafnarstræti, dagsettur 18. mars. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

14. 164419, kr. 2.000.00, til SS Austurveri, dagsettur 19. mars. Sama notkun og í 12. tölulið.

15. 164420, kr. 10.000.00, á ávísanareikning 2101—0, til Vörumarkaðarins, útgefinn 9. apríl með nafnrituninni Þórir Jónsson. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

16. 164421, kr. 7.000.00, á ávísanareikning 2101—1, til Hagkaupa, útgefinn 14. apríl með nafnrituninni Þórir Jónsson. Sama notkun og í 1. tölul.

17. 164422, kr. 7.000.00, á ávísanareikning 2102—2, til handhafa, dagsettur 14. apríl. Staðgreiðsla fyrir vörur í versluninni Straumnesi við Vesturberg.

18. 164423, kr. 10.000.00, á ávísanareikning 2102—2, til Kron, dagsettur 23. apríl. Staðgreiðsla fyrir vörur í verslun Kron við Stakkahlíð.

19. 164424, kr. 8.000.00, til verslunarinnar Þróttar, dagsettur 30. apríl. Staðgreiðsla fyrir vörur í versluninni Þrótti við Kleppsveg.

20. 164425, kr. 7.500.00, á ávísanareikning 2102—2, til Kron, dagsettur 13. maí. Staðgreiðsla fyrir vörur í verslun Kron við Norðurfell.

IX. Tékkareikningur í Iðnaðarbanka Íslands h/f, Breiðholtsútibúi, nr. 2338:

19. júlí opnað ofangreindan reikning með því að framvísa í bankanum umsókn með rithandarsýnishorni og innlagningarseðli, kr. 40.000.00, þar sem ákærði tilgreindi reikningseiganda og innleggjanda Jón B. Bjarnason, Hrafnhólum 2, og framvísaði þá jafnframt ökuskírteini á því nafni, sem ákærði hafði veitt

viðtöku í starfi sínu og breytt með þeim hætti, er áður hefur verið lýst. Ákærði fékk keypt tékkhefti, eyðublöð 45101—45125, og gaf eftir það út eftirtalda tvo tékka á reikninginn með þeirri nafnritun og notaði þá í viðskiptum, eins og rakið verður, og án þess að raunveruleg innstæða væri fyrir nema fyrri tékkanum:

1. 45105, kr. 30.000.00, til handhafa, dagsettur 19. júlí. Framseldur nafnrituninni Jón B. Bjarnason og seldur í Iðnaðarbanka Íslands h/f, Laugarnesútibúi, gegn greiðslu í reiðufé.

2. 45106, kr. 100.000.00, til handhafa, dagsettur 23. júlí. Framseldur nafnrituninni Jón B. Bjarnason og framvísað í Iðnaðarbanka Íslands, Grensásútibúi, en er ákærði varð þess var, að fyrirstaða var á greiðslu, hrifsaði hann til sín framvísuðu ökuskírteini á nafni Jóns B. Bjarnasonar, og hvarf á brott, en var þá veitt eftirför af rannsóknarlögreglumanni, er var í bankanum á varðstöðu eftir ákærða og handtók hann þar utandyra.

3. Samhliða framvísun á tékka þeim, er í 2. tölulið greinir, framvísaði ákærði í bankaútibúinu innlagningarseðli á reikninginn með sömu nafnritun, kr. 150.000.00, sem ákærði fékk greiðslustimplaðan gegn framvísun tékka sömu fjárhæðar, sbr. IV. lið, 33. tölul.

X.

Um vorið 1976 veitt viðtöku í starfi sínu, án þess að rita um það skýrslu, tékkhefti á Landsbanka Íslands, Vegamótaútibú, með tíu óútfylltum eyðublöðum og ökuskírteini Jóns Bjarna Bjarnasonar, Sörlaskjóli 30, er stolið hafði verið úr fötum Jóns Bjarna í Eimskipafélagshúsinu, Pósthússtræti 2. Ákærði hagnýtti sér þetta hvort tveggja, ökuskírteinið við sölu margra þeirra tékka, er í þessum lið greinir, eftir að hafa breytt því með þeim hætti, er áður er lýst, og tékkaeyðublöðin með útgáfu eftirtaldra átta tékka í nafni Jóns B. Bjarnasonar á ávísanareikning nr. 9367 og til handhafa, nema þar sem annars reikningsnúmers eða viðtakanda er getið, og notkun tékkanna í viðskiptum, eins og rakið verður:

1. 241091, kr. 40.000.00, á ávísanareikning nr. 9453, dagsettur 16. júní. Framseldur nafnrituninni Jón B. Bjarnason og nafnnúmeri þess manns, 5115—5785, og seldur í Landsbanka Íslands, aðalbanka, gegn greiðslu í reiðufé.

2. 241092, kr. 40.000.00, á ávísanareikning nr. 9453, dagsettur 16. júní. Framseldur nafnrituninni Jón B. Bjarnason og nafn-

númeri þess manns, 5115—5785, og seldur í Landsbanka Íslands, Vesturbæjarútibúi, gegn greiðslu í reiðufé.

3. 241093, kr. 40.000.00, á ávísanareikning nr. 9534, dagsettur 16. júní. Framseldur nafnrituninni Jón B. Bjarnason og nafnnúmeri þess manns, 5115—5785, og seldur í Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, gegn greiðslu í reiðufé.

4. 241094, kr. 15.000.00, dagsettur 2. júlí. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum í Álafossi, Vesturgötu 2.

5—6. 241095, kr. 6.000.00, og 241096, kr. 2.200.00, báðir til Kaupgarðs og dagsettir 2. júlí. Staðgreiðsla fyrir vörur í Kaupgarði, Smiðjuvegi 9 í Kópavogi.

7. 241097, kr. 5.000.00, dagsettur 2. júlí. Staðgreiðsla fyrir vörur í Tómstundahúsinu, Laugavegi 164.

8. 241099, kr. 80.000.00, dagsettur 16. júlí. Framseldur nafnrituninni Jón B. Bjarnason og nafnnúmeri þess manns, 5115—5785, og seldur í Landsbanka Íslands, útibúinu á Selfossi, gegn greiðslu í reiðufé.

XI.

Brot ákærða, sem að framan er lýst, teljast varða við *aðallega* 1. mgr. 155. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, *til vara* við 155. gr. og að því er varðar brot þau, er greinir í I. lið C, III.—IV. lið og VIII.—X. lið, við 155. gr., sbr. 138. gr. sömu laga.

XII.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 2. október 1945 í Hafnarfirði, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir.

1963 30/10 í Hafnarfirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 50. og 51. gr. umferðarlaga.

1964 20/3 í Hafnarfirði: Sátt, 350 kr. sekt fyrir brot á 50. og 51. gr. umferðarlaga og banni við framúrakstri.

1964 9/6 í Hafnarfirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga.

1964 16/7 í Hafnarfirði: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á 3. mgr. 51. gr., 1. og 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 38. gr. umferðarlaga og auglýsingu nr. 163/1963.

1964 19/8 í Hafnarfirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr.

26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 47. gr. og 49. gr. umferðarlaga.

1965 4/4 í Hafnarfirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 4. mgr. 46. gr., 50. gr., 51. gr., sbr. 65. gr., 4. mgr. 47. gr., 5. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

Af hálfu verjanda ákærða, Inga Ingimundarsonar, er þess krafist, að ákærði verði dæmdur í vægustu refsingu, sem yrði skilorðsbundin, og honum verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun.

Kröfum sínum til stuðnings taldi hann einkum fram, að ákærði hefði leiðst út í brotin vegna mikilla fjárhagsörðugleika og þegar orðið að líða mikið fyrir þau, svo sem með stöðumissi og með nafnbirtingu og skrifum um brotið í dagblöðum og umræðum í fjölmiðlum, sem hefði komið tilfinningalega illa við ákærða.

Hins vegar hefði ákærði gert sér far um að bæta fyrir brot sín og greitt allar kröfur, sem hafi verið gerðar vegna þeirra.

MÁLAVEXTIR ERU ÞESSIR:

26. nóvember 1975 hafði Ólafur Björnsson, deildarstjóri í hlaupareikninga- og ávísanadeild Austurbæjarútibús Landsbanka Íslands, samband í síma við Helga Daníelsson, aðalvarðstjóra í rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, og tjáði honum, að 16. september 1975 hefði maður að nafni Sigurjón Einarsson, fæddur 12. mars 1950, til heimilis að Blikahólum 8, Reykjavík, með nafnnúmer 7952—3798, opnað ávísanareikning nr. 27520 við bankann. Hann hefði gefið upp sem vinnustað sinn Háskóla Íslands og tilgreint síma þeirrar stofnunar. Við stofnun reikningsins hafði verið lagt inn á hann krónur 22.000, en úttekt var nú komin rúmlega yfir inneign. Af hálfu bankans hafði verið reynt að hafa samband við nefndan Sigurjón, en án árangurs. Óskaði Ólafur aðstoðar rannsóknarlögreglu við að hafa upp á manninum og ná af honum ávísanaheftinu, sem hann væri með. Í ljós kom, að maður með þessu nafni og nafnnúmeri var samkv. þjóðskrá með lögheimili að Lambleiksstöðum, Mýrarhreppi, Austur-Skaftafellssýslu, en átti þá heimili að Vesturbergi 78, Reykjavík.

Hann var kallaður fyrir rannsóknarlögreglu, og neitaði hann að hafa opnað greindan reikning og kvaðst ekki hafa haft viðskipti við Austurbæjarútibú Landsbankans. Hins vegar hafði hann týnt ökuskírteini sínu fyrir 2—3 árum og nafnskírteini sínu þá nýverið.

Við nánari könnun, sem fram fór eftir þetta, kom í ljós, að 11. sept. 1975 hafði verið á sama nafni og nafnnúmeri opnaður ávísanareikningur við aðalbanka Búnaðarbanka Íslands nr. 3006—7, en þar var tilkynnt heimilisfangið Suðurhólar 8. Við opnun höfðu verið lagðar inn á reikninginn kr. 20.000 og síðar kr. 90.000, en teknar höfðu verið út verulegar fjárhæðir fram yfir inneign.

Borin voru saman rithandarsýnishorn á umsóknareyðublöðum um opnun tveggja framangreindra ávísanareikninga, og gat það verið sami maðurinn, sem hafði ritað þau.

Þá var 20. nóvember 1975 opnaður ávísanareikningur í Vesturbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands, nr. 18780, undir nafninu Snæbjörn Viggósson, Tjarnarbóli 8, Seltjarnarnesi, fæddur 20. janúar 1952, nafnnúmer 8228—0251, og þá var gefinn upp sem vinnusími 52365, sem er sími Álversins í Straumsvík. Greiddar voru kr. 35.000 inn á reikninginn við stofnun hans, en fljótlega fóru að berast ávísanir umfram innstæðu, og þegar kom í ljós, að gefnar höfðu verið út ávísanir a. m. k. 85.000 kr. umfram innstæðu, var af hálfu bankaútibúsins reynt að ná sambandi við reikningseiganda, en hvorki í Álverinu í Straumsvík né á uppgefnu heimili var við hann kannast. Samkvæmt þjóðskrá var til maður með sama nafni og nafnnúmeri, en með heimili að Litla-Laugardal, Tálknafirði. Við frekari eftirgrennslan kom í ljós, að sá maður var skipverji á m/b Hörpu, sem gerður var út frá Reykjavík og hafði verið á síldveiðum í Norðursjó í fimm vikur og kom úr síðustu veiðiferðinni 21. nóv. 1975, og því útilokað, að sá maður hefði fengið opnaðan ávísanareikning í Vesturbæjarútibúi Búnaðarbankans, nr. 18780, 20. nóv. 1975.

Hann kom fyrir hjá rannsóknarlögreglu 8. desember 1975 og upplýstist þá, að hann hafði tapað veski sínu í Reykjavík fyrir tveimur til þremur árum og í því verið vegabréf hans, ökuskírteini og nafnskírteini.

Gefnar höfðu verið út margar tékkávísanir á greinda reikninga í nafni tilgreindra reikningseigenda og þær seldar í bönkum, bankaútibúum og verslunum í Reykjavík, og höfðu rannsóknarlögreglunni borist margar kærur vegna þessa 18. maí 1976 og vissi, að von var á fleirum, en henni hafði munnlega verið tilkynnt um sölu margra þessara tékkávísana, en ekki þótti ástæða til, að gengið væri frá skriflegri kæru út af þeim, fyrr en upplýst væri, hver væri hinn raunverulegi útgefandi þeirra. Hins vegar hafði Helgi Daníelsson aðalvarðstjóri, sem aðallega

fór með rannsókn málsins, og fleiri rannsóknarlögreglumenn, strax og fengin var vitneskja um, að seldar höfðu verið tékkávísanir á greinda reikninga, farið á staðinn, þar sem þær voru keyptar, og rætt þar við starfsfólk, en ekki fengið þær upplýsingar, sem upplýst gætu málið eða komið þeim á sporið um, hvaða maður væri þarna að verki.

Komið hafði í ljós á þessu tímabili, að stofnaðar höfðu verið tvær sparisjóðsbækur, önnur við Útvegsbanka Íslands í nafni Ingvars Jóhannessonar, Álftahólum 8, Reykjavík, en hin við Samvinnubankann í Bankastræti í nafni Sigurðar Karlssonar, Krummahólum 4, Reykjavík. Menn með þessi heimilisföng fundust ekki. Sem innlegg á bækur þessar höfðu m. a. verið lagðar tékkávísanir á framangreinda ávísanareikninga, en þeir framseldir í nafni skráðra bókareigenda. Starfsfólk bankans gat ekki gefið neina lýsingu á manni eða mönnum þeim, sem stofnuðu eða lögðu inn á bækurnar.

Þá hafði og verið stofnuð við Landsbanka Íslands, aðalbanka í Austurstræti í Reykjavík, sparisjóðsbók í nafni framangreinds Ingvars Jóhannessonar og m. a. reynt að leggja innn á hana tékkávísun að upphæð kr. 450.000, útgefna í nafni Óla Þ. Guðbjartssonar, en við athugun reyndist hún vera úr gömlu tékkhefti við Landsbanka Íslands, Selfossi, sem öðrum manni hafði verið afhent í útibúinu, Þorlákshöfn, en stafaði ekki frá Óla Þ. Guðbjartssyni, en maður með þessu nafni var þekktur sem sveitarstjóri á Selfossi. Við nafn framseljanda var ritað nafnnúmer, og var sá Ingvar Jóhannesson, sem samkvæmt þjóðskrá bar þetta nafnnúmer, til heimilis að Grettisgötu 77, Reykjavík, og hafði verið í veiðiferð á togara, er bókin var stofnuð og reynt var að selja framangreinda tékkávísun. Hann kannaðist ekki við að hafa stofnað bókina né að hafa framselt tékkann né vissi hann neitt um málið.

Sá, sem hafði komið með tékkávísunina í bankann, hafði horfið skyndilega úr bankanum, eftir að hún var keypt eða við henni tekið án nánari athugunar, og gat starfsfólk bankans ekki gefið nákvæma lýsingu á manninum.

Talin voru vera tengsl á milli þessara mála út af stofnun bankabókanna og svo málanna út af stofnun framangreindra ávísanareikninga og útgáfu tékkávísana á þá. Þóttu rannsóknargögn veita sterkar líkur um, að þarna gæti sami maður verið að verki, sem villti á sér heimildir með notkun rangra nafna.

9. júlí 1976 var svo kært til rannsóknarlögreglunnar út af tékk-

ávísun að upphæð kr. 40.000, var hún á reikning nr. 9534 við Vegamótaútibú Landsbanka Íslands og út gefin af Jóni B. Bjarnasyni og framseld í sama nafni, með heimilisfangi að Sörlaskjóli 30, og nafnnr. 5115—5785. Maður með þessu nafni og nafnnúmeri var samkvæmt þjóðskrá með lögheimili að Gaukshólum 2, Reykjavík. Hann tjáði rannsóknarlögreglunni, að hann hefði glatað veski sínu í byrjun mars 1976, en í því hefði verið m. a. ávísanahefti hans og ökuskírteini. Hann taldi, að því hefði verið stolið úr jakkavasa hans í fatageymslu skrifstofuhúsnæðis Eimskips.

Um 15. júlí s. á. lét rannsóknarlögreglan svo dreifa í alla banka í Reykjavík skriflegum upplýsingum um ávísanafalsara þann, sem hér var talinn eiga hlut að máli, og voru þ. á m. skriftarsýni þessa manns, sem hann hafði ritað undir tékka í nafni Sigurjóns Einarssonar, Snæbjörns Viggóssonar og Jóns B. Bjarnasonar.

Þrátt fyrir þetta gerðist það mánudaginn 19. júlí s. á., að opnaður var ávísanareikningur nr. 2338 í nafni Jóns B. Bjarnasonar við útibú Iðnaðarbanka Íslands í Breiðholti, og voru um leið lagðar inn á reikninginn krónur 40.000 í peningum, og var manninum, sem við opnunina framvísaði ökuskírteini með nafni Jóns B. Bjarnasonar, afhent tékkhefti nr. 45101—45125. Sama dag var svo seldur í útibúi sama banka við Dalbraut einn tékki úr þessu tékkhefti, að upphæð kr. 30.000. Maðurinn, sem seldi tékkann, framvísaði ökuskírteini á nafni Jóns B. Bjarnasonar. Vaknaði grunur hjá starfsfólki útibúsins um, að þarna væri á ferð sá Jón B. Bjarnason, sem rannsóknarlögreglan í Reykjavík lýsti eftir, og var undirskriftin á tékkanum borin saman við skriftarsýnishornið frá rannsóknarlögreglunni, og var starfsfólkið ekki visst um, að það væri sama rithöndin. Haft var samband við starfsstúlku í Breiðholtsútibúinu, og eftir að upplýst var þaðan, að tékkinn væri á gamlan ávísanareikning, sem nýlega hefði verið lagt inn á, var tékkinn keyptur. Síðar kom í ljós, að mistök höfðu átt sér stað, en þá var maðurinn horfinn úr bankanum.

Föstudaginn 23. júlí s. á. voru svo hafðir rannsóknarlögreglumenn í útibúum lðnaðarbanka Íslands, meðan þau voru opin, ef maður þessi kæmi þangað með ávísun. Í Grensásútibúi Iðnaðarbanka Íslands við Háaleitisbraut var Hilmar Björnsson rannsóknarlögreglumaður á verði. Klukkan 1400 kom inn í bankaútibúið maður, sem í útliti svipaði til lýsingar þeirrar, sem til

var af ávísanafalsara þeim, sem leitað var að. Maður þessi vildi leggja inn á framangreindan ávísanareikning nr. 2338 við útibú Iðnaðarbanka Íslands í Breiðholti kr. 150.000 í formi tékkávísunar, sem út gefin var af Klausturhólum h/f, en framseld af Jóni B. Bjarnasyni, en jafnframt vildi hann, að keypt yrði af honum tékkávísun að upphæð kr. 100.000 á sama ávísanareikning nr. 2338, en hún var út gefin og framseld í nafni Jóns B. Bjarnasonar.

Þeim tilmælum hafði verið beint til starfsfólks bankaútibúsins af rannsóknarlögreglu að fylgjast vel með, ef maður kæmi inn í bankaútibúið og vildi opna reikning undir nöfnum Sigurjóns Einarssonar, Snæbjörns Viggóssonar eða Jóns B. Bjarnasonar eða selja ávísanir með nöfnum þessara manna, og var starfsfólkinu, eða Kristínu Guðmundsdóttur bankafulltrúa, fengið í hendur ljósrit af tékkávísunum, sem út gefnar voru í nafni þessara manna. Þá voru því og gefin upp númer á eyðublöðum í nokkrum tékkheftum, sem þau voru beðin að fylgjast vel með, og láta lögregluna vita, ef tékkar kæmu inn með þessum númerum.

Er framangreindur maður vildi fá tékkávísunina að upphæð kr. 100.000 greidda hjá gjaldkera, vildi gjaldkerinn kanna, hvort innstæða væri til fyrir henni með því að hringja í útibú bankans í Breiðholti, en það þótti manninum óþarfi, þar sem hann væri að leggja kr. 150.000 inn á sama reikning. Gjaldkerinn gaf nú öðru starfsfólki til kynna, að ekki væri allt með felldu. Kom þá Kristín Guðmundsdóttir bankafulltrúi að gjaldkerastúkunni, horfði yfir öxl gjaldkerans og sá, að þar var tékkávísun, útgefin af Jóni B. Bjarnasyni. Hún hélt þá þegar til Hilmars Björnssonar rannsóknarlögreglumanns, sem hélt til á skrifstofu útibússtjórans, þar sem útsýni var yfir afgreiðslusalinn, og tjáði honum, hvað gerst hafði. Kom hann þá fram að afgreiðslustúkunni og spurði, hvort þar væri ekki allt í lagi. Maðurinn teygði sig þá í tékkann á Breiðholtsútibúið og sagðist ætla að ganga frá þessu í Breiðholtsútibúinu og gekk út úr útibúinu, og tók hann og með sér ökuskírteini, sem hann hafði framvísað, en eftir varð tékkávísunin á Landsbanka Íslands, útgefin af Klausturhólum.

Hilmar Björnsson rannsóknarlögreglumaður brást við skjótt og hljóp á eftir manninum og náði honum á móts við bakarí þarna rétt hjá. Kom í ljós, að hann var ákærði í máli þessu, og var hann færður fyrir Njörð Snæhólm, aðalvarðstjóra rannsóknarlögreglu, og viðurkenndi fyrir honum og Hilmari að hafa

staðið í ávísanafalsi því, sem hér um ræðir. Hann afhenti þeim þau plögg, sem hann var með í sambandi við tékkaútgáfuna, en það voru: — Búnaðarbankatékkaveski, ökuskírteini Jóns Bjarnasonar, fædds 25. apríl 1953, nafnnr. 5115—5785, til heimilis að Sörlaskjóli 30, Reykjavík, með mynd af ákærða og fölsuðum stimpli, útgefið 27. maí 1971 í Reykjavík, nr. 44039, kvittun fyrir innborgun á reikning nr. 2338 í Grensásútibúi Iðnaðarbanka Íslands, að upphæð kr. 150.000, reikningseigandi Jón B. Bjarnason, Hrafnhólum 2, greiðandi sjálfur og dagsetning 23. júlí 1976, útfylltur tékki á Iðnaðarbankann h/f, Breiðholtsútibú, nr. 45106, á reikning nr. 2338, til handhafa, kr. 100.000, útgefinn 23. júlí 1976 af Jóni B. Bjarnasyni og framseldur af sama, tékkhefti á Landsbanka Íslands, Vegamótaútibú, nr. 241076—241100, eitt eyðublað eftir í því, tékkhefti á Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibú, nr. 1011151—1011175, 6 eyðublöð eftir, tékkhefti á Iðnaðarbanka Íslands h/f, Breiðholtsútibú, nr. 0045101—00451125, 23 eyðublöð eftir, kr. 5.000 í peningum, einn seðill, 4 lyklar að húsakynnum rannsóknarlögreglunnar og rannsóknarlögregluskilríki hans.

Ákærði var svo færður í fangelsið að Síðumúla 28, Reykjavík, þar sem hann var hafður í haldi frá kl. 1225 og var næsta dag í sakadómi Kjósarsýslu úrskurðaður til að hlíta allt að 14 daga gæsluvarðhaldi, meðan rannsókn málsins væri haldið áfram.

Ákærði réðst til lögreglustjórans í Reykjavík 1964 og starfaði þar við almenn lögreglustörf fram til ársins 1967 og svo aftur frá 1972 og út árið 1974. 20. febrúar 1975 réðst hann til starfa hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, en hafði áður starfað þar sem sumarafleysingamaður. Hann starfaði í þeirri deild rannsóknarlögreglunnar, sem fæst við afbrot barna og unglinga. Hann sagði upp starfi sínu 24. júlí 1976 vegna máls þessa og var veitt lausn frá stöðu sinni sem rannsóknarlögreglumanni í Reykjavík frá og með 1. ágúst 1976.

Á miðju ári 1975 kvaðst ákærði hafa átt í peningavandræðum og fjárhagsörðugleikum, svo sem nánar verður vikið að síðar.

Í september s. á. taldi hann sig hafa fundið lausn á þessu vandamáli með því að opna tvo ávísanareikninga undir fölsku nafni við Landsbanka Íslands, Laugavegi 77, Reykjavík, og Búnaðarbanka Íslands, Austurstræti, Reykjavík, og verða sér úti um peninga með því að selja tékkávísanir á greinda reikninga, gefnar út af honum í nafni reikningseiganda. Í framhaldi af þessu stofnaði ákærði í desember 1975 ávísanareikning í Vesturbæjar-

útibúi Búnaðarbanka Íslands og síðar annan í Breiðholtsútibúi Iðnaðarbanka Íslands, báða undir fölskum nöfnum. Við opnun framangreindra ávísanareikninga lagði ákærði inn á þá vel það, sem tilskilið var til stofnunar þeirra, og fékk afhent tékkhefti. Hann gaf svo út tékkávísanir á greinda reikninga í nafni þeirra, sem hann hafði tilnefnt sem stofnendur þeirra. Auk þess hafði hann í starfi sínu fengið í hendur tékkhefti, sem var meðal þýfis, sem skilað var til hans, og gaf hann út úr því nokkrar tékkávísanir undir fölskum nöfnum. Alls gaf ákærði út og kom eða reyndi að koma í umferð 80 fölskum tékkávísunum, samtals að upphæð kr. 2.686.700.

Þær ávísanir, sem honum tókst að koma í umferð, seldi hann í bönkum, verslunum og víðar gegn greiðslum í peningum, vörum og þjónustu, en suma lagði hann inn í banka sem innlegg á fyrrgreinda ávísanareikninga og þá á víxl til að mynda falska innstæðu á þeim, en öðrum, framvísaði hann í bönkum sem innleggi á sparisjóðsreikninga, sem hann stofnaði undir fölskum nöfnum, upphaflega með smáinnleggi í peningum. Tékkávísanir þær, sem hann lagði þannig inn, framseldi hann yfirleitt í nafni reikningseiganda, sbr. nánar síðar.

Fram er komið í málinu, að til að opna ávísanareikninga í bönkum svo og til að fá tékkávísanir greiddar hjá gjaldkerum þeirra með peningum er krafist, að hlutaðeigandi sanni á sér deili með persónuskilríkjum, auk þess sem við opnun ávísanareikninga er stundum krafist meðmælanda og svo lágmarksinngreiðslu á reikninginn. Hins vegar er yfirleitt ekki krafist persónuskilríkja af mönnum, er tekið er við tékkávísun sem innleggi á ávísana- eða aðra bankareikninga né þegar þeir eru notaðir til greiðslu skulda í bönkunum. Við stofnun sparisjóðsreikninga mun heldur ekki krafist persónuskilríkja.

Í starfi sínu sem rannsóknarlögreglumaður hafði ákærði aðgang að ýmsum týndum munum, sem skilað hafði verið til rannsóknarlögreglunnar, þ. á m. voru ökuskírteini. Ákærði sló eign sinni á tvö ökuskírteini, sem þannig voru í vörslu rannsóknarlögreglunnar. Voru þau á nafni Sigurjóns Einarssonar, nafnnr. 7952—3798, og Snæbjarnar Geirs Viggóssonar, nafnnr. 8228—0251.

Til þess að opna framangreinda ávísanareikninga undir fölskum nöfnum varð ákærði að geta framvísað persónuskilríkjum þess manns, sem hann ætlaði að opna reikning á og í hans nafni. Í því skyni að koma þessu í kring breytti hann ökuskírtein-

unum þannig, að hann tók úr þeim myndirnar, en límdi inn á þau í staðinn mynd af sér úr gömlu ökuskírteini, sem hann átti, og hagaði því þannig, er hann límdi myndina, að stimpilhlutinn, sem var á myndinni, féll sem nákvæmast og eðlilegast að þeim stimpilhluta, sem fyrir var í ökuskírteininu, svo að það liti út fyrir að vera heill og upprunalegur stimpill, sem stimplast hefði samtímis á myndina og ökuskírteinið. Á sama hátt breytti hann og ökuskírteini Jóns Bjarna Bjarnasonar, Sörlaskjóli 30, Reykjavík, nafnnr. 5115—5785, en ökuskírteini þetta var í veski framangreinds Jóns, sem stolið var úr jakka hans, sem hann hafði lagt frá sér á vinnustað sínum. Ákærði hafði farið með önnur mál þeirra ungmenna, sem sök áttu á þjófnaði þessum, en þau sáu að sér, er þau höfðu framið brotið, og gáfu sig sjálfviljug fram við ákærða og skiluðu honum þýfinu. Hann sló eign sinni á ökuskírteini þetta. Eftir að hafa breytt ökuskírteinunum hagnýtti hann sér þau við stofnun ávísanareikninganna, sem hann stofnaði á nöfnum þeim, sem skráð voru á ökuskírteinin, en hafði þó reikningana ekki á sama heimilisfang og þar. Þá notaði hann og ökuskírteinin til framvísunar, er hann var krafinn persónuskilríkja, er hann var að selja sumar ávísanir, sem hann gaf út á framangreinda reikninga, en það var aðallega í bönkum, er hann fékk þær þar innleystar með peningum.

Auk þess, sem að framan er getið, opnaði ákærði 5 sparisjóðsreikninga í jafnmörgum bönkum í Reykjavík og alla undir fölskum nöfnum. Nöfn þau, sem ákærði notaði í þessum tilvikum, voru Ingvar Jóhannesson, nafnnr. 4771—5431, Sigurður Karlsson, nafnnr. 7880—3010, og Skúli Skúlason, nafnnr. 8183—5748. Kvaðst hann ekki hafa þekkt menn með þessum nöfnum né vitað deili á þeim. Hann hafði aflað sér upplýsinga um nafnnúmer þeirra, áður en hann fór í bankann, og stofnaði sparisjóðsreikningana á nöfnum þeirra, og kvað hann það hafa getað verið með tvennu móti. Hann hafi getað séð og fengið nafnskírteini þessara manna í óskilamunum hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík og hann ekki sýnt þau, er hann stofnaði reikningana, og hafi það gerst í einhverjum tilvikum. Einnig kvaðst ákærði hafa getað fengið nafnnúmerin úr þjóðskrá, en hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík hafi verið nafnaskrá um alla landsmenn, útgefin af Hagstofu Íslands, og hefði hann og getað aflað sér nafnnúmeranna úr þeirri skrá.

Við stofnun sparisjóðsreikninganna lagði ákærði inn á þá smá-

upphæðir í peningum eða gildum ávísunum, en tók meginhluta þess út af reikningnum aftur, eftir að það hafði staðið inni á reikningnum í smátíma. Eftir það eru reikningarnir einungis notaðir í tengslum við tékkaútgáfu ákærða. Hann lagði inn á reikningana sem innlegg ávísanir, sem hann hafði falsað, og tók svo sama dag og lagt var inn eða litlu síðar eða reyndi að taka út af reikningunum þær innstæður, sem þannig höfðu skapast. Tékkarnir höfðu því yfirleitt ekki farið í tékkaskipti milli banka, er ákærði hafði tekið út af sparisjóðsreikningum sem svaraði upphæð þeirra og þá því ekki komið í ljós, að raunverulega innstæðu skorti fyrir þeim og að þeir væru falsaðir.

Eins og áður er getið, er almennt ekki krafist í bönkum persónuskilríkja, er tekið er við tékkum sem innleggi á bankareikninga né þegar tekið er út af sparisjóðsreikningum af handhafa sparisjóðsbókar, einkum ef hann er skráður eigandi hennar. Með þessum hætti var auðveldara fyrir ákærða að koma hinum fölsku tékkum í umferð og jafnframt að fá andvirði þeirra greitt úr bankanum, án þess að það vekti tortryggni, en þá tékka, sem hann lagði inn á sparisjóðsreikningana, framseldi hann um leið á nafn skráðs reikningseiganda og hafði þá útfyllt tékkana að öðru leyti, er hann kom með þá í bankana, en annars útfyllti hann yfirleitt tékkana á þeim stöðum, þar sem hann framvísaði þeim til greiðslu.

Verður nú vikið nánar að því, hvernig háttað var opnun og notkun hvers einstaks bankareiknings svo og útgáfu og notkun tékkávísananna og fylgt sömu kaflaskiptingu og númeraröð og í ákæru, en þar er reikningunum og tékkunum rétt lýst að öðru leyti en því, að í III. kafla, lið 4—5, eiga að standa nr. 814829 og 814830 og í lið 7 814835, svo sem leiðrétt hefur verið og eigi sætir andmælum, sbr. og misritun í lið IV og VI.

I. Sparisjóðsbók í Landsbanka Íslands, aðalbanka, nr. 145975.

A.

18. ágúst 1975 opnaði ákærði framangreindan reikning í nafni Ingvars Jóhannessonar, Álftahólum 8, Reykjavík, með því að framvísa í bankanum innlagningarseðli að upphæð kr. 50.000 og tilgreindi þar nefndan Ingvar sem reikningseiganda og innleggjanda, en ákærði þekkti ekki né vissi deili á Ingvari þessum og hafði ekki heimild til þessarar notkunar á nafni hans. Ákærði reiddi af hendi greiðslu á kr. 50.000 hjá gjaldkera og

fékk þá afhenta sparisjóðsbók, þar sem upphæð þessi var færð inn sem innstæða.

D.

27. ágúst 1979 er tekið út úr bókinni kr. 40.000, og er það gert með því, að ákærði framvísaði í bankanum úttektarseðli á bókina með sömu nafnritunum og á innlagningarseðli í lið A og hafði hann að upphæð kr. 40.000, sem hann fékk greitt í reiðufé.

C.

29. ágúst s. á. fyllti ákærði svo út og framvísaði í bankanum innlagningarseðli með sömu nafnritunum og áður, og er hann að upphæð kr. 450.000. Hann greiddi þetta innlegg hjá einum gjaldkera bankans, Helgu Nílsen, á kassa nr. 3, með því að framvísa þar tékka nr. C 40565 á Landsbanka Íslands, útibúið á Selfossi, að upphæð kr. 450.000 á ávísanareikning 655. Tékkávísunin er dagsett sama dag, 29. ágúst 1975, og samkvæmt nafnritun útgefin af Óla Þ. Guðbjartssyni. Ákærði framseldi ávísun þessa þarna með því að rita á bakhlið hennar nafn Ingvars Jóhannessonar, Álftahólum 4, Reykjavík, nafnnr. 4771—5431, en hann hafði, áður en hann kom í bankann, aflað sér upplýsinga um, að nafnnúmer þetta átti við mann með þessu nafni. Hann var ekki krafinn um persónuskilríki, og var tekið við tékkanum, en þó með athugasemdum, en skömmu eftir að ákærði var farinn, fékk Helga gjaldkeri bakþanka um, að ástæða væri til að athuga tékkann frekar, en tékkaeyðublaðið, sem tékkinn var ritaður á, var af gamalli gerð, sem almennt var löngu hætt að nota í bankanum. Hún hringdi því í útibú Landsbankans á Selfossi og fékk þar upplýst, að skráður útgefandi tékkans átti ekki það reikningsnúmer, sem á tékkanum var, né var til innstæða á reikningnum fyrir tékkanum. Helga gerði í framhaldi af þessu ráðstafanir til, að ekki yrði greidd út af sparisjóðsreikningum framangreind upphæð, sem færð hafði verið sem innstæða í bókina.

Ákærði kvaðst hafa í júlí eða ágúst 1975 fundið á glámbekk tékkhefti á Landsbanka Íslands, útibúið á Selfossi, og tekið úr því eitt blað, sem hann útfyllti. Var það framangreindur tékki, sem ákærði gaf út í nafni Óla Þ. Guðbjartssonar. Er ákærði var á leið út úr bankanum, sá hann, að gjaldkerinn hringdi út af tékkanum, og taldi þá líklegt, að hann væri að kæra út af þessum tékka, og hraðaði sér út og eyðilagði bókina án þess að reyna að taka hina skráðu innstæðu út úr bókinni, sem hann hefði annars gert og notað peningana, sem hann hefði þannig fengið,

til húss síns, sem hann var með í byggingu, þ. e. greiðslu skulda af því og til greiðslu á vörum vegna þess svo og til greiðslu á vörum til heimilisafnota.

II. Innlánsbók í Útvegsbanka Íslands, aðalbanka, nr. 59172.

A.

11. september 1975 opnaði ákærði framangreindan reikning í nafni Ingvars Jóhannessonar, Álftahólum 4, Reykjavík. Framvísaði hann í bankanum innlagningarseðli, sem hann hafði útfyllt á nafn framangreinds Ingvars, að upphæð kr. 10.000, og tilgreindi og Ingvar sem reikningseiganda. Ekki verður séð á gögnum málsins, að hann hafi þurft að sanna á sér deili, og á innlagningarseðlinum er ekki tilgreint nafnnúmer nefnds Ingvars. Ákærði greiddi innleggið með því að framvísa við gjaldkera tékkávísun við Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, að upphæð kr. 10.000. Samkv. nafnritun á tékkávísunina var hún út gefin af Sigurjóni Einarssyni, en ákærði framseldi hana í bankanum með því að rita á bakhlið hennar nafn framangreinds Ingvars og fékk þá afhenta almenna bankabók á framangreint reikningsnúmer, þar sem færð hafði verið inn innstæða á kr. 10.000. Tékkávísunina hafði ákærði falsað með því að gefa hana án heimildar út í nafni Sigurjóns Einarssonar, sbr. III. liður, 1, hér á eftir.

B.

15. september 1975 tók ákærði út af reikningnum kr. 5.000. Framvísaði hann í bankanum úttektarseðli, sem hann hafði útfyllt á reikninginn að þessari upphæð, þar sem hann ritaði nafn Ingvars Jóhannessonar, Álftahólum 4, sem eiganda bókarinnar og sama nafn um þann, sem tæki út. Hann fékk svo framangreinda upphæð greidda í reiðufé hjá gjaldkera.

C.

1. október 1975 lagði ákærði kr. 170.000 inn á ofangreindan reikning í formi tveggja tékkávísana, sem voru samanlagt þessarar upphæðar. Hann fyllti út og framvísaði innlagningarseðli þessarar upphæðar með sömu nafnritunum og í lið A. Ávísanirnar framseldi hann með sömu nafnritunum og var færð upphæð þeirra til inneignar í bankareikningum. Önnur tékkávísun var við Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, eyðublað nr. 814832, að upphæð kr. 80.000, til handhafa, en hin var við Landsbanka

Íslands, Austurbæjarútibú, eyðublað nr. 984683, að upphæð kr. 90.000, báðar gefnar út í nafni Sigurjóns Einarssonar, sem ákærði hafði falsað, sbr. III. lið, 6, og IV. lið, 7, hér á eftir.

Ákærði útfyllti og framvísaði svo og í bankanum úttektarseðli með sömu nafnritun, sbr. B, að upphæð kr. 90.000, sem hann fékk greitt í reiðufé.

D.

13. október 1975 útfyllti ákærði og framvísaði úttektarseðli á framangreindan reikning, að upphæð kr. 70.000, með sömu nafnritunum og að framan getur, sbr. lið B og C. Þá var ljóst orðið, að tékkávísanirnar, sem lagðar höfðu verið inn á reikninginn 1. okt. 1975, að upphæð kr. 90.000 og kr. 80.000, voru ekki í lagi. Afgreiðslustúlka bankans, sem tók við úttektarseðlinum og bankabókinni af ákærða, færði því ekki þegar í stað úttektina af reikningnum og bankabókinni til frádráttar þar skráðri innstæðu, heldur sneri sér til deildarstjórans til að ræða um þetta við hann. Hann var í herbergi þarna inn af afgreiðslunni, og er þau komu fram aftur, var ákærði horfinn. Eftir varð í bankanum bankabókin, sem ákærði hafði framvísað, með úttektarseðlinum. 1. des. 1975 var innstæðan í bókinni ásamt vöxtum, kr. 86.871, bakfærð af bankanum og notuð til greiðslu upp í tékka nr. 98683 við Landsbanka Íslands, sbr. IV, 7. tl., hér á eftir.

III. Tékkareikningur í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, nr. 3006—7.

11. september opnaði ákærði ofangreindan reikning í aðalbanka Búnaðarbanka Íslands. Hann kom inn í bankann að morgni þessa dags og sneri sér til Ásthildar Lárusdóttur, sem þar var frammi við afgreiðslu, og setti fram beiðni um að opna ávísanareikning í bankanum og framvísaði jafnframt ökuskírteini með nafni Sigurjóns Einarssonar. Honum var afhent umsóknareyðublað, sem hann fyllti út í nafni Sigurjóns Einarssonar, Suðurhólum 8, Reykjavík, nafnnr. 7952—3798, fædds 12. mars 1950, og ritaði sama nafn og sömu hendi í neðra hægra horn umsóknareyðublaðsins sem rithandarsýnishorn. Eftir að hafa útfyllt umsóknareyðublaðið fékk hann Ásthildi það aftur, sem bar saman umsóknina og ökuskírteinið, og minnti hana, að sami aldur hefði verið á báðum. Henni virtist þó ákærði talsvert eldri en ökuskírteinið gaf til kynna, en kunni ekki við að hafa orð

á því, en er hún leit af myndinni í ökuskírteininu yfir á ákærða, kvað hún hann hafa brosað og sagt „maður breytist nú með árunum". Hún athugaði þessu næst, hvort maður með nafni því, sem á umsókninni var, hefði haft ávísanareikning og verið lokað hjá honum, en svo reyndist ekki vera. Umsóknin var svo borin undir yfirmann deildarinnar, sem samþykkti hana. Vegna framvísunar ökuskírteinis var það tekið gilt, að ákærði væri sá, sem hann hélt fram, að hann væri, þ. e. Sigurjón Einarsson, og fékk hann að opna ávísanareikning með innleggi upp á kr. 20.000 og fékk jafnframt keypt tékkhefti með eyðublöðum nr. 814826—814850. Ökuskírteinið, sem ákærði framvísaði, hafði hann tekið úr óskilamunum hjá rannsóknarlögreglu, sem hann hafði aðgang að, og breytti því með því að líma mynd af sér úr gömlu ökuskírteini í það, svo sem áður hefur verið lýst. Ákærði gaf svo út 15 tékkávísanir úr tékkhefti þessu á framangreindan reikning í nafni Sigurjóns Einarssonar og notaði í viðskiptum, svo sem nú verður rakið, en innstæðu skorti fyrir tékkunum nema þeim, sem taldir eru í lið 1—5, önnur bókfærð innstæða á reikningnum en svaraði til upphæðar þessara tékka hafði myndast með því, að ákærði hafði lagt inn á reikninginn sem innlegg falskar ávísanir:

1. nr. 814826. Tékkávísun þessari framvísaði ákærði í Útvegsbanka Íslands, Austurstræti, til greiðslu á innleggi á innlánsbók þar nr. 59172 og framseldi hana í nafni Ingvars Jóhannessonar, Álftahólum 4, skráðs eiganda bókarinnar, sbr. II. lið A hér að framan.

2. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði fyrir aðgöngumiða að Laugardalsvelli í Reykjavík, er þar fór fram kappleikur.

3. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði vörur, sem hann keypti í Apóteki Austurbæjar.

4—5 og 8. Með tékkum þessum staðgreiddi ákærði fyrir úttekt á vörum í versluninni Hagkaupum í Reykjavík.

6. Tékkávísun þessari framvísaði ákærði í Útvegsbanka Íslands, Austurstræti, Reykjavík, til greiðslu á innleggi á innlánsbók nr. 59172 við bankann. Var tekið við tékkanum sem greiðslu, er ákærði hafði framselt hann í nafni Ingvars Jóhannessonar, Álftahólum 4, skráðs eiganda bókarinnar, sbr. II. lið, C, hér að framan, og var bankabókin kvittuð um, að upphæð hefði verið lögð inn á bankareikninginn og næmi innstæðan kr. 175.000.

7. Tékka þessum framvísaði ákærði í Miðbæjarútibúi Bún-

aðarbanka Íslands og hefur fengið upphæð hans greidda í reiðufé. Ekki er því til að dreifa, að hann hafi getað lagt þetta inn á neinn reikning við Búnaðarbankann, sbr. reikningsyfirlit.

8. (sic) Með tékkum þessum staðgreiddi ákærði aðgöngumiða að kvikmyndasýningu í Austurbæjarbíói.

10. Með tékka þessum greiddi ákærði innlegg inn á ávísanareikning nr. 27520 við Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibú, en ávísanareikninginn hafði ákærði stofnað í nafni Sigurjóns Einarssonar, og gaf hann svo út tékka á innstæðuna, sem myndaðist á reikningnum við framangreint innlegg, sbr. IV hér á eftir.

11. og 13. Með tékkum þessum staðgreiddi ákærði úttekt á matvörum í versluninni Kaupgarði, Smiðjuvegi 9, Kópavogi.

12. Tékka þessum framvísaði ákærði í Samvinnubanka Íslands til greiðslu á innleggi á sparisjóðsbók nr. 25237 við bankann, og er ákærði hafði framselt ávísunina í nafni Sigurðar Karlssonar, Krummahólum 4, skráðs eiganda greindrar bókar, var tekið við ávísuninni sem greiðslu á innlegginu. Ákærði hafði áður, 4. nóvember, sjálfur stofnað sparisjóðsreikninginn í nafni Sigurðar Karlssonar, sbr. V. lið B hér á eftir.

14. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði fyrir úttekt á matvörum í kjörbúð Sláturfélags Suðurlands, Laugavegi 116, Reykjavík.

15. Tékka þessum framvísaði ákærði í Iðnaðarbanka Íslands, Reykjavík, til greiðslu á innleggi í sparisjóðsreikning nr. 37527, og var tekið af honum sem greiðslu, er ákærði hafði framselt hann í nafni Skúla Skúlasonar, Krummahólum 4, Reykjavík, nafnnr. 8183—5748, sem var skráður eigandi reikningsins, en ákærði hafði nokkru áður stofnað reikning þennan í nafni framseljanda, sbr. VII. lið C hér á eftir.

IV. Ávísanareikningur í Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, nr. 27520.

16. september 1975 sótti ákærði um að fá ofangreindan reikning opnaðan í Austurbæjarútibúi Landsbanka Íslands í nafni Sigurjóns Einarssonar, Blikahólum 8, nafnnr. 7952—3798. Í þessu skyni útfyllti ákærði sérstakt umsóknareyðublað, þar sem hann tilgreindi auk þess, sem að framan er getið, að Sigurjón væri fæddur 12. mars 1950, væri háskólanemi, með vinnusíma 25088, og skrifaði svo undir umsóknina nafn Sigurjóns Einarssonar. Ákærði afhenti svo einni af afgreiðslustúlkum bankans umsókn-

ina og var þá um leið gert að sanna á sér deili. Hann sýndi þá ökuskírteini Sigurjóns Einarssonar, sem hann hafði fengið hjá rannsóknarlögreglunni og breytt, svo sem lýst er að framan. Afgreiðslustúlkan hefur þessu næst athugað ökuskírteinið og hvort aldur ákærða hafi getað passað við þann aldur, sem er tilgreindur á ökuskírteini. Að þessu loknu hefur ákærða verið sagt, að hann gæti fengið stofnaðan reikning næsta dag. Stúlkan hefur svo farið yfir vanskilaskrár og önnur gögn frá Seðlabankanum um tékkaviðskiptin og eftir það áritað umsóknina og afhent hana skrifstofustjóra, sem áritar svo líka umsóknina, þar sem hann taldi hana í lagi.

Daginn eftir stofnaði ákærði svo reikninginn, skrifaði nafn Sigurjóns Einarssonar sem rithandarsýnishorn á reikningsspjald nr. 27520 og lagði jafnframt inn á reikninginn kr. 22.000 og útfyllti, svo sem venja er, innlagningarseðil þar um, og var hann og í nafni Sigurjóns Einarssonar, og keypti um leið tékkhefti með eyðublöðum nr. 984676—984700. Hann fékk svo síðar, 1. nóv. 1976, keypt annað tékkhefti við bankann vegna framangreinds reiknings, og voru í því eyðublöð nr. 1011151—1011175. Ákærði gaf svo út og notaði í viðskiptum 34 tékka úr tékkheftum þessum. 24 þeirra gaf hann út á framangreindan ávísanareikning nr. 27520 og í nafni Sigurjóns Einarssonar, og eru þeir gefnir út og komið í umferð á tímabilinu frá 17. september til 19. nóvember 1975. Hina tékkana gaf ákærði út á tímabilinu frá 14. maí til 15. júlí 1976, og eru þeir á ávísanareikninga nr. 16360, nr. 17870 og nr. 22720 og gefnir út í nafni Snæbjarnar Viggóssonar, tékkar í liðum 25—28 hér á eftir, Jóns B. Bjarnasonar, tékkar í liðum 29—32, og pr. pr. Klausturhólar Guðmundar Axelssonar tékkar nr. 33—34. Verður nú rakið það, sem fram er komið um notkun tékkanna, en innstæðu skorti fyrir tékkunum nema þeim, sem taldir eru í liðum 1—6. Önnur bókfærð innstæða en sú, sem myndaðist, er ákærði lagði við stofnun reikningsins kr. 22.000 inn á hann, er til komin vegna innleggs ákærða inn á reikninginn, að upphæð kr. 160.000, 1. október 1975, sem hann greiddi með falskri ávísun, sbr. III. tölulið, 10, og því óraunhæf innstæða, sem ekki hefur þýðingu. Tékkarnir eru stílaðir á handhafa eða viðtakanda þeirra nema tékkar í lið 33—34, sem eru til Jóns B. Bjarnasonar og framseldir í sama nafni. Svo sem síðar verður og vikið að, hafði ákærði ökuskírteini Snæbjarnar Viggóssonar og Jóns B. Bjarnasonar, og

framvísaði hann þeim, er hann var um það krafinn í sambandi við sölu tékkanna.

Tékkunum er rétt lýst í ákæru um eyðublaðanúmer, dagsetningar, upphæðir og skráða útgefendur og framseljendur nema tékkum í liðum 25—28, sem þar eru sagðir gefnir út í nafni Sigurjóns Einarssonar, en skráður útgefandi á tékkum þessum er Snæbjörn Viggósson.

Hér á eftir er fylgt sömu töluröð og í ákæru.

1 og 3—6. Með tékkum þessum staðgreiddi ákærði vöruúttekt í versluninni Hagkaupum í Reykjavík.

2. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir aðgöngumiða að kvikmyndasýningu í Nýja Bíói.

7. Tékka þessum framvísaði ákærði í Útvegsbanka Íslands til greiðslu á innleggi inn á innlánsbók nr. 59172, sbr. lið ur II C hér að framan, og var tekið við tékkanum sem greiðslu, er ákærði hafði framselt hann í nafni Ingvars Jóhannessonar, Álftahólum 4, Reykjavík, skráðs bókareiganda.

8. Tékka þessum framvísaði ákærði í Vegamótaútibúi Landsbanka Íslands og fékk upphæð hans greidda í peningum, er hann hafði framselt hann í nafni útgefanda og sannað á sér deili með því að framvísa ökuskírteini hans.

9. Tékka þessum framvísaði ákærði i Landsbanka Íslands, aðalbanka, og fékk upphæð hans greidda í peningum, er hann hafði framselt hann í nafni útgefanda og sýnt um leið gjaldkera ökuskírteini Sigurjóns Einarssonar.

10. Tékka þessum framvísaði ákærði í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, og greiddi með honum innlegg á reikning nr. 3006—7 við sama banka.

11. Tékka þessum framvísaði ákærði í Samvinnubanka Íslands í Bankastræti, Reykjavík, til greiðslu á innleggi inn á bankabók nr. 25237, sem ákærði hafði stofnað í nafni Sigurðar Karlssonar, Krummahólum 4, Reykjavík, sbr. V. lið B, og var tekið við tékkanum sem greiðslu á innlegginu, er hann hafði framselt hann í nafni framangreinds Sigurðar Karlssonar, og er nafnnúmer Sigurðar og ritað á bakhlið tékkans og því allar líkur til þess, að nafnskírteini Sigurðar hafi verið sýnt, um leið og tékkinn var seldur.

12 og 14. Með tékkum þessum staðgreiddi ákærði fyrir vöruúttekt í versluninni Ásgeir, Grímsbæ.

13. Tékka þessum framvísaði ákærði í Landsbanka Íslands,

Austurbæjarútibúi, og fékk upphæð hans greidda, er hann hafði framselt hann í nafni útgefanda og sannað á sér deili með persónuskilríkjum.

15. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði fyrir vöruúttekt í Vörumarkaðnum í Reykjavík.

16. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir Guðmund Sigurðsson, Álfaskeiði 100, Hafnarfirði, afborganir og vexti af láni hans við veðdeild Landsbanka Íslands, að upphæð kr. 23.063. Ákærði fékk mismuninn greiddan í peningum úr bankanum.

17. Tékka þessum framvísaði ákærði í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi, til greiðslu innleggs inn á sparisjóðsbók nr. 6227 við sama banka, sem ákærði hafði stofnað þar í nafni Skúla Skúlasonar, Krummahólum 4, sbr. VI. lið A. Er ákærði hafði framselt tékkann í nafni nefnds Skúla, þar sem tilgreint var nafnnúmer hans, var tekið við honum sem greiðslu á innleggi nu.

18—19. Með tékkum þessum staðgreiddi ákærði fyrir vöruúttektir í verslun Silla & Valda í Austurstræti í Reykjavík.

20—21 og 30. Með tékkum þessum greiddi ákærði fyrir vörur, sem hann tók út í verslun Sláturfélags Suðurlands í Glæsibæ í Reykjavík.

22. Tékka þessum framvísaði ákærði í Iðnaðarbanka Íslands h/f, Reykjavík, til greiðslu á innleggi inn á sparisjóðsbók nr. 37527, sem ákærði hafði stofnað í nafni Skúla Skúlasonar, Asparfelli 8, Reykjavík, sbr. VII A. Ákærði framseldi tékkann í nafni nefnds Skúla, Krummahólum 4, Reykjavík, og með nafnnr. 8183—5747, og var tekið við honum sem greiðslu.

23—24 og 31. Með tékkum þessum greiddi ákærði úttekt á matvörum í verslun Sláturfélags Suðurlands í Austurveri í Reykjavík.

25. Tékka þessum framvísaði ákærði í Landsbanka Íslands, aðalbanka, og fékk ákærði upphæð hans greidda í peningum, er hann hafði framselt hann í nafni Snæbjarnar Viggóssonar, Kjarrhólum 14, Kópavogi, nafnnr. 8228—0251.

26. Tékka þessum framvísaði ákærði í Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, og hafði þá útfyllt tékkann og framselt í nafni útgefanda, Snæbjarnar Viggóssonar, og sýndi jafnframt ökuskírteini Snæbjarnar og var þá greidd upphæð tékkans í peningum.

27. Tékka þessum framvísaði ákærði í Landsbanka Íslands, Langholtsútibúi, og fékk upphæð hans greidda í peningum eftir

að hafa framselt hann í nafni skráðs útgefanda, Snæbjarnar Viggóssonar, en með framsalinu er tilgreint nafnnr. Snæbjarnar, og hefur ákærði sýnt ökuskírteini Snæbjarnar við sölu tékkans.

28. Tékka þessum framvísaði ákærði í Landsbanka Íslands, Árbæjarútibúi, og fékk upphæð hans greidda í peningum, en hafði þá framselt hann í nafni skráðs útgefanda, Snæbjarnar Viggóssonar, en auk heimilisfangs getur hann nafnnúmers Snæbjarnar, sem bendir til, að ákærði hafi um leið sýnt gjaldkeranum, sem við tékkanum tók, nafnskírteini eða ökuskírteini Snæbjarnar, sem hann hafði undir höndum.

29. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði vörur í versluninni Útilífi í Glæsibæ, Reykjavík.

30. Vísað til liða nr. 20, 21 og 30 hér að framan, en tékki þessi var notaður í staðgreiðsluviðskiptum í verslun Sláturfélags Suðurlands, Glæsibæ, en ekki versl. Útilífi, sama stað, svo sem greinir í ákæruskjali.

32. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir vindsæng, sem hann keypti í Skátabúðinni við Snorrabraut í Reykjavík og kostaði kr. 4.000, og fékk hann mismuninn greiddan í peningum.

33. Tékka þessum framvísaði ákærði í Iðnaðarbanka Íslands h/f, Grensásútibúi, til greiðslu á innleggi inn á ávísanareikning nr. 2338 í Breiðholtsútibúi. Tékkann, sem stílaður var á Jón Bjarnason, hafði ákærði útfyllt, áður en hann kom í bankann, þ. e. hann hafði vélritað efni hans, þ. á m. nafn útgefanda, Klausturhóla, en eigin hendi skrifaði ákærði nafn prókúruhafa, Guðm. Axelssonar, svo og framselt hann í nafni Jóns B. Bjarnasonar, Hrafnahólum 2, Reykjavík, nafnnr. 5115—5785, og eftir að ákærði hafði sýnt ökuskírteini Jóns, fékk hann stimplaða innborgunarkvittun um, að hann hefði lagt upphæð tékkans á ávísanareikn. nr. 2338, sbr. og IX. lið, 3. Ákærði ætlaði jafnframt að fá greiddan tékka að upphæð kr. 100.000 á ávísanareikn. nr. 2338, sem hann hafði gefið út í nafni Jóns B. Bjarnasonar, en eins og áður er rakið, sbr. og lið IX, 2, hikaði gjaldkeri bankans við að greiða tékkann, og er ákærði varð þess var, að rannsóknarlögreglumaður kom fram að gjaldkerastúkunni til að athuga um tékkann, tók hann tékkann og ökuskírteini Jóns og hljóp út, en var handtekinn, er út var komið.

34. Tékka þessum framvísaði ákærði í útibúi Landsbanka Íslands, Selfossi, og fékk upphæð hans greidda í peningum, eftir að hann hafði framselt hann í nafni Jóns B. Bjarnasonar, sem

hann var stílaður á, og sýnt ökuskírteini Jóns B. Bjarnasonar til sönnunar um, að hann væri nefndur Jón.

Tékka í liðum 33 og 34 vélritaði ákærði á ritvél, sem hann hafði aðgang að í starfi sínu hjá rannsóknarlögreglunni, og kom með þá þannig útfyllta í bankann.

V. Sparisjóðsbók nr. 25237 í Samvinnubankanum í Reykjavík.

A.

4. nóvember 1975 opnaði ákærði framangreindan reikning í nafni Sigurðar Karlssonar, Krummahólum 4, Reykjavík. Þá framvísaði hann í bankanum innlagningarseðli, sem hann hafði útfyllt á nafn framangreinds Sigurðar, að upphæð kr. 20.000, og tilgreindi hann og sem reikningseiganda. Ekki verður séð, að ákærði hafi þurft að sanna á sér deili, en hann greiddi innleggið með peningum og hefur þá verið afhent sparisjóðsbókin með innfærðu innlegginu.

B.

7. nóvember 1975 framvísaði ákærði í bankanum innlagningarseðli að upphæð kr. 116.000, sem hann hafði útfyllt með sömu nafnritun og greind er í lið A. Innleggið greiddi hann með 2 tékkum, annar var að upphæð kr. 50.000, sem ákærði hafði sjálfur gefið út í nafni Sigurjóns Einarssonar, sbr. III. lið, 12, og hinn var að upphæð kr. 66.000, sem ákærði hafði og gefið út í nafni Sigurjóns Einarssonar, sbr. IV. lið, 2. Er ákærði hafði framselt tékkana í nafni Sigurðar Karlssonar, skráðs eiganda sparisjóðsbókarinnar, auk þess sem hann tilgreindi nafnnúmer Sigurðar, var tekið við þeim sem greiðslu á innlegginu og það fært sem innstæða á innlánsreikninginn. Sama dag framvísaði ákærði í sama banka úttektarseðli að upphæð kr. 95.000, sem hann hafði útfyllt með sömu nafnritunum, og fékk hann upphæð þessa greidda í peningum, enda sýndi bókin nægа innstæðu á móti úttektinni.

C.

Sama dag framvísaði ákærði sparisjóðsbókinni í Háaleitisútibúi Samvinnubankans ásamt úttektarseðli að upphæð kr. 30.000, sem ákærði hafði útfyllt með sömu nafnritunum og getið er í liðum A og B og fékk þá greitt í reiðufé upphæð úttektarseðilsins. Eftir stóð þá í bókinni sem innstæða kr. 11.000, sem ákærði hirti ekki um að taka eða reyna að taka út.

VI. Sparisjóðsbók nr. 6227 í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi.

A.

12. nóvember 1975 opnaði ákærði ofangreindan reikning í nafni Skúla Skúlasonar. Framvísaði hann í bankanum innlagningarseðli, sem hann hafði útfyllt og var að upphæð kr. 20.000, og er þar tilgreindur sem reikningseigandi Skúli Skúlason, án þess að heimilisfangs sé getið eða þess, sem leggur inn. Innleggið var greitt af ákærða með peningum eða þá tékkávísun, sem ekki hefur orðið að bakfæra vegna innstæðuleysis eða fölsunar.

B.

14. nóvember 1975 framvísaði ákærði í bankanum innlagningarseðli að upphæð kr. 85.000, sem hann hafði útfyllt og tilgreint sem reikningshafa og þann, sem legði inn, Skúla Skúlason. Innleggið greiddi ákærði með tékka sömu upphæðar, sem hann hafði gefið út í nafni Sigurjóns Einarssonar, sbr. IV. lið, 17. Ákærði framseldi tékkávísunina í nafni skráðs reikningseiganda bókarinnar, Skúla Skúlasonar, Krummahólum 4, og með nafnnúmeri 8183—5748, og er tekið af bankans hálfu við tékkanum sem greiðslu og upphæð hans færð inn á bókina sem innstæða.

C.

Sama dag og greindur er í lið B framvísaði ákærði í Búnaðarbanka Íslands, Melaútibúi, úttektarseðli að upphæð kr. 80.000, sem ákærði hafði útfyllt og tilgreint sem reikningseiganda Skúla Skúlason og þess, sem tók út, sama nafn með heimilisfang að Krummahólum 4. Samkvæmt því, sem að framan er getið, var bókfærð innstæða í bókinni kr. 105.000, og var ákærða því greidd í reiðufé upphæð úttektarseðilsins.

VII. Sparisjóðsbók nr. 37527 í Iðnaðarbanka Íslands h/f, Reykjavík.

A.

12. nóvember 1975 opnaði ákærði framangreindan reikning í nafni Skúla Skúlasonar, Asparfelli 8. Framvísaði hann þá í bankanum innlagningarseðli um stofnun nýrrar bankabókar að upphæð kr. 20.000, þar sem tilgreindur var sem reikningseigandi Skúli Skúlason, Asparfelli 8, Reykjavík. Ekki kvaðst ákærði hafa útfyllt innlagningarseðil þennan, heldur taldi hann, að afgreiðslumaður í bankanum hlyti að hafa útfyllt hann, en þá eftir fyrir-

sögn ákærða. Ákærði greiddi innleggið hjá gjaldkera og fékk þá bankabók með innfærðu greindu innleggi sem innstæðu.

B.

19. nóvember 1975 framvísaði ákærði í bankanum úttektarseðli á framangreindan reikning, að upphæð kr. 15.000, sem hann hafði útfyllt í nafni Skúla Skúlasonar sem reikningseiganda og þess, sem tæki út. Upphæð þessa fékk ákærði greidda í reiðufé, og stóð þá eftir sem innstæða á reikningnum kr. 5.000.

C.

21. nóvember 1975 framvísaði ákærði í bankanum á reikninginn innlagningarseðli að upphæð kr. 110.000, sem hann hafði útfyllt sjálfur með sömu nafnritunum um eiganda bókar og þess, sem út tæki, og í lið B hér að framan. Til greiðslu á innlegginu framvísaði ákærði 3 tékkávísunum, sem hann hafði útfyllt og gefið út. 2 í nafni Sigurjóns Einarssonar, sbr. III. lið, 15. tölulið, og IV. lið, 22. tölulið, en 1 í nafni Snæbjarnar Viggóssonar, sbr. VIII. lið, 2. tölulið. Er ákærði hafði framselt tékkana í nafni skráðs bókareiganda, Skúla Skúlasonar, og tilgreint með því heimilisfangið Krummahólar 4, Reykjavík, og nafnnr. 8183—5747, var tekið við tékkunum sem greiðslu á innlegginu og það bókfært á reikninginn sem hækkun á innstæðu, sem var þá kr. 115.000. Sama dag, um leið eða nokkru síðar, framvísaði ákærði í bankanum úttektarseðli á reikninginn, að upphæð kr. 80.000, sem hann hafði sjálfur útfyllt með sömu nafnritunum og í lið B. Miðað við hina bókfærðu innstæðu á bókinni fékk ákærði framangreinda upphæð greidda í reiðufé.

VIII. Ávísanareikningur nr. 1878—0 í Búnaðarbanka Íslands, Vesturbæjarútibúi.

20. nóvember 1975, síðdegis, opnaði ákærði ofangreindan reikning í Búnaðarbanka Íslands, Vesturbæjarútibúi, og gerði það með þeim hætti, að hann sneri sér til Theódóru Thoroddsen bankafulltrúa, sem var við afgreiðslu í afgreiðslusal, og óskaði eftir að opna ávísanareikning við bankann. Hún afhenti honum þá umsóknareyðublað um opnun tékkareiknings, sem hann útfyllti í nafni Snæbjarnar Viggóssonar, Tjarnarbóli 8, Seltjarnarnesi, fædds 20. janúar 1952, og tilgreindi heimasíma og vinnusíma og ritaði jafnframt sem rithandarsýnishorn nafn Snæ-

bjarnar Viggóssonar í neðra, hægra horn umsóknarinnar. Ákærði hafði undir höndum ökuskírteini Snæbjarnar Viggóssonar, og hafði hann komist yfir það hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, en þangað hafði því verið skilað af einhverjum, sem hafði fundið það. Hann breytti skírteininu með sama hætti og hann hafði breytt ökuskírteini Sigurjóns Einarssonar og lýst er hér að framan, þ. e. hann tók úr því myndina, sem í því var, en límdi í staðinn mynd af sér úr gömlu ökuskírteini, sem hann átti, og hagaði því þannig, að stimpilhornið á myndinni féll saman við stimpilinn á skírteininu, er hann límdi myndina í það. Er ákærði var beðinn að sanna á sér deili vegna reikningsstofnunarinnar, framvísaði hann ökuskírteini þannig breyttu, og virtist Theódóru myndin í ökuskírteininu töluvert lík ákærða og vakti ekki tortryggni hjá henni, og bókaði hún á umsóknina nafnnúmerið, sem var á ökuskírteininu. Hún hafði ekki borið saman aldur mannsins samkvæmt ökuskírteini og svo eftir því, sem hann hafði tilgreint í umsókninni, og gerði sér enga ákveðna hugmynd um aldur hans, er hún afgreiddi hann, enda talsverð ös í bankanum. Er hún síðar var beðin að lýsa manninum fyrir rannsóknarlögreglunni, taldi hún hann tæplega þrítugan að aldri. Hún athugaði þessu næst, hvort ákærði hefði haft ávísanareikning, sem hefði verið lokað, en svo var eigi. Þá fór hún, svo sem venja er til, með umsóknina til útibússtjórans, Stefáns Thoroddsen, en hann hafði ekkert við hana að athuga og samþykkti hana. Ákærða var þá heimilað að stofna reikninginn, og lagði hann inn á hann kr. 35.000 og fékk jafnframt keypt ávísanahefti með eyðublöðum nr. 0164401—01644025. Á tímabilinu frá 20. nóvember 1975 til 13. maí 1976 gaf ákærði út 20 tékkávísanir úr þessu tékkhefti á framangreindan reikning og kom í umferð. 15 þeirra gaf hann út í nafni Snæbjarnar Viggóssonar, en 3 í liðum 9—11 hér á eftir gaf hann út í nafni Jóns Magnússonar og 2, liðir 15—16, gaf hann út í nafni Þóris Jónssonar.

Að frátöldum 2 fyrstu tékkunum, sem ákærði gaf út, var ekki til raunveruleg innstæða fyrir þeim, þar eð önnur innstæða en sú, sem myndaðist við stofnun reiknings, varð til með því móti, að ákærði lagði falskar ávísanir inn á reikninginn.

Ávísanirnar eru ýmist til handhafa eða stílaðar á viðtakendur þeirra og voru notaðar í viðskiptum, svo sem nú verður rakið og fylgt sömu töluröð og í ákæru, en þar er þeim rétt lýst um eyðublaðanúmer, dagsetningar, upphæðir og skráða útgefendur sem framseljendur.

1, 5, 9 og 16. Með tékkum þessum greiddi ákærði fyrir úttekt á vörum í versluninni Hagkaupum, Reykjavík.

2. Tékka þessum framvísaði ákærði í Iðnaðarbanka Íslands til greiðslu á innleggi inn á bankabók nr. 37527, sbr. VII. lið, tölulið C hér að framan. Er ákærði hafði framselt tékkann í nafni Skúla Skúlasonar, skráðs eiganda bankabókarinnar, með heimilisfangi að Krummahólum 4, Reykjavík, nafnnúmer 8183—5478, var tekið við henni sem greiðslu á innlegginu.

3. Tékka þessum framvísaði ákærði í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, og eftir að hann hafði framselt hann í nafni Snæbjarnar Viggóssonar, Tjarnarbóli 8, og tilgreint nafnnúmer hans, 8228—0251, sem bendir til, að hann hafi sýnt ökuskírteini hans, fékk hann upphæð tékkans greidda í reiðufé.

4. Tékka þessum framvísaði ákærði í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi, og er hann hafði framselt hann í nafni Snæbjarnar Viggóssonar, Tjarnarbóli 8, nafnnúmer 8228—6251, og sýnt ökuskírteini hans, eins og ákærði hafði breytt því, fékk hann upphæð tékkans í reiðufé.

6. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði úttekt á matvörum í verslun Sláturfélags Suðurlands, Laugavegi 116, Reykjavík.

7—8. Með tékkum þessum staðgreiddi ákærði vöruúttekt í verslun Silla & Valda, Austurstræti 17, Reykjavík. Nafnnúmer Snæbjarnar er ritað á bakhlið tékka nr. 7, sem bendir til, að ákærði hafi framvísað ökuskírteini Snæbjarnar við sölu á honum.

10—11. Með tékkum þessum staðgreiddi ákærði vöruúttekt í verslun Sláturfélags Suðurlands í Glæsibæ, Reykjavík.

12 og 14. Með tékkum þessum staðgreiddi ákærði vöruúttektir í verslun Sláturfélags Suðurlands, Austurveri, Reykjavík.

13. Með tékka þessum greiddi ákærði matvöruúttekt í verslun Sláturfélags Suðurlands, Hafnarstræti 5, Reykjavík.

15. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði matvöruúttekt í Vörumarkaðnum í Reykjavík.

17. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði vörur, sem hann tók út í versluninni Straumnesi við Vesturberg, Reykjavík.

18. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði vöruúttekt í verslun KRON við Stakkahlíð, Reykjavík.

19. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði matvörur, sem hann tók út í versluninni Þrótti, Kleppsvegi 150, Reykjavík.

20. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði vöruúttekt í verslun KRON við Norðurfell í Reykjavík.

IX. Ávísanareikningur nr. 2338 í Iðnaðarbanka Íslands h/f, Breiðholtsútibúi.

Mánudaginn 19. júlí 1976, kl. 1300, er Breiðholtsútibú Iðnaðarbanka Íslands h/f var opnað, kom ákærði með öðru fólki inn í bankann og sneri sér til einnar afgreiðslustúlkunnar þar, Önnu Lísu Ingólfsdóttur, og óskaði eftir að opna ávísanareikning í bankanum. Hún afhenti honum þá umsóknareyðublað um opnun tékkareiknings, og gekk hann þá afsíðis til að útfylla það, en flestir útfylla venjulega þessar umsóknir við afgreiðsluborðið. Eftir að hafa útfyllt umsóknina í nafni Jóns B. Bjarnasonar, Hrafnhólum 2, fædds 25. apríl 1953, nafnnúmer 5115—5785, afhenti hann Önnu hana og ritaði jafnframt nafn Jóns B. Bjarnasonar sérstaklega sem sýnishorn af undirskrift ávísana. Anna mundi ekki, er hún kom hér fyrir dóm, hvort hún hefði beðið ákærða um persónuskilríki, en kvað það vera venju að gera það, þegar menn opnuðu ávísanareikning, og taldi líklegt, að hún hefði krafist persónuskilríkja af ákærða. Ákærði hafði þá undir höndum ökuskírteini Jóns B. Bjarnasonar, Sörlaskjóli 30, Reykjavík, nafnnr. 5115—5785, en ökuskírteini þetta var í veski, sem stolið var af nefndum Jóni, en var skilað til ákærða sem rannsóknarlögreglumanns, sbr. það, sem áður er rakið og rakið verður í lið X. Ákærði breytti ökuskírteini þessu á sama hátt og ökuskírteinum Sigurjóns Einarssonar og Snæbjarnar Viggóssonar, þ. e. tók myndina úr því og límdi mynd af sér á það í staðinn. Ákærði kveðst hafa framvísað ökuskírteinum þeim, sem hann var með, er hann var krafinn persónuskilríkja í bönkum vegna tékkaviðskipta, og má því telja víst, að hann hafi framvísað ökuskírteini Jóns B. Bjarnasonar við stofnun reikningsins. Ekki hafði Anna borið saman, að uppgefinn aldur í ökuskírteininu og umsókninni væri sá sami né hvort aldur ákærða væri sá sami. Ákærða var svo heimilað að stofna ávísanareikninginn gegn því að greiða minnst kr. 20.000. Ákærði lagði kr. 40.000 í peningum inn á reikninginn og fékk um leið keypt tékkhefti við bankann með eyðublaðanúmerum 45101—45125. Úr tékkhefti þessu gaf ákærði út tvo tékka, og kom hann öðrum þeirra í umferð, en var handtekinn í framhaldi af því, er hann framvísaði hinum til greiðslu í Grensásútibúi Iðnaðarbanka Íslands. Innstæða var til fyrir fyrri tékkanum, en eigi fyrir þeim síðari, þó að ákærði hafi um leið og hann framvísaði honum, lagt inn á reikninginn kr. 150.000 í formi falskrar ávísunar, sbr. tölulið 3 hér á eftir og lið IV, 33. tölulið. Verður nú rakið,

hvernig háttað var notkun þessara tveggja tékka, og um leið er vikið að tilraun ákærða til að mynda innstæðu á ávísanareikningnum, sem ekki hefði getað talist raunveruleg, þar sem ákærði framvísaði falskri ávísun til greiðslu innleggsins, sbr. lið 3 hér á eftir.

Tékkunum er rétt lýst í ákæru um eyðublaðanúmer, dagsetningar og upphæðir.

1. Tékka þessum framvísaði ákærði í Iðnaðarbanka Íslands h/f, Laugarnesútibúi, og framseldi hann í nafni Jóns B. Bjarnasonar, Hrafnhólum 2, nafnnúmer 5115—5785. Áður en ákærða var greidd upphæð tékkans, var honum gert að sanna á sér deili, og sýndi hann þá ökuskírteini Jóns B. Bjarnasonar. Nokkurt hik var þó á gjaldkera bankans að greiða tékkann, vegna þess að af hálfu rannsóknarlögreglunnar hafði því verið beint til starfsfólksins að vera á verði, ef tékkar kæmu inn, sem út gefnir væru í sömu nöfnum og skriftarsýni voru, sem hún sendi bankanum yfir ávísanafalsara, en þ. á m. var nafn Jóns B. Bjarnasonar, og var undirskriftin á tékkanum borin saman við skriftarsýni þetta, en ekki var starfsfólkið visst um, að rithendurnar væru þær sömu, og var ákærða því greidd upphæð tékkans án athugasemda.

2. Tékka þessum framvísaði ákærði í Iðnaðarbanka Íslands h/f, Grensásútibúi, og vildi fá hann greiddan í peningum. Framseldi hann tékkann í nafni Jóns B. Bjarnasonar, Hrafnhólum 2, og sýndi ökuskírteini hans, eins og ákærði hafði breytt því, til að sanna á sér deili. Hann framvísaði jafnframt innlagningarseðli á ávísanareikninginn og til greiðslu innleggsins tékka, sem hann hafði gefið út í nafni Klausturhóla, pr. pr. Guðm. Axelsson, sbr. lið IV, 33. tölulið og 3. tölulið hér á eftir. Gjaldkeri bankans vildi hringja í Breiðholtsútibúið til að kanna, hvort til væri innstæða fyrir tékkanum, en ákærði taldi það óþarft, þar sem hann væri að leggja inn á reikninginn 150.000 kr. Gjaldkerinn gaf þá öðru fólki til kynna, að eigi væri allt með felldu, og kom þá Kristín Guðmundsdóttir að gjaldkerastúkunni og sá, að gjaldkerinn var með tékka, útgefinn af Jóni B. Bjarnasyni, en hún og annað starfsfólk hafði, eins og að framan er getið, verið beðið að vera sérstaklega á varðbergi, ef reynt yrði að selja tékka, útgefinn eða framseldan í þessu nafni. Kristín lét því rannsóknarlögreglumanninn, sem var á verði í bankanum, vita, og kom hann þá fram í stúkuna og spurði, hvort ekki væri allt í lagi. Ákærði greip þá tékkann og ökuskírteinið og strunsaði út

úr bankanum, en var handtekinn utan við bankann af rannsóknarlögreglumanninum.

3. Um leið og ákærði framvísaði tékkanum, sem getið er um í tölulið 2, í Grensásútibúi Iðnaðarbanka Íslands h/f, framvísaði hann einnig innlagningarseðli á ávísanareikninginn, sem hann hafði útfyllt í nafni Jóns B. Bjarnasonar og var að upphæð kr. 150.000, og fékk hann seðilinn greiðslustimplaðan, er hann hafði framvísað til greiðslu innleggsins tékkávísun sömu upphæðar, sem hann hafði gefið út í nafni Klausturhóla, pr. pr. Guðm. Axelsson, og framselt í nafni skráðs reikningseiganda, sbr. IV. lið, 33. tölulið.

X. Hagnýting ökuskírteinis Jóns B. Bjarnasonar og tékkheftis við Ladsbanka Íslands, Vegamótaútibú, sem ákærði veitti viðtöku í starfi sínu.

Í byrjun marsmánaðar 1976 var stolið veski Jóns Bjarna Bjarnasonar, Gaukshólum 2, Reykjavík. Hann var starfsmaður á skrifstofum Eimskipafélags Íslands h/f að Pósthússtræti 2, Reykjavík, og var veskið í vasa í jakka, sem var í fatahengi skrifstofunnar á 2. hæð hússins, en töluverður umgangur er á gangi rétt við fatahengið og það komið nokkrum sinnum fyrir, að stolið hafi verið peningum og öðru úr fötum í henginu, en ekki hafði Jón neinn sérstakan grunaðan um að hafa tekið veskið, en í því hafði verið ökuskírteini hans, matarmiðar, strætisvagnakort, tæpar 1.000 krónur í peningum, ávísanahefti á Landsbanka Íslands, Vegamótaútibú, með um 20 eyðublöðum, óskrifuðum, en reikningsnúmer Jóns var 10303. Hann tilkynnti útibúinu um hvarf heftisins, en tilkynnti ekki lögreglunni um þjófnað veskisins.

Einhvern tíma um vorið eftir þetta komu tveir piltar til ákærða, en hann hafði áður farið með mál vegna afbrota þeirra. Þeir afhentu ákærða framangreint ökuskírteini og tékkhefti svo og nokkur hundruð í peningum, sem þeir sögðust hafa stolið á skrifstofu einhvers staðar niðri í borginni. Ákærði gerði ekki skýrslu um afbrot piltanna og skil þeirra á þýfinu. Heldur tók hann ökuskírteinið og tékkheftið til að nota það í eigin þágu. Hann breytti ökuskírteininu, svo sem áður er lýst, með því að taka myndina, sem í því var, úr og líma í staðinn mynd af sér úr gömlu skírteini og gætti þess þá, að hið stimplaða horn á myndinni félli sem best að því, sem stimplast hafði á ökuskírteinið. Ákærði notaði svo ökuskírteinið við stofnun ávísana-

reiknings við Iðnaðarbanka Íslands h/f, Grensásútibú, nr. 2338, sbr. IX. lið, og svo í sambandi við sölu tékka, sem hann hafði gefið út eða framselt í nafni Jóns B. Bjarnasonar. Ákærði gaf svo út 8 tékka úr framangreindu tékkhefti í nafni Jóns B. Bjarnasonar og notaði í viðskiptum, svo sem rakið verður hér á eftir, og verður fylgt sömu töluröð og í ákæru. Ekki eru tékkarnir á reikningsnúmer, heldur númer, sem ákærði fann upp sjálfur, þ. e. allir á 9367, nema tékkar í tölul. 1 og 2 á númer 9453 og tékki í tölulið 3 á númer 9534. Tékkarnir eru stílaðir á handhafa eða viðtakendur þeirra. Tékkarnir hafa verið færðir inn á ávísanareikning Jóns nr. 10303 og dregnir frá innstæðu hans þar, en ákærði hafði ekki myndað neina innstæðu á reikningi þessum. Tékkunum er rétt lýst í ákæru um eyðublaðanúmer, dagsetningar og upphæðir.

1. Tékka þessum framvísaði ákærði í Landsbanka Íslands, aðalbanka, og var greidd upphæð hans í reiðufé, er hann hafði framselt hann í nafni Jóns B. Bjarnasonar, Sörlaskjóli 30, nafnnr. 5115—5785, og sýnt ökuskírteini hans til að sanna á sér deili.

2. Tékka þessum framvísaði ákærði í Landsbanka Íslands, Vesturbæjarútibúi, og er hann hafði framselt hann með sama hætti og greint er í lið 1 og sýnt ökuskírteini Jóns, var honum greidd upphæð tékkans í reiðufé.

3. Tékka þessum framvísaði ákærði til greiðslu í Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, og framseldi hann með sama hætti og tékka í lið 1 og 2 og fékk hann hann greiddan, er hann hafði sýnt ökuskírteini Jóns til að sanna á sér deili.

4. Með tékka þessum greiddi ákærði vöruúttekt í verslun Álafoss, Vesturgötu 2, Reykjavík.

5—6. Með tékkum þessum staðgreiddi ákærði vöruúttekt í versluninni Kaupgarði, Smiðjuvegi 9, Kópavogi.

7. Tékki þessi er seldur í Tómstundahúsinu, Laugavegi 164, Reykjavík, og má telja víst, að hann hafi verið greiðsla á vöruútttekt.

8. Tékka þessum framvísaði ákærði til greiðslu í Landsbanka Íslands, Selfossi, útibúi, og er hann hafði framselt hann með sama hætti og tékka í lið 1—3 og sýnt ökuskírteini Jóns B. Bjarnasonar, var honum greidd í reiðufé upphæð tékkans.

Ákærði kvaðst hafa verið einn með þau tékkhefti, sem að framan eru talin, og útilokað væri, að aðrir hafi ávísað úr þeim eða tekið úr þeim eyðublöð. Hann hafi einn gefið út þá tékka, sem greindir eru hér að framan, og komið þeim í umferð og

ekki haft neinn í vitorði með sér. Ákærði gaf tékkávísanirnar yfirleitt út og útfyllti þær á þeim stað, sem hann seldi þær eða lagði inn, en í sumum tilvikum hafði hann fyllt þær út áður og gefið út, en framseldi þær við framvísun, og var það einkum um tékka, sem hann framvísaði til greiðslu í bönkum. Þá er fram komið, að ákærði hefur orðið að framvísa persónuskilríkjum við stofnun tékkávísanareikninga þeirra, sem að framan er getið, og þegar hann framvísaði þeim í bönkum til greiðslu í reiðufé. Í framburði ákærða kemur fram, að hann hefur í þessum tilvikum framvísað þeim ökuskírteinum, sem hann var með og hafði breytt, og þá eftir því sem við átti og enn fremur í þeim sérstöku tilvikum, sem þess þar fyrir utan er krafist og þá er getið hér að framan.

Fjárhagslegur ávinningur ákærða af notkun framangreindra tékka og bankareikninga nemur kr. 1.298.700, en þá hefur verið dregið frá því, sem fékkst fyrir tékkana og náðist út úr bankareikningunum, þær upphæðir í reiðufé, sem ákærði varð að leggja inn á reikningana við opnun þeirra.

Ákærði kvað ástæðuna fyrir því, að hann fór út í að gefa út framangreinda tékka með þeim hætti, sem að framan er lýst, hafi verið fjárhagsörðugleikar, en á honum hafi hvílt talsvert af lausaskuldum. Ákærði hafi stofnað til ýmissa víxilskulda vegna íbúðarkaupa undanfarandi ára og fleytt þessum skuldum á undan sér með framlengingum. Ákærði hafi fyrst byggt íbúð í fjölbýlishúsi í Breiðholti í Reykjavík árið 1967 og gengið að fullu frá henni og svo selt hana. Árið 1972 keypti hann raðhús í Hafnarfirði, en varð að selja það vegna peningaerfiðleika í ársbyrjun 1975. Þá keypti ákærði húsið nr. 29 við Byggðarholt í Mosfellssveit, og var það þá tilbúið undir tréverk. Til þessara kaupa fór andvirði raðhússins, og að auki varð ákærði að skuldbinda sig til að greiða kr. 2.000.000 í milli, þ. e. hann fékk kr. 1.200.000 lánaðar til 8 ára og tók að sér greiðslu á láni til Húsnæðismálastjórnar að upphæð kr. 800.000 til 25 ára. Þá var ákærði með lífeyrissjóðslán að upphæð kr. 700.000. Eftir að hann keypti húsið að Byggðarholti 29, höfðu hlaðist upp hjá honum skuldir við að fullgera húsið og þörf verið fyrir meiri peninga til efniskaupa vegna þess. Hann hafði flutt í húsið um mitt ár 1975, en eftir það kvað hann hafa farið að verða erfitt um vik um framlengingu víxilskulda, sem hann hafði tekið vegna byggingarinnar og dregist, að hann hafi getað borgað afborganir af lánum, og hann í fleiri skipti orðið að taka víxla

til greiðslu afborgana. Þá hafi og verið farið að gera lögtak í húseign hans. Hann kvað greiðslubyrði sína hafa verið orðna það mikla á þessum tíma, að tilgangslaust hafi verið að taka frekari lán, þó að í boði væru, þar eð hann hefði ekki haft bolmagn til að greiða þau og engir peningar verið til til að halda áfram með húsið, og til að bjarga fjármálum sínum hefði hann farið út í framangreinda tékkaútgáfu. Ákærði kvað alla peninga þá, sem hann hefði fengið fyrir tékkávísanirnar, sem hann seldi í bönkum, svo og mismun þess, sem hann tók út í vörum í verslunum, og upphæð tékkanna, sem hann greiddi þær með, hafa farið til greiðslu framangreindra skulda, efniskaupa vegna hússins og í vörur til heimilishalds.

Svo sem að framan er getið, starfaði ákærði í þeirri deild rannsóknarlögreglunnar, sem afbrotamál barna og unglinga heyra undir, og vann með og var Helga Daníelssyni varðstjóra til aðstoðar í þessum málum, og deildu þeir saman herbergi allt fram yfir áramót 1975—1976, að ákærði fékk herbergi við hliðina á Helga. Helgi Daníelsson fór í upphafi aðallega með rannsókn þessa máls, og kvaðst hann hafa haft öll gögn þess á skrifborðinu sínu og rætt um málið við ákærða sem samstarfsmann sinn. Ekki kvaðst þó Helgi vita til þess, að ákærði hefði tekið skýrslur í sambandi við þetta mál né aðstoðað við rannsókn þess að öðru leyti, nema ef vera kynni, að hann hafi farið með honum, er hann hafi farið í banka eða verslanir til að ræða þar við starfsfólk, er tekið hefði við tékkum, til að fá lýsingu á falsaranum og sýna því myndir af afbrotamönnum. Helgi mundi þó ekki til, að þetta hefði skeð, en taldi það engan veginn útilokað. Helgi kvaðst hafa rætt um málið við ákærða sem starfsmann, en kvað aldrei hafa komið neitt það fram í samskiptum þeirra, sem vakið hefði grun um, að ákærði væri við málið riðinn. Ákærði kvaðst mestmegnis hafa komist hjá því að annast rannsókn í máli þessu eða aðstoða við hana. Hann kvaðst ekki hafa þurft að taka skýrslur af kærendum málsins eða taka við tékkum varðandi það, og hann neitaði því alfarið að hafa komið undan eða eyðilagt tékka, sem komið var með inn til rannsóknarlögreglu vegna máls þessa. Hann kvaðst hins vegar tvívegis hafa farið með Helga Daníelssyni út í borgina til að sinna máli þessu. Í annað skiptið hafi verið farið í verslun SS, Austurveri, en í hitt í aðalbanka Búnaðarbanka Íslands. Á báða staðina höfðu þeir farið með myndir af afbrotafólki, og átti það af þeim að reyna að bera kennsl á hugsanlegan falsara, en það ekki tekist.

Ákærði kvaðst hafa fylgst með rannsókn Helga og hagað sér lítillega í samræmi við það.

NIÐURSTÖÐUR.

Í ákæruskjalinu, eins og það hefur verið leiðrétt, er tékkaútgáfu og bankaviðskiptum ákærða rétt lýst, nema í VI, C lið, segir, að ákærði hafi framvísað sparisjóðsbók ásamt úttektarseðli í Samvinnubankanum, Melaútibúi, en á að vera Búnaðarbankanum, Melaútibúi, og í IV eru tékkar í töluliðum 25—28 sagðir, eins og rakið er að framan, gefnir út í nafni Sigurjóns Einarssonar, en eru, svo sem þeir bera með sér, gefnir út í nafni tilgreinds framseljanda, Snæbjarnar Viggóssonar. Hér er þó í öllum tilvikum um augljós mistök að ræða, sem ekki þykir rétt, að valdi frávísun, þar sem þetta er ekki fallið til að valda misskilningi. Skjölin bera þetta augljóslega með sér.

Ljóst er, að með verknuðum þeim, sem lýst hefur verið í liðum I—X hér að framan, en öllum þar greindum skjölum telst hann hafa komið í umferð, hefur ákærði gerst sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kemur þá til álita, hvort ákærði hafi misnotað stöðu sína sem rannsóknarlögreglumaður til þess að falsa framangreind skjöl og nota þau í lögskiptum.

Með því að vélrita meginmál tékka, dskj. nr. 46 og 52, á ritvél þá, sem hann hafði aðgang að í starfi sínu, og nota þá svo í lögskiptum hefur ákærði misnotað stöðu, svo að varði við 138. gr. almennra hegningarlaga.

Sama gæti og gilt um töku og öflun ökuskírteinanna, sem ákærði notaði við að fremja sum brota sinna, en fyrir það athæfi er ekki ákært sjálfstætt, enda munir þessir naumast andlag þjófnaðar. Af því einu sér, að ákærði slær eign sinni á óheimilan hátt á ökuskírteini þessi, leiðir ekki, að eftirfarandi breyting á þeim og notkun þeirra við tékkafölsun ákærða sé misnotkun á stöðu hans. Hins vegar, þegar litið er til þess, að ákærði er nánasti samstarfsmaður þess rannsóknarlögreglumanns, sem í upphafi fór með rannsókn þessa máls, en þeir deildu lengst af saman vinnuherbergi, er ljóst, að ákærði er í sérstakri aðstöðu til að fylgjast með rannsókn málsins, en svo sem fram er komið, ræddu þeir sín á milli um rannsókn málsins, allar kærur, sem inn komu varðandi mál þetta, voru á borðinu hjá Helga Daníelssyni, samstarfsmanni ákærða, og hafði ákærði aðgang að þeim. Auk þess hefur hann sem rannsóknarlögreglumaður

getað fylgst með, hvað aðrir rannsóknarlögreglumenn aðhöfðust í málinu og hvað almennt var ákveðið af stjórnendum rannsóknarlögreglunnar til að upplýsa málið. Ákærði hefur viðurkennt að hafa hagað sér í brotastarfsemi sinni lítillega í samræmi við það, sem hann fékk þannig upplýsingar um í starfi sínu. Er ljóst, að ákærði misnotaði aðstöðu sína við að nota í lögskiptum tékka, sem hann hafði falsað, og gerist þetta með þeim hætti, að vegna þessarar aðstöðu sinnar vissi ákærði hverju sinni, hvaða kærur höfðu fram komið, við hvaða fólk í bönkum og verslunum hafði verið talað og hvað fyrir það lagt, og gat hann því forðast að selja tékka á þeim stöðum, þar sem starfsfólk hafði verið varað við hugsanlegum falsara og fengið af honum lýsingu, rithandarsýnishorn o. fl., eða hann gat haldið að sér höndum um sölu falstékka, þegar hann vissi, að mikil rannsókn var í gangi af hálfu rannsóknarlögreglunnar vegna fyrri brota hans. Þó að ekki reyni verulega á þessa aðstöðu ákærða fyrr en eftir 26. nóv. 1975, er fyrst er kært til rannsóknarlögreglu út af tékkafölsun og opnun ávísanareiknings á fölsku nafni í máli þessu, þá er sýnt, að aðstaða þessi er fyrir hendi alveg frá því ákærði gefur út fyrstu fölsku ávísunina, og á grundvelli þess, að ákærði veit, að engin kæra eða kvörtun hefur komið fram, hafði hann mun frjálsari hendur við sölu tékkanna, sem hann gaf út á þessum tíma, en ella.

Þá aðstöðu, sem ákærði hefur sem rannsóknarlögreglumaður til að fylgjast með rannsókn málsins, notar hann sér, eins og fyrr segir, við að halda áfram brotastarfsemi, og þetta er m. a. þess valdandi, að málið upplýstist ekki fyrr en nær ári eftir að ákærði hóf þessa brotastarfsemi, og þá upplýstist það m. a. vegna þess, að þá var ákærði ekki í þessari aðstöðu til að fylgjast með rannsókn málsins, þ. e. hann er í sumarfríi.

Dómurinn lítur svo á, að með því að misnota þessa aðstöðu, sem ákærði hafði vegna starfs síns, í sambandi við brotastarfsemi sína, svo sem að framan er lýst, hafi ákærði misnotað stöðu sína svo, að valda eigi þyngingu refsingar skv. 138. gr. almennra hegningarlaga. Á þetta og við um verknaði þá, sem lýst er í I. lið A og B, II. lið, V.—VII. lið, en þó í minna mæli, þar sem minni varúðar er gætt af hálfu bankastarfsmanna við opnun sparisjóðsreikninga, innlagnir og úttektir af þeim í sambandi við persónur þær, sem hlut eiga að, og reyndi því minna á aðstöðu ákærða í sambandi við þessi brot.

Við refsimat í máli þessu ber og að taka tillit til þess, að

undir rekstri málsins hefur ákærði greitt að fullu allar bótakröfur, sem gerðar hafa verið í málinu, og nemur sú upphæð með vöxtum kr. 2.136.877, og olli þetta töluverðri röskun á högum ákærða, sem varð að selja íbúðarhús það, sem hann átti, til þess að vera þetta kleift. Þá missti ákærði stöðu sína sem rannsóknarlögreglumaður, og kom stöðumissir þessi þungt við hann. Þá var nafnbirting ákærða honum tilfinnanlega sár, en var nauðsynleg vegna þess, hvernig málið var vaxið, svo að aðrir rannsóknarlögreglumenn yrðu ekki og undir grun um að hafa framið brotin, en byggðist ekki á venju í málum sem þessu. Öll eru þessi atriði virt til lækkunar á refsingu ákærða.

Refsing ákærða þykir því samkvæmt framangreindum ákvæðum almennra hegningarlaga og með hliðsjón af 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Samkvæmt heimild í 76. gr. almennra hegningarlaga ber að draga frá refsingunni með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 24. júlí til 4. ágúst 1976.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, sem ákveðast krónur 200.000, málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Inga Ingimundarsonar, kr. 250.000, og réttargæsluþóknun til skipaðs réttargæslumanns, hæstaréttarlögmanns Arnar Clausen, sem ákveðst krónur 40.000.

Nokkur dráttur var á lyktum í málinu, eftir að framhaldsrannsókn var að mestu lokið, stafaði hann fyrst af frestum, sem veittir voru í því skyni að gefa ákærða kost á að ljúka greiðslu skaðabóta, en svo síðar dróst málið á langinn vegna slyss, sem dómarinn varð fyrir, og afleiðinga þess.

Dómsorð:

Ákærði, Matthías Árni Mathíesen Guðmundsson, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Gæsluvarðhaldsvist hans frá 24. júlí til 4. ágúst 1976 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 200.000, málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Inga Ingimundarsonar, kr. 250.000, og krónur 40.000 í þóknun til skipaðs réttargæslumanns ákærða, hæstaréttarlögmanns Arnar Clausen.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 9. febrúar 1982.

Nr. 96/1980. **Félagsmálaráðherra f. h. félagsmálaráðuneytisins**
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
og
Guðmundur Björnsson
Snorri Guðlaugsson
Ástríður Baldursdóttir
Flosi Ingólfsson
Ragnar Eiðsson
Bragi Björnsson
Erla Einarsdóttir
Guðmunda Pétursdóttir og
Rögnvaldur Karlsson
(Haraldur Blöndal hdl.)
gegn
Kristni Guðmundssyni
Karli Sigurgeirssyni
Gunnari Guðlaugssyni
Svavari Þorbergssyni
Eysteini Ingólfssyni
Hauki Elíssyni
Katrínu Ósk Jónsdóttur
Sigríði Ósk Beck og
Erlu Jónsdóttur
og gagnsök.
(Baldur Guðlaugsson hdl.).

Sveitarstjórnarkosningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi félagsmálaráðherra vegna félagsmálaráðuneytisins áfrýjaði málinu með stefnu 20. júní 1980. Krefst hann þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi,

en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjenda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur Guðmundur Björnsson, Snorri Guðlaugsson, Ástríður Baldursdóttir, Flosi Ingólfsson, Ragnar Eiðsson, Bragi Björnsson, Erla Einarsdóttir, Guðmunda Pétursdóttir og Rögnvaldur Karlsson áfrýjuðu málinu með stefnu 19. júní 1980. Krefjast þau þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að þau verði dæmd sýkn af kröfum gagnáfrýjenda. Þá krefjast þau málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjenda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en þessir áfrýjendur fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 13. janúar þ. á.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu máli þessu upphaflega með stefnu 22. júlí 1980. Útivist varð af þeirra hálfu á dómþingi 1. apríl 1981, og féll málssóknin þá niður. Þau áfrýjuðu málinu að nýju með stefnu 15. apríl 1981, sbr. 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefjast þau þess, að frávísunarkröfu aðaláfrýjenda verði hrundið. Um efni máls eru dómkröfur þeirra þær, „að allar kröfur þeirra í héraði verði teknar til greina eftir því sem efni standa til, en þær eru, að viðurkennt verði með dómi gildi hreppsnefndarkosninga þeirra, sem fram fóru í Geithellnahreppi 25. júní 1978, og þar með verði felldur úr gildi úrskurður félagsmálaráðuneytisins frá 5. september 1978 um ógilding þeirra kosninga, og jafnframt verði felldur úr gildi úrskurður sama ráðuneytis frá 3. ágúst 1979 þess efnis, að hreppsnefndarkosningar, sem fram fóru 10. júní 1979, eigi að standa óhaggaðar. Í þessu felst krafa um, að sú kosning kjörstjórnar, sem fram fór á aðalfundi sýslunefndar Suður-Múlasýslu 9.—10. maí 1979, verði metin ógild svo og hreppsnefndarkosningar þær, sem fram fóru á vegum þeirrar kjörstjórnar 10. júní 1979".

Þá krefjast þau málskostnaðar óskipt úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa Óskar Guðlaugsson og Þorfinnur Jóhannsson, sem voru aðiljar málsins í héraði,

látist. Eru dánarbú þeirra eigi aðiljar málsins hér fyrir dómi, sbr. 2. málsgr. 53. gr. og 2. málsgr. 54. gr. laga nr. 85/1936.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

I.

Um frávísunarkröfu aðaláfrýjenda.

Gagnáfrýjendur krefjast þess, að dæmt verði um gildi kosningar til hreppsnefndar Geithellnahrepps 25. júní 1978 og úrskurðar félagsmálaráðuneytis 5. september 1978 um hana. Aðaláfrýjendur telja, að þessar kröfur sæti eigi úrlausn dómstóla og sé úrlausn ráðuneytis fullnaðarúrslit máls. Svo sem greinir í héraðsdómi, reisa aðaláfrýjendur lagaviðhorf sín á ákvæði 14. gr. laga nr. 5/1962 um sveitarstjórnarkosningar, svo sem það beri að skýra skv. tilurð þess og forsögu og með hliðsjón af tengslum 14. og 15. gr. laganna.

Um kröfu aðaláfrýjenda í héraði gekk sérstakur úrskurður í bæjarþingi Reykjavíkur 5. mars 1980, og var kröfunni hrundið.

Það er meginregla íslenskra laga, að þau mál sæti úrlausn dómstóla, sem eigi eru skýrlega undan dómsögu þeirra tekin, sbr. 2. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 og 60. gr. hennar að því er tekur til tengslanna milli dómstóla og stjórnvalda. 14. gr. laga nr. 5/1962 kveður ekki svo á, að úrlausn félagsmálaráðuneytis sé fullnaðarúrslit máls. Þótt 15. gr. mæli svo, að sá úrskurður félagsmálaráðuneytis, sem þar greinir, verði borinn undir dómstóla, verður ekki byggð á því einu sú gagnályktun, að þessu sé andstætt farið um úrskurð samkv. 14. gr. Í 15. gr. er áréttuð hin almenna regla islenskra laga, og við túlkun 14. gr. verður að hafa að bakhjarli greinda meginreglu. Fyrri lög um þetta efni og annað það, sem leitt er í ljós um forsögu ákvæðisins, veitir eigi örugga vísbendingu um, að ætlunin hafi verið að þiggja mál þetta undan úrlausn dómstóla. Ber því að hrinda frávísunarkröfu aðaláfrýjenda.

II.

Um hreppsnefndarkosningu í Geithellnahreppi 25. júní 1978.

Aðaláfrýjendur reisa kröfu sína um ógildingu kosningarinnar á þrenns konar annmörkum, sem á henni hafi verið. Eru þeir greindir í II, 1—3 hér á eftir.

II. 1. Í fyrsta lagi er byggt á þeirri ástæðu, sem félagsmálaráðuneytið telur leiða til ógildingar kosningarinnar, þ. e. að oddviti hafi rofið pakka þann með kjörseðlum, sem kom frá prentsmiðju í Reykjavík, áður en kosning fór fram og við aðrar aðstæður en lög leyfa, sbr. 75. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1962, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1966.

II. 2. Í öðru lagi er byggt á þeirri ástæðu, sem héraðsdómari reisir ógildingu kosningarinnar á, þ. e. að kjörseðill hafi verið úr svo þunnu efni, að sjá mátti í gegnum hann, þótt tvíbrotinn væri. Þetta valdi því, að eigi sé tryggt, að kosning sé leynileg, og varði það ógildingu kosningarinnar, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1961, sbr. og 136. gr. laga nr. 52/1959 og 1. gr. laga nr. 5/1962 og 1. gr. laga nr. 5/1966.

II. 3. Enn benda aðaláfrýjendur á það, að sami kjörseðill hafi verið notaður til kosningar hreppsnefndar og sýslunefndar og svo úr garði gerður, að andstætt sé réttum kosningarreglum. Er einkum bent á, að eigi sé á kjörseðlinum greint skýrlega milli kosningar í hreppsnefnd og til sýslunefndar þannig, að glöggt sé, að um sjálfstætt kjör sé að ræða til hvorrar nefndarinnar um sig. Geti því hæglega vafist fyrir kjósanda, hvort hann eigi þess kost t. d. að ljá H lista fylgi sitt til hreppsnefndar, en frambjóðanda I lista til sýslunefndar. Af hendi gagnáfrýjenda er því andmælt, að kjörseðli sé ábótavant, og bent á, að altítt sé að hafa einn og sama kjörseðil til beggja þessara kosninga og þá af svipaðri gerð og hér varð raun á.

Úr þessum málsástæðum skal nú leyst.

Um II, 1. Gæta ber þess, að ákvæði laga nr. 52/1959 geta ekki átt alfarið við um hreppsnefndarkosningu þessa, þar sem hér er m. a. ekki yfirkjörstjórn fyrir að fara. Eigi er

því haldið fram, að framkvæmd sú, er greinir í þessum lið, hafi falið í sér misferli, og eigi er sýnt fram á, að hún hafi komið að sök. Þessi ástæða leiðir því ekki til þess, að framangreind kosning verði dæmd ógild.

Um II, 2. Fallast ber á þá úrlausn héraðsdómara, að kjörseðill hafi eigi verið svo úr garði gerður sem lög áskilja samkvæmt 50. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1962, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1966 og meginreglu 7. gr., 2. málsgr., laga nr. 5/1962, og tryggi ekki, að kosning sé leynileg. Ákvæði 15. gr., 1. málsgr., laga nr. 58/1961, er býður, að kosningar þessar skuli vera leynilegar, er vissulega meðal grundvallarákvæða í íslenskum lögum um opinberar kosningar.

Um II, 3. Telja verður, að kjörseðill sá, sem notaður var við hreppsnefndarkosningu 25. júní 1978, greini ekki jafn skýrlega og þörf er á milli kosningar til hreppsnefndar annars vegar og til sýslunefndar hins vegar. Er ekki skilið greinilega á kjörseðlinum milli frambjóðenda til þessara tveggja trúnaðarstarfa, en þetta eru tvær sjálfstæðar kosningar. Var kjörseðillinn, eins og honum var farið, fallinn til að villa um fyrir kjósendum í þessu efni.

Þegar virtir eru annmarkar þeir, sem greinir í II, 2 og 3, verður með vísan til 136. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1962 og 1. gr. laga nr. 5/1966, að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að framangreind hreppsnefndarkosning sé ógild.

III.

Í héraðsdómsstefnu 7. september 1979 er mál höfðað „til viðurkenningar á gildi hreppsnefndarkosninga þeirra, sem fram fóru í Geithellnahreppi 25. júní 1978, og þar með ógildingar þeirra stjórnarathafna, sem fram hafa farið síðan og fara í bága við hana". Síðan segir: „Fyrir bæjarþinginu kveðast stefnendur gera þær kröfur, að viðurkennt verði með dómi gildi framangreindra hreppsnefndarkosninga í Geithellnahreppi 25. júní 1978 og þar með verði felldur úr gildi úrskurður félagsmálaráðuneytisins frá 5. sept. 1978

um ógilding þeirra kosninga og jafnframt verði felldur úr gildi úrskurður sama ráðuneytis frá 3. ágúst 1979 þess efnis, að hreppsnefndarkosningar, sem fram fóru 10. júní 1979, eigi að standa óhaggaðar. Í þessu felst krafa um, að sú kosning kjörstjórnar, sem fram fór á aðalfundi sýslunefndar Suður-Múlasýslu 9.—10. maí 1979, verði metin ógild svo og hreppsnefndarkosningar þær, sem fram fóru á vegum þeirrar kjörstjórnar 10. júní 1979."

Við munnlegan málflutning í héraði krafðist lögmaður gagnáfrýjenda þess, svo sem lýst er í þingbók, „að komist dómurinn að þeirri niðurstöðu, að fyrri úrskurður félagsmálaráðuneytisins frá 5. september 1978 sé gildur, var þess engu að síður krafist, að þær stjórnvaldsákvarðanir og athafnir, sem á eftir fylgdu, yrðu metnar ógildar". Lögmaður aðaláfrýjendanna Guðmundar Björnssonar og samherja hans „mótmælti því, að varakrafa kæmi nú fram", og að „líta verði á kröfugerð stefnenda eins og hún liggur fyrir í stefnu, en þeirri kröfugerð sé í ýmsu ábótavant". Um afstöðu lögmanns félagsmálaráðherra er þetta bókað í þingbók: „Hann taldi, að næði sú krafa ekki fram að ganga, að kosningarnar 25. júní 1978 séu gildar, séu það endanlegar lyktir þessa máls, þar sem aðrar kröfur skv. stefnu séu afleiddar, og mótmælti nokkrum breytingum á kröfugerðinni frá stefnu".

Stefnukröfum ber að lýsa skýrlega í héraðsdómsstefnu, sbr. 88. gr. laga nr. 85/1936. Þar sem dæmt hefur verið, að hreppsnefndarkosning 25. júní 1978 sé ógild, verður ekki talið, eins og stefnan er úr garði gerð og gegn andmælum aðaláfrýjenda, að það sé dómsefni í máli þessu að fjalla um gildi hreppsnefndarkosningar þeirrar, er fram fór í Geithellnahreppi hinn 10. júní 1979, og þ. á m. skipun kjörstjórnar við hana.

Samkvæmt framanrituðu verða úrslit máls þessa þau, að kosning til hreppsnefndar í Geithellnahreppi 25. júní 1978 er dæmd ógild.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð. Rétt þykir, að málskostnaður í aðalsök og gagnsök fyrir Hæstarétti falli niður. Allur gjafsóknarkostnaður aðaláfrýj-

endanna Guðmundar Björnssonar og samherja hans fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, 7.000.00 krónur.

Dómsorð:

Kosning til hreppsnefndar Geithellnahrepps hinn 25. júní 1978 er ógild.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjendanna Guðmundar Björnssonar, Snorra Guðlaugssonar, Ástríðar Baldursdóttur, Flosa Ingólfssonar, Ragnars Eiðssonar, Braga Björnssonar, Erlu Einarsdóttur, Guðmundu Pétursdóttur og Rögnvalds Karlssonar fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeira, Haralds Blöndal héraðsdómslögmanns, 7.000.00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. apríl 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. apríl sl., hafa Kristinn Guðmundsson, Þvottá, Karl Sigurgeirsson, Melrakkanesi, Gunnar Guðlaugsson, Hnaukum, Svavar Þorbergsson, Hamarsseli, Eysteinn Ingólfsson, Flugustöðum, Haukur Elísson, Starmýri 2, Katrín Ósk Jónsdóttir, Starmýri 3, Óskar Guðlaugsson, Hærukollsnesi, Sigríður Ósk Beck, Kambsseli, og Erla Jónsdóttir, Múla 1, öll í Geithellnahreppi í Suður-Múlasýslu, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 21. september, 27. september og 3. október sl. gegn þáverandi félagsmálaráðherra, Magnúsi H. Magnússyni, f. h. félagsmálaráðuneytisins í Reykjavík, sýslumanni Boga Nílssyni, Eskifirði, f. h. sýslunefndar Suður-Múlasýslu, kjörstjórnarmönnum Geithellnahrepps skv. kosningu sýslunefndar á aðalfundi 9.—10. maí 1979: Guðmundi Björnssyni, Múla, Snorra Guðlaugssyni, Starmýri, Ástríði Baldursdóttur, Hofi, svo og hreppsnefndarmönnum skv. kosningu 10.

júní 1979, en þeir eru auk framanritaðra: Guðmundar Björnssonar, Ástríðar Baldursdóttur og Snorra Guðlaugssonar þessir, aðalmenn: Flosi Ingólfsson, Flugustöðum, og Ragnar Eiðsson, Bragðavöllum, og varamennirnir: Bragi Björnsson, Hofi, Erla Einarsdóttir, Blábjörgum, Guðmunda Pétursdóttir, Rannveigarstöðum, Rögnvaldur Karlsson, Múla 2, og Þorfinnur Jóhannsson, Geithellum, öll í Geithellnahreppi, til viðurkenningar á gildi hreppsnefndarkosninga þeirra, sem fram fóru í Geithellnahreppi 25. júní 1978, og þar með ógildingar þeirra stjórnarathafna, sem fram hafa farið síðan og fara í bág við hana.

Fyrir bæjarþinginu gera stefnendur þessar kröfur: Viðurkennt verði með dómi gildi framangreindra hreppsnefndarkosninga í Geithellnahreppi 25. júní 1978 og þar með verði felldur úr gildi úrskurður félagsmálaráðuneytisins frá 5. september 1978 um ógildingu þeirra kosninga. Jafnframt verði felldur úr gildi úrskurður sama ráðuneytis frá 3. ágúst 1979 um, að hreppsnefndarkosningar, sem fram fóru 10. júní 1979, eigi að standa óhaggaðar. Í þessu segja þeir felast kröfur um, að sú kosning kjörstjórnar, sem fram fór á aðalfundi sýslunefndar Suður-Múlasýslu 9.—10. maí 1979, verði metin ógild svo og hreppsnefndarkosningar þær, sem fram fóru á vegum þeirrar kjörstjórnar 10. júní 1979. Þá gera stefnendur þá kröfu, að þeim verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefndu in solidum.

Við munnlegan flutning málsins í þinghaldi þann 16. apríl sl. gerði lögmaður stefnenda aðallega ofangreindar kröfur, en til vara, að kæmist dómurinn að þeirri niðurstöðu, að fyrri úrskurður félagsmálaráðuneytisins frá 5. september 1978 væri gildur, krafðist hann þess engu að síður, að þær stjórnvaldsákvarðanir og athafnir, sem eftir þeim úrskurði fylgdu, yrðu metnar ógildar.

Af hálfu félagsmálaráðherra f. h. félagsmálaráðuneytis er sótt þing og þær kröfur gerðar, að ráðuneytið verði algerlega sýknað af kröfum stefnenda og dæmdur málskostnaður úr þeirra höndum in solidum að mati réttarins.

Af hálfu sýslumanns Suður-Múlasýslu f. h. sýslunefndar er ekki sótt þing og engar kröfur gerðar.

Af hálfu stefndu þeirra Guðmundar Björnssonar, Múla 3, Ástríðar Baldursdóttur, Hofi, Snorra Guðlaugssonar, Starmýri, Flosa Ingólfssonar, Flugustöðum, Ragnars Eiðssonar, Bragðavöllum, Braga Björnssonar, Hofi, Erlu Einarsdóttur, Blábjörg-

um, Guðmundu Pétursdóttur, Rannveigarstöðum, Rögnvalds Karlssonar, Múla 2, og Þorfinns Jóhannssonar, Geithellum, en öll eru þau búsett í Geithellnahreppi, Suður-Múlasýslu, er sótt þing og gerðar þær dómkröfur, að þeir verði algerlega sýknaðir og dæmdur málskostnaður in solidum úr höndum stefnenda að mati réttarins.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Málsatvik.

Tildrög máls þessa eru þau, að þann 25. júní 1978 fóru samtímis fram í Geithellnahreppi í Suður-Múlasýslu kosningar til hreppsnefndar og sýslunefndar. Kjörfundur var settur kl. 1200 þann dag í samkomuhúsinu að Múla í Geithellnahreppi. Í kjörstjórn voru Haukur Elísson, Jón Þ. Ragnarsson og Flosi Ingólfsson. Í upphafi fundar óskaði Ragnar Eiðsson, sem mættur var sem umboðsmaður framboðslista, bókað, að pakki með kjörseðlum hefði verið opnaður, áður en kjörfundur var settur. Þá taldi kjörstjórn kjörseðil úr of þunnum pappír, þar sem sá í gegnum hann. Kjörseðlar voru taldir og reyndust samtals 144. Fram komu tveir listar, H listi, félagshyggjumanna, og I listi, óháðra. Kosningin fór þannig fram, að hver kjósandi fékk í hendur einn kjörseðil með nöfnum frambjóðenda hvors lista, bæði til hreppsnefndar og sýslunefndar. Nöfn frambjóðenda til sýslunefndar, aðal- og varamanns, voru skráð neðan við lista til hreppsnefndar og auðkennd með orðunum: Til sýslunefndar. Kjörstjórn taldi atkvæði greidd listum til hreppsnefndar einnig greidd frambjóðendum sömu lista til sýslunefndar. Samkvæmt gerðabók kjörstjórnar voru 67 manns á kjörskrá, og samtals kusu 63. Af gengu 87 kjörseðlar. Úrslit urðu þau, að H listi, félagshyggjumanna, hlaut 33 atkvæði og 3 menn kjörna til hreppsnefndar, en I listi, óháðra, 30 atkvæði og 2 hreppsnefndarmenn kjörna. Samkvæmt skilningi og ákvörðun kjörnefndar voru frambjóðendur H lista til sýslunefndar taldir rétt kjörnir með jafnmörgum atkvæðum.

Ágreiningur reis um gildi þessara kosninga, bæði í heild sinni og til sýslunefndar sérstaklega. Þann 27. júní 1978 kærðu þeir Ragnar Eiðsson á Bragðavöllum, Þormóður Einarsson á Blábjörgum og Örn Ólafsson á Hamri til sýslunefndar Suður-Múlasýslu kosningu sýslunefndarmanns í Geithellnahreppi. Kæra þeirra byggðist á því, að ranglega hafi verið talið um eina kosningu að ræða til sýslunefndar og hreppsnefndar. Þeir töldu, að kjörseðlar hefðu átt að vera tveir og kosningar tvennar, enda

hefðu nokkrir kjósendur kosið með sérstöku auðkenni til sýslunefndar, en þau atkvæði hefðu ekki verið talin. Krafa þeirra var sú, að þeir atkvæðaseðlar, sem voru með krossi við nafn frambjóðenda til sýslunefndar, yrðu látnir ráða kjöri sýslunefndarmanns.

Sýslunefnd Suður-Múlasýslu barst þessi kæra 6. júlí 1978 og afgreiddi hana á fundi sínum 17. ágúst s. á. Niðurstaða hennar var sú, að kosning sýslunefndarmanns í Geithellnahreppi 25. júní 1978 væri ógild og skyldi kosning fara fram að nýju eins fljótt og auðið væri.

Þann 8. júlí 1978 kærðu sömu menn og áður til hreppsnefndar Geithellnahrepps þær hreppsnefndarkosningar, sem þar fóru fram 25. júní s. á., og kröfðust ógildingar þeirra. Til stuðnings ógildingarkröfu sinni nefndu kærendur eftirfarandi atriði:

1. Að þakki sá, sem kjörseðlar voru í, hefði verið rifinn upp, áður en kjörstjórnarmenn komu til kjörfundar. Var þess krafist, að hreppsnefnd kannaði, hver eða hverjir hefðu verið þar að verki, og athugaði jafnframt, hvort á reikningi frá prentsmiðju og eða fylgibréfi kæmi fram, hversu margir kjörseðlar hefðu verið sendir í Geithellnahrepp vegna hreppsnefndarkosninganna.

2. Að kjörseðlar þeir, sem notaðir hefðu verið við ofangreindar kosningar, hefðu verið svo meingallaðir, að það eitt ætti að nægja til ógildingar kosninganna.

3. Að atkvæði Björgvins Karlssonar hefði verið afhent kjörstjórn í tveimur umslögum. Annað umslagið hefði verið opnað og atkvæðaseðill sá, er þar fannst, lagður til grundvallar við talningu. Hitt umslagið hefði ekki enn verið opnað og yrði því að líta svo á, að löglegri talningu atkvæða væri ekki lokið. Krafa þeirra var sú, að kosningar til hreppsnefndar og sýslunefndar, sem fram fóru í Geithellnahreppi þann 25. júní 1978, yrðu í heild ógiltar.

Kjörstjórnarmenn svöruðu framkominni kæru 17. júlí 1978. Segja þeir:

1) Að pakki með kjörseðlum hefði verið sendur oddvita Geithellnahrepps í póstkröfu og hefði hann opnað pakkann. Kjörstjórn hefði falið honum að útvega kjörseðlana, þar sem hann hefði verið á förum til Reykjavíkur um það leyti. Hann hafi reikning frá prentsmiðju og komi þar fram, hvað seðlarnir hafi verið margir.

2) Að álit kjörstjórnar hefði verið, að rétt væri að hafa kosningu til hreppsnefndar og sýslunefndar á sama kjörseðli, þar

sem listar til sýslunefndar hefðu verið á sömu blöðum og til hreppsnefndar og studdir sömu mönnum. Þá var því haldið fram, að enginn kjörseðill hefði komið fram, þar sem kosið var öðruvísi til sýslunefndar en hreppsnefndar. Hefði slíkur seðill komið fram, hefði hann verið talinn ógildur.

3) Að kjörstjórn hefði talið atkvæði Guðjóns Björgvins Karlssonar til sýslunefndar óþarft, þar sem kosning til sýslunefndar hefði verið á sama kjörseðli og til hreppsnefndar.

Að fenginni þessari umsögn kjörnefndar Geithellnahrepps, hafnaði hreppsnefndin kæru Ragnars Eiðssonar og fleiri þann 22. júlí 1978. Í fundargerð hreppsnefndar þann dag er upplýst, að oddviti hefði samið við prentsmiðjuna Eddu 8. júní 1978 um að prenta 80 kjörseðla vegna sveitarstjórnar- og sýslunefndarkosninganna 25. júní 1978. Pakkinn með kjörseðlum hefði komið til hans 15. júní og verið merktur honum. Oddvitinn hefði opnað pakkann til að athuga, hvort mistök hefðu orðið við prentun. Hefði slíkt gerst, hefði orðið að panta aðra seðla og tilkynna prentsmiðjunni það strax. Þá er þar upplýst, að skv. reikningi hafi 80 kjörseðlar verið sendir hreppsnefndinni.

Kærendur áfrýjuðu þessari niðurstöðu hreppsnefndar til félagsmálaráðuneytisins 25. júlí 1978 og kröfðust þess, að úrskurður sveitarstjórnar Geithellnahrepps yrði úr gildi felldur og sveitarstjórnarkosningarnar ógiltar. Félagsmálaráðuneytið felldi úrskurð í málinu 5. september 1978. Þar segir m. a., að ráðuneytið geti ekki fallist á niðurstöður hreppsnefndar, „þegar af þeirri málsástæðu, sem fram kemur undir 1. lið kærunnar, að pakki sá, sem kjörseðlar voru í, hafi verið rifinn upp, áður en kjörstjórnarmenn komu til kjörfundar.“ Með skírskotun til 2. mgr. 75. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til alþingis, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1966 um sveitarstjórnarkosningar, sbr. lög nr. 5/ 1962, taldi ráðuneytið ljóst, að pakkinn með kjörseðlunum hefði verið opnaður fyrr og við aðrar aðstæður en lög leyfa. Yrði því þegar af þeirri ástæðu að ógilda þessar sveitarstjórnarkosningar og leggja fyrir kjörstjórn að láta fara fram kosningar til hreppsnefndar að nýju eins fljótt og við yrði komið og eigi síðar en innan mánaðar, sbr. 1. mgr. 129. gr. laga nr. 52/1959. Þá taldi ráðuneytið önnur kæruatriði gefa tilefni til þess að brýna fyrir kjörstjórn að fylgja gildandi lögum í öllum greinum við framkvæmd þeirra kosninga, sem fram yrðu að fara.

Samkvæmt þessu úrskurðaði ráðuneytið, að kosningar þær til hreppsnefndar, sem fram fóru í Geithellnahreppi 25. júní

1978, skyldu vera ógildar og nýjar kosningar fara fram. Ráðuneytið tók ekki afstöðu til ógildingar sýslunefndar Suður-Múlasýslu á sýslunefndarkosningum í Geithellnahreppi, enda var sú kosning ekki þangað kærð.

Þann 3. október 1978 lagði sýslumaður fyrir kjörstjórn að láta þegar eða svo fljótt sem auðið væri fara fram kosningu til hreppsnefndar og sýslunefndar.

Þann 23. október 1978 sagði kjörstjórn af sér störfum vegna meints vanhæfis.

Þann 1. nóvember 1978 lagði félagsmálaráðuneytið fyrir sýslumann að fyrirskipa kjörstjórn að framfylgja úrskurði ráðuneytisins tafarlaust, að viðlögðum viðurlögum, og að fela hreppsnefnd, sem starfað hafði fram að kosningum 25. júní 1978, að sinna hreppsnefndarstörfum, þar til ný nefnd hefði verið löglega kjörin. Þessi fyrirmæli flutti sýslumaður viðkomandi aðiljum, og fór hreppsnefnd, sem kjörin hafði verið 1974, með stjórn hreppsmála fyrst í stað.

Tveir aðalmenn og tveir varamenn kjörstjórnar tilkynntu sýslumanni 7. nóvember 1978, að þeir héldu fast við fyrri afstöðu um lok starfa í kjörstjórn.

Sýslumaður auglýsti 13. nóvember 1978, að nýjar kosningar til sýslunefndar og hreppsnefndar skyldu fara fram 17. desember 1978, og tilkynnti viðkomandi aðiljum. Kosningar fóru þó ekki fram á þessum tíma. Af þessum sökum lagði sýslumaður fyrir hreppsnefnd 22. desember 1978 að kjósa nýja kjörstjórn til að annast um, að kosningar færu fram fyrir 10. janúar 1979.

Þetta erindi var ekki tekið fyrir á hreppsnefndarfundi, en oddviti tilkynnti sýslumanni, að hreppsnefnd gæti ekki samþykkt tilmæli sýslunefndar. Á aðalfundi sýslunefndar, sem haldinn var 9. og 10. maí 1979, var skv. fyrirmælum félagsmálaráðuneytisins kjörin ný kjörstjórn. Lagt var fyrir nefndina að láta fara fram kosningar innan mánaðar. Í kjörstjórn kaus sýslunefnd eftirtalda aðilja: Eystein Ingólfsson, Flugustöðum, Guðmund Björnsson, Múla, Gunnar Guðlaugsson, Hnaukum, og til vara Snorra Guðlaugsson, Starmýri, Ástríði Baldursdóttur, Hofi, og Óskar Guðlaugsson, Hærukollsnesi.

Kjörstjórnarmennirnir, aðalmaðurinn Guðmundur Björnsson og varamennirnir, Snorri Guðlaugsson og Ástríður Baldursdóttir, auglýstu síðan kosningu 10. júní 1979, og fóru kosningar fram þann dag. Aðalmenn í kjörstjórn, Eysteinn Ingólfsson og Gunnar Guðlaugsson, höfðu fyrir kjörfund tilkynnt, að þeir mundu ekki

sitja fundinn, og tóku áðurnefndir varamenn sæti þeirra. Til grundvallar kosningu var lögð sama kjörskrá og 25. júní 1978, og sömu listar voru látnir vera í kjöri, þó þannig, að kosið var í sitt hvoru lagi í hreppsnefnd og til sýslunefndar. Við þessar kosningar giltu þannig tvenns lags kjörseðlar, annar fyrir hreppsnefndarkosningar og hinn fyrir sýslunefndarkosningar. Kjörfundur var settur kl. 1200 á hádegi þann 10. júní 1979 í samkomuhúsinu að Múla. Formaður kjörstjórnar, Guðmundur Björnsson, lagði fram innsiglaðan kjörseðlapakka frá ríkisprentsmiðjunni Gutenberg. Samkvæmt bókun í gerðabók voru innsigli á kjörseðlapakka heil, og úr pakkanum komu 75 seðlar til hreppsnefndarkosninga og 75 seðlar til sýslunefndarkosninga. Þar af voru 3 óprentaðir. Samkvæmt kjörbók var kosningin auglýst í Lögbirtingablaði 1. júní og í útvarpi 1. og 2. júní 1979. Auglýsing um kosningu var send í bréfi á hvert heimili í hreppnum 31. maí 1979. Á kjörstað voru settar upp auglýsingar um lista í kjöri. Sem áður voru 67 kjósendur á kjörskrá. Einn þeirra var látinn, þegar hér var komið sögu. 31 greiddi atkvæði. Afgangsseðlar til hreppsnefndarkosninga voru 45 og til sýslunefndarkosninga 42 prentaðir seðlar og 3 óprentaðir. Úrslit kosninganna urðu þau, að I listi fékk öll greidd atkvæði, 31 að tölu, bæði til hreppsnefndar og sýslunefndar. Aðstandendur H listans munu ekki hafa sinnt kosningum þessum. Þeir kærðu hins vegar kosningarnar, en nýkjörin hreppsnefnd úrskurðaði þær gildar 27. júní 1979. Kærendur áfrýjuðu þeim úrskurði til félagsmálaráðuneytisins, sem staðfesti niðurstöðu hreppsnefndar með úrskurði, uppkveðnum 3. ágúst 1979. Til rökstuðnings ógildingarkröfu sinni tilgreindu kærendur síðari kosninganna eftirgreind atriði:

1. Að kjörstjórnin, sem framkvæmdi umrædda kosningu, hefði verið kosin af sýslunefnd, þ. e. aðilja, sem ekki hefði til þess heimild.

2. Að kjörskrá, sem kosið var eftir 1978, hefði verið látin einnig gilda fyrir kosningarnar, sem fram fóru 1979.

3. Að á sama hátt hefði verið kosið um framboðslista, sem lagðir voru fram 1978, enda þótt ljóst hefði verið, að sumir stuðningsmenn þeirra hefðu ekki lengur átt kosningarrétt.

4. Að sumir kjósendur, sem ekki hefðu átt þess kost að mæta á kjörstað, hefðu í raun verið sviptir kosningarrétti, þar sem utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefði ekki verið með þeim hætti, sem ráð sé fyrir gert í lögum.

5. Að þeir, sem kærðu kosninguna 1978, þ. e. I listinn, hefðu

í reynd verið búnir að samþykkja þá kosningu. Hreppsnefndarmenn, sem kosnir voru af þessum lista, hefðu mætt á hreppsnefndarfund 5. júlí 1978. Þeir hefðu tekið fullan þátt í störfum fundarins, svo sem öllum kosningum, sem fram fóru og fram áttu að fara í upphafi kjörtímabils, svo og afgreiðslu annarra mála, er fyrir lágu.

6. Loks, að úrslit þessara kosninga, þ. e. síðari kosninganna, staðfesti úrslit kosninganna, sem fram fóru 1978. Því sé ljóst, að hreppsnefnd sú, sem kosin var í síðari kosningunum, njóti ekki meiri hluta fylgis.

Í úrskurði sínum 3. ágúst 1979 segir félagsmálaráðuneytið svo:

„Hér á eftir verða rök kærenda fyrir ógildingarkröfu þeirra tekin til meðferðar:

Ráðuneytið telur, að störfum kjörstjórnarmanna hafi eigi verið lokið fyrr en endurkosning sú, sem ráðuneytið úrskurðaði þ. 5. sept. 1978, hafði farið fram og hafi kjörstjórnarmönnum mátt vera það ljóst, því að samkvæmt 12. gr. alþingiskosningarlaga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1962, er það borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn. Þá hafi hreppsnefndarmönnum mátt vera það ljóst, að kjörstjórn hafði með framferði sínu brugðist borgaralegri skyldu og því rangt af hreppsnefnd að hlýða ekki fyrirmælum sýslunefndar um að kjósa nýja kjörstjórn, sem er verkefni sveitarstjórnar samkvæmt 10. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 2. gr. laga nr. 5/1962, eins og kærendur halda réttilega fram.

Samkvæmt b-lið 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 er það hlutverk sýslufélaga að annast „umsjón með því, að hreppsnefndirnar starfi yfirleitt í sveitarstjórnarmálum samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum".

Með vísun til þessa lagaákvæðis og þess, sem nú hefur verið rakið, telur ráðuneytið þær aðgerðir sýslunefndar að kjósa nýja kjörstjórn til að annast þær hreppsnefndarkosningar, sem fram fóru í hreppnum þann 10. júní s.l., fullkomlega réttmætar og eðlilegar, þegar ljóst var orðið, að kjörstjórn neitaði að framkvæma uppkosningar og fráfarandi hreppsnefnd neitaði að kjósa nýja kjörstjórn.

Ráðuneytið getur því ekki fallist á, að sýslunefnd sé hvergi í lögum fengið vald til að gripa til slíkra aðgerða. Þvert á móti telur ráðuneytið, að lagaheimildina sé að finna í nefndri 92. gr. sveitarstjórnarlaga. Telja verði það almenningshagsmuni, að

löglega kjörin sveitarstjórn starfi í sérhverju sveitarfélagi og það skyldu stjórnvalda að sjá til þess, að svo sé.

Rétt er, að ráðuneytið samþykkti ekki afsögn kjörstjórnar, enda brestur það lagaheimild til þess.

Kærendur mótmæla, að kjörskrá, sem kosið var eftir við sveitarstjórnarkosningar í Geithellnahreppi 25. júní 1978, skuli hafa verið notuð við endurkosningarnar 10. júní 1979, og telja, að þeir, sem kosningarétt hafi öðlast lögum samkvæmt á kjördegi, hefðu átt að hafa hann þá og því skylt að semja nýja kjörskrá, þar sem miðað væri við kosningarétt hreppsbúa 10. júní 1979.

Þessi mótmæli getur ráðuneytið ekki fallist á.

Hér er hvorki um reglulegar sveitarstjórnarkosningar að ræða né aukakosningu, heldur upp- eða endurkosningu.

Hinum lögmæltu hreppsnefndarkosningum í Geithellnahreppi, sem fram áttu að fara 25. júní 1978, var ekki lokið að mati ráðuneytisins, fyrr en þær höfðu farið fram svo sem lög standa til.

Kosning sú, sem fram fór þar í hreppi 25. júní 1978, var kærð og þess krafist, að hún væri ógilt.

Með úrskurði sínum, dags. 5. september 1978, ógilti ráðuneytið þessar kosningar og lagði fyrir kjörstjórn Geithellnahrepps að láta fara fram kosningar að nýju, eins fljótt og því yrði við komið, og eigi síðar en innan eins mánaðar.

Þar sem hér var um uppkosningu að ræða, segir það sig sjálft, að allt átti, svo sem frekast var unnt, að vera eins og var, er sveitarstjórnarkosningarnar í Geithellnahreppi fóru fram 25. júní 1978, þ. e. sömu listar í framboði, sama kjörskrá og sama kjörstjórn. Ef svo hefði ekki verið, hefði verið um nýjar kosningar að ræða, en ekki um uppkosningu.

Varðandi það kæruatriði, að utankjörfundaatkvæðagreiðsla hafi ekki verið með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í lögum, og sumir kjósendur þar af leiðandi verið í raun sviptir kosningarétti, vill ráðuneytið taka fram, að ekkert hefur komið fram í þeim upplýsingum, sem liggja fyrir í máli þessu, sem gerir þessa tilgátu sennilega, enda bárust utankjörstaðaatkvæði, sbr. úrskurð hreppsnefndar frá 27. júní s.l.

Samkvæmt framansögðu verður krafa kærenda um ógildingu kosninganna ekki tekin til greina."

Málsástæður.

Af hálfu stefnenda var því haldið fram við munnlegan flutning málsins, að í upphaflegri kröfugerð þeirra hér fyrir dóm-

inum fælist í fyrsta lagi, að hreppsnefndarkosningarnar, sem fram fóru í Geithellnahreppi 25. júní 1978, væru metnar gildar. Í öðru lagi, að sú kosning kjörstjórnar, sem fram fór á aðalfundi sýslunefndar Suður-Múlasýslu 9.—10. maí 1979, yrði metin ógild, og í þriðja lagi, að hreppsnefndarkosningar þær, sem fram fóru á vegum þeirrar kjörstjórnar 10. júní 1979, yrðu metnar ógildar. Þannig varðaði málið eingöngu gildi hreppsnefndarkosninga, en ekki gildi sýslunefndarkosninga, sem fram fóru samhliða ofangreindum tvennum kosningum. Kröfugerð þessi leiði jafnframt af sér kröfugerð um, að felldur verði úr gildi úrskurður félagsmálaráðuneytisins frá 5. september 1978 um ógildi fyrri kosninganna og jafnframt að felldur verði úr gildi úrskurður sama ráðuneytis frá 3. ágúst 1979 um gildi síðarnefndu kosninganna.

Af hálfu stefnenda er á það bent, að í úrskurði félagsmálaráðuneytisins frá 5. september 1978 um ógildi kosninganna 25. júní 1978 sé aðeins tilfærð ein ástæða fyrir ógildingunni, þ. e. sú, að pakki sá, sem kjörseðlar voru í, hafi verið rifinn upp, áður en kjörstjórnarmenn komu til kjörfundar. Önnur kæruatriði séu því að mati ráðuneytisins ekki ógildingarástæður, enda hafi þær beinst nær eingöngu að sýslunefndarkosningunum, sem séu ekki til umfjöllunar í máli þessu. Það sé því ekki tilefni til að víkja að öðrum kæruatriðum og ekki að því, að kjörseðill sé úr of þunnu efni, þar sem sú málsástæða hafi ekki verið borin fram fyrr en þá við munnlegan flutning málsins.

Af hálfu stefnenda er til þess vitnað, að ógildingarástæða ráðuneytisins sé byggð á því, að ekki hafi verið gætt ákvæða 2. mgr. 75. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1962. Síðari tilvitnunin eigi að sjálfsögðu við 1. gr. laga nr. 5/1966, sem hafi leyst lögin frá 1962 af hólmi að þessu leyti. Þar segi, að lögin um kosningar til Alþingis eigi að gilda við sveitarstjórnarkosningar eftir því sem við eigi. Sú grein, sem ráðuneytið byggi ógildingu sína á, geti aðeins að takmörkuðu leyti átt hér við. Í þeirri lagagrein sé gert ráð fyrir því, að kjörstjórn fái í sínar hendur frá yfirkjörstjórn innsiglaðan böggul með kjörseðlum. Athafnir kjörstjórnar séu byggðar á því, að utanaðkomandi aðili sé búinn að staðreyna, að texti á kjörseðli sé réttur og seðlar séu rétt taldir. Ráðuneytið virðist ekki gera sér þetta ljóst, því að yfirkjörstjórn, sem um ræði í 75. gr. laga nr. 52/1959, eða sambærileg yfirkjörstjórn, sé alls ekki til að dreifa í hreppsnefndarkosningum í Geithellnahreppi 1978. Sá háttur muni algengastur vera við gerð kjörseðla, að oddvita sé falið að sjá um útvegun

þeirra og veita þeim viðtöku, enda sjái hann um greiðslur á prentkostnaði eins og annað, sem snerti framkvæmdastjórn hreppsins. Í þessu tilfelli hafi oddviti Geithellnahrepps verið beðinn að panta kjörseðlana og hann hafi sinnt þeirri sjálfsögðu varúðarskyldu að staðreyna, þegar böggullinn kom til hans, að rétt væri prentað og umbeðinn fjöldi seðla fyrir hendi. Innsiglun prentsmiðju eða annars milligönguaðilja geti að sjálfsögðu ekki verið um að ræða, þannig að nokkurt gildi hafi skv. kosningalögum. Þótt svo væri litið á, að ekki hefði verið gætt réttra reglna um meðferð bögguls með kjörgögnum, hafi ekkert gerst, sem athugavert geti talist, þannig að ógildingu eigi að varða. Þeir 144 kjörseðlar, sem prentaðir voru, hafi allir komið til skila, sbr. bókun kjörstjórnar. Sú sjálfsagða aðgæsla, sem sýnd hafi verið, að kanna fyrirfram fjölda og texta kjörseðla hafi engin áhrif haft á úrslit kosninganna. Enginn hafi heldur haldið því fram. Skilyrði laga til ógildingar kosninganna skv. 136. gr. laga nr. 52/1959 séu því alls ekki fyrir hendi.

Þá halda stefnendur því fram, að fari svo, að dómurinn telji úrskurð félagsmálaráðuneytisins um ógildi kosninganna 25. júní 1978 gildan, sé það, sem eftir fór, haldið slíkum annmörkum, að valdi ógildi þess, hvernig úrskurðurinn var framkvæmdur. Þau atriði, sem stefnendur benda á, eru:

1) Að aldrei hafi verið fallist á afsögn löglegrar kjörinnar kjörstjórnar. Hvergi komi fram, að leitað hafi verið tiltekinna úrræða til að knýja hana til að gegna skyldum sínum og þá ekki athugað, hvort unnt hefði verið að setja saman löglega kjörstjórn með lögjöfnun frá 73. gr. laga nr. 52/1959. Afskipti sýslunefndar hafi í senn verið óþörf og auk þess lögleysa. Fyrirskipun frá félagsmálaráðuneytinu breyti engu þar um. Sýslunefnd hafi ákveðin verkefni skv. sveitarstjórnarlögum. Henni sé hvergi veitt vald til að framkvæma svo afdrifaríkar athafnir eins og kosningar nefnda, sem sveitarstjórnir eigi að kjósa. Sveitarfélög njóti stjórnskipulegrar verndar gagnvart íhlutun ríkisvaldsins og þá ekki síður sýslunefnda, nema skýr lagabókstafur komi til, sbr. 76. gr. stjórnarskrárinnar. Lögjöfnun, eins og ráðuneytið haldi fram, sé gersamlega óheimil.

2) Að auglýsing kosninganna hafi ekki farið fram með löglegum hætti, sbr. 129. gr. laga nr. 52/1959. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hafi ekki getað farið fram eins og lög áskilja, þar sem kjörgögn hafi ekki verið fyrir hendi, sbr. 131. gr. sömu laga.

3) Að nokkuð augljóst sé, að hjóli tímans verði ekki snúið aftur um eitt ár, eins og félagsmálaráðuneytið telji sig geta. Í 129. gr., 3. mgr., laga nr. 52/1959 sé talað um, að uppkosningar fari að öðru leyti fram skv. fyrirmælum laganna. Af því leiði, að hreppsnefndarmaður, sem flyst burt, sé ekki kjörgengur eftir það. Kosning hans í hreppsnefnd sé því hrein lögleysa. Á sama hátt missi kjósandi, sem flyst burtu, kosningarrétt. Um þá, sem látist hafa, þurfi ekki að fjölyrða. Endurkosning, eins og hér um ræði, hljóti að fara fram eftir gildandi lögum, eins og segi í 129. gr. Kjörskrá hafi ekki verið lögð fram, heldur notast við ársgamla kjörskrá. Í 1. gr. laga nr. 81/1967 séu fortakslaus ákvæði í sambandi við kjörskrárgerð, sem ekki verði gengið fram hjá. Þar segi, að þeir eigi kosningarrétt, sem þar eru upp taldir. Félagsmálaráðuneytið bresti með öllu vald til að breyta 3. mgr. 129. gr. laga nr. 52/1959.

Að öllu þessu athuguðu sé augljóst, að aðgerðir félagsmálaráðuneytis, sýslunefndar Suður-Múlasýslu og annarra stefndu, sem komið hafi við sögu, séu löglausar með öllu og að engu hafandi.

Málsástæður stefndu falla að meginhluta til saman. Við munnlegan flutning máls var því sérstaklega mótmælt, að nokkrar breytingar væru gerðar á kröfugerð stefnenda. Því var haldið fram, að sú væri aðalkrafa stefnenda, að hreppsnefndarkosningarnar 25. júní 1978 væru gildar. Aðrar kröfur þeirra væru afleiddar. Þetta ætti að leiða til þess, að væri sú krafa ekki viðurkennd, væru það endanlegar lyktir þessa máls og aðrar kröfur þeirra ættu ekki að koma til afgreiðslu. Þá var því haldið fram, að mál þetta væri allt of seint höfðað. Augljóst væri, að í mörgum tilfellum yrði það mjög til baga, ef ónýta ætti stjórnvaldsákvarðanir, sem fyrir löngu hefðu verið ákveðnar og látnar viðgangast. Úrskurður um hreppsnefndarkosningarnar, sem fram fóru 25. júní 1978, hafi verið kveðinn upp í félagsmálaráðuneytinu þann 5. september 1978. Kristinn Guðmundsson, einn stefnenda og forystumaður þeirra, hafi í raun viðurkennt úrskurðinn í framkvæmd. Heilt ár líði, þar til stefna um ógildingu hans sé gefin út. Þótt engin ákvæði séu um málshöfðunarfrest, hljóti tómlætisverkanir að koma hér til álita.

Af hálfu stefndu var aðallega vísað til úrskurðar félagsmálaráðuneytisins frá 5. september 1978 um ógildi hreppsnefndarkosninganna 25. júní 1978 og því haldið fram, að ekki mætti víkja frá formreglum kosningalaga, því þá væri hætta á, að

fleira fylgdi á eftir. Áður en munnlegur flutningur málsins fór fram, var af hálfu stefndu lagt fram sýnishorn af kjörseðli þeim, er notaður var við kosningarnar 25. júní 1978, og því haldið fram, að hann væri úr of þunnu efni og gegnsær. Kosningin hefði því ekki verið leynileg, en það sé forsenda lýðræðislegra stjórnarhátta. Þá var jafnframt lagt fram bréf frá Boga Nílssyni sýslumanni, sem vitnað var til, en þar koma þau sjónarmið fram, að kjósa hefði átt sérstaklega til sýslunefndar, sbr. 13. gr. kosningalaganna. Jafnframt, að þegar litið væri til frágangs seðlanna og hvernig kjósendur kusu, settu kross á seðil sinn, verði erfitt að hrekja fullyrðingu um, að uppsetning listans og rangur frágangur hefði haft áhrif á niðurstöðuna. Jafnframt fullyrðir sýslumaðurinn, að alls staðar í hans umdæmi, þar sem hlutbundnar kosningar séu til hreppsnefndar, sé kosningin til sýslunefndar alveg sjálfstæð.

Þá vitna stefndu til þess, að orðalag 136. gr. kosningalaga um þingmenn hljóti að ná til þeirrar hegðunar Kristins Guðmundssonar oddvita að rífa upp pakka með kjörseðlum. Trúnaðarbrot hans hljóti að metast verulegt, en hann hafi sjálfur verið í kjöri.

Varðandi síðari kosningarnar 10. júní 1979 var vitnað til úrskurðar félagsmálaráðuneytisins frá 3. ágúst 1979, dómskjal 8, sem áður er rakinn.

Af hálfu stefnenda er því mótmælt, að þeir hafi sýnt af sér tómlæti við að halda uppi kröfum sínum.

Þá halda þeir því fram, að mjög væri afsakanlegt, að oddvitinn, Kristinn Guðmundsson, hefði rifið upp pakkann með kjörseðlunum. Orðalag 136. gr. kosningalaga eigi a. m. k. alls ekki við um hegðun hans.

Stefndu kröfðust upphaflega þess, að málinu yrði vísað frá. Í fyrsta lagi með því, að þeir töldu málshöfðunina ekki uppfylla skilyrði 46. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, og í öðru lagi, að málsefnið yrði ekki borið undir dómstóla, þar sem það hefði hlotið endanlegan úrskurð félagsmálaráðuneytisins, sbr. lögheimila gagnályktun frá 15. gr. laga nr. 5/1962, sbr. 14. gr. sömu laga. Með úrskurði sínum 5. mars sl. hafnaði dómarinn þessum kröfum.

Álit dómsins.

Aðiljar eru sammála um, að kröfugerð máls þessa fjalli eingöngu um hreppsnefndarkosningar í Geithellnahreppi. Kosningar til sýslunefndar í hreppnum koma þannig ekki til sjálfstæðrar skoðunar.

Rétt þykir að skilja upphaflega kröfugerð og málsástæður stefnenda svo, að í kröfugerðinni felist krafa um gildi hreppsnefndarkosninga, sem fram fóru í Geithellnahreppi 25. júní 1978, ógildi kosningar kjörstjórnar, sem fram fór á aðalfundi sýslunefndar Suður-Múlasýslu 9.—10. maí 1979, og ógildi hreppsnefndarkosninga, sem fram fóru 10. júní 1979. Af þessari kröfugerð leiðir, að úrskurðir félagsmálaráðuneytisins frá 5. september 1978 og 3. ágúst 1979 missa gildi sitt, verði krafa um gildi fyrrnefndu kosninganna tekin til greina, en úrskurður ráðuneytisins frá 3. ágúst 1979 einn verði krafa um ógildi síðari kosninganna aðeins tekin til greina. Rétt þykir að taka hvern lið kröfugerðarinnar til sjálfstæðrar athugunar. Stefndu hafa ekki mótmælt aðild sinni. Hreppsnefndarmönnum samkvæmt kosningunum 10. júní 1979 er stefnt, en þeir mega koma fram fyrir hönd hreppsnefndar, sem þá var kosin. Þannig er stefnt í málinu þeim stjórnvöldum, sem afskipti hafa haft af umdeildum kosningum, að stefnendum sjálfum undanskildum.

Málshöfðun stefnenda þykir því ekki þannig ábótavant, að eigi megi ljúka dómi á allar kröfur stefnenda. Fallast verður þó á það með stefndu, að kröfugerðin hefði mátt vera skýrari að formi.

Í lögum er enginn almennur frestur settur þeim, sem leggja vilja stjórnvaldsaðgerðir undir úrskurð dómstóla. Í lögum um sveitarstjórnarkosningar nr. 5/1962, sveitarstjórnarlögum nr. 58/1961 eða lögum nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis er heldur ekki slík ákvæði að finna varðandi úrskurðarvald dómstóla. Ákvæði 14. gr. laga nr. 5/1962, sem setja kæru kosninga til sveitarstjórna og málskoti til félagsmálaráðuneytisins tímamörk, þykja ekki eiga hér við, enda getur enginn komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta máli til dómstóla, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.

Þar sem lög setja stefnendum þannig ekki tímamörk um málshöfðun hér fyrir dóminum, verður ekki fallist á þá málsástæðu stefndu, að krafa stefnenda sé niður fallin fyrir tómlæti þeirra.

1. gr. laga nr. 5/1962 um sveitarstjórnarkosningar, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1966 um breytingu á þeim lögum, hljóðar svo:

„Lög um kosningar til Alþingis nr. 52 14. ágúst 1959 skulu gilda um kosningar til sveitarstjórna og sýslunefnda, eftir því sem við á, með þeim frávikum, sem sveitarstjórnarlög nr. 58/1961 og lög þessi ákveða."

1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 hljóðar svo:

„Sveitarstjórnarmenn skulu kosnir með leynilegum almennum kosningum.“

Á kjörfundi í félagsheimilinu Múla 25. júní 1978 bókar kjörstjórn í upphafi fundar, að kjörseðill sé úr of þunnu efni, þar sem sjáist í gegnum hann. Sýnishorn af kjörseðli þessum var lagt fram við munnlegan flutning máls þessa, og komu þá stefndu þegar fram með þá málsástæðu, að vegna gerðar kjörseðilsins hefði kosningin til hreppsnefndar Geithellnahrepps 25. júní 1978 ekki verið leynileg. Áður höfðu stefnendur einungis lagt fram ljósrit kjörseðilsins. Samkvæmt 111. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 110. gr. sömu laga, þykja stefndu hafa komið nógu tímanlega fram með þessa staðhæfingu sína. Þegar gerð kjörseðilsins er skoðuð, kemur í ljós, að hann er úr svo þunnu efni, að sér í gegnum hann. Þótt hann sé brotinn saman einu sinni, svo sem venja er til, eftir að atkvæði hefur verið greitt, má án erfiðleika sjá, hvað kosið hefur verið. Verður ekki fullyrt, að kjörstjórnarmenn og aðrir þeir, sem voru viðstaddir kosninguna, hafi ekki getað fylgst með, hvað stór hluti kjósenda kaus, og kosningarnar þannig ekki leynilegar. Þegar þetta er virt, þykja hér hafa orðið svo veruleg mistök við framkvæmd þessara kosninga, sem til þess voru fallin að hafa áhrif á útkomu þeirra, að ógilda verði þær þegar af þessari ástæðu skv. 136. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1962, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1966. Úrskurður félagsmálaráðuneytisins frá 5. september 1978 er þannig staðfestur að niðurstöðu til.

Kjörnefnd Geithellnahrepps færðist undan að láta fara fram nýjar kosningar, eftir að félagsmálaráðuneytið hafði ógilt hreppsnefndarkosningarnar 25. júní 1978, og starfandi hreppsnefnd kom sér hjá að kjósa nýja kjörstjórn í hennar stað þrátt fyrir áskoranir. Hvort tveggja þetta er í andstöðu við 60. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. það, sem áður er til vitnað. Þegar þetta er virt, þykir það hafa verið réttmætt og eðlilegt, að sýslunefnd skipaði nýja kjörstjórn til þess að sjá um, að hreppsnefndarkosningar færu fram, sbr. hliðsjón af b lið 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961.

Til grundvallar kosningu til hreppsnefndar 10. júní 1979 var lögð sama kjörskrá og 25. júní 1978.

Í lögum nr. 5/1962 um sveitarstjórnarkosningar eða sveitarstjórnarlögum nr. 58/1961 eru engin ákvæði, sem undanskilja sveitarstjórn skyldu til að láta gera kjörskrá við uppkosningar. Samkvæmt 129. gr. laga nr. 52/1959, 3. mgr., en það ákvæði

þykir gilda um kosningar þessar, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1962, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1966, skal um slíka kosningu fara eftir fyrirmælum laga nr. 52/1959, nema að því leyti sem segir í 1. og 2. mgr. greinarinnar. Ákvæði V. kafla laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis þykja því eiga við um þessar kosningar að öðru leyti en því, að sveitarstjórn gat notfært sér heimildir 4. gr. laga nr. 5/1962 um framlagningu kjörskrár og styttingu fresta og fyrirvara. Til gundvallar kosningu til hreppsnefndar 10. júní 1979 átti því að leggja nýja kjörskrá.

Samkvæmt 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961, sbr. 9. gr. sömu laga, og með hliðsjón af 15. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis áttu þann 10. júní 1979 að vera á kjörskrá og mega kjósa allir þeir, sem heimilisfastir voru í Geithellnahreppi 1. desember 1978 og sem skv. sömu grein, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1967, voru orðnir 20 ára, þegar kosning fór fram, voru íslenskir ríkisborgarar og höfðu ekki verið sviptir lögræði.

Samkvæmt 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 voru ekki aðrir kjörgengir en þeir, sem kosningarrétt höfðu. Ósannað er, að í kjöri hafi verið eingöngu þeir, sem kosningarrétt höfðu, og að eingöngu hafi slíkir kosið.

Samkvæmt ofansögðu fór kosningin ekki fram samkvæmt kjörskrá eins og þeirri, sem hér hefur verið lýst, og þykir því verða að ógilda hana skv. 136. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1962, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1966, enda eru þessar misfellur verulegar og til þess fallnar að hafa áhrif á kosningarnar og úrslit þeirra, eins og hagaði til í Geithellnahreppi. Þá þykir við skýringu á ákvæðum 136. gr. laga nr. 52/1959 verða þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 5/1962 að hafa hér í huga, að ýmsir sveitarstjórnarmenn og kjörstjórnarmenn voru sjálfir í kjöri til nýrrar hreppsnefndar.

Samkvæmt þessari niðurstöðu eru hreppsnefndarkosningar þær, sem fram fóru í Geithellnahreppi 10. júní 1979, ógiltar. Af því leiðir, að úrskurður félagsmálaráðuneytisins frá 3. ágúst 1979 er felldur úr gildi.

Rétt þykir samkvæmt niðurstöðu málsins, að hver aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Hreppsnefndarkosningarnar, sem fram fóru í Geithellnahreppi 25. júní 1978, skulu ógildar. Kosning kjörnefndar,

sem fram fór á aðalfundi sýslunefndar Suður-Múlasýslu 9.—10. maí 1979, skal gild. Hreppsnefndarkosningar, sem fram fóru í Geithellnahreppi 10. júní 1979, skulu ógildar. Hver aðilja skal bera sinn kostnað af málinu.

Föstudaginn 12. febrúar 1982.

Nr. 29/1982. **Hallgrímur Ævar Mason**
gegn
Óla Hertervig Sveinbjörnssyni.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru, dagsettri 15. janúar 1982, sem barst Hæstarétti 3. febrúar þ. á., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir héraðsdómarann að dæma málið að efni til. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Eins og í frávísunardóminum greinir, viðurkennir varnaraðili að hafa fengið að láni hjá sóknaraðilja fjárhæð þá, er sóknaraðili sækir hann um í máli þessu. Varnaraðili heldur því hins vegar fram, að hann hafi þegar endurgreitt skuld þessa. Málatilbúnaður sóknaraðilja þykir ekki vera því til fyrirstöðu, að lagður verði efnisdómur á málið. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er málinu

vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. janúar 1982.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 9. desember sl., höfðaði Hallgrímur Ævar Mason, Vesturbergi 122, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 21. maí 1981, gegn Óla Hertervig Sveinbjörnssyni, Langholtsvegi 51, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 12.264.87 með 3% mánaðarvöxtum af kr. 2.500.00 frá 21. febrúar 1979 til 27. sama mánaðar, af kr. 7.264.87 frá þeim degi til 1. mars 1979, af kr. 12.264.87 frá þeim degi til 1. júní 1979, en með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, en 4.5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en 4.75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en 4.5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

Sáttatilraunir dómarans hafa verið árangurslausar.

II.

Í framlagðri sáttakæru segir m. a., að á árinu 1979 hafi stefnandi lánað stefnda til bráðabirgða samtals gkr. 1.226.487. Fjárhæð þessa hafi stefnandi greitt til stefnda í þrennu lagi með ávísunum á ávísanareikning stefnanda nr. 61549 við Alþýðubankann h/f, til handhafa, og séu ávísanirnar allar framseldar af stefnda. Ávísanirnar hafi verið þannig að fjárhæð gkr. 250.000, útgefin 21. janúar 1979, að fjárhæð gkr. 476.487, útgefin 27. febrúar 1979, og að fjárhæð gkr. 500.000, útgefin 1. mars 1979.

Á dskj. nr. 4—6 eru ljósrit af framantöldum ávísunum.

Stefndi hefur lagt fram dskj. nr. 9—11, ljósrit af innleggsnótum á ávísanareikning stefnanda við Alþýðubankann. Á dskj. nr. 9 er innleggsfjárhæðin gkr. 250.000, en á dskj. nr. 10 gkr. 135.058. Á hvorugu þessara dskj. er tekið fram, hver greið-

ir. Á dskj. 11 er fjárhæðin gkr. 300.000, þar er tekið fram, að fjárhæðin sé innborguð af reikningseiganda. Einnig hefur stefndi lagt fram sem dskj. 12 ljósrit af ávísun, útgefinni af Önnu Hertervig, sem mun vera móðir stefnda, 16. september 1979, að fjárhæð gkr. 653.000. Ávísun þessi er framseld af Aðalheiði Óskarsdóttur, sem mun vera eiginkona stefnanda.

Áður en mál þetta var munnlega flutt, lagði stefnandi fram sem dskj. 13—16 reikninga frá stefnanda yfir málningarvinnu. Dómskjal nr. 13 er stílað á Húseignina Langholtsveg 51, utanhúss, dags. 22.—27. ágúst 1979, að fjárhæð gkr. 430.500. Dómskjal nr. 14 er stílað á Húseignina Langholtsveg 51, innanhúss, dags. 3.—13. nóvember 1979, að fjárhæð gkr. 399.000, greitt með víxli, gkr. 200.000, eftirstöðvar gkr. 199.000. Dómskjal 15 er stílað á stefnda og dags. 1976, að fjárhæð kr. 35.200. Í reikningnum kemur fram, að hann er fyrir ýmsa vinnu, þ. e. málning á versl. Kastalann að utan, málað fyrir Tómas heima og málað íbúð á Seltjarnarnesi fyrir Óla. Samtals gera þessir liðir reikningsins gkr. 28.800. Þar fyrir utan eru á reikningi þessum, dags. 5. og 6. mars 1977, vinna v/máln. á herbergi f. Óla, og eru þeir liðir samtals að fjárhæð gkr. 6.400. Dómskjal 16 er stílað á Fatagerðina Bót v/Verslun Laugavegi, dags. ca í febr. 1979, að fjárhæð gkr. 57.500.

Vegna máls þessa hafa aðiljar málsins komið fyrir dóm til yfirheyrslu svo og vitnin Gunnar Breiðfjörð, fyrrverandi starfsmaður stefnda, og Tómas Sveinbjörnsson, bróðir stefnda.

Fram kom hjá stefnanda, að stefndi hefði beðið stefnanda að gera sér greiða og hafi stefnandi gefið stefnda 3 blöð úr ávísanahefti sínu með sinni undirskrift. Stefndi hafi sjálfur útfyllt þau og jafnframt lofað því að vera búinn að leggja inn á reikninginn, áður en ávísununum yrði fram vísað, en það hafi ekki staðist. Innleggsnótan á dskj. 11 sé máli þessu óviðkomandi. Stefnandi gat ekki svarað því, hvort nótan á dskj. 10 væri í sambandi við viðskipti málsaðilja. Stefnandi vefengdi, að Gunnar Breiðfjörð hefði greitt inn á reikning stefnanda, sbr. dskj. 9. Ávísunin á dskj. 12 sé greiðsla fyrir málningu á húsi stefnda að utan ásamt bílskúr og grindverki svo og málningu á verslun stefnda við Laugaveg. Ávísun þessi sé óviðkomandi þeim lánsviðskiptum, sem mál þetta er af risið. Stefnandi mundi ekki, hvort hann hefði gert stefnda reikning fyrir málningu á Langholtsveginum, yfirleitt hafi viðskipti þeirra málsaðiljanna farið fram án reikninga. Stefnandi kvaðst hafa vinnulýsingu og tímafjölda á þess-

um verkum og einfalt sé að leggja þá fram. Stefnandi kvaðst ekki vera málari, en hafa unnið við það í mörg ár.

Stefndi viðurkennir að hafa fengið stefnufjárhæðina að láni hjá stefnanda, og lýsir hann upphafi þessara viðskipta á sömu leið og stefnandi. Stefndi heldur því fram, að skuldin sé að fullu greidd, og vísar um rökstuðning fyrir þeirri fullyrðingu til dskj. 9—12. Gunnar Breiðfjörð, starfsmaður stefnda, hafi lagt inn á reikning stefnanda fyrir stefnda innleggið á dskj. 9, en Tómas Sveinbjörnsson, bróðir stefnda, innleggið á dskj. 10. Fjárhæðina gkr. 300.000, sbr. dskj. 11, hafi stefndi afhent stefnanda og stefnandi lagt þá fjárhæð inn. Lánið, sem stefnandi veitti stefnda, hafi að hluta verið vegna fyrirtækis stefnda, en ekki hafi það komið fram í bókhaldi fyrirtækisins. Ávísunin á dskj. 12 hafi verið trygging fyrir lokagreiðslu til stefnanda vegna þessa láns. Stefndi og stefnandi hafi reiknað út einhverja vexti og þannig hafi fjárhæð ávísunarinnar verið fundin. Kona stefnanda hafi innleyst ávísunina. Málningarvinna stefnanda sé þessum viðskiptum óviðkomandi. Stefnanda hafi verið greitt fyrir málningarvinnuna með peningum nema vinnu, sem stefnandi innti af hendi í nóvember, hún hafi verið greidd með víxli. Reikningarnir á dskj. 13—16 séu máli þessu óviðkomandi. Þeir séu búnir til eftir á og hafi stefndi fyrst séð þessa reikninga sama dag og hann kom til yfirheyrslu, eða 9. desember sl.

Fram kom hjá Gunnari Breiðfjörð, að hann hefði lagt fjárhæðina á dskj. 9 inn á reikning stefnanda að beiðni stefnda. Tómas, bróðir stefnda, hafi einnig lagt inn á reikning stefnanda og stefndi hafi greitt stefnanda peninga vegna þessa láns. Stefnandi hafi málað fyrir stefnda, en greiðslur þessar hafi verið upp í lán.

Fram kom hjá Tómasi Sveinbjörnssyni, að hann hefði skrifað innleggsnótuna á dskj. 10, einnig hafi stefnandi fengið greiðslu, sbr. dskj. 9. Tómas kvaðst hafa verið vitni að því, þegar stefnandi fékk gkr. 300.000, sbr. dskj. 11. Þar að auki hafi stefnandi fengið ávísun frá móður stefnda til tryggingar skuldinni.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnda beri að sanna, að hann hafi endurgreitt stefnanda lánsfjárhæðina. Það hafi stefndi ekki gert. Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að greiðslur samkvæmt dskj. 9—12 séu vegna lánsins. Stefnandi hafi lagt fram reikningana á dskj. 13—16 vegna ávísunarinnar

á dskj. 12. Stefndi hafi ekki lagt fram neinar kvittanir vegna reikninganna.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann hafi endurgreitt stefnanda lánið með greiðslum skv. dskj. 9—12. Dómskjöl 13—16 séu máli þessu óviðkomandi. Ávísunin á dskj. 12 sé út gefin 16. september 1979, þegar af þeirri ástæðu geti hún ekki verið til greiðslu á reikningnum á dskj. 14.

IV.

Niðurstaða.

Stefndi hefur viðurkennt að hafa fengið hina umstefndu fjárhæð að láni, en heldur því fram, að skuldin sé að fullu greidd. Fyrir utan lánsviðskipti þau, sem málið er af risið, hafa aðiljar málsins átt önnur viðskipti, þar sem stefnandi hefur málað fyrir stefnda.

Stefndi hefur ekki lagt fram neinar kvittanir fyrir greiðslu á lánsfjárhæðinni, en heldur því fram, að hann hafi greitt til stefnanda vegna lánsins fjárhæðir, dskj. 9—12. Samanlagðar fjárhæðir þessara dómskjala eru gkr. 1.338.058. Ekki er ljóst, hvernig mismunurinn á stefnufjárhæð og gkr. 1.338.058, eða gkr. 111.571, er til kominn.

Eftir umsaminn gjalddaga lánsins var samkvæmt dskj. 9—11 lagt inn á ávísanareikning stefnanda samtals gkr. 685.058. Dómskjöl þessi bera ekki með sér, að greiðslur samkvæmt þeim séu frá stefnda komnar. Fullyrðingar stefnda þar að lútandi eru studdar framburðum bróður stefnda og vitnisins Gunnars Breiðfjörð. Stefnandi hefur ekki gert tilraun til þess að hnekkja þessum fullyrðingum og upplýsa, frá hverjum þessar greiðslur séu komnar.

Með ávísuninni á dskj. 12 fékk stefnandi greiddar gkr. 653.000. Þegar litið er til framburðar stefnanda hér fyrir dómi um, að ávísunin á dskj. 12 sé greiðsla fyrir málningu á húseigninni Langholtsvegi 51, utanhúss, ásamt bílskúr og girðingu, svo og fyrir málningu á verslun stefnda við Laugaveg, verður að telja dskj. 14 og 15 máli þessu óviðkomandi. Hér er og á dagsetningu dskj. 14 að líta, en sá reikningur er dags. 3.—13. nóvember 1979, en eins og áður er rakið, er ávísunin á dskj. 12 gefin út 16. september 1979 og innleyst 3. október 1979. Samanlagðar fjárhæðir dskj. 13 og 16 eru gkr. 488.000. Misræmið á fjárhæðum þessara reikninga og ávísunarinnar á dskj. 12 er óútskýrt. Sama er um

misræmið á fjárhæð ávísunarinnar og fjárhæð samanlagðra reikninganna á dskj. 13—16, það er gkr. 722.200.

Stefndi hefur ekki lagt fram neinar kvittanir vegna greiðslu á málningarvinnu stefnanda.

Þegar það er virt, sem hér að framan hefur verið rakið, og það haft í huga, að fram er komið, að stefndi rekur eigið fyrirtæki, og samkvæmt dskj. 13 og 14 virðist stefnandi hafa menn í vinnu, þá þykja málsaðiljar báðir hafa brotið svo meginreglu laga nr. 85/1936 um skýran og ljósan málatilbúnað, að vísa beri máli þessu frá dómi ex officio.

Þrátt fyrir ákvæði 180. gr. laga nr. 85/1936 þykir með vísan til 178. gr. sömu laga rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna jólaleyfis og mikilla anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 17. febrúar 1982.

Nr. 42/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Guðmundi Helga Sigurðssyni.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Guðmundur Björnsson, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði, hefur gert hina kærðu dómssátt.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. janúar 1982, sem barst dóminum sama dag. Krefst hann þess, að hin kærða dómssátt verði felld úr gildi.

Hinn 15. þ. m. barst Hæstarétti með bréfi ríkissaksóknara sama dag endurrit af þinghaldi í sakadómi Ísafjarðarsýslu, er fram fór 26. fyrri mánaðar. Kom varnaraðili þá fyrir dóm, og var honum kynnt framangreind kæra og kröfugerð ríkissaksóknara. Hann kvaðst ekki vilja koma að neinum kröfum í kærumáli þessu.

Hinn 12. september 1981 var varnaraðili handtekinn vegna gruns um ölvunarakstur. Reyndist magn alkóhóls í blóði hans 1.34‰. Hinn 16. nóvember s. á. samþykkti varnaraðili í sakadómi Ísafjarðar að greiða 2.400.00 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot þetta og að sæta ökuleyfissviptingu í 6 mánuði frá þeim degi að telja. Var brot varnaraðilja heimfært í dómssáttinni undir 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, svo og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga skal réttindasvipting vegna brots á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga eigi vera skemmri en 1 ár. Framangreind málalok um ökuleyfissviptingu voru því óheimil að lögum, og ber að fella hina kærðu dómssátt úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er felld úr gildi.

Dómssátt sakadóms Ísafjarðar 16. nóvember 1981.

Ár 1981, mánudaginn 16. nóvember, var sakadómur Ísafjarðarsýslu settur í slysavarnaskýlinu á Þingeyri og haldinn af Guðmundi Björnssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið mál nr. 526/1981: Rannsókn í tilefni af kæru um meint áfengis- og umferðarlagabrot Guðm. H. Sigurðssonar.

Dómarinn leggur fram dskj. nr. 1 lögregluskýrslu, nr. 2 varðstjóraskýrslu, nr. 3—4 blóðtökuvottorð, nr. 5 niðurstöðu alkóhólákvörðunar, nr. 6 sakavottorð, sem fylgja.

Klukkan 1640 mætir kærði í réttinum. Nafn: Guðmundur Helgi Sigurðsson. Stétt eða atvinna: skipstjóri. Heimili: Aðalstræti 1,

Þingeyri. Fæðingardagur: 10. desember 1950. Fæðingarstaður: Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974. Áminntur um sannsögli kveðst mætti viðurkenna að hafa verið lítils háttar undir áhrifum áfengis, er lögreglan hafði afskipti af honum við akstur bifreiðarinnar R 72708 þann 12. sept. sl. Aðspurður kveðst mætti ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar R 72708 í greint sinn. Mætti kveðst fallast á að gera dómssátt í málinu.

Dómarinn skýrir kærða frá því, að í blóðsýni því, sem honum var tekið í umrætt sinn, hafi við alkóhólákvörðun með gasgreiningu á súlu mælst 1.34‰ af alkóhóli. Kærða eru kynnt framlögð skjöl, og kveðst hann ekkert hafa við þau að athuga.

Til að sleppa við málssókn út af brotinu samþykkir kærði að greiða kr. 2.400.00 í sekt til ríkissjóðs og að vera sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 16. nóv. 1981 að telja.

Framangreint brot varðar við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Sektin greiðist innan 4 vikna, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 8 daga.

Málskostnaður, kr. . . ., greiðist strax/fyrir sama tíma (sic).

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður samkv. heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974.

Fimmtudaginn 18. febrúar 1982.

Nr. 39/1977. **Sigurður Jónsson f. h. Litlu bílaleigunnar**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Heklu h/f
(Hörður Einarsson hrl.)
Samvinnutryggingum g/t
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og dómsmálaráðherra og lögreglustjóranum í Reykjavík f. h. Bifreiðaeftirlits ríkisins
(enginn).

Lausafjárkaup. Greiðsludráttur. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. febrúar 1977. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 7.774.44 nýkr. með 7% ársvöxtum frá 1. júní 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. s. m., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögu, en síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu Hekla h/f og Samvinnutryggingar g/t krefjast hvor um sig staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Þegar málið var flutt munnlega fyrir Hæstarétti, féll þing-

sókn niður af hálfu annarra stefndu. Áður höfðu þeir krafist þess í greinargerð til Hæstaréttar, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hefur áfrýjandi lagt matsgerð þeirra Inga R. Jóhannssonar, löggilts endurskoðanda, og Ómars Anderson sölustjóra, dags. 20. október 1981. Voru þeir dómkvaddir af borgardómara í Reykjavík hinn 27. ágúst 1980 að beiðni áfrýjanda „til að segja til um, hver hefði orðið nettóhagnaður hans af rekstri þriggja bílaleigubifreiða af gerðinni Volkswagen 1300, árg. 1971, tímabilið 1. júní 1971 til 31. desember 1973". Er niðurstaða matsmanna, að sá hagnaður hefði numið 777.444 gkr. Reisir áfrýjandi kröfugerð sína fyrir Hæstarétti alfarið á greindri matsgerð.

Fallast verður á það með sjó- og verslunardóminum, að ósannað sé, að áfrýjandi hafi að eigin ósk hætt við kaup á þeim þremur bifreiðum, er hann átti pantaðar hjá stefnda Heklu h/f.

Viðurkennt er, að stefndi Hekla h/f gat ekki afhent áfrýjanda bifreiðarnar fyrir hvítasunnu (þ. e. 30. maí) 1971, svo sem áfrýjandi óskaði, og eigi fyrr en hinn 10. júní, er áfrýjanda var tilkynnt, að bifreiðarnar væru tilbúnar til afhendingar. Þegar þess er gætt, sem á undan var gengið í skiptum aðilja, eru þó ekki efni til að telja, að áfrýjandi hafi mátt skilja þá orðsendingu þannig, að þess væri krafist, að hann vitjaði bifreiðanna og gerði skil á kaupverði þeirra þá þegar, sbr. 12. gr. laga nr. 39/1922. Verður ekki fallist á það með stefnda Heklu h/f, að hinn 15. júní hafi verið orðinn slíkur dráttur á greiðslu kaupverðsins af hendi áfrýjanda, að stefndi Hekla h/f hafi af þeirri ástæðu mátt rifta kaupunum við áfrýjanda samkvæmt 28. gr. greindra laga, jafnvel þó að um verslunarkaup hafi verið að ræða.

Áfrýjandi mótmælti því ekki við stefnda Heklu h/f, svo að sannað sé, fyrr en 4. júlí 1972, að þessi stefndi afhenti honum ekki bifreiðarnar, heldur seldi þær öðrum. Ekki gerði áfrýjandi heldur neinar ráðstafanir til að afla sér annarra bifreiða til atvinnurekstrar síns í stað þeirra, sem

hann hafði átt pantaðar. Þegar þetta er virt, eru ekki efni til að taka til greina þá skaðabótakröfu, sem áfrýjandi hefur uppi á hendur stefnda Heklu h/f í máli þessu. Ber því að staðfesta niðurstöðu sjó- og verslunardómsins að því er þennan stefnda varðar, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti milli þessara aðilja falli niður.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber enn fremur að staðfesta hann að því er varðar aðra stefndu. Eftir þeim málsúrslitum ber og að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda Samvinnutryggingum g/t 3.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Rétt er, að málskostnaður falli niður gagnvart öðrum stefndu, er ekki sóttu þing við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Jónsson f. h. Litlu bílaleigunnar, greiði stefnda Samvinnutryggingum g/t 3.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Að öðru leyti á málskostnaður fyrir Hæstarétti að falla niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 30. nóvember 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 8. þ. m., er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 16. janúar 1974, af Sigurði Jónssyni, einkaeiganda Litlu bílaleigunnar hér í borg, þá til heimilis að Blómvöllum á Seltjarnarnesi, gegn Heildversluninni Heklu h/f, Laugavegi 170—172, Samvinnutryggingum g/t, Ármúla 3, lögreglustjóranum í Reykjavík f. h. Bifreiðaeftirlits ríkisins, Borgartúni 7, og loks fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til fébótaábyrgðar fyrir Bifreiðaeftirlitið og enn fremur saksóknara ríkisins f. h. ríkisvaldsins, öllum in solidum til greiðslu skaðabóta að fjárhæð samtals kr. 1.953.930 með 1% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 1. júní 1971 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjald-

skrá LMFÍ, eins og hún verður á þeim tíma, sem dómur verður lagður á mál þetta. Með sakaukastefnu, birtri 14. febrúar 1975, var dómsmálaráðherra Íslands stefnt inn í mál þetta f. h. Bifreiðaeftirlits ríkisins til þess að þola dóm in solidum með fyrrgreindum stefndum aðiljum. Fallið var frá kröfum á hendur ríkissaksóknara.

Stefndi Hekla h/f krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi eftir mati dómsins.

Stefndi Samvinnutryggingar g/t krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi miðað við stefnufjárhæð skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, dómsmálaráðherra og lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. Bifreiðaeftirlitsins kröfðust í upphafi frávísunar málsins, en féllu frá þeirri kröfu undir rekstri þess. Þeir krefjast algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði til dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Sáttatilraunir báru engan árangur.

Málavextir.

Stefnandi hefur um árabil rekið Litlu bílaleiguna hér í borg og eingöngu haft í bílaleigunni Volkswagen bifreiðar, sem hann hefur keypt hjá stefnda Heklu h/f. Vátryggingarviðskipti sín hafði hann við stefnda Samvinnutryggingar g/t og ábyrgðartryggði þar bifreiðar, sem hann leigði út án ökumanns. Í lok aprílmánaðar 1971 pantaði stefnandi fjórar Volkswagen bifreiðar hjá stefnda Heklu h/f, en breytti nokkru síðar pöntun sinni þannig, að hann óskaði aðeins eftir þremur bifreiðum. Stefnanda lá á að fá bifreiðarnar fyrir bílaleigu sína, en mikil eftirsókn var eftir nýjum Volkswagen bifreiðum á þessum tíma. Að venju höfðu starfsmenn stefnda Heklu h/f látið skrásetja umræddar þrjár bifreiðar á nafn stefnanda hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins, og fór sú skráning fram 2. júní 1971. Fengu þær skrásetningarnúmerin R 18184, R 18152 og R 18157. Á þessum tíma gekk stefnandi frá leyfisbeiðni til lögreglustjórans í Reykjavík til þess að fá heimild til að leigja út bifreiðarnar, og hann keypti ábyrgðartryggingu fyrir þær hjá stefnda Samvinnutryggingum g/t með samningi, gerðum 1. júní það ár. Gefin voru út vátryggingarskírteini í samræmi við þetta af hálfu stefnda Samvinnutrygginga g/t, og eru þau dags. 15. júní s. á., með tryggingatímabilinu 1. júní s. á. til 31. desember s. á. Kaupsamningur stefnanda við stefnda Heklu h/f um hinar umræddu þrjár Volks-

wagen bifreiðar var á þá leið, að samanlagt verð bifreiðanna, kr. 711.000, skyldi greiðast þannig, að stefndi greiddi kr. 350.000 í peningum við afhendingu, en afganginn, kr. 361.000, skyldi stefnandi greiða með 12 víxlum, hverjum að fjárhæð kr. 30.000, en einum að fjárhæð kr. 31.000, með gjalddögum mánaðarlega frá 10. júlí 1971 til 10. júní 1972. Forvextir skyldu reiknaðir á víxlana auk bankakostnaðar og stimpilgjalds. Bifreiðarnar voru tilbúnar til afhendingar 10. júní 1971. Hinn 15. júní ritaði stefndi Hekla h/f bréf til Bifreiðaeftirlits ríkisins svohljóðandi: „Þar sem Litla Bílaleigan hætti við kaup á þremur bílum hjá okkur, viljum við vinsamlegast biðja ykkur að breyta skráningunum í samræmi við eftirfarandi: Það eru 18184, grindarnúmer L111.2850. 841 (sic) verður R-18027 eigandi Kjartan Ingimarsson, Álfheimum 36, Reykjavík.

R 18152 grindarnúmer 111.2853.669 verður T-110 og þar fyrir ofan 358 eigandi Aðalbjörg Þorsteinsdóttir, Hólmavík.

R-18157 grindarnúmer 111.2853.657 verður R-26316 eigandi Hjálmar Bjarnason, Selvogsgrunni 30, Reykjavík. Með fyrirfram þökk fyrir skjóta afgreiðslu, virðingarfyllst Hekla h.f. Sæberg Þórðarson."

Umskráning bifreiðanna skv. þessum fyrirmælum fór fram 18. júní s. á. Ekki varð úr kaupum stefnanda á þessum þrem Volkswagen bifreiðum frá stefnda Heklu h/f, og er umdeilt í máli þessu, hvers vegna af kaupum varð ekki. Stefnandi sagði ýmsum aðiljum, að stefndi Hekla h/f hefði viljað áskilja 12% ársvexti af víxlum þeim, sem hann átti að samþykkja sem lið í kaupum bifreiðanna, en hann hafi mótmælt og bent á, að hæstu lögleyfðir vextir væru 9½%.

12. mars 1972 birti dagblaðið „Þjóðviljinn" forsíðufregn með fyrirsögninni „Ólögleg skráning bifreiða hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins". Sagði í frétt á forsíðu, að Bifreiðaeftirlit ríkisins hefði hlaupið eftir duttlungum eins af bifreiðainnflutningsfyrirtækjum landsins og látið hafa sig í að framkvæma ólöglega millifærslu á skrásetningu þriggja bifreiða. Segir í fréttinni frá deilu þeirri, sem mál þetta nú snýst um, og segir, að mergur málsins sé, að Bifreiðaeftirlit ríkisins verði við bón innflutningsfyrirtækis og setji bílana á nafn þriggja annarra aðilja en stefnanda án þess að hafa nokkra tilkynningu um sölu á bílunum frá bílaleigunni, sem hafi verið skráður eigandi þeirra. Eftir þessu að dæma geti hver sem er komið og heimtað, að bifreið sé flutt á annað númer og eigandanafn, ef honum bara sýnist svo. Viku

síðar birti „Þjóðviljinn“ aftur forsíðufrétt með fyrirsögninni: „Hekla h.f. ætlaði að fá 12% vexti af láni.“ Segir þar frá nöfnum aðilja, sem ekki hafði verið í fréttinni vikunni áður, að þar sé um að ræða Heklu h/f og Litlu bílaleiguna, og segir, að Litla bílaleigan hafi talið, að Hekla h/f hefði ætlað að taka 12% vexti af láninu í bifreiðunum og hafi blaðinu nú borist bréf frá lögfræðingi Litlu Bílaleigunnar, þar sem þetta sé staðfest.

Í næsta tbl. „Þjóðviljans“, þriðjudaginn 21. mars 1972, birtist í blaðinu athugasemd frá Heklu h/f. Þar segir, að um mishermi hafi verið að ræða. Í þessu tilviki, eins og jafnan þegar gjaldfrestur sé veittur, hafi verið gert ráð fyrir, að sá hluti kaupverðsins, sem ekki skyldi staðgreiddur, yrði greiddur með víxlum og af víxlum þessum yrðu greiddir almennir víxilforvextir banka auk stimpilgjalds og bankakostnaðar.

Hinn 4. júlí 1972 ritaði Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður bréf til stefnda Heklu h/f, þar sem sagði, að til hans hefði leitað Sigurður Jónsson og falið honum að gæta hagsmuna sinna vegna viðskipta þeirra, er hann hefði átt við fyrirtækið í júnímánuði 1971 og út af kaupum á þremur nýjum Volkswagen bifreiðum. Sigurður hafi orðið fyrir miklu tjóni, sem á þessu stigi málsins sé erfitt að segja til um, og af þessum sökum m. a. vilji umbjóðandi hans reyna til þrautar að komast að samkomulagi við Heklu h/f um skaðabætur. Hinn 7. desember 1973 fékk stefnandi frá endurskoðunarskrifstofu Svavars Pálssonar s/f sundurliðun á brúttótekjum Litlu bílaleigunnar á tímabilinu 1. júní 1971 til 30. september 1973 skv. beiðni hans. Kemur þar í ljós, að á tímabili þessu hafa verið í notkun átta bifreiðar og meðaltekjur á hverja bifreið á mánuði kr. 21.010 allt tímabilið. Hinn 27. desember s. á. fékk stefnandi enn bréf frá sama aðilja, þar sem segir, að skv. beiðni stefnanda skuli upplýst, að brúttótekjur þriggja bílaleigubíla miðað við meðaltekjur kr. 21.010 á mánuði, sbr. fyrrgreint bréf, hefðu orðið kr. 1.953.930 fyrir tímabilið 1. júní 1971 til 31. desember 1973, þ. e. 3x21.010x31. Á grundvelli þessara upplýsinga höfðaði stefnandi því næst mál þetta.

Málsástæður aðilja.

Stefnandi styður kröfu sína á hendur stefndu þeim rökum, að Hekla h/f hafi á ólögmætan hátt riftað kaupunum á þrem Volkswagen bifreiðum um miðjan júní 1971 og að samspil hafi verið um þetta ólöglega athæfi með Heklu h/f, Samvinnutryggingum g/t og Bifreiðaeftirliti ríkisins. Því eigi hann kröfu um

bætur fyrir tjón sitt, sem af þessu ólöglega athæf varð, sameiginlega á hendur þessum aðiljum. Stefnandi hafi verið búinn að panta umræddar bifreiðar og búinn að semja um greiðslukjör á þeim, þ. e. að hann greiddi út í hönd kr. 350.000, en samþykkti 12 víxla, hvern að fjárhæð kr. 30.000, fyrir eftirstöðvunum. Þá hafi forsvarsmenn stefnda Heklu h/f viljað reikna forvexti af víxlum þessum 12% á ári, en það hafi verið hærra en löglegir vextir voru á þeim tíma. Stefnandi hafði sjálfur fengið þetta útreiknað, bæði í banka, á endurskoðunarskrifstofu og hjá lögmanni sínum, og allir hafi bent á, að vaxtaútreikningur Heklu h/f væri of hár. Þetta hafi hann bent stefnda Heklu h/f á. Búið hafi verið að skrá bifreiðarnar á nafn hans hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins og hafi hann því verið orðinn löglegur eigandi bifreiðanna skv. íslenskum lögum, þar sem skráning bifreiðar hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins skeri úr um eignarrétt. Þá hafi það gerst, að forsvarsmaður Heklu h/f hafi fengið frest til að leiðrétta vaxtaútreikning í kaupum aðilja, en notað tímann að stefnanda fornspurðum til að tilkynna Bifreiðaeftirliti ríkisins þá einhliða ákvörðun Heklu h/f, að bifreiðarnar skyldi skrá á nafn annarra manna en stefnanda. Það hafi verið gert umyrðalaust og þar með hafi stefnandi orðið af kaupum bifreiðanna og beðið við það tjón, eins og hann hafi sýnt fram á í máli þessu. Þetta sé svo furðulegt athæfi og samspil, að ótrúlegt megi virðast. Samvinnutryggingar g/t hafi vitað um þetta athæfi þessara aðilja og séu því meðsekir í málinu, enda hafi þeir haft öll tryggingarviðskipti Heklu h/f og verið mikil samvinna þessara fyrirtækja í milli. Í máli þessu hafi forsvarsmenn Heklu h/f alla tíð andmælt því, að deila hafi staðið um vaxtaútreikning þeirra, og reynt að bera annað fyrir sig, en það hafi vitanlega ekki tekist. Allt mál þetta bendi á, hvað raunverulega hafi gerst, þótt erfitt sé um vik um skjallegar sannanir, en bréf Heklu h/f til Bifreiðaeftirlitsins tali þó sínu máli. Stefnandi hafi kvartað þegar í stað og tilkynnt lögleysu þessa og reynt að leita eftir samningum við Heklu h/f í máli þessu og beðið þess, að eitthvað gerðist, en þegar ekkert hafi gerst, hafi hann séð sig knúinn til að leita aðstoðar dómstóla. Varðandi fjárhæð kröfunnar bendir stefnandi á, að þar sé um bruttótekjur að ræða og það sé matsatriði dómsins, hverjar nettótekjurnar séu. Reiknað sé með tveggja og hálfs árs tímabili, þ. e. frá 1. júní 1971, þ. e. frá því kaupin voru gerð og rift og til ársloka 1973, en ending slíkra bifreiða sé u. þ. b. tvö ár og þá sé skipt um bifreiðar. Hann hafi orðið fyrir slíkum tekju-

missi, að hann hafi ekki sjálfur getað keypt nýjar bifreiðar til þess að varna tjóninu, sem hlotist hafi af hinni ólögmætu riftun Heklu h/f.

Stefndi Hekla h/f styður sýknukröfu sína þeim rökum í fyrsta lagi, að stefndi Hekla h/f beri enga bótaábyrgð gagnvart stefnanda. Stefnandi hafi sjálfur rift kaupunum á bifreiðunum og þeir hafi þá selt þær öðrum. Hann eigi því enga bótakröfu á hendur Heklu h/f vegna sinna eigin gerða. Þetta sé upplýst í málinu með framburði tveggja vitna, Lýðs Björnssonar, framkvæmdastjóra Heklu h/f, og Sæbergs Þórðarsonar sölustjóra. Þeir hafi báðir lýst því, að bifreiðarnar hafi verið tilbúnar til afhendingar til stefnanda og reynt hafi verið að fá stefnanda til að taka við þeim, en hann hafi ekki gert það þrátt fyrir eftirgangsmuni. Ágreiningur hafi verið um afhendingartíma bifreiðanna. Stefnandi hafi verið búinn að óska eftir því að fá þær fyrir hvítasunnu, sem var 30. maí, en það hafi ekki verið unnt. Stefnandi hafi kvartað yfir afhendingardrættinum og endað með því að segja, að hann mundi alls ekki taka bifreiðarnar. Við það hafi setið og hafi því þeir verið tilneyddir að selja þær öðrum. Frásagnir stefnanda af einhverri deilu um vaxtaútreikning séu alger tilbúningur, sem hann hafi komið með löngu seinna. Upplýst sé í málinu, að einhver ágreiningur hafi verið fyrr á árum um vaxtaútreikning og sé augljóst, að stefnandi sé þarna að blanda saman þeim atburðum óafvitandi eða vísvitandi. Stefndi Hekla h/f bendir einnig á, að jafnvel þótt talið væri í máli þessu, að Hekla h/f hafi rift kaupunum, en ekki stefnandi, þá hefði sú riftun verið heimil að lögum. Ágreiningslaust sé, að bifreiðarnar hafi verið tilbúnar 10. júní 1971 og þarna sé um verslunarkaup að ræða. Sigurður hafi aldrei komið frá þeim degi, þ. e. 10. júní, til þess að taka bifreiðarnar, en þarna gildi að hönd selji hendi skv. 14. gr. laganna og skv. 1. mgr. 28. gr. hefði riftun verið heimil undir slíkum kringumstæðum, þar sem þarna hafi verið verulegur dráttur kominn og stefnandi bauð ekki fram lögmæta greiðslu. Til þrautavara bendir stefndi Hekla á, að jafnvel þótt dómarinn féllist ekki á þessi sjónarmið, þá hefði stefnandi með tómlæti sínu glatað öllum rétti, sem hann hugsanlega hefði getað haft, en sem þó sé með öllu mótmælt. Í verslunarkaupum verði hann að sjálfsögðu að tilkynna öll andmæli þegar í stað, en þarna hafi heilt ár liðið frá því riftunin fór fram, þar til stefnandi ritaði kröfubréf sitt til stefnda Heklu h/f. Meira að segja þá hafi aldrei verið minnst á neinn

vaxtaútreikning. Stefndi Hekla h/f mótmælir eindregið, að stefnandi hafi verið orðinn eigandi bifreiðanna, þegar kaupunum var rift. Hekla h/f hafi einhliða beitt sér fyrir því, að bifreiðarnar voru skráðar á hans nafn skv. venju í bifreiðainnflutningi og þegar kaupin hafi gengið til baka, hafi Hekla h/f á sama hátt og áður einhliða beitt sér fyrir því, að bifreiðarnar voru skráðar á nöfn annarra manna. Það, að bifreiðarnar hafi verið skráðar á nafn Sigurðar í tvær vikur, þýði ekki, að hann hafi verið orðinn eigandi bifreiðanna, þar sem eignarréttur fari skv. kaupum, en ekki skráningu. Í öðru lagi bendir stefndi Hekla h/f á, að stefnandi hafi alls ekki sýnt fram á tjón í máli þessu og hafi hann þó haft ærinn tíma og næði til þess. Í stefnu geri hann kröfu til þriggja aðilja, að þeir greiði honum sameiginlega kr. 1.953.930 ásamt vöxtum. Fjárhæð þessi sé fengin með því að reikna meðalbrúttótekjur á bílaleigubíl hjá stefnanda á tveggja og hálfs árs tímabili. Slíkur útreikningur hafi ekkert með tjón að gera og segi ekkert annað en það, sem hann fjalli um, þ. e. meðaltekjur eða brúttótekjur. Stefnandi hafi því alls ekki sýnt fram á neitt tjón í máli þessu.

Stefndi Samvinnutryggingar g/t styður sýknukröfu sína þeim rökum aðallega, að stefnandi hafi alls ekki sýnt fram á í málinu, hvers vegna hann geri kröfu á hendur honum. Krafa á hendur Samvinnutryggingum g/t sé gersamlega út í bláinn og hafi alla tíð verið það. Mál þetta sé mjög sérkennilegt og þrátt fyrir mörg dskj. í málinu sé alls ekki unnt að finna, með hvaða rökum stefnandi beini nokkrum kröfum á hendur Samvinnutryggingum. Stefnandi hafi keypt ábyrgðartryggingu fyrir bifreiðar sínar hjá stefnda Samvinnutryggingum og síðan hafi vátryggingarviðskipti þessi gengið til baka og hann hafi sjálfur staðið í því. Löngu síðar hafi hann farið að gera einhverjar kröfur á hendur Samvinnutryggingum og sagt, að þeir hefðu haft einhvers konar samspil við Heklu h/f, sem hann hafi átt í einhverjum deilum við. Aðild stefnda Samvinnutrygginga g/t að máli þessu sé því langsóttari en dæmi séu til. Þetta hljóti að vega þungt á metunum, þegar málskostnaðarkrafa stefnda Samvinnutrygginga verði tekin til athugunar hjá dóminum.

Stefndu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. Bifreiðaeftirlitsins og ríkissaksóknari kröfðust í upphafi frávísunar málsins, en féllu frá þeirri kröfu sinni undir rekstri þess. Þessir stefndu ásamt stefnda dómsmálaráðherra f. h. Bifreiðaeftirlits ríkisins styðja kröfu sína um algera sýknu

með þeim rökum, að enginn þessara aðilja eigi hugsanlega sök á nokkru tjóni, sem stefnandi hafi hugsanlega orðið fyrir í deilum sínum við stefnda Heklu h/f. Af hálfu Bifreiðaeftirlitsins er bent á, að umræddar bifreiðar hafi alls ekki verið „skráðar" 2. júní 1971, heldur hafi eingöngu verið um tilkynningu að ræða, til þess að unnt væri að koma lögboðinni tryggingu í lag. Slíkt sé ekki „skráning" í skilningi umferðarlaga, heldur tilkynning skv. 11. gr. þeirra laga. Síðan fari skráning fram, eftir að kvittun hafi verið út gefin. Þess vegna hafi heldur ekki verið um „umskráningu" að ræða 18. júní 1971, heldur leiðréttingu á tilkynningu. Þetta sé augljóst, þegar málið sé skoðað, en rétt sé að taka þetta fram vegna málflutnings stefnanda. Ekkert sé í máli þessu í ljós leitt, að mistök hafi orðið hjá Bifreiðaeftirlitinu, er leitt gætu til nokkurrar bótaskyldu. Viðskipti stefnanda við Heildverslunina Heklu h/f komi Bifreiðaeftirlitinu ekkert við. Bifreiðaeftirlitið hafi enga afstöðu tekið gagnvart því, hver sé raunverulegur eigandi bifreiðanna, heldur eingöngu byggt á upplýsingum frá aðiljum. Viðskipti stefnanda og Heklu h/f og svo skráning Bifreiðaeftirlitsins séu gersamlega aðskilin atriði og þess vegna eigi kröfur á hendur þessum aðiljum alls ekki heima í einu og sama málinu. Öllum fullyrðingum stefnanda um samspil eða samband heildverslunarinnar Heklu h/f og Bifreiðaeftirlitsins sé vísað á bug sem algerri fjarstæðu svo og öllum tilvitnunum sækjanda í meistara Hallgrím þar að lútandi.

Niðurstaða.

Telja verður upplýst í máli þessu, að verslunarkaup hafi verið gerð milli stefnanda og stefnda heildverslunarinnar Heklu h/f um kaup á þremur Volkswagen bifreiðum og að kaupunum hafi verið rift á tímabilinu 10.—15. júní 1971. Gegn mótmælum stefnanda verður ekki talið sannað, að hann hafi sjálfur rift kaupunum, og verður talið, að Hekla h/f hafi gert það. Hekla h/f hefur borið fyrir sig heimild í 28. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup og bent á, að stefnandi hafi dregið verulega að ganga frá samningum um greiðslu kaupverðsins og því hafi riftun verið heimil af þeirra hálfu. Gegn mótmælum stefnanda er ósannað af hálfu Heklu h/f, að stefnanda hafi verið tilkynnt um vilja Heklu h/f til riftunar kaupanna, sem 32. gr. sömu laga mælir fyrir um. Samkvæmt lokaorðum 32. gr. laganna missti Hekla h/f við það rétt sinn til að rifta kaupunum, og var riftunin því ólögmæt, eins og á stóð.

Eigi verður séð, á hvern hátt stefndi Samvinnutryggingar g/t

hefur hér átt hlut að máli, og verður öllum kröfum á hendur honum vísað á bug sem órökstuddum. Eigi verður heldur séð, á hvern hátt Bifreiðaeftirlit ríkisins getur hafa brotið rétt stefnanda. Einhliða yfirlýsing stefnda Heklu h/f til Bifreiðaeftirlitsins um eiganda bifreiðanna og einhliða yfirlýsing sama um breytingu á því skapaði stefnanda engan rétt á hendur Bifreiðaeftirliti ríkisins. Þegar af þeirri ástæðu verða kröfur á hendur Bifreiðaeftirlitinu ekki teknar til greina.

Samkvæmt ofansögðu verður talið, að riftun Heklu h/f á bifreiðakaupunum hafi verið ólögmæt, eins og hún var framkvæmd. Stefnandi hefur hins vegar í máli þessu ekki sýnt fram á, að hann hafi beðið tjón vegna þessarar ólögmætu riftunar. Gögn um meðalbrúttótekjur af bifreiðum, sem leigðar eru út án ökumanns, sýna ekki tjón af því að hafa orðið án þriggja nýrra bifreiða. Þar sem stefnandi hefur ekki á neinn hátt gert grein fyrir tjóni sínu og lýst því yfir hér fyrir dómi, að slíkt hafi ekki verið og sé ekki unnt, verður krafa hans á hendur stefnda Heklu h/f ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er rétt, að málskostnaður milli stefnanda og stefnda Heklu h/f falli niður. Stefnandi verður dæmdur til að greiða stefnda Samvinnutryggingum g/t málskostnað, sem ákveðst kr. 175.000. Einnig verður stefnanda gert að greiða stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, dómsmálaráðherra og lögreglustjóranum í Reykjavík f. h. Bifreiðaeftirlits ríkisins óskipt málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 35.000 í samræmi við mætingar í málinu.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Helga V. Jónssyni hæstaréttarlögmanni og Jóhanni J. Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, Hekla h/f, Samvinnutryggingar g/t, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, dómsmálaráðherra og lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. Bifreiðaeftirlits ríkisins, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Sigurðar Jónssonar f. h. Litlu bílaleigunnar, í máli þessu.

Málskostnaður milli stefnanda og stefnda Heklu h/f falli niður.

Stefnandi greiði stefnda Samvinnutryggingum g/t kr. 175.000 í málskostnað og stefndu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, dómsmálaráðherra og lögreglustjóranum í Reykja-

vík f. h. Bifreiðaeftirlits ríkisins óskipt kr. 35.000 í málskostnað.

Greiðslur þessar fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. febrúar 1982.

Nr. 29/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ingvari Sigurjóni Garðarssyni
(Örn Clausen hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Mál þetta var í héraði höfðað gegn fjórum mönnum, og undu þeir allir við héraðsdóm nema ákærði, en málinu er að því er hann varðar skotið til Hæstaréttar með stefnu 3. nóvember 1980 að ósk hans, og hefur ákæruvaldið áfrýjað málinu til þyngingar. Ágrip málsins barst Hæstarétti 23. júní 1981.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hafi gerst sekur um brot á 155. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með háttsemi sinni, sem lýst er í 4., 5., 7.—10., 12. og 13. lið ákæru 24. mars 1980, en hér fyrir dómi lýsti ríkissaksóknari því yfir, að ákæruefni í 11. lið ákæru tæki ekki til ákærða. Refsingu ber að ákveða með vísan til 77. og 78. gr. sömu laga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuðir. Fjárkröfu Olíufélagsins Skeljungs að fjárhæð 10.000 gamlar krónur, er varðar 11. lið ákæru, ber að vísa frá dómi að því er ákærða varðar, sbr. 146. gr. laga nr. 74/

1974. Að öðru leyti eiga ákvæði héraðsdóms um skaðabætur að vera óröskuð. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, 3.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Ingvar Sigurjón Garðarsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Framangreindri fébótakröfu er vísað frá dómi, en ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta eiga að öðru leyti að vera óröskuð.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. júlí 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 9. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 372—375/1980: Ákæruvaldið gegn Bjarna Leifi Péturssyni, Ingvari Sigurjóni Garðarssyni, Ólafi Gunnari Sigurðssyni og Sigurði Guðnasyni, sem tekið var til dóms 27. f. m.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með tveimur ákærum, dagsettum 24. mars og 19. maí 1980. Með ákærunni 24. mars sl. er málið höfðað gegn Bjarna Leifi Péturssyni verkamanni, Njálsgötu 20, Reykjavík, fæddum þar í borg 15. júní 1958, Ingvari Sigurjóni Garðarssyni sjómanni, Vesturbraut 18, Hafnarfirði, fæddum þar í bæ 6. nóvember 1954, og Ólafi Gunnari Sigurðssyni verkamanni, Ásgarði 41, Reykjavík, fæddum þar í borg 4. maí 1959, „fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að standa saman í september 1979 að fölsun og notkun á samtals 13 tékkum úr tékkhefti

Valdimars Bergssonar við Iðnaðarbanka Íslands hf., útibúið í Hafnarfirði, en ákærðu rituðu tékkana á víxl með nefndu nafni sem útgefanda og ýmsum reikningsnúmerum, og eru tékkarnir gefnir út til handhafa 23. september 1979 og notaðir í Reykjavík, nema annars sé getið. Þá framseldu þeir tékkana á víxl, en nutu andvirðisins saman, nema annars sé getið:

1. Nr. 324731, kr. 5.000, reikningsnúmer 1459. Ritaður og notaður af ákærða Bjarna Leifi einum.

2. Nr. 324732, kr. 5.000, reikningsnúmer 1419. Ritaður og notaður af sama án þátttöku hinna. Seldur í veitingahúsinu Skrínunni við Skólavörðustíg.

3. Nr. 324734, kr. 5.000, reikningsnúmer 1495. Ritaður og notaður af sama án þátttöku hinna. Seldur í veitingahúsinu Borgaranum, Hafnarstræti 20.

4. Nr. 324737, kr. 15.000, reikningsnúmer 2247. Ritaður af ákærða Ingvari Sigurjóni, en framseldur af ákærða Ólafi Gunnari. Notaður til kaupa á áfengi.

5. Nr. 324739, kr. 30.000, reikningsnúmer 4469. Sama og nr. 4, en seldur hjá Esso.

6. Nr. 324740, kr. 5.000, reikningsnúmer illa læsilegt. Ritaður og notaður af ákærða Bjarna Leifi einum. Seldur í versluninni Ösp, Strandgötu 11, Hafnarfirði.

7. Nr. 324741, kr. 10.000, reikningsnúmer 4469. Ritaður af ákærða Ingvari Sigurjóni, einnig með nafni Valdimars Bergssonar sem framseljanda. Notaður til greiðslu á vörum í Nesti í Fossvogi.

8. Nr. 324744, kr. 7.445, sama reikningsnúmer. Ritaður af sama. Notaður í söluturninum Týsgötu 1.

9. Nr. 324746, kr. 10.000, sama reikningsnúmer. Ritaður af sama, en framseldur af ákærða Ólafi Gunnarssyni. Notaður til kaupa á áfengi.

10. Nr. 324747, kr. 45.000, sama reikningsnúmer. Sama og í nr. 9. Notaður á Hótel Esju.

11. Nr. 324748, kr. 10.000, reikningsnúmer 1495. Ritaður af ákærða Ólafi Gunnari og seldur á Shellstöð.

12. Nr. 324749, kr. 20.000, reikningsnúmer 4469. Ritaður af ákærða Ingvari Sigurjóni, en framseldur af ákærða Ólafi Gunnari. Seldur á bensínstöð Olís v/Lyngholt í Garðabæ.

13. Nr. 324750, kr. 40.000, reikningsnúmer 6769, dagsettur 28. september. Ritaður og notaður af ákærða Ingvari Sigurjóni einum. Seldur í söluturninum, Hellisgötu 18, Hafnarfirði.

Teljast verknaðir í liðum 4—5 og 7—12 eiga við alla ákærðu, en í liðum 1—3 og 6 við ákærða Bjarna Leif einan og í lið 13 við ákærða Ingvar Sigurjón einan.

Þá er málið höfðað gegn ákærða Bjarna Leifi Péturssyni einum fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga með því að stela seðlaveski af nefndum Valdimar Bergssyni í veitingahúsinu Klúbbnum í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 23. september 1979, en í veskinu voru auk fyrrnefnds tékkheftis kr. 20.000 í peningum og persónuskilríki."

Með ákærunni frá 19. maí sl. er málið höfðað gegn ofangreindum Bjarna Leifi Péturssyni og Sigurði Guðnasyni verkamanni, Hólmgarði 64, Reykjavík, fæddum þar í borg 22. janúar 1953, „fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að falsa nöfn á tékka og nota í viðskiptum. Brotin eru framin í Reykjavík í janúar 1980, nema annars sé getið:

I.

Gegn ákærða Bjarna Leifi Péturssyni einum fyrir fölsun og notkun á eftirtöldum tékkum á eyðublöðum frá Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31, Reykjavík, nema síðastnefndi tékkinn, sem er á eyðublaði frá Landsbanka Íslands, Laugavegi 77:

1. Nr. 686819, kr. 20.000, dagsettur 11. janúar 1980, til Einars Þórðarsonar. Nafn útgefanda Jón Rögnvaldsson og framseljanda Einar Þórðarson. Reikningsnúmer 1840. Greiddar veitingar í veitingahúsinu Horninu, Hafnarstræti 19.

2. Nr. 686820, kr. 35.000, dagsettur 11. janúar 1980, til Einars Þórðarsonar. Nafn útgefanda Jón Rögnvaldsson og framseljanda Einar Þórðarson. Reikningsnúmer 8620. Greiddur farmiði hjá Flugfélagi Íslands og fengnir peningar til baka.

3. Nr. 686821, kr. 11.545, dagsettur 11. janúar 1980, til handhafa. Nafn útgefanda Jón Rögnvaldsson og framseljanda Einar Þórðarson. Reikningsnúmer 2402. Seldur í söluturninum Teningnum, Snorrabraut 38.

4. Nr. 686823, kr. 25.000, dagsettur 11. janúar 1980, til Einars V. Þórðarsonar. Nafn útgefanda Jón Rögnvaldsson og framseljanda Einar V. Þórðarson. Reikningsnúmer 8620. Greiddar veitingar í Brauðbæ, Þórsgötu 1.

5. Nr. 686825, kr. 12.000, dagsettur 11. janúar 1980, til handhafa. Nafn útgefanda Jón Rögnvaldsson og framseljanda Einar Þórðarson. Reikningsnúmer 8620. Greitt fyrir aðgöngumiða í Tónabíó.

6. Nr. 4298707, kr. 10.000, dagsettur 12. janúar 1980, til handhafa. Nafn útgefanda Ingi Karlsson og framseljanda Einar Þórðarson. Reikningsnúmer 8042. Greiddar vörur í söluturni verslunarinnar Beiðholtskjör.

II.

Gegn ákærðu báðum fyrir fölsun og notkun á eftirtöldum þremur tékkum, fyrstnefnda á eyðublaði frá Alþýðubankanum og hinum á eyðublöðum frá Landsbankanum:

1. Nr. 686822, kr. 60.000, dagsettur 11. janúar 1980, til Einars Þórðarsonar. Nafn útgefanda Jón Rögnvaldsson og framseljanda Einar Þórðarson. Reikningsnúmer 8620. Ákærði Bjarni Leifur Pétursson ritaði tékkann, en ákærðu í félagi greiddu með honum veitingar í veitingahúsinu H—100 við Hafnarstræti á Akureyri.

2. Nr. 3762725, kr. 140.000, dagsettur 12. janúar 1980, til Sigurðar Guðnasonar. Nafn útgefanda Jón Guðjónsson. Reikningsnúmer 2407. Ritaður af ákærða Bjarna Leifi og framseldur af ákærða Sigurði í Landsbankanum á Akureyri. Nutu ákærðu andvirðisins saman.

3. Nr. 4298724, kr. 45.000, dagsettur 11. janúar 1980, til Sigurðar Guðnasonar. Nafn útgefanda Gunnar Jónsson. Reikningsnúmer 78389. Ritaður af Bjarna Leifi og framseldur af Sigurði og notaður af þeim til greiðslu á farmiðum hjá Flugleiðum."

Þess er krafist í báðum ákærum, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru sem hér segir:

Ákæra, dagsett 24. mars 1980.

1. Hinn 23. september 1979 falsaði ákærði Bjarni Leifur tékka nr. 324731 úr tékkhefti Valdimars Bergssonar við Iðnaðarbanka Íslands h/f, útibúið í Hafnarfirði, á reikningsnúmer 1459, með nafni ofangreinds Valdimars, að fjárhæð kr. 5.000, og hagnýtti ákærði sér andvirði tékkans.

2. Sama dag falsaði ákærði Bjarni Leifur á sama hátt tékka nr. 324732 á reikningsnúmer 1419, að fjárhæð kr. 5.000. Notaði hann tékkann til greiðslu á veitingum í veitingahúsinu Skrínunni.

3. Sama dag falsaði ákærði Bjarni Leifur á sama hátt tékka nr. 324734 á reikningsnúmer 1495, að fjárhæð kr. 5.000. Notaði hann andvirðið til kaupa á veitingum .

4. Sama dag falsaði ákærði Ingvar Sigurjón tékka úr ofangreindu hefti, nr. 324737 á reikningsnúmer 2247, með ofangreindu nafni. Tékkinn var að fjárhæð kr. 15.000 og var framseldur af ákærða Ólafi Gunnari, en ákærðu seldu tékkann saman og nutu allir andvirðis hans.

5. Sama dag falsaði ákærði Ingvar Sigurjón á sama hátt tékka nr. 324739, á reikningsnúmer 4469, að fjárhæð kr. 30.000, en ákærðu seldu allir tékkann hjá Olíufélaginu h/f.

6. Sama dag falsaði ákærði Bjarni Leifur tékka nr. 324740 á illa læsilegt reikningsnúmer, að fjárhæð kr. 5.000, og seldi ákærði hann í versluninni Ösp.

7. Ákærði Ingvar Sigurjón falsaði sama dag nafn Valdimars Bergssonar sem útgefanda og framseljanda á tékka nr. 324741 á reikningsnúmer 4469, að fjárhæð kr. 10.000. Ákærðu Ingvar Sigurjón og Bjarni Leifur hafa játað að hafa notað andvirði tékka þessa í Nesti við Elliðaár, en ákærði Ólafur Gunnar man ekki til þess að hafa tekið þátt í því, þótt hann vefengi það ekki.

8. Ákærði Ingvar Sigurjón falsaði á sama hátt tékka nr. 324744 á sama reikningsnúmer, að fjárhæð kr. 7.445. Ákærðu Ingvar Sigurjón og Bjarni Leifur hafa viðurkennt að hafa notað andvirði tékkans í söluturni að Týsgötu 1, en ákærði Ólafur Gunnar kannast ekki við það.

9. Ákærði Ingvar Sigurjón falsaði tékka nr. 324746 á sama reikningsnúmer, að fjárhæð kr. 10.000, en ákærði Ólafur Gunnar framseldi tékkann, og notuðu ákærðu allir andvirði hans.

10. Ákærði Ingvar Sigurjón falsaði á sama hátt tékka nr. 324747 á sama reikningsnúmer, og Ólafur Gunnar framseldi hann, að fjárhæð kr. 45.000, en tékka þennan notuðu allir ákærðu til greiðslu á veitingum á Hótel Esju.

11. Ákærði Ólafur Gunnar falsaði tékka nr. 324748 á reikningsnúmer 1495, að fjárhæð kr. 10.000, sem seldur var á Shellstöð, en ákærðu notuðu allir andvirði tékkans.

12. Ákærði Ingvar Sigurjón falsaði tékka nr. 324749 á reikningsnúmer 4469, að fjárhæð kr. 20.000, sem Ólafur Gunnar framseldi á bensínstöð Olís í Garðabæ, en ákærðu eyddu andvirðinu allir saman.

13. Ákærði Ingvar Sigurjón falsaði tékka nr. 324750 á reikningsnúmer 6769, dagsettan 28. september 1979, að fjárhæð kr. 40.000. Framseldi ákærði tékkann með fölsuðu nafni Sigurgeirs Halldórs í söluturni að Hellisgötu 18, Hafnarfirði, og notaði hann andvirðið einn.

Framangreint atferli ákærðu telst sannað með eigin framburðum þeirra fyrir dómi og öðrum gögnum málsins að því undanskildu, að ekki þykir nægilega sannaður þáttur ákærða Ólafs Gunnars í atferli því, sem lýst er í liðum 7 og 8, og er hann því sýknaður að þeim ákæruliðum. Ákærði Bjarni Leifur telst einn sannur að sök um atferli það, sem lýst er í liðum 1—3 og 6, ákærðu allir um atferli það, sem lýst er í liðum 4—5, ákærðu Bjarni Leifur og Ingvar Sigurjón um atferli það, sem lýst er í liðum 7—8, ákærðu allir um atferli skv. liðum 9—12 og ákærði Ingvar Sigurjón einn um atferli það, sem lýst er í lið 13. Varðar atferli þetta við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá er ákærði Bjarni Leifur í ákærunni ákærður fyrir að hafa stolið veski Valdimars Bergssonar í veitingahúsinu Klúbbnum aðfaranótt 23. september 1979, en í veski þessu voru auk framangreinds tékkheftis kr. 20.000.

Ákærði hefur fyrir dómi neitað því, að hann hafi stolið veski þessu. Hins vegar hafi hann fundið veski í Klúbbnum umrætt sinn, annað hvort í anddyri eða fyrir utan. Í því hafi verið ávísanahefti, en hann taldi ólíklegt, að í því hefðu verið peningar.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 24. september 1979 kvaðst ákærði viss um, að sér hefði tekist að stela ávísanahefti í Klúbbnum greint sinn. Hann kvaðst þó ekkert muna eftir þessu atviki né frá hverjum hann tók veskið. Hann vissi einungis, að hann var með þetta veski, þegar hann vaknaði morguninn eftir. Við yfirheyrslu næsta dag kvaðst hann og ekki vefengja, að peningar kynnu að hafa verið í veskinu, og væri það reyndar líklegt. Fyrir dómi kvað ákærði þennan framburð sinn hjá rannsóknarlögreglu vera marklausan og sé þetta einungis skýrsla rannsóknarlögreglumannsins.

Ákærði Ingvar Sigurjón hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að ákærði Bjarni Leifur hafi tjáð sér, að hann hefði stolið umræddu veski í Klúbbnum. Ákærði Ólafur Gunnar kvað sér ekki hafa verið kunnugt um það, hvernig ákærði Bjarni Leifur komst yfir umrætt veski og ávísanahefti.

Eigandi veskisins, Valdimar Bergsson, Sléttahrauni 29, Hafnarfirði, kveðst hafa glatað veskinu í Klúbbnum að kvöldi 22. september eða aðfaranótt 23. september 1979, en hann gat ekki nánar gert grein fyrir því, hvernig það bar að.

Þegar framanritað er virt, þykir ekki unnt að telja sannað gegn neitun ákærða, að hann hafi umrætt sinn gerst sekur um

þjófnað á framangreindu veski, þannig að varði við 244. gr. almennra hegningarlaga, og er hann því sýknaður af þeim lið ákærunnar.

Ákæra, dagsett 19. maí 1980.

I.

1. Ákærði Bjarni Leifur falsaði tékka nr. 686819 frá Alþýðubankanum, dags. 11. janúar 1980, með nafni Jóns Rögnvaldssonar sem útgefanda og Einars Þórðarsonar sem framseljanda, á reikningsnúmer 1840, að fjárhæð kr. 20.000. Ákærði notaði tékka þennan til greiðslu á veitingum hjá veitingahúsinu Horninu.

2. Ákærði Bjarni Leifur falsaði á sama hátt tékka frá sama banka, nr. 686820, á reikningsnúmer 8620, dags. 11. janúar 1980, að fjárhæð kr. 35.000. Notaði ákærði andvirði tékkans til greiðslu fargjalds hjá Flugfélagi Íslands.

3. Ákærði Bjarni Leifur framseldi enn á sama hátt tékka nr. 686821, dags. 11. janúar 1980, á reikningsnúmer 2402, að fjárhæð kr. 11.545. Seldi hann tékkann í söluturninum Teningnum, Snorrabraut 38.

4. Ákærði Bjarni Leifur falsaði með sömu nöfnum tékka nr. 686823, á reikningsnúmer 8620, að fjárhæð kr. 25.000, sem hann notaði til greiðslu á veitingum hjá Brauðbæ.

5. Ákærði Bjarni Leifur falsaði tékka nr. 686825, dags. 11. janúar 1980, á reikningsnúmer 8620, að fjárhæð kr. 12.000, sem hann notaði til greiðslu á aðgöngumiða í Tónabíói.

6. Ákærði Bjarni Leifur falsaði tékka nr. 4298707, á eyðublað frá Landsbanka Íslands, á reikningsnúmer 8042, dags. 12. (mánuður ekki tilgreindur) 1980, að fjárhæð kr. 10.000, með nafni Inga Karlssonar sem útgefanda og Einars Þórðarsonar sem framseljanda. Notaði ákærði tékkann til greiðslu á vörum í verslun inni Breiðholtskjör.

Framangreint atferli ákærða Bjarna Leifs er sannað með játningum hans fyrir dómi og öðrum gögnum málsins, og varðar það við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

II.

1. Ákærði Bjarni Leifur falsaði tékka nr. 686822 frá Alþýðubankanum h/f á reikningsnúmer 8620, dags. 11. janúar 1980, að fjárhæð kr. 60.000, með nafni Jóns Rögnvaldssonar sem útgefanda og Einars Þórðarsonar sem framseljanda. Notaði hann

síðan tékkann ásamt ákærða Sigurði Guðnasyni til greiðslu á veitingum í veitingahúsinu H—100 á Akureyri.

2. Ákærði Bjarni Leifur falsaði tékka nr. 3762725 frá Landsbanka Íslands, á reikningsnúmer 2407, dags. 12. janúar 1980, að fjárhæð kr. 140.000, stílaðan til Sigurðar Guðnasonar, en með nafni Jóns Guðjónssonar sem útgefanda. Ákærði Sigurður framseldi tékkann í Landsbankanum á Akureyri, og notuðu ákærðu andvirðið saman.

3. Ákærði Bjarni Leifur falsaði tékka nr. 4298724 frá sama banka, dags. 11. janúar 1980, á reikningsnúmer 78389, að fjárhæð kr. 45.000, með nafni Gunnars Jónssonar sem útgefanda, til Sigurðar Guðnasonar. Ákærði Sigurður framseldi tékkana, og notuðu ákærðu andvirðið saman til greiðslu fargjalds hjá Flugleiðum.

Ákærðu hafa viðurkennt framangreint atferli fyrir dómi, og eru játningar þeirra í samræmi við önnur gögn málsins. Telst það því sannað og varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Bjarni Leifur hefur áður sætt þessum refsidómum:

1975 8 mánaða fangelsi fyrir rán.

1975 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og nytjastuld.

1976 sakfelldur fyrir árás og hylmingu, en refsing ekki dæmd.

1976 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og nytjastuld.

1977 sakfelldur fyrir skjalafals, þjófnað, hylmingu og nytjastuld, en refsing ekki dæmd.

1977 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og skjalafals.

1978 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og ólögmæta meðferð fundins fjár.

1979 (19. febrúar) 3 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.

1979 (23. ágúst) 2 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.

1980 (24. janúar) 4 mánaða fangelsi fyrir skjalafals.

1980 (22. maí) 6 mánaða fangelsi fyrir líkamsárás.

1980 (19. júní) 2 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og svik.

Ákærði Ingvar Sigurjón Garðarsson hefur áður sætt þessum refsidómum:

1976 2 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir þjófnað.

1978 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir þjófnað.

1980 (7. febrúar) 8 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og nytjastuld og ölvun við akstur.

Ákærði Ólafur Gunnar Sigurðsson hefur ekki sætt kærum og refsingum fyrr.

Ákærði Sigurður Guðnason hefur áður sætt þessum refsidómum:

1974 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir þjófnað.
1976 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir skjalafals.
1976 sakfelldur fyrir þjófnað, en ekki gerð refsing.
1977 6 mánaða fangelsi fyrir nytjastuld.
1977 4 mánaða fangelsi fyrir fjárdrátt og svik.
1977 sakfelldur fyrir þjófnað, en ekki dæmd refsing.
1977 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og nytjastuld.
1978 1 mánaðar fangelsi fyrir hylmingu.
1980 (16. janúar) 1 mánaðar fangelsi fyrir þjófnað.
1980 (14. mars) 15 daga fangelsi fyrir líkamsárás (217. gr.).
1980 (14. apríl) 5 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

Við ákvörðun refsingar ákærða Bjarna Leifs ber að líta til þess, að hann á að baki verulegan brotaferil. Hliðsjón ber og að hafa af 78. gr. hegningarlaga, þar sem ákærði hefur hlotið refsidóma, eftir að hann framdi brot sín, svo og af 77. gr. hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Við ákvörðun refsingar ákærða Ingvars Sigurjóns verður litið til sakaferils hans, og hafa verður hliðsjón af 78. gr. hegningarlaga með tilliti til dóms frá 7. febrúar sl. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Þegar ákærða Ólafi Gunnari eru ákveðin viðurlög, ber að hafa í huga, að hann hefur aldrei áður sætt kærum eða refsingum. Með hliðsjón af því og ungum aldri hans þykir mega fresta ákvörðun refsingar og láta hana niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. hegningarlaganna svo og bótaskilorð.

Refsing ákærða Sigurðar Guðnasonar verður ákvörðuð með hliðsjón af verulegum brotaferli hans, en jafnframt litið til dóma þeirra, sem hann hefur hlotið, eftir að hann framdi brot sitt, sbr. 78. gr. hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 1 mánuð.

Eftirfarandi bótakröfur hafa komið fram í málinu:

Varðandi ákæru, dagsetta 24. mars 1980:

Ákæruliður 1. Frammi liggur krafa frá Iðnaðarbanka Íslands vegna tékka þess, sem um var fjallað í þessum ákærulið, að fjárhæð kr. 5.000. Er gerð krafa um greiðslu tékkafjárhæðar-

innar, og hefur ákærði Bjarni Leifur samþykkt hana. Verður hann dæmdur til að greiða bankanum þessa fjárhæð. Bankinn hefur ekki lagt fram sundurliðaða vaxtakröfu, og verður því ekki kveðið á um greiðslu vaxta.

Ákæruliður 3. Frammi liggur krafa Jóns Helga Jóhannssonar f. h. Borgarans, Hafnarstræti 20, um greiðslu andvirðis tékka þess, er þessi ákæruliður fjallar um, að fjárhæð kr. 5.000. Ákærði hefur samþykkt kröfu þessa, og verður hann dæmdur til greiðslu ofangreindrar fjárhæðar, en ekki tildæmdir vextir, þar sem sundurliðuð krafa um þá liggur ekki fyrir.

Ákæruliður 5. Frammi liggur krafa frá Olíufélaginu h/f um greiðslu á andvirði tékka þess, sem þessi ákæruliður fjallar um, að fjárhæð kr. 30.000. Ákærðu Bjarni Leifur, Ingvar Sigurjón og Ólafur Gunnar hafa allir samþykkt bótakröfu þessa, og verða þeir dæmdir in solidum til greiðslu hennar. Ekki verða dæmdir vextir í þessu sambandi, þar sem vaxtakrafa er ekki sundurliðuð.

Ákæruliður 6. Frammi liggur krafa frá Gunnlaugi F. Gunnlaugssyni vegna tékka, heyrandi undir þennan ákærulið, að fjárhæð kr. 5.000. Ákærði Bjarni Leifur hefur samþykkt bótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til greiðslu ofangreindrar fjárhæðar.

Ákæruliður 7. Gerð hefur verið krafa af hálfu Nestis h/f um greiðslu á andvirði tékka þess, sem hér um ræðir, að fjárhæð kr. 10.000. Ákærðu Bjarni Leifur og Ingvar Sigurjón hafa samþykkt bótakröfu þessa, og verða þeir dæmdir in solidum til greiðslu hennar.

Ákæruliður 8. Frammi liggur krafa Gunnars Brynjólfssonar f. h. söluturnsins að Týsgötu 1 um greiðslu á andvirði tékka þess, sem hér um ræðir, kr. 7.445. Ákærðu Bjarni Leifur og Ingvar Sigurjón hafa samþykkt bótakröfu þessa, og verða þeir in solidum dæmdir til greiðslu hennar.

Ákæruliður 9. Frammi liggur bótakrafa Rammagerðarinnar vegna tékka þess, sem hér um ræðir, að fjárhæð kr. 10.000. Ákærðu Bjarni Leifur, Ingvar Sigurjón og Ólafur Gunnar hafa allir samþykkt bótakröfu þessa, og verða þeir in solidum dæmdir til greiðslu hennar.

Ákæruliður 10. Frammi liggur í málinu krafa Hótels Esju um greiðslu andvirðis tékka þess, sem hér um ræðir, að fjárhæð kr. 45.000. Framangreindir ákærðu hafa allir samþykkt bótakröfu þessa, og verða þeir dæmdir in solidum til greiðslu hennar.

Ákæruliður 11. Frammi liggur krafa Olíufélagsins Skeljungs h/f um greiðslu andvirðis tékka þess, sem hér um ræðir, að fjárhæð kr. 10.000. Framangreindir ákærðu hafa allir samþykkt kröfu þessa, og verða þeir dæmdir til að greiða hana in solidum. Ekki verður dæmt um vaxtakröfu, þar sem hún er ekki sundurliðuð.

Ákæruliður 12. Halldór Gíslason, Álfröð 7, Kópavogi, hefur f. h. bensínstöðvar Olís við Lyngholt í Garðabæ gert kröfu um greiðslu andvirðis tékka þess, sem hér um ræðir, að fjárhæð kr. 20.000. Framangreindir ákærðu hafa allir samþykkt bótakröfu þessa, og verða þeir in solidum dæmdir til greiðslu hennar.

Ákæruliður 13. Guðni Einarsson f. h. söluturns að Hellisgötu 18, Hafnarfirði, hefur gert kröfu um greiðslu andvirðis tékka, sem hér um ræðir, að fjárhæð kr. 40.000. Ákærði Ingvar Sigurjón hefur samþykkt kröfu þessa, og verður hann dæmdur til greiðslu hennar.

Varðandi ákæru, dagsetta 19. maí 1980:

I.

Ákæruliður 1. Frammi liggur krafa veitingahússins Hornsins, Hafnarstræti 19, um greiðslu á andvirði tékka þess, sem hér er um fjallað, að fjárhæð kr. 20.000. Ákærði Bjarni Leifur hefur samþykkt kröfu þessa, og verður hún tekin til greina.

Ákæruliður 2. Frammi liggur krafa Péturs Guðmundssonar héraðsdómslögmanns f. h. Flugleiða h/f um greiðslu á andvirði tékka, sem hér um ræðir, að fjárhæð kr. 35.000. Ákærði Bjarni Leifur hefur samþykkt bótakröfu þessa, og verður hún tekin til greina.

Ákæruliður 3. Erla Guðmundsdóttir, Grettisgötu 86, hefur gert kröfu um endurgreiðslu andvirðis tékka þess, sem hér um ræðir, að fjárhæð kr. 11.545. Ákærði Bjarni Leifur hefur samþykkt kröfu þessa, og verður hún tekin til greina.

Ákæruliður 4. Veitingahúsið Brauðbær, Þórsgötu 1, hefur gert kröfu um greiðslu á andvirði tékka þess, sem hér um ræðir, að fjárhæð kr. 5.000. Ákærði Bjarni Leifur hefur samþykkt kröfuna, og er hún tekin til greina.

Ákæruliður 5. Af hálfu Tónabíós hefur verið gerð krafa um greiðslu á tékka þeim, sem þessi ákæruliður fjallar um, að fjár-

hæð kr. 12.000. Ákærði Bjarni Leifur samþykkir kröfu þessa, og verður hún tekin til greina.

Ákæruliður 6. Verslunin Breiðholtskjör hefur gert þá kröfu, að henni verði endurgreitt andvirði tékka þess, sem hér um ræðir, að fjárhæð kr. 10.000. Ákærði Bjarni Leifur hefur samþykkt kröfu þessa, og verður hún tekin til greina.

II.

Ákæruliður 1. Veitingahúsið H—100 á Akureyri hefur gert kröfu um greiðslu á andvirði tékka þess, sem um er fjallað í þessum ákærulið, að fjárhæð kr. 60.000. Ákærðu Bjarni Leifur og Sigurður hafa samþykkt kröfu þessa, og verða þeir dæmdir til að greiða hana in solidum.

Ákæruliður 2. Landsbanki Íslands hefur gert kröfu um, að andvirði tékka þess, sem hér um ræðir, verði greitt bankanum, þ. e. kr. 140.000 auk 4.5% vanskilavaxta á mánuði frá 14. janúar 1980 til greiðsludags. Framangreindir ákærðu hafa samþykkt kröfu þessa, og verða þeir dæmdir in solidum til greiðslu hennar.

Ákæruliður 3. Landsbanki Íslands gerir kröfu um greiðslu á andvirði tékka þess, sem hér um ræðir, kr. 45.000 auk 4.5% vanskilavaxta á mánuði frá 14. janúar 1980 til greiðsludags. Framangreindir ákærðu hafa samþykkt þá kröfu, og verða þeir dæmdir til greiðslu hennar in solidum.

Að lokum verða ákærðu dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar, þar á meðal ákærði Bjarni Leifur til greiðslu málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 80.000, og ákærði Sigurður til greiðslu málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 60.000. Annar málskostnaður skal skiptast þannig, að ákærði Bjarni Leifur greiði 2/3 hluta, en hinir ákærðu 1/3 hluta in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Bjarni Leifur Pétursson sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Ingvar Sigurjón Garðarsson sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði Sigurður Guðnason sæti fangelsi í 1 mánuð.

Ákvörðun refsingar ákærða Ólafs Gunnars Sigurðssonar er frestað, og skal hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57.

gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og bótaskilorð.

Ákærðu greiði skaðabætur sem hér segir:

Ákærði Bjarni Leifur Pétursson greiði Iðnaðarbanka Íslands kr. 5.000, Borgaranum, Hafnarstræti 20, kr. 5.000, Gunnlaugi F. Gunnlaugssyni, Strandgötu 11, Hafnarfirði, kr. 5.000, veitingahúsinu Horninu, Hafnarstræti 19, kr. 20.000, Flugleiðum h/f kr. 35.000, Erlu Guðmundsdóttur, Grettisgötu 86, kr. 11.545, veitingahúsinu Brauðbæ, Þórsgötu 1, kr. 5.000, Tónabíói kr. 12.000 og verslun inni Breiðholtskjör kr. 10.000.

Ákærði Ingvar Sigurjón Garðarsson greiði Guðna Einarssyni f. h. söluturns, Hellisgötu 18, Hafnarfirði, kr. 40.000.

Ákærði Bjarni Leifur, Ingvar Sigurjón og Ólafur Gunnar greiði in solidum Olíufélaginu h/f kr. 30.000, Rammagerðinni kr. 10.000, Hótel Esju kr. 45.000, Olíufélaginu Skeljungi h/f kr. 10.000 og Halldóri Gíslasyni vegna bensínstöðvar Olís við Lyngholt í Garðabæ kr. 20.000.

Ákærðu Bjarni Leifur og Ingvar Sigurjón greiði in solidum Nesti h/f kr. 10.000 og söluturninum Týsgötu 1 kr. 7.445.

Ákærðu Bjarni Leifur og Sigurður greiði in solidum veitingahúsinu H—100, Akureyri, kr. 60.000, Landsbanka Íslands kr. 140.000 og kr. 45.000 með 4.5% vanskilavöxtum af hvorum tveggja fjárhæðunum á mánuði frá 14. janúar 1980 til greiðsludags.

Ákærði Bjarni Leifur greiði kostnað máls þessa að 2/3 hlutum, en hinir ákærðu 1/3 hluta in solidum. Auk þess greiði ákærði Bjarni Leifur kr. 80.000 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, og ákærði Sigurður kr. 60.000 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Föstudaginn 19. febrúar 1982.

Nr. 99/1979. **Hörður Jóhannsson**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Hafsteini Júlíussyni h/f
(Grétar Haraldsson hrl.).

Verksamningur. Skaðabótamál. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1979. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 16.338.40 krónur auk þessara ársvaxta: 6% frá 1. janúar 1975 til 31. desember s. á., 7% frá þeim degi til 30. apríl 1977, 9% frá þeim degi til 14. júlí s. á., 13% frá þeim degi til 20. nóvember s. á., 16% frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% frá þeim degi til 31. ágúst s. á., 27% frá þeim degi til 30. nóvember s. á., 31% frá þeim degi til 31. maí 1980, 35% frá þeim degi til 1. júní 1981 og 34% frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Enn fremur krefst hann þess, að úr gildi verði felld fjárnámsgerð 21. maí 1979 í bifreið hans, Y 1261. Til vara setur áfrýjandi fram þá kröfu, að honum verði dæmdar 7.408.40 krónur með vöxtum, eins og greinir í aðalkröfu, auk málskostnaðar svo og þess, að fjárnámsgerð sú, sem nefnd var, verði felld úr gildi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar svo og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð ný matsgerð, sem samin var að beiðni áfrýjanda, og verður hennar nánar getið hér á eftir. Þá var lagður fram í ljósriti reikningur frá stefnda til áfrýjanda, dagsettur 7. ágúst 1974. Er hann að fjárhæð 192.500 gkr., og er þeirrar fjárhæðar krafist fyrir að hafa

steypt gólf, „straujað og sladdað". Fram er komið, að dómsmál var höfðað 1974 til að innheimta þessa fjárhæð auk þeirrar upphæðar, sem stefnda var dæmd í aðalsök í héraði, en það mál var hafið 1977.

Áfrýjandi krefst bóta frá stefnda, í fyrsta lagi 2.588.40 nýkr. eftir mati Diðriks Helgasonar og Narfa Hjörleifssonar 22. febrúar 1975. Í héraðsdómi er lýst rökum aðilja varðandi þennan kröfulið og matinu. Þykir verða að sitja við niðurstöðu héraðsdóms um þennan kröfulið, enda var dómurinn skipaður byggingafróðum meðdómendum.

Í öðru lagi krefst áfrýjandi bóta úr hendi stefnda eftir matsgerðum sömu matsmanna og fyrr eru nefndir, 10. febrúar 1978 og 28. desember 1979. Fjárhæð þessa kröfuliðar er 13.750.00 nýkr.

Hinn 29. október 1979 ritaði lögmaður áfrýjanda borgardómara bréf og beiddist þess, að „matsmennirnir verði enn á ný dómkvaddir til þess að endurmeta umrætt gólf og boði þá til matsins matsbeiðandann, Hörð Jóhannsson . . . og matsþola, Hafstein Júlíusson . . .". Dómkvaðning fór fram, og hefur verið lögð fyrir Hæstarétt matsgerð, dagsett 28. desember 1979. Í henni segja þeir Diðrik Helgason og Narfi Hjörleifsson meðal annars:

„Þegar til skoðunarfundar kom, mættu auk matsmanna . . . matsbeiðandi, Hafsteinn Júlíusson múrarameistari, og Grétar Haraldsson hrl.

Síðan var skoðunarfundur settur . . . Spurðu matsmenn síðan, hvort gerð væri nokkur athugasemd við útnefningu matsmanna eða annað, og kvaddi þá lögmaður matsþola sér hljóðs og tjáði, að þar sem búið væri að dæma í þessu máli, þá mótmælti hann þessu mati og mundu þeir matsþoli og hann víkja frá fundi, sem og þeir gerðu. Matsbeiðandi óskaði eindregið eftir, að mat færi fram á þeim stöðum, er hann mundi vísa á, og lagði hann síðan fram grunnteikningu af hæðinni og merkti á hana með rauðum krossum þau gólf, er hann óskaði eftir, að metin yrðu, önnur gólf var þegar búið að lagfæra.

Matsmenn skoðuðu síðan gólfin, og breytti það í engu

skoðun þeirra á því, sem fram kemur í matsgjörð, dags. 1978—02—10, . . .

Það skal tekið fram, að matsmenn skoðuðu nú framan skráð gólf, og studdi það ákvörðun okkar í mati þessu.

Samkvæmt framanskráðu og því, sem að framan er lýst og fram kemur í matsbeiðninni, telja matsmenn eftir nána athugun hæfilegt mat á endurbótum nú á þeim hluta gólfanna, sem matsbeiðandi óskaði eftir, að yrðu tekin til endurmats, **kr. 482.000.-**, — fjögur hundruð áttatíu og tvö þúsund krónur 00/100 —, en það skal tekið fram, að gólf þau, er að framan greinir, voru að sjálfsögðu innifalin í mati okkar dags. 1978—02—10."

Fyrir Hæstarétti hefur því af hálfu áfrýjanda verið haldið fram, að við matsgerð 1979 hafi stefnda verið gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum. Matsmenn hafi ekki séð ástæðu til að breyta fyrri skoðun sinni og beri að leggja til grundvallar matið frá 1978, sem varðað hafi allt gólfið. Varakrafa áfrýjanda er byggð á þeirri fjárhæð, sem greind er í matinu 1979.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að matið 1978 sé eigi fremur en við uppsögu héraðsdóms hæft til að vera grundvöllur dóms um ágreining aðilja. Áfrýjandi hafi með matsbeiðninni 29. október 1979 beiðst þess, að hinir sömu matsmenn og fyrr verði dómkvaddir til að endurmeta fyrri gerðir. Þetta hafi verið óheimilt. Sé með öllu ósannað, að gallar, sem vera kunni á gólfinu, stafi af vinnubrögðum manna, sem stefndi beri ábyrgð á.

Telja verður, að heimilt hafi verið að beiðast þess, svo sem gert var, að matsmennirnir Diðrik Helgason og Narfi Hjörleifsson tækju matsstörf sín upp að nýju og kveddu málsaðilja til að gæta hagsmuna sinna, svo sem þeir gerðu. Er nú fram komið, að þeir eru eftir það enn þeirrar skoðunar, að verkið, sem lýst er í héraðsdómi, hafi ekki verið unnið á réttan hátt eða eftir fyrirmælum framleiðanda þess styrkingarefnis, sem notað var. Telja þeir, að efnið hafi verið borið á of þurrt yfirborð.

Leggja verður þessa niðurstöðu matsmanna til grundvall-

ar dómi svo og byggja á því, að þessi galli hafi verið á öllu gólfinu, svo sem fram kom í matsgerðinni frá 1978. Verður stefnda því gert að greiða áfrýjanda þennan lið kröfu hans, 13.750.00 nýkr. Frá þessari fjárhæð ber að draga 6.047.84 ÷ 2.000.00 = 4.047.84 krónur, svo sem í héraðsdómi er vikið að. Er þessi fjárhæð ágreiningslaus.

Samkvæmt þessu verður stefnda gert að greiða áfrýjanda 13.750.00 ÷ 4.047.84 = 9.702.16 nýkr.

Samkvæmt málflutningi aðilja taka vaxtakröfur þeirra hvors um sig einungis til fjárhæða, sem ekki koma til skuldajafnaðar. Vaxtakrafa áfrýjanda hefur sætt þeim andmælum, að stefndi krefst, að vextir af fé, sem honum kunni að verða gert að greiða, verði taldir frá 10. febrúar 1978, en ekki 1. janúar 1975, eins og áfrýjandi krefst. Verður á það fallist og vextir af hinni dæmdu fjárhæð reiknaðir frá nefndum degi, en að öðru leyti í samræmi við kröfu áfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 7.000.00 krónur í málskostnað samtals fyrir báðum dómum.

Hina áfrýjuðu fjárnámsgerð ber eftir framanskráðum úrslitum um fjárkröfur aðilja að fella úr gildi.

Dómsorð:

Stefndi, Hafsteinn Júlíusson h/f, greiði áfrýjanda, Herði Jóhannssyni, 9.702.16 krónur með 16% ársvöxtum frá 10. febrúar 1978 til 21. s. m., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981 og 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði stefndi áfrýjanda 7.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. apríl 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. fyrri mánaðar, hefur Hafsteinn Júlíusson h/f, Kastalagerði 1, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. janúar 1978, á hendur Herði Jóhannssyni, Kastalagerði 8, Kópavogi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 604.784 ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 24. september 1974 til 21. mars 1976, 2.5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en 3% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 200.000, og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Í aðalsök krefst gagnstefnandi þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda, en til vara, að kröfum hans verði skuldajafnað við kröfur gagnstefnanda í gagnsök.

Með stefnu, birtri 9. maí 1978, höfðaði Hörður Jóhannsson gagnsök í máli þessu á hendur aðalstefnanda, Hafsteini Júlíussyni h/f, og gerði þær kröfur, að hann yrði dæmdur til að greiða gagnstefnanda kr. 1.633.840 auk hæstu lögleyfðra vaxta frá 24. september 1974 til greiðsludags og málskostnað, þar með talinn matskostnað. Gagnstefnandi hefur uppi kröfur þessar til skuldajafnaðar við kröfur aðalstefnanda í aðalsök og til sjálfstæðs dóms, sbr. 49. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Í gagnsök hefur aðalstefnandi gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og honum verði gert að greiða aðalstefnanda málskostnað að mati dómsins. Til vara krefst aðalstefnandi þess, að kröfur gagnstefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður verði látinn niður falla. Vaxtakröfu gagnstefnanda mótmælir aðalstefnandi sérstaklega.

Leitast hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

AÐALSÖK.

Helstu málavextir eru þeir, að á árunum 1973 til 1974 stóð gagnstefnandi, Hörður Jóhannsson, í húsbyggingu að Iðufelli 12, Reykjavík. Er hér um verslunarhúsnæði að ræða. Aðalstefnandi, Hafsteinn Júlíusson h/f, tók að sér múrverk við húsið, og var múrarameistari við þá byggingu Hafsteinn Júlíusson múrarameistari, stjórnarformaður aðalstefnanda.

Hin umstefnda skuld í aðalsök er vegna vinnu aðalstefnanda við innihúðun að Iðufelli 12 síðla sumars 1974 í þágu gagnstefnanda. Samkvæmt mælingu Múrarafélags Reykjavíkur, dag-

settri 20. september 1974, nam mælingarfjárhæðin fyrir múrverkið kr. 464.137, fyrir handlang kr. 94.275, launagjöld kr. 36.908 og þóknun kr. 9.464, eða samtals kr. 604.784. Frá þessari fjárhæð hefur aðalstefnandi dregið kr. 200.000, sem gagnstefnandi hefur greitt aðalstefnanda upp í þessa kröfu.

Við munnlegan flutning málsins viðurkenndi lögmaður gagnstefnanda eftirstöðvar þessarar kröfu, kr. 404.784, en andmælti vaxtakröfu aðalstefnanda sem of hárri og taldi, að einungis bæri að dæma venjulega vexti af kröfunni. Þessi mótmæli af hálfu gagnstefnanda eru eigi tekin til greina, sbr. vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands samkvæmt 13. gr. laga nr. 10/1961, 5. tl. í auglýsingum, er birtust í Lögbirtingablaði 15. júlí 1974, 28. september 1976 og 20. júlí 1977.

Úrslit aðalsakar verða því þau, að gagnstefnanda er gert að greiða aðalstefnanda kr. 604.784 ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 24. september 1974 til 20. nóvember 1976, 2.5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1977 og 3% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 200.000.

Eftir þessum málalokum í aðalsök verður gagnstefnanda gert að greiða aðalstefnanda kr. 145.000 í málskostnað.

UM GAGNSÖK.

Þegar kom að því að leggja niður steypu í gólf framangreinds verslunarhúss, hafði gagnstefnandi samband við Hafstein Júlíusson múrarameistara og bað hann um að annast verkið. Hafsteinn Júlíusson kvaðst þá ekki geta farið í verkið, þar sem hann hefði eigi mannskap til þess. Gagnstefnandi sagðist þá geta skaffað menn og mun hafa útvegað 4 til 5 verkamenn gegnum fyrirtækið Breiðholt h/f. Hafsteinn Júlíusson mun þá hafa bent gagnstefnanda á að tala við Sigurð Hannesson múrarameistara og inna hann eftir því, hvort hann gæti tekið að sér að leggja niður steypuna og pússa gólfið. Sigurður þessi hafði oftsinnis áður unnið sem undirverktaki hjá aðalstefnanda við slík störf og hafði yfir að ráða sérstakri vél til þess að pússa með gólf. Gagnstefnandi hafði nú samband við Sigurð Hannesson og fór þess á leit við hann, að hann tæki að sér verk þetta. Féllst Sigurður á það.

Gagnstefnandi fékk nú tæknifræðing á vegum fyrirtækisins Breiðholts h/f, að nafni Sigurður Atli Gunnarsson, til þess að sjá um að setja út sérstaka hæðarpunkta, sem gólfhæðin er síðan miðuð við. Sigurður Atli Gunnarsson kom á staðinn með

hallamælitæki til að annast verk þetta. Sigurður Hannesson múrarameistari og gagnstefnandi voru þá fyrir á staðnum. Sigurður Hannesson benti mælingamanninum á ákveðinn hæðarpunkt úti við þröskuld, sem hann mælir síðan aðra hæðarpunkta út frá. Sigurður Atli Gunnarsson hefur borið hér fyrir dómi, að hann hafi enga teikningu séð til framkvæmdar þessu verki og hafi hann sett út hæðarpunktana í láréttum fleti. Á hæðarpunkta þessa eru síðan lögð rör, og eftir þeim rörum er gólfsteypan jöfnuð og vélpússuð.

Daginn, sem steypan var lögð niður, var gagnstefnandi viðstaddur og aðstoðaði við að flytja steypuna á þá staði á gólfinu, er Sigurður Hannesson mælti fyrir um. Gagnstefnandi hafði auk þess útvegað 4 til 5 menn til þess að flytja til steypuna, svo sem fyrr er getið. Hafsteinn Júlíusson múrarameistari kom á staðinn, meðan verið var að vinna verkið, en hvarf aftur af vettvangi. Sigurður Hannesson pússaði gólfið með framangreindri pússningavél og sá auk þess um að strá sérstöku efni á yfirborð steypunnar. Efni þetta kallast Thoroset og er ætlað að herða yfirborð gólfsins og gera það slitþolnara. Eftir að efni þessu hefur verið stráð í steypuna, er pússað yfir gólfið með vélinni.

Mikið af lagnarörum stóð upp úr gólfplötunni, þegar starf þetta var unnið, og var það til baga við vélpússninguna. Sigurður Hannesson kveðst hafa rætt þetta við gagnstefnanda og viljað hleypa rörum þessum niður fyrir yfirborð pússningarflatarins, en gagnstefnandi hafi gert lítið úr þessu og bent á, að sumt af þessum rörum mundi lenda undir kæliborðum. Sigurður Hannesson kveður gagnstefnanda hafa bent á það, hvar niðurföll ættu að vera í gólfinu, og muni þau hafa verið sett þar samkvæmt hans fyrirsögn. Þessu mótmælir gagnstefnandi. Sigurður Hannesson kvaðst engar teikningar hafa séð af gólfinu við framkvæmd verks þessa. Sigurður Hannesson kvað menn mjög oft vilja hafa niðurföll sem öryggisventla í húsum, án þess að vatnshalli væri að þeim, enda sé slíkur vatnshalli mjög óhentugur, a. m. k. í verslunarhúsnæði.

Eftir að verki þessu var lokið, varð gagnstefnandi óánægður með það og taldi á því galla. Með matsbeiðni til borgardómara í Reykjavík, dags. 20. nóvember 1974, var af hálfu gagnstefnanda beiðst dómkvaðningar tveggja hæfra og óvilhallra manna til þess að skoða nánar tilgreinda galla á gólfinu svo og aðra galla, sem skoðun matsmanna kynni að gefa tilefni til, og meta til verðs kostnað við úrbætur.

Á bæjarþingi sama dag voru þeir Diðrik Helgason múrarameistari og Narfi Hjörleifsson tæknifræðingur dómkvaddir til þess að framkvæma hina umbeðnu matsgerð. Matsgerð hinna dómkvöddu manna er dagsett 22. febrúar 1975. Í matsgerðinni kemur fram, að matsmenn hafa farið á vettvang 28. nóvember 1974, 15. desember 1974 og 31. janúar 1975. Í niðurlagi matsgerðar segir svo:

„Föstudaginn þann 31. jan. 1975 að kvöldi fóru matsmenn til hallamælinga á framangreindum gólfum, og voru þau mæld með réttskeið og hallamáli, kom þá í ljós eftirfarandi:

1. Rými merkt „Aðgerð" við fiskbúð á samkvæmt teikningu frá Verkfræðistofunni Skipholti 35 að vera gólfniðurfall (G.N.), staðsett sem næst miðju gólfi, en það var ekki til, en aftur á móti var niðurfall frá þvottakerum (Þ.K.) staðsett sem næst réttum stað. Telja því matsmenn, að það þurfi að höggva upp gólfið og komast í samband við frárennsli og síðan að höggva upp allan gólfflötinn og leggja múrhúðun á gólfið með halla að niðurfalli. Verður þetta gólf því tekið í mat. Stærð gólfs 14,86 m^2.
2. Rými merkt „vörumóttaka". Þetta gólf verður reiknað til þvotta, og er halli nægur að niðurfalli nema á hluta gólfs, sem er um 4,5 m^2 svæði, það þarf að höggva upp og leggja múrhúðun að nýju á þennan hluta til þess að gólfið hreinsi sig af vatni, og verður það tekið í mat. Stærð gólfs 24,80 m^2.
3. Rými merkt „Kjötvinnsla" er gólf mjög misjafnt og hallar að hluta frá niðurfalli, leggja því matsmenn til, að gólf þetta verði höggvið upp og lagt í það með sterkri múrblöndu, með viðloðunarefni í blöndunni, síðan verði sett á gólfið Epoxy lakk. Gólf þetta verður því tekið í mat. Stærð gólfs 34,55 m^2.
4. Gólf í rými merkt „Mjólk og mjólkurvörur" er sýnt niðurfall (G.N.), og er halli að niðurfalli nægur, til þess, að vatn situr ekki á gólfinu, en aðeins misfella við dyr út í vörumóttöku, sem matsmenn telja ekki ástæðu til að taka í mat. Stærð gólfs 14,96 m^2.

Eðlilegt frávik á gólfum, sem slípuð eru úr steypu með vél og ætluð eru til þvotta, teljum við ± 0,5 cm á 4 metr., þetta á við, ef allur undirbúningur og öll vinna sé unnin með fyllstu nákvæmni, en gólf, sem ætluð eru sem afrennslisgólf, teljum við algert lágmarks halla 0,5 cm. pr. m., og verður gengið út frá þessu við matsgjörð þessa.

Önnur gólf verða því ekki tekin í mat. Innifalið í mati þessu er efni og vinna o. fl.

Samkvæmt framanskráðu og eftir nána athugun teljum við hæfilegt mat á framantöldu kr. 258.840.00 — tvö hundruð fimmtíu og átta þúsund átta hundruð og fjörutíu 00/100 —."

Í matsgerð þessari kemur fram, að matsmenn slepptu úr mati sínu þeim matsþætti, er laut að efni því, er blandað var saman við steypuna til þess að auka slitþol yfirborðs gólfsins, þar eð matsbeiðanda, Herði Jóhannssyni, hafði eigi tekist að veita þeim fræðilegar upplýsingar um þetta efni.

Með bréfi til borgardómara í Reykjavík beiddist gagnstefnandi, Hörður Jóhannsson, þess því á ný, að hinir dómkvöddu matsmenn skoðuðu umrætt gólf og létu uppi rökstutt álit um galla þá, sem gólfið væri haldið af völdum rangrar meðhöndlunar á gólfefni því, sem notað var til þess að auka slitþol gólfsins, og enn fremur kostnað við úrbætur, sé unnt að bæta úr göllum.

Hinn 23. september 1977 voru framangreindir matsmenn dómkvaddir til þess að framkvæma hið umbeðna mat.

Síðari matsgerð hinna dómkvöddu manna er dagsett 10. febrúar 1978. Í þeirri matsgerð segir m. a. svo:

„Hinn 23. september 1977 hafði matsbeiðandi samband við undirritaða matsmenn og óskaði eftir því við þá, að þá samdægurs færi fram skoðun á umræddum gólfum.

Matsmenn urðu við þessari ósk og mættu um kl. 1700 þann sama dag að Iðufelli 12.

Þar var til staðar Hörður Jóhannsson, eigandi verslunarhúsnæðisins, og afhenti hann matsmönnum öll nauðsynleg gögn, er varða gólfefni það, sem blandað var í steypuyfirborð gólfsins, ásamt afriti af reikningum yfir þau efniskaup.

Matsmenn skoðuðu síðan gólfin. Samkvæmt upplýsingum Harðar Jóhannssonar og meðfylgjandi gögnum yfir íblöndunarefnið er viðkomandi efni keypt hjá Steinprýði h/f.

Efni þetta, sem er framleitt í Bandaríkjunum undir merkinu „The Thoro System" og nefnist „Thoroset Non — Metallic floor hardener", er ætlað til íblöndunar í steypuyfirborð til aukinnar hörku og aukins slitþols á yfirborðinu. Einnig eru notuð litarefni saman við hersluefnið til þess að gefa yfirborðinu jafna litaráferð. Litar- og hersluefnin eiga, ef rétt er að farið, að ganga 1—2 mm niður í yfirborðið og krefst vandvirkni í framkvæmd. Við skoðun á 6 ára gömlu gólfi, þar sem mikið mæðir á yfirborði af þungri umferð, teljum við, að raunhæfur samanburður

hafi fengist á því, hvernig gólf með þessu efni eiga að líta út, ef þau eru rétt framkvæmd.

Þar sem litarefni á gólfi því, sem umrætt mat nær yfir, slitnaði mjög fljótlega af undan gangandi umferð, verðum við að telja fullvíst, að verkið hafi ekki verið unnið á réttan hátt, eða skv. fyrirmælum framleiðanda.

Ætla má, að efnið hafi verið borið á of þurrt yfirborð, svo að það hafi ekki náð að ganga hæfilega djúpt niður í steypuyfirborðið. Skv. meðf. reikningi yfir efniskaup mun notkun efnisins hafa verið um 4,4 lbs/m^2, en framleiðendur telja hæfilega notkun um 5—6 lbs/m^2, miðað við meðalþunga umferð.

Þar sem ógerningur er að endurvinna yfirborð gólfsins með steypuherði, leggjum við til, að endurbætur verði gerðar með því að leggja á gólfin slitsterkt gólfefni, t. d. Gólftex (eða annað tilsvarandi).

Samkvæmt framanskráðu og því, sem að framan er lýst og fram kemur í matsbeiðninni, telja matsmenn eftir nána athugun, hæfilegt mat á endurbótum, sem hér segir: Kr. 1.375.000.- — ein milljón, þrjú hundruð sjötíu og fimm þúsund krónur 00/100 —."

Matsmenn hafa komið fyrir dóminn út af báðum matsgerðunum og staðfest þær og svarað ýmsum spurningum.

Þá hafa aðiljar og Sigurður Hannesson einnig komið fyrir dóminn og verið spurðir í þaula.

Gagnstefnandi sundurliðar kröfur sínar í gagnsök þannig:

Skaðabætur samkvæmt matsgerð, dagsettri 22. febrúar 1975	kr. 258.840
Skaðabætur samkvæmt matsgerð, dagsettri 10. febrúar 1978	kr. 1.375.000
Samtals	kr. 1.633.840

Gagnstefnandi telur skaðabótaskyldu aðalstefnanda hvíla á húsbóndaábyrgð þeirri, sem fyrirtækið Hafsteinn Júlíusson h/f hljóti að bera á verkum starfsmanna sinna, einkum Hafsteins Júlíussonar múrarameistara, sem hafi verið skráður múrarameistari að húsinu og hlotið að bera skyldu til að hafa alla yfirumsjón með því múrverki, sem fram hafi farið. Þetta hafi brugðist og því sé hlutafélagið skaðabótaskylt gagnvart gagnstefnanda, enda hafi hann við verk þetta einungis komið fram sem verkamaður ásamt þeim 4—5 mönnum, er hann útvegaði til steypuvinnunnar. Enn fremur benti lögmaður gagnstefnanda á

það við hinn munnlega flutning málsins, að Sigurður Hannesson, sá er séð hafi um vélslípun gólfsins og ílögn, hafi verið múrarameistari, sérfróður um vélslípun. Hafi hann unnið á ábyrgð múrarameistarans, Hafsteins Júlíussonar. Þá sé og á það að líta, að teikningar hafi legið fyrir. Hafi ekki verið farið eftir þeim, þá sé það einnig á ábyrgð múrarameistarans, Hafsteins Júlíussonar.

Aðalstefnandi byggir sýknukröfur sínar á því, að ósannað sé, að hann beri ábyrgð á þeim göllum, er gagnstefnandi telji vera á verki því, sem hann krefst skaðabóta fyrir. Hafsteinn Júlíusson hafi ekki getað unnið verkið, er gagnstefnandi hafi óskað. Gagnstefnandi hafi því sjálfur útvegað menn til þess að vinna þau verk, er hann telur gölluð. Ábyrgð á verkinu hafi því flust af aðalstefnanda yfir á gagnstefnanda sjálfan. Gagnstefnandi hafi verið viðstaddur vinnuna, en Hafsteinn Júlíusson eigi unnið verkið. Hafi gagnstefnandi viljað láta vinna verkið undir stjórn Hafsteins Júlíussonar, hefði hann ekki átt að hefjast handa, fyrr en Hafsteinn gæti sinnt því.

Varðandi kröfur, byggðar á fyrri matsgerðum, tekur aðalstefnandi fram, að ekkert liggi frammi og ekkert sé sannað um það, að þau gögn, sem matsgerðin sé byggð á, hafi legið frammi, þegar verkið var unnið.

Þá mótmælir aðalstefnandi sérstaklega bótakröfum gagnstefnanda, byggðum á síðari matsgerðinni. Kvartanir vegna þeirra galla hafi aldrei borist aðalstefnanda. Allri bótaskyldu vegna þeirra er því mótmælt af hálfu aðalstefnanda. Þá bendir aðalstefnandi á, að hann hafi ekki ákveðið það efni, sem unnið var úr, og ekki hafi hann heldur stjórnað íblöndun efnisins. Framkvæmd matsgerðarinnar er og sérstaklega mótmælt. Allt gerist sama daginn. Matsbeiðni sé skrifuð, matsmenn dómkvaddir, skoðun framkvæmd, allt án þess að aðalstefnanda sé tilkynnt um þetta. Þessi matsgerð sé því aðalstefnanda óviðkomandi.

Samkvæmt þessu telur aðalstefnandi, að gagnstefnandi hafi ekki sýnt fram á neina sök varðandi verk það, sem hann krefst skaðabóta fyrir. Upplýst sé, að gagnstefnandi hafi sjálfur ráðið framkvæmd verksins, ráðið mælingamann, er tók hæðarpunkta gólfsins, og sjálfur unnið að verkinu ásamt mönnum, er hann hafi skaffað. Gagnstefnandi hafi sjálfur ráðið, hvaða efni hafi verið notuð til íblöndunar. Verði hann því sjálfur að bera tjón sitt.

NIÐURSTAÐA GAGNSAKAR.

Gagnstefnandi útvegaði sjálfur tæknifræðing til þess að mæla hæðarpunkta gólfsins fyrir gólfsteypuna. Tæknifræðingur þessi fékk enga teikningu í hendur til framkvæmdar á verki þessu, og ekkert er fram komið, er bendir til annars en að honum hafi verið ætlað að taka gólfið lárétt. Samkvæmt þessum hæðarpunktum var steypan síðan lögð í gólfið að gagnstefnanda viðstöddum, án þess að hann gerði athugasemdir eða minntist á vatnshalla að niðurföllum. Sigurður Hannesson hefur borið, að hann hafi engar teikningar fengið um það, hvernig ætti að leggja í gólfið, og teikningar þær, er lagðar hafa verið fram í þessu máli, sýna enga hæðarkvóta gagnvart niðurföllum. Þegar þetta er haft í huga svo og það, að ekki er það sjálfgefið, að vatnshalli eigi ævinlega að vera að niðurfalli, getur dómurinn ekki fallist á það, að aðalstefnandi beri fjárhagslega ábyrgð á þeim lagfæringum, sem gert er ráð fyrir á gólfinu samkvæmt mati hinna dómkvöddu manna frá 22. febrúar 1975.

Hvað viðvíkur síðari matsgerðinni, sem dagsett er 10. febrúar 1978, þá er ósannað gegn andmælum af hálfu aðalstefnanda, að honum hafi verið gefinn kostur á að mæta á skoðunarfundi hinn 23. september 1977 til þess að gæta hagsmuna sinna við matið. Að svo vöxnu máli er eigi unnt að byggja dóm í máli þessu á þessari matsgerð. Er því kröfu gagnstefnanda á hendur aðalstefnanda, reistri á matsgerð þessari, einnig hrundið.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í gagnsök.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Gunnari Torfasyni verkfræðingi og dr. Ragnari Ingimarssyni prófessor.

Dómsorð:

Gagnstefnandi, Hörður Jóhannsson, greiði aðalstefnanda, Hafsteini Júlíussyni h/f, kr. 604.784 ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 24. september 1974 til 20. nóvember 1976, 2.5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en 3% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 200.000. Gagnstefnandi greiði aðalstefnanda kr. 145.000 í málskostnað í aðalsök.

Aðalstefnandi á að vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök, en málskostnaður fellur niður í gagnsök.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Kópavogs 21. maí 1979.

Ár 1979, mánudaginn 21. maí, var fógetaréttur Kópavogs settur að Kastalagerði 8 og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta, Sigríði Ingvarsdóttur, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið Hafsteinn Júlíusson h/f gegn Herði Jóhannssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dómsendurrit með áritun um birtingu. Skjölin fylgja.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Grétar Haraldsson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 404.784 með 2% mánaðarvöxtum frá 24. sept. 1974 til 20. nóvember 1976, 2.5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en 3% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 8.100 í birtingar- og endurritskostnað, kr. 145.000 í málskostnað, kr. 9.000 fyrir ritun fjárnámsbeiðni, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola.

Gerðarþoli býr hér og er mættur. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, bifreiðinni Y 1261, af tegundinni Fiat 127 special, rauðri að lit, árg. 1976.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Þriðjudaginn 23. febrúar 1982.

Nr. 130/1979. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Halldóri Þ. Briem
og gagnsök.
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Frelsisskerðing. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júlí 1979. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara krefst aðaláfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu, að fengnu áfrýjunarleyfi, útg. 20. september 1979, með stefnu 26. september 1979. Hinn 1. febrúar 1980 féll þingsókn niður af hans hálfu. Gagnáfrýjaði hann málinu að nýju með stefnu 26. febrúar 1980 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Dómkröfur gagnáfrýjanda eru þær, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða honum kr. 4.000.00 ásamt 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1976 til 21. nóvember 1977, en 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu hefur ríkissaksóknara verið stefnt til réttargæslu f. h. ríkissjóðs. Rétt var að stefna ríkissaksóknara til fyrirsvars f. h. ríkissjóðs, sbr. 3. tölulið 154. gr. laga nr. 74/1974. Ekki þykir þó ástæða til frávísunar málsins frá héraðsdómi, eins og máli er háttað.

Frelsisskerðing sú, er gagnáfrýjandi sætti og lýst er í héraðsdómi, stóð lengur en efni voru til. Þykir gagnáfrýjandi eiga rétt til nokkurrar fébótagreiðslu af þessum sökum samkvæmt 151. gr., sbr. 154. gr. laga nr. 74/1974. Þykja bæturnar hæfilega ákveðnar í hinum áfrýjaða dómi, þ. e. nú 600.00 nýkrónur.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, þ. e. 960.00 nýkrónur.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda, 3.000.00 nýkrónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um, að stefna hefði átt ríkissaksóknara til fyrirsvars fyrir ríkisvaldið í máli þessu, sbr. 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974, en ekki sé alveg næg ástæða til að vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi, þó að þessa væri ekki gætt og ríkissaksóknara einungis stefnt til réttargæslu.

Ég tel, að fallast beri á það með héraðsdómara, að lögreglumönnum hafi verið rétt að fjarlægja gagnáfrýjanda frá Mávahlíð 37 og flytja hann á lögreglustöð og taka þar skýrslur af honum sjálfum og Soffíu Jónsdóttur.

Soffía gaf skýrslu fyrir lögreglu kl. 1330 sama dag, en gagnáfrýjandi sjálfur kl. 1700. Í lok þeirrar skýrslugjafar játaðist gagnáfrýjandi undir að láta Soffíu í friði framvegis

og ónáða hana hvorki með símhringingum né heimsóknum. Verður ekki talið sannað, að gagnáfrýjanda hafi verið haldið lengur handteknum en réttmætt var, svo sem öllum atvikum var háttað. Tel ég samkvæmt því, að skilyrði bresti til að dæma gagnáfrýjanda fébætur úr hendi aðaláfrýjanda samkvæmt ákvæðum 151. gr., sbr. 150. gr., laga nr. 74/1974. Beri því að sýkna hann af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en eftir atvikum sé rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um laun talsmanns gagnáfrýjanda, er greiða beri úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. maí 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 15. maí sl., höfðaði Halldór Þ. Briem, Hverfisgötu 91, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 13. mars 1979, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 400.000 ásamt 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu svo og til réttargæslu ríkissaksóknara.

Stefndu hafa krafist sýknu af kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á stefnukröfu og niðurfellingar málskostnaðar.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Í lögregluskýrslu á dskj. 3 kemur fram, að fimmtudaginn 1. apríl 1976 hafi verið hringt á lögreglustöðina í Reykjavík frá Mávahlíð 37 og óskað eftir aðstoð lögreglunnar vegna tveggja manna, er þar voru utan dyra. Þá er lögreglumenn komu á vettvang, voru tveir menn á tröppum hússins að Mávahlíð 37, og var annar þeirra stefnandi málsins. Hann sagði aðspurður, að þeir væru að leita að syni hans, sem væri sennilega eða hefði verið í þessu húsi eina nótt á síðastliðnu ári eða einhvern tíma

í september og Helgi Daníelsson rannsóknarlögreglumaður væri með mál fyrir sig út af þessu. Í lögregluskýrslunni segir, að ekki hafi verið hægt að fá neitt samhengi í framburð stefnanda á þessu stigi og hafi lögreglan tekið mennina með þeirra samþykki og fært þá út í lögreglubifreiðina. Síðan hafi lögreglumaðurinn farið og haft tal af konu, sem stefnandi hafi sagst hafa verið að reyna að hafa samband við. Konan hafi opnað, strax er hún hafi séð lögregluna taka mennina, og hafi konan verið mjög miður sín og síðan fallið í grát. Eftir að konan hafði jafnað sig, hafi hún skýrt frá nafni sínu og síðan hafi hún skýrt svo frá, að maður þessi hefði ofsótt sig undanfarið og hefði hann komið og hringt dyrabjöllunni í sífellu núna áðan og í gær hefði hann komið tvisvar og einu sinni í fyrradag. Í öll skiptin hafi hún hringt á lögregluna, en honum hefði alltaf tekist að hlaupa í burtu og fela sig þangað til núna. Forsaga þessa máls væri sú, að í fyrra, eða fyrir u. þ. b. ári síðan, hefði hún hjálpað vangefnum dreng, sem hefði verið á flækingi við hús hennar. Hafi drengur þessi verið illa til reika, m. a. hafi föt hans verið blaut og hafi hann verið búinn að pissa í buxurnar og honum verið mjög kalt. Konan kvaðst hafa tekið drenginn inn og hlúð að honum og gefið honum að borða, en hann hafi verið mjög svangur. Síðan kvaðst konan hafa gert ráðstafanir til þess að láta vita um hann og þá haft samband við skólastjóra Höfðaskóla. Hann hafi bent henni á að hafa samband við lögregluna og hafi hún gert það. Lögreglan hafi síðan komið og tekið drenginn og komið honum fyrir á barnaheimilinu á Dalbraut. Eftir þetta kvaðst konan ekki hafa séð þennan dreng eða neitt vitað um hann frekar. Hins vegar hafi faðir hans, Halldór Þ. Briem, ekki linnt símahringingum til sín og upp á síðkastið hafi hann vanið komur sínar til sín. Konan kvaðst hafa talað við hann í síma og hafi hann þá ekki verið að tala um drenginn, heldur ruglað um hitt og annað og hafi sér ekki virst hann eðlilegur. Hún kvaðst óttast hann mjög nú orðið.

Í lögregluskýrslunni kemur fram, að með stefnanda hafi verið Karl Eiríksson, til heimilis að Rauðalæk 3, og að Soffía hafi sagt, að maður þessi hefði alltaf verið með Halldóri, er hann kom. Konan kvaðst aldrei hafa látið Halldór sjá sig, aðeins talað við hann um síma eða dyrasíma hússins.

Jafnframt segir í lögregluskýrslunni, að þeir stefnandi og Karl hafi verið færðir á lögreglustöðina fyrir aðalvarðstjóra,

Magnús G. Magnússon, og að boði hans hafi Karli verið leyft að fara, en stefnandi hafi verið fluttur til Gísla Guðmundssonar rannsóknarlögreglumanns, sem muni hafa með þetta mál að gera.

Fram kom hjá stefnanda, þá er hann var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa, að hann hefði einu sinni hringt til Soffíu Jónsdóttur að Mávahlíð 37 og fjórum sinnum farið þangað, þar af þrisvar með Karli, það mun vera Carl Eiríksson. Stefnandi kvaðst ekki minnast þess að hafa farið þangað einn. Síðar kvaðst hann hafa farið einn þangað 29. mars 1976 til þess að spyrja um son sinn. En síðar kvaðst stefnandi ekki muna til þess að hafa farið þangað einn, en tók fram, að hann muni hafa farið þangað 4 eða 5 sinnum. Stefnandi kvaðst ekki þekkja Soffíu Jónsdóttur, aldrei hafa séð hana. Aðspurður um það, hvaða ástæðu stefnandi hafi til þess að ætla, að Soffía Jónsdóttir lokkaði til sín son stefnanda, svaraði stefnandi, að hann vissi ekki, hvaða ástæðu hún hefði, nema hún teldi, að hún hefði einhvern hag af því gagnvart félagsmálastofnuninni eða Reykjavíkurborg. Síðar svaraði hann á þá leið, „ekki nema þá að ég kæmist í vandræði með hann og að hann yrði tekinn af mér, vegna þess að ég vissi ekki, hvar hann væri." Stefnandi sagði, að Soffía þekkti konu, sem stefnandi var giftur, þessi kona sé ekki móðir sonar stefnanda, en henni hafi ekkert verið um drenginn gefið. Stefnandi kvaðst halda, að sonur sinn hefði nokkrum sinnum verið hjá Soffíu, þegar stefnanda vantaði son sinn, enda hafi Soffía viðurkennt fyrir Magnúsi Magnússyni lögregluvarðstjóra, að drengurinn hafi verið hjá sér stundum. Þetta hafi Magnús Magnússon lögregluvarðstjóri sagt við Carl J. Eiríksson 1. apríl 1976 og sé það til á hljóðritun.

Stefnandi kvaðst hafa verið í einangrunarklefa eitthvað á annan klukkutíma og hafi sér liðið þar mjög illa og verið með köfnunartilfinningu, innilokunarkennd og flökurleika og liðið alveg óskaplega illa, enda hafi hann aldrei verið lokaður inni áður. Síðan hafi stefnandi verið færður yfir í almenningsklefa, þar sem voru gluggar og hurðin látin standa opin. Stefnandi kvaðst ekki hafa sýnt neinn mótþróa niður á lögreglustöð.

Fram kom hjá stefnanda, að það hefði ekki síst valdið því, hve illa honum leið, þá er hann sat inni, að hann hafi ekki getað hringt neitt vegna drengsins, þegar hann kæmi úr skólabíl á Hlemmi, en drengurinn hafi komið á þeim tíma, sem stefnandi sat inni. Stefnandi hafi ekki verið leiddur fyrir neinn dómara.

Lögregluþjónarnir Magnús Ásgeirsson og Sveinn Hafberg (mun eiga að vera Hafdal samkvæmt upplýsingum stefnanda) hafi farið með stefnanda í fangaklefa.

Carl Eiríksson verkfræðingur var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa. Fam kom hjá Carli, að hann og stefnandi hefðu verið saman 1. apríl 1976 og hafi Carl farið með stefnanda sem vitni til þess að vera áheyrandi að samtali milli stefnanda og Soffíu Jónsdóttur af gefnu tilefni. Tilefni hafi verið það, að stefnandi hafi sagt sér, að þegar drengurinn hans hafi týnst nokkrum dögum áður, þá hafi hann farið til Soffíu til að grennslast fyrir um, hvort drengurinn væri þar, vegna þess, að drengurinn hefði stundum komið þangað og þá hafi stefnandi sagt sér, að Soffía hefði sagt við stefnanda, að hún ætlaði ekki að senda drenginn strax heim, ef hann kæmi til hennar, og ekki láta hann vita af því, að drengurinn hefði komið. Tilefnið hafi verið það að vita, hvort hún endurtæki þessi orð, og þá að hafa vitni að þeim orðum og jafnframt að taka þau upp á hljóðritun. Carl Eiríksson sagði, að til væri hljóðritun af öllu, sem fram fór 1. apríl, frá því að Soffía kom fyrst í dyrasímann, öllu, sem Soffía talaði, öllu, sem stefnandi talaði, og þegar lögreglan kom, öllu, sem lögreglan talaði við þá stefnanda, og því, sem þeir stefnandi tali við lögregluna, því, sem gerðist, eftir að þeir fóru inn í lögreglubílinn, því, sem talað var í lögreglubílnum á leið niður á stöð, og því, sem talað var inni hjá varðstjóra niðri á lögreglustöð, það sé allt á segulbandi.

Carl Eiríksson kvaðst ekki þekkja Soffíu Jónsdóttur, aldrei hafa séð hana. Carl var spurður að því, hvort hann vissi til, að sonur stefnanda hefði dvalið hjá Soffíu, og svaraði Carl því til, að hann hefði heyrt drenginn sjálfan segja frá því, að hann hafi verið hjá henni. Stefnandi hafi sagt sér það, að drengurinn hafi sagt frá því oft, að hann hefði verið hjá henni, þegar hann hefði týnst. Og það, sem meira sé, að á þessu umrædda segulbandi komi fram fullyrðingar Magnúsar Magnússonar varðstjóra, þar sem hann segir sjálfur inn á segulbandið, að Soffía hafi stundum tekið drenginn inn til sín. Vitnið Carl var spurður um, hvort hann vissi um einhverjar ástæður, sem Soffía Jónsdóttir ætti að hafa til þess að reyna að lokka son stefnanda til sín, og svaraði hann því til, að fyrrverandi kona stefnanda, Margrét Marinósdóttir, væri, að því er hann best vissi, kunningjakona Soffíu og dóttir Margrétar hafi verið og væri jafnvel enn skráð til heimilis í sama húsi og Soffía og þær þá trúlega vin-

konur líka, Soffía og dóttir Margrétar. Carl kvaðst líka halda, að Soffía væri vinkona Giesellu, sem reki fjölskylduheimili fyrir barnaverndarnefnd Reykjavíkur að Ásvallagötu eða hafi gert, og allt þetta samband þarna, það veki sterkar grunsemdir hjá vitninu um það, að Soffía kunni að hafa verið að vinna fyrir barnaverndarnefnd Reykjavíkur á laun að því að láta fram koma skýrslur um Sturlu Briem, þar sem komi fram, að hann sé að týnast og hann finnist ekki og svo framvegis. Skýrsla, sem barnaverndarnefnd Reykjavíkur gæti notað síðar, m. a. til þess að taka drenginn frá stefnanda. Móðir barnsins hafi greinilega haft áhuga á því, að barnið yrði tekið frá föður sínum, hún hafi beinlínis farið fram á það, að drengurinn yrði tekinn af stefnanda. Carl sagði, að sér skildist ekki, að konan vildi hafa barnið sjálf, hún vildi bara koma honum fyrir hjá vandalausum.

Mánudaginn 2. apríl sl. kom Carl Eiríksson að nýju fyrir dóm vegna máls þessa. Þá lagði lögmaður stefnanda fram sem dskj. 20 endurrit af hljóðritun á spólu, sem síðar var lögð fram sem dskj. nr. 21. Carl Eiríksson gaf réttinum kost á að heyra hljóðritunina, sem dskj. 20 er endurrit af. Carl kvaðst hvorki hafa látið Soffíu né lögreglumennina vita, að samtölin væru hljóðrituð.

Soffía Jónsdóttir, Mávahlíð 37, var yfirheyrð hér fyrir dómi vegna máls þessa. Hún kvaðst ekki þekkja stefnanda. Sonur stefnanda hafi einu sinni komið á heimili hennar og gæti hann hafa dvalið upp undir tvo tíma á heimili hennar, en þetta kvaðst hún ekki geta sagt nákvæmlega, það væri svo langt síðan. Soffía fullyrti, að stefnandi hefði komið sex sinnum að dyrunum hjá sér og í síma hafi hann ónáðað sig alveg óteljandi sinnum. Sérstaklega fyrst eftir að drengurinn dvaldi þetta eina skipti á heimili hennar. En tildrög þess hafi verið þau, að sonur Soffíu hafi komið með drenginn með sér og spurt, hvort drengurinn mætti bíða inni, því það væri enginn heima hjá honum. Soffía kvaðst hafa sagt drengnum, að hann ætti að fara heim, því það væri að koma matmálstími, drengurinn hafi sagt, að enginn væri heima, pabbi hans væri að rukka. Þá kvaðst Soffía hafa spurt um mömmu hans og drengurinn sagt, að hún væri dáin. Þegar drengurinn kom upp, kvaðst Soffía hafa séð, að hann var illa tilhafður og mjög kaldur. Drengurinn hafi sagst heita Sturla. Soffía kvaðst engin svör hafa fengið hjá drengnum um það, hvar hann ætti heima, og ekki heldur, hver ætti hann. Drengurinn hafi verið mjög svangur og hafi hún gefið honum

að borða með börnunum og eftir það hafi hann sagt, að faðir sinn héti Halldór Briem. Soffía kvaðst hafa vitað um tilveru Halldórs, en aldrei hafa heyrt, að stefnandi hefði hugsað illa um barnið sitt eða að það væri nein ástæða til þess, að hún reyndi ekki að hafa upp á honum til þess að láta hann hafa barnið. Soffía hafi síðan reynt að hafa upp á föður drengsins, en ekki tekist, en henni verið sagt, að skólastjórinn í Höfðaskóla héti Magnús, og hafi hún leitað hann uppi. Soffía kvaðst hafa sagt skólastjóranum, að drengurinn væri hjá sér og hvort hann gæti gefið sér upp heimilisfangið hjá Halldóri, og hafi skólastjórinn sagt, að venjan væri sú, þegar þessi drengur væri á vergangi, þá væri hringt á lögregluna og hún látin sækja drenginn og hún látin fara með hann upp á Dalbraut. Soffía kvaðst hafa spurt skólastjórann, hver ætti að gera það, og þá hafi skólastjórinn sagt, „ég geri það", og það hafi hann gert. Síðan hafi lögreglan komið og sótt þennan dreng, og síðan kvaðst Soffía ekki hafa séð hann og ekki einu sinni sonur sinn hafi séð hann.

Þá er vitnið Soffía Jónsdóttir var fyrir dómi, var borin undir hana lögregluskýrsla á dskj. 8. Soffía kvaðst hafa gefið skýrslu fyrir lögreglu 1. apríl 1976, og taldi hún skýrsluna rétta, að minnsta kosti í öllum aðalatriðum. Hún kvaðst hafa verið í mjög miklu uppnámi, þegar hún gaf þessa skýrslu, og því ekki tekið þetta kannski fram í eins miklum smáatriðum og hún hefði annars gert. Hún kvaðst vilja láta það koma fram, að það hefði verið Magnús skólastjóri, sem hringdi í lögregluna til þess að sækja barnið. Einnig vildi hún taka fram, að hún gæti alls ekki sagt um, hvort stefnandi hefði verið undir áhrifum lyfja eða þannig, en af því að maðurinn talaði oft svo ruglingslega, þá hafi henni alla vega ekki dottið í hug, að hann væri heilbrigður, af því að hún hafi margreynt að segja honum, hvernig málið var.

Byrjunin á hringingunum, eftir að drengurinn var sóttur heim til hennar, hafi verið, að kona hringdi í hana. Soffía kvaðst ekki muna, hvað konan sagðist heita, en hún hafi talað um það, að Soffía væri óþverri að senda barnaverndarnefnd á Halldór, eða eitthvað slíkt. Soffía kvaðst hafa sagt konunni, að hún hefði ekki gert það. Soffía sagði, að það væri mikill misskilningur, að hún hefði samband við Margréti Marinósdóttur, sú kona hafi einu sinni komið á heimili hennar.

Dómskjal nr. 20 er, eins og áður greinir, endurrit af hljóðrituðum samtölum, sem fram fóru á milli stefnanda og Soffíu Jónsdóttur svo og á milli stefnanda og Carls Eiríkssonar og sam-

ræðum þeirra tveggja við lögreglumenn, bæði fyrir utan Mávahlíð 37 og á leið í lögreglubílnum, svo og samræðum þeirra við ýmsa lögreglumenn á lögreglustöðinni og að síðustu samræðum Carls Eiríkssonar við ýmsa lögreglumenn og fulltrúa lögreglustjóra. Fram er komið, að engu af þessu fólki var gert ljóst, að samræðurnar voru hljóðritaðar. Á endurriti þessu kemur fram, að ætlun þeirra stefnanda og Carls Eiríkssonar hafi verið að fá Soffíu Jónsdóttur til þess að viðurkenna eitthvað. Þar kemur einnig fram, að Soffía sagði við stefnanda, að hann væri búinn að koma að húsi hennar dag eftir dag, þessu lét stefnandi ómótmælt. Enn fremur óskaði Soffía Jónsdóttir eftir því, að stefnandi léti hús hennar í friði, og jafnframt sagði hún, að hún yrði ekkert með dreng hans þar. Enn fremur sagði hún, að það væri öruggt, að hún sendi hann heim, um leið og hann kæmi. Á bls. 3, dskj. 20, segir Soffía m. a., að hún sé margbúin að segja stefnanda, að hún vilji ekki hafa hann nálægt húsinu hjá sér. Stefnandi svarar því til, að þetta sé bara út af drengnum og því, sem hann hafi sagt, og þess vegna hafi hann verið að spyrja hana.

Á bls. 8 kemur fram, að þá stefnanda og Carl Eiríksson hafi grunað, að Soffía mundi kalla á lögregluna, og jafnframt, að þeim fyndist það allt í lagi. Á bls. 7—13 eru ruglingslegar samræður stefnanda og Carls Eiríkssonar við lögreglumenn. Á dskj. 9 og 10, sem eru skýrslur stefnanda, kemur fram, að stefnandi eða einhver með honum hefur í fleiri skipti hljóðritað samtöl, þ. á m. við eiginmann Soffíu Jónsdóttur.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi fljótlega kært til sakadóms Reykjavíkur ólögmæta handtöku og frelsissviptingu, sem hann hafi orðið fyrir 1. apríl 1976, og krafist rannsóknar á málinu og jafnframt, að sér yrðu greiddar bætur fyrir hina ólöglegu frelsissviptingu. Stefnandi hafi engin úrslit fengið vegna kæru þessarar og hafi því lögmaður stefnanda ritað bréf til ríkissaksóknara 16. nóvember 1977 til þess að spyrjast fyrir um málið. Þessu bréfi hafi ríkissaksóknari svarað með bréfi, dags. 25. nóvember 1977, og þar vísað til ljósrits af bréfi embættis ríkissaksóknara, dags. 3. september 1976, til sakadóms Reykjavíkur. Í því bréfi komi fram, að ekki þyki efni til aðgerða af hálfu ákæruvalds vegna máls þessa. Stefnandi heldur því fram, að fyrst með svarbréfi ríkissaksóknara til lögmanns

stefnanda 25. nóvember 1977 hafi stefnanda orðið kunnugt um, að ekkert yrði aðhafst frekar í málum hans af hálfu hins opinbera.

Þessi óréttmæta handtaka og varðhaldsvist hafi valdið stefnanda miklu hugarangri og hneisu og krefjist hann því miskabóta sér til handa úr hendi ríkissjóðs, að fjárhæð kr. 400.000. Bótakrafan byggist á því, að stefnandi hafi sætt ólögmætri handtöku 1. apríl 1976 og sex til sjö tíma gæslu í fangaklefa lögreglunnar í Reykjavík í framhaldi af handtökunni. Beri ríkissjóði skv. 151. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 154. gr. sömu laga, svo og 264. gr. almennra hegningarlaga að greiða stefnanda bætur fyrir frelsisskerðingu þessa.

Krafa stefnanda sé eigi fyrnd skv. 157. gr. laga nr. 74/1974, þar sem eigi séu liðnir 6 mánuðir frá því að honum var kunnugt um endalok rannsóknar handtökumálsins.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að eins og málum var háttað, verði að telja handtökuna bæði eðlilega og réttlætanlega starfsskyldu lögreglunnar og frelsisskerðinguna síst langvinnari en orð og æði stefnanda sjálfs hafi gefið tilefni til.

Um málavexti á handtökudegi verði í sjálfu sér ekki deilt. Hins vegar sé verulegur ágreiningur um aðdraganda handtökunnar milli stefnanda og þess, er kærði hann og kvaddi lögregluna á vettvang að Mávahlíð 37 í Reykjavík hinn 1. apríl 1976, Soffíu Jónsdóttur húsmóður, til heimilis þar á staðnum.

Soffía Jónsdóttir kveði sig hafa sætt miklu ónæði af völdum stefnanda á undangengnum tólf til fjórtán mánuðum fyrir handtökuna. Bæði hafi hann hringt til hennar og í sífellu komið að heimili hennar og hringt þar dyrasíma. Hafi hann iðulega borið hana þeim röngu sökum, að hún skyti kjólshúsi yfir ellefu ára gamlan og þroskaheftan son hans, Sturlu, í algeru heimildarleysi, og leyndi því. Drenginn kveði hún ekki hafa komið á heimili sitt utan einu sinni í febrúar 1975. Þá hafi hann komið þar með syni hennar, blautur og illa til reika, en hún veitt honum aðhlynningu og strax látið skólastjóra Höfðaskóla vita um afdrif hans, en hann bent henni á að gera lögreglunni aðvart. Hún kveðst jafnan hafa talið stefnanda undarlegan í háttum, jafnvel geðveikan eða undir áhrifum einhverra lyfja. Hann hafi nánast ofsótt sig með símhringingum og alls kyns rugli og hafi hún mjög verið farin að óttast hann auk þess sem þetta allt hafi haft mjög slæm áhrif á börn hennar og eiginmaður hlotið af ónæði.

Stefnandi neiti því hins vegar að hafa valdið Soffíu Jónsdótt-

ur nokkru ónæði að ástæðulausu. Hann hafi talið, að sonur sinn leitaði mjög til hennar og hún einlægt falið barnið fyrir sér af illgirnissökum. Sambands við Soffíu Jónsdóttur hafi hann því ekki leitað, nema til þess að grennslast fyrir um dvalarstað sonar síns, og aldrei sýnt nema fyllstu kurteisi, þótt hann hafi óttast um afdrif hans í húsum hennar.

Ljóst sé af málavöxtum öllum, að bótaskilyrði bresti algerlega að lögum. Lögreglunni hafi verið bæði rétt og skylt að sinna kvaðningu Soffíu Jónsdóttur 1. apríl 1976 og fjarlægja stefnanda frá heimili hennar að Mávahlíð 37. Þetta hafi síður en svo verið í fyrsta skipti sem lögregla hafi verið kvödd að Mávahlíð 37 til þess að fjarlægja stefnanda frá heimili Soffíu Jónsdóttur, en stefnandi muni ævinlega hafa komist undan afskiptum lögreglunnar. Framkoma og háttarlag stefnanda hafi gefið lögreglu fullt tilefni til þess að halda honum í umsjá sinni svo lengi sem raun bar vitni, áður en hann hafi verið fenginn rannsóknarlögreglunni til skýrslugjafar. Þá hafi áburður Soffíu Jónsdóttur um ofsóknir stefnanda á hendur sér verið svo alvarlegur, að brýna nauðsyn hafi borið til gaumgæfilegrar athugunar, m. a. skýrslutöku af Soffíu sjálfri, áður en stefnandi yrði yfirheyrður og látinn laus. Lögreglu hafi ekki tekist á fyrsta stigi að fá nokkurt samhengi í framburð stefnanda og hafi haft ríka ástæðu til að ætla, að hann væri undir einhvers konar áhrifum lyfja eða annars eða a. m. k. ekki í sem bestu andlegu jafnvægi.

Um raunverulegan miska hafi ekki verið að ræða í þessu tilviki, enda hafi stefnandi sjálfur gefið fullt tilefni til þessara löggæsluaðgerða. Raunar megi segja, að óverjandi hefði verið af lögreglu að taka þetta mál öðrum og mildari tökum á þessari stundu.

IV.

Álit dómsins.

Ágreiningur er með málsaðiljum um aðdraganda þess, að stefnandi var tekinn í vörslu lögreglunnar 1. apríl 1976. Fram þykir komið, að stefnandi hafi valdið Soffíu Jónsdóttur töluverðu ónæði, og styðst sú skoðun m. a. við dskj. 20, sem stefnandi hefur sjálfur lagt fram. Telja verður, að lögreglumönnum hafi verið rétt og kylt að fjarlægja stefnanda frá Mávahlíð 37 og jafnframt að yfirheyra hann svo og taka skýrslur af Soffíu Jónsdóttur varðandi mál þetta.

Því er ómótmælt haldið fram af hálfu stefnanda, að honum

hafi verið haldið á annan klukkutíma í einangrunarklefa og jafnframt að honum hafi verið bannað að hafa símasamband við aðilja utan fangageymslunnar. Eins og málið er vaxið, þykja ekki hafa verið efni til svo harkalegra aðgerða af hálflu lögreglunnar.

Í lögregluskýrslunni á dskj. 3 kemur fram, að hringt var á lögreglustöðina kl. 1008, á dskj. 7 kemur fram, að kl. 1700 kom stefnandi á skrifstofu Matthíasar M. Guðmundssonar rannsóknarlögreglumanns vegna atvika þeirra, er málið er af risið, og verður því við það miðað, að frelsissker ðing stefnanda hafi staðið a. m. k. 7 klst. Ósannað er, að þörf hafi verið á svo langri frelsissviptingu. Stefnandi verður því talinn eiga rétt á bótum skv. 151. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 154. gr. sömu laga. Við ákvörðun þeirra ber að taka tillit til aðdraganda handtökunnar, og þykja fébætur til handa stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 60.000 með vöxtum, eins og krafist var.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, sbr. 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns stefnanda, Þorvalds Lúðvíkssonar, kr. 96.000.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Halldóri Þ. Briem, kr. 60.000 með 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningsþóknun talsmanns stefnanda, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 96.000.

Framangreindar fjárhæðir greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 202/1981. Mánudaginn 1. mars 1982.

Jón Ásbjörnsson
gegn
Magnúsi Ásgeirssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður

Áfrýjandi, Jón Ásbjörnsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Magnúsi Ásgeirssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 500.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. mars 1982.

Nr. 203/1981. **Böðvar S. Bjarnason og Böðvar Böðvarsson persónulega og vegna Böðvars S. Bjarnasonar s/f**
gegn
Blikksmiðjunni Vogi h/f.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður

Áfrýjendur, Böðvar S. Bjarnason og Böðvar Böðvarsson persónulega og vegna Böðvars S. Bjarnasonar s/f, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þeir stefnda, Blikksmiðjunni Vogi h/f, sem

sótt hefur þing í málinu og krafist ómaksbóta, 700.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. mars 1982.

Nr. 235/1982. **Friðrik Alexandersson**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður

Áfrýjandi, Friðrik Alexandersson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. mars 1982.

Nr. 22/1982. **Kristján Bogi Einarsson**
gegn
Helgu Friðfinnsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður

Áfrýjandi, Kristján Bogi Einarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. mars 1982.

Nr. 26/1982. **Kristinn Einarsson hrl. f. h. Minhouse Ltd.**
gegn
Eysteini Fjölni Arasyni og Pétri Arasyni persónulega og f. h. Faco s/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður

Áfrýjandi, Kristinn Einarsson hrl. f. h. Minhouse Ltd., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. mars 1982.

Nr. 194/1981. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Páli Konráði Konráðssyni Þormar
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu að ósk ákærða með stefnu 14. ágúst 1981, og málinu var einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Ágrip barst Hæstarétti 18. desember 1981.

Af hálfu ákæruvalds er krafist „staðfestingar hins áfrýjaða dóms bæði að því er varðar refsingu og greiðslu sakarkostnaðar . . .“

Verjandi krefst sýknu og að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ. á m. málsvarnarlaun til sín.

Ákvæði 255. gr., sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eiga við um ákvörðun á refsingu fyrir brot ákærða. Með þeirri athugasemd og svo sem kröfugerð ákæruvalds er farið, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 2.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Páll Konráð Konráðsson Þormar, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. júní 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 3. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 247/1981: Ákæruvaldið gegn Páli Konráði Konráðssyni Þormar, sem tekið var til dóms 18. maí sl.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 17. mars 1981, gegn ákærða, Páli Konráð Konráðssyni Þormar, Óðinsgötu 8 A hér í borg, fæddum 2. júlí 1953 í Reykjavík, „fyrir að hafa miðvikudaginn 2. júlí 1980 slegið eign sinni á karlmannsskyrtu í versluninni Karnabæ, Austurstræti 22 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru sem hér segir:

Miðvikudaginn 2. júlí sl., um kl. 1438, var leitað lögregluaðstoðar úr verslun Karnabæjar við Austurstræti 22. Lögreglumaður, sem var á varðgöngu um Austurstræti, kom á vettvang. Afgreiðslumaður í versluninni tjáði lögreglumanninum, að inni í versluninni væru tveir menn, sem hefðu ætlað að stela karlmannsskyrtu. Benti hann á, að tvö vitni hefðu séð þetta. Mennirnir voru báðir handteknir, og reyndist annar þeirra vera ákærði í máli þessu, Páll Konáð Konráðsson Þormar.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 3. júlí sl. kannaðist ákærði við að hafa verið umrætt sinn í versluninni ásamt Má Kjartanssyni. Hefði hann farið inn í verslunina í þeim erindagerðum að skoða föt, en ekki ætlað að kaupa neitt, enda ekki með peninga til þess. Hefðu þeir Már gengið um verslunina. Kvaðst ákærði hafa tekið eina skyrtu úr skyrturekka og þar sem honum leist vel á skyrtuna, hafi hann ætlað að athuga, hvað hún kostaði, en þar sem enginn var að afgreiða þarna við skyrturekkann, hafi hann gengið með skyrtuna að afgreiðsluborði, sem er alveg frammi við útidyrnar á versluninni. Á leiðinni að afgreiðsluborðinu hafi hann stungið skyrtunni undir jakkann, sem hann var í. Hafi hann ekki gert þetta til þess að fela skyrtuna, heldur verið að fíflast og ætlað að sýna skyrtuna við afgreiðsluborðið og athuga, hvaða verð væri á henni. Á leiðinni að afgreiðsluborðinu hafi afgreiðslumaður komið til hans og spurt, hvort hann ætlaði að stela skyrtunni. Kvaðst ákærði þá hafa tekið skyrtuna undan jakkanum og látið manninn hafa hana og sagt eins og var, að hann hefði ekki ætlað að stela skyrtunni. Kvaðst ákærði hafa verið töluvert ölvaður.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi vegna máls þessa þann 15. maí sl. Kvað ákærði ákæruna ranga, þar sem hann hefði ekki ætlað að stela skyrtunni. Hann hefði stungið henni inn undir jakka sinn og gert þetta í einhverjum fíflaskap. Hafi hann ætlað að sýna skyrtuna við afgreiðsluborðið og athuga, hvað hún kostaði. Ákærði kvað það rangt, að hann hefði verið á leið út úr versluninni, þegar afgreiðslumaðurinn tók skyrtuna undan jakka ákærða, en hann var nálægt afgreiðsluborðinu, þegar þetta átti sér stað. Ákærði staðfesti skýrslu sína fyrir rannsóknarlögreglu sem rétta að öðru leyti en því, að framangreint afgreiðsluborð stæði ekki við útidyrnar, eins og segir í skýrsl-

unni, heldur sé borðið vinstra megin, þegar gengið er inn í verslunina.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna fyrir rannsóknarlögreglu og fyrir dómi.

Már Kjartansson, sem var yfirheyrður fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins sama dag og ákærði, kannaðist við að hafa verið ásamt ákærða í verslun Karnabæjar. Kvaðst hann ekki hafa fylgst vel með ákærða, á meðan hann var í versluninni. Hann kvaðst hafa gengið á undan ákærða, þegar þeir voru að ganga út úr versluninni, og varð hann þá var við, að afgreiðslumaðurinn stöðvaði ákærða. Sneri hann þá við og fór til ákærða, en þá voru þar komin tvö vitni, sem héldu því fram, að ákærði hefði stolið skyrtu, og lá hvít skyrta á borði, sem ákærði stóð við. Kvaðst hann ekki hafa séð, þegar skyrtan var tekin af ákærða, og ekki hafa vitað til þess, að ákærði hafi ætlað að stela neinu þarna.

Vitnið Benedikt Löwdahl, Garðsenda 15 hér í borg, var yfirheyrt fyrir rannsóknarlögreglu þann 17. febrúar sl. og fyrir dómi þann 15. maí sl. Kvaðst vitnið hafa verið við afgreiðslustörf í versluninni Karnabæ, þegar ákærði, sem vitnið þekkti með nafni, kom inn í verslunina. Annar maður hafi verið með ákærða, sem vitnið þekkti ekki. Aðrir viðskiptavinir hafi ekki verið í versluninni og því hafi það farið að afgreiða ákærða, sem var eitthvað æstur og greinilega ölvaður. Ákærði hafi skoðað einhver föt. Á meðan vitnið var að afgreiða ákærða, komu hjón inn í verslunina, og fór vitnið að afgreiða þau, en á meðan var ákærði í hinum enda verslunarinnar, en þar var skyrtum stillt upp. Þegar vitnið hafði afgreitt hjónin, ætlaði það að snúa sér að því að afgreiða ákærða, en þá var eins og ákærði ætlaði að flýta sér út úr versluninni. Kvaðst vitnið þá hafa gengið í veg fyrir ákærða í dyrum verslunarinnar og opnað jakkann, sem hann var í, að framan. Datt þá skyrta, sem hann hafði falið innan á sér, úr buxnastreng ákærða. Vitnið kvaðst hafa tekið í ákærða og farið með hann að símanum og ætlað að hringja á lögregluna, en ákærði hafi streist á móti og slitið símasambandinu. Vitnið kvaðst hafa haldið ákærða með hjálp Ágústs Andréssonar, sem þarna var ásamt eiginkonu sinni, uns lögreglan kom á vettvang. Vitnið sagði, að framangreind skyrta hefði kostað um 15.000 krónur.

Framangreint vitni bar sjálfstætt fyrir dómi á sama hátt og fyrir rannsóknarlögreglu. Vitninu var bent á þann framburð

ákærða, að ákærði hefði ekki verið kominn að útidyrunum, þegar vitnið greip í hann, og ítrekaði vitnið, að ákærði hafi verið kominn að útidyrunum, þegar þetta átti sér stað. Kvaðst vitnið hafa staðið við afgreiðsluborð rétt við dyrnar og hefði ákærði ekki gert sig líklegan til þess að koma með skyrtuna að borðinu. Ákærði hafi gengið fram hjá afgreiðsluborðinu að útidyrunum með skyrtuna innan klæða. Vitnið kvaðst nú ekki muna, hvers vegna það stöðvaði ákærða, þ. e. a. s., hvort það sá ákærða stinga skyrtunni inn á sig eða hvort vitnið grunaði hann um það. Ákærði hafi verið drukkinn og einhver fyrirferð á honum. Vitnið kvaðst ekki muna viðbrögð ákærða, eftir að vitnið tók af honum skyrtuna, en ákærði hefði beðið vitnið um að hringja ekki í lögregluna. Vitnið staðfesti skýrslu sína fyrir rannsóknarlögreglu.

Vitnið Bryndís Jónsdóttir, Stelkhólum 8 hér í borg, var yfirheyrt fyrir rannsóknarlögreglu þann 13. febrúar sl. Vitnið bar, að það hefði verið statt umrætt sinn í versluninni Karnabæ ásamt eiginmanni vitnisins, Ágúst Inga Andréssyni. Þau hjónin hafi verið ein í versluninni ásamt afgreiðslumanni, sem var að sinna þeim, er tveir menn komu inn í verslunina, og var annar sýnilega drukkinn. Þvældust mennirnir um verslunina. Afgreiðslumaðurinn hafi spurt þá, hvort þá vantaði eitthvað, og síðan beðið þá að ganga út. Hafi afgreiðslumaðurinn haft auga með mönnunum. Þegar þeir voru á leiðinni út, hafi afgreiðslumaðurinn tekið í öxlina á þeim ölvaða og tekið karlmannsskyrtu í umbúðunum undan jakka mannsins. Hafi maðurinn sýnilega ætlað að stela skyrtunni. Minnti vitnið, að afgreiðslumaðurinn hefði haldið í manninn, á meðan hann hringdi í lögregluna, en eiginmaður vitnisins hafi einnig staðið við hlið mannsins. Sagði vitnið, að enginn vafi hafi verið á því, að lögreglan hafi tekið mann þann, sem var með skyrtuna. Í lok yfirheyrslunnar kvaðst vitnið halda, að það hafi verið ljóst, að maðurinn ætlaði að stela skyrtunni. Vitnið kom fyrir dóm þann 18. maí sl. Skýrði vitnið fyrir dóminum í meginatriðum á sama hátt og fyrir rannsóknarlögreglu. Vitnið sagði, að ákærði hefði verið kominn að útidyrum verslunarinnar, þegar afgreiðslumaðurinn greip í hann, og var ákærði þá með herraskyrtu innan á sér. Ákærði hafi farið að „þrasa“ við afgreiðslumanninn, en vitnið mundi ekki, hvað þeim fór á milli. Vitninu var kynntur sá framburður ákærða, að hann hefði ætlað að framvísa skyrtunni við afgreiðsluborðið skammt frá útidyrum verslunarinnar, og ítrekaði vitnið, að

ákærði hefði verið kominn alveg að útidyrunum, þegar hann var gripinn. Vitnið kvaðst ekki minnast þess, að ákærði hefði verið með læti eða hávaða, áður en hann var gripinn með skyrtuna. Vitnið staðfesti skýrslu sína fyrir rannsóknarlögreglu.

Vitnið Ágúst Ingi Andrésson, Stelkhólum 8 hér í borg, kom fyrir rannsóknarlögreglu sama dag og eiginkona þess. Vitnið kvaðst hafa verið í margnefndri verslun ásamt eiginkonu vitnisins í sl. júlímánuði. Þau hjónin hafi verið ein í versluninni ásamt afgreiðslumanninum, sem var að afgreiða þau, þegar tveir menn komu inn úr útidyrunum, og var annar þeirra greinilega ölvaður. Sá vitnið, að afgreiðslumaðurinn fylgdist með mönnunum. Þegar þeir voru á leiðinni út, sneri afgreiðslumaðurinn sér að þeim og tók í öxlina á öðrum þeirra og fór inn undir jakka hans og tók þaðan herraskyrtu í umbúðum. Þetta hafi skeð nálægt inngangi verslunarinnar. Kvaðst vitnið hafa gætt mannsins, á meðan afgreiðslumaðurinn hringdi á lögreglu. Sagði vitnið engan vafa vera á því, að lögreglan hafi tekið mann þann, sem var með skyrtuna. Vitnið sagði, að því hefði virst enginn vafi á því, að maðurinn hafi ætlað að stela skyrtunni. Vitnið kom fyrir dóm þann 18. maí sl. Vitnið skýrði sjálfstætt fyrir dóminum á sama hátt og fyrir rannsóknarlögreglu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð, þegar ákærði stakk inn á sig skyrtunni, en það sá, þegar afgreiðslumaðurinn greip í ákærða, þar sem hann var í dyragættinni á útihurð (sic) verslunarinnar, og tók afgreiðslumaðurinn herraskyrtu, sem ákærði hafði undir jakka sínum. Vitnið sagði, að ekki hefði leikið vafi á, að maðurinn hafi ekki ætlað að framvísa skyrtunni við afgreiðsluborðið, enda hafi hann verið gripinn í dyragættinni, eins og áður segir. Mennirnir hafi báðir verið ölvaðir, en ekki með læti, að því er vitnið minnti. Vitnið sagði, að eftir að ákærði var gripinn með skyrtuna, hefði hann sagt, að þetta væri ekkert mál, þar sem hann skilaði skyrtunni, en vitnið minntist þess ekki, að neitt frekar hafi verið um þetta rætt. Vitnið bar, að þau hjónin hefðu verið rétt innan við útidyr verslunarinnar að skoða föt, þegar afgreiðslumaðurinn tók skyrtuna af ákærða. Vitnið staðfesti skýrslu sína fyrir rannsóknarlögreglu.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 6. mars sl., hefur hann hlotið eftirtalda dóma:

1969 19/12 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1970 12/3 í Reykjavík: Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot

gegn 244. gr. hegningarlaga, sbr. 20. gr. hegningarlaga. (Dómur 19/12 1969 dæmdur með).

1970 9/4 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1972 15/6 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga og 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

1973 13/7 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1976 24/2 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 106. gr. og 155. gr. hegningarlaga.

1976 28/9 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.

1977 27/4 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 254. gr. alm. hegningarlaga.

1977 27/4 í Reykjavík: Dómur: Sýknaður af broti gegn 244. gr. hegningarlaga.

1979 5/9 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1980 13/3 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 246. gr. hegningarlaga. Refsing ekki dæmd.

Auk þess hefur ákærði 14 sinnum á árunum 1968—1980 gengist undir dómssátt og sektargreiðslu vegna brota gegn 21. gr. áfengislaga, eitt skipti (1978) fyrir brot gegn 3., sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 105/1936, sbr. auglýsingu nr. 94/1966, eitt skipti fyrir brot gegn 66. gr. tolllaga og þann 7. ágúst 1979 fyrir brot gegn 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga og þá sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 12 mánuði frá þeim sama degi.

Með framburði þriggja vitna þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi slegið eign sinni á skyrtu þá, sem mál þetta snýst um. Ákærði stakk skyrtunni inn á sig, og bendir ekkert til þess nema framburður ákærða, að hann hafi ætlað að framvísa skyrtunni, enda hefur ákærði borið, að hann hafi ekki verið með neina peninga á sér. Telst því ákærði hafa gerst brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af sakaferli hans hæfilega ákveðin fangelsi í 1 mánuð.

Þá er ákærði dæmdur samkvæmt 141. gr. laga 74/1974 til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar, kr. 1.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Konráð Konráðsson Þormar, sæti fangelsi í 1 mánuð.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1.000.00.

Mánudaginn 1. mars 1982.

Nr. 222/1980. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Birgi Bótólfi Guðmundssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974 og 173. gr. a almennra hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var áfrýjað að ósk ákærða með stefnu 15. september 1980, og er því einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 30. nóvember 1981.

Ákæruvald krefst „staðfestingar hins áfrýjaða dóms á sakfellingu í einstökum ákæruliðum, ákvæðum um eignaupptöku og greiðslu sakarkostnaðar, en þannig, að einstakar athafnir ákærða, eins og þeim er lýst í ákæru, verði virtar sem áframhaldandi brotastarfsemi og sem heild varði ákærða refsingu samkvæmt 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, tilgreind ákvæði laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, og reglugerðar um sama

efni nr. 390/1974. Þess er krafist, að refsing ákærða verði þyngd — bæði fangelsis- og sektarrefsing — . . .“

Verjandi krefst þess, að ákærði verði dæmdur í lægstu refsingu, er lög leyfa, og verði refsing skilorðsbundin.

I.

Í héraðsdómi er gerð rækileg grein fyrir ákæruefnum og sakargögn rakin.

Það athugast, að leit að sakargögnum, sem gerð var hjá ákærða 30. ágúst 1976 og lýst er í reifun um 3. ákærulið, á heima í reifun um 9. ákærulið. Í héraðsdómi er í reifun um 3. ákærulið gerð grein fyrir rannsókn á tilteknu sýni, sbr. bréf Rannsóknastofu í lyfjafræði 10. september 1976. Sýni þetta stafar væntanlega frá efni, er 9. ákæruliður lýtur að. Að þessu undanskildu er brotum réttilega lýst í héraðsdómi. Ber að staðfesta að niðurstöðu til sakarmat héraðsdómara, en ákærði hefur gengist við brotunum, og fær játning hans stoð í öðrum sakargögnum.

II.

Hvert einstakt brot ákærða á undir verknaðarlýsingu þeirra ákvæða í lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, sem greinir í héraðsdómi, en ákæruefni í 9. ákærulið á undir nefnd lög og reglugerð nr. 230 4. júní 1976, er tók gildi 1. ágúst þ. á. Efni það, er ákæruliðurinn tekur til, flutti ákærði inn í landið fyrri hluta ágústmánaðar 1976. Reglugerð nr. 293/1978 hefur nú leyst af hólmi reglugerð nr. 230/1976.

Svo sem fram kemur í kröfugerð ákæruvalds hér fyrir dómi, er talið af þess hálfu, að brot ákærða feli í sér samfellda brotastarfsemi, sem virða beri heildstætt, og varði sú brotastarfsemi hann í heild sinni refsingu samkvæmt 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974. Brot ákærða eru framin á tímabilinu júlí 1975 til október eða nóvember 1977, og eru frumbrot 15 talsins, svo sem ákæruefni er endanlega markað. Fyrstu tvö brotin (1. og 2. ákæruliður) eru framin í júlí og ágúst 1975. Síðan tekur við brotahrina, og eru frumbrot framin í mánuði

hverjum frá mars 1976 allt til nóvember 1976 (ákæruliðir 3—12). Þá verður nokkurt hlé, og eru tvö brot framin í janúar 1977 (ákæruliðir 13 og 14), eitt í apríl til júní s. á. (ákæruliður 15) og hið síðasta í ágúst til nóvember s. á. (ákæruliður 16). Þess er að geta, að ákærði sætti gæsluvarðhaldi m. a. frá 20. janúar 1977 samfellt til 11. mars s. á. Tvö fyrstu brotin (1. og 2. ákæruliður) eru sérstæð, og þykja þau ekki varða ákærða viðurlögum samkvæmt 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 74/1974, en þau varða hann refsingu samkv. þeim ákvæðum laga nr. 65/1974 og reglugerðar nr. 390/1974, er greinir í héraðsdómi. Ber nú að dæma honum refsingu vegna þeirra samkvæmt lögum nr. 60/1980, en þó verður eigi beitt þyngri viðurlögum en felast í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Hin brotin öll fela í sér óslitna brotastarfsemi, og gegnir þessu einnig um tvö síðustu brotin, þegar höfð er í huga gæsluvarðhaldsvist ákærða á árinu 1977. Þessi brot þykir eiga að virða heildstætt, en ekki sérstætt, þegar dæma á, hvort þau varði ákærða refsingu samkvæmt 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974. Teljast þau öll varða hann refsingu samkvæmt því refsimæli. Beita má enn fremur viðurlögum samkvæmt 49. og 50. gr. almennra hegningarlaga, svo sem þeim ákvæðum var breytt með lögum nr. 101/1976, 4. og 5. gr., um þau brot ákærða, sem framin eru eftir 29. desember 1976, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, en þann dag voru lögin birt í Stjórnartíðindum. Um brot, sem framin eru fyrir þann tíma og varða ákærða refsingu samkv. 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 64/1974, verður viðurlögum 49. og 50. gr. sömu laga beitt eins og þau voru, áður en lög nr. 101/1976 breyttu þeim.

III.

Brot ákærða eru stórfelld. Taka þau yfir alllangan tíma og lýsa einbeittum brotavilja. Er hér bæði um innflutning mikils magns af hassi að ræða og í mörg skipti og umfangsmikla dreifingu gegn háu fégjaldi. Sammæltist ákærði við ýmsa menn um framningu brotanna, svo sem lýst er í hér-

aðsdómi, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, og drógust allmargir menn inn í brotakeðju þessa.

Samkvæmt gögnum máls hefur ákærði nú lokið námi, stofnað heimili og stundar vinnu sína reglulega. Hann gekkst greiðlega við sumum brotum sínum, en ekki öllum.

Refsingu ákærða ber að ákveða samkvæmt framangreindum ákvæðum með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin 2 ára fangelsi, en til frádráttar refsivist komi gæsluvarðhaldsvist hans í 73 daga, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga. Enn fremur sæti hann 30.000.00 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 6 mánaða fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, og er hér vísað til 49. og 50. gr. almennra hegningarlaga sumpart, sbr. 4. og 5. gr. laga nr. 101/1976.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 7.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Bótólfur Guðmundsson, sæti 2 ára fangelsi, en til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans, 73 dagar. Enn fremur sæti hann 30.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 6 mánaða fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála dómsatkvæði meiri hluta dómenda Hæstaréttar að öðru leyti en um fangelsisrefsingu. Brot þau, sem dæmt er fyrir í máli þessu, ná yfir alllangt tímabil, magn fíkniefna mikið svo og söluverð og hagnaður mjög verulegur.

Með tilliti til alls þessa svo og greinilegra viðskiptasjónarmiða ákærða og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdómara tel ég, að staðfesta beri ákvörðun hans um 3 ára fangelsisrefsingu.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 27. maí 1980.

Ár 1980, þriðjudaginn 27. maí, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 617/1979: Ákæruvaldið gegn Birgi Bótólfi Guðmundssyni.

Mál þetta, sem munnlega var flutt og dómtekið 23. maí sl., var af hálfu ríkissaksóknara höfðað með ákæruskjali, dags. 27. nóvember 1978, á hendur Birgi Bótólfi Guðmundssyni, til heimilis að Drápuhlíð 38, Reykjavík, fæddum þar í borg 17. október 1954, „fyrir að hafa á tímabilinu frá júlí 1975 til janúar 1978 ýmist einn eða í félagi við aðra þrásinnis orðið sér úti um ávana- og fíkniefni (aðallega hassefni) erlendis og hér á landi, flutt slík efni hingað til lands og selt þau hérlendis mörgum mönnum, oft með drjúgum hagnaði og að jafnaði neytt sjálfur hluta þeirra efna, er hann hverju sinni hafði með höndum."

Í nefndu ákæruskjali er nánar lýst í liðum 1—16 meintu misferli ákærða, en hentugra þykir í máli þessu að rekja hvern ákærulið í samhengi við málsatvik.

Í niðurlagi ákæruskjals segir svo:

„Framangreind brot ákærða teljast varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, svo og við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. auglýsingu nr. 293/1978, að því er varðar brot ákærða í 9. lið.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á eftirtöldum verðmætum samkvæmt 69. gr. hegningarlaga og 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni:

a) Sínum eignarhlut í því hassi, sem lagt var hald á 7. ágúst 1975.

b) Smáræði af amfetamíndufti og 2 hasspípum, sem hald var lagt á 30. ágúst 1976.

c) Um 1.318 gr af hassi, 4 hasspípum, 1 skálavog og 110 bandaríkjadölum, sem ákærði aflaði með hasssölu, en lagt var hald á þetta 19. janúar 1977.

d) Um 1.109 gr af hassi, sem hald var lagt á 27. janúar 1978."

Ákærði er á sakhæfisaldri, nánar svo sem áður greinir, fæddur í Reykjavík 17. október 1954, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1972 25/4 í Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 5 mánuði frá 22/3 1972.

1972 18/12 í Reykjavík: Sakfelldur fyrir brot á 218. gr. hegningarlaga. Ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið í 2 ár.

1974 17/7 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða varðhald, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 17/7 1973.

1974 4/7 í Vestmannaeyjum: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir brot á 244., sbr. 256. gr. hegningarlaga.

1978 13/2 í Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1978 4/9 í Reykjavík: Sátt, 40.000 kr. sekt fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga.

1978 22/9 í Reykjavík: Dómur: 250.000 kr. sekt fyrir brot á 25., 26., 27., 37., 41. og 47. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 7/5 1977.

1979 22/2 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið 1 ár, fyrir brot á 218. gr. hegningarlaga. Dómur frá 17/7 1974 dæmdur með.

MÁLSATVIK.

Rannsókn sakaratriða í 1. og 2. ákærulið fór að mestu fram í ágúst og september 1975. Ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna

rannsóknarinnar frá 28. ágúst til 3. september. Af aðiljum, er öðrum fremur tengdust ákærða í máli þessu, sættu gæsluvarðhaldi þeir Gunnlaugur Björn Jónsson, fæddur 11. febrúar 1954, og Ásgeir Kristófer Ásgeirsson, fæddur 17. febrúar 1951.

Þá fór rannsókn á sakaratriðum í 3. ákærulið einkum fram í júní 1976.

Rannsókn sakaratriða í 4.—8. ákærulið fór einkum fram fyrstu mánuði árs 1977, og sætti ákærði gæsluvarðhaldi frá 20. janúar til 11. mars. Þá sættu eftirtaldir aðiljar, er öðrum fremur tengdust ákærða, gæsluvarðhaldi: Gunnlaugur Björn Jónsson ofangreindur, Björn Stefánsson, fæddur 26. janúar 1955, Ingi Þór Björnsson, fæddur 21. mars 1955, Elías Haukur Snorrason, fæddur 23. febrúar 1955.

Í ofangreindri rannsókn í byrjun árs 1977 hófst jafnframt rannsókn þeirra sakaratriða, er greinir í 10.—14. ákærulið, en vegna breyttra framburða aðilja og nýrrar stefnu, er rannsókn tók, tengdust þau sakaratriði rannsókn, er hófst hér í byrjun árs 1978. Var rannsókn sú mjög viðamikil, og komu þar við sögu fjölmargir aðiljar auk ákærða. Tók rannsókn þessi til sakaratriða í 10.—16. lið ákæruskjals. Ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna nefndrar rannsóknar og frá 24. janúar til 8. febrúar. Eftirtaldir aðiljar, er öðrum fremur tengdust ákærða, sættu einnig gæsluvarðhaldi: Áðurnefndur Björn Stefánsson, Magnús Árnason, fæddur 24. febrúar 1953, og Runólfur Þór Jónsson, fæddur 13. apríl 1956.

1. ákæruliður.

„Í júlí 1975 keypt í félagi við Gunnlaug Björn Jónsson í Kaupmannahöfn allt að 650—660 gr af hassi á danskar kr. 10.25 hvert gramm, sem þeir fluttu skömmu síðar hingað til lands, falið í farangri ákærða. Efnisins, sem þeir áttu að jöfnu, neyttu þeir að hluta, en fengu Ásgeir Kristófer Ásgeirsson til að selja fyrir sig allt að 460 gr af því á 7 bandaríkjadali hvert gramm."

Ákærði var yfirheyrður hér í dómi ítrekað tímabilið 28. ágúst til 3. september 1975, en neitaði sakargiftum, uns ákærði var samprófaður með Gunnlaugi Birni Jónssyni þann 3. september þ. á., en þá kvaðst ákærði reiðubúinn að skýra frá málavöxtum. Hér í dómi sama dag var svohljóðandi eftir ákærða bókað:

„Mætti kveðst áður hafa lýst langvarandi kunningsskap við Gunnlaug Björn Jónsson og hafi þeir m. a. verið á vertíð á sama báti fram á s.l. vetur. Þá hafi borist í tal þeirra á milli að drýgja

tekjur sínar með útvegun hassefna og endursölu að verulegum hluta. Mætti segir sér nokkuð óljósar í minni fjárhæðir, sem þeir félagar hvor um sig hafi í því skyni lagt fram. Láta muni þó mjög nærri, að mætti hafi útvegað 1/3 hluta fjár, en Gunnlaugur Björn 2/3 og báðir eftirstöðvar vertíðarlauna. Telur mætti sinn hlut nánar hafa verið um kr. 70.000 og Gunnlaug sennilega hafa lagt til kr. 140.000, eða heldur minna þó. Hafi þeir félagar seint í júní s.l. sótt um í Útvegsbanka Íslands s.n. ferðagjaldeyri, og mætti fengið jafnvirði 38.000 ísl. kr., nánar í hollenskum gyllinum, en Gunnlaugur sem samsvaraði helmingi lægri fjárhæð, eða nánar 65 ensk pund.

Hafi þeir félagar haldið áleiðis til Kaupmannahafnar í byrjun júlí s.l., nánar með hópferð frá Ferðaskrifstofunni Sunnu.

Þá hafi þeir félagar að farseðlum greiddum haft handa á milli ofangreindan gjaldeyri frá Útvegsbanka, 25.000 kr. í íslenskri mynt og allverulega fjárhæð í US$, sem Gunnlaugur hafi séð um að útvega, og kveðst mætti í því sambandi ekki vita nákvæma upphæð.

Mætti telur á þessu stigi ekki hafa verið afráðið, í hverjum eignarhlutföllum þeir félagar mundu skipta efnum, heldur aðeins að kaupa hassefni fyrir handbært fé.

Dvöl í Kaupmannahöfn hafi orðið um ein vika og fíkniefnakaupin orðið á því tímabili að mestu fyrir milligöngu Gunnlaugs Björns. Þó kveðst mætti hafa farið með honum eina ferð í s. n. Christianiuhverfi í Kaupmannahöfn til þess að svipast um eftir seljendum, en án árangurs. Mætti kveðst telja, að Gunnlaugur hafi að lokum samið um kaup á hassefnum af s. n. Afghan gerð og einingarverðið verið kr. 10.25 d. pr. gr. Kveðst mætti skömmu eftir kaupin hafa séð efnið í fórum Gunnlaugs og það verið í nokkrum misstórum plötuhlutum, nær svörtum að lit á ytra byrði, en dökkgrænum í skurð- eða brotsár. Gæðastimpill hafi verið á sumum plötuhlutum, nánar hringlaga með inngreyptu flúri, sem mætti telur sig ekki hafa skoðað náið. Mætti kveðst telja, að heildarefnismagn hafi verið „rúm 400 gr.".

Nánar aðspurður kveðst mætti viðurkenna að hafa í upphafi séð plötur í heilu lagi, en ekki muna, hve margar voru. Einnig að hafa eftir komu hingað til lands og ásamt Gunnlaugi vigtað efni, en heldur ekki muna þyngd í því sambandi. Eftir kaup ofangreind í Kaupmannahöfn kveður mætti hafa orðið að samkomulagi þeirra Gunnlaugs á milli, að mætti tæki allt efnismagnið í sinn farangur, nánar brúna handtösku og þar frágengið

í einum böggli. Þannig umbúin kveðst mætti hafa borið efni klakklaust í gegnum tollskoðun á Keflavíkurflugvelli eftir komu þangað flugleiðis frá Kaupmannahöfn ásamt Gunnlaugi um 10. júlí s.l. Eftir heimkomu hafi þeir Gunnlaugur tekið að leita fyrir sér um sölu efna og einkum stefnt að viðskiptum við varnarliðsmenn á Keflavíkurflugvelli. Hafi e. n. vinur Gunnlaugs, nánar grannvaxinn piltur með skollitað hár og yfirvaraskegg, ætlað að hafa þar um milligöngu, en töf orðið á í fyrstu, þar eð nefndur piltur hafi fyrst selt á Keflavíkurflugvöll um 300 gr af hassefnum á eigin vegum.

Samið hafi verið við nefndan pilt um, að hann skilaði þeim Gunnlaugi og mætta 7 US$ fyrir hvert selt gr. Þá hafi þeir mætti og Gunnlaugur, er hér var komið, verið orðnir á það sáttir að skipta til helminga kostnaði og efnum, enda yrði þá hagnaður og í sömu hlutföllum þeirra í milli.

Mætti kveðst telja, að samtals hafi nefndur piltur selt fyrir þá Gunnlaug alveg um 400 gr af hassefnum úr nefndri ferð og staðið skil á greiðslum fyrir það magn með 7 US$ pr. gr.

Er söluandvirði efna var að mestu komið mætta og Gunnlaugi í hendur, kveður mætti þá hafa afráðið að útvega efni til viðbótar."

Í niðurlagi ofangreinds þinghalds var bókuð eftir ákærða sú athugasemd, að nefndur piltur, er séð hafi um sölu efna fyrir þá Gunnlaug, sé kallaður „Geiri", búsettur í Hlíðum og lærður bifvélavirki.

Ákærði var þennan sama dag og hér í dómi samprófaður með Ásgeiri Kristófer Ásgeirssyni, fæddum 17. febrúar 1951. Nefndur Ásgeir sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa frá 17. til 23. ágúst 1975 og greindi sjálfstætt á því tímabili hér fyrir dómi að hafa í júlí þ. á. haft milligöngu um sölu 460 eða 490 gr af hassefnum frá Gunnlaugi B. Jónssyni og átt að skila honum 7 bandaríkjadölum fyrir hvert gramm.

Nefndur Ásgeir gerði eftirfarandi grein fyrir skilum söluandvirðis:

1. 600 US$ afhentir nefndum Gunnlaugi og ákærða á heimili ákærða við Drápuhlíð.
2. 1.400 US$ afhentir á sama stað og sömu aðiljum.
3. 300 US$, er ákærði móttók á heimili nefnds Ásgeirs.

Auk þess kvaðst nefndur Ásgeir hafa endurafhent Gunnlaugi 20—30 gr efna og það átt að reiknast til frádráttar skuld. Mis-

mun, nánar miðað við einingarverð 7 US$ pr. gr, kvaðst Ásgeir telja sig skulda Gunnlaugi persónulega.

Í ofangreindri samprófun kvað nefndur Ásgeir heildarmagn afhentra efna 390 gr, en skil söluandvirðis á sama veg og hér að ofan.

Að lokinni ofangreindri samprófun lýsti ákærði enn hér fyrir dómi heildarmagni til nefnds Ásgeirs og kvað það hafa verið 400 gr, en þess utan hafi þeir Gunnlaugur áður verið búnir að taka talsvert af efni til eigin neyslu og kunningja, „slíkt hafi ekki verið nákvæmlega vegið né mælt, en líklega þó ekki minna en af síðari sendingu".

Hér í dómi sama dag hafði ákærði lýst efnismagni til eigin neyslu úr annarri hasskaupaferð, er hann hér vék að, og kvað það hafa verið 50—60 gr til hvors þeirra.

Gunnlaugur Björn Jónsson, fæddur 11. febrúar 1954, lýsti hér fyrir dómi 26. ágúst 1975 utanför til hasskaupa í byrjun júlí 1975 ásamt félaga sínum, er hann ekki vildi nafngreina. Lýsti nefndur Gunnlaugur aðdraganda farar og efniskaupum á sama veg og ákærði, en taldi efnismagn hins vegar meira, en um kaup efnis í Kaupmannahöfn og heimflutning var eftir nefndum Gunnlaugi bókað svo:

„Við komu þangað hafi þeir félagar skipt handbærum gjaldeyri í d. kr., en auk þess ca 3.000 ísl. kr. Ekki kveðst mætti muna nákvæmlega heildarfjárhæð úr þeim skiptum, en litlu hafi þeir félagar eytt utan til eftirfarandi efniskaupa.

Mætti kveðst nánar hafa tekið að sér milligöngu um þau og spurst fyrir meðal sér málkunnugra aðila danskra í Christianiu s. n., og mætti þannig loks komist í samband við danskan efnisseljanda. Einingarverð hafi verið ákveðið 10.25 kr. d. pr. gr, og kveðst mætti hafa keypt hassefni fyrir rétt tæpar 7.000 d. kr.

Telur mætti, að heildarmagn samkvæmt því hafi verið 650—660 gr, nánar í tveim heilum plötum, mjög nærri 200 gr í hvorri, en auk þess plötuhlutum af sams konar gerð. Heilar plötur hafi verið aflangar og mjókkað til enda, þykkari í miðju, en þynnri til enda, efni nánast verið svart að lit á ytra byrði, en dökkgrænt í sárið. Á enda plötu hafi verið hringstimpill með ógreinilegri áletrun, en annar stimpill aflangur með hvössum hornum á hinum enda og áletrun einnig ógreinileg. Efni hafi verið rakt viðkomu og samkvæmt því sennilega ekki gamalt, enda gæði yfir meðallag.

Mætti telur hafa orðið að samkomulagi, að allt efnið yrði

falið í farangri kunningjans, nánar svo, að búið hafi verið um plötubúta í silfurpappír, en þeir bögglar vafðir flíkum og komið fyrir í ferðatösku kunningjans. Eftir heimkomu segir mætti svo hafa um samist, að þeir félagar ættu efnin til helminga.

Þeim hafi brátt orðið ljóst, að fjárfesting var of mikil og þá félaga skort fé. Hafi þeir átt mestan hluta efna óskertan í rúmlega tvær vikur utan það, er eyddist til eigin notkunar.

Þá hafi orðið að samkomulagi að selja hluta efna og kunninginn talið sig geta séð um þá hlið. Hafi kunninginn með samþykki mætta þá afhent 460 eða 480 gr aðila, sem mætti kveðst ekki fyrr en nokkru síðar hafa frétt, hver var, og sá þá reynst Ásgeir Kristófer Ásgeirsson, reyndar allgóður kunningi mætta. Rætt hafi verið um, að þeir félagar fengju 7 US$ pr. gr. Þrátt fyrir það greiðslufyrirkomulag kveðst mætti ekki vita, hvernig nefndur Ásgeir losaði sig við efni eða hverjum hann seldi. Slíkt hafi aldrei verið rætt. Mætti telur greiðslur lengi hafa dregist af hálfu Ásgeirs, en loks hafi hann greitt 1.095 US$ að mætta og kunningja báðum viðstöddum. Ljóst hafi verið, að þar var ekki um lokagreiðslu að ræða, en ekki hafi sérstaklega verið samið um eftirstöðvar né greiðslu þeirra. Nánar hafi Ásgeir fyrst greitt 595 US$ og þá um leið skilað til þeirra félaganna 20 gr efnis, skömmu síðar greitt 1.400$ og nokkru eftir það enn skilað mætta 10 gr efna."

Nefndur Gunnlaugur Björn nafngreindi síðan hér í dómi 28. ágúst 1975 félaga sinn, er getið er hér að ofan, og sem Birgi Guðmundsson, til heimilis að Drápuhlíð 38 hér í borg.

2. ákæruliður.

„Um mánaðamót júlí/ágúst 1975 keypt í Kaupmannahöfn fyrir sig og Gunnlaug Björn Jónsson allt að 675 gr af hassi og varið til þess ofangreindu söluandvirði. Efnið, sem þeir áttu að jöfnu og hugðust að megin hluta selja hér á landi í ágóðaskyni, flutti ákærði með sér hingað til lands og hafði í fyrstu í vörslum sínum að Stakkholti 3 í Reykjavík, en síðar í vörslum Gunnlaugs Björns að Sólheimum 27, þar sem lögreglumenn fundu fimmtudaginn 7. ágúst þann hluta þess, er ætlaður var til sölu, um 500 gr af efninu, og lögðu á það hald, en afganginum höfðu þeir þá skipt með sér til eigin nota."

Gunnlaugur Björn Jónsson áðurnefndur var handtekinn 7. ágúst 1975 vegna grunsemda um meðhöndlun fíkniefna. Við leit,

er fram fór þá í herbergi Gunnlaugs að Sólheimum 27 hér í borg, fundust um 500 gr af ætluðu hassefni.

Efni var vegið á skrifstofu ÁFD og vó samtals 502 gr. Efnið er geymt á skrifstofu ÁFD, merkt sýni nr. 109.

Framburðir nefnds Gunnlaugs hjá lögreglu og hér í dómi voru breytilegir, en hér í dómi og þann 26. ágúst 1975 gerði nefndur Gunnlaugur grein fyrir efnum og tilkomu þeirra, en tilgreindi þó ekki ákærða sem kaupanda efna fyrr en hér í dómi þann 28. ágúst sama ár.

Nefndur Gunnlaugur kvað afráðið, fljótlega eftir að hann og ákærði fengu í hendur söluandvirði hassefna úr síðustu ferð, sem lýst var hér að ofan, að ákærði héldi utan með allan gjaldeyri til frekari hasskaupa. Ákærði hafi síðan haldið einn flugleiðis til Kaupmannahafnar og komið þaðan aftur innan viku og þá með 650 gr af Marokkóhassefni, en auk þess 20—25 gr af dekkra efni. Kvað nefndur Gunnlaugur ákærða hafa komið með efni til landsins helgina áður en lögregla lagði hald á efni, en þeir í millitíðinni sýnt áðurnefndum Ásgeiri Kristófer hluta efna og lauslega ráðgert sölu hans á einhverjum hluta efna, en ekkert endanlega verið afráðið þar um. Nefndur Gunnlaugur kvaðst hafa geymt um 500 gr af Marokkóhassefninu í herbergi sínu, er lögregla lagði síðan hald á, en þess utan þá átt í tösku í eldhúsi um 8 gr af dökku efni og 55—60 gr af Marokkóhassi. Í sinn hlut, sérgreindan í tösku, kvaðst Gunnlaugur upphaflega hafa fengið um 70 gr af Marokkóefninu, en 10—12 gr af dökka efninu, mismunurinn hafi farið til eigin nota. Í fórum ákærða hafi átt eftir fyrstu skipti þeirra í milli að vera um 70 gr af Marokkóefni og líklega rúm 15 gr af dökka efninu.

Faðir nefnds Gunnlaugs, Jón . . ., var yfirheyrður hér í dómi 14. ágúst 1975 og skýrði þá svo frá að hafa frétt af handtöku sonar 8. s. m. og þann sama dag haft samband við sig fyrrverandi eiginkona sín, A B, og skýrt frá, að hún hefði í íbúð fundið meira af fíkniefnum en lögregla kvöldið áður við handtöku Gunnlaugs. Kvaðst nefndur Jón hafa án þess að hugleiða efnismagn lagt fyrir A að eyðileggja efni og hafi svo verið gert. Kvað nefndur Jón A hafa áætlað efnismagn um eða innan við 100 gr og hún þá eingöngu miðað við efnismagn, sem upphaflega fannst í íbúð.

Ákærði lýsti hér í dómi 3. september 1975 sakarefni í þessum ákærulið og utanför sinni til hasskaupa með söluandvirði efna

úr næstu ferð á undan, sem að ofan greinir. Í nefndu þinghaldi var eftir ákærða um ofangreint bókað:

„Kveðst mætti í því skyni, nánar sennilega 1. ágúst s.l., hafa haldið einn flugleiðis til Kaupmannahafnar og þá með í sínum fórum 1.400 US$ af söluandvirði efna úr fyrri ferð. Auk þess hafi þá verið greiddur farseðill mætta báðar leiðir. Mætti kveðst telja, að er hann réðst til nefndrar farar, hafi fyrrnefndur piltur verið búinn að greiða þeim Gunnlaugi og mætta allt söluandvirði efna utan að vísu 300 US$, sem hann hafi ekki gert fyrr en sennilega 13. ágúst s.l. og með vissu nokkru eftir að Gunnlaugur Björn var úrskurðaður í gæsluvarðhald. Nánar hafi nefndur piltur greitt mætta jafnvirði upphæðar í ísl. kr. og reiknað sem kr. 50.000.

Í síðari Kaupmannahafnarför kveðst mætti muna að hafa haldið ósparlega á fé og þannig í skemmtanir og óreglu eyðst drjúgum á fáum dögum.

Mætti kveðst þessu sinni telja sig hafa keypt hassefni fyrir 5.400 d. kr. og af gerðinni grænu Marokkó s. n. á kr. 9.00 d. pr. gr, utan þó tvær kúlur, 20 og 10 gr, af dökku efni, kölluðu Nepal, fyrir kr. 12.00 d. pr. gr. Kveðst mætti hafa keypt efni af sér ókunnum aðilum, sennilega þó dönskum, í fyrrnefndu Christianiuhverfi. Mætti kveðst hafa falið efni og flutt hingað til lands með öllum sama hætti og áður var lýst varðandi fyrri för. Efni hafi einnig nú átt að vera helmings eign hvors um sig, Gunnlaugs og mætta.

Ráðgert hafi verið að selja þau eftir sömu leið og áður fyrir milligöngu þarnefnds kunningja Gunnlaugs og með helmings ágóðaskiptum mætta og Gunnlaugs í milli. Ekki hafi þó endanlega verið búið að semja um söluverð, þegar mestur hluti efna féll í hendur lögreglu. Fyrst eftir komu hingað til lands með efni kveðst mætti hafa falið þau í herbergi að Stakkholti 3, þar sem mætti þá bjó ásamt vinkonu sinni. Þar hafi þeir Gunnlaugur m. a. skipt efni með vigtun í 100 gr einingar, en ekki kveðst mætti nú muna, hve margar slíkar urðu. Þá hafi þó nokkuð gengið af, en innan við 100 gr, og hafi þeir Gunnlaugur skipt því að jöfnu sín á milli. Auk þess áðurnefndu svörtu efni, en þannig þó, að nokkru meir af því hafi komið í hlut mætta, sennilega 16—17 gr og þá af þeirri tegund ca 11—12 gr í hlut Gunnlaugs. Kveðst mætti því telja, að út úr nefndri aukaskiptingu hafi samtals komið í hlut þeirra Gunnlaugs hvors um sig 50—60 gr af ofangreindum tveim efnistegundum. Nokkrum dögum síð-

ar kveðst mætti telja sig hafa afhent Gunnlaugi allt áðurnefnt sérvigtað magn í 100 gr einingum og ekki vita betur en að lögregla hafi skömmu síðar náð því öllu í fórum Gunnlaugs.

Sín áðurgreind 50—60 gr kveðst mætti að nokkru hafa notað til eigin reykinga, en fleygt afgangi, er mætti frétti um handtöku Gunnlaugs Björns."

3. ákæruliður.

„Í mars/apríl 1976 afhent Tryggva Lúðvík Skjaldarsyni kr. 80.000 til 90.000 til hasskaupa erlendis og nokkrum dögum síðar fengið hjá Tryggva Lúðvík að Dúfnahólum 4 í Reykjavík um 200 gr af hassi, neytt þess sjálfur að hluta og gefið og loks selt ýmsum aðilum hvert gramm ýmist á kr. 1.200 eða 1.400 fyrir samtals allt að kr. 80.000—90.000."

Ákærði og tveir kunningjar hans, Gunnlaugur Björn Jónsson og Tryggvi Lúðvík Skjaldarson, sammæltust um mánaðamótin mars/apríl 1976 um að leggja fram fé til hasskaupa í Kaupmannahöfn. Gunnlaugur Björn lagði fram 100.000 kr., ákærði 80—90.000 kr., en nefndur Tryggvi samþykkti að halda utan til kaupanna og kostaði sína flugfarmiða, enda svo um samið, að andvirði þeirra, kr. 44.000, teldist framlagshluti Tryggva. Nefndur Tryggvi hélt síðan utan flugleiðis þann 5. apríl sama ár. Í Kaupmannahöfn, nánar svonefndu Christianíuhverfi, keypti Tryggvi hassefni, er hann ætlaði 660—670 gr, á 8.50—11.00 d. kr. hvert gramm, en hassið reyndist, er heim kom, 600 grömm. Efnið bútaði Tryggvi niður og faldi í sælgætisöskju, er hann keypti gagngert til þessara nota á Keflavíkurflugvelli á leið til Kaupmannahafnar. Þannig leyndi Tryggvi efninu í farangri sínum, er hann kom hingað flugleiðis 10. sama mánaðar. Við heimkomu varð að samkomulagi þeirra félaga að leggja til grundvallar sem skiptitölu kr. 1.200 hvert gramm. Þannig fékk Tryggvi í sinn hlut jafnvirði áðurgreindra flugmiða, en Gunnlaugur Björn og ákærði í hlutfalli við framlög. Afgangi var síðan skipt í þrjá jafna hluta.

Fyrir dómi þann 22. júní sama ár lýsti nefndur Tryggvi því, að þannig hefði komið í sinn hlut u. þ. b. 125 gr af hassi, en ákærði og Gunnlaugur Björn hvor um sig fengið nærri helming afgangs. Ákærði bar hins vegar fyrir dómi þann 30. júní sama ár, að í sinn hlut hefðu komið um 200 gr af hassi, nokkru meira í hlut Gunnlaugs Björns, en vel innan við 200 gr í hlut Tryggva. Gunnlaugur Björn, er kom fyrir dóm þann 13. septem-

ber sama ár, kvað í sinn hlut hafa komið rúmlega 200 gr af hassi, ákærða nálægt 200 gr, en Tryggva 150—200 gr. Ákærði og Gunnlaugur báru þó á sama veg og ákærði um reglu þá, sem lögð var til grundvallar við efnisskiptingu.

Ákærði bar í ofangreindu þinghaldi að hafa að mestu notað sinn efnishluta sjálfur, en kvaðst þó hafa gefið kunningjum talsvert. Þá kvaðst ákærði hafa selt af efnum, sem nam 40—50 gr, og einingarverð í því sambandi ýmist 1.200 eða 1.400 kr. og kaupendur jafnan sér ókunnir aðiljar á skemmtistöðum.

Ákærði var yfirheyrður hér í dómi 18. febrúar 1977 vegna annarrar rannsóknar, en bar þá einnig á sama veg um ofangreint.

Í sambandi við framangreinda rannsókn var þann 30. ágúst 1976 gerð leit að sakargögnum, og fundust þá tvær pípur, er ákærði viðurkenndi að hafa notað til hassreykinga. Við líkamsleit, sem framkvæmd var á ákærða við sama tækifæri, fannst hvítt duft, vafið í bréfmiða. Bréfmiðinn með duftinu var veginn á skrifstofu fíkniefnadeildar og reyndist 1.3 gr og merktur sýni nr. 175 a.

Ofangreint sýni var sent til greiningar á Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands, og voru niðurstöður próf. Þorkels Jóhannessonar eftirfarandi með bréfi, dags. 10. september 1976.

„Ávana- og fíknilyf og efni —
Matsgerð nr. 245:

Rannsóknastofunni hefur borist sýni nr. 175 a með tilliti til rannsóknar á örvandi efnum, sbr. beiðni, dags. 1. 9. 1976. Sýnið var um það bil 0.2 gr af hvítu dufti. Síðar bárust 0.3 g af sýninu til viðbótar.

Með ljósfallsmælingu í útfjólublá ljósi, gasgreiningu á súlu, rannsókn á snúningi pólaðs ljóss og súlfatprófi mátti staðfesta, að sýnið væri sem næst hrein racaemísk blanda af *levo-* og *dextro*-amfetamínsúlfati.

Amfetamín (*levo*-amfetamín) og dexamfetamín (*dextro*-amfetamín) teljast til ávana- og fíknilyfja, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 338/1973, sbr. einnig reglugerð nr. 231/1976. Enn fremur skal vísað til auglýsingar nr. 230/1976."

4. og 6. ákæruliður.

„4. Í seinni hluta apríl 1976 farið ásamt Birni Stefánssyni til Amsterdam gagngert til kaupa á hassefnum, en til kaupanna

höfðu þeir eigið fé og fé frá Gunnlaugi Birni Jónssyni og Magnúsi Árnasyni, samtals um kr. 700.000, og í borginni keypt samtals allt að 2 kg af hassi á 3 gyllini hvert gramm og flutt það með sér til Rotterdam í því skyni að fá efnið flutt til Íslands, en ákærða tókst ekki þá þegar að koma efninu í hendur flutningsaðila og setti það því í geymslu í borginni um skeið."

„6. Í júní 1976 að Miklubraut 72 í Reykjavík tekið við þeim allt að 2 kg af hassi, sem um ræðir í 4. lið af Birni Stefánssyni, og auk þess 200—250 gr af hassi í eigu Elíasar Hauks Snorrasonar. Afhent nefndum Birni samtals um 200 gr af hassinu og um kr. 200.000.00, sem var hlutur Björns í hassinu, sbr. 4. lið, og greiðsla til hans fyrir heimflutning þessara efna. Afhent Inga Þór Björnssyni samtals um 3—400 gr af hassi, sem ákærði átti ásamt Gunnlaugi Birni Jónssyni, og fóru afhendingar fram að Miklubraut 72 í Reykjavík, og seldi nefndur Ingi Þór síðan efnið fyrir ákærða á um kr. 1.100.00 hvert gramm. Skömmu síðar að Miklubraut 72 afhent nefndum Inga Þór ofangreint hassefni í eigu Elíasar Hauks Snorrasonar. Afhent Tryggva Lúðvík Skjaldarsyni að Þórustöðum í Ölfusi um 300 gr af hassinu, sem taldist hlutur Magnúsar Árnasonar í ofangreindum 2 kg, sbr. 4. lið.

Hluta þeirra hassefna, sem ákærði hafði þá eftir í vörslum sínum og hann átti ásamt nefndum Gunnlaugi Birni, seldi ákærði nokkrum nafngreindum mönnum, oftast í Reykjavík, t. d. Ásgeiri Kristófer Ásgeirssyni, Alfreð Adolfssyni, Runólfi Þór Jónssyni, Halldóri Dungal Gíslasyni, samtals a. m. k. um 600 gr, og var söluverð hvers gramms oftast um kr. 1.100.00—1.400.00, en afgang þessara efna, um 500 gr af hassi, hafði ákærði svo að mestu leyti til eigin nota."

Ákæruliðir 4 og 6 þykja svo nátengdir, að rétt þykir að rekja málsatvik þá varðandi í samfellu.

Framburðir ákærða hjá lögreglu og hér í dómi voru breytilegir, en hér í dómi 8. mars 1977 kemur fram endanlegur framburður ákærða ofangreint varðandi.

Í nefndu þinghaldi kvaðst ákærði hafa nálægt 20. apríl 1976 haldið flugleiðis til Kaupmannahafnar ásamt Birni Stefánssyni og þaðan með lest til Amsterdam til hasskaupa. Ákærði kvaðst ásamt Gunnlaugi Birni Jónssyni hafa lagt til hasskaupanna 400.000 kr., er þeir áttu að jöfnu, Björn áðurnefndur 100.000 kr., en Magnús Árnason lagt fram um 200.000 kr.

Ákærði kvaðst ásamt nefndum Birni í Amsterdam hafa keypt

700 gr af meintum hassefnum, en efni reynst svikið og ónýtt með öllu. Þá hafi þeir af nokkrum leigubifreiðarstjórum keypt þrjár hasstegundir, nánar ljósgrænt Marokkóhass, tyrkneskt hass og Afghanistanefni, alls mjög nærri 2 kg, og einingarverð í öllum tilvikum verið 3 hollensk gyllini pr. gr. Þá hafi þeir Björn og ákærði haldið með efni til Rotterdam í því skyni að fela það til flutnings Kristjáni R. Walsh, en Björn hafi hins vegar haldið frá Rotterdam þegar næsta dag. Ákærði kvaðst hafa beðið Kristjáns í nokkra daga án árangurs, en sá verið væntanlegur þangað með m/s Tungufossi. Kvaðst ákærði síðan hafa komið efnum í geymslu á járnbrautarstöð og haldið til Kaupmannahafnar og þar hitt Elías Hauk Snorrason, en ákærði kvaðst réttilega hafa lýst hér fyrir dómi 18. febrúar 1977 afhendingu á nefndum geymslumiða fyrir hassefnum til Elíasar Hauks, er hafi í maí 1976 ásamt Gunnlaugi Birni Jónssyni haldið til Amsterdam og síðan til Rotterdam í því skyni að útvega flutning með skipi á nefndum hassefnum þar í geymslu. Þeim félögum hafi mistekist að koma efnum sem ætlað var í hendur Kristjáns R. Walsh til flutnings, en hins vegar hafi nefndur Björn Stefánsson, er einnig var á íslensku farskipi, tekið að sér flutning. Ákærði kvað Björn Stefánsson síðan í júníbyrjun sama ár og að Miklubraut 72 hafa afhent sér u. þ. b. 2 kg, sem þeir félagar höfðu áður keypt og komið var fyrir í geymslu í Rotterdam, en auk þess 240—250 gr af svörtu Citralhassi og 500 gr af sviknu efni, er nefndur Gunnlaugur og nefndur Elías Haukur keyptu í Amsterdam.

Ákærði staðfesti að hafa réttilega lýst ráðstöfun efna hér í dómi 18. febrúar 1977, en þó þurfa þar við að bæta, er rakið verður hér á eftir:

Í nefndu þinghaldi kvaðst ákærði hafa afhent Birni 15% af efnum í eigu Elíasar Hauks og þannig 30—40 gr af ósviknu efni, en afgang í sviknu, en fyrir efni í eigu ákærða og Gunnlaugs Björns greitt honum nærri 100.000 kr. Hafi 200 gr af efnishluta ákærða og Gunnlaugs Björns reynst svikin, en sennilega 500 gr af hluta Elíasar Hauks. Kvaðst ákærði hafa afhent Inga Þór Björnssyni allan efnishluta Elíasar og þá sennilega 500 gr af svikna efninu og rúm 200 gr af hinu ósvikna. Hins vegar kvaðst ákærði hafa fleygt hinum 200 sviknu gr af efnishlut sínum og Gunnlaugs. Í nefndu þinghaldi var bókað svo eftir ákærða um dreifingu efna:

„Áður en Inga Þór var afhent ofangreint, kveðst mætti reynd-

ar hafa fengið hann til að selja af efnishluta mætta og Gunnlaugs, líklega þó varla nema um 150 gr samtals.

Af efnishluta sínum og Gunnlaugs kveðst mætti muna að hafa selt eftirfarandi auk 150 gr til Inga Þórs:

1) Halldór Dungal um 150 gr.
2) Ásgeir Kristófer Ásgeirsson um 100 gr.
3) Tryggvi úr Keflavík, nú sennilega á Litla-Hrauni, 10—15 gr.
4) Siggi „rauði", sem þá hafi verið búsettur að Miklubraut, 72 — 15 gr.
5) Alfreð Adolfsson um 50 gr.
6) Ólafur Þór Jónsson um 10 gr.
7) Tryggvi Skjaldarson um 10 gr.
8) Árni Möller um 10 gr.
9) Einar Ingólfsson um 10 gr.

Hinir fjórir síðastnefndu allir búandi að Þórustöðum í Ölfusi. Einingarverð til ofangreindra hafi verið nokkuð misjafnt, en á bilinu 1.100—1.400 kr. pr. gr.

Af hagnaðarhlut kveðst mætti vegna ofangreinds telja sig hafa jafnað reikninga við Gunnlaug Björn og þannig greitt honum í peningum vel yfir 200.000 ísl. kr. Elías Haukur hafi síðar flutt nokkuð af því fé til Gunnlaugs, en annað af mætta sent í nokkrum bréfasendingum til Gunnlaugs í Kaupmannahöfn.

Sínum hluta kveðst mætti að nokkru hafa eytt í óreglu, en að hluta til frekari fíkniefnakaupa, sem brátt verði að vikið."

Eins og að ofan greinir, kvaðst ákærði í þinghaldi 8. mars 1977 þurfa við að bæta framangreindan framburð um ráðstöfun efna. Kvaðst ákærði hafa afhent Runólfi Þór Jónssyni 200 gr, er sá hafi selt fyrir sig, en jafnframt hafi Magnús Árnason fyrir framlag fengið 500 gr af ósviknum efnum, en auk þess óvisst magn af hinum sviknu, enda hluthafar skipt þeim á sig eins og tjóni að tiltölu við framlag. Kvaðst ákærði hafa frétt, að Magnús Árnason væri um þær mundir erlendis, og því nærri miðjum júní komið efnishluta hans í geymslu að Þórustöðum í Ölfusi hjá Tryggva L. Skjaldarsyni með skilaboðum eða beiðni um, að sá kæmi efnum síðar í hendur Magnúsar. Síðar þennan sama dag og hér í dómi breytti ákærði enn framburði sínum varðandi efnisafhendingu til nefnds Tryggva L. Skjaldarsonar og kvaðst hafa afhent honum sem hlut Magnúsar pakka, er innihélt nærri 200 gr af sviknum efnum og 300 gr af hinum ósviknu.

Gunnlaugur Björn Jónsson, fæddur 11. febrúar 1954, lýsti hér

fyrir dómi 23. febrúar 1977 að hafa í lok apríl 1976 ásamt ákærða skipulagt og fjármagnað för til Amsterdam til kaupa á hassefnum og kvað framlagshluta hvors hafa verið 200.000 kr. og ákærði haldið utan.

Nefndur Gunnlaugur kvað ráðgert hafa verið, að Kristján Róbert Walsh annaðist flutning efna frá Rotterdam sjóleiðis með m/s Tungufossi, en það stefnumót muni hafa misfarist og ákærði komið efnum í geymslu á járnbrautarstöð í Rotterdam og nokkru síðar komið hingað til lands flugleiðis.

Í nefndu þinghaldi lýsti nefndur Gunnlaugur síðan utanför í maí s. á. til að nálgast efni, og var þá eftir nefndum Gunnlaugi bókað:

„Þann 24.5.76 kveðst mætti hafa haldið flugleiðis til Kaupmannahafnar öðrum þræði til að stunda þar vinnu, en jafnframt hugleitt að skreppa til Rotterdam og koma fyrrnefndum efnum í hendur flutningsaðila. Elías Haukur Snorrason hafi í Kaupmannahöfn slegist í þá för með mætta og síðar í Amsterdam keypt 1 kg af efnum, er vera átti hass, en reyndist svikið og var strax fleygt. Einnig um 200 gr af ósviknum hassefnum af tegundinni svartur Pakistan. Mætti kveðst í Rotterdam á fyrrnefndum geymslustað hafa vitjað efna í sinni eign og Birgis. Mætti endurtekur á sama veg og í dskj. 27 lýsingu á umbúnaði efna þar. Pakkar hafi verið 3 eða fremur 4 að meðtöldum 200 gr Elíasar. Mætti kveðst ekki hafa opnað pakka, en áætla þyngd hvers þriggja rétt um 700 gr og síðar hafa frétt, að þar hafi verið um að ræða þrjár tegundir og jafnmikið, eða um 700 gr af hverri:

I. Grænt Marokkóhass.
II. Líbanonhass í smáum plötum, eða 40—45 gr hver.
III. Svart efni, er síðar reyndist svikið og ekki fíkniefni.

Mætta og Elíasi Hauk hafi öðru sinni mistekist að hitta Kristján R. Walsh í Rotterdam og þá hugkvæmst að snúa sér til Björns Stefánssonar, skipverja á m/s Reykjafossi, þá stöddum í nefndri borg. Sá hafi eftir fortölur tekið að sér flutning gegn 20% þóknun af efnismagni.

Mætti endurtekur á sama veg og í dskj. 27 lýsingu á afhendingu efna um borð í nefnt skip. Einnig um för sína og Elíasar Hauks að því loknu frá Rotterdam til Kaupmannahafnar, en síðar för Elíasar þaðan til Reykjavíkur, nánar 17. júní 1976 og þá á flugfarmiða mætta áðurnefndan.

Um hálfum mánuði síðar hafi Elías Haukur aftur komið flug-

leiðis til Kaupmannahafnar og þá staðfest, að hluti efna hafi verið alónýtur, en jafnframt fært mætta um 260.000 ísl. kr., sem hafi talist sameiginlegur hluti mætta og Birgis af sölu nýtilegra efna í þeirra eign samkvæmt ofanskráðu, og kveðst mætti miða við, að það magn hafi verið um 500 gr. Auk þess muni Birgir hér á landi um þessar mundir hafa greitt 50.000 kr. víxilskuld fyrir mætta. Af nefndum 260.000 kveðst mætti hafa greitt 50.000 til Elíasar Hauks sem skuld, en ráðstafað öðru í Amsterdam í næstu ferð þangað þá skammt undan."

Björn Stefánsson, fæddur 26. janúar 1955, var yfirheyrður hér fyrir dómi 21. febrúar 1977, þá í gæsluvarðhaldi vegna máls þessa. Kvaðst nefndur Björn skömmu fyrir páska 1976 hafa falað hassefni hjá ákærða án árangurs, en ákærði þá hins vegar gert sér boð að kosta ferðir til hasskaupa í Hollandi, ef nefndur Björn tæki að sér leiðsögn og túlkun við hasskaup þar. Nefndur Björn kvaðst þegar næsta morgun ásamt ákærða hafa haldið flugleiðis til Kaupmannahafnar, en þaðan með lest til Amsterdam. Kvaðst nefndur Björn hafa haft meðferðis 130.000 ísl. kr., ætlaðar að mestu eða öllu til hasskaupa fyrir sig persónulega. Nefndur Björn kvað þá hafa í Amsterdam verið svikna í viðskiptum, en loks keypt um 1100 gr af Marokkóhassi og 4 plötur af hörðu dökku hassi, um 45 gr hver plata, en af síðastnefnda efninu hafi eitthvað verið notað ytra. Ekki kvaðst nefndur Björn geta fullyrt um efnismagn, því það ekki vegið ytra. Frá Amsterdam hafi þeir síðan orðið samferða til Rotterdam þeirra erinda, að ákærði kæmi efnum til flutnings í hendur skipverja á Tungufossi, kölluðum Kidda. Kvaðst nefndur Björn síðan hafa haldið frá Rotterdam á undan ákærða og flugleiðis hingað til lands, en eftir heimkomu ákærða nokkrum dögum síðar frétt, að efni hafi ekki komist í skip og verið skilið eftir á járnbrautarstöð í Rotterdam.

Nefndur Björn lýsti í sama þinghaldi för sinni til Hollands með m/s Reykjafossi, og var þar um eftir nefndum Birni bókað:

„Mætti kveðst þegar að loknu námi í Vélskóla og síðast í maí hafa skráð sig á m/s Reykjafoss og það skip fáum dögum síðar haldið til Hollands, en þó hafi verið við brottför fullkomin óvissa um viðkomustaði skips og mætti þegar af þeim sökum hvorki beðinn um né hafa hugleitt afskipti af ofangreindum fíkniefnum í Rotterdam. Skipið hafi hins vegar í raun haldið beint til Rotterdam og skömmu fyrir brottför þaðan, 2—3 dögum síðar, til mætta komið maður, sem hann hvorki fyrr né síðar þess utan

kveðst hafa hitt. Hafi sá maður verið með sérkennilega hermannatösku eða poka, sem mætti kveðst þegar hafa endurþekkt sem ystu umbúðir hassefna áður í Amsterdam, keyptra af mætta og Birgi Bótólfi. Kveðst mætti nánast að fyrra bragði hafa vikið sér að manni, enda í ljós komið, að sending var mætta ætluð til flutnings. Mætti kveðst viss um að geta endurþekkt nefndan mann og telja, að þar hafi á ferð verið piltur, er nú muni sitja í fangelsi í Kaupmannahöfn og vera kallaður Elli.

Mætti kveðst um borð hafa skoðað umbúðir og með vissu kannast við sem hinar sömu og áður er lýst, að mætti og Birgir hafi frá gengið í Rotterdam, en aukapakki einnig, sem mætti kveðst hafa talið augljóst, að væri fyrir nefndan Ella, en Birgi Bótólfi ætlaður. Mætti kveðst hafa roðið aukapakka sápuefnum og þvotta, eins og þeir Birgir hefðu áður frá gengið fyrrnefndum þrem pökkum í Rotterdam. Nefnda pakka fjóra kveðst mætti hafa falið í klefa sínum, nánar í blástursofni og úr honum fjarlægt glerull eða rykrýju úr lokuðu hólfi og það þá með harmkvælum rúmað nefnda pakka fjóra.

Mætti segir hafa verið út frá því gengið sín í milli og Birgis í Rotterdam, að vísu aðeins sem umræðugrundvöll, að vegna fjárframlags mætta áðurnefnds hafi hann talist eiga um 20% af efnismagni.

Í samræmi við það sjónarmið kveðst mætti eftir komu hingað til lands hafa vigtað af efnum sem sinn byrjunarhlut 140 gr af svarta efninu svikna og fleygt því síðar, en auk þess 160 gr af hinu nýtilega. Mætti kveðst hafa vitað, að ofangreint var þó ekki 20%, en hugsað afgang sem inneign hjá Birgi Bótólfi.

Eftir það og samkvæmt undangengnu símtali hitt Birgi að Miklubraut og afhent honum afgang sameiginlegs efnishluta, skýrt, hvað mætti hefði tekið, og að hann teldi sig því enn eiga inneign hjá Birgi.

Birgir hafi ekki virst kannast við nefndan aukapakka, en þó við honum tekið eftir útskýringar mætta, hvaðan sá væri ættaður. Þá hafi mætti séð þann pakka opnaðan og í honum verið á að giska án vigtunar 150—200 gr af dökku efni, kölluðu svartur Pakistan, og mjög sterku efni. Af því kveðst mætti með samþykki Birgis fyrir flutning þess hafa fengið 25 eða 35 gr. Auk þess hafi í pakka verið sennilega rúm 200 gr af efni, er reyndist svikið og með öllu ónýtt. Mætti kveðst einnig hafa af því fengið hlut fyrir flutning, en ekki lagt á minnið, enda strax hent. Þá hafi svo um samist, að mætti fengi og peningagreiðslu

fyrir flutning á efnishluta Birgis. Hafi verið rætt um 200 þús., en mætti hins vegar í mörgum smærri greiðslum móttekið hjá Birgi 150—200 þús., en þó ekki síðarnefnda upphæð."

Hér fyrir dómi 18. apríl 1977 lýsti Elías Haukur Snorrason, fæddur 23. febrúar 1955, að hafa í apríl 1976 í Kaupmannahöfn hjá ákærða móttekið geymslumiða að hassefninu, er ákærði kvaðst hafa keypt í Rotterdam og í því skyni, að nefndur Elías Haukur síðar héldi til Rotterdam, tæki efni úr geymslu og kæmi í hendur flutningsaðilja. Kvað Elías Haukur þessa aðilja vera Björn Stefánsson og pilt, kallaðan Kidda, en þeir báðir verið á íslenskum farskipum um þær mundir. Í nefndu þinghaldi var eftir Elíasi Hauki um Hollandsferð í maí 1976 eftirfarandi bókað:

„Sennilega seint í þeim mánuði kveðst mætti hafa haldið frá Kaupmannahöfn til Amsterdam og síðar Rotterdam ásamt Gunnlaugi Birni Jónssyni annars vegar til frekari efniskaupa, en hins vegar að senda hingað til lands áðurnefnd efni úr geymslu. Áður kveðst mætti hafa réttilega lýst, er hann í nefndri för keypti 1½ kg af efnum, er reyndust svikin og ónýt, en einnig um 200 gr af nýtilegum efnum. Þá ásamt nefndum Gunnlaugi sótt margnefnd efni í geymslu á járnbrautarstöð og komið til flutnings í hendur Björns Stefánssonar, þá skipverja á Reykjafossi, og gegn 15% flutningsþóknun. Jafnframt hafi Björn á þeim kjörum flutt ofangreind 200 gr mætta, en auk þess 200—300 gr af hinu ónýta efni og átt að færa Birgi Guðm. hvort tveggja. Mætti kveðst ekki geta áætlað, hvert efnismagn Birgir átti í geymslunni, né vita, hvort Gunnlaugur eða aðrir áttu þar af. Mætti ítrekar, að sér vitanlega hafi Gunnlaugur engin efni keypt í þessari ferð og eingöngu samkvæmt beiðni mætta orðið honum samferða í öryggisskyni vegna fjármuna og til þess að draga úr svikahættu. Mætti hafi því kostað ferðir og dvöl Gunnlaugs.

Mætti kveðst, sem áður sé lýst, hafa komið hingað til lands flugleiðis 17. júní s. l. og dvalið fram í byrjun júlí. Á þeim tíma frá Inga Þór fengið smávægilegar eftirstöðvar hassefna til eigin nota, en einnig söluandvirði fyrrnefndra 150 gr og loks 300.000 kr. útborgun vegna áðurgreindrar íbúðarsölu."

Ingi Þór Björnsson, fæddur 21. mars 1955, sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa og viðurkenndi dreifingu hassefna fyrir Inga Þór og Elías Hauk Snorrason. Nefndur Ingi Þór lýsti hér í dómi þann 25. janúar 1977 móttöku hassefna frá ákærða í fyrri hluta júní 1976 og afhending farið fram að Miklubraut 72 hér í borg. Ingi Þór kvaðst við þetta tækifæri í fórum

ákærða hafa séð tvenns konar hassefni, annars vegar svonefnt Tyrkja og hins vegar dökkt Afganistanefni. Hafi verið umsamið, að Ingi Þór seldi efni og skilaði ákærða 1.100 kr. pr. gr. Kvaðst Ingi Þór þannig hafa í 2—3 ferðum sótt til ákærða alls líðlega 400 gr og selt nafngreindum aðiljum. Meðan á sölu nefndra efna fyrir ákærða stóð, kvað Ingi Þór Elías Hauk hafa hringt í sig frá Kaupmannahöfn og tjáð sér, að ákærði hefði móttekið efni frá Elíasi, er Ingi Þór hafði tekið að sér að selja fyrir Elías. Kvað Ingi Þór þá hafa haft samband við ákærða og hjá honum hafa móttekið annars vegar svikið efni, 370 gr, en 150 gr af nýtilegu efni, en síðan hafa byrjað sölu nýtilega efnisins til nafngreindra aðilja.

Elías Haukur hafi hins vegar komið hingað til lands 17. júní og þá verið talsvert óselt af nefndum 150 gr og Elías Haukur þá móttekið eftirstöðvar efnis og þær gengið til þurrðar. Ingi Þór kvað þá jafnframt hafa komið upp ágreining milli Elíasar og ákærða á þá leið, að ákærði hefði átt að afhenda Inga Þór meira efnismagn, en ákærði borið því við, að flutningsaðili hafi í sinn hlut áskilið sér meir en áður var um samið. Ingi Þór kvað hins vegar fjármál sín og Elíasar hafa verið gerð upp án ágreinings.

Magnús Árnason, fæddur 24. febrúar 1953, var yfirheyrður hjá lögreglu og hér í dómi 10. mars 1977 og viðurkenndi þá að hafa í maí 1976 við vin sinn Gunnlaug Björn Jónsson og í viðurvist ákærða ráðgert að festa fé í kaupum hassefna og líklega lagt fram 230.000 kr. með þeim skilmálum að þurfa ekki að koma nærri kaupum, innflutningi eða dreifingu nefndra efna, en í staðinn átt að fá til baka tvöfalt upphaflegt framlag, en frá byrjun verið ráðgert, að Tryggvi Skjaldarson, Þórustöðum í Ölfusi, annaðist sölu á efnishluta sínum. Kvaðst nefndur Magnús ekki hafa aðra vitneskju um heildarmagn hassefna, er nefndur Tryggvi hafi móttekið fyrir sína hönd frá ákærða, en orð Tryggva, en hann talað um, að efnismagn hafi verið á bilinu 400—600 gr, þó þannig, að 40—50% efna hafi verið svikin. Kvað Magnús Tryggva hafa afhent sér 50.000 kr. vegna efnissölunnar og afgang nýtilegra efna í ágúst s. á., en ekki geta fullyrt, hve mikið Tryggvi hafi selt af efnum.

Ofangreindur Tryggvi Lúðvík Skjaldarson, fæddur 12. janúar 1954 í Reykjavík, var yfirheyrður hér í dómi 11. febrúar 1980 og neitaði þá aðspurður að hafa í júní—júlí 1976 tekið við hassefni frá ákærða, er Magnús Árnason hafi átt. Þá kvaðst nefndur

Tryggvi Lúðvík ekki hafa keypt nein hassefni af ákærða sumar 1976 eða ár 1977.

Halldór Dungal Gíslason, fæddur 29. maí 1957, var yfirheyrður hér í dómi 12. ágúst 1976 og lýsti þá kaupum á hassefnum af ákærða í júní—júlí það ár. Nefndur Halldór kvaðst fyrst hafa keypt 30 gr af hassefnum af ákærða og fyrir greitt kr. 33.000. Hafi efnið verið í nokkrum ljósum kögglum og dekkri plötubrotum, en afhending farið fram heima hjá ákærða. Nefndur Halldór kvaðst raunar hafa keypt efnið fyrir fé, er nafngreindur aðili hefði lagt fram til kaupanna, en sá óskað eftir meira magni efnis. Af því tilefni kvaðst nefndur Halldór fljótlega hafa haft samband við ákærða og hann getað útvegað 80 gr. Kvaðst Halldór við svo búið hafa rætt við nefndan framlagsaðilja og sá lagt fram kr. 96.000 fyrir efnum, en kvaðst sjálfur hafa haldið á fund ákærða og greitt honum kr. 88.000 fyrir þessi 80 gr, en síðan fyrir afgang fjár keypt 6—7 gr efnis fyrir sjálfan sig.

Ofangreindur Páll Sverrisson, fæddur 22. nóvember 1952, bar í yfirheyrslu hjá lögreglu 6. júní 1977 og 19. júní s. á. að hafa í maí—júní 1976 keypt 15 gr af hassi af ákærða á kr. 1.400 hvert gramm og afhending farið fram að Laugavegi 71 hér í borg.

Ofangreindur Runólfur Þór Jónsson, fæddur 13. apríl 1956, var yfirheyrður hér í dómi þann 25. apríl 1978. Ekki verður séð af gögnum málsins, að nefndur Runólfur hafi gengist við ofangreindri sölu 200 gr af hassefni fyrir ákærða í júní 1976.

Ofangreindur Einar Ingólfsson, fæddur 29. nóvember 1951, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 10. maí 1978 og neitaði þá aðspurður að hafa árið 1976 keypt af ákærða hassefni.

Ofangreindur Árni Möller, fæddur 18. janúar 1952, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 15. desember 1977 og neitaði þá að hafa móttekið hassefni frá ákærða.

Ofangreindur Alfreð Adolfsson, fæddur 20. nóvember 1954, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 29. janúar 1977 og bar þá m. a. um hasskaup af ákærða sumar 1976, er ákærði bjó að Miklubraut 72. Kvaðst hann ekki geta gert fulla grein fyrir efnismagni, en það verið 300—500 gr og verð 1.100—1.150 kr. hvert gramm.

Ásgeir Kristófer Ásgeirsson, fæddur 17. febrúar 1951, var yfirheyrður hjá lögreglu 23. febrúar 1977 og viðurkenndi þá margítrekuð hasskaup af ákærða allt frá vori 1976, en afhendingar verið margar og efnismagn lítið, en framburður nefnds Ásgeirs var mjög rúmur og óljós.

Ofangreindur Ólafur Þór Jónsson, fæddur 13. mars 1954, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 27. febrúar 1978 og kvaðst aðspurður ekki hafa átt við ákærða fíkniefnaviðskipti, en ákærði hefði haft á orði við sig að hafa gefið upp eitthvert magn hassefna til sín, þá er ákærði sætti gæsluvarðhaldi sumarið 1976.

5. ákæruliður.

„Í maí 1976 flutt með sér um 600 gr af hassi hingað til lands frá Kaupmannahöfn fyrir Elías Hauk Snorrason og afhent Inga Þór Björnssyni efnið að Bólstaðarhlíð 58 í Reykjavík, nema um 80—100 gr, sem ákærði hélt eftir sem greiðslu fyrir flutning efnisins og neytti þess að mestu sjálfur."

Elías Haukur Snorrason áðurnefndur var yfirheyrður hér fyrir dómi 8. mars 1977 og 18. mars s. á. og lýsti þá Kaupmannahafnarför í apríl 1976. Nefndur Elías kvaðst hafa haldið til Kaupmannahafnar með 200.000 kr., er hafi verið hluti söluandvirðis íbúðar, og þar keypt tæp 600 gr af hassefnum. Þar kvaðst Elías hafa hitt ákærða, er tekið hefði að sér að flytja framangreint efnismagn til Íslands gegn 15% af efni fyrir flutning, en þar skv. fyrri ráðagerð Elíasar átt að afhenda efni Inga Þór Björnssyni til dreifingar. Elías kvaðst síðar frá nefndum Inga Þór hafa fengið sent til Kaupmannahafnar söluandvirði ofangreindra efna, nánar 400.000 kr. og með stúlku, Björgu að nafni, er var eiginkona íslensks hljóðfæraleikara, starfandi í Kaupmannahöfn.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 17. febrúar 1977 og bar þá efnislega á sama veg og Elías um framangreint. Kvaðst ákærði í Kaupmannahöfn í lok apríl 1976 hafa hjá nefndum Elíasi móttekið til flutnings til Íslands 600 gr af hassefnum, nánar 500 gr af Líbanonhassi og 100 gr af Marokkóhassi. Efnið kvaðst ákærði hafa flutt hingað til lands í sælgætisdós í handfarangri og eftir heimkomu samkvæmt fyrirmælum Elíasar haldið með efni óskipt til Inga Þórs Björnssonar í Bólstaðarhlíð hér í borg, en sá þá ekki verið heima. Ákærði kvaðst þá hafa haldið með efni í herbergi við Stakkholt og þar hafa vigtað efni og sundurgreint sinn þóknunarhlut fyrir flutning, nánar 15%, eða um 80 grömm.

Ákærði kvaðst næsta dag enn hafa haldið til nefnds Inga og þar afhent hlut Elíasar, en næsta dag og að Skúlagötu, líklega 62, enn vigtað efni að beiðni og í viðurvist nefnds Inga vegna ágreinings um raunverulegt magn.

Ingi Þór Björnsson, fæddur 21. mars 1955, skýrði frá því hér fyrir dómi 25. janúar 1977, að Elías Haukur hefði um miðjan maí 1976 falast eftir því við sig, að hann seldi hassefni fyrir sig og réði verði, en skilaði sér 1.000—1.100 kr. pr. gr. Þetta kvaðst nefndur Ingi hafa samþykkt, án þess að nánar væri rætt um efnismagn eða framgang afhendingar. Nefndur Ingi kvaðst í lok sama mánaðar hafa hjá ákærða móttekið hassefni frá Elíasi og lýsti atvikum á sama veg og ákærði hér að ofan.

Nefndur Ingi lýsti þá jafnframt sölu efnis til ýmissa nafngreindra aðilja. Samkvæmt símleiðis fyrirmælum nefnds Elíasar kvaðst Ingi síðan hafa skipt söluandvirði í notaða 100 kr. seðla og komið til flutnings hjá stúlku, Björgu að nafni, er verið hafi á förum til Kaupmannahafnar, en sú þar dvalið ásamt eiginmanni sínum, íslenskum hljóðfæraleikara. Kvaðst nefndur Ingi hafa gengið frá fé í skókassa og afhent nefndri Björgu.

7. og 8. ákæruliður.

„7. Um mánaðamót júní/júlí 1976 afhent Elíasi Hauki Snorrasyni fé til fíkniefnakaupa erlendis, samtals um kr. 200.000.00, sem að hluta var aflað með fíkniefnasölu, sbr. 6. lið, og jafnframt skipulagt flutning fíkniefnanna til Íslands með Kristjáni Róbert Walsh. Um miðjan júlí móttekið um 1200 gr af hassi af nefndum Kristjáni Róbert í Stigahlíð 34, Reykjavík, skipt efninu í því sem næst tvo jafna hluta og afhent Inga Þór Björnssyni annan þeirra í Reykjavík. Það hassefni, sem ákærði hafði þá eftir í vörslum sínum og hann átti að jöfnu með Gunnlaugi Birni Jónssyni, seldi ákærði að meginhluta nokkrum nafngreindum kunningjum sínum, oftast í Reykjavík, m. a. Ásgeiri Kristófer Ásgeirssyni samtals um 200 gr og Alfreð Adolfssyni samtals um 250 gr, og kostaði hvert gramm kr. 1.100—1.400, en nokkurn hluta efnisins hafði ákærði til eigin nota. Í lok júlí hélt ákærði síðan erlendis til fíkniefnakaupa og hafði meðferðis hluta þess fjár, sem hann hafði aflað með sölu hassins, og jafnframt verulega fjárhæð í eigu Elíasar Hauks Snorrasonar, sem ákærða var ljóst, að fengist hafði með fíkniefnasölu hérlendis."

„8. Í ágústbyrjun 1976 ásamt Elíasi Hauki Snorrasyni og Gunnlaugi Birni Jónssyni keypt samtals allt að um 2.5 kg og ekki minna en 1.6 kg af hassi í Amsterdam á 2.70 gyllini hvert gramm, flutt efnið til Rotterdam og þar komið meginhluta þess í hendur Björns Stefánssonar, sem þá var skipverji á m/s Reykja

fossi, til flutnings til Íslands, en fyrir þessa utanför hafði ákærði skipulagt fund við nefndan Björn í þessu skyni. Í seinni hluta ágúst móttekið ofangreint hassefni af nefndum Birni að Skúlagötu 62 í Reykjavík og þá afhent Birni um 15% af heimfluttu efni sem greiðslu fyrir flutninginn og skömmu síðar að Skúlagötu 62 afhent Inga Þór efnishluta nefnds Elíasar Hauks, um 778 gr af hassi. Ákærði hafði þá eftir í vörslum sínum efnishluta sinn og nefnds Gunnlaugs Björns, u. þ. b. 6—800 gr af hassi, og seldi ákærði meginhluta þess nokkrum mönnum í Reykjavík, m. a. Sigurði Bendsen, samtals a. m. k. 300 gr á 5 bandaríkjadali hvert gramm, Alfreð Adolfssyni óvisst magn, hvert gramm á kr. 1.100.00—1.200.00, og ennfremur afhenti ákærði nefndum Gunnlaugi Birni óvisst magn um mánaðamót ágúst/september, en andvirði þess efnis, sem ákærði seldi, nam um kr. 500.000.00."

Ofangreindir ákæruliðir eru að ýmsu leyti nátengdir, og þykir hér réttara að rekja málavöxtu þá varðandi í samfellu.

Ákærði var í byrjun árs 1977 ítrekað yfirheyrður hjá lögreglu og í dómi, en í endanlegum framburði ákærða hér í dómi 18. febrúar 1977 var eftir honum bókað um hasskaupaferð í júlí 1976:

„Þann 17. júní s. l. hafi Elías Haukur komið hingað til lands og dvalið í tvær vikur eða þar um bil. Mætti kveðst ekki með vissu vita til, að Elías hafi þá flutt með sér fíkniefni.

Við brottför hafi hann hins vegar haft meðferðis frá mætta um 200 þús. ísl. kr. í peningum, annars vegar eftirstöðvar áðurnefnds ágóðahluta Gunnlaugs Björns og hins vegar framlag mætta til næstu kaupa, er þá voru ráðgerð. Mætti kveðst ekki geta munað, hver sinn framlagshluti var nákvæmlega.

Mætti kveðst ekki vita betur en að Elías Haukur hafi í Kaupmannahöfn hitt Gunnlaug Björn og þeir orðið samferða til Amsterdam til efniskaupa og í Rotterdam samkvæmt undirbúningi mætta átt að koma efnum til flutnings í hendur Kristjáns Róberts Walsh, þá skipverja á m/s Tungufossi. Mætti kveðst í lögregluskýrslu hafa réttilega lýst og endurtekur á sama veg og þar lýsingu á komu Kristjáns með ofangreindu skipi hingað til lands, sennilega í annarri viku júlí s.l. Tilraunir Kristjáns til undanskots fluttra efna, yfirheyrslur í því sambandi og skil Kristjáns að lokum til mætta á 1.200 gr eða þar um bil.

Mætti kveðst hins vegar hafa eftir Gunnlaugi Birni og Elíasi Hauki hvorum í sínu lagi, að þeir hafi í Rotterdam afhent Kristj-

áni 1.600—1.700 gr til flutnings. Kveðst mætti samkvæmt því telja Kristján hafa dregið að sér a. m. k. 400 gr.

Efni móttekin frá Kristjáni hafi öll verið sömu tegundar, nánar s. n. ljós Líbanon og skorin í marga 80—100 gr búta og þá ýmist hvort taupokar höfðu verið skornir með eða losnað frá áður.

Mætti kveðst hafa vigtað efni degi eftir móttöku, nánar í Barmahlíð heima hjá Ásgeiri K. Ásgeirssyni og að Inga Þ. Björnssyni viðstöddum. Mætti kveðst ekki muna niðurstöðu nánar en svo, að efni hafi samtals vegið alveg um 1.200 gr. Við fyrstu skiptingu hafi því verið deilt í þrjá jafna hluta og reiknað með, að mætti og Gunnlaugur ættu sinn hvorn, en Elías og e. t. v. ásamt Inga Þór þá einn. Hafi Ingi Þór strax tekið þann hluta til ráðstöfunar.

Nokkrum dögum síðar kveðst mætti hafa í símtali til Gunnlaugs Björns í Kaupmannahöfn frétt, að skiptihlutföll ættu að vera nokkuð önnur, nánar miðað við 16 hluta ættu mætti og Gunnlaugur til samans 7, en Elías og e. t. v. ásamt Inga Þór 9.

Vegna áðurnefndrar 400 gr rýrnunar hafi enn orðið að umreikna þau skiptihlutföll og mætta því endanlegt uppgjör óljóst í minni gagnvart Inga Þór. Þó hafi hann í efnum frá mætta mjög líklega fengið til viðbótar áðurnefndum 400 gr önnur 200 gr eða þar um bil og auk þess nokkra peningagreiðslu, sem hafi átt að jafna reikninga."

Í ofangreindu þinghaldi gerði ákærði grein fyrir ráðstöfun efna og nánar svo:

1) Áðurnefndur Ásgeir Kr. Ásgeirsson hafi í tveimur afhendingum af sér keypt alls um 200 gr.
2) Áðurnefndur Alfreð Adolfsson hafi af sér í nokkrum afhendingum keypt samanlagt nærri 250 gr.
3) Áðurnefndir búendur að Þórustöðum í Ölfusi, Ólafur, Tryggvi, Árni og Einar, hafi einnig af þessum efnum keypt smáræði hver, nánar 10—12 gr og þannig samtals 45—50 gr.

Afgang efna kvaðst ákærði að mestu hafa notað sjálfur, en þó ýmist gefið eða selt ýmsum aðiljum lítilræði.

Ákærði kvaðst hafa selt hvert gramm á misjöfnu verði, en á bilinu 1.100—1.400 kr. Ákærði kvaðst ekki geta fullyrt um innkomið fé, en mikið hefði eyðst í óreglu, en þess utan á nefndu tímabili greitt víxilskuldir að upphæð kr. 150.000. Kvaðst ákærði hafa átt eftir af sínum ágóðahlut og nefnds Gunnlaugs um kr. 270.000 þann 17. eða 18. júlí þ. á., en þá hafa áður greitt flug-

farseðil til Kaupmannahafnar og hálfan gjaldeyrisskammt. Ofangreindar eftirstöðvar söluandvirðis kvaðst ákærði hafa flutt með sér til Kaupmannahafnar auk gjaldeyris. Þá kvað ákærði um þetta leyti hafa verið nokkuð óinnheimt fyrir seld efni og allt að 100 gr óseld, um sinn geymd í vörslum nefnds Ásgeirs Kristófers Ásgeirssonar.

Ákærði var enn yfirheyrður hér í dómi 19. febrúar 1977 og þá svo eftir honum bókað:

„Mætti kveðst hafa áttað sig á, að í lok þinghalds í gær hafi ruglast tímasetning á utanför í júlí s.l. Hið rétta sé, að í þá för hafi mætti lagt á fimmtudegi fyrir verslunarmannahelgi og því væntanlega síðast í júlí, en komið aftur hingað til lands 17. eða 18. ágúst.

Fyrir brottför og hér á landi kveðst þó mætti hafa samið við áðurnefndan Björn Stefánsson, að sá tæki síðar í Rotterdam við fíkniefnum og flytti sjóleiðis hingað til lands gegn þóknun, sem síðar verði nánar að vikið.

Auk áðurnefndra peninga í sameign mætta og Gunnlaugs Björns kveðst mætti frá Inga Þór til Elíasar Hauks hafa flutt mikið fé í íslenskri mynt, en ekki telur mætti sig muna, hver sú fjárhæð nákvæmlega var, en kveðst nefna sem viðmiðun 250—400 þús. ísl. kr., en þar af nokkur hundruð US$. Um fé hafi verið búið í búntum og þau að Miklubraut 72 í návist Inga Þórs sett í leðurstígvél í eigu mætta. Rétt fyrir brottför kveðst mætti þó hafa falið seðlabúnt inni í sæng og þannig haft með sér.

Í Kaupmannahöfn kveðst mætti strax hafa hitt Elías Hauk og Gunnlaug Björn. Þar afhent Elíasi fé frá Inga Þór, en áfram varðveitt sameiginlegan sjóð mætta og Gunnlaugs.

Skömmu síðar og á laugardegi hafi mætti ásamt Gunnlaugi og Elíasi haldið akandi til Amsterdam í bifreið, er þeir félagar þrír áttu í sameiningu, en Gunnlaugur og Elías höfðu keypt í næstu ferð á undan, þá er þeir komu efnum til flutnings með Kristjáni R. Walsh.

Á skemmtistað í Amsterdam, nefndum Paradiso, kveðst mætti ásamt Elíasi Hauki, en að Gunnlaugi Birni þó viðstöddum, hafa náð sambandi við englending og þeir mætti og Elías fylgt þeim aðilja til íbúðar í öðrum borgarhluta, en Gunnlaugur Björn beðið á nefndum skemmtistað, enda ekki rúm fyrir hann í bifreið, því þar hafi auk ofangreindra slegist í för e—n erlend stúlka og hollendingur, sem síðar virtist eigandi eða umráðamaður

fíkniefna. Í íbúð þess síðastnefnda hafi viðskipti orðið og efnistegund verið af gerðinni s. n. ljós Libanon, nánar í tau- eða léreftspokum og hver slíkra um 300 gr. Þeir mætti og Elías hafi verið sammála um, að umbúnaður bæri þess merki, að efnum hefði verið endurpakkað eða þau „pressuð upp" frá upphaflegum frágangi. Mætti kveðst ekki muna nákvæmlega fjölda keyptra poka, en slíkir hafi allir verið heilir utan einn, og kveðst mætti muna, að síðar var þeirra félaga í milli rætt um heildarmagn við þessa afhendingu sem 2.2—2.3 kg. Efni hafi verið geymd í bifreið og í hótelherbergi þeirra félaga þar til nokkrum dögum síðar og á fyrirfram ákveðnum stefnumótsdegi, að þeir félagar hafi þrír ekið með efni til Rotterdam og þar hitt Björn Stefánsson í grennd við Euromast s. n. Áður hafi þeir félagar þrír verið búnir að búta niður nefnda hasspoka og skipta í nokkra plastpakka.

Mætti kveður hafa verið reiknað með, að Björn Stefánsson hafi við greint tækifæri tekið við 1.900—2.000 gr, en Elías haldið eftir afgangi sem sinni séreign. Gróf skptihlutföll efna, afhentra Birni, hafi verið talin 1.100—1.200 gr í eigu Elíasar og 700—800 gr í sameign mætta og Gunnlaugs.

Eftir nefnda afhendingu hafi margnefndur Björn slegist í för með þeim félögum aftur til Amsterdam og stundað þar „sukk" í sólarhring. Á þeim tíma hafi mætti m. a. keypt 3 eða 4 gr af amfetamíndufti og þeir félagar að Gunnlaugi undanskyldum notað af.

Þá hafi þrír áðurnefndir bifreiðareigendur haldið akandi til Kaupmannahafnar og mætti eftir tæplega 2 vikna dvöl þar haldið flugleiðis hingað til lands og með það í huga að komast tímanlega í veg fyrir Björn Stefánsson á m/s Reykjafossi. Nokkrir dagar hafi þó liðið frá áðurnefndum 17. eða 18. ágúst, þar til þeir mætti og Björn hittust.

Afhending efna hafi annað hvort orðið að Miklubraut 72 eða Skúlagötu 62 og Björn þá fengið sem flutningsþóknun 15% af efnismagni, ýmist samkvæmt ofanskráðu af hluta Elíasar eða sameign mætta og Gunnlaugs Björns. Mætti kveðst ekki muna betur en að eftir þóknun til Björns hafi mætti og Gunnlaugur talist eiga eftir rúm 700 gr. Ingi Þór Björnsson hafi skömmu síðar frá mætta tekið við hluta Elíasar að frádreginni þóknun til Björns Stefánssonar. Ekki kveðst mætti geta munað nákvæmlega, hvert magn það var, en líklega mjög nærri einu kg og tala endað á 80.

Mætti kveðst vita, að Elías Haukur seldi í Kaupmannahöfn áðurnefndan sérhluta hassefna, sem hann undanskyldi við afhendingu til Björns Stefánssonar.

Mætti kveðst hins vegar ekki vita um né hafa látið sér koma við ráðstöfun Inga Þórs á efnishluta Elíasar Hauks hingað til lands fluttur."

Í nefndu þinghaldi lýsti ákærði ráðstöfun á sínum efnishluta og nefnds Gunnlaugs. Var þá svo eftir ákærða bókað:

„Af efnishluta mætta og Gunnlaugs kveðst mætti muna að hafa selt og ráðstafað þannig:

1) Sigurður Berndsen, sem búið hafi í Æsufelli, hafi í tveim eða þrem áföngum samtals keypt um 300 gr og jafnan greitt í US$, nánar 5 slíkum fyrir hvert gr.
2) Halldór Dungal áðurnefndur og líklega í félagi með tveim Keflvíkingum samtals 100 gr.
3) Alfreð Adolfsson hafi keypt nokkuð af þessum hlut, en mætti kveðst ekki treysta sér til að nefna magn til þess aðila öðru vísi en sem heildarmagn úr þessari sendingu og fram til áramóta og víkja nánar að því síðar.
4) Gunnlaugur Björn hafi eftir heimkomu síðast í ágúst eða sept. fengið afhent 50—70 gr án greiðslu.

Mætti kveðst telja sig hafa fengið í hendur sem sölufé fyrir ofangreint um 500.000 (hálfa milljón) ísl. kr. Þar af greitt flugfarmiða Gunnlaugs og honum auk þess 70—80 þús. kr.

Við nánari íhugun kveðst mætti sjá, að ofangreint standist ekki gagnvart Gunnlaugi og sé því fullvíst, að Gunnlaugur hafi móttekið eftir heimkomu meira efnismagn en að ofan greinir frá mætta og auk þess tvívegis síðar frá mætta einnig fengið sendar erlendis óvissar peningaupphæðir vegna síns hluta í ofangreindu."

Síðar í ofangreindu þinghaldi, er ákærði rakti hasskaupaferð í október 1976, vék hann aftur að sölu hassefna til Alfreðs Adolfssonar ofangreinds og kvaðst af efnum úr októberferð og þeirri næstu á undan hafa selt nefndum Alfreð samanlagt um 300—400 gr og á 1.100—1.200 kr. grammið.

Elías Haukur Snorrason ofangreindur var yfirheyrður hér fyrir dómi 18. mars 1977 og lýsti þá utanför sinni í júlí 1976 með eftirstöðvar söluandvirðis hassefna sinna úr síðustu ferð. Ekki getur nefndur Elías um, að hann hafi þá haft meðferðis fé frá ákærða.

Í nefndu þinghaldi var eftirfarandi bókað um sakarefni í þessum ákæruliðum:

„Til Kaupmannahafnar í byrjun júlí flutt með sér um 170—180 þús. ísl. kr. af ofangreindu fé, en annað horfið í eyðslu og víxilgreiðslu, nánar 200.000. Enn haldið með Gunnlaugi B. Jónssyni til Amsterdam og þeir þar í sameiningu keypt hassefni og síðar bifreið. Heildarefnismagn hafi verið á að gizka 2.0 kg og mætti þar af átt um 600 gr. Mætti kveðst ekki vita, hvort Gunnlaugur átti einn afgang eða í sameign með Birgi Guðmundssyni.

Efnum hafi þeir félagar, sem áður sé nánar lýst, komið til flutnings í hendur íslensks skipverja í Rotterdam, nánar áðurnefnds Kidda, og sá í þóknun átt að fá 15—20% efna. Þá hafi þeir mætti og Gunnlaugur ekið aftur til Kaupmannahafnar. Síðar hafi þeir félagar frétt, að nefndur Kiddi muni hafa stolið e—u af efnum, en varla þó meir en svaraði til þóknunarhluta hans.

Hollandsför í ágúst '76.

Birgir Guðmundsson hafi snemma í ágúst komið til Kaupmannahafnar og með 330.000 frá Inga Þór sem söluandvirði efnishluta mætta. Ingi staðhæfi hins vegar enn, að hann hafi afhent Birgi 450.000 til mætta.

Hafi þeir mætti, Birgir og Gunnlaugur nokkru síðar haldið akandi frá Kaupmannahöfn og enn til Amsterdam. Þar hafi mætti og Birgir keypt hassefni af tveimur englendingum, þar af öðrum með aðsetur í fljótabáti. Efni hafi verið af gerðinni Libanon og í hlut mætta komið 800 gr. Heildarmagn hafi verið á að gizka helmingi meir, en mætti kveðst ekki vita um eignarhlutföll Gunnlaugs og Birgis í því sambandi. Þeir félagar hafi haldið með efni til Rotterdam, og kveðst mætti með vissu vita, að þar muni Birgir hafa afhent áðurnefndum Birni Stefánssyni efni til flutnings, án þess að mætti þó hafi séð þá afhendingu.

Mætti kveðst áður hafa hér fyrir dómi réttilega lýst sinni handtöku í Kaupmannahöfn og heimsendingu snemma í sept. s.l. Eftir það og hér á landi hafi Ingi Þór gert mætta skil vegna sölu síðastnefndra efna, nánar skilað mætta 80 gr, sem mætti kveðst af hafa selt Kristjáni Hreinssyni, búsettum í Kópavogi, 15 gr. Þá hafi Ingi Þór afhent mætta rúma 1.000 US$, en skuldi mætta 300 US$ og muni hafa greitt mætta samtals vegna nefndra efna liðlega 300.000 kr. ísl. að auki."

Gunnlaugur Björn Jónsson, fæddur 11. febrúar 1954, var hér fyrir dómi 8. mars 1977 yfirheyrður um sakaratriði í þessum

ákæruliðum og lýsti þá hasskaupaferðum í júlí og ágúst 1976, en fjármögnun júlífarar gerði nefndur Gunnlaugur grein fyrir hér í dómi 23. febrúar 1977 og þar verið um að ræða eftirstöðvar söluandvirðis efnis síns og ákærða úr næstu ferð á undan, um kr. 260.000, en það hafi Elías Haukur flutt til Kaupmannahafnar.

Í þinghaldi 8. mars 1977 var eftirfarandi eftir nefndum Gunnlaugi bókað:

„Þannig hafi mætti í byrjun júlí s.l. haldið frá Kaupmannahöfn ásamt Elíasi H. Snorrasyni og til Amsterdam og í því skyni að kaupa þar fíkniefni fyrir áðurlýstar fjárhæðir. Lagt hafi verið í för nánar sama kvöld og Elías Haukur kom frá Íslandi með nefndar fjárhæðir.

Mætti segir þá félaga af þeim ókunnum englendingum og nánar um borð í fljótabáti hafa keypt samtals 1.700 gr af Libanonhassi, nánar í þrem 500 gr plötum og hluta úr hinni fjórðu. Einingarverð hafi verið 2.65 holl. gyllini pr. gr og eignarhlutur Elíasar Hauks talinn 1 kg, en mætta og Birgis Guðmundssonar því hvors um sig 350 gr. Þá hafi mætti og Elías gengið frá efnisplötum, nánar í tveim pökkum, 1 kg í öðrum, en 700 gr í hinum.

Samkvæmt fyrra samkomulagi við Kristján R. Walsh hafi þeir félagar ekið með efni til Rotterdam og þar afhent nefndum Kristjáni til flutnings, en hann þá verið skipverji á m/s Tungufossi. Afhending hafi orðið í grennd við s. n. Europamast, en mætti og Elías þegar við svo búið ekið til Kaupmannahafnar í WV bifreið, er mætti skömmu áður í Amsterdam keypti fyrir 60—70 þús. ísl. kr., eða réttara jafnvirði þeirra í holl. gyll. Ferðin í heild til og frá Kaupmannahöfn muni hafa tekið 4—5 daga.

Mætti staðfestir að hafa síðar frétt um svik eða þjófnað Kristjáns af efnum og heildarmagn við það rýrnað um 500 gr.

Birgir muni hafa fengið líðlega 600 gr, en Ingi Þór sem hluta Elíasar Hauks rúm 500 gr. Hafi Birgir við þá skiptingu ranglega reiknað með, að óskertur hlutur Elíasar væri aðeins 700 gr, en hans hlutur og mætta til samans 1 kg. Þeir mætti og Elías Haukur hafi síðar leiðrétt þennan misskilning Birgis.

Ferð í ágúst:

Birgir Guðmundsson hafi líklega í byrjun ágúst s.l. komið flugleiðis til Kaupmannahafnar og þá greitt Elíasi hans hlut, en neitað að greiða mætta að svo stöddu hans hlut, enda uppi deilur varðandi fjármál og fyrrnefnd bifreiðakaup. Nánast til málamiðlunar hafi þeir félagar þrír sammælst um að fara enn eina

innkaupaferð til Amsterdam, enda Birgir þegar með slíka ráðagerð tímasetta og skipulagða.

Margnefndir félagar þrír hafi ekið til Amsterdam í fyrrgreindri WV bifreið, en Birgir og Elías að mestu annast innkaup efna, þar eð mætti hafi verið lasinn. Mætti kveðst telja, að í hlut Elíasar Hauks hafi komið 900—1.000 gr, en samanlagt í hlut mætta og Birgis 1½ kg eða mjög nærri því. Efni hafi allt verið sömu tegundar, eða s. n. Libanonhass, og þeir félagar allir í sameiningu um þau búið til heimflutnings á hótelherbergi í Rotterdam. Mætti kveðst ekki muna, hve margir pakkar urðu, en miðað hafi verið við, að hlut Elíasar væri haldið aðgreindum frá hlutum mætta og Birgis. Þá hafi Birgir horfið frá um stund, en komið aftur í fylgd Björns Stefánssonar áðurnefnds, og kveðst mætti með vissu vita, án þess að muna til að lýsa í smáatriðum, að nefndur Björn hafi tekið við efnum til flutnings með Reykjafossi, er þá var í Rotterdam.

Þá hafi mætti, Birgir og Elías næsta dag ekið aftur til Kaupmannahafnar og Birgir þar greitt mætta kr. 24.000 upp í hagnaðarhlut, en auk þess lofað að greiða fyrir mætta flugfarmiða og síðar gert.

Birgir hafi haldið flugleiðis til Íslands 20. ágúst, en mætti 31. ágúst og þá með flugmiða, er Birgir greiddi.

Við komu mætta hingað til lands hafi orðið ljóst, að efni voru þegar nokkrum dögum fyrr hingað komin og dreifing hafin. Mætti hafi haldið utan aftur 14. sept. og Birgir einnig greitt þann flugmiða auk samtals 100.000 kr. afborgana af víxlum mætta og 15—20 þús. kr. þess utan. Birgir hafi hins vegar ekki talið sig geta greitt mætta meir að sinni, þar eð sala efna væri við brottför mætta fremur skammt á veg komin.

Mætti kveðst ekki í Kaupmannahöfn hafa hitt Elías Hauk, en frétt, að hann hefði þá skömmu áður af dönskum lögregluyfirvöldum verið sendur hingað til lands vegna fíkniefnamisferlis."

Kristján Róbert Walsh, fæddur 6. ágúst 1956, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 21. júní 1977 og lýsti þá flutningi hasssefna til Íslands frá Rotterdam sumarið 1976 fyrir ákærða.

Nefndur Kristján kvaðst skv. umtali hafa farið til fundar við Gunnlaug Jónsson og pilt, nefndan Ella, í Rotterdam, en á þeim tíma kvaðst nefndur Kristján hafa verið skipverji á m/s Tungufossi, sem siglt hafi á Holland. Í Rotterdam, og nánar við svonefnt Evrópumastur, kvaðst nefndur Kristján frá nefndum pilt-

um hafa tekið við hassefni, sem verið hafi af tveimur efnistegundum, annars vegar tveim plötum af grænleitu efni og hins vegar einni plötu af svörtu efni. Nefndur Kristján kvaðst hafa farið með efni um borð í m/s Tungufoss, sagað það niður í ræmur og komið fyrir í slökkvitæki fyrir framan herbergi sitt um borð.

Eftir komu hingað til lands kvaðst nefndur Kristján hafa byrjað að selja af efninu, þar sem hann hefði ekki reiknað með því að fá umsamin laun fyrir flutning, sem vera áttu 250.000 kr., og þannig ætlað að ná þeirri upphæð af efninu, áður en hann afhenti það ákærða. Kvaðst nefndur Kristján hafa selt hvert gramm á 1.100 kr. og verið búinn að selja fyrir um 150.000 kr., er ákærði hafi komist á snoðir um, hvað um var að vera.

Nefndur Kristján kvaðst síðan hafa afhent ákærða og pilti, er heiti Ingi Þór, allt efnið fyrir utan 100 gr, er búið hafi verið að selja, eins og að ofan greinir. Aðspurður um heildarmagn efnis, móttekið frá áðurnefndum Ella og Gunnlaugi, þá kvað hann þá hafa haft á orði, að það hafi verið um 2.5 kg.

Ingi Þór Björnsson, fæddur 21. mars 1955, lýsti hér fyrir dómi 25. janúar 1977 móttöku hassefna frá Kristjáni Róbert Walsh um miðjan júlí 1976. Nefndur Ingi Þór kvað umtalað milli sín og ofangreinds Elíasar Hauks, að sá sendi efni hingað til lands með skipverja á Tungufossi og það yrði síðan sem fyrr afhent af ákærða, en Elías Haukur fengi síðan 900 kr. fyrir hvert gramm. Nefndur Ingi Þór kvaðst hafa móttekið efnið ásamt ákærða og þeir síðan vegið efni og heildarþyngd verið liðlega 1300 gr., en ákærði sagt efni átt að vera 1700 gr. og sakað nefndan Kristján um þjófnað á 400 gr.

Nefndur Ingi Þór kvað ákærða síðan hafa ráðið skiptingu efna og ákveðið svo, að í hlut nefnds Elíasar Hauks hafi komið 535 gr, er nefndur Ingi Þór hafi síðan selt ýmsum nafngreindum aðiljum, en staðið ákærða skil á söluandvirði, kr. 460.000, er ákærði hafi átt að færa Elíasi Hauk. Nefndur Ingi Þór kvað Elías Hauk síðar hafa haft samband við sig og sagt ákærða aðeins hafa afhent sér 370.000 kr.

Nefndur Ingi Þór lýsti hér fyrir dómi og þann 27. janúar 1977 enn móttöku hassefna frá nefndum Elíasi Hauki og sölu þeirra hérlendis, og var í nefndu þinghaldi svo eftir nefndum Inga Þór bókað:

„Mætti kveðst annað hvort í símtali, sem lýst var í síðasta þinghaldi eða öðru líku, nokkru síðar hafa dregist á að taka

enn til sölu hassefni frá Elíasi Hauki. Hafi sá enn sagt Birgi Guðmundsson mundu koma efni til mætta, hlutur Elíasar yrði 900 gr, innflutningsaðilinn mundi fá 15%, en mætti afgang og standa Elíasi skil á kr. 900 pr. gr.

Í miðri viku og ca 10 dögum áður en mætti var handtekinn, sem hann kveðst telja hafa verið laugardaginn 4. sept. 1976, hafi Birgir Guðmundsson símleiðis boðað, að efni væri komið til landsins. Hafi þeir Birgir sammælst um að hittast í áðurgreindri íbúð við Skúlagötu og Birgir verið þar einn fyrir. Hafi hann verið að reikna áðurgreind 15% og síðan tekið til við að vigta hlut mætta.

Ítarlega aðspurður segir mætti af útreikningum og tali Birgis hafi mátt ráða, að keypt og væntanlega innflutt efnismagn hafi verið rúm 2 kg.

Niðurstaðan hafi orðið sú, að mætti hafi fengið sem söluhlut fyrir Elías 778 gr að meðtöldum léreftsumbúðum, og tegundir s.n. Libanon og ljósgrænleitur á lit. Efni hafi sem í næstu sendingu á undan verið skorin í lengjur eða bita og umbúðir jafnframt.

Mætti kveðst telja án þess að geta rökstutt, að Birgir hafi átt verulegan hluta efna og keypt í Hollandi ásamt Elíasi og sennilega Gunnlaugi B. Jónssyni. Birgir muni þó ekki hafa flutt efnin hingað til lands og heldur ekki áðurnefndur Kristján Róbert Walsh, því síðar eftir heimkomu Elíasar Hauks kveðst mætti hafa heyrt á tali hans við Birgi Guðmundsson, að hvernig sem færi, mætti undir engum kringumstæðum segja til flutningsaðilans."

Áðurnefndur Björn Stefánsson lýsti hér í dómi 21. febrúar 1977 frekari flutningi hassefna hingað til lands fyrir ákærða, og var svo í nefndu þinghaldi bókað eftir nefndum Birni:

„Fyrir upphaf næstu skipsferðar hafi Birgir og mætti, og hér í borg, samið um að hittast á tilteknum degi í Rotterdam, og nánar þar á tiltekinni bjórkrá. Ljóst hafi verið, að þá skyldi mætti öðru sinni taka fíkniefni til flutnings hingað til lands á vegum Birgis, en ekki hafi á því stigi verið rætt um nánar efnismagn eða framkvæmdaatriði. Lagt hafi verið úr höfn frá Reykjavík, eða þó fremur Straumsvík, seinast í júlí s.l. og haldið rakleitt til Rotterdam.

Mót við Birgi hafi þar orðið sem um var samið og þeir orðið samferða frá bjórstofu til hótel Irena og þar verið fyrir áður margnefndur Elli og auk þess piltur, áður kallaður G. Mætti

lýsir honum á sama veg og í lögregluskýrslu og staðfestir, að hann telji þar með vissu hafa verið um að ræða sama mann og áður var viðstaddur fyrri afhendingu til mætta um borð í skip í Rotterdam.

Einnig efnisafhendingu á nefndu hóteli til mætta, en frá Birgi Bótólfi og Ella. Þá drykkju og aðra óreglu alllanga hríð í Amsterdam með þrem ofangreindum mönnum, eftir að mætti hafði flutt efni um borð í skip. Mætti kveðst hins vegar lítið muna frá samskiptum þeirra félaga í Amsterdam, en mest líklega umgengist Birgi Bótólf þar.

Mætti kveðst hafa falið efni á nákvæmlega sama hátt og áður sé lýst, í ofnhólfi undan ryksíu, en efni hafi þessu sinni rúmast betur þar en áður. Magnið segir mætti ekki hafa verið rætt þeirra félaga í milli, en efnið, eftir því sem mætti kveðst hafa séð við pökkun á fyrrgreindu hóteli, allt sömu tegundar, nánar ljóst Libanon í plötuformi, og þeim vafið í plastpakka, fjóra eða fimm. Mætti kveðst telja heildarefnismagn hafa verið alveg um 2 kg og rúm eða tæp nánar. Skip hafi haldið frá Rotterdam til Rússlands, Finnlands, Póllands, Gautaborgar og Reykjavíkur.

Birgir Bótólfur hafi þá þegar verið þar fyrir og mælt sér mót við mætta skömmu síðar, nánar í íbúð Önnu Ingólfsdóttur, barnsmóður Birgis, og við Skúlagötu hér í borg. Þeir hafi þó verið tveir einir um afhendingu og áður reiknað með, að mætti fengi 10—15% efnismagns fyrir flutning. Ekki hafi það þó verið nákvæmlega vigtað né hlutur mætta, en hann kveðst áætla að hafa í sinn hlut fengið 250—280 gr og notað sjálfur í miklu óhófi, en á löngum tíma. Nokkuð þó að sjálfsögðu við slík tækifæri veitt og gefið kunningjum ýmsum."

Sigurður Berndsen, fæddur 14. nóvember 1947, var yfirheyrður hér í dómi 10. mars 1977 og lýsti þá sölu á umtalsverðu magni hassefna til varnarliðsmanna á Keflavíkurflugvelli og kvað efni frá ákærða komin.

Nefndur Sigurður kvað ákærða hafa haft samband við sig í sept. 1976 og þá boðið sér að selja hassefni gegn greiðslu í gjaldeyri. Kvaðst Sigurður þá nýlega hafa hætt störfum á Keflavíkurflugvelli og því þekkt marga varnarliða. Sigurður kvaðst hafa selt efni á 5.50 bandaríkjadali hvert gramm, en hafa staðið ákærða skil á 5 dölum pr. gr. Kvaðst Sigurður ekki muna efnismagn í fyrstu afhendingu, en nefna til viðmiðunar 300—400 gr. Lýsti nefndur Sigurður frekari móttöku efna frá ákærða, en að því verður vikið varðandi síðari ákæruliði.

Ofangreindur Alfreð Adolfsson bar hjá lögreglu í Reykjavík 29. janúar 1977 að hafa keypt af ákærða í mörgum afhendingum, meðan sá bjó að Miklubraut 72, 300—500 gr af hassi, en eftir að ákærði flutti að Smáragötu 9, hafi hann í nóvember 1976 keypt af honum 100 gr og um miðjan desember 100—150 gr. Ekki kvaðst nefndur Alfreð þó geta fullyrt nákvæmlega um efnismagn, en kaupverð 1.100—1.150 kr. hvert gramm.

Guðmundur Guðbjörnsson, fæddur 14. desember 1956, skýrði frá því við yfirheyrslu hjá lögreglu 12. nóvember 1976, að hann hefði verið viðstaddur kaup Jóhanns Maríussonar frá Keflavík á 100—150 gr af hassi af ákærða í ágúst 1976 og kaupverð verið 1.100 kr. pr. gr.

Guðni Jóhann Maríusson, fæddur 16. mars 1958, staðfesti þann 25. október 1977 og hér í dómi að hafa í ágúst 1976 að Miklubraut í Reykjavík af ákærða keypt 90 gr af hassefnum.

Ásgeir Kristófer Ásgeirsson ofangreindur bar hér í dómi og þann 27. apríl 1977 að hafa í júní—júlí 1976 ásamt Eggert Sigurðssyni af ákærða keypt 200 gr af hassefni. Kvað hann hér hafa verið um lánsviðskipti að ræða og hafi þeir að lokinni sölu efnis sent ákærða greiðsluna til Danmerkur síðar, sennilega 1.000 bandaríkjadali.

Eggert Sigurðsson, fæddur 13. júní 1951, bar á sama veg og nefndur Ásgeir Kristófer um ofangreint 24. apríl 1977.

Ofangreindur Ásgeir Kristófer bar í yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík um aðstoð við ákærða vegna fíkniefna. Kvað hann ákærða ásamt margnefndum Inga Þór hafa komið til sín að Barmahlíð 34 á tímabilinu júní—sept. 1976 í miklu uppnámi og fengið sig til að aka þeim í leit að pilti, er kallaður hafi verið Kiddi, en sá hafi flutt hassefni fyrir nefndan Inga og ákærða, en ekki staðið skil á efnum og verið farinn að selja af þeim. Síðar, eftir að tekist hafði að ná efnum af nefndum Kidda, hafi þeir Ingi Þór og ákærði komið heim til sín og þar fengið að vigta efnin, en nefndur Ásgeir Kristófer kvaðst þá hafa haft undir höndum vigt, er átt hafi Elías Haukur og Ingi Þór. Ekki kvaðst nefndur Ásgeir Kristófer hafa séð eða vita með vissu efnismagn, en eitthvað ráma í, að þeir ákærði og Ingi Þór hafi talað um, að efni hafi verið 1.5 kg, en umtalsverðu efnismagni hafi Kiddi áðurnefndur stolið. Nefndur Ásgeir Kristófer kvaðst hafa fengið 10 gr af ofangreindum efnum fyrir húsaskjólið.

Ofangreindir ábúendur á Þórustöðum, Tryggvi Lúðvík Skjaldarson, Ólafur Þór Jónsson, Einar Ingólfsson og Árni Möller, neit-

uðu allir nefndum fíkniefnaviðskiptum við ákærða, eins og rakið er undir ákæruliðum 4 og 6 hér að framan, og vísast hér til þess, er þar segir.

9. ákæruliður.

„Í fyrri hluta ágúst 1976 keypt 1 gr af amfetamíndufti (speed) í Kaupmannahöfn fyrir kr. 140 danskar og skömmu eftir miðjan mánuðinn flutt efnið með sér hingað til lands og neytt hluta þess í Reykjavík, en lögreglan lagði hald á eftirstöðvar efnisins 30. ágúst 1976."

Ákærði var handtekinn 30. ágúst 1976 vegna meints fíkniefnamisferlis. Í fórum ákærða fannst þá bréfmiði, er innihélt hvítt duft, ætlað amfetamínduft. Efnið var vegið á skrifstofu ávana- og fíkniefnadómstóls og reyndist 1.3 gr og er geymt á skrifstofunni, merkt sýni 175. Við leit, er fram fór í herbergi ákærða að Miklubraut 72 hér í borg sama dag, fundust tvær pípur, sem ákærði viðurkenndi að hafa notað til hassreykinga. Eru þær geymdar á skrifstofu ávana- og fíkniefnadómstóls, merktar nr. 175 B. Við yfirheyrslu hjá lögreglu og hér í dómi 31. ágúst þ. á. viðurkenndi ákærði að hafa í fyrri hluta ágúst þ. á. keypt 1 gr af amfetamíndufti (speed) fyrir 140 danskar kr. og þann 18. eða 19. s. m. flutt efnið með sér hingað til lands og neytt hluta þess hér í borg, en það verið eftirstöðvar efnis, er lögreglan fann við handtöku.

10. ákæruliður.

„Um mánaðamót september/október 1976 keypt samtals um 1 kg af hassi í Amsterdam, flutt efnið til Rotterdam og þar komið því í hendur Bergsveins Þorkelssonar, sem flutti efnið gegn þóknun til Íslands með m/s Reykjafossi og afhenti það Birni Stefánssyni, sem var meðeigandi ákærða í hassinu. Skömmu síðar tekið við efninu í Reykjavík og selt Sigurði Berndsen um 4—500 gr af því að Æsufelli 6 á 5 bandaríkjadali hvert gramm. Afhent Elíasi Hauki Snorrasyni 160—170 gr af efninu upp í skuld, en síðan neytt afgangsins að mestu leyti ásamt nefndum Birni."

Framburðir ákærða um sakarefni í þessum ákærulið voru breytilegir. Hér í dómi þann 8. mars 1977 skýrði ákærði frá því að hafa í september eða byrjun október 1976 haldið til Amsterdam og þar keypt 650 gr af Libanonhassi og smáræði af svörtu

Kashmirhassi og heildarefnismagn þannig verið 700—800 gr. Ákærði kvað margnefndan Björn Stefánsson hafa átt hjá sér einhverja fjárhæð og sá fallist á, að hún teldist framlag hans til ferðar, og átti ákærði síðan að selja efnishlut Björns og skila honum andvirði á sama veg og hann hefði lagt fram fé. Ákærði kvaðst hafa flutt efni heim með sér flugleiðis, falið í sælgætisöskju. Ákærði kvaðst hafa afhent ofangreindum Sigurði Berndsen til sölu 400—500 gr af efninu og sá síðar skilað sér 5 eða 5.50 bandaríkjadölum pr gr. Af þeim gjaldeyri kvaðst ákærði hafa afhent nefndum Birni um 1.000 dali. Þá kvaðst ákærði af ofangreindum efnum hafa afhent Elíasi H. Snorrasyni 160—170 gr og það ætlað til að jafna reikninga þeirra á milli.

Er ákærði var yfirheyrður hér í dómi 8. febrúar 1978, gerði hann þá leiðréttingu á ofangreindu, að heildarmagn hefði verið 1 kg og efnið hafi flutt hingað til lands farmaður, Bergsveinn Þorkelsson að nafni. Hafi nefndur Björn Stefánsson átt efni til helminga á móti sér og séð um samninga við Bergsvein.

Ákærði var sama dag samprófaður við Björn Stefánsson hjá lögreglu, en staðfesti hér í dómi að hafa þar réttilega frá skýrt.

Ofangreindur Björn Stefánsson var yfirheyrður sama dag hjá lögreglu í Reykjavík og aðspurður um þátttöku í fíkniefnainnflutningi í september og október 1976 og fyrri hluta janúar 1977 þá kvaðst nefndur Björn ekki hafa verið eignaraðili í þeim fíkniefnum, sem þá voru flutt til landsins. Kvaðst nefndur Björn einungis hafa tekið við nefndum fíkniefnum úr hendi Bergsveins Þorkelssonar, sem hafi flutt efnin heim til Íslands fyrir ákærða, sem keypt hafi þau erlendis. Kvaðst Björn ekki vita um efnismagn í þessum ferðum, þar sem hann hefði ávallt afhent ákærða pakkana óhreyfða. Síðar sama dag voru þeir Björn og ákærði samprófaðir hjá lögreglu, og héldu báðir fast við sína fyrri framburði.

Er nefndum Birni var hér í dómi þann 28. desember 1979 birt ákæruskjal, útgefið 2. janúar 1979, en þar var ákærða gefið að sök að hafa átt aðild að þeim innflutningi, er að ofan greinir, neitaði Björn þá að tjá sig um ofangreint sem og annað í nefndu ákæruskjali.

Sigurður Berndsen ofangreindur var yfirheyrður hér í dómi 10. mars 1977 og staðfesti þá að hafa í september 1976 enn keypt hassefni af ákærða á 5 bandaríkjadali hvert gramm. Kvað nefndur Sigurður efnið hafa verið af tveimur tegundum, annars vegar 200 gr af dökku efni, en hins vegar 300—400 gr af rauðleitu

efni. Efnið kvaðst Sigurður hafa selt til varnarliða á Keflavíkurflugvelli gegn greiðslu í bandaríkjadölum.

Ofangreindur Bergsveinn Þorkelsson, fæddur 23. júní 1952, var yfirheyrður hjá lögreglu á Suðureyri, Súgandafirði, þá þar búsettur. Kvað nefndur Bergsveinn Björn Stefánsson margnefndan í ágúst 1976 hafa beðið sig að taka við einu kg af hassefni hjá ákærða í Rotterdam, en Bergsveinn var þá skipverji á m/s Reykjafossi. Kvaðst Bergsveinn hafa gert svo og eftir komu til Reykjavíkur hafi Björn Stefánsson móttekið hassefnið að Laugarnesvegi 94. Kvaðst Bergsveinn hafa fengið 80.000 kr. í þóknun fyrir flutning efnisins. Nefndur Bergsveinn staðfesti ofangreint hér í dómi 29. febrúar 1980.

11. ákæruliður.

„Hinn 16. október 1976 haldið erlendis til fíkniefnakaupa með um 1.500 bandaríkjadali, sem aflað hafði verið með fíkniefnasölu, og í Amsterdam keypt um 1.5 kg af hassi á 2.70 gyllini hvert gramm. Flutt efnið til Rotterdam og afhent það Bergsveini Þorkelssyni sem fyrr, og flutti hann efnið gegn þóknun til Íslands með m/s Reykjafossi og afhenti það Birni Stefánssyni, sem átti efnið með ákærða.

Skömmu síðar tekið við hassinu í Reykjavík og selt Sigurði Berndsen u. þ. b. 1 kg af því á 5 bandaríkjadali hvert gramm að Æsufelli 6 og Alfreð Adolfssyni, óvisst magn, og kostaði hvert gramm kr. 1.100—1.200. Meginhluta þess efnis, sem ákærði hafði þá eftir í vörslum sínum, seldi hann mörgum ónefndum aðilum fyrir samtals um kr. 350—400.000, og eftirstöðvarnar hafði hann svo til eigin neyslu og kunningja sinna."

Ákærði lýsti hér í dómi 19. febrúar 1977 för sinni til Kaupmannahafnar 16. október 1976 og þá með söluandvirði efnis frá Sigurði Berndsen, er um gat varðandi næsta ákærulið hér á undan, nánar 1.500 bandaríkjadali. Auk þess kvaðst ákærði hafa flutt með sér 50.000 ísl. kr. og afhent nefndum Gunnlaugi Birni og þannig jafnað að mestu reikninga milli þeirra, utan hvað Gunnlaugur hafi og vegna lítils háttar eignarhluta að nefndum 1.500 dölum átt að teljast meðeigandi að fyrirhuguðum hasskaupum sem því nam.

Í nefndu þinghaldi var síðan bókað eftir ákærða:

„Mætti kveðst hafa haldið einn með lest frá Kaupmannahöfn til Amsterdam og þar á fyrrgreindan skemmtistað, nefndan

Paradiso. Þar kveðst mætti hafa komist í samband við hasssala, sennilega hollenska, og af þeim keypt 1.4 kg af Libanonhassi ljósu, með sama umbúnaði og lýst sé varðandi næstu ferð á undan og einingarverð einnig sem þá verið 2.70 hollensk gyllini pr. gr. Mætti kveðst hafa flutt nefnt efnismagn aftur með lest til Kaupmannahafnar og þar bútað niður í tvær sælgætisöskjur af Mach-Intosh gerð og þannig flutt hingað til lands flugleiðis í handfarangri 21. okt. s.l. Mætti kveðst muna eftir ráðstöfun efna og sölu sem hér segir:

1) Sigurður Berndsen áðurnefndur hafi í nokkrum afhendingum keypt mjög nærri 1 kg (einu kg.) og greitt mætta samtals um 4.500 US$, en umsamið verð þó verið 5.000 US$. Munurinn hafi viljandi eða óviljandi af hálfu Sigurðar misfarist í e—n af mörgum skilagreinum eða greiðslum til mætta. Mætti tekur fram, að Sigurður hafi jafnan keypt efni án umbúða, og kveðst mætti telja sinn hagnaðarhlut af því magni við það hafa rýrnað um 10—15%.

2) Alfreð Adolfsson áðurnefndur hafi af þessari sendingu og þeirri næstu á undan keypt samanlagt um 300—400 gr og greitt í ísl. mynt 1.100—1.200 kr. pr. gr.

Annað hafi eyðst til eigin nota, gjafa til kunningja og sölu til margra smáaðila, ónefndra, enda flestir mætta ókunnir. Mætti kveðst, eftir því sem hann kemst næst að geta rifjað upp, telja sig samanlagt í ísl. mynt hafa fyrir ofangreinda sölu fengið í hendur 350—400 þús. kr. og nefnda 4.500 US$ að auki. Mætti kveðst enga heillega grein geta gert fyrir eyðslu eða ráðstöfun nefndra 350—400 (sic) ísl. kr., enda lifað miklu óreglu- og óhófslífi nefnt tímabil. Ráðstöfun 4.500 US$ kveðst mætti helst geta lýst svo:

1) US$ 2.000 heildarkostnaður vegna utanferðar í jan. '77 og kaupa á liðlega 1.4 kg af hassefnum, sem að mestu hafi fallið í hendur lögreglu við húsleit, tengda handtöku mætta 19. 1. s.l.

2) 500—600 US$ kveðst mætti hafa greitt Gunnlaugi Birni nokkru fyrir s.l. áramót og líklega einnig 20—30 þús. ísl. kr. sem söluandvirði áðurnefnds eignarhluta Gunnlaugs af efnum, er mætti smyglaði hingað til lands í okt. og áður er lýst. Reiknað hafi verið með, að eignarhluti Gunnlaugs næmi um 150 gr.

3) Mætti kveðst hafa í nóv. s.l. afhent vini sínum Jens Gíslasyni, Auðarstræti 9, Rv., 270 US$ og ekki muna, hvort þar var um að ræða lán eða sölu.

4) Mætti kveðst nokkru fyrir s.l. áramót, umbeðinn hafa lán-

að Runólfi Þór Jónssyni 800 US$, enda sá lofað að endurgreiða í sama mjög skömmu síðar, en ekki efnt. Mætti hafi hins vegar að vísu frá eldri tíma skuldað nefndum Runólfi 300 US$. Reikningar hafi sennilega í des. s.l. verið jafnaðir með því, að Runólfur afhenti mætta 100 gr af Libanonhassi.

Mætti kveðst ekki í samhengi muna að gera nánari grein fyrir ráðstöfun US$ utan sem dæmi nefnt, að hann hafi eitt sinn á veitingastaðnum Óðali við Austurvöll greitt mat fyrir sig og vinkonu með 100 US$. Þess utan greitt oft ýmis smálán vinum og kunningjum með US$."

Ákærði var enn yfirheyrður hér í dómi 8. febrúar 1978 og staðfesti þá breytingar á framburði sínum, er hann hafði áður lýst í lögregluyfirheyrslum. Kvað hann efnismagn hafa verið 1½ kg og ofangreindur Björn Stefánsson verið eigandi efnis til jafns við sig. Hafi nefndur Björn samið við Bergsvein Þorkelsson um flutning sjóleiðis hingað til lands og greitt honum fyrir flutning með peningum.

Ofangreindur Björn Stefánsson neitaði eignaraðild að nefndu hassefni, og vísast til framburðar Björns, er rakinn var varðandi næsta ákærulið hér að framan.

Nefndur Björn neitaði hér í dómi 28. desember 1979 við birtingu ákæruskjals, útg. 2. janúar 1979, að tjá sig um ofangreint.

Ofangreindur Gunnlaugur Björn Jónsson neitaði hér í dómi þann 8. mars 1977 að hafa átt nokkra aðild að hasskaupaferð ákærða í október 1976 og kvaðst ekki hafa vegna slíkrar móttekið gjaldeyri frá ákærða. Ákærði og nefndur Gunnlaugur Björn voru samprófaðir hér í dómi sama dag, og kvaðst ákærði þá ranglega hafa borið um greiðslur í bandaríkjadölum til Gunnlaugs Björns.

Ofangreindur Sigurður Berndsen lýsti þann 10. mars 1977 og hér í dómi frekari hasskaupum af ákærða. Kvaðst nefndur Sigurður í október 1976 hafa móttekið frá ákærða 500 gr af rauðleitu hassi í tveimur afhendingum og nokkru síðar 200—300 gr. Sigurður kvaðst síðar í nóvember s. á. aftur hafa fengið efni hjá ákærða, og nánar 800 gr í tveim afhendingum. Sigurður margnefndur kvaðst hafa greitt 5 bandaríkjadali fyrir hvert gramm sem fyrr og selt til varnarliða á Keflavíkurflugvelli á 5.5 dali hvert gramm.

Ofangreindur Alfreð Adolfsson kvaðst í yfirheyrslu hjá lögreglu 29. janúar 1977 hafa af ákærða keypt 100 gr af hassefni í nóvember 1976 og um miðjan desember s. á. 100—150 gr. Hér

í dómi 15. jan. staðfesti nefndur Alfreð að hafa í júní—okt. 1976 af ákærða keypt 500 gr af hassi.

Ofangreindur Bergsveinn Þorkelsson bar í yfirheyrslu hjá lögreglu á Suðureyri 30. janúar 1977 á sama veg og ákærði um flutning efnis hingað til lands, nánar að hafa í október 1976 tekið við hassefni, milli 1 og 2 kg, hjá ákærða í Rotterdam og flutt til Reykjavíkur með m/s Reykjafossi, en nefndur Björn Stefánsson sem fyrr sótt efni og móttekið að Laugarnesvegi 94. Nefndur Bergsveinn kvaðst hafa fengið 200.000 kr. fyrir flutning efnisins. Nefndur Bergsveinn staðfesti ofangreint hér í dómi 29. febrúar 1980.

12. ákæruliður.

„Í nóvember 1976 lagt Ásgeiri Kristófer Ásgeirssyni og Eggert Sigurðssyni til 1.000 bandaríkjadali til hasskaupa erlendis og í desember móttekið allt að 370 gr af hassi af nefndum mönnum að Bólstaðarhlíð 9 í Reykjavík og síðan nýtt hassið í eigin þágu."

Ákærði viðurkenndi hjá lögreglu í Reykjavík 29. apríl 1977 að hafa í október—nóvember 1976 lagt Ásgeiri Ásgeirssyni og Eggert Sigurðssyni til 1.000 bandaríkjadali til hasskaupa erlendis og umsamið hafi verið, að ákærði fengi 300 gr fyrir framlag. Kvaðst ákærði viku síðar hjá öðrum hvorum nefndra pilta hafa móttekið 300 gr hassefnis. Ekki kvaðst ákærði geta fullyrt um afdrif efnis, en kvaðst hafa selt eitthvað af efninu og annað notað sjálfur. Ákærði bar á sama veg um ofangreint hjá lögreglu 6. febrúar 1978 og staðfesti framburð sinn hér í dómi 8. s. m.

Ofangreindur Eggert Sigurðsson, fæddur 13. júní 1951, bar hér í dómi 25. apríl 1977, að ákærði hefði í nóvember 1976 lagt sér og áðurnefndum Ásgeiri Kristófer Ásgeirssyni til 500 bandaríkjadali til hasskaupa erlendis og auk þess lánað þeim félögum 600 dali.

Hér í dómi daginn eftir lýsti nefndur Eggert ráðstöfun efna úr hasskaupaferð til Hollands og kvað ákærða hafa fengið 370 gr af hassi fyrir ofangreint framlag og afhending farið fram að Blönduhlíð 9, Reykjavík, og þeir Ásgeir báðir viðstaddir afhendingu til ákærða.

Ofangreindur Ásgeir Kristófer Ásgeirsson lýsti hér í dómi 27. apríl 1977 atvikum á sama veg og nefndur Eggert, utan hvað hann taldi ákærða hafa fengið „um 300 gr" af hassi fyrir fjárframlag.

13. og 14. ákæruliður.

„13. Í fyrri hluta janúar 1977 keypt allt að um 2.5 kg af hassi í Amsterdam, flutt efnið til Rotterdam og komið því í hendur Bergsveins Þorkelssonar, sem flutti efnið gegn þóknun með m/s Urriðafossi til Íslands, þar sem hann afhenti það Birni Stefánssyni, sem átti efnið ásamt ákærða.

Skömmu síðar tekið við hassinu í Reykjavík og afhent Magnúsi Árnasyni um 300 gr, en nefndur Magnús hafði lagt ákærða til kr. 150.000.00 til hasskaupa. Um miðjan janúar selt Sigurði Berndsen 500 gr af hassinu að Æsufelli 6, Reykjavík, fyrir um 2.500 bandaríkjadali, en lögreglan lagði hald á rúm 1300 gr af eftirstöðvum efnisins, er ákærði var handtekinn 19. janúar 1977 að Smáragötu 9 í Reykjavík, þar sem hann hafði efnið í vörslum sínum.

14. Um miðjan janúar 1977 lagt Birni Stefánssyni og Magnúsi Árnasyni til þá 2.500 dali, sem um ræðir í 13. lið, til fíkniefnakaupa erlendis, en þeir keyptu síðan um 3 kg af hassi í Amsterdam og fluttu hingað til lands, og taldist ákærði eiga um 1 kg af efninu. Nefndur Magnús seldi hér á landi verulegan hluta (um 500 gr) af efnishlut ákærða, sem sætti gæzluvarðhaldi um þetta leyti, en í mars tók ákærði við 2.500 dölum, nokkrum tugum þúsunda íslenskra króna og a. m. k. um 2—300 grömmum af hassi úr hendi nefnds Magnúsar."

Samhengis vegna þykir gleggra að rekja málavöxtu varðandi ofangreinda tvo ákæruliði í samfellu.

Ákærði var handtekinn þann 19. janúar 1977 vegna ætlaðs fíkniefnamisferlis, og var þá framkvæmd leit að sakargögnum í vistarverum ákærða að Smáragötu 9 hér í borg. Við leitina fundu lögreglumenn tvo böggla í plastumbúðum í tösku, sem hékk í fatahengi í gangi íbúðarinnar. Viðurkenndi ákærði þegar, að þetta væri ljóst Libanonhass, og kvaðst eigandi þess. Í eldhúsi fannst 1.1 gr af ætluðu hassefni í umbúðum af ljósmyndafilmu og 35.6 gr af ætluðu svonefndu lakkríshassefni í bréfpoka. Þá var og lagt hald á reykjarpípur og skálavog auk fleiri muna.

Eftirtaldir hlutir voru teknir í vörslu lögreglu á heimili ákærða og merktir þannig í sýnaskrá:

Sýni nr. 207 A 1282 gr hass. Sagt ljóst Líbanon.
— — — B 35.6 gr lakkríshass og 1.1 gr hassmulningur.
— — — C kr. 55.000 og $ 110 + 10.100 kr. ísl.
— — — D kr. 5.556, mismunur frá bílaleigu Loftleiða.

Sýni nr. 207 E Skálavog.
— — — F 4 st. reykjarpípur.
— — — G Vegakort af Amsterdam.

Einnig var lagt hald á vegabréf Birgis Bótólfs, sparisjóðsbók nr. 161 frá Búnaðarbanka Íslands og ávísanahefti frá Samvinnubankanum, nr. 1041426—1041450.

Sýni nr. 207 A var sent til greiningar hjá Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Niðurstöður próf. Þorkels Jóhannessonar voru eftirfarandi:

„Ávana- og fíknilyf og efni — Matsgerð 363:

Visað er til hjálagðs ljósrits af bréfi lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 31.1.1980.

Sýni 207 A var mógrænir eða móbrúnir kögglar 0.88 gr að þyngd. Með smásjárskoðun og litarprófi mátti staðfesta, að sýnið væri kannabis. Magn tetrahýdrókannabínóls var 19 mg/g, ákvarðað með gasgreiningu á súlu.

Sýnið var þannig kannabis samkvæmt framansögðu."

Hér í dómi daginn eftir staðfesti ákærði að vera eigandi ofangreindra hassefna og kvaðst nýlega hafa keypt þau í Amsterdam og flutt hingað til lands. Var ákærði sama dag úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 30 dögum, og var það framlengt 19. febrúar s. á. um allt að 20 dögum. Ákærði var á tímabilinu 19. jan. — 1. mars þ. á. margítrekað yfirheyrður hjá lögreglu og hér í dómi, og voru framburðir ákærða mjög breytilegir.

Hjá lögreglu 1. mars 1977 breytti ákærði framburði sínum varðandi haldlagt efni frá 19. janúar, þannig að heildarmagn keypt í Amsterdam hefði verið um 2 kg og hann flutt efni hingað til lands í farangri sínum flugleiðis. Af ofangreindu efni hefði Sigurður Berndsen fengið 500 gr gegn greiðslu 5 bandaríkjadala fyrir hvert gramm, en sá ekki búinn að standa skil á geiðslu, er ákærði var handtekinn. Bar ákærði á sama veg hér fyrir dómi 8. mars 1977.

Eftir samprófun við ofangreindan Sigurð Berndsen hér í dómi 10. mars 1977 breytti ákærði enn framburði sínum og kvað nefndan Sigurð raunverulega hafa greitt sér 2.500 bandaríkjadali vegna janúarafhendingar. Gaf ákærði í nefndu þinghaldi ýmsar skýringar á ráðstöfun nefndra bandaríkjadala, en lýsti í lok þinghalds afhendingu þeirra til margnefnds Björns Stefánssonar til geymslu.

Hér í dómi 11. mars 1977 kvað ákærði aðspurður skilaverð til sín frá nefndum Sigurði hafa verið 5.50 $ pr. gr varðandi fyrstu afhendingar, en því verið breytt í 5.25 dali pr. gr, en umbúðir þá verið reiknaðar með til Sigurðar. Hafi janúaruppgjör við nefndan Sigurð því verið miðað við 500x5.25 bandaríkjadali og nefndur Björn því móttekið til geymslu 2.500 slíka, en mismunurinn, rúmir 100 dalir, fundist á ákærða við handtöku.

Margnefndur Björn Stefánsson var 11. mars 1977 og hér í dómi samprófaður við ákærða og bar síðan sama dag að hafa móttekið hjá ákærða 2.200 bandaríkjadali og umsamið verið, að Björn héldi með fé til Rotterdam og biði komu ákærða. Er ákærði kom ekki, hafi hann sjálfur ætlað að annast kaup á hassefnum fyrir ofangreint fé, en verið svikinn í viðskiptum og glatað nær öllu fé.

Bar ákærði sama dag og hér í dómi á sama veg og gekk laus úr gæsluvarðhaldi.

Ákærði var enn handtekinn 23. janúar 1978 vegna ætlaðs fíkniefnamisferlis og daginn eftir hér í dómi úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 15 dögum. Ákærði var á ofangreindu tímabili margítrekað yfirheyrður hjá lögreglu og í dómi, og voru framburðir hans mjög beytilegir. Hér í dómi 8. febrúar 1978 skýrði ákærði svo frá, að margnefndur Björn Stefánsson hefði verið eigandi efnis úr ferð í byrjun janúar til helmings á móti ákærða og hafi Bergsveinn Þorkelsson áðurnefndur séð um flutning efnis, er verið hafi 2½ kg, hingað til lands gegn greiðslu í peningum og nefndur Björn sem fyrr séð um samninga við hann. Þá hafði ákærði og hjá lögreglu 6. febrúar 1978 áður lýst atvikum á sama veg og þá einnig sagt Magnús Árnason eiganda að 200—300 gr af ofanskráðu efnismagni.

Í ofangreindri lögregluyfirheyrslu kvaðst ákærði hafa afhent nefndum Birni Stefánssyni margnefnda 2.500 bandaríkjadali, skömmu áður en ákærði lenti í gæsluvarðhaldi 19. janúar 1977, og Björn haldið utan með féð til fíkniefnakaupa ásamt Magnúsi Árnasyni. Kvað ákærði Björn hafa átt nefnda dali til helminga á móti sér. Kvað ákærði þá Magnús og Björn hafa keypt 3 kg af hassefnum í Amsterdam og ákærði talinn eigandi að 1 kg sem og hvor hinna. Ákærði kvað Magnús hins vegar hafa séð um að koma efni þessu í peninga, og kvaðst ákærði hafa að loknu gæsluvarðhaldi fyrir sinn hluta móttekið 2.500 bandaríkjadali, 200—300 gr af hassi og eitthvað í íslenskum krónum.

Hér í dómi 8. febrúar 1978 bar ákærði á sama veg um kaup

þeirra Magnúsar og Björns á 3 kg af hassefni, en kvað upphæð íslenskra peninga, sér afhenta af Magnúsi, hafa numið nokkrum tugum þúsunda. Þá kvaðst ákærði telja, að nefndur Björn hefði sjálfur séð um sölu á sínum hluta.

Ofangreindur Björn Stefánsson var margoft yfirheyrður hjá lögreglu og hér fyrir dómi í janúar og febrúar 1978, og voru framburðir hans mjög breytilegir og óljósir. Um meinta aðild Björns að innflutningi ákærða á hassefnum í byrjun janúar 1977 var svo eftir nefndum Birni bókað hjá lögreglu 8. febrúar 1978:

„Mætta er bent á, að fyrir liggi framburður þess eðlis, að mætti hafi tekið þátt í fíkniefnainnflutningi í sept. '76, okt. '76 og fyrri hluta jan. '77. Aðspurður um aðild sína að nefndum ferðum kveðst mætti ekki hafa verið eignaraðili í þeim fíkniefnum, sem þá hafi verið flutt inn til landsins. Mætti kveðst einungis hafa tekið við nefndum fíkniefnum úr hendi Bergsveins Þorkelssonar, sem hafi flutt efnin heim til Íslands fyrir Birgi Bótólf Guðmundsson, sem hafi keypt þau erlendis. Mætti kveðst ekkert vita um efnismagn í þessum ferðum, þar sem hann hafi ávallt afhent Birgi pakkana óhreyfða. Mætti neitar staðfastlega að hafa átt nokkurn hluta þeirra fíkniefna né hafa tekið úr pökkunum, hvorki til eigin nota né dreifingar. Mætti kveðst þó viðurkenna að hafa fengið hass að reykja hjá Birgi eftir þörfum."

Eins og áður er rakið, voru ákærði og nefndur Björn samprófaðir hjá lögreglu sama dag, og héldu báðir fast við sína fyrri framburði. Þá tjáði nefndur Björn sig ekki frekar um ofangreint sakarefni femur en önnur, er honum var birt ákæra hér í dómi 28. desember 1979.

Ákærði gerði sérstaklega grein fyrir þætti nefnds Björns í sameiginlegum fíkniefnainnflutningi, áður en ofangreind samprófun fór fram, og var þá eftir honum bókað:

„Aðspurður kveðst mætti réttilega í skýrslum sínum hafa lýst þætti Björns Stefánssonar í fíkniefnainnflutningi þeirra. Mætti kveður Björn alltaf hafa tekið hluta af sínum efnum til eigin ráðstöfunar, en einnig hafi mætti séð um að selja fyrir hann hluta og þá afhent Birni peninga, sem inn hafi komið fyrir það efni. Mætti kveðst ekki treysta sér til að nefna neinar upphæðir, sem hafi farið milli þeirra. Einnig kveðst mætti ekki geta gert nánari grein fyrir efnishluta þeirra hverju sinni, sem oftast hafi verið til helminga, en þó hafi komið fyrir, að Björn hafi átt bróðurpartinn af efnunum."

Nefndur Björn Stefánsson lýsti hér í dómi og þann 24. janúar

1978 utanför til hasskaupa í janúar 1977 og ráðstöfun margnefndra 2.500 bandaríkjadala frá ákærða, og var þá eftirfarandi bókað:

„Ítrekað aðspurður um ferð í janúar '77 kveðst mætti sjá, að rétt sé að skýra þar frá. Mætti segir þá Magnús Árnason hafa haldið til Hollands með 2.500 US$ frá Birgi Bótólfi Guðmundssyni. Mætti segir þá hafa keypt 2.5 kg í 400—500 gramma plötum hjá Jack, áðurnefndum, í Amsterdam. Mætti kveðst hafa haldið á undan Magnúsi heim, en Magnús hafi fengið Bergsvein e—n til að flytja efnið heim gegn 10% þóknun, þó þannig, að Bergsveinn fengi 10% af söluandvirði og hafi fengið 200—300 þús. Ekki kveðst mætti geta fullyrt um framlag sitt í þessu, en hafa fengið 700—800 grömm efnis, sem mætti var að nota upp fram eftir vori. Þannig kveðst mætti áður hafa logið til um eigin innflutning í jan. og mars '77.

Mætti kveðst mjög lítið hafa selt af efni þessu, sem hafi farið í eigin þágu á löngum tíma.

Ítrekað aðspurður um aðila, sem komi nálægt fíkniefnameðhöndlun mætta og mætti hafi ekki enn nefnt, kveðst mætti ekki koma slíku fyrir sig.

Sérstaklega aðspurður um skiptingu efnismagns milli Birgis og Magnúsar kveðst mætti telja, að efninu í heild hafi verið skipt jafnt milli þeirra allra þriggja."

Ofangreindur Sigurður Berndsen bar hér í dómi 10. mars 1977 að hafa í janúar það ár, og líklega 2—3 dögum áður en ákærði var handtekinn, af honum keypt 500 gr af hassefnum. Kvaðst nefndur Sigurður hafa selt efnin varnarliða og á einingarverðinu 5.50 bandaríkjadali pr. gr, en ákærði fengið 5 dali pr. gr og þannig alls 2.500 dali.

Magnús Árnason staðfesti hér í dómi 5. apríl 1978 að hafa um jól 1976 lagt ákærða til 150.000 kr., er sá hélt utan til hasskaupa. Kvaðst nefndur Magnús nokkru seinna frá ákærða hafa móttekið 300 gr af hassefnum fyrir framlag.

Ofangreindur Magnús var oft yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 6. febrúar — 19. mars 1978 og lýsti þá för sinni í janúar 1977 til Hollands ásamt Birni Stefánssyni og hasskaupum í Amsterdam. Kvað nefndur Magnús þá hafa verið með fé frá ákærða og fyrir hann keypt efni. Alls hafi þeir keypt 3.3 kg af hassefni, er skipst hafi jafnt milli þeirra þriggja. Magnús kvað nefndan Björn hafa átt stefnumót við einhvern skipverja á einum „Fossanna" í Rotterdam, en síðar orðið úr, að Magnús hitti

nefndan skipverja og afhenti efni til flutnings. Síðar hafi komið á daginn, að fyrrnefndur skipverji hafi verið Bergsveinn Þorkelsson, gamall bernskufélagi Magnúsar.

Magnús kvaðst síðan hafa afhent Bergsveini efnið, eins og um hafði verið samið. Ekki kvaðst Magnús vita, hvað nefndur Bergsveinn átti að fá fyrir flutning efnis, enda Björn tekið af sér loforð um að spyrja Bergsvein ekki um slíkt. Eftir heimkomu hafi Björn síðan tekið við öllu efninu frá Bergsveini, sennilega heima hjá Bergsveini, og kvaðst Magnús hugsanlega hafa beðið í bifreið fyrir utan á meðan. Björn hafi síðan afhent sér efni ákærða og sinn efnishluta. Nefndur Magnús kvaðst síðan hafa selt Sigurði Berndsen um 500 gr af efnishlut ákærða, en að öðru leyti ekki geta fullyrt, hvernig hann ráðstafaði efni. Þó hafi hann, um leið og hann skilaði ákærða söluandvirði, afhent honum afgang efnis, u. þ. b. 600 gr. Nefndur Magnús staðfesti ofangreindan framburð hér í dómi 5. apríl 1978.

Ofangreindur Bergsveinn Þorkelsson staðfesti hér í dómi 29. febrúar 1980 að hafa í fyrri hluta janúar 1977 móttekið allt að 2.5 kg af hassi hjá ákærða í Rotterdam, flutt það hingað til lands sjóleiðis og afhent í Reykjavík Birni Stefánssyni.

Þá lýsti nefndur Bergsveinn hjá lögreglu á Súgandafirði 30. janúar 1978 að hafa í lok janúar 1977 tekið við 2 kg af hassi í Rotterdam frá Magnúsi Árnasyni og flutt efni hingað til lands sjóleiðis með m/s Urriðafossi. Hafi hann átt að fá kr. 200.000 fyrir flutninginn, en aðeins fengið kr. 100.000. Efnið kvaðst Bergsveinn hafa afhent Birni Stefánssyni að Laugarnesvegi 94 í Reykjavík.

Nefndur Bergsveinn staðfesti ofangreint hér í dómi 29. febrúar 1980, en tók þá fram varðandi efnismagn, að sér hefði verið sagt, að efnið væri 2 kg, en það kynni eigi að síður að hafa verið meira.

15. ákæruliður.

„Á tímabilinu frá apríl til júní í félagi við Björn Stefánsson lagt Magnúsi Árnasyni til fé til fíkniefnakaupa erlendis, samtals um 1.700 eða 2.000 bandaríkjadali, og síðan tvívegis móttekið hassefni hjá nefndum Magnúsi, samtals allt að 1.500 gr, og ekki minna en 700 gr, að Hagamel 34 í Reykjavík og í Heiðmörk ofan við Reykjavík. Ákærði seldi nokkrum nafngreindum kunningjum sínum verulegan hluta hassins, m. a. Runólfi Þór Jóns-

syni 2—300 gr í Reykjavík og Hermanni Ottóssyni allt að 200 gr á Neskaupstað á kr. 1.300 hvert gramm, en hluta efnisins, a. m. k. 100 gr, höfðu ákærði og nefndur Björn til eigin nota."

Ákærði lýsti í yfirheyrslum hjá lögreglu 24. 1. '6. 2. 1978 (sic) fíkniefnaviðskiptum við Magnús Árnason. Ákærði kvað nefndan Magnús hafa í maílok eða byrjun júní 1977 boðið sér og margnefndum Birni Stefánssyni þátttöku í fíkniefnakaupum og hafi þeir afhent honum 1.500 bandaríkjadali til kaupanna, þó þannig, að ákærði lánaði nefndum Birni hans hluta. Framburðir ákærða um efnismagn og dreifingu voru breytilegir, og taldi hann efnismagn móttekið frá nefndum Magnúsi 600—800 gr. Ákærði kvaðst hafa annast sjálfur dreifingu alls efnis, en afhent síðan Birni andvirði 250.000 kr. fyrir hans hlut auk lítils háttar af efni til neyslu.

Hér í dómi 8. febrúar 1978 var svo eftir ákærða bókað um ofangreint:

„Í apríl/maí kveðst mætti hafa lagt Magnúsi til 1.000$ og Björn lagt til 700$ og þeir þá fengið rúmlega 600 grömm afhent í júní, sem mætti sá um dreifingu á, þannig:

a) Runólfur Þór Jónsson fékk 200—300 grömm, sem hann fékk með þeim skilmálum, að hann skilaði US$. Runni hafi þó ekki skilað nema um 200$ og svo ísl. pen., en þó skulda enn 100 grömm efnisins.

b) Arnari Sigurbjörnssyni kveðst mætti hafa lánað 100 grömm. Lánað vegna þess, að Arnar var á þessum tíma að greiða sekt við sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum og gat því ekki staðgreitt. Mætti segir Arnar síðar hafa sent sér 135.000.- í póstáv. sem greiðslu á Norðfjörð.

c) Hermanni Ottóssyni kveðst mætti hafa selt 200 grömm efnis og greitt síðar.

d) Tryggva Skjaldarsyni kveðst mætti hafa selt 50 grömm.

e) Í eigin neyslu mætta og Björns segir mætti hafa farið ca 100 grömm.

Dómari bendir mætta á, að efnismagn sé meira en mætti kveðst hafa móttekið. Mætti kveðst þá hljóta að hafa tekið efnið frá Magnúsi til sölu, allavega sé dreifing rétt.

Aðspurður kveðst mætti tvívegis hafa móttekið efni hjá Magnúsi, fyrst í Heiðmörk og síðan heima hjá Magnúsi."

Er ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 15. janúar 1979 vegna ofangreindra viðskipta við Alfreð Adolfsson og Arnar Sigurbjörnsson, tók ákærði til baka framburð um sölu hass-

efna til Arnars áðurnefnds, en kvað fyrri framburð sinn um viðskipti við Alfreð réttan.

Ofangreindur Björn Stefánsson bar 24. janúar 1978 og hér í dómi á sama veg og ákærði um framlag til nefndra hasskaupa og kvaðst skömmu fyrir utanferð sína í ágúst s. á. frá ákærða hafa móttekið kr. 200—300.000 vegna framlags og að lokinni sölu efnis.

Ofangreindur Magnús Árnason bar hjá lögreglu í Reykjavík 13. mars 1978 um hasskaupaferð sína til Hollands í apríl 1977 ásamt nafngreindum aðilja og kaupum þar á 2 kg af hassefni, er flutt var hingað til lands. Nefndur Magnús kvað ákærða hafa lagt fram 1.500 bandaríkjadali til fararinnar og hann fyrir hluta framlags fengið eftir komu efnis hingað til lands 300—400 gr. Nefndur Magnús var enn yfirheyrður hjá lögreglu 19. mars s. á. og bar á sama veg um efnisafhendingu til ákærða úr apríl—maí ferð, en kvað ákærða hafa fengið 1 kg vegna fyrra framlags af efnum, er nefndur Magnús ásamt nafngreindum aðiljum flutti hingað til lands í júní 1977.

Hér í dómi 5. apríl 1978 bar nefndur Magnús á sama veg og hér að ofan um þátt ákærða, utan hvað hann kvað ákærða hafa lagt fram 500 bandaríkjadali til viðbótar í júní 1977.

Ofangreindur Runólfur Þór Jónsson, fæddur 13. apríl 1956, skýrði hér í dómi 9. febrúar 1978 frá kaupum hassefna af ákærða sumarið 1977 og í þeirri röð, er nú greinir:

„I. Að hafa fengið um 300 grömm af Líbanonhassi hjá Birgi Guðm. í júní í fyrra, er mætti losnaði úr gæslu. Kveðst mætti hafa selt efnið ýmsum aðilum á 1.500.- kr. grammið og skilað Birgi síðan 1.200.-. Mætti kveðst ekki geta nafngreint kaupendur.

II. Í júlí/ágúst kveðst mætti hafa móttekið 200 grömm af lélegu Líb.hassi hjá Birgi, en hann var þá á förum austur á Norðfjörð. Mætti segir þá hafa samið þannig, að mætti greiddi Birgi 1.200 kr. fyrir hvert gramm, er hann kæmi aftur 1½ mán. síðar, en þeir jafnframt samið svo, að ef mætti notaði féð í frekari fíkniefnaveltu, ætti pen.hlutur Birgis að doblast. Mætti segir þetta hafa farið öðruvísi en ætlað var og illa hafi gengið að selja efnið, enda það mjög lélegt. Mætti kveðst halda að hafa selt ca 130 grömm ýmsum aðilum á 1.500 kr. grammið, en ekki treysta sér til að nafngreina nokkra í því sambandi. Mætti kveðst hafa skilað Birgi aðeins 100 þús. og ekki staðið honum frekari skil. Mætti kveðst ekki hafa átt frekari viðskipti við Birgi eftir þetta."

Ofangreindur Arnar Sigurbjörnsson, fæddur 16. janúar 1949, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 27. janúar 1978 og aftur 15. janúar 1979. Neitaði hann öllum fíkniefnaviðskiptum við ákærða, utan einhverju sinni af ákærða þegið 5 gr af ljósbrúnu hassefni.

Ofangreindur Hermann Ottósson, fæddur 3. júní 1955, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 26. janúar 1978 og hér í dómi 31. júlí 1978. Viðurkenndi nefndur Hermann að hafa í júní 1977 á Neskaupstað frá ákærða móttekið 200 gr af hassefni og þar af selt um 100 gr, en skilað aftur 70—80 gr til ákærða. Kvaðst nefndur Hermann hafa greitt ákærða 1.300 kr. fyrir hvert gramm.

16. ákæruliður.

„Í ágúst 1977 í félagi við Björn Stefánsson keypt 2.2 kg af hassi í Amsterdam, flutt efnið til Rotterdam og komið því þar í geymslu, uns tækist að fá það flutt til Íslands. Um mánaðamót október/nóvember í Reykjavík móttekið efnið af nefndum Birni að Þinghólsbraut 42 í Kópavogi og falið það í Heiðmörk ofan við Reykjavík, en ákærði taldist eiga um 600 gr af þessu efni og Magnús Árnason afganginn, en ákærði hafði fyrir ofangreinda ferð til Amsterdam tekið við 1.500 bandaríkjadölum af nefndum Magnúsi til hasskaupa. Sótt efnisskammta í Heiðmörk eftir þörfum og á tímabilinu nóvember 1977 til janúar 1978 selt nokkrum nafngreindum mönnum samtals um 7—800 gr á kr. 1.400.00—1.500.00 hvert gramm, og fóru afhendingar efnisins fram að Þingholtsbraut 42 í Kópavogi, en hluta söluandvirðisins, um kr. 300.000.00, sendi ákærði til Kaupmannahafnar til nefnds Magnúsar. Lögreglan lagði síðan hald á rúm 1.100 gr af hassinu, sem fannst eftir ábendingu ákærða 27. janúar 1978 í Heiðmörk."

Ákærði var margoft yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík og hér í dómi tímabilið 23. janúar — 8. febrúar 1978, þá í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins, eins og að ofan greinir. Framburðir ákærða voru breytilegir, en 27. janúar 1978 vísaði ákærði á hassefni, er hann hafði falið undir hraunhellu í Heiðmörk. Var þar um að ræða tvo pakka, vafða með einangrunarbandi, og hassefnið í plastpokum í pökkunum. Efnið var vegið á skrifstofu ávana- og fíkniefnadóms, og reyndist það vera 1109.3 gr án umbúða. Efnið er geymt á skrifstofu ávana- og fíkniefnadóms, merkt sýni nr. 296 á efnaskrá.

Ofangreint sýni var sent til greiningar hjá Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Niðurstöður próf. Þorkels Jóhannessonar með bréfi, dags. 1. febrúar 1978, voru eftirfarandi:

„Ávana- og fíknilyf og efni — Matsgerð nr. 285:
Rannsóknastofunni hefur borist sýni nr. 296 til rannsóknar með tilliti til kannabis, sbr. bréf lögreglustjórans í Reykjavík, sem dagsett er 27. 1. 1978. Sýnið var brúnir kögglar og duft, ca 1,3 gr að þyngd.
Með smásjárskoðun, litarprófi og gasgreiningu á súlu mátti greina, að sýnið væri kannabis. Magn tetróhýdrókannabínóls í sýninu var 16 mg/g. Sýnið var því kannabis samkvæmt framansögðu. Það var allt notað við rannsóknir þessar."

Hér í dómi 8. febrúar 1978 lýsti ákærði að hafa í ágúst 1977 haldið utan til hasskaupa ásamt Birni Stefánssyni margnefndum. Með þeim í ferðum voru sambýliskona ákærða og kona nefnds Björns. Ákærði kvaðst ásamt Birni hafa átt um 1.000 bandaríkjadali, en ákærði auk þess verið með framlag frá áðurnefndum Magnúsi Árnasyni til hasskaupanna, nánar 1.500 bandaríkjadali, en helmingur þeirra þó talinn lán til ákærða. Þá kvaðst ákærði hafa verið með um 100.000 ísl. kr., en ekki vitað, hvað Björn hafði með af slíkum. Kvað ákærði þá í Amsterdam hafa keypt 2.2 kg af Líbanonhassi, en haldið með efni til Rotterdam og komið í geymslu. Kvaðst ákærði hafa lýst hjá lögreglu réttilega atvikum þetta varðandi.
Um heimflutning ofangreinds efnis var í lögregluyfirheyrslu 28. janúar 1978 bókað svo eftir ákærða:
„Nánar aðspurður kveðst mætti vera þess fullviss, að efnismagn, sem þeir Björn hafi verslað í ágúst s.l., hafi verið rúm 2 kg og af þeirri tegund, sem mætti hafi móttekið síðar úr hendi Björns. Hins vegar kveðst mætti hafa fengið þær upplýsingar, að efnið kæmi í sjónvarpstæki og ætti að vera 4 kg. Björn hafi síðan tjáð mætta, að erfitt hafi verið að ná efninu úr tækinu og efnið reynst um 1 kg minna en til stóð. Björn hafi sagt mætta, að hann hafi brotið „allt draslið" að lokum til að ná efninu úr því. Mætti kveðst hafa farið fram á að vera viðstaddur, er efnið væri tekið úr tækinu, en Björn hafi ekki tekið það í mál. Mætti kveðst ekki vita, hverjir voru með Birni við móttöku á efninu né á hvaða nafni tækið hafi komið til landsins. Mætti kveðst einnig minnast þess, að Björn hafi talað um, að 70—80 gr af

svörtu hassefni væri í nefndri sendingu, og kveðst mætti hafa reynt að fá hluta af því, en ekki fengið. Mætti kveður Magnús Árnason hafa átt um 1½ kg af efni þessu, mætti hafi átt 600 gr og Björn hafi einnig átt 600 gr og þá hafi verið búið að draga frá þann kostnað, sem flutningnum fylgdi. Aðspurður kveðst mætti hafa lagt fram kr. 30—40 þús. til að hægt væri að leysa tækið út úr tolli. Björn hafi tjáð mætta, að það þyrfti að greiða kr. 100.000 til að ná tækinu út. Aðspurður um hlut Magnúsar í kostnaði þessum, kveðst mætti vita, að Magnús hafi, áður en hann hélt utan, látið Björn hafa peninga fyrir þessum kostnaðarlið. Mætti ítrekar, að ekki hafi verið aðrir en þeir þrír fyrrnefndir, sem hafi átt í nefndum hassefnum. Þó hafi aðili sá, sem pakkinn var stílaður á, fengið greitt í efnum fyrir sinn þátt."

Í áðurnefndu þinghaldi 8. febrúar 1978 var síðan eftirfarandi bókað eftir ákærða um móttöku ofangreindra efna og dreifingu:

„Mætti kveðst í skýrslu hafa greint ítarlega frá því, sem á eftir kom. Þannig hafi Magnús Árnason í raun sent efnið. Mætti kveðst vita, að Magnús hafi bætt við efnið úti og hafi hann raunar sagt sér í síma að hafa bætt við 1.5 kg. Mætti kveðst hins vegar aðeins hafa tekið við 2.2 kg úr hendi Björns, sem var þá búinn að taka sín 600 gr og 10—15% af heildarmagni, sem að sögn Björns var rúml. 3 kg, og afhent það flutn.aðila, sem mætti kveðst ekki vita, hver er.

Þannig kveðst mætti hafa verið með 2.2 kg og átt af því 600 grömm, en Magnús afgang.

Mætti kveðst hafa mátt selja efni Magnúsar að vild, en ekki lagt sig fram við það.

Mætti kveðst hafa dreift 700—800 grömmum frá byrjun nóv. og fram í byrjun des. og lítillega eftir áramót. Kveðst mætti hafa selt á 1.400 og 1.500 kr. grammið og selt í mörgum afhendingum, en samtals eftirfarandi aðilum, sem allir hafi sótt efni til mætta, þar sem hann býr í Kópavogi.

a) Hermann Ottósson 45 grömm.
b) Tryggvi Skjaldarson 140 grömm.
c) Alfreð Adolfsson 200 grömm, þar af 100 í jan., sem hann skuldar enn.
d) Einar Valur 150 grömm.
e) Hafsteinn Hilmarsson 150 grömm.
f) Skúli 10 grömm.
g) Guðjón 10 grömm.
h) Arnar Sigurbjörnsson 50 grömm.

Dómari vekur athygli mætta á mjög breytilegum framburði mætta hjá lögreglu þetta varðandi, og kveðst mætti í fyrstu hafa borið 500 grömm á Hafstein Hilmarsson til að leyna öðrum og þannig notfært sér, að Hafsteinn væri erlendis. Hins vegar nú hafa skýrt satt frá.

Eins og fram komi við samlagningu talna og svo, að mætti hafi skilað est. efnis, um 1200 gr, sé ljóst, að mætti hafi verið farinn að selja af efni Magnúsar, enda sent honum samkvæmt beiðni 300.000 til Kaupmannahafnar poste restante auk þess sem Alfreð Adolfsson hafi tekið 100 þús. hjá mætta til að greiða bílavíxla fyrir Magnús.

Mætti kveðst lítillega hafa rætt við Magnús eftir heimkomu skömmu fyrir handtöku mætta og þá sagt Magnúsi, að hann yrði að snúa sér að Birni varðandi efnismagn."

Ofangreindur Björn Stefánsson lýsti hér í dómi 24. janúar 1978 ofangreindri utanferð í ágúst 1977, og var framburður hans efnislega samhljóða framburði ákærða, utan hvað hann taldi keypt efnismagn hafa verið um 2 kg.

Í nefndu þinghaldi var eftir Birni bókað eftirfarandi um heimflutning greindra efna:

„Mætti segir þá Birgi hafa verið búna að ákveða að fá e—n skipverja á fraktskipi til að flytja efni frá Rotterdam. Á næstu dögum kveðst mætti hafa uppgötvað, að hann þekkti engan, sem hann gat fengið til flutnings, og sama hafi verið með Birgi.

Í lok ágúst segir mætti Hermann Kristjánsson hafa komið til sín og boðið að vera með í stuðkaupum, þar sem hann væri á förum erlendis. Mætti kveðst hafa greitt Hermanni 50 þús. sem farareyri og hann fallist á að koma efnum heim. Mætti segir þetta hafa klikkað hjá Hermanni, sem hafi þó keypt e—t efni og bætt því í hólfið og framlengt geymslutímann.

Mætti segir Magnús Árnason hafa verið með í máli þessu frá byrjun, þó þannig, að Birgir hafi verið með fé frá honum, er efni var keypt. Kveðst mætti halda, að það hafi verið 1.200$, sem Birgir var með sérgreinda. Mætti segir heildarefnismagn hafa kostað um 7.000 gyllini, og kveðst mætti hafa greitt í það liðlega 100 þús.

Er erfiðleikar komu í ljós við heimflutning, segir mætti, að upp hafi komið, að Magnús var á förum á Bens-bifreið til ýmissa landa við 3ja mann, og tók hann að sér að koma efninu hingað. Mætti segir Magnús hafa ætlað að koma því í skip, en ef það klikkaði, ætlaði hann að kaupa sjónvarp og setja efnið þar í.

Vegna þessa hafi Magnús rukkað mætta um 80$ til greiðslu hlutar mætta á sjónvarpi, ef til kæmi, en auk þess hafi Magnús greitt mætta kr. 30.000.- upp í væntanlegan kostnað við að leysa tækið út. Mætti kveðst aldrei hafa rætt þetta við þá Birgi og Magnús báða í einu, þar sem Magnús hafi gætt þess að ræða málin aldrei nema við annan í einu.

Mætti segir miklar vangaveltur hafa verið uppi um það, á hvern ætti að senda sjónvarp, ef til kæmi.

Við þessar vangaveltur segir mætti, að komið hafi í ljós, að kunningi mætta, Sigurjón Gunnarsson, hafði lagt Hermanni Kristjánssyni til fé, er hann hélt utan í ágúst, og Sigurjón fýsti að fá sitt efni heim. Féllst hann á að útvega móttakanda gegn 200 gramma þóknun. Mætti segir hafa verið fallist á þetta og móttakandi, ef til kæmi, átti að vera Hermann e—r, sem mætti ekki þekkti.

Mætti segir hafa orðið ofan á, að Magnús sendi efnið í sjónvarpi, svart/hvítu, á Hermann. Mætti kveðst ekki hafa frétt af þessu fyrr en um mánaðamót okt/nóv, er Sigurjón hringdi í mætta, þá kominn með tækið. Mætti kveðst hafa haldið heim til Sigurjóns á Grenimel 13, og þar tóku þeir efnið úr myndlampa þess. Mætti segir efnið allt hafa verið skorið í ræmur og hafi Magnús auðsjáanlega bætt við það. Mætti kveðst þó ekki treysta sér til að fullyrða um magnið öðruvísi en svo, að það hafi verið milli 2 og 3 kg. Mætti kveðst hafa vigtað 500 gr af fyrir sjálfan sig og látið Sigurjón fá 200 til að greiða Hermanni og auk þess hafi Sigurjón fengið 40—50 grömm vegna þess fjár, sem hann hafði lagt Hermanni Kristjánssyni til. Mætti segir, að ekki hafi verið skilað efni til Hermanns Kristjánssonar. Efnið að öðru leyti kveðst mætti hafa sett í plastpoka og haldið með það sama kvöld til Birgis og þá jafnframt rukkað Birgi um 30.000 vegna aðflutn.kostn. á sjónvarpinu, sem mætti hafi greitt fyrir sig, Birgi og Magnús til Sigurjóns, sem hafði látið Hermann fá það."

Ofangreindur Magnús Árnason var yfirheyrður hér í dómi 5. apríl 1978, og kvaðst hann í september 1977 hafa lagt ákærða til 1.500 bandaríkjadali til hasskaupa í Hollandi. Kvað Magnús ákærða og margnefndan Björn Stefánsson hafa keypt hassefni og komið í geymslu á járnbrautarstöð í Rotterdam. Nefndur Magnús kvaðst í október s. á. hafa haldið ásamt Ólafi Þór Jónssyni til hasskaupa í Hollandi og þeir þar keypt 3.8 kg af hassi og sett í tvö sjónvörp til sendingar hingað til lands. Annað sjónvarpið hafi verið sent á nafn vinar nefnds Björns Stefánssonar,

en hitt á nafn eiginkonu nefnds Ólafs. Kvað nefndur Magnús í fyrrnefnda sjónvarpið hafa verið sett 600 gr af sínu efni, 900 gr af efni nefnds Ólafs og allt ofangreint efni, er ákærði og nefndur Björn keyptu og var í geymslu í Rotterdam sem áður er rakið. Af því efni kvaðst nefndur Magnús hafa átt 700 gr. Nefndur Magnús kvaðst síðan hafa dvalið erlendis þar til í byrjun janúar 1978, en hafa fengið sendar 240.000 ísl. kr. til Kaupmannahafnar frá ákærða vegna ofangreinds efnis.

Nefndur Magnús var margoft yfirheyrður hjá lögreglu tímabilið febrúar—mars 1978, og var framburður hans efnislega á sama veg og hér fyrir dómi, en fram kom þá, að hann hefði í janúar 1978 hitt ákærða, áður en sá lenti í gæsluvarðhaldi, og spurt hann um sinn hluta efnis, en ákærði þá sagt, að hann gæti ekki nálgast efnið vegna snjóa og nefnt í því sambandi Heiðmörk.

Hermann Lárusson, fæddur 20. september 1949, viðurkenndi við yfirheyrslu hjá lögreglu 23. janúar 1978 að hafa haust áður og fyrir kunningja sinn Sigurjón Gunnarsson heimilað, að sjónvarpstæki yrði sent hingað til lands á nafni sínu. Kvaðst nefndur Hermann hafa leyst tækið úr tolli og flutt það til Sigurjóns í hús við Grenimel í Reykjavík. Nefndur Hermann kvaðst frá Sigurjóni hafa móttekið 200 gr af hassefni fyrir flutninginn og því rennt í grun, að í því hafi verið flutt hassefni hingað til lands. Nefndur Hermann staðfesti ofangreint hér í dómi 2. ágúst 1978 og bar á sama veg um ofangreint og kvað sendingu tækis hafa átt sér stað í október 1977.

Sigurjón Gunnarsson, fæddur 15. apríl 1954, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 23. janúar 1978, og bar hann á sama veg og ofangreindur Hermann Lárusson um sendingu sjónvarpstækis hingað til lands og móttöku. Þá kvaðst nefndur Sigurjón hafa aðstoðað margnefndan Björn Stefánsson við að ná efnum úr nefndu sjónvarpstæki heima hjá sér að Grenimel 13 hér í borg. Auk nefndra 200 gr til Hermanns kvað Sigurjón Björn hafa af heildarmagni vegið 20 gr af svörtu hassefni og 30 gr af ljósu hassefni og afhent sér fyrir sinn þátt í heimflutningi efna. Taldi nefndur Sigurjón, að heildarmagn hassefna í sjónvarpstækinu hafi verið a. m. k. 1 kg.

Hér fyrir dómi 4. september 1978 bar nefndur Sigurjón á sama veg og hér að ofan.

Ofangreindur Tryggvi Lúðvík Skjaldarson var yfirheyrður

hjá lögreglu í Reykjavík, og neitaði hann fíkniefnaviðskiptum við ákærða á því tímabili, er hér um ræðir.

Ofangreindur Alfreð Adolfsson hefur ítrekað neitað fíkniefnaviðskiptum við ákærða á árinu 1977.

Ofangreindur Hermann Ottósson var yfirheyrður hjá lögreglu 25. janúar 1978, og neitaði hann aðspurður að hafa keypt hassefni af ákærða í nóvember 1977 og að hafa fengið það sent að Kirkjubæjarklaustri sem ákærði hafði borið um.

Ofangreindur Einar Valur Einarsson, fæddur 6. janúar 1952, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 31. janúar 1978 og hér í dómi 4. júlí s. á. Í nefndu þinghaldi kvaðst nefndur Einar Valur hafa ítrekað nærri árslokum 1977 af ákærða keypt alls um 200 gr af hassefnum. Í ofangreindri lögregluyfirheyrslu kvaðst nefndur Einar Valur hafa greitt kr. 1.500 fyrir hvert gramm.

Ofangreindur Hafsteinn Hilmarsson, fæddur 26. janúar 1957, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 8.—9. júlí 1978 og hér í dómi 31. s. m. Í nefndu þinghaldi kvaðst Hafsteinn ítrekað hafa keypt hassefni af ákærða tímabilið sept.—desember 1977 og samtals um 225 gr. Í nefndri lögregluyfirheyrslu 8. júlí 1978 kvaðst Hafsteinn í öllum tilvikum hafa greitt ákærða 1.500 kr. fyrir hvert gramm hassefnis.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að aðrir hafi gengist við hasskaupum af ákærða á umræddu tímabili.

NIÐURSTÖÐUR.

Við flutning máls bar sækjanda og verjanda saman um, að í meginatriðum væri ákæruskjal í samræmi við játningar ákærða, en verjandi gerði þó nokkrar athugasemdir.

Sækjandi taldi, að virða bæri sjálfstætt hvern ákærulið í máli þessu til refsiheimilda, utan hvað 4. og 6. ákærulið bæri að meta saman sem órofa brotaheild.

Samkvæmt því taldi sækjandi, að ákæruliði 4 og 6, 8, 10, 11, 13, 14 og 16 bæri undir 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en aðra ákæruliði undir þau ákvæði ávana- og fíkniefnalaga, er í ákæruskjali greindi.

Verjandi mótmælti því, að beiting 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ætti við í máli þessu.

Dómari telur sakaratriði ekki geta borið samhliða undir 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 5. gr. laga nr. 65/1974, en meta verði hverju sinni, hvor nefndra greina við eigi og tæmi sök.

Verður þá vikið að hverjum ákærulið í þeirri röð, er í ákæruskjali greinir:

1. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, utan hvað framburður ákærða um heildarefnismagn í þessum ákærulið er mjög óákveðinn og þversagnakenndur. Kvað hann heildarefnismagn keypt í Kaupmannahöfn „rúm 400 gr", en varðandi sölu efnis hér heima þá hafi nefndur Ásgeir Kristófer tekið við í söluskyni 400 gr, en ákærði og nefndur Gunnlaugur Björn tekið til eigin neyslu sem svaraði 50—60 gr hvor um sig. Framburður Gunnlaugs Björns um efnismagn var greinargóður, og lýsti nefndur Gunnlaugur Björn sundurliðað keyptu efnismagni. Varðandi efnismagn afhent nefndum Ásgeiri Kristófer til sölu þykir ekki verða gengið út frá meira magni en 390 gr, en þar er það magn, sem nefndur Ásgeir Kristófer hefur gengist við sölu á.

Að ofanskráðu athuguðu og virtu þykir hér óhætt að leggja til grundvallar framburð nefnds Gunnlaugs Björns um keypt efnismagn. Þykir þannig sannað samkvæmt ofansögðu, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir með ofangreindum athugasemdum, nánar í júlí 1975 keypt í félagi við Gunnlaug Björn Jónsson í Kaupmannahöfn allt að 650—660 gr af hassi á danskar kr. 10.25 hvert gramm, sem þeir fluttu skömmu síðar hingað til lands, falið í farangri ákærða. Efnisins, sem þeir áttu að jöfnu, neyttu þeir að hluta, en fengu Ásgeir Kristófer Ásgeirsson til að selja fyrir sig allt að 390 gr af því á 7 bandaríkjadali hvert gramm.

2. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, utan hvað hann kveður efnið alls hafa vegið 630 gr. Játning ákærða er efnislega studd framburði nefnds Gunnlaugs Björns, er þó kveður efni hafa verið allt að 675 gr, eins og í ákæru segir. Þykir hér rétt að leggja til grundvallar framburð ákærða um efnismagn. Þykir samkvæmt ofansögðu sannað með játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er réttilega í þessum ákærulið greinir með ofangreindu fráviki um efnismagn, nánar um mánaðamót júlí/ágúst 1975 keypt í Kaupmannahöfn fyrir sig og Gunnlaug Björn Jónsson 630 gr af hassi og varið til þess ofan-

greindu söluandvirði. Efnið, sem þeir áttu að jöfnu og hugðust að meginhluta selja hér á landi í ágóðaskyni, flutti ákærði með sér hingað til lands og hafði í fyrstu í vörslum sínum að Stakkholti 3 í Reykjavík, en síðar í vörslum Gunnlaugs Björns að Sólheimum 27, þar sem lögreglumenn fundu fimmtudaginn 7. ágúst þann hluta þess, er ætlaður var til sölu, um 500 gr af efninu, og lögðu á það hald, en afganginum höfðu þeir þá skipt með sér til eigin nota.

3. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða, sem studd er framburðum Tryggva Lúðvíks Skjaldarsonar og öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar í mars/apríl 1976 afhent Tryggva Lúðvík Skjaldarsyni kr. 80.000—90.000 til hasskaupa erlendis og nokkrum dögum síðar fengið hjá Tryggva Lúðvík að Dúfnahólum 4 í Reykjavík um 200 gr af hassi, neytt þess sjálfur að hluta og gefið og loks selt ýmsum aðiljum, hvert gramm ýmist á kr. 1.200 eða 1.400, fyrir samtals allt að kr. 80.000 til 90.000.

4. og 6. ákæruliður.

Sakarefni í þessum ákæruliðum tveimur þykir órofa brotaheild, sem fjallað verður um hér í einu lagi.

Með vísan til ofanritaðs þykir játning ákærða nægilega studd framburðum annarra, þannig að sannað teljist, að hann hafi sem í ákæruliðum 4 og 6 greinir, nánar í seinni hluta apríl 1976, farið ásamt Birni Stefánssyni til Amsterdam gagngert til kaupa á hassefnum, en til kaupanna höfðu þeir eigið fé og fé frá Gunnlaugi Birni Jónssyni og Magnúsi Árnasyni, samtals um kr. 700.000, og í borginni keypt samtals allt að 2 kg af hassi á 3 gyllini hvert gr og flutt það með sér til Rotterdam í því skyni að fá efnið flutt til Íslands, en ákærða tókst ekki þá þegar að koma efninu í hendur flutningsaðilja og setti það því í geymslu í borginni um skeið.

Í júní 1976 að Miklubraut 72 í Reykjavík tekið við þeim allt að 2 kg af hassi, sem um ræðir í 4. lið, af Birni Stefánssyni og auk þess 200—250 gr af hassi í eigu Elíasar Hauks Snorrasonar. Breytir ekki þar um né frá ákæru, svo að máli skipti, þótt ekki verði lagt til grundvallar meira efnismagn heldur en einstakir aðiljar hafa viðurkennt að hafa frá ákærða móttekið til ráðstöfunar. Verður þannig lagt til grundvallar, að sönnuð

sé eftirfarandi sérgreind ráðstöfun ákærða á ofangreindu hassmagni:

1) Til Björns Stefánssonar vegna framlags og flutnings 185 gr.
2) Til Inga Þórs Björnssonar í endursöluskyni eigi minna en 150 gr, sbr. eigin játningu ákærða.
3) Til Magnúsar Árnasonar 300 gr, enda ákærði og nefndur Magnús sammála þar um.
4) Varðandi efni í eigu Elíasar Hauks, er ákærði viðurkenndi að hafa móttekið úr sömu ferð, verður lagt til grundvallar, að þar hafi verið um að ræða 200 gr, er ákærði samkvæmt ofansögðu ráðstafaði til Inga Þórs Björnssonar og Björns Stefánssonar.
5) Framburður ákærða um ráðstöfun þeirra hassefna, sem ákærði átti þá eftir í vörslum sínum og hann átti ásamt nefndum Gunnlaugi Birni, nánar sala á a. m. k. 600 gr, þykir nægilega studdur framburðum eftirgreindra kaupenda svo sem Ásgeirs Kristófers Ásgeirssonar, Alfreðs Adolfssonar og Halldórs Dungal Gíslasonar. Seldi ákærði hvert gramm oftast á um kr. 1.100—1.400, en afgang þessara efna, um 500 gr af hassi, hafði ákærði svo að mestu leyti til eigin nota.

5. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða, sem studd er framburðum þeirra Elíasar Hauks Snorrasonar og Inga Þórs Björnssonar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, utan hvað rétt þykir að leggja til grundvallar framburð ákærða um þóknun fyrir flutning, nánar 80. gr. Þykir samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi í maí 1976 flutt með sér um 600 gr af hassi hingað til lands frá Kaupmannahöfn fyrir Elías Hauk Snorrason og afhent Inga Þór Björnssyni efnið að Bólstaðarhlíð 58 í Reykjavík nema 80 gr, sem ákærði hélt eftir sem greiðslu fyrir flutning efnisins og neytti að mestu sjálfur.

7. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er sú játning rækilega studd framburðum þeirra Elíasar Hauks Snorrasonar, Inga Þórs Björnssonar, Kristjáns Róberts Walsh, Gunnlaugs Björns Jónssonar, Ásgeirs Kristófers Ásgeirssonar og Alfreðs Adolfssonar.

Þykir þannig samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar um mánaðamót júní/júlí 1976 afhent Elíasi Hauki Snorrasyni fé til fíkniefnakaupa erlendis, samtals um kr. 200.000, sem að hluta var aflað með fíkniefnasölu, sbr. 6. lið, og jafnframt skipulagt flutning fíkniefnanna til Íslands með Kristjáni Róbert Walsh. Um miðjan júlí móttekið um 1200 gr af hassi af nefndum Kristjáni Róbert í Stigahlíð 34, Reykjavík, skipt efninu í því sem næst tvo jafna hluta og afhent Inga Þór Björnssyni annan þeirra í Reykjavík. Það hassefni, sem ákærði hafði þá eftir í vörslum sínum og hann átti að jöfnu með Gunnlaugi Birni Jónssyni, seldi ákærði að meginhluta nokkrum nafngreindum kunningjum sínum, oftast í Reykjavík, m. a. Ásgeiri Kristófer Ásgeirssyni, samtals um 200 gr, og Alfreð Adolfssyni, samtals um 250 gr, og kostaði hvert gramm kr. 1.100—1.400, en nokkurn hluta efnisins hafði ákærði til eigin nota. Í lok júlí hélt ákærði síðan erlendis til fíkniefnakaupa og hafði meðferðis hluta þess fjár, sem hann hafði aflað með sölu hassins, og jafnframt verulega fjárhæð í eigu Elíasar Hauks Snorrasonar, sem ákærða var ljóst, að fengist hafði með fíkniefnasölu hérlendis.

8. ákæruliður.

Samkvæmt ofangreindu bar ákærða og öðrum viðkomandi nokkuð í milli um heildarmagn keyptra hassefna í Amsterdam, en að öðru leyti eru framburðir aðilja efnislega samhljóða um aðdraganda nefndra hasskaupa og flutning efna hingað til lands.

Með vísan enn til ofanritaðs um meint heildarmagn keyptra efna verður eftirfarandi lagt til grundvallar:

1) Ákærði og Gunnlaugur Björn Jónsson lýstu sundurliðað og mjög á sama veg margnefndu heildarmagni keyptra hassefna. Miðaði ákærði við 2.3 kg, en Gunnlaugur 2.4—2.5, sem jafnframt eru efri mörk í ákærulið þessum.
2) Björn Stefánsson, sem viðurkenndi flutning efna hingað til lands, áætlaði magn þeirra lauslega, en taldi það hafa verið nærri 2 kg.
3) Framburður Elíasar Hauks Snorrasonar um ofangreint var bæði rúmur og ónákvæmur. Taldi hann heildarmagn upphaflega á að giska helmingi meira en sinn efnishlut og þannig alls verið 1.6 kg.

Þykir samkvæmt ofansögðu rétt að miða við, að heildarmagn keyptra hassefna hafi verið 2.3 kg.

Ákærði hefur játað alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og eins og að ofan er rakið, er játning hans rækilega studd öðrum gögnum málsins. Varðandi ráðstöfun efna, þá er játning ákærða í samræmi við brotalýsingu í þessum lið ákæruskjals og studd framburðum móttakenda efnis, utan hvað ekki verður af gögnum máls séð, að nefndur Gunnlaugur Björn hafi verið spurður um móttöku óviss magns efna um mánaðamót ágúst/september.

Samkvæmt ofansögðu þykir nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum lið ákæruskjals greinir, með ofangreindum athugasemdum, nánar í ágústbyrjun 1976 ásamt Elíasi Hauki Snorrasyni og Gunnlaugi Birni Jónssyni keypt samtals allt að 2.3 kg af hassi í Amsterdam á 2.70 gyllini hvert gramm, flutt efnið til Rotterdam og þar komið meginhluta þess í hendur Björns Stefánssonar, sem þá var skipverji á m/s Reykjafossi, til flutnings til Íslands, en fyrir þessa utanför hafði ákærði skipulagt fund við nefndan Björn í þessu skyni.

Í seinni hluta ágúst móttekið ofangreint hassefni af nefndum Birni að Skúlagötu 62 í Reykjavík og þá afhent Birni um 15% af heimfluttu efni sem greiðslu fyrir flutninginn og skömmu síðar að Skúlagötu 62 afhent Inga Þór efnishluta nefnds Elíasar Hauks, um 778 gr af hassi. Ákærði hafði þá eftir í vörslum sínum efnishluta sinn og nefnds Gunnlaugs Björns, u. þ. b. 6—800 gr af hassi, og seldi ákærði meginhluta þess nokkrum mönnum í Reykjavík, m. a. Sigurði Berndsen, samtals a. m. k. 300 gr á 5 bandaríkjadali hvert gramm, Alfreð Adolfssyni, óvisst magn, hvert gramm á kr. 1.100—1.200, en andvirði þess efnis, sem ákærði seldi, nam um kr. 500.000.

9. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum lið ákæruskjals greinir, nánar í fyrri hluta ágúst 1976 keypt 1 gr af amfetamíndufti (speed) í Kaupmannahöfn fyrir kr. 140 danskar og skömmu eftir miðjan mánuðinn flutt efnið með sér hingað til lands og neytt hluta þess í Reykjavík, en lögreglan lagði hald á eftirstöðvar efnisins 30. ágúst 1976.

10. ákæruliður.

Nefndur Björn Stefánsson neitaði samkvæmt ofansögðu að

vera eigandi að ofangreindu efni ásamt ákærða, og verður Björn gegn neitun sinni ekki talinn eigandi að efnum. Þá hefur Elías Haukur Snorrason ekki gengist við móttöku nefndra 160—170 gr. Ákærði hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum lið ákæruskjals greinir, og er sú játning studd öðrum gögnum málsins með ofangreindum frávikum. Varðandi sölu efna til Sigurðar Berndsen þá telur ákærði magn 4—500 gr, en nefndur Sigurður 5—600 gr, og þykir því rétt að miða við, að magnið hafi verið 500 gr.

Þykir samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum lið ákæru greinir, með ofangreindum athugasemdum, nánar um mánaðamót september/ október 1976 keypt samtals um 1 kg af hassi í Amsterdam, flutt efnið til Rotterdam og þar komið því í hendur Bergsveins Þorkelssonar, sem flutti efnið gegn þóknun til Íslands með m/s Reykjafossi og afhenti það Birni Stefánssyni. Skömmu síðar tekið við efninu í Reykjavík og selt Sigurði Berndsen um 500 gr af því að Æsufelli 6 á 5 bandaríkjadali hvert gramm, en afgangur að mestu farið til eigin neyslu.

11. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er sú játning studd framburðum Bergsveins Þorkelssonar, Sigurðar Berndsen og Alfreðs Adolfssonar, en Björn Stefánsson hefur aðeins gengist við að hafa móttekið efni frá Bergsveini og afhent ákærða, en neitar eignaraðild að hassinu. Þykir þannig ekki gegn neitun nefnds Björns verða lagt til grundvallar, að hann hafi átt í efninu.

Þykir samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, með ofangreindri athugasemd, nánar hinn 16. október 1976 haldið erlendis til fíkniefnakaupa með um 1.500 bandaríkjadali, sem aflað hafði verið með fíkniefnasölu, og í Amsterdam keypt um 1.5 kg af hassi á 2.70 gyllini hvert gramm. Flutt efnið til Rotterdam og afhent það Bergsveini Þorkelssyni sem fyrr, og flutti hann efnið gegn þóknun til Íslands með m/s Reykjafossi og afhenti það Birni Stefánssyni. Skömmu síðar tekið við hassinu í Reykjavík og selt Sigurði Berndsen u. þ. b. 1 kg af því á 5 bandaríkjadali hvert gramm að Æsufelli 6 og Alfreð Adolfssyni, óvisst magn, og kostaði hvert gramm kr. 1.100—1.200. Meginhluta þess

efnis, sem ákærði hafði þá eftir í vörslum sínum, seldi hann mörgum ónefndum aðiljum fyrir samtals um kr. 350—400.000, og eftirstöðvarnar hafði hann svo til eigin neyslu og kunningja sinna.

12. ákæruliður.

Samkvæmt ofansögðu viðurkenndi ákærði háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, en kvað efnismagn 300 gr. Nefndur Ásgeir Kristófer kvað efnismagn einnig 300 gr, en nefndur Eggert kvað það 370 gr, svo sem í ákæru greinir.

Þykir hér samkvæmt ofansögðu rétt að leggja framburð ákærða til grundvallar um efnismagn og önnur atvik, enda játning ákærða efnislega studd framburðum þeirra Ásgeirs Kristófers og Eggerts, og þannig talið sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir með ofangreindu fráviki um efnismagn, nánar í nóvember 1976 lagt Ásgeiri Kristófer Ásgeirssyni og Eggert Sigurðssyni til 1.000 bandaríkjadali til hasskaupa erlendis og í desember móttekið 300 gr af hassi af nefndum mönnum að Bólstaðarhlíð 9 í Reykjavík og síðan nýtt hassið í eigin þágu.

13. ákæruliður.

Ákærði hefur samkvæmt ofansögðu viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er sú játning studd framburðum þeirra Björns Stefánssonar, Magnúsar Árnasonar, Bergsveins Þorkelssonar og Sigurðar Berndsen.

Þykir þannig sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar í fyrri hluta jan. 1977 keypt allt að um 2.5 kg af hassi í Amsterdam, flutt efnið til Rotterdam og komið því í hendur Bergsveins Þorkelssonar, sem flutti efnið gegn þóknun með m/s Urriðafossi til Íslands, þar sem hann afhenti það Birni Stefánssyni, sem átti efnið ásamt ákærða. Skömmu síðar tekið við hassinu í Reykjavík og afhent Magnúsi Árnasyni um 300 gr, en nefndur Magnús hafði lagt ákærða til kr. 150.000.00 til hasskaupa. Um miðjan janúar selt Sigurði Berndsen 500 gr af hassinu að Æsufelli 6, Reykjavík, fyrir um 2.500 bandaríkjadali, en lögreglan lagði hald á rúm 1.300 gr af eftirstöðvum efnisins, er ákærði var handtekinn 19. janúar 1977 að Smáragötu 9 í Reykjavík, þar sem hann hafði efnið í vörslum sínum.

14. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er sú játning studd framburðum þeirra Magnúsar Árnasonar og Björns Stefánssonar. Telst þannig sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar um miðjan janúar 1977 lagt Birni Stefánssyni og Magnúsi Árnasyni til þá 2.500 dali, sem um ræðir í 13. lið, til fíkniefnakaupa erlendis, en þeir keypt síðan um 3 kg af hassi í Amsterdam og fluttu hingað til lands, og taldist ákærði eiga um 1 kg af efninu. Nefndur Magnús seldi hér á landi verulegan hluta (um 500 gr) af efnishlut ákærða, sem sætti gæsluvarðhaldi um þetta leyti, en í mars tók ákærði við 2.500 dölum, nokkrum tugum þúsunda íslenskra króna og a. m. k. um 2—300 grömmum af hassi úr hendi nefnds Magnúsar.

15. ákæruliður.

Ákærða og Magnúsi Árnasyni ber nokkuð í milli um efnismagn í þessum ákærulið. Ákærði kveður efnismagn hafa verið um 700 gr og framlag sitt og nefnds Björns 1.700 bandaríkjadali. Magnús hins vegar kveður efnismagn 1500 gr og framlag þeirra 2.000 bandaríkjadali. Að öðru leyti eru framburðir viðkomandi aðilja í samræmi við ákæruskjal. Hér þykir varlegra að leggja til grundvallar framburð ákærða um efnismagn og framlag þrátt fyrir ofangreint.

Þá hafa kaupendur efna af ákærða gengist við viðskiptum við ákærða.

Telst samkvæmt ofangreindu nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum lið ákæruskjals greinir, með ofangreindum athugasemdum, nánar á tímabilinu frá apríl til júní 1977 í félagi við Björn Stefánsson lagt Magnúsi Árnasyni til fé til fíkniefnakaupa erlendis, samtals um 1.700 bandaríkjadali, og síðan tvívegis móttekið hassefni hjá nefndum Magnúsi, samtals 700 gr, að Hagamel 34 í Reykjavík og í Heiðmörk ofan við Reykjavík. Ákærði seldi nokkrum nafngreindum kunningjum sínum verulegan hluta hassins, m. a. Runólfi Þór Jónssyni 2—300 gr í Reykjavík og Hermanni Ottóssyni allt að 200 gr á Neskaupstað á kr. 1.300 hvert gramm, en hluta efnisins, a. m. k. 100 gr, höfðu ákærði og nefndur Björn til eigin nota.

16. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er sú játning nægilega studd framburðum Magnúsar Árnasonar, Björns Stefánssonar og nafngreindra kaupenda.

Þykir samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar í ágúst 1977 í félagi við Björn Stefánsson keypt 2.2 kg af hassi í Amsterdam, flutt efnið til Rotterdam og komið því þar í geymslu, uns tækist að fá það flutt til Íslands. Um mánaðamót október/nóvember í Reykjavík móttekið efnið af nefndum Birni að Þinghólsbraut 42 í Kópavogi og falið það í Heiðmörk ofan við Reykjavík, en ákærði taldist eiga um 600 gr af þessu efni og Magnús Árnason afganginn, en ákærði hafði fyrir ofangreinda ferð til Amsterdam tekið við 1.500 bandaríkjadölum af nefndum Magnúsi til hasskaupa. Sótt efnisskammta í Heiðmörk eftir þörfum og á tímabilinu nóvember 1977 til janúar 1978 selt nokkrum nafngreindum mönnum samtals um 7—800 gr á kr. 1.400—1.500 hvert gramm, og fóru afhendingar efnisins fram að Þinghólsbraut 42 í Kópavogi, en hluta söluandvirðisins, um kr. 300.000, sendi ákærði til Kaupmannahafnar til nefnds Magnúsar. Lögreglan lagði síðan hald á rúm 1100 gr af hassinu, sem fannst eftir ábendingu ákærða 27. janúar 1978 í Heiðmörk.

Ofangreind háttsemi ákærða, sem lýst er í 4. og 6., 8., 10., 11., 13., 14. og 16. ákærulið þykir vegna hins umtalsverða magns ofangreindra fíkniefna og sölu þeirra að miklu leyti til margra manna gegn verulegu fégjaldi varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, sbr. enn fremur 2. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Háttsemi ákærða í öðrum ákæruliðum en þeim, er hér voru taldir, telst varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974. Hefur ákærði samkvæmt tilgreindum ákvæðum unnið til refsingar.

Samkvæmt ofansögðu ber að tiltaka refsingu ákærða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brotaferill ákærða samkvæmt sakavottorði þykir ekki skipta máli í þessu sambandi.

Við ákvörðun refsingar verður annars vegar litið til þess, að

ákærði hefur ekki, svo vitað sé, frá byrjun árs 1978 orðið uppvís að fíkniefnameðhöndlun, en hins vegar frá þeim tíma stundað eðlilega vinnu og nám jafnhliða. Ber með vísan til 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, tölulíða 5 og 8, að meta ákærða ofangreint til málsbóta.

Hins vegar ber til þess að líta, að ákærði samkvæmt ofansögðu stundaði stórfelldan og margítrekaðan innflutning fíkniefna, sem náði yfir langt tímabil, og sammæltist við marga aðilja um hlutdeild og aðstoð í því sambandi, þannig að ofangreindur innflutningur og eftirfarandi víðtæk dreifing gegn verulegu fégjaldi ber öll merki eindregins brotavilja og skipulagningar.

Teljast ofangreind atriði með vísan til áðurnefndrar 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, tölulíða 1, 6 og 7 auk lokamálsgreinar, ákærða til refsiþyngingar.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár, en þess utan með vísan til 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fésekt að upphæð kr. 1.000.000, þar sem ákærði lét mörgum aðiljum í té fíkniefni gegn verulegu fégjaldi og hagnaði. Komi 80 daga fangelsi í nefndrar sektar stað, sé hún eigi greidd innan 3 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 rétt, að til frádráttar refsingu komi sá tími, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, eða 71 dagur.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 200.000 til skipaðs verjanda, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, og kr. 200.000 í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð.

Loks ber með vísan til 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að dæma upptæk til eyðingar þau fíkniefni og fylgihluti, er hald var lagt á við rannsókn þessa, ósundurliðað á einstaka aðilja, sbr. a—d liði í ákæru:

a) 502 gr hass með umbúðum, sem hald var lagt á 7. ágúst 1975.

b) 1.3 gr amfetamínduft með umbúðum og 2 hasspípur, haldlagt 30. ágúst 1976.

c) Um 1318 gr af hassi, 4 hasspípur og skálavog, haldlagt 19. janúar 1977.

d) Um 1109 gr af hassi, sem hald var lagt á 27. janúar 1978.

Þess utan með vísan til sömu ákvæða skulu 110 bandaríkja-

dalir upptækir til ríkissjóðs, er haldlagðir voru 19. janúar 1977, en þeirra var aflað með fíkniefnasölu.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Bótólfur Guðmundsson, fæddur 17. október 1954 í Reykjavík, sæti fangelsi í 3 ár og greiði í fésekt til ríkissjóðs kr. 1.000.000. Refsivist til frádráttar komi 71 dags gæsluvarðhaldsvist, en í stað sektar 80 daga fangelsi, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 200.000 til skipaðs verjanda, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, og kr. 200.000 í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð.

Upptæk til eyðingar skulu eftirtalin fíkniefni og fylgihlutir:

1) 502 gr hass með umbúðum. 2) 1.3 gr amfetamínduft með umbúðum og tvær hasspípur. 3) 1318 gr hass, fjórar hasspípur og ein skálavog. 4) 1109 gr hass.

Upptækir skulu til ríkissjóðs 110 bandaríkjadalir.

Mánudaginn 1. mars 1982.

Nr. 172/1981. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Steini Oddgeiri Sigurjónssyni
(Stefán Pálsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 19. júní 1981, en af ákæruvalds hálfu er

krafist staðfestingar héraðsdóms að því er varðar refsingu, sviptingu ökuréttinda og greiðslu sakarkostnaðar. Ágrip barst Hæstarétti 8. desember s. á.

Í ákæruskjali segir, að ákærði hafi verið á suðurleið, en það á að vera á norðurleið. Þetta er leiðrétt í héraðsdómi. Í héraðsdómi er ákærði m. a. sakfelldur fyrir að hafa „brotið gegn ákvæði 1., 3. og e lið 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga." Við flutning málsins fyrir Hæstarétti voru vararíkissaksóknari og verjandi ákærða sammála um, að leiðréttingí héraðsdómi á víxlun í ákæru suðurleið/norðurleið sé rétt og að um ritvillu sé að ræða í héraðsdómi, er sakfellt er fyrir 1., 3. og e lið 3. mgr. 49. gr., en það eigi að vera 1. og 2. mgr. og e liður 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Var málið reifað í samræmi við ákvæði 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 vegna þessa.

Atvikalýsing í ákæruskjali er ekki svo ítarleg sem efni stóðu til, en ekki þykir þó næg ástæða til ómerkingar héraðsdóms þess vegna.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, en ákvæði 2. mgr. 45. gr., 1. og 2. mgr. og e liður 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga, sbr. 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976, tæma sök.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Steinn Oddgeir Sigurjónsson, greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hæsttaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 11. maí 1981.

Mál þetta, sem höfðað er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. janúar 1981, var tekið til dóms 8. maí 1981. Í þinghaldi 23. febrúar 1981 var Benedikt Ólafsson héraðsdómslögmaður skipaður verjandi ákærða í málinu. Lagði verjandinn fram vörn 8. maí sl., og var málið þá dómtekið. Ákærða hafði hinn 16. desember 1980 verið gefinn kostur á að ljúka máli þessu með dómssátt, sem hann hafnaði.

Málið er höfðað „á hendur Steini Oddgeiri Sigurjónssyni mjólkurfræðingi, Smárahlíð 24 B á Akureyri, fæddum 22. maí 1954 í Ólafsfirði, fyrir að hafa laugardaginn 9. ágúst 1980 ekið bifreiðinni A 6667 eftir Norðurlandsvegi í Öxnadal á suðurleið, án nægjanlegrar aðgæslu og allt of hratt miðað við aðstæður, eftir miðjum vegi, yfir hæðarbrún, með þeim afleiðingum, að ákærði missti stjórn á bifreiðinni, og hún rakst á bifreiðina A 7398, sem valt út af veginum á móts við Efstalandskot.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., 2. mgr. 45. gr., 1., 2. og e lið 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og telst sakhæfur, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir.

1973 22/10 á Akureyri: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1978 6/1 á Akureyri: Sátt, 50.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 6/1 1978.

Málavextir eru þessir:

Laugardagsmorguninn 9. ágúst 1980 ók ákærði bifreið sinni, A 6667, eftir Norðurlandsvegi á norðurleið, og á blindhæð á móts við bæinn Efstalandskot mætti hann bifreiðunum V 106, sem var á suðurleið, og A 7398. Bifreið ákærða fór út í hægri vegarhelming, þannig að hægri framhjól fóru (sic) út fyrir veginn, og þannig komst hann fram hjá bifreiðinni V 106, en þegar ákærði reyndi að vinna bifreið sína aftur inn á veginn, skekktist hún á veginum, og vinstra framhorn bifreiðar ákærða rakst í vinstri hlið bifreiðarinnar A 7398 með þeim afleiðingum, að sú bifreið

fór á hvolf utan vegar. Ekki urðu nein teljandi meiðsl á fólki í umferðarslysi þessu. Eftir áreksturinn hélt bifreið ákærða nokkurn spöl áfram, þar til ákærða tókst að stöðva bifreiðina, og hann ásamt farþega, sem með honum var, fór til aðstoðar fólki því, sem í þeirri bifreið var, sem hafði oltið.

Tilkynning um umferðarslys þetta barst til lögreglunnar á Akureyri sama dag, kl. 1037. Lögreglumennirnir Gísli Ólafsson, Hjörtur Gíslason og Stefán Matthíasson fóru á vettvang, og gerði lögreglumaðurinn Stefán Matthíasson frumskýrslu um atburðinn. Með lögreglumönnunum fór á staðinn Ólafur Oddsson, héraðslæknir á Akureyri.

Í frumskýrslu Stefáns Matthíassonar segir, að umrætt óhapp hafi orðið með þeim hætti, að þegar bifreiðarnar A 7398, sem var á suðurleið, og bifreiðin A 6667, sem var á norðurleið, mættust, þá skullu þær saman með þeim afleiðingum, að hin fyrrnefnda hafnaði á hvolfi utan vegar. Ökumaður og farþegi í bifreiðinni A 7398 voru í bílbeltum og festust því í bifreiðinni, en vegfarendur, er fyrstir komu að slysstað, gátu losað þau úr bifreiðinni. Þá segir í skýrslu lögreglumannsins, að enginn í bifreiðunum hafi slasast við áreksturinn að undanskildu því, að ökumaður A 7398 kvartaði undan eymslum í baki. Að mati Ólafs Oddssonar héraðslæknis var ekki nauðsynlegt að flytja hann á sjúkrahús.

Í frumskýrslu ökumanns bifreiðarinnar A 7398, sem var Konráð Mýrdal Ásgrímsson, fæddur 13. maí 1917, til heimilis að Oddeyrargötu 34, Akureyri, segir, að hann hafi ekið á eftir bifreiðinni V 106, er umrætt óhapp hafi orðið. Bilið á milli bifreiðanna hafi verið um 100 metrar og ökuhraði sinn hafi verið um 70 km miðað við klukkustund. Þegar hann hafi nálgast hæð á veginum, hafi hann séð, hvar bifreiðin A 6667 kom yfir hana á mikilli ferð, sem hann gat þó ekki tilgreint nánar, og hafi sú bifreið mætt bifreiðinni V 106 á háhæðinni. Bifreiðin A 6667 hafi þá verið yst á hægri vegarbrún og með hægri hjólin utan vegar. Ökumaður A 7398 kveður sig þá hafa fært sína bifreið vel yfir á hægri vegarhelming, en í þann mund hafi bifreiðin A 6667 snúist og er bifreiðarnar mættust, hafi vinstra framhorn A 6667 rekist í bifreiðina A 7398 með þeim afleiðingum, að bifreiðin valt á toppinn og hafnaði utan vegar.

Í frumskýrslu ákærða segir, að hann hafi verið á u. þ. b. 60—70 km hraða miðað við klukkustund, þegar óhappið varð. Hann hafi mætt bifreiðinni V 106 á nefndri hæð. Þá segir ákærði, að

vegna þess hversu innarlega á veginum bifreiðin V 106 hafi verið, hafi hann vikið eins langt til hægri og honum hafi verið unnt. Afleiðingin af þessu hafi verið sú, að hægri hjól bifreiðar ákærða hafi hafnað utan vegarins. Hann hafi þá aukið hraða bifreiðarinnar lítillega til að reyna að ná hjólunum aftur upp á vegarbrúnina, en í þann mund þegar hann mætti bifreiðinni A 7398, hafi bifreið hans snúist þannig, að vinstra framhorn hennar hafi lent á bifreiðinni A 7398. Við þetta segir ákærði, að bifreiðin A 7398 hafi hafnað í lausamjöl í vegarkantinum og þar næst farið á hvolf út af veginum. Sjálfur kvaðst ákærði ekki hafa náð að stöðva bifreið sína fyrr en um 70 metra norðan við árekstursstaðinn af þeirri ástæðu, að hjólbarði hafi sprungið á bifreið hans við árekturinn.

Í skýrslu Stefáns Matthíassonar lögreglumanns kemur fram, að bifreiðin A 7398 hafi verið mjög mikið skemmd og nánast ónýt, en skemmdir á bifreiðinni A 6667 hafi verið þessar: vinstra bretti, stuðari, grill, vélarlok og vinstra framhjól allt mjög skemmt. Einnig hafi framrúða skemmst og framhurð vinstra megin. Þá kemur fram í skýrslu lögreglumannsins, að ökumaður V 106 hafi verið farinn af vettvangi, áður en lögreglan hafði tal af honum.

Mánudaginn 11. ágúst tók Daníel Snorrason lögreglumaður skýrslu af ákærða vegna umferðarslyssins. Í þessari skýrslu kemur fram, að ákærði hafi ekið norður umræddan veg og er hann hafi komið upp á hæðina, sem var þarna á veginum, hafi hann verið búinn að draga aðeins úr ferð, og hann taldi, að hraðinn hefði verið á milli 60 og 70 km miðað við klukkustund. Hann hafi verið búinn að sjá til ferða tveggja bifreiða, áður en hann kom að hæðinni. Hafi hann þá farið vel út á hægri vegarbrúnina, er hann kom að hæðinni. Þegar hann hafi verið kominn rétt yfir háhæðina, hafi hann mætt bifreiðinni V 106. Hafi þeirri bifreið verið ekið það innarlega á veginum, að hann hafi orðið að sveigja til hægri út fyrir veginn með hægri hjól til að koma í veg fyrir árekstur. Lausamöl hafi verið í vegarbrúninni, þannig að hann reyndi að smámjaka bifreiðinni inn á veginn aftur. Eftir að hann hafði farið eftir vegarbrúninni smáspöl, hafi hann séð, hvar vegarbrúnin hækkaði, og hann hafi því talið, að ef hann næði bifreiðinni ekki inn á veginn aftur, mundi hún velta. Hafi hann þá lagt á bifreiðina til vinstri inn á veginn og hafi náð henni inn á hann, en þá hafi hún skriðið til hægri að aftan og snúist þannig, að vinstra framhorn bifreiðarinnar lenti á bif-

reiðinni A 7398. Við árekstur inn hafi hjólbarði vinstra framhjóls rifnað og af þeirri ástæðu hafi hann ekki árætt að hemla strax eftir árekstur inn. Taldi ákærði, að hann hefði náð að stöðva bifreið sína um 40 metra frá árekstursstað. Í þann mund sem bifreið hans hafi stöðvast, hafi hann ekki tekið eftir því, að bifreiðin A 7398 hafði oltið, og af þeirri ástæðu hafi hann ekið af stað norður eftir og ætlað að snúa við skammt norðar. Þegar ákærði hafi verið að snúa bifreið sinni við, þá hafi hann séð, að hin bifreiðin hafði oltið, og hann hafi þá ekið bifreið sinni út í vegarbrún og hlaupið að bifreiðinni A 7398 ásamt farþega, sem með honum var, og hafi þeir hjálpast að við að koma fólkinu út úr bifreiðinni A 7398. Ákærði taldi, að hraði bifreiðar sinnar hefði ekki verið meiri en 60—70 km miðað við klukkustund, en eftir að bifreið hans hafi lent með hægri hjólin út fyrir veginn, hafi hann aukið bensíngjöf til að reyna að vinna bifreiðina upp á veginn aftur. Taldi ákærði, að hraði bifreiðar hans hefði ekki aukist við þetta. Ákærði taldi, að hraði bifreiðar þeirrar, er hann mætti, hafi verið eðlilegur, en bifreiðin V 106 hafi verið of innarlega á veginum. Þá taldi ákærði, að ökumaður bifreiðarinnar A 7398 hefði átt að geta vikið betur, er hann sá, hvað verða vildi.

Við þingfestingu málsins hinn 23. febrúar sl. kom ákærði fyrir dóminn. Fyrir dóminum lýsti hann því yfir, að rangt væri farið með það í ákæruskjalinu, að í greint sinn hefði hann verið á suðurleið, hann hefði verið, eins og gögn málsins bera með sér, á norðurleið.

Verjandi ákærða hefur lýst því yfir í vörn, að hann líti á þessa villu í ákærunni sem prentvillu, og varðar þessi galli á málatilbúnaði ekki frávísun málsins, þar sem málið er að öðru leyti reifað með tilliti til þess, sem gerðist.

Fyrir dóminum hefur ákærði lýst því, að hann hafi ekið varlega miðað við aðstæður og á löglegum hraða. Hann kveðst hafa orðið að víkja fyrir bifreiðinni V 106 og við það hafi bifreið hans farið út í vegarbrúnina hægra megin og hafi hann þá tekið þann kost að reyna að ná bifreiðinni aftur inn á veginn, en þá hafi bifreiðin orðið skökk á veginum, þegar framhjólin komust inn á hann, og þannig hafi það gerst, að vinstra framhorn bifreiðar hans hafi rekist í fremsta hluta bifreiðarinnar A 7398 með þeim afleiðingum, að ökumaður A 7398 missti stjórn á bifreiðinni og bifreiðin valt út af veginum hægra megin frá honum séð. Þá sagði ákærði, að þegar hann hefði komið að fyrr-

greindri hæð á veginum, þá hafi hann verið á u. þ. b. 60—70 km hraða miðað við klukkustund, og hann taldi, að þá hefði hann verið á hægri vegarbrún. Ákærði kveðst hafa vitað af bifreiðinni V 106 á leiðinni yfir hæðina og þær bifreiðar hafi mæst á háhæðinni og þá hafi ákærði neyðst til að víkja það langt til hægri, að hægri hjól bifreiðar hans hafi farið út af veginum með þeim afleiðingum, sem áður hefur verið lýst. Fyrir dóminum mótmælti ákærði því, að bifreið hans hafi verið á það mikilli ferð, að hún hafi rásað til á veginum fram hjá bifreiðinni V 106.

Vitnið Konráð Mýrdal Ásgrímsson, fæddur 13. maí 1917, til heimilis að Oddeyrargötu 34, Akureyri, hefur borið, að hann hafi ekið suður Norðurlandsveg í greint sinn á u. þ. b. 60—70 km hraða miðað við klukkustund. Á undan bifreið hans hafi ekið um 100 metrum framar bifreiðin V 106. Hæð hafi verið á veginum þarna og þegar bifreiðin V 106 hafi verið komin á háhæðina, hafi bifreiðin A 667 komið yfir umrædda hæð á mikilli ferð á móti honum. Hafi hann þá séð, að ökumaður bifreiðarinnar A 6667 hafi sveigt til hægri með þeim afleiðingum, að hægra afturhjól hafi lent út fyrir veginn. Taldi hann fullvíst, að er bifreiðin kæmi inn á veginn aftur, mundi hún velta. Hann hafi þá dregið úr hraða og fært bifreið sína meira út í vegarbrúnina. Ökumanni A 6667 hafi þó tekist að ná bifreið sinni inn á veginn aftur, en hafi þá ekki náð valdi á bifreiðinni og hafi vinstra framhorn þeirrar bifreiðar lent á vinstra framhorni bifreiðar vitnisins. Við það hafi stýri bifreiðar vitnisins fest og við það hafi bifreið þess oltið vestur af veginum. Vitnið sagði, að eiginkona sín hefði verið farþegi í bifreið hans og hafi þau bæði verið í öryggisbeltum. Við veltuna hafi toppurinn lagst inn og þrengt að þeim, þannig að þau hafi átt í nokkrum erfiðleikum með að losna eða að ná til festinga á örvggisbeltum. Taldi vitnið sig hafa sloppið ómeitt frá óhappinu að því undanskildu, að það hafi fundið til nokkurra eymsla í baki. Vitnið sagði, að eiginkona sín væri víða marin, m. a. aftan á hægra herðablaði. Þá hafi hún fundið til í höfði, aðallega fyrst eftir áreksturinn. Þá hefur þetta vitni sagt, að bifreiðin V 106 hafi í greint sinn verið vel hægra megin á veginum og það hafi hún verið allan þann tíma, sem hann hafi ekið á eftir þessari bifreið. Þetta vitni taldi, að bifreiðin A 6667 hefði getað komist fram hjá V 106 með góðu móti, ef henni hefði verið ekið skikkanlega. Þá sagði vitnið, að hraði bifreiðarinnar A 6667 hefði verið mjög mikill,

enda hefði hann ekki stöðvað fyrr en 300—500 metrum norðar en áreksturinn varð.

Vitnið Örn Jóhannsson, fæddur 5. nóvember 1953, til heimilis að Smárahlíð 24, Akureyri, hefur borið, að það hafi verið farþegi í bifreiðinni A 6667, er áreksturinn hafi orðið. Hafi það setið í framsæti og séð aðdragandann að því, sem gerðist. Vitnið segir, að bifreiðin A 6667 hafi verið á leiðinni norður umræddan veg og hafi ákærði ekið á eðlilegum umferðarhraða að áliti vitnisins. Vitnið kvaðst ekki hafa gert sér nákvæma grein fyrir hraða bifreiðarinnar, þar sem það hafi ekki séð á hraðamæli þaðan sem það sat. Þó taldi vitnið, að ákærði hefði haldið jöfnum hraða, er hann fór upp á umrædda hæð, enda hefði vegurinn þarna verið beinn og nægilega breiður að áliti vitnisins til að mæta hvaða bifreið sem var. Þegar bifreiðin A 6667 hafi verið komin á háhæðina, hafi þeir mætt bifreiðinni V 106 og hafi vitnið þá séð bifreiðina A 7398, sem var ekið rétt á eftir bifreiðinni V 106. Vitninu virtist hraði bifreiðarinnar vera nokkuð eðlilegur, en ekki gat vitnið gert sér grein fyrir, hversu mikill hraði þeirra var. Vitnið taldi, að bifreiðinni V 106 hefði verið ekið alveg á miðjum veginum, og taldi vitnið því, að útilokað hefði verið að mæta bifreiðinni þarna öðruvísi en að fara út af veginum, eins og ákærði hafi gert. Ákærði hafi síðan reynt að sveigja bifreið sinni inn á veginn aftur, en við það hafi bifreiðin skriðið til að aftan og skekkst þannig á veginum, að vinstra framhorn bifreiðarinnar A 6667 hafi rekist í vinstra framhorn bifreiðarinnar A 7398. Vitnið telur, að ákærði hafi ekkert hemlað, fyrr en eftir að áreksturinn hafði orðið. Þá taldi vitnið, að bifreiðin A 7398 hefði ekki verið eins innarlega á veginum og V 106, en taldi þó, að ökumaður hefði getað vikið betur. Vitninu virtist högg það, sem varð við áreksturinn, ekki hafa verið mikið og það hafi ekki séð, þegar bifreiðin A 7398 fór á hvolf. Nokkru frá árekstursstað hafi bifreið ákærða stöðvað og síðan hafi hann ekið aftur af stað til þess að snúa við. Hafi þeir ekki séð, fyrr en þeir fóru að snúa við, að bifreiðin A 7398 hafði oltið. Þá ítrekaði vitnið, að bifreiðinni V 106 hefði verið ekið á miðjum vegi, og ekki tók vitnið eftir því, að ökumaður þeirrar bifreiðar hefði að sveigja til hægri. Þá taldi vitnið, að ef ákærði hefði ekki náð bifreiðinni upp á veginn aftur, hefði hún oltið í kantinum, sem hafi farið hækkandi. Þá sagði þetta vitni, að það hefði ekki séð bifreiðina V 106, fyrr en um það leyti sem bifreiðarnar hafi mæst. Aðdragandinn að þessu hafi verið mjög

skammur og enginn vegur hafi verið fyrir ákærða að stöðva. Vitnið sagði, að ákærði hefði vikið bifreiðinni það langt til hægri, að hægra framhjól hafi farið út af veginum, og síðan hafi ákærði náð bifreiðinni aftur inn á veginn og þá hafi bifreiðin skekkst þannig, að vinstra framhorn bifreiðar ákærða rakst á bifreiðina A 7398 með fyrrgreindum afleiðingum. Ekki treysti vitnið sér til að segja til um það, hvort bifreið ákærða hefði verið ekið á 60, 70 eða 80 km hraða miðað við klukkustund.

Vitnið Guðrún Þorsteinsdóttir, fædd 13. september 1918, til heimilis að Oddeyrargötu 34, Akureyri, en hún var farþegi í bifreiðinni A 7398 í greint sinn og sat í hægra framsæti, hefur borið, að þegar bifreiðin A 7389 var að koma að umræddri hæð á veginum, hafi það verið búið að taka eftir bifreið, sem var ekið á undan bifreiðinni A 7398 upp á hæðina. Ekki sagðist vitnið hafa veitt þeirri bifreið neina sérstaka athygli, þannig að það gat ekki sagt til um staðsetningu hennar á veginum. Þá sagðist vitnið ekki heldur hafa veitt því sérstaka athygli, þegar bifreiðin A 6667 kom yfir hæðina sunnan frá, og ekki var það visst um, hvar sú bifreið mætti bifreiðinni, er ekið var á undan bifreiðinni A 7398. Vitnið kveðst fyrst hafa farið að taka eftir bifreiðinni A 6667, þegar það sá hana rása yfir á öfugan kant á móti þeim, þannig að hún stefndi beint framan á þau. Ökumaður þeirrar bifreiðar hafi svo náð að sveigja frá þeirra bifreið yfir á sinn vegarhelming aftur, og taldi vitnið þá, að þau væru sloppin. Þá virtist vitninu sem ökumaður bifreiðarinnar A 6667 réði ekkert við hana og að hún hafi rásað aftur inn á veginn með þeim afleiðingum, að hún hafi skollið á bifreið þá, sem vitnið var í. Höggið hafi verið það mikið, að bifreiðin hafi snúist og oltið og stöðvast á toppnum. Vitnið segir, að er það hafi veitt bifreiðinni A 6667 fyrst athygli, þá hafi hraði hennar verið mjög mikill, og því virtist algerri tilviljun háð, hvar sú bifreið mundi lenda. Vitnið segir, að hraði bifreiðarinnar A 7398 hafi ekki verið mikill og að ökumaður þeirrar bifreiðar hafi ekki átt neina möguleika á að koma í veg fyrir árekstur, þar sem tilviljun hefði ráðið því, hvert bifreiðin A 6667 hefði stefnt.

Vitnið Þorvaldur Örn Vigfússon, fæddur 24. janúar 1929, til heimilis að Hólagötu 43 í Vestmannaeyjum, en það var farþegi í bifreiðinni V 106, þegar umrætt umferðarslys varð, hefur borið, að í greint sinn hafi bifreiðin V 106 verið á suðurleið eftir Öxnadal á u. þ. b. 60—70 km hraða, þegar hún kom að ómerktri

blindhæð, og hafi þá bifreið komið á móti þeim á „brjálæðislegri ferð“ á miðjum vegi, og taldi vitnið stórkostlega heppni, að sú bifreið hefði ekki lent á bifreiðinni V 106. Sagði vitnið, að þessi bifreið hefði lent alveg út í brún vegarins eða út fyrir hana og síðan inn á veginn aftur, þar sem bifreiðin lenti á bifreið, sem ók á eftir bifreiðinni V 106, með þeim afleiðingum, að sú bifreið stóð upp á endann, þegar vitnið leit aftur, og hvolfdist út af veginum. Vitnið kannaðist við, að bifreið sú, sem þau mættu í greint sinn, hafi haft skráningarnúmerið A 6667, og vitnið neitaði því algerlega, að bifreið þeirra hefði verið á miðjum vegi, þegar óhappið hafi orðið, og vitnið sagði, að bifreið sú, sem það var í, hafi verið utarlega á vegarbrúninni vegna blindhæðarinnar. Þá hefur þetta vitni sagt orðrétt, „að þau í bifreiðinni V 106 hefðu haldið, að þetta mundi verða þeirra síðasta, slíkur hefði akstur ákærða verið.“ Þá ítrekaði vitnið, að bifreiðinni V 106 hefði verið vikið vel til hægri á hæðinni, og enn ítrekaði vitnið, að það mótmælti því, að bifreið ákærða hefði verið ekið á eðlilegum hraða.

Vitnið Þorvarður Vigfús Þorvaldsson, fæddur 20. nóvember 1956, til heimilis að Hólagötu 43, Vestmannaeyjum, hefur borið, að hann hafi í greint sinn verið ökumaður bifreiðar föður síns, V 106, og hafi hann verið á leið frá Akureyri til Reykjavíkur og hafi foreldrar hans ásamt unnustu hans verið farþegar í bifreiðinni. Vitnið segir, að er hann hafi komið á blindhæð, sem hafi verið ómerkt, í Öxnadalnum, á leið sinni til Reykjavíkur, þá hafi komið á móti honum bifreið á miðjum vegi á ofsaferð eða allavega á ólöglegum hraða. Vitnið segir, að hann hafi þá strax vikið til hægri út í vegarbrúnina og hafi hin bifreiðin gert það sama. Síðan kveðst vitnið hafa séð í baksýnisspegli sínum, að sú bifreið, sem hann mætti, hafi lent á bifreið, sem ók á eftir bifreiðinni V 106, með þeim afleiðingum, að sú bifreið valt og hafnaði utan vegar. Þá sagði vitnið, að bifreiðin, sem hann mætti á blindhæðinni, hafi verið á miklu meiri ferð en 60—70 km hraða og hafi verið á miðjum veginum, eins og vitnið hafði áður haldið fram, enda hefði bifreiðin A 6667 átt að geta stöðvað miklu fyrr, ef hún hefði verið á eðlilegum hraða. Þá sagði vitnið, að hraði bifreiðarinnar V 106 hefði verið u. þ. b. 60—70 km miðað við klukkustund, þegar hann kom að fyrrnefndri blindhæð. Þá ítrekaði vitnið, að það væru alveg hreinar línur, að ákærði hefði ekki ekið á löglegum hraða. Þá sagði vitnið, að af

aksturslagi bifreiðarinnar A 6667 hefði mátt ráða, að ákærði hafi ekki vitað af bifreið hinum megin hæðarinnar. Þá ítrekaði þetta vitni, að bifreið þess hefði verið á hægri vegarbrún, þegar það mætti bifreið ákærða.

Vitnið Guðrún Ragnarsdóttir, fædd 6. október 1959, til heimilis Bröttugötu 2 í Vestmannaeyjum, var farþegi í bifreiðinni V 106 í greint sinn. Hjá þessu vitni kemur fram, að það hafi verið á leið til Reykjavíkur frá Akureyri í fyrrgreindri bifreið og þegar þau komu að ómerktri blindhæð í Öxnadal, hafi þau mætt bifreið, sem kom á mjög mikilli ferð á miðjum vegi, og fannst vitninu eins og sú bifreið væri u. þ. b. að koma á þeirra bifreið, en báðar bifreiðarnar hefðu þá sveigt til hægri og árekstri hefði verið forðað (sic), en bifreiðin, sem þau mættu, hafi lent á bifreiðinni, sem ók á eftir bifreiðinni V 106, með þeim afleiðingum, að sú bifreið lenti utan vegar á hvolfi. Þá sagði vitnið, að sér hefði virst sem ökumaður bifreiðarinnar A 6667 hefði misst stjórn á bifreiðinni, þar sem hún hafi „sikksakkað" á veginum fram hjá þeim. Þá segir þetta vitni, að ferðin á bifreiðinni, sem þau mættu, hafi verið „hroðaleg", enda sagðist vitnið hafa verið dauðhrætt um, að bifreiðin ætlaði að lenda á þeirra bifreið. Vitnið segir, að bifreið ákærða hafi örugglega verið á 100 km hraða miðað við klukkustund og að bifreiðin hafi ekki verið úti í vegarbrún, heldur á miðjum vegi.

Vitnið Ásta Þorvarðardóttir, fædd 17. júlí 1929, til heimilis að Hólagötu 43 í Vestmannaeyjum, var farþegi í bifreiðinni V 106 í greint sinn. Vitnið segir, að bifreið þess hafi verið á leið frá Akureyri til Reykjavíkur og er það hafi komið að ómerktri blindhæð í Öxnadal, hafi bifreið komið á móti þeim á miðjum vegi á ofsaferð, að því er vitninu virtist, og sagðist vitnið ekki skilja ennþá, hvernig bifreiðin slapp við að lenda á þeirra bifreið, annars hefði þetta gerst það snögglega, að erfitt sé að átta sig á hlutunum. Vitnið sagði, að ökumaður bifreiðarinnar V 106 hefði ekið á skikkanlegum hraða, u. þ. b. 60—70 km miðað við klukkustund, og hafi hann strax beygt til hægri, er hann sá, hvað hinni bifreiðinni leið. Þá segir vitnið, að sú bifreið, sem þau mættu, hafi lent á næstu bifreið, sem hafi ekið á eftir þeim, og hafi ökumaður bifreiðarinnar V 106 séð það í baksýnisspegli bifreiðarinnar, en ekki sagðist vitnið hafa séð það, sem gerðist. Vitnið sagðist ekki hafa orðið vart ferða bifreiðarinnar A 6667, fyrr en í þann mund að bifreiðarnar mættust, og kveðst vitnið ekki enn skilja, hvernig þau komust hjá þessu heil á húfi.

Niðurstöður.

Með hliðsjón af framburði ákærða og þeim vitnaframburðum, sem hér að framan eru raktir, svo og með hliðsjón af vettvangsuppdrætti og ljósmyndum verður að leggja til grundvallar, að í greint sinn hafi ákærði ekið bifreið sinni, A 6667, á allmiklum hraða á norðurleið í Öxnadal og er bifreiðin hafi komið að blindhæð á móts við bæinn Efstalandskot, hafi bifreið ákærða mætt bifreiðinni V 106 á efsta hluta blindhæðarinnar og þegar bifreið ákærða hafi mætt bifreiðinni V 106, hafi ákærði þurft að sveigja sinni bifreið það langt til hægri, að hægri hjól bifreiðar hans hafi farið út af veginum. Telja verður, að þegar bifreið ákærða hafi komið að nefndri blindhæð, hafi bifreið hans verið á alltof mikilli ferð miðað við aðstæður og þar með hafi ákærði ekki sýnt af sér nægjanlega aðgæslu og þar af leiðandi valdið þeim bifreiðum, sem staddar voru hinum megin blindhæðarinnar, stórkostlegri hættu. Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga. Þá verður að telja sannað með framburði vitnanna Þorvalds Arnar Vigfússonar, Þorvarðar Vigfúsar Þorvaldssonar, Guðrúnar Ragnarsdóttur og Ástu Þorvarðsdóttur, að þegar bifreið ákærða kom að nefndri blindhæð, hafi henni verið ekið eftir miðjum vegi. Með þessari háttsemi hefur ákærði brotið gegn 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

Þegar gögn máls eru virt í heild og það, að eftir að bifreið ákærða hafði mætt bifreiðinni V 106 á háhæðinni og hann fór að reyna að vinna bifreið sína inn á veginn aftur, hafi bifreiðin rásað það langt til vinstri, að hún rakst á bifreiðina A 7389 með það miklu afli, að stýri hennar festist með þeim afleiðingum, að bifreiðin kastaðist út fyrir veginn og hafnaði þar á hvolfi, og svo, þegar það er virt, að ákærði náði ekki að stöðva bifreið sína fyrr en alllangt frá árekstursstaðnum, verður að telja sannað, að ákærði hafi ekki miðað ökuhraða bifreiðar sinnar við staðhætti og umferð. Þá verður að telja, að aksturslag ákærða hafi valdið vegfarendum verulegri hættu og tálmað umferð. Þá verður að telja, að hraði bifreiðar ákærða hafi verið miklu meiri en svo, að hann hefði fullkomna stjórn á henni eða að hann hefði haft nokkra möguleika á að stöðva bifreiðina á þriðjungi þeirrar vegalengdar, sem auð var og hindrunarlaus framundan. Þá má telja sannað, að ákærði hafi ekki sinnt þeirri skyldu sinni að aka hægt og sýna ýtrustu varkárni, eins og honum bar. Með

þessari háttsemi sinni hefur ákærði brotið gegn ákvæði 1., 3. og e lið 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu og málsvarnarlauna.

Af hálfu ákæruvaldsins er þess, eins og áður er rakið, krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, verður að telja, að ákærði hafi gert sig sekan um þá háttsemi, sem í ákæruskjali greinir. Verður því sýknukröfu hafnað og kröfur ákæruvaldsins teknar til greina að öllu leyti.

Ákvörðun refsingar.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Með háttalagi sínu orsakaði ákærði lífshættu fyrir farþega í þeim bifreiðum, sem hann mætti í greint sinn. Refsing hans er hæfilega ákveðin 4.000.00 krónur í sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu, en ella sæti ákærði varðhaldi 20 daga.

Þá ber að svipta ákærða með vísun til 1. mgr. 81. gr. umferðarlaga ökuleyfi í 12 mánuði frá dómsbirtingu.

Þá ber með vísun til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Benedikts Ólafssonar héraðsdómslögmanns, 2.800.00 krónur.

Dóminn kveður upp Sigurður Eiríksson dómarafulltrúi.

Dómsorð:

Ákærði, Steinn Oddgeir Sigurjónsson, greiði 4.000.00 krónur í sekt til ríkissjóðs. Í stað sektarinnar komi varðhald 20 daga, verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuleyfi 12 mánuði frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Benedikts Ólafssonar héraðsdómslögmanns, 2.800.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. mars 1982.

Nr. 93/1981. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Sigurgeiri Hilmari Gunnarssyni
(Grétar Haraldsson hrl.).

Líkamsmeiðingar. Skaðabótakröfu vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdóminn kvað upp Ríkarður Másson, fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 10. mars 1981, en af ákæruvaldsins hálfu er krafist staðfestingar héraðsdómsins að því er varðar ákvörðun refsingar og greiðslu sakarkostnaðar, „en eins og háttað hefur verið meðferð á fébótakröfum fyrir héraðsdómi, er þess krafist, að skaðabótakröfur sæti frávísun frá héraðsdómi."

Ágrip barst Hæstarétti 10. nóvember 1981.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal hluti skipulagsuppdráttar af Ólafsvík ásamt bréfi héraðsdómara, þar sem fram kemur, að götumegin við hús nr. 4 við Grundarbraut var steyptur veggur, en ekki grindverk, eins og greinir í héraðsdómi.

Í ákæruskjali og í héraðsdómi er Ragnar Heiðar ranglega sagður Kristjánsson í stað Kristinsson.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti lýstu vararíkissaksóknari og skipaður verjandi ákærða yfir því, að hér mundi um ritvillu að ræða, og var málið reifað með hliðsjón af því, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Ákæra í málinu er einskorðuð við brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með eigin játningu ákærða og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, er sannað, að ákærði hrakti Ragnar Heiðar Kristinsson að steinvegg, sem nefndur er grindverk í héraðsdómi, og sleppti taki á honum, er hann var að því kominn að falla aftur yfir sig yfir vegginn. Olli það falli hans aftur fyrir sig milli veggs og húss, og skall höfuð hans við það á húsvegg. Gegn neitun ákærða þykir ekki sannað, svo sem sakargögnum er háttað, að hann hafi slegið Ragnar Heiðar í andlit eða sparkað í hann fyrir innan steinvegg þann, sem var götumegin við húsið nr. 4 við Grundarbraut. Verður því við það að miða, að Ragnar Heiðar hafi hlotið meiðsl þau, sem í héraðsdómi greinir, er hann skall á húsvegginn.

Með atferli því, sem lýst er að framan, hefur ákærði gerst brotlegur við hegningarlagaákvæði það, sem ákært er fyrir.

Eftir atvikum þykir mega fresta ákvörðun um refsingu ákærða og að hún falli niður að liðnu einu ári frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Skaðabótakrafa var eigi borin undir ákærða, og ber að vísa henni frá héraðsdómi, svo sem krafist er af hálfu ákæruvalds.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.000 00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns 3.000.00 krónur.

Hinn 9. september 1977 yfirheyrði sakadómari hjónin Sæunni Jeremíasdóttur og Magnús Höskuldsson sem vitni í sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Þau voru ekki heitfest. Er bókun varðandi framburð Magnúsar svohljóðandi: „Framburður mætta er samhljóða framburði eiginkonu hans . . .“ Af bókun þessari verður ekki ráðið, að dómarinn hafi yfirheyrt vitnið sjálfstætt um sakaratriði, sbr. 1. mgr. 77. gr. og 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Áður greint brot framdi ákærði 18. júní 1977. Ákæra var gefin út 31. mars 1978 og héraðsdómur

kveðinn upp 14. febrúar 1979, en eigi birtur fyrir ákærða fyrr en 23. janúar 1981.

Dráttur þessi á birtingu dóms hefur ekki verið réttlættur. Verður að átelja framangreinda málsmeðferð svo og meðferð héraðsdómara á fyrrgreindri skaðabótakröfu.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Sigurgeirs Hilmars Gunnarssonar, skal fresta og hún falla niður að liðnu einu ári frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Framangreindri skaðabótakröfu er vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og málsvarnarlaun eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Grétars Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála dómsatkvæði meiri hluta dómenda um annað en það, sem segir í dómi um ákæru og viðurlög við hegningarlagabroti ákærða. Um þessi atriði tel ég, að dómur ætti að vera sem hér segir:

Samkvæmt ákæruskjali er mál höfðað gegn ákærða fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Áverkavottorð ber þó með sér, að meiðsli Ragnars Heiðars Kristinssonar voru m. a. fólgin í sprungu í höfuðbeini út frá vinstra eyra, sem olli blæðingu inn í eyrað. Vegna upp-

hafsákvæðis 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 verður við það að sitja, þannig að heimfærsla undir 218. gr. almennra hegningarlaga kemur eigi til álita, enda málið einungis reifað á grundvelli heimfærslu í ákæruskjali.

Samkvæmt niðurlagsákvæði 3. mgr. 11. gr. laga nr. 20 18. maí 1981, 218. gr. a almennra hegningarlaga, er heimilt að lækka refsingu eða láta niður falla, þegar verknaður á undir 217. gr., ef sá, sem verður fyrir tjóni, á upptök að átökum með árás, ertingum eða líku. Með því að fleygja logandi vindlingsstúf þannig, að hann lenti inn í bifreið ákærða, verður að telja, að fullnægt sé skilyrði lagaákvæðis þessa til refsilækkunar, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af því og málavöxtum að öðru leyti þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 45 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að einu ári liðnu frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurgeir Hilmar Gunnarsson, sæti varðhaldi 45 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að einu ári liðnu frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur er ómerkt, og er skaðabótakröfu vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og málsvarnarlaun eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Grétars Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

14. febrúar 1979.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 26. júlí 1978, á hendur Sigurgeiri Hilmari Gunnarssyni múraranema, Ennishlíð 1, Ólafsvík, fæddum 16. september 1955 þar í plássinu, „fyrir líkamsárás samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 18. júní 1977 veist að Ragnari Heiðari Kristjánssyni (sic), fæddum 23. júlí 1956, á Grundarbraut í Ólafsvík, slegið hann í andlitið og hrundið þannig, að hann féll aftur fyrir sig um grindverk og sló höfði í vegg og rotaðist, og síðan sparkað í hann, þar sem hann lá.

Hlaut Ragnar af þessu heilahristing, 3 sentimetra langan skurð við vinstra eyra og sprungu þar í höfuðbeinið.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta.“

Ákærði, sem fæddur er 16. september 1955 í Ólafsvík, hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Sunnudaginn 26. júní 1977 kom á lögreglustöðina í Ólafsvík Ragnar Heiðar Kristinsson, Furugrund 16, Kópavogi, fæddur 23. júní 1956. Erindi mætta var að kæra Sigurgeir Hilmar Gunnarsson, Hjallabrekku 4, Ólafsvík, fyrir líkamsárás, sem hann kvaðst hafa orðið fyrir laugardaginn 18. júní 1977.

Kveðst hann hafa verið á gangi niður Grundarbraut í Ólafsvík ásamt Óskari Tómassyni, Hjarðartúni 12, og hafi hann þá hent frá sér vindlingi, sem hafi lent inn um opinn glugga bifreiðarinnar P 592, sem í því var ekið fram hjá. Sagði hann þetta hafa verið óviljaverk.

Sagði hann ökumann hafa snúið bifreiðinni við, ekið á eftir þeim og stöðvað bifreiðina á móts við þá Óskar. Hafi ökumaður, sem hann þekkti sem Sigurgeir Hilmar Gunnarsson, komið út úr bifreiðinni ásamt þremur öðrum mönnum. Hafi Sigurgeir Hilmar veist að honum og slegið hann umsvifalaust í andlitið, svo sprungið hefði fyrir á neðri vör. Hafi hann þá slegið Sigurgeir Hilmar í andlitið. Síðan hafi Sigurgeir Hilmar slegið hann í höfuðið og hafi hann dottið aftur fyrir sig og misst meðvitund.

Í áverkavottorði Kristófers Þorleifssonar, læknis í Ólafsvík, dags. 28. júní 1977, segir svo m. a. um meiðsli Ragnars Heiðars:

„Við skoðun þann 19.6. kl. 02 er Ragnar með fullri meðvitund, vel vakandi og ekkert sljór, áttaður á stað og stund. Hann kvart-

ar um mikinn höfuðverk, verk aftan við v. eyra, ógleði og svima, ef hann hreyfir höfuðið. Skoðun leiðir í ljós um 3 cm. langan skurð, nokkuð djúpan ofan við v. eyra. Við skoðun á eyra sést ekkert athugavert h. megin, en v. eyrnagangur er fullur af blóðstorku. Annað fannst ekkert athugavert við skoðun. Þar sem einkenni bentu til heilahristings, og blóðstorka í v. eyrnagangi gaf grun um sprungu í höfuðkúpu, var Ragnar tekinn til höfuðmyndatöku kl. 14 þann sama dag, og kom þá í ljós sprunga í höfuðbeini út frá v. eyra, sem skýrði blæðingu inn í eyrað. Að fengri þessari niðurstöðu var Ragnari eindregið ráðlögð hvíld og rúmlega, þar til heilahristingseinkenni væru að mestu horfin.

Hann mætir svo aftur til skoðunar í dag, 28.6.'77. Hefur verið í algjörri hvíld frá því hann hlaut höfuðhöggið. Kveðst nú algjörlega laus við höfuðverk og ógleði, en finnur fyrir lítilsháttar svima, ef hann hreyfir höfuðið snöggt eða rís snögglega upp. Við skoðun sést, að skurðurinn aftan við v. eyra er gróinn, en enn er töluverð blóðstorka í eyrnaganginum. Þar sem heilahristingseinkenni eru að mestu gengin til baka, telst Ragnar vinnufær frá og með deginum á morgun 29.6.'77."

Verður nú rakinn framburður vitna fyrir dóminum.

Vitnið Óskar Tómasson rafvirki, Ólafsvík, lýsti aðdraganda að atburðinum á sama hátt og Ragnar Heiðar. Hann kvaðst ekki hafa séð Sigurgeir Hilmar slá Ragnar Heiðar, en Sigurgeir hafi einn ráðist á Ragnar, en þar sem hann hafi verið staddur hinum megin við bifreiðina, hafi hann ekki séð, hvað þeim fór á milli. Það næsta, sem Óskar sá til Ragnars, var að hann lá innan við girðinguna.

Vitnið Sæunn Jeremíasdóttir, Ólafsvík, kvaðst hafa verið nýkomin heim ásamt eiginmanni sínum, þegar hún hafi heyrt hávaða fyrir utan. Hafi hún farið út í glugga og séð Hilmar Gunnarsson hrinda Ragnari Kristinssyni yfir grindverk við hús við Grundarbraut. Sagði vitnið, að Hilmar hefði síðan gengið fyrir endann á grindverkinu og sparkað í Ragnar.

Vitnið Höskuldur Magnússon, Ólafsvík, sagði frá á sama hátt og eiginkona hans, Sæunn Jeremíasdóttur, auk þess sem hann kvaðst hafa séð, að Hilmar var í hvítum tréklossum, þegar hann sparkaði í Ragnar.

Vitnið Björn Guðmundsson skrifstofumaður, Ólafsvík, kvaðst ekki hafa séð, hvað skeði milli þeirra Hilmars og Ragnars. Þó kveðst vitnið muna það, að hann hafi séð Ragnar liggja fyrir innan grindverkið og hafi Hilmar staðið boginn yfir honum og

hafi hann einnig verið fyrir innan grindverkið. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa séð Hilmar slá Ragnar, en Hilmar hafi verið í hvítum tréklossum.

Vitnið Þorgrímur Rúnar Kristinsson verkamaður, Ólafsvík, sagði, að Hilmar og Ragnar hefðu farið að rífast og hafi Ragnar slegið Hilmar í andlitið. Vitnið kvaðst aðspurt hafa séð Ragnar liggja fyrir innan grindverkið, en kvaðst ekki hafa séð Hilmar slá eða sparka í Ragnar.

Vitnið Hafsteinn Heiðar Kristinsson stýrimaður, Ólafsvík, kvaðst ekki hafa séð, hvað þeim Hilmari og Ragnari fór á milli. Það, sem hann mundi, var, að hann sá Ragnar standa á götunni, blóðugan á hálsinum undir eyranu og hafi lögreglan þá verið komin. Vitnið kvaðst ekki hafa séð Hilmar slá eða sparka í Ragnar, en sagði aðspurt, að sig minnti Hilmar hafa sagt sér, að hann hefði slegið Ragnar.

Ákærði, Sigurgeir Hilmar Gunnarsson, hefur eindregið neitað því að hafa slegið Ragnar Heiðar. Einnig hefur hann neitað að hafa hrint honum yfir grindverkið og síðan sparkað í hann. Sagði ákærði, að hann hefði tekið í öxl Ragnars, snúið honum við og sagt við hann, að það þýddi ekkert að vera að slást út af þessu. Hafi Ragnar þá slegið hann í andlitið, upp undir nefið. Hafi ákærði þá haldið honum frá sér með beinum handleggjum. Hafi Ragnar þá þokast afturábak að grindverkinu, og þegar ákærði fann, að Ragnar var að því kominn að falla aftur fyrir sig yfir grindverkið, hafi hann sleppt honum. Sagði ákærði, að Ragnar hefði þá fallið aftur fyrir sig milli hússins og girðingarinnar og skollið með höfuðið í húsvegginn.

Verjandi ákærða hefur gert þær kröfur, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins, en til vara, að ákærða verði gerð lægsta refsing, er lög leyfa, refsing verði felld niður eða dómur skilorðsbundinn. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins.

Niðurstaða.

Með hliðsjón af framburði vitnanna Sæunnar Jeremíasdóttur og Magnúsar Höskuldssonar þykir sannað þrátt fyrir vitni ákærða, að hann hafi neytt Ragnar H. Kristinsson yfir grindverk við Grundargötu í Ólafsvík, þannig að hann féll aftur fyrir sig og rakst með höfuðið í húsvegg, þannig að hann missti meðvitund. Einnig að ákærði hafi farið inn fyrir girðinguna og sparkað þar í Ragnar með tréklossa á fótum. Þá þykir sannað, að

Ragnar hafi af þessu hlotið heilahristing, 3 sentimetra langan skurð við vinstra eyra og sprungu þar í höfuðbeinið.

Telst því nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er um getur í ákæru, dags. 31. mars 1980, og þar er réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Refsing ákærða Sigurgeirs Hilmars Gunnarssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði, en þar sem um er að ræða fyrsta refsidóm ákærða, þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar hans megi fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða kr. 550.000 til Ragnars Heiðars Kristinssonar fyrir vinnutap, þjáningar og miska.

Loks ber að dæma ákærða samkv. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurgeir Hilmar Gunnarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði Ragnari Heiðari Kristjánssyni (sic) kr. 550.000 fyrir vinnutap, þjáningar og miska.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með kr. 100.000 til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Þórðarsonar héraðsdómslögmanns.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 5. mars 1982.

Nr. 112/1981. **Guðmundur Tómasson**
(Tómas Gunnarsson hrl.)
gegn
Þorvaldi Ara Arasyni
(sjálfur).

Nauðungaruppboð. Gjaldfelling veðskuldabréfs. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. maí 1981. Hann krefst þess, að synjað verði um framgang uppboðs á húseigninni Aðalgötu 7 á Sauðárkróki og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir uppboðsrétti Sauðárkróks og Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn 21. ágúst 1978 var beðið um uppboð á Aðalgötu 7 á Sauðárkróki með heimild í veðskuldabréfi, sem dagsett er 19. janúar 1973, en það hafði verið gjaldfellt 31. júlí 1978 vegna vanskila. Um þessa beiðni gekk úrskurður í uppboðsrétti 12. júní 1979. Sagði þar m. a., að uppboðið skyldi ná fram að ganga. Uppboðsþoli, Alþýðuhúsið h/f, áfrýjaði úrskurðinum, og með dómi Hæstaréttar 20. nóvember 1980 í máli Alþýðuhússins h/f gegn Þorvaldi Ara Arasyni var úrskurðurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar að nýju. Hinn 24. nóvember 1980 ritaði stefndi uppboðsrétti Sauðárkróks bréf, sendi hæstaréttardóminn, óskaði endurupptöku uppboðsmálsins og ítrekaði, að veðið yrði þegar selt á nauðungaruppboði. Því var mótmælt af hálfu áfrýjanda. Málið var tekið fyrir í uppboðsrétti 10., 12. og 14. mars 1981 og þá flutt munnlega. Veðbókarvottorð var lagt fram. Í réttinum var málið auðkennt nr. 1/1981 og nefnt Þorvaldur Ari Arason

vegna handhafa veðskuldabréfs skv. innheimtuframsali gegn Guðmundi Tómassyni.

Fram er komið, að stefndi er ekki eigandi veðskuldabréfsins, sem er uppboðsheimild í málinu, en hefur fengið það framselt til innheimtu. Stefndi gaf hér fyrir dómi yfirlýsingu um, hver væri eigandi bréfsins. Er stefnda heimilt að reka málið í eigin nafni.

Í máli þessu byggir áfrýjandi ekki vörn sína fyrir Hæstarétti á því, að Landsbanki Íslands hafi látið hjá líða að krefja hann um greiðslu á gjalddaga, en bréfið var til innheimtu í bankanum 15. júní 1978. Þegar þess er gætt, að afborgun og vextir féllu í gjalddaga þann dag, ósannað er, að samið hafi verið um greiðslufrest og að ekki hafði verið greitt 31. júlí 1978, verður að telja, að heimilt hafi verið að krefjast þess, að eftirstöðvar væru þegar greiddar ásamt vöxtum. Verður því að fallast á uppboðskröfu stefnda.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að aðiljar deila um fjárhæð þeirrar kröfu, sem stefndi á að fá greidda. Eigi kemur til álita að leggja nú dóm á, hvaða fjárhæð uppboðsbeiðandi eigi að fá af uppboðsandvirðinu að lokum, enda uppboðsmálið skammt á veg komið.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 4.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Guðmundur Tómasson, greiði stefnda, Þorvaldi Ara Arasyni, 4.500.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Magnúsar Þ. Torfasonar og Sigurgeirs Jónssonar.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, krefst Þorvaldur Ari Arason hæstaréttarlögmaður í máli þessu nauð-

ungaruppboðs á fasteigninni Aðalgötu 7 á Sauðárkróki „vegna handhafa veðskuldabréfs“ þess, sem skírskotað er til sem uppboðsheimildar. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti lýsti hæstaréttarlögmaðurinn því skorinort yfir, að hann flytti málið sem málflutningsmaður vegna eiganda skuldabréfsins. Samkvæmt því er uppboðsbeiðandi og aðili máls þessa fyrir Hæstarétti ónafngreindur handhafi veðskuldabréfs, en ekki hæstaréttarlögmaður sá, sem málið flytur.

Samkvæmt 6. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949 skal í uppboðsbeiðni greina nafn uppboðsbeiðanda, heimili hans og stöðu svo skýrt, að ekki verði um villst. Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, fengust eigi svör við því í uppboðsréttinum, hver væri eigandi veðskuldabréfs þess, sem hér er um fjallað. Nafngreining uppboðsbeiðanda, og þá eigi síst eiganda veðskuldabréfs, sem skírskotað er til sem uppboðsheimildar, getur skipt uppboðsþola máli að lögum með ýmsum hætti. Samkvæmt þessu og þar sem ekki verður litið svo á, að nægilegt hafi verið, að nafns eiganda veðskuldabréfsins var látið getið í varnarræðu við málflutning fyrir Hæstarétti, teljum við, að fella beri hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang hins umbeðna nauðungaruppboðs.

Eftir atvikum teljum við rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Úrskurður uppboðsréttar Sauðárkróks 9. apríl 1981.

Ár 1981, fimmtudaginn 9. apríl, var á uppboðsþingi Sauðárkróks, sem háð var í skrifstofu dómsins að Víðigrund 5 á Sauðárkróki af Jóhanni Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í uppboðsþingsmálinu nr. 1/1981: Þorvaldur Ari Arason vegna handhafa veðskuldabréfs skv. innheimtuframsali gegn Guðmundi Tómassyni.

Uppboðsmál þetta hefur áður verið hér fyrir dómi og úrskurður uppkveðinn í því 12. júní 1979. Málið hét þá nr. 4/1979: Þorvaldur Ari Arason gegn Alþýðuhúsinu h/f. Úrskurðinum var áfrýjað til Hæstaréttar, og féll dómur réttarins í því máli 20. nóvember sl. Þar er því lýst, að þinglýstur eigandi fasteignar-

innar nr. 7 við Aðalgötu á Sauðárkróki sé Guðmundur Tómasson, hótelhaldari á Sauðárkróki, en ekki Alþýðuhúsið h/f. Vegna þessa aðildarskorts og galla á málsmeðferð er áfrýjaður úrskurður ómerktur og málinu vísað ex officio heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Málið var tekið fyrir á uppboðsþingi að nýju þann 10. f. m. með þeirri auðkenningu, sem að framan greinir. Síðan var þingað í málinu 12. og 14. s. m. Endurrit af dómi Hæstaréttar hefur verið lagt fram og dómsgerðir í heimvísuðu máli svo og önnur gögn. Málið var flutt munnlega 14. f. m. og tekið til úrskurðar sama dag.

Af hálfu uppboðsbeiðanda, Þorvalds Ara Arasonar hæstaréttarlögmanns, til heimilis að Sólvallagötu 63, Reykjavík, vegna handhafa veðskuldabréfs skv. innheimtuframsali eru gerðar sömu kröfur sem áður, að úrskurðað verði, að nauðungaruppboð megi fara fram á fasteigninni nr. 7 við Aðalgötu á Sauðárkróki til greiðslu eftirstöðva skuldar að fjárhæð gamlar kr. 880.000 þann 15. júní 1978 ásamt vöxtum og kostnaði. Er krafan með áföllnum vöxtum og dráttarvöxtum talin nema þann 1. apríl 1981 gömlum kr. 1.631.988. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi uppboðsþola skv. lágmarkstaxta LMFÍ. Loks er þess krafist af uppboðsbeiðanda, að lögmaður uppboðsþola, Tómas Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, verði víttur harðlega „fyrir ódrengilega og ólögmannlega framkomu og óþarfa málsýfingar" í máli þessu. Í málflutningi hefur uppboðsbeiðandi fallið frá kröfu sinni um vítur, en vísað því atriði til dómara, ef honum sýnist rétt að víta lögmanninn ex officio.

Af hálfu uppboðsþola er þess krafist, að synjað verði um framgang nauðungaruppboðs á húseigninni nr. 7 við Aðalgötu á Sauðárkróki og uppboðsbeiðanda gert að greiða málskostnað að mati uppboðsdóms.

Uppboðsþoli hefur vefengt rétt uppboðsbeiðanda til að gera kröfur skv. skuldabréfi því, sem um ræðir í máli þessu, og skorað á hann að upplýsa, „hver hinn raunverulegi eigandi skuldabréfs þess, sem mál þetta fjallar um, og uppboðsbeiðandi í máli þessu er". Telur uppboðsþoli það stríða gegn gildandi lögum að greina eigi raunverulegan eiganda téðs skuldabréfs.

Lögmaður uppboðsbeiðanda hefur í málflutningi haldið því fram, að honum sé eigi skylt að greina frá eiganda skuldabréfsins, starfsumboð lögmanns sé nægilegt ásamt handhöfn skuldabréfsins, til þess að hann sé löglegur aðili að kröfum út af skulda-

bréfinu í máli þessu og gildi hér almennar reglur um viðskiptabréf. Hins vegar bauðst lögmaðurinn til þess að greina dómaranum frá eiganda bréfsins.

Eigi hafa verið bornar brigður á, að uppboðsbeiðandi sé löglega að handhöfn skulabréfsins kominn, né heldur út af fyrir sig vefengt framsal honum til handa til innheimtu þess. Samkvæmt almennum reglum um viðskiptabréf er lögleg handhöfn uppboðsbeiðanda á téðu veðskuldabréfi, sem gefið er út til handhafa, fullnægjandi heimild handa honum til þess að innheimta kröfuna. Aðild uppboðsbeiðanda að máli þessu telst því vera lögleg og honum því heimilt að krefjast þeirra aðgerða til innheimtu, sem um ræðir í málinu. Samkvæmt þessu getur uppboðsþoli leyst sig frá veðskuldinni með því að greiða uppboðsbeiðanda kröfuna, þar sem hann er löglegur handhafi veðskuldabréfsins.

Lögmaður uppboðsþola gerði uppboðsbeiðanda það sáttaboð, að fyrri deponeringargreiðslur frá uppboðsþola yrðu metnar gildar sem greiðslur, en eftirstöðvarnar yrðu greiddar innan hálfs mánaðar frá samþykki boðsins með vöxtum í samræmi við ákvæði skuldabréfsins, en hvorugur aðili skyldi greiða hinum kostnað vegna málsins. Þessu tilboði hafnaði uppboðsbeiðandi og taldi deponeringar sér óviðkomandi og gerðar á ábyrgð uppboðsþola algerlega. Dómari reyndi sættir með aðiljum án árangurs.

Hvað varðar vítur þær á lögmann uppboðsþola, sem uppboðsbeiðandi krafðist og féll síðan frá og vísaði til ákvörðunar dómara, er það að segja, eins og á stendur, að eigi þykir rétt að víta lögmann uppboðsþola ex officio út af þeim ávirðingum, sem uppboðsbeiðandi ber á hann.

Uppboðsbeiðandi hefur vísað til frumgagna málsins, sem vísað var heim í hérað og nú er endurupptekið, svo og annarra framlagðra skjala, og er nauðungaruppboðs því krafist á grundvelli veðskuldabréfs, sem út gefið er af Alþýðuhúsinu h/f til handhafa 19. janúar 1973, upphaflega að fjárhæð kr. 1.600.000, og er skuldabréfið tryggt með veði í fasteigninni nr. 7 við Aðalgötu á Sauðárkróki. Sú fasteign er nú þinglýst eign uppboðsþola, Guðmundar Tómassonar hótelhaldara, Aðalgötu 7, Sauðárkróki, og er kröfum málsins því beint að honum. Skuldina ber að greiða á næstu 10 árum með gjalddögum 15. júní og 15. nóvember ár hvert, kr. 80.000 hvert sinn, og var fyrsti gjalddagi 15. nóvember 1973. Skuldabréfið hefur uppboðsbeiðandi gjaldfellt skv.

ákvæðum bréfsins sjálfs vegna vanskila á greiðslu afborgunar og vaxta, sem ljúka skyldi 15. júní 1978, og krafist nauðungaruppboðs á veðinu til lúkningar höfuðstóls skuldarinnar með vöxtum og kostnaði, eins og að framan greinir. Skuldabréfið var til innheimtu í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Er greiðsla hafði eigi borist bankanum 26. júlí 1978, var skuldabréfið sótt og tekið úr bankanum. Uppboðsbeiðandi tilkynnti uppboðsþola með bréfi, sem var dagsett 31. júlí 1978 og póstlagt að morgni sama dags, að skuldabréfið væri gjaldfellt skv. heimild í því sjálfu og að skuldara væri gefinn kostur á að greiða eftirstöðvarnar með vöxtum og áföllnum kostnaði fyrir 15. ágúst 1978. Þann 14. s. m. fékk uppboðsbeiðandi skeyti frá uppboðsþola, þar sem gjaldfellingu skuldabréfsins er mótmælt og jafnframt tekið fram, að fyrir milligöngu Búnaðarbanka Íslands hefðu kr. 128.330 verið greiddar þann 25. júlí. Þann 2. ágúst 1978 tilkynnti Landsbankinn uppboðsbeiðanda, að greiðsla þessi hefði borist bankanum. Af hálfu uppboðsbeiðanda fékk Landsbankinn fyrirmæli um að endurgreiða þessa peninga, svo sem hann og mun hafa gert sama dag. Ástæðu til gjaldfellingar skuldabréfsins kveður uppboðsbeiðandi vera þá, að hann hafi verið orðinn þreyttur á því, að skuldari hafi eigi staðið við skýra skuldbindingu í skuldabréfinu um að greiða afborganir og vexti á réttum gjalddögum. Áritanir á skuldabréfið bera með sér of seinar greiðslur sem hér segir:

Greiðsla pr. 15. nóvember 1977 innt af hendi 6. desember 1977 eða 20 dögum síðar.

Greiðsla pr. 15. júní 1977 innt af hendi 1. júlí 1977 eða 15 dögum síðar.

Greiðsla pr. 15. nóvember 1976 innt af hendi 15. desember 1976 eða 30 dögum síðar.

Greiðsla pr. 15. júní 1976 innt af hendi 29. júlí 1976 eða 44 dögum síðar.

Greiðsla pr. 15. nóvember 1975 innt af hendi 14. janúar 1976 eða 59 dögum síðar.

Þá tekur uppboðsbeiðandi fram, að hann hafi áður orðið að leita sér aðstoðar lögmanna til þess að innheimta afborganir og vexti, svo sem áritanir á skuldabréfið bera með sér. Kveðst hann hvað eftir annað hafa gefið uppboðsþola eftir gjaldfellingu, en nú kveður uppboðsbeiðandi nóg af slíku komið og því hafi hann ákveðið að binda enda á þessi viðskipti með því að innheimta skuld þessa að fullu.

Af hálfu uppboðsþola er það tekið fram, að Guðmundur Tómasson hafi verið staddur á Sauðárkróki þann 25. júlí 1978 og þá viljað greiða afborgun og vexti, sem í vanskilum voru, af téðu skuldabréfi, sem hann vissi vera í innheimtu í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Uppboðsþoli fór þá í útibú Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki og óskaði aðstoðar bankastarfsmanns við greiðslu. Það kom í hlut Þormars Ingimarssonar, sem þá var starfsmaður útibúsins, að gera þetta. Hann átti símtal við starfsstúlku í verðbréfadeild Landsbankans í Reykjavík, og gaf hún upp fjárhæðina kr. 128.330 gjaldfallna afborgun 15. júní 1978 með vöxtum og dráttarvöxtum. Sú fjárhæð var út búin í gíróseðil og framsend frá útibúinu 25. júlí 1978, og var gíróseðillinn greiðslustimplaður sama dag í útibúinu. Þann 26. júlí 1978 tók eigandi eða umráðamaður skuldabréfsins það úr innheimtu í Landsbankanum. Þegar áðurgreindur gíróseðill hafði borist bankanum eigi síðar en 2. ágúst 1978, var af hálfu verðbréfadeildar bankans vegna uppboðsþola haft tal af uppboðsbeiðanda, en hann neitaði að taka við greiðslunni. Þann 4. ágúst 1978 barst uppboðsþola bréf uppboðsbeiðanda, dags. 31. júlí s. á., þar sem skuldinni var sagt upp og greiðslu allrar skuldarinnar með vöxtum og kostnaði krafist. Uppboðsþoli mótmælti gjaldfellingu skuldabréfsins í símskeyti til uppboðsbeiðanda, dags. 4. ágúst s. á. Verðbréfadeild Landsbankans endursendi uppboðsþola innborgaðar kr. 128.330 í gíróseðli 2. ágúst s. á. Síðan var þessi fjárhæð greidd af hálfu uppboðsþola til geymslu (depositum) í Landsbanka Íslands. Síðan greiddi uppboðsþoli til geymslu í sama banka kr. 106.667 þann 2. nóv. 1978. Samsvarandi greiðslum vegna téðs skuldabréfs hefur uppboðsþoli ráðstafað til geymslu í banka á gjalddögum 15. júní 1979, 15. nóvember 1979, 15. júní 1980 og 15. nóvember 1980. Tvær fyrstu geymslufjárgreiðslur, samtals kr. 234.997, hafa verið látnar ganga til uppboðsbeiðanda skv. sérstöku samkomulagi lögmanna málsaðilja, og er þar tekið fram, að þær greiðslur skuli eigi hafa áhrif á spurninguna um heimild til gjaldfellingar skuldabréfsins.

Uppboðsþoli reisir mótmæli sín gegn framgangi uppboðs á því, að uppsögn í bréfi uppboðsbeiðanda, dags. 31. júlí 1978, hafi eigi verið send og eigi borist uppboðsþola, fyrr en eftir að hann hafði greitt af skuldabréfinu til vörslumanns þess, verðbréfadeildar Landsbankans, og óheimilt sé að beita uppsagnarákvæðum skuldabréfs sem þessa, þegar greitt hafi verið til rétts vörslumanns skv. upplýsingum um vanskil. Uppboðsþoli bendir á, að

greiðsla hafi borist vörslumanni bréfsins 2. ágúst 1978, en uppsögn skuldarinnar hafi borist uppboðsþola 4. ágúst s. á. Þá mótmælir uppboðsþoli framgangi uppboðs á grundvelli þeirrar staðhæfingar, að uppsögn skuldabréfsins sé gölluð. Telur hann þar fyrst koma til, að vextir af skuldabréfinu miðaðir við 15. júní 1978 séu ranglega reiknaðir, og enn fremur sé bersýnilega óheimilt og óréttmætt að láta uppsögn gilda frá 15. júní 1978, eins og útreikningur dráttarvaxta frá uppboðsbeiðanda gefi til kynna. Telur uppboðsþoli fyrsta mögulegan uppsagnardag vera 30. júní 1978.

Í framangreindu veðskuldabréfi, sem lagt er til grundvallar dómkröfum í þessu máli, eru venjuleg og hefðbundin ákvæði um gjaldfellingu. M. a. eru þar ákvæði, sem segja, að ef vextir og afborganir eru eigi greiddar innan 14 daga frá gjalddaga, sé skuldin öll fallin í gjalddaga án nokkurs fyrirvara. Samkvæmt þessu átti að greiða áfallna afborgun og vexti af téðu skuldabréfi fyrir 30. júní 1978. Þetta ákvæði ber að skýra þannig, að skuldareigandi þurfi eigi að þola greiðsludrátt af hálfu skuldara umfram það, sem í skuldabréfinu greinir. Í samræmi við þetta og þar sem það enn fremur er komið fram, að uppboðsþola var kunnugt um greiðslustað, var uppboðsbeiðanda heimilt að gera höfuðstól skuldabréfsins gjaldfallinn með vöxtum og innheimtukostnaði skv. ákvæðum bréfsins, eins og á stóð, er hann tók bréfið úr innheimtu Landsbanka Íslands 26. júlí 1978, enda sendi hann uppboðsþola bréflega tilkynningu um þetta 31. s. m. Þótt uppboðsþoli hafi komið greiðslu áfallinna vaxta og afborgunar í útibú Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki til flutnings 25. júlí 1978, þá barst sú greiðsla eigi til Landsbanka Íslands í Reykjavík, sem var réttur greiðslustaður, fyrr en 2. ágúst s. á., og hafði uppboðsbeiðandi þá tekið skuldabréfið úr bankanum og einnig sent frá sér tilkynningu til uppboðsþola um gjaldfellingu skuldabréfsins, svo sem frá er greint hér að framan. Það verður eigi talið, að téð greiðsla uppboðsþola geti, eins og atvikum var háttað, bundið hendur uppboðsbeiðanda til þess að fella skuldabréfið allt í gjalddaga samkvæmt ákvæðum þess, eftir að verulegur greiðsludráttur hafði orðið af hálfu uppboðsþola að þessu sinni, auk þess sem verulegur dráttur hafði átt sér stað af hans hálfu nokkuð oft undanfarin ár á greiðslum skv. skuldabréfinu. Þótt uppboðsþoli sætti sig eigi við útreikning uppboðsbeiðanda á vanskilavöxtum út af greiðslu, sem átti að fara fram skv. téðu skuldabréfi 15. júní 1978 og reyndar eft-

ir það, breytir það eigi niðurstöðu málsins, þar eð síðar á að vera unnt að koma að leiðréttingu á slíku eftir því sem efni kann til að standa.

Með vísun til framanritaðs verður niðurstaðan sú, að fallist er á, að umbeðið nauðungaruppboð skuli ná fram að ganga.

Allar fjárhæðir í máli þessu eru greindar í gömlum krónum eins og í fyrra málinu, og ber að taka tillit til þess.

Uppboðsbeiðandi hefur krafist málskostnaðar, sem nemur gömlum krónum 99.487 + 816.098, samtals kr. 915.585. Á uppboðsþingi 10. f. m. og í málflutningi hefur hann lýst því, að hann lækki málskostnaðarkröfu sína í gamlar kr. 666.798. Þykir rétt að taka þá fjárhæð til greina og gera uppboðsþola að greiða uppboðsbeiðanda nýjar krónur 6.668.00 í málskostnað.

Ályktarorð:

Umbeðið uppboð skal ná fram að ganga.

Uppboðsþoli, Guðmundur Tómasson, skal greiða uppboðsbeiðanda, Þorvaldi Ara Arasyni hæstaréttarlögmanni, vegna handhafa téðs veðskuldabréfs skv. innheimtuframsali, nýjar krónur 6.668.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. mars 1982.

Nr. 54/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Erni Sigfússyni.

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. mars 1982, sem barst Hæstarétti 3. s. m. Krefst hann þess,

að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Af hálfu ákæruvalds er eigi krafist staðfestingar úrskurðarins. Að svo vöxnu máli verður úrskurðurinn úr gildi felldur.

Dómsorð:
Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 1. mars 1982.

Ár 1982, mánudaginn 1. mars, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var í húsakynnum embættisins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Við rannsókn meintra fíkniefnabrota nokkurra aðilja nú undanfarnar vikur voru bornar verulegar sakir á Örn Sigfússon, fæddan 27. júní 1958. Var Örn í framhaldi þar af úrskurðaður í gæsluvarðhald 6. febrúar 1982. Hefur Örn viðurkennt nokkuð af hinum meintu brotum í gæsluvarðhaldinu, en auk þess hefur Örn borið um verulegar meintar sakir umfram þær, er hið fyrra gæsluvarðhald byggðist á.

Við lögregluyfirheyrslur hefur Örn aðeins nafngreint tvo aðilja, er hann hefur selt fíkniefni, þrátt fyrir að viðurkenna að hafa selt fjölda aðilja hassefni yfir langt tímabil. Aðiljar þessir eru Hörður G. Ingólfsson, er Örn kveðst hafa selt um 576 grömm af ýmsum tegundum hassefna, og Gunnsteinn Sigurðsson, er Örn kveðst hafa selt 50 grömm af ýmum efnistegundum.

Að öðru leyti en að ofan greinir hefur Örn ekki nafngreint aðilja, er hann hefur selt fíkniefni, þótt hann hafi margsinnis lýst því yfir bæði við lögregluyfirheyrslur og fyrir dómi, að hann útvegi fjölda manns fíkniefni.

Örn Sigfússon bar við dómsyfirheyrslu 27. febr. 1982, að hann ætti 150 grömm af ætluðu hassefni í geymslu úti í bæ. Neitaði Örn að vísa á það efni.

Örn kvað sig við áðurgreinda dómsyfirheyrslu hafa haldið erlendis í þrjú skipti á árinu 1981.

Tvö skiptin fór hann til Danmerkur og í eitt skiptið til Indlands. Dvaldi Örn um það bil 1/2 mánuð í Danmörku í hvort skipti og um einn mánuð á Indlandi.

Aðspurður kvaðst Örn ekki geta gert grein fyrir atvinnutekj-

um sínum hjá tveimur nafngreindum fyrirtækjum, er hann kvað sig hafa unnið hjá.

Aðspurður um aðilja, er lánað hafa fjármuni til að standa straum af kostnaði við þrjár utanferðir á liðnu ári, kvað Örn sig ekki nafngreina neina í því sambandi.

Við lögregluyfirheyrslu 12. febr. 1982 kvað Örn sig hafa fengið send í einni sendingu þrjú kíló af hassi hingað til lands. Um var að ræða 1 kíló af svokölluðu Marokkóhassi, 1 kíló af Líbanonhassi og 1 kíló af svörtu hassi.

Við dómsyfirheyrslu 27. febr. 1982 staðfesti Örn greindan innflutning og kvaðst hafa greitt kr. 30 þús. fyrir efnið. Ekki gerði Örn grein fyrir, hvaðan efnið væri sent. Kvaðst Örn hafa selt um það bil 1 kíló, og 2 kíló fóru að sögn í gjafir og til eigin neyslu.

Nokkrir aðiljar haf borið um fíkniefnasölu Arnar Sigfússonar frá Laugavegi 43, Reykjavík, og einn aðili kvað Örn hafa selt frá Brautarholti 22 hér í borg. Hefur Örn neitað síðastgreindum sakargiftum.

Örn hefur viðurkennt að hafa komið með til landsins úr áðurgreindri Indlandsferð um 25—45 grömm af hassolíu. Róbert Rósmann Guðjónsson, er fór með Erni í greinda för, hefur borið um mun meiri innflutning Arnar úr þeirri ferð, eða nánar, að þeir hafi á Indlandi keypt um 2.2—2.4 kíló af hassi og breytt í hassolíu. Úr því komu að sögn Róberts um 270—280 grömm af hassolíu. Kvað Róbert sig hafa gleypt um 130 grömm af efninu, sem komið var fyrir í getnaðarverjum, og hafi Örn gleypt afganginn af efninu.

Þuríður Izzat Sævarsdóttir var yfirheyrð sem vitni hjá lögreglu 27. febr. 1982. Kvað hún sig þá hafa séð um 200 grömm af hassolíu hjá Erni Sigfússyni úr greindri Indlandsferð. Var efnið hjá Erni geymt í getnaðarverjum.

Loks hafa Hörður G. Ingólfsson og Atli St. Bjarnason borið um verulega meiri innflutning Arnar úr greindri ferð en fram hefur komið hjá Erni.

NIÐURSTÖÐUR.

Samkvæmt því, er að ofan hefur verið rakið, er meint sök Arnar Sigfússonar varðandi meðhöndlun fíkniefna veruleg. Er um að ræða kaup og innflutning fíkniefna, sölu, afhendingu (gjafir) og milligöngu um útvegun fíkniefna.

Ekki hefur verið gerð grein fyrir fjármögnun þriggja utanferða á liðnu ári.

Kaup Arnar á þremur kílóum af hassi á liðnu ári fyrir 30 þús. krónur eru enn á rannsóknarstigi, en söluandvirði þeirra hér á landi mun vera nálægt 600 þúsund krónum í dag.

Örn Sigfússon hefur verið mjög ósamvinnuþýður á gæsluvarðhaldstímabili því, er nú er að lokum komið. Verður að skoða gang rannsóknarinnar með það í huga.

Verið er að rannsaka meint brot á lögum 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974. Getur hin meinta sök Arnar Sigfússonar, ef sönnuð þykir, varðað hann fangelsisrefsingu. Samkvæmt því þykja ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar eigi til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Rannsókn máls þessa er komin nokkuð á veg, en hefur tafist nokkuð vegna þess, hversu ósamvinnuþýður Örn Sigfússon hefur verið. Ljóst er, að yfirheyra þarf fjölda manns, er málinu kunna að tengjast og kunna að geta varpað ljósi á meint fíkniefnamisferli Arnar Sigfússonar. Þykir því rannsóknarinnar vegna óheppilegt, að Örn Sigfússon gangi laus að svo stöddu.

Með vísan til alls ofanritaðs svo og með vísan til 1. mgr. 1. tl. 67. gr. laga 74/1974 þykir rétt að verða við framkominni beiðni lögreglu um framlengingu gæsluvarðhalds yfir Erni Sigfússyni. Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega ákveðinn til 17. mars 1982, kl. 1130.

Úrskurðarorð:

Örn Sigfússon, fæddur 27. júní 1958, til heimilis að Hverfisgötu 78, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. mars 1982, kl. 1130.

Mánudaginn 8. mars 1982.

Nr. 94/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Hirti Hafsteini Halldórssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Héraðsdóm kvað upp Skúli Bjarnason, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað málinu að ósk ákærða með stefnu 10. mars 1981, en málinu er einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Ágrip barst Hæstarétti 30. desember 1981.

Af hendi ákæruvalds er þess krafist, að ákærða verði dæmd refsing samkvæmt ákæruskjali 29. maí 1980, þó svo, að fyrir Hæstarétti er felld niður úr ákæruskjali ívitnun í 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Verjandi krefst aðallega ómerkingar hins áfrýjaða dóms og að málinu verði vísað heim í hérað til efnismeðferðar. Til vara krefst hann þess, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvalds í málinu.

I.

Í ákæruskjali 29. maí 1980 er ákærði sóttur til saka fyrir að hafa ekið bifreiðinni E 2215 sunnudag 5. ágúst 1979 undir áhrifum áfengis „frá tjaldstæði í þjóðgarðinum eftir akveginum um þjóðgarðinn, uns lögreglumenn stöðvuðu akstur ákærða á móts við söluskálann."

Verjandi telur, að öll lýsing ákæruskjals á stað, þar sem brot ákærða á að hafa verið framið, sé svo ónákvæm, að óviðhlítandi sé, sbr. 2. mgr. 3. tl. 115. gr. laga nr. 74/1974, sbr. lög nr. 107/1976, 19. gr. Hefði héraðsdómara því bor-

ið að vísa ákæru frá dómi. Það hafi hann ekki gert, heldur ranglega lagt efnisdóm á málið. Leiði þetta til þess, að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærunni frá héraðsdómi.

Ákæruskjali er vissulega áfátt um verknaðarlýsingu að því er varðar tilgreiningu á brotastað, þar sem talað er um „þjóðgarðinn“ og „söluskálann“ án nánari skýringar.

Málið var hér fyrir dómi flutt með sérstakri hliðsjón af greindum annmarka á ákæruskjali, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Eigi gat ákærði velkst í vafa um, hvaða þjóðgarð væri átt við í ákæruskjali, þ. e. friðlýsta svæðið á Þingvöllum, og um hvaða söluskála væri að ræða. Er og tímasetning fullnægjandi í ákæruskjali, og aðrir verknaðarþættir en um stað brotsins eru glögglega greindir. Þykir samkvæmt þessu unnt að leggja efnisdóm á málið.

II.

Verjandi lagði fram vörn sína í héraði á dómþingi 3. september 1980. Óskaði hann þá jafnframt eftir framhaldsrannsókn samkvæmt því, sem bókað er í þingbók. Af þessu tilefni aflaði héraðsdómari nokkurra gagna um skráningu í opinberum bókum varðandi blóðsýni, er tekið var úr ákærða 5. ágúst 1979. Á dómþingi 2. janúar 1981, er héraðsdómarinn háði, lagði hann fram auk bréfa sinna til lögreglustjórans í Reykjavík bréf frá hinum síðarnefnda, þar sem staðfest var, „að blóðtökuþoli sýnis nr. 647/1979“ væri ákærði í þessu máli. Þá var einnig lagt fram ljósrit af skráningu lögreglunnar í Reykjavík í viðkomandi bók á blóðsýni þessu, þar sem m. a. kemur fram skráningarnúmer og að það sé úr ákærða, sem nafngreindur er. Var málið nú dómtekið að svo vöxnu. Á dómþinginu 2. janúar 1981 voru hvorki ákærði né verjandi hans samkvæmt því, er greinir í þingbók. Fullyrðir verjandi, að þeim hafi eigi verið tilkynnt um þinghald þetta. Telur hann, að af þessum sökum beri að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá þinghaldi 2. janúar 1981 að telja.

Héraðsdómara bar að tilkynna verjanda ákærða um framangreint þinghald. Gagna þeirra, er fram voru lögð, var aflað í tilefni af ósk verjanda um frekari rannsókn á blóðsýni ákærða. Gögnin voru samkvæmt framansögðu tvö vottorð frá lögreglustjóranum og lögreglunni í Reykjavík. Þegar þetta er virt, þykir greindur ágalli á meðferð málsins ekki eiga að varða ómerkingu dómsins og meðferðar máls frá 2. janúar 1981. Kröfu verjandans, er að þessu lýtur, er því hrundið.

III.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu. Fyrir dóm komu þrír lögreglumenn, sem voru í lögreglubifreiðinni, er ók uppi bifreið ákærða, E 2215, hinn 5. ágúst 1979, en þeir stöðvuðu akstur hans og fluttu hann til Reykjavíkur. Merkti einn þeirra með krossi á uppdrátt yfir þjóðgarðinni á Þingvöllum stað söluskálans, er í ákæruskjali greinir, svo og brekkuna, sem þar er getið um. Var þessi staðsetning borin undir hina tvo, er staðfestu hana. Þá skýrðu þeir allir frá akstri lögreglubifreiðarinnar og einn þeirra frá akstri og akstursleið ákærða í umrætt skipti. Þeir voru samsaga um, að þeir hefðu stöðvað bifreið ákærða í brekkunni eða á milli söluskálans og brekkunnar og í grennd við rimlahlið að sögn tveggja þeirra.

Að vísu var liðið á þriðja ár frá því að það brot ákærða telst framið, sem hann er saksóttur fyrir, þegar lögreglumennirnir komu fyrir dóm. Allt að einu verður samkvæmt sakargögnum að telja sök ákærða sannaða. Varðar atferli ákærða hann refsingu samkvæmt þeim ákvæðum umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, er greinir í ákæruskjali. Brot ákærða er ítrekað, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga varðhald. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu með vísan til 81. gr. laga nr. 40/1968 svo og sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 2.500.00 krónur.

Á rekstri málsins í héraði er sá aðfinningarverði ágalli,

er að framan greinir, um boðun þinghalds 2. janúar 1981 og framlagningu gagna þá.

Dómsorð:

Ákærði, Hjörtur Hafsteinn Halldórsson, sæti 15 daga varðhaldi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akraness 6. janúar 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. janúar sl., er með ákæruskjali ríkissaksóknara höfðað gegn ákærða, Hirti Hafsteini Halldórssyni byggingameistara, Vesturgötu 139 á Akranesi.

Málið er höfðað gegn ákærða með ákæruskjali, dagsettu 29. maí 1980, „fyrir að aka sunnudaginn 5. ágúst 1979 undir áhrifum áfengis bifreiðinni E 2215 frá tjaldstæði í þjóðgarðinum eftir akveginum um þjóðgarðinn, uns lögreglumenn stöðvuðu akstur ákærða á móts við söluskálann.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. l. nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði er fæddur 20. júlí 1940 í Hafnarfirði og hefur sætt refsingum sem hér segir:

1959 11/2 í Hafnarfirði: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólæti.
1959 5/11 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.
1965 14/12 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 18. og 19. gr. umferðarlaga.
1966 11/11 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: Sýknaður af

ákæru um meint brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

1967 24/5 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 20/3 1967.

1967 28/6 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 5 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár frá uppsögu dómsins, fyrir brot gegn 218. gr. hegningarlaga. Greiði Guðmundi Ómari Dagbjartssyni skaðabætur, kr. 71.033.43.

1973 5/1 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248., 256. og 261. gr. hegningarlaga.

1978 20/7 á Akranesi: Sátt, 75.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 20/7 1978.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 5. ágúst 1979, um kl. 8 um morguninn, er lögreglan í Reykjavík var á ferð um þjóðgarðinn á Þingvöllum, veitti hún athygli bifreiðinni E 2215, er var ekið inn á veginn fyrir framan lögreglubifreiðina. Er lögreglumennirnir óku fram úr bifreið þessari, virtist þeim ökumaður hennar vera drukkinn. Var bifreiðin því stöðvuð og haft tal af ökumanninum, sem reyndist vera ákærði í máli þessu. Neitaði hann að hafa drukkið. Þar sem sterkan áfengisþef lagði frá vitum hans og augun voru fljótandi, var hann færður til Reykjavíkur, þar sem tekin var af honum varðstjóraskýrsla. Jafnframt var honum tekið blóð til alkóhólrannsóknar, og var blóðsýnið merkt nr. 647.

Hjá lögreglunni bar ákærði, að hann hefði verið við drykkju kvöldið áður og drukkið whisky. Kvaðst hann hafa verið við drykkjuna í tjaldi á Þingvöllum og hafi hann drukkið frá því kl. 21 um kvöldið til kl. 24. Ákærði kvaðst ekki hafa drukkið áfengi, eftir að akstri lauk.

Ákærði staðfesti fyrri framburð sinn, er hann kom fyrir sakadóm Akraness. Kvaðst hann jafnframt undrast niðurstöðu alkóhólrannsóknar, en samkvæmt henni reyndist magn alkóhóls vera 1.47‰, en ákærði taldi sig ekki undir áfengisáhrifum við aksturinn.

Í varðstjóraskýrslu er útliti og öðrum einkennum ákærða lýst svo: áfengisþefur af andardrætti talsverður, andlit (litarháttur)

eðlilegt, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu rauð, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt, framburður greinargóður.

Ákærði hefur haldið uppi vörnum í máli þessu. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu. Þá krefst hann og málsvarnarlauna, að mati réttarins, til handa skipuðum verjanda sínum.

Ákærði krefst þess jafnframt, að málinu verði vísað frá ex officio, þar sem ákæran sé ekki í samræmi við 115. gr. laga nr. 74/1974. Þar sé einungis talað um þjóðgarð, en ekki hvaða þjóðgarð. Þá sé því haldið fram í ákæru, að lögreglan hafi stöðvað ákærða móts við einhvern söluskála, en ekki í einhverri brekku, eins og fram komi í lögregluskýrslu.

Matsatriði hlýtur að vera hverju sinni, hversu nákvæmlega meintur brotastaður er tilgreindur í ákæru, enda segir í tilvitnuðu lagaákvæði, að stað og stund afbrotsins skuli tilgreina „eftir föngum". Ekki leikur á tveim tungum, hvar afbrot það, sem ákærða er gefið að sök, var framið, og verður því frávísunarkrafa ákærða ekki tekin til greina.

Sýknukrafa ákærða er studd þeim rökum, að lýsing á ölvunarástandi fái ekki samrýmst niðurstöðu alkóhólrannsóknar, enda hafi ákærði ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Telur ákærði, að þessi niðurstaða í alkóhólrannsókninni geti ekki átt við sig, og mótmælir því, að hún verði lögð til grundvallar dómi í máli þessu. Því telur ákærði, að eigi sé sannað lögfullri sönnun, að hann hafi ekið bifreiðinni í umrætt skipti undir áhrifum áfengis. A. m. k. sé vafinn það mikill, að eigi geti komið til sakfellingar.

Dómarinn lét af þessum sökum kanna í blóðbókum lögreglunnar í Reykjavík, hver væri skráður blóðtökuþoli sýnis nr. 647/79. Reyndist það vera ákærði í máli þessu, og var niðurstaða alkóhólrannsóknar þar skráð hin sama.

Þá kannaði dómarinn einnig símleiðis þann 5. janúar sl. hjá Rannsóknastofu í lyfjafræði, hver væri niðurstaða rannsókna á nefndu sýni. Reyndist henni bera saman við aðrar niðurstöður.

Telja verður, að með niðurstöðum alkóhólákvörðunar, játningu ákærða um neyslu áfengis kvöldið áður, lýsingum í lögregluskýrslum á ölvunarástandi ákærða svo og öðrum gögnum málsins sé fram komin nægjanleg sönnun fyrir því, að ákærði hafi að morgni sunnudagsins 5. ágúst 1979 ekið bifreið sinni, E 2215, undir áhrifum áfengis innan þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Þykir brot ákærða rétt fært til refsiákvæða í ákæruskjali.

Niðurstöður.

Með hliðsjón af framansögðu þykir refsing ákærða skv. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, hæfilega ákveðin 2.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber skv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja, en eins og sakavottorð ákærða ber með sér, er um ítrekað brot að ræða.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hjörtur Hafsteinn Halldórsson, greiði í sekt til ríkissjóðs kr. 2.000.00, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. mars 1982.

Nr. 227/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Snorra Hjaltasyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 15. september 1981, en máilnu var einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 30. desember s. á.

Ríkissaksóknari krefst þess, að ákærða verði refsað samkvæmt því, sem segir í ákæruskjali 20. mars 1979, þó svo, að hér fyrir dómi er horfið frá tilvitnunum í ákæruskjali til 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í málinu.

Samkvæmt vitnaskýrslum, sem grein er gerð fyrir í héraðsdómi, og með hliðsjón af skýrslum ákærða sjálfs er sök sú sönnuð, sem hann er borinn í ákæruskjali. Varðar atferli hans við þau ákvæði umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, er greinir í ákæruskjali.

Verjandi ákærða telur, að sök hans, þótt sönnuð kynni að þykja, sé fyrnd, sbr. 80. gr., 1. tl. 81. gr. og 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem hér eigi við samkvæmt lögjöfnun, sbr. nú 4.—6. gr. laga nr. 20/1981.

Brot ákærða er framið 28. október 1978. Var það rannsakað þann dag fyrir lögreglu og blóðsýni tekið. Ákvörðun á alkóhólmagni í því lá fyrir hinn 30. október s. á. Rannsóknargögn þessi sendi fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi ríkissaksóknara með bréfi 2. mars 1979 og óskaði fyrirlags hans um frekari meðferð málsins. Ríkissaksóknari gaf út

ákæru 20. s. m. og sendi hana bæjarfógetanum í Kópavogi samdægurs. Fulltrúi bæjarfógetans sendi sýslumanninum í Austur-Skaftafellssýslu ákæruna með bréfi 22. október 1980 og óskaði eftir því, að hún yrði birt ákærða, honum kynnt sakargögn og leitað eftir afstöðu hans til varna í málinu. Háði fulltrúi sýslumannsins dómþing í málinu 24. október s. á. Var ákærða þar birt ákæran og rannsóknargögn málsins kynnt. Kvað ákærði ákæruna ranga og neitaði sakargiftum. Hann óskaði eftir, að hæstaréttarlögmaður sá, sem varið hefur hann í máli þessu í héraði og fyrir Hæstarétti, yrði skipaður verjandi sinn. Fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi skipaði hæstaréttarlögmanninn verjanda hans með bréfi 13. janúar 1981. Samdægurs var sýslumanninum í Austur-Skaftafellssýslu ritað bréf með ósk um, að ákærði yrði yfirheyrður í sakadómi um ákæruefni. Var það gert í sakadómi Austur-Skaftafellssýslu 10. mars 1981. Málið var síðan sent bæjarfógetanum í Kópavogi með bréfi 11. s. m. Voru háð dómþing í málinu í sakadómi Kópavogs 12. maí og 15. júní, er málið var tekið til dóms og dæmt hinn 19. s. m.

Stórfelldur dráttur hefur orðið á rekstri málsins og mikil hlé orðið á milli dómþinga, en þó eigi svo, að sök sé fyrnd.

Brot ákærða er ítrekað. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu með vísan til 81. gr. laga nr. 40/1968 svo og ákvæði dóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 2.500.00 krónur.

Víta ber þann mikla drátt, sem orðið hefur á rekstri máls þessa hjá bæjarfógetaembættinu í Kópavogi.

Dómsorð:

Ákærði, Snorri Hjaltason, sæti 15 daga varðhaldi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 19. júní 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 15. júní sl., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru, dags. 20. mars 1979, „á hendur Snorra Hjaltasyni verkamanni, Lyngbrekku 10, Kópavogi, fæddum 30. september 1952 í Reykjavík, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 28. október 1978 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Y 7380 ljóslausri í myrkri stuttan spöl um bifreiðastæði við veitingahúsið Klúbbinn við Borgartún í Reykjavík.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 53. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og vitna svo og öðrum gögnum málsins eru málavextir þeir, að laugardaginn 28. október 1978, kl. 0210, er lögreglumenn í Reykjavík voru staddir á Kringlumýrarbraut á gatnamótum norðan Borgartúns, veittu þeir því athygli, að bifreið var ekið um ljóslausri á bifreiðastæðinu austan við veitingahúsið Klúbbinn. Óku þeir að bifreiðastæðinu, en þá stökk ökumaður bifreiðarinnar út úr henni og tók á rás vestur Borgartún. Hörður Sigurðsson, lögreglumaður nr. 155, veitti ökumanni eftirför og náði að stöðva för hans á Borgartúni móts við Sindrastál. Er lögreglumenn höfðu tal af ökumanni, er reyndist vera ákærði í máli þessu, fundu þeir sterkan áfengisþef leggja frá vitum hans.

Ákærði var færður á lögreglustöðina í Reykjavík og þar fyrir varðstjóra, þar sem kærði neitaði staðfastlega að hafa ekið umræddri bifreið, er reyndist vera Sunbeam, græn að lit, skrásetningarnr. Y 7380.

Að lokinni skýrslugjöf var ákærði færður á slysadeild Borgarspítalans, þar sem tekið var blóðsýni úr honum. Niðurstaða alkóhólrannsóknar var sú, að 2.14‰ alkóhóls hefðu verið í blóði ákærða umrætt sinn.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík síðar sama dag skýrði ákærði frá því, að hann hefði, um kl. 2200, kvöldið áður ekið bifreiðinni Y 7380 frá heimili sínu að veitingahúsinu Klúbbnum og lagt bifreiðinni á bifreiðastæði austanvert við veitingahúsið. Kvaðst hann ekki hafa neytt áfengis fyrir þann akstur.

Ákærði kvaðst síðan hafa farið inn í veitingahúsið og drukkið þar eitt glas af whisky. Síðan kvaðst ákærði hafa farið heim til sín með leigubifreið og staldrað þar við í um það bil tuttugu mínútur, en þá aftur farið í veitingahúsið Klúbbinn með annarri leigubifreið. Kvaðst ákærði hafa drukkið þar um það bil fjögur glös af whisky á tímabilinu frá kl. 2330 til 0030. Ákærði kvaðst síðan hafa farið um kl. 0200 út í bifreiðina Y 7380, þar sem hann hefði skilið við hana kvöldið áður, og hafi hann ekið bifreiðinni stuttan spöl á bifreiðastæðinu austanvert við veitingahúsið. Ákærði viðurkenndi að hafa fundið til áfengisáhrifa við þennan akstur.

Er ákærði kom fyrir dóm þann 24. október 1980, var honum birt ákæra, dskj. nr. 3. Taldi ákærði hana ranga og neitaði hann sakargiftum. Ákærði kom aftur fyrir dóm hinn 10. mars 1981 og skýrði þá svo frá, að hann hefði farið á bifreiðinni Y 7380 í Klúbbinn snemma kvölds og drukkið þar áfengi. Hann hefði síðan farið með leigubifreið heim til sín til þess að sækja peninga, en þaðan hefði hann farið aftur í Klúbbinn með annarri leigubifreið, en skilið lykla bifreiðarinnar Y 7380 eftir heima. Eftir að dansleik lauk í Klúbbnum, kvaðst ákærði hafa farið út í bifreiðina Y 7380 í því skyni að ganga betur frá henni. Hafi þá lögreglan komið að, og þar sem ákærði óttaðist lögregluna í því ásigkomulagi, sem hann þá var í, tók hann það til bragðs að hlaupa á brott.

Mótmælti ákærði skýrslu þeirri, er hann gaf hjá rannsóknarlögreglu þann 28. október 1978 og taldi hana marklausa. Hafi hann játað fyrir rannsóknarlögreglu að hafa ekið undir áhrifum áfengis, þar sem sér hefði verið hótað gæsluvarðhaldi ella. Einnig hafi honum verið meinað að hafa samband við fjölskyldu sína svo og að leita eftir aðstoð lögmanns.

Vitnið Hörður Sigurðsson lögreglumaður, Laugavegi 144 í

Reykjavík, kom fyrir dóm þann 12. maí sl., og mundi vitnið eftir því að hafa hlaupið ökumann bifreiðar þeirrar, er í ákæru getur, uppi eftir að hafa fylgst með akstri hans við veitingahúsið Klúbbinn.

Vitnið kvaðst hafa verið í eftirlitsferð á lögreglubifreið ásamt bifreiðaeftirlitsmanni, er það veitti fyrrgreindri bifreið eftirför meðfram veitingahúsinu, en er vitnið átti eftir ófarna 10—30 m að þeirri bifreið, hefði ákærði farið út úr bifreiðinni í augsýn vitnisins. Vitnið hefði síðan handsamað ákærða á hlaupum, en aldrei hefði það misst sjónar á honum.

Taldi vitnið sig muna greinilega að hafa séð ákærða aka bifreiðinni og væri ekki um það nokkur vafi.

Vitnið Sigurjón Bjarnason bifreiðaeftirlitsmaður, Asparfelli 8 í Reykjavík, kom fyrir dóm sama dag og skýrði svo frá, að það hefði ásamt lögreglumanni ekið Sætún umrædda nótt og þá séð 2 bifreiðar austan við veitingahúsið Klúbbinn. Hafi önnur þeirra verið kyrrstæð, en hin hringsólað þar í kring. Lögreglumaðurinn hafi ekið inn á bifreiðastæði Klúbbsins og veitt bifreið þeirri, er var í akstri, eftirför vestur fyrir húsið. Þar hefði bifreiðin verið stöðvuð og ökumaður sá, er með vitninu var, hlaupið á eftir ökumanninum. Vitnið kvaðst hafa ekið lögreglubifreiðinni út á Kringlumýrarbraut, þaðan um sund út á Borgartún og ekið það í vestur, þar sem vitnið kom að ákærða og lögreglumanninum, er sá síðarnefndi handsamaði þann fyrrnefnda.

Kvaðst vitnið hafa fylgst með ákærða, frá því að það sá hann fyrst hringsóla á bifreiðinni og þar til hann var kominn út úr bifreiðinni og stokkinn yfir grindverk það, er hann yfirgaf bifreiðina við. Þá taldi vitnið sig muna næstum örugglega, að bifreið ákærða hafi verið af tegundinni Ford Cortina.

Vitnið Björg Jóhannesdóttir rannsóknarlögreglumaður, Engihjalla 11 hér í bæ, kom fyrir dóm og kvaðst muna eftir því, að ákærði hefði játað fyrir því ölvun við akstur. Vitnið hefði ekki haft nein áhrif á þessar játningar ákærða og fullyrðingar hans um hótanir vitnisins væru hreinn tilbúningur. Þá taldi vitnið fjarstæðu, að um nokkurn þrýsting af þess hálfu hefði verið að ræða, enda hlyti ákærði þá að hafa haft í frammi einhverja tilburði til þess að hnekkja játningum sínum fyrr en raun var á.

Vitnið Magnús Jenssen, Löngubrekku 30 hér í bæ, kom fyrir dóm og kvaðst muna mjög óljóst eftir atvikum máls þessa, en þó kvaðst vitnið muna að hafa veitt því sérstaka athygli, að lög-

reglan var að reyna að stöðva bifreið við veitingahúsið Klúbbinn. Kvaðst vitnið hafa séð, er ökumaður bifreiðarinnar reyndi að komast undan lögreglunni, fyrst á bifreiðinni, en síðan hafi hann stöðvað hana, stokkið út úr henni og tekið til fótanna. Þá kvaðst vitnið hafa ekið eftir Borgartúni í sömu átt og ákærði hljóp og síðan í veg fyrir hann. Ákærði hefði þá gefist upp á hlaupunum og lögreglumaður, sem var í náinni eftirför, hefði handsamað hann. Vitnið kvaðst ekki vera í nokkrum vafa um, að ákærði hefði ekið bifreiðinni, enda hefði það séð það, en hvar á svæðinu við Klúbbinn ákærði ók né heldur hvar á svæðinu hann skildi bifreiðina eftir, mundi vitnið ekki.

Af hálfu ákærða hefur verið skilað skriflegri vörn, dskj. nr. 20, og gerðar þær dómkröfur, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins. Þá er krafist málsvarnarlauna að mati dómsins.

Sérstaklega er mótmælt þeirri rannsóknaraðferð, að við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu var ákærða meinað að kalla til lögmanns á því stigi málsins, og enn fremur, að játningar ákærða undir þeim kringumstæðum væru markleysa, og því væri ekki unnt að leggja þær til grundvallar dómi.

Því er haldið fram, að vitnið Sigurjón Bjarnason hafi ekki séð ákærða aka bifreið sinni af tegundinni Sunbeam, heldur hafi vitnið séð aðra bifreið af tegundinni Ford Cortina og ranglega dregið ályktun, að ákærði hefði ekið henni. Þá hefðu vitni verið í töluverðri fjarlægð og komið myrkur, er þeir urðu varir við bifreiðina í akstri.

Sýknukrafa er studd þeim rökum, „að ósannað sé með öllu, eða a. m. k. ekki komin fram lögfull sönnun þess efnis, að það hafi verið ákærði, sem ók bifreið þeirri, sem vitnin sáu í akstri á bifreiðastæði veitingahússins Klúbbsins í umrætt skipti. Með eiðfestum framburði vitnisins Sigurjóns Bjarnasonar, bifreiðaeftirlitsmanns, er það sannað, að bifreið þessi var af gerðinni Ford Cortina, árg. 1970, en bifreið ákærða er hins vegar af gerðinni Sunbeam. Það er því vafalítið, að vitnin hafa farið mannavillt. Ef til vill ekki óeðlilegt með tilliti tii myrkurs og mannfjölda við skemmtistaðinn, en þessi atburður skeði rétt eftir lokun hans. Hefur því ökumaður Ford Cortinu bifreiðarinnar átt auðvelt með að láta sig hverfa í mannfjöldann í skjóli myrkurs. Hins vegar sker hlaupandi maður sig úr, og það hefur villt vitnunum sýn.

Að endingu vil ég vekja athygli á því, að mál þetta hefur

dregist úr hófi fram. Birting ákæru, sem gefin var út 20. mars 1979, fer ekki fram fyrr en 24. október 1980, eða tæplega tveimur árum eftir atburðinn. Þetta gerir það að verkum, að öll vörn af hálfu ákærða verður erfiðari en ella. Er hugsanlegt, að ákærða hefði tekist að færa fram frekari sönnun fyrir sakleysi sínu en nú er unnt, t. d. með vitnaframburðum, því að hugsanlegt er, að einhverjir aðrir hafi orðið sjónarvottar að þessum atburði. Nú er þetta hins vegar orðið of seint. Tel ég, að dómara þessa máls beri að hafa þetta í huga, þegar meta skal þau sönnunargögn, sem hér liggja fyrir."

Niðurstöður.

Í máli þessu hafa þrjú vitni borið að hafa séð ákærða aka bifreiðinni Y 7380 ljóslausri í myrkri um bifreiðastæði við veitingahúsið Klúbbinn við Borgartún í Reykjavík. Fullyrðingar þess efnis, að þarna hafi verið um einhverja aðra bifreið að ræða, eru studdar svo veikum rökum, að eigi þykja efni til að ætla, að svo hafi verið.

Ákærði játaði fyrir rannsóknarlögreglu þann 28. október 1978 að hafa ekið bifreiðinni Y 7380, svo sem segir í ákæru, undir áhrifum áfengis. Fyrir dómi þann 10. mars 1981 dró ákærði þessar játningar til baka, en gerði ekki reka að leiðréttingu á meintum marklausum framburði fyrr. Fullyrðingar ákærða um hótanir rannsóknarlögreglu eru órökstuddar.

Réttur handtekinna manna á skipuðum réttargæslumanni var lögfestur með lögum nr. 53/1979, er tóku gildi 30. maí 1979. Með vísan til þess svo og þar sem eigi þykir af öðrum ástæðum hafa verið skylt að leyfa ákærða að hafa samband við lögmann við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann 28. október 1978, verður ekki unnt að líta svo á, að ákærði hafi sætt ólögmætum rannsóknaraðferðum, en meðferð opinberra mála samkvæmt bandarískum rétti byggist á réttarfari, sem í verulegum atriðum er ólíkt hinu íslenska, og er því eigi unnt hér að styðjast við úrlausnir þarlendra dómstóla.

Mál þetta hefur dregist, en telst þó eigi fyrnt, þar sem ákærði kom fyrir dóm, áður en 2 ár voru liðin frá því að verknaðurinn var framinn.

Þá ber að geta þess, að meginástæða fyrir drætti málsins er sú, að ákærði hefur flutt úr umdæminu, og var ekki vitað um dvalarstað hans fyrr en í október 1980.

Með vísan til alls þess, er að framan er rakið, niðurstaðna alkóhólrannsóknar svo og annarra gagna málsins þykir nægjan-

lega sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir og þykir þar að öllu leyti réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1970 5/2 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. og 41. gr. umferðarlaga.

1973 14/9 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 2/10 1972.

1975 5/3 í Reykjavík. Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 3/10 1974.

1978 17/3 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

Refsing ákærða þykir samkvæmt þeim refsiákvæðum, sem ákært er eftir, hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 4.500.00, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber, svo sem krafist er í ákæru og með vísan til þeirra lagaákvæða, sem þar er vitnað til, að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá sama degi.

Loks dæmist ákærði til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 2.000.00.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi.

Dómsorð:

Ákærði, Snorri Hjaltason, greiði kr. 4.500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 6 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá sama degi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. mars 1982.

Nr. 193/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Birgi Kristjánssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skjalafals. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu með stefnu 14. ágúst 1981 að ósk ákærða, og er málinu einnig áfrýjað til þyngingar af hálfu ákæruvalds. Ágrip máls barst Hæstarétti 23. október 1981.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar á héraðsdómi að því er varðar sakfellingu samkvæmt ákæruskjölum 26. janúar og 3. júní 1981, þó svo, að horfið er frá tilvitnunum í ákæruskjali 3. júní 1981 til áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978. Ríkissaksóknari krefst þess, að refsing ákærða verði þyngd.

Verjandi krefst þess, að refsing samkvæmt héraðsdómi verði lækkuð.

Héraðsdómari hefur réttilega sakfellt ákærða samkvæmt sakargögnum fyrir einstök ákæruefni. Atferli ákærða, sem ákæruskjal 3. júní 1981 tekur til, varðar hann refsingu samkvæmt þeim ákvæðum umferðarlaga nr. 40/1968, er í héraðsdómi greinir, og ber að dæma honum ökuleyfissviptingu samkvæmt 81. gr. sömu laga. Háttsemi ákærða, sem ákæruskjal 26. janúar 1981 lýtur að, varðar við 1. málsgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem greinir í héraðsdómi.

Sakavottorð ákærða ber með sér, að hann hefur á árabilinu 1966 til 1981 sætt átta dómum, þar sem honum hefur verið dæmd óskilorðsbundin refsivist frá 3 til 20 mánaða,

samtals 68 mánuði, þ. á m. fyrir brot á 155., 244., 247. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði er því síbrotamaður. Refsingu hans ber að ákveða með vísan til 72., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem greinir í héraðsdómi. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 15 mánaða fangelsi, en gæsluvarðhaldsvist, er ákærði sætti 2. til 5. nóvember 1980, komi refsingu til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga. Niðurstaða héraðsdóms um ökuleyfissviptingu er staðfest svo og ákvæði hans um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 5.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Kristjánsson, sæti 15 mánaða fangelsi, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 2. til 5. nóvember 1980 komi refsingu hans til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. júní 1981.

Ár 1981, föstudaginn 26. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 304/1981: Ákæruvaldið gegn Birgi Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 12. þ. m.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með tveimur ákærum, dagsettum 26. janúar og 3. júní 1981, á hendur ákærða, Birgi Kristjánssyni, Strandaseli 2, Reykjavík, fæddum 22. október 1944 í

Reykjavík. Í ákærunni frá 26. janúar er ákærða gefið að sök „að hafa haustið 1980 falsað og notað í bílaviðskiptum eftirgreind skjöl:

A. Sölutilkynningar og afsal:

1. Sölutilkynningu, dagsetta 9. september 1980, þar sem Jón Sigurðsson, Engjahjalla 13, Kópavogi, tilkynnir Bifreiðaeftirliti ríkisins sölu á bifreiðinni R 4071 til Guðrúnar H. Guðmundsdóttur, Strandaseli 2, Reykjavík. Ákærði falsaði nafnritanir beggja þessara aðila undir sölutilkynninguna og lét þannig umskrá bifreiðina, sem fékk þá skrásetningarmerkið R 70281.

2. Afsal, dagsett 30. október 1980, þar sem Guðrún H. Guðmundsdóttir, Strandaseli 2, Reykjavík, selur og afsalar Davíð Ólafssyni, Erluhrauni 3, Hafnarfirði, bifreiðinni R 70281. Ákærði falsaði nafnritun Guðrúnar H. Guðmundsdóttur undir afsalið og fékk kaupanda það í hendur.

3. Sölutilkynningu, dagsetta 30. október 1980, þar sem Guðrún H. Guðmundsdóttir tilkynnir lögreglustjóranum í Hafnarfirði sölu á bifreiðinni R 70281 til fyrrgreinds Davíðs Ólafssonar. Ákærði falsaði nafnritun Guðrúnar H. Guðmundsdóttur undir sölutilkynninguna og fékk kaupanda hana í hendur.

B. Víxlar:

Ákærða er ennfremur gefið að sök að hafa í sambandi við fyrrgreind bifreiðaviðskipti falsað nafn Guðrúnar H. Guðmundsdóttur, Strandaseli 2, Reykjavík, sem útgefanda og framseljanda 16 víxla, samtals að fjárhæð gkr. 4.875.000, sem ákærði samþykkti sjálfur til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, og notað til greiðslu á kaupverði bifreiðanna, svo sem hér greinir:

1. Einn víxil að fjárhæð gkr. 375.000 í gjalddaga 10. október 1980, sem ákærði afhenti Jóni Sigurðssyni, Engjahjalla 13, Kópavogi, til greiðslu á hluta kaupverðs bifreiðarinnar R 4071.

2. Fimmtán víxla, samtals að fjárhæð gkr. 4.500.000, sem ákærði afhenti Júlíusi Þór Júlíussyni, Hagamel 18, Reykjavík, til greiðslu á kaupverði bifreiðarinnar R 69862. Víxlarnir sundurliðast eftir fjárhæðum og gjalddögum þannig:

Fjárhæð víxils:	*Gjalddagi víxils:*
Gkr. 250.000.-	10. október 1980
— 500.000.-	10. nóvember 1980

Gkr. 250.000.-	10. nóvember 1980
— 500.000.-	10. desember 1980
— 250.000.-	10. desember 1980
— 250.000.-	10. janúar 1981
— 250.000.-	10. febrúar 1981
— 250.000.-	10. mars 1981
— 250.000.-	10. apríl 1981
— 250.000.-	10. maí 1981
— 250.000.-	10. júní 1981
— 250.000.-	10. júlí 1981
— 250.000.-	10. ágúst 1981
— 250.000.-	10. september 1981
— 500.000.-	10. október, án ártals.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940."

Í ákærunni frá 3. júní sl. er ákærða gefið að sök að hafa ekið laugardaginn 10. janúar 1981 „undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R 55466 frá Landspítalanum í Reykjavík áleiðis heim til sín, þar til akstri lauk með árekstri við bifreiðina R 68301 á Suðurlandsbraut við Reykjaveg.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ennfremur fyrir að aka miðvikudaginn 1. apríl 1981 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R 70386 frá Laufásvegi 2 í Reykjavík áleiðis í Sundlaugarnar í Laugardal, en ákærði náði ekki að aka norður Bókhlöðustíg sökum bilunar í bifreiðinni, og rakst hún á umferðarmerki og bifreiðina R 70983.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978."

Af hálfu áæruvaldsins er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir.

Ákæra, dagsett 26. janúar 1981.

A.

1. Frammi liggur í málinu sölutilkynning, dagsett 9. september 1980, sem notuð var í Bifreiðaeftirliti ríkisins til að umskrá bifreiðina R 4071, og fékk hún þá skrásetningarnúmer R 70281. Á tilkynningunni er seljandi skráður Jón Sigurðsson, Engjahjalla 13, Kópavogi, en kaupandi Guðrún H. Guðmundsdóttir, Strandaseli 2, Reykjavík. Bæði halda þau því fram, að nafnritanir þeirra á tilkynninguna séu falsaðar. Ákærði hefur viðurkennt að hafa falsað nafnritun Guðrúnar H. Guðmundsdóttur, en hún var sambýliskona hans. Hins vegar neitar hann að hafa falsað nafnritun Jóns Sigurðssonar á tilkynninguna. Fyrir liggur í málinu önnur sölutilkynning frá Jóni Sigurðssyni vegna sömu bifreiðar, einnig dagsett 9. september 1980, en þar er kaupandi Steingrímur Steingrímsson, Ásvallagötu 49. Samkvæmt framburðum ákærða og Jóns var það upphaflega ætlunin, að Steingrímur keypti bifreiðina af Jóni með aðstoð ákærða, sem gerðist ábyrgðarmaður á víxlum, er gengu til kaupanna. Einnig gekk upp í kaupverðið bifreið, sem ákærði átti. Síðar ræddi ákærði við Jón um, að Steingrímur væri ekki borgunarmaður fyrir víxlunum, og varð þá úr, að pappírum var breytt og salan látin ganga til ákærða. Enn síðar mun hafa verið ákveðið, að Steingrímur yrði þrátt fyrir allt kaupandinn, og var þá gengið frá pappírum til samræmis við það, en fyrri pappírar eyðilagðir. Nokkru síðar gerist það, að samkomulag verður um það milli ákærða og Steingríms, að Steingrímur afsali bifreiðinni til ákærða, og liggur það afsal frammi. Ákærði heldur því fram, að hann hafi í framhaldi þessa farið með sölutilkynningu til Jóns Sigurðssonar til undirritunar í því skyni að umskrá bifreiðina á nafn Guðrúnar H. Guðmundsdóttur, en man ekki fyrir víst, hvort nafn hennar var þá komið á tilkynninguna. Jón neitar með öllu að hafa undirritað þessa tilkynningu.

Undirskrift Jóns Sigurðssonar á skjali því, sem hér er til umfjöllunar, líkist mjög rithönd Jóns, en hefur ekki verið athuguð af rithandarsérfræðingi.

Sannað er með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur greint sinn falsað nafnritun Guðrúnar H. Guðmundsdóttur á framangreinda sölutilkynningu. Hins vegar verður gegn eindreginni neitun hans ekki talin fram komin nægileg sönnun til að sakfella hann fyrir fölsun á nafni Jóns Sig-

urðssonar á tilkynninguna, og er hann sýknaður að því leyti af þessum ákærulið.

2. Frammi liggur í málinu afsal, dagsett 30. október 1980, þar sem Guðrún H. Guðmundsdóttir afsalar bifreiðinni R 70281 til Davíðs Ólafssonar. Guðrún hefur neitað að hafa undirritað afsal þetta, og ákærði hefur viðurkennt að hafa falsað nafn hennar og fengið kaupanda það í hendur. Telst atferli þetta sannað með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins.

3. Þá liggur fyrir sölutilkynning, dagsett sama dag, vegna sölu sömu bifreiðar með ofangreindum nöfnum. Guðrún neitar nafnritun sinni á tilkynninguna, en ákærði hefur viðurkennt að hafa falsað nafn hennar á hana og afhent kaupanda. Er atferli þetta sannað með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins.

B.

1. Frammi liggur í málinu víxill að fjárhæð gkr. 375.000, samþykktur til greiðslu af ákærða 10. október 1980, en útgefinn og ábakinn af Guðrúnu H. Guðmundsdóttur. Víxil þennan afhenti ákærði Jóni Sigurðssyni í sambandi við ofangreind viðskipti með bifreiðina R 4071. Guðrún neitar því að hafa ritað nafn sitt á víxilinn, og ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi falsað nafnritun hennar á hann. Telst þetta sannað með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins.

2. Í málinu hafa verið lagðir fram 15 víxlar, samtals að fjárhæð gkr. 4.500.000, þ. e. 3 að fjárhæð gkr. 500.000 hver og 12 að fjárhæð gkr. 250.000 hver. Víxlarnir eru samþykktir af ákærða til greiðslu mánaðarlega, 10. hvers mánaðar, og er fyrsti víxillinn samþykktur til greiðslu 10. október 1980, en hinn síðasti er reyndar án ártals, en mun hafa átt að greiðast 10. október 1981. Útgefandi og ábekingur allra víxlanna er Guðrún H. Guðmundsdóttir. Víxla þessa notaði ákærði til greiðslu á kaupverði bifreiðarinnar R 69862 til Júlíusar Þórs Júlíussonar.

Guðrún H. Guðmundsdóttir hefur neitað að hafa ritað nafn sitt á framangreinda víxla, og hefur ákærði játað að hafa falsað nafnritun hennar á þá. Telst það sannað með eigin játningu hans og öðrum gögnum málsins.

Atferli það, sem ákærði hefur verið fundinn sekur um hér að framan undir liðum A og B, varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess skal getið, að ákærði seldi hinn 30. október 1980 bifreiðarnar R 70281 (áður R 4071) og R 69862 einum aðilja fyrir staðgreiðsluverð, gkr. 4 milljónir, en bifreiðarnar hafði hann keypt fyrir samtals gkr. 10.400.000, að mestu á víxlum. Rannsóknarlögregla ríkisins komst á snoðir um þessa sölu bifreiðanna 31. október og hóf þá rannsókn á þeim. Var unnt að láta viðskipti þessi ganga til baka, og fengu aðiljar þeir, sem selt höfðu ákærða bifreiðarnar, þær til baka og gerðu ekki kröfur um frekari bætur á hendur honum.

Ákæra, dagsett 3. júní 1981.

Hinn 10. janúar sl., kl. 1645, var lögregla kvödd til að sinna árekstri bifreiðanna R 55466 og R 68301 á Suðurlandsbraut við Reykjaveg. Ákærði ók bifreiðinni R 55466, og er lögreglumenn ræddu við hann, fengu þeir grun um, að hann væri undir áfengisáhrifum. Ákærði hafði verið við drykkju undanfarandi nótt fram á morgun, en taldi sig ekki finna til áfengisáhrifa við akstur-inn. Alkóhólmagn í blóði hans reyndist við rannsókn 2.26‰.

Hinn 1. apríl sl. ók ákærði bifreiðinni R 70386 frá Laufásvegi 2 áleiðis í sundlaugarnar í Laugardal, en akstri lauk á Bókhlöðustíg með því, að ákærði ók á umferðarmerki og aðra bifreið vegna bilunar í bifreiðinni. Hann hafði neytt áfengis fyrir aksturinn, en taldi sig ekki finna til áfengisáhrifa. Alkóhólmagn í blóði hans reyndist 2.28‰.

Ákærði var í bæði ofangreind skipti sviptur ökuréttindum. Hafði hann með dómi 19. desember 1978 verið sviptur ökuréttindum ævilangt frá 23. september 1978 að telja.

Með eigin framburði ákærða, niðurstöðum alkóhólrannsókna og öðrum gögnum málsins telst sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðum 10. janúar og 1. apríl sl. undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum. Ákærði er ekki saksóttur fyrir önnur brot. Varðar atferli ákærða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ákærði hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1961 1/2 Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. og 48. gr. umferðarlaga.

1962 7/12 Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1963 7/2 Dómur: 1.500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 7/2 1963, fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.

1963 28/6 Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
1963 6/9 Dómur: Varðhald í 8 daga fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.
1965 14/4 Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarlaga.
1965 19/10 Dómur: 4.000 kr. sekt fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 19/10 1965.
1966 7/10 Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga. (Rofið skilorð dóms 14/4 1965).
1966 21/11 Áminning fyrir brot á 2. gr. laga nr. 73/1952.
1968 14/11 Dómur: 20 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 24. maí 1968.
1969 3/2 Dómur: „Skyddstillsyn" í 3 ár fyrir þjófnað.
1969 12/6 Dómur: 7 mán. fangelsi fyrir brot á 244. og 259. gr. hegningarlaga og umferðarlögum.
1971 10/6 Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.
1972 14/1 Dómur: 20 mán. fangelsi fyrir brot á 110., 155., 244., 248. og 259. gr. hegningarlaga.
1974 17/10 Dómur: 7 mán. fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 244. og 248. gr. hegningarlaga.
1975 7/2 Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 155. og 248. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.
1975 7/10 Dómur: 15 mán. fangelsi fyrir brot á 155., 244., 247. og 248. gr. hegningarlaga (hegningarauki).
1975 10/11 Veitt ökuleyfi á ný.
1976 25/8 Sátt, 70.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 25/8 1976.
1978 19/12 Dómur: 150.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 23/9 1978.
1978 20/2 Reynslulausn í 3 ár á eftirstöðvum refsingar, 146 dögum.
1979 10/12 Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga. (146 óafplánaðir fangelsisdagar skv. eldri dómum innifaldir).
1980 12/12 Sátt, 200.000 kr. sekt fyrir brot á 27. og 50. gr. umferðarlaga.

1980 22/12 Dómur: 4 mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga (hegningarauki).

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 78. gr. alm. hegningarlaga að því er varðar brot þau, er ákæran frá 26. janúar 1981 tekur til svo og með hliðsjón af 72. og 77. gr. sömu laga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði, en frá skal dragast gæsluvarðhaldsvist ákærða 2.—5. nóvember 1980 með fullri dagatölu.

Rétt þykir eftir kröfu ákæruvaldsins og með hliðsjón af 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi.

Að lokum verður ákærði dæmdur til að greiða allan kostnað af máli þessu, þar með talin málsvarnarlaun og réttargæsluþóknun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 3.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Kristjánsson, sæti fangelsi í 12 mánuði, en til frádráttar komi með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist hans 2.—5. nóvember 1980.

Ákærði er ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi.

Ákærði greiði allan kostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun og réttargæsluþóknun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00.

Mánudaginn 8. mars 1982.

Nr. 221/1980. **Ákæruvaldið**
gegn
Guðbergi Guðjónssyni.

Beiðni um endurupptöku dæmds máls synjað.

Endurrit úr gerðabók Hæstaréttar.

Lagt er fram bréf ríkissaksóknara, dags. 6. janúar 1982, og bréf Jóns Bjarman fangaprests til ríkissaksóknara, dags.

15. desember 1981, ásamt þar greindum fylgiskjölum, sem eru beiðni Guðbergs Guðjónssonar, dags. 11. desember 1981, þar sem hann fer þess á leit, að hæstaréttarmálið nr. 221/1980 verði endurupptekið, endurrit úr þingbók Ytre Follo forhörsrett 17. júlí 1978 með endurriti af dómi sama réttar, uppkveðnum 18. júlí 1978, svo og ljósrit af bréfi Jóns Bjarman, dags. 30. nóvember 1981, til hæstaréttarritara. Því bréfi var af hálfu Hæstaréttar svarað 7. desember 1981 með svohljóðandi bréfi: „Hæstiréttur hefur móttekið bréf yðar, dagsett 30. f. m., varðandi hæstaréttardóm í málinu nr. 221/1980: Ákæruvaldið gegn Guðbergi Guðjónssyni.

Óski dómfelldur þess, að mál hans verði endurupptekið, á hann eða lögmaður hans að senda ríkissaksóknara um það formlega og rökstudda beiðni og þau gögn, sem hann byggir beiðni sína á.

Reglur um endurupptöku dæmdra opinberra mála eru í XXIII. kafla laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála."

Með dómi áðurgreinds norsks dómstóls 18. júlí 1978 var Guðbergur Guðjónsson dæmdur í 2 mánaða óskilorðsbundið fangelsi og 7 mánaða fangelsi skilorðsbundið fyrir skjalafals, þjófnað og ólöglega meðferð á fundnum fjármunum. Þessa dóms hafði ekki verið getið í sakavottorði Guðbergs Guðjónssonar 12. nóvember 1981.

Með ákæruskjali 22. janúar 1976 var opinbert mál höfðað á hendur nefndum Guðbergi fyrir skjalafals og þjófnað. Dómur í máli þessu var kveðinn upp í sakadómi Garðakaupstaðar 6. september 1979, og var Guðbergur Guðjónsson dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir framangreind brot. Í forsendum dóms þessa segir: „1978 var ákærði dæmdur í 3ja mánaða óskilorðsbundið fangelsi og 9 mánaða skilorðsbundið fangelsi í Noregi fyrir tékkabrot."

Dómi sakadóms Garðakaupstaðar vildi Guðbergur Guðjónsson eigi una, og var dóminum skotið til Hæstaréttar. Þar gekk dómur í málinu 17. nóvember 1981 (Hrd. 1981, bls. 1435). Var Guðbergi Guðjónssyni gert að sæta átta mánaða fangelsi. Í forsendum hæstaréttardómsins segir svo: „Þá er greint frá því í héraðsdómi, án þess að gögn liggi fyrir um

það í máli þessu, að ákærði hafi á árinu 1978 hlotið refsidóm í Noregi, 3 mánaða óskilorðsbundið og 9 mánaða skilorðsbundið fangelsi. Staðfesti verjandi ákærða fyrir Hæstarétti, að þetta væri rétt."

Í framangreindri beiðni Guðbergs Guðjónssonar 11. desember 1981 er vísað til áðurnefnds bréfs Jóns Bjarman, dags. 30. nóvember 1981, til hæstaréttarritara, en í því segir, að fangapresturinn vilji vekja athygli Hæstaréttar á þeirri staðreynd, að hluti af forsendum dóms í málinu nr. 221/1980 sé ekki réttur. Enn fremur segir svo í bréfi fangaprestsins: „Með vísun til XXIII. kafla laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, vildi ég fara þess á leit við yður, herra hæstaréttarritari, að þér gerðuð skjólstæðingi mínum ljóst, hvort þessi efnisatriði nægja til endurupptöku dómsins. Ef svo er, mun hann að sjálfsögðu gera kröfu til þess á lögformlegan hátt."

Í greindu bréfi ríkissaksóknara 6. janúar 1982 segir svo: „4. Beiðni Guðbergs um endurupptöku máls er byggð á því, „að hluti af forsendum dóms í málinu 221/1980 er ekki réttur", svo notað sé orðalag Jóns Bjarman í fyrrgreindu bréfi hans 30. nóvember f. á. Virðist sem Guðbergur álíti — þó að hann segi það ekki berum orðum — að refsing hans hafi orðið þyngri en verið hefði, ef endurrit af hinum norska dómi hefði legið frammi við dómsuppkvaðningu.

Af ákæruvaldsins hálfu er tekið fram eftirfarandi:

Atvik það, sem hér um ræðir, þykir eigi falla beint undir 192. gr. laga nr. 74, 1974, og því aðeins getur lagagreinin tekið til tilviksins, að hún sé skýrð mjög rúmt eða beitt sé lögjöfnun, sem hér sýnist koma til greina.

Mælt er með því, að beiðni Guðbergs Guðjónssonar um endurupptöku Hæstaréttarmáls nr. 221/1980 geti orðið tekin til greina, en jafnframt er tekið skýrt fram, að það er ekki gert í því skyni að fá niðurstöðu dóms breytt til refsilækkunar, heldur aðeins í því skyni, að rétt frásögn um hinn norska dóm komi fram í forsendum."

Gögn þau, er að framan getur, leiða eigi til þess, að endurupptaka greinds hæstaréttarmáls nr. 221/1980 verði leyfð,

sbr. XXIII. kafla laga nr. 74/1974. Verður og ekki séð, að missögn sú í dómi sakadóms Garðakaupstaðar 6. september 1979 um niðurstöðu hins norska dóms né frásögn í greindum hæstaréttardómi um þetta atriði geti nokkru breytt um refsiákvörðun.

Þriðjudaginn 9. mars 1982.

Nr. 96/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Tómasi Sævari Friðjónssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Banaslys. Sýkna. Brot gegn umferðarlögum. Fyrning sakar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Ágrip máls barst Hæstarétti 23. október 1981.

Héraðsdómi var áfrýjað að ósk ákærða, en af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar dómsins.

Leitt er í ljós, að drengurinn Stefán Orri Ásmundsson ók reiðhjóli sínu skyndilega fyrir horn hússins nr. 65 við Suðurgötu, yfir gangstétt og þvert út á Suðurgötu. Lenti reiðhjólið þar á bifreið ákærða um eða fyrir aftan miðju. Þegar þessa er gætt, þykir varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi valdið bana drengsins með aksturslagi sínu, þó að telja verði sannað, að hann hafi ekið bifreið sinni of hratt og ógætilega eftir Suðurgötu miðað við gerð bifreiðarinnar, hlass hennar og aðrar aðstæður, en refsing fyrir það brot hefði ekki farið fram úr sektum.

Lögreglurannsókn hófst í máli þessu þegar sama dag og slysið varð. Fyrsta þinghald í því var háð daginn eftir, 14. maí 1977. Síðan var þingað í málinu 16. maí, 23. júní, 29. og 30. september, 5. og 6. október 1977. Ákæra var gefin út 9. nóvember 1977 og málið þingfest 17. maí 1978. Sótti ákærði þá dómþing, var birt ákæran, og var honum skipaður verjandi eftir ósk hans. Í þessu þinghaldi færði dómari til bókar: „Málinu er frestað um óákveðinn tíma og það sent verjanda.“ Síðan var ekkert dómþing háð í málinu fyrr en hinn 10. nóvember 1980, er vörn var lögð fram og málið tekið til dóms. Þetta niðurfall á meðferð málsins fyrir dómi leiðir til fyrningar sakar samkvæmt 1. tl. 81. gr. og 2. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allan kostnað sakarinnar ber að dæma á hendur ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 5.500.00 krónur fyrir báðum dómum.

Hin óhæfilega málsmeðferð í héraði er vítaverð.

Dómsorð:

Ákærði, Tómas Sævar Friðjónsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5.500.00.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég tel, að fallast beri á það mat héraðsdómara, að ákærði hafi ekið bifreið sinni, E 569, of hratt eftir Suðurgötu miðað við gerð bifreiðarinnar, hlass hennar og aðrar aðstæður, eins og þeim er nánar lýst í hinum áfrýjaða dómi. Hefur ákærði með því brotið þau ákvæði umferðarlaga nr. 40/1968, sem í ákæruskjali greinir.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um, að varhugavert sé að telja sannað, að ákærði hafi valdið dauða drengsins Stefáns Orra Ásmundssonar með því aksturslagi sínu, er að framan greinir. Beri því að sýkna ákærða af ákæru fyrir brot á 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómsrannsókn í máli þessu hófst hinn 14. maí 1977. Ákæruskjal var gefið út 9. nóvember s. á., og var það birt ákærða í sakadómi Akraness 17. maí 1978. Óskaði ákærði þá eftir, að sér yrði skipaður verjandi. Skráði héraðsdómari í þingbók, að málinu væri frestað um óákveðinn tíma og yrði sent verjanda. Verjandi var skipaður með bréfi héraðsdómara 2. júní s. á. Skilaði hann skriflegri vörn, sem dags. er 22. janúar 1979, en dómþing var ekki háð fyrr en 10. nóvember 1980. Lagði héraðsdómari þá fram skipunarbréf verjandans og vörnina, kynnti ákærða skjölin og dómtók síðan málið. Jafnframt lét hann þess getið í þingbók, að dráttur sá, sem orðið hefði á málinu, stafaði af veikindum sínum og miklum önnum.

Samkvæmt framanrituðu varð dráttur á rekstri málsins, einkum dómtöku þess, eftir að vörn var rituð. Þegar það er virt, sem að framan greinir, tel ég þó, að sá dráttur sé ekki slíkur, að rétt sé að líta svo á, að réttarrannsókninni hafi verið hætt um óákveðinn tíma, sbr. 2. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt þessu og þar sem réttarrannsókn út af broti ákærða hófst þegar á næsta degi eftir að það var framið, er sök hans eigi fyrnd samkvæmt 1. tl. 81. gr. og 80. gr. sömu laga, sbr. 4. gr. laga nr. 20/1981.

Ég tel rétt samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976, að láta óbreytta standa refsingu þá, sem ákærða var gerð með hinum áfrýjaða dómi, að öðru leyti en leiðir af lögum nr. 35/1979 um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils. Vararefsing verði 6 daga varðhald, ef sektin verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessu teldist rétt, sbr. 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, að ákærði greiddi í ríkissjóð saksóknarlaun fyrir

Hæstarétti 1.200.00 krónur og annan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að 1/3 hluta, en að 2/3 hlutum yrði sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða í héraði, svo sem þau eru ákveðin í héraðsdómi, og laun hans fyrir Hæstarétti, 3.600.00 krónur.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Með röksemdum þeim, sem greinir í sératkvæði Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara um fyrningu sakar, er ég sammála áliti hans um, að sök sé ófyrnd í máli þessu.

Að öðru leyti tel ég, að dómur í málinu eigi að vera svo sem hér segir:

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í héraðsdómi segir, að ónákvæmni gæti í ákæru í lýsingu á hraða bifreiðarinnar miðað við ferðir drengjanna á reiðhjólunum. Ekki verður á það fallist, að ákæra sé að þessu leyti ónákvæmari en efni standa til. Hins vegar er réttilega leiðrétt í héraðsdómi sú missmíð á ákæru, að drengirnir hafi átt leið norður yfir götuna. Fyrir Hæstarétti var málið reifað að þessu leyti í samræmi við ákvæði 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Um aksturslag ákærða og hraða bifreiðar hans, er slysið varð, liggja ekki fyrir afdráttarlausir vitnaframburðir. Verður því að mestu leyti að byggja á framburði ákærða sjálfs um þessi atriði auk framburða um ferðir drengjanna og sýnilegra sönnunargagna.

Bifreiðin E 569 er Volvo diesel vörubifreið, 8 metra löng, með 210 hestafla vél. Samkvæmt framburði ákærða er það minnsta gerð vélar í ökutæki þeirrar gerðar, sem E 569 var. Miðað við 11—12 smálesta farm, sem ákærði telur líklegt, að hafi verið á bifreiðinni, er slysið varð, er heildarþyngd hennar nálægt 23 smálestum.

Auk þeirra upplýsinga um staðreyndir máls þessa, svo

sem um bifreiðina sjálfa, hemlaför, gír, sem ákærði taldi sig aka í, og mat hans á því, með hvaða lágmarkshraða hann þyrfti að aka, til þess að unnt væri að nota 8. gír, sem í héraðsdómi greinir, er rétt að taka fram, að samkvæmt framburði ákærða fór hann allt að 14 ferðum á 8 klst. vinnudegi, 11.4 km leið, eða samtals 159.6 kílómetra. Verður meðalhraði þá 20 km á klukkustund, ef engum tíma væri eytt í lestun og losun eða aðrar tafir. Taka verður tillit til þess, að lestun og losun tekur tiltölulega mikinn tíma á svo stuttum vegalengdum. Þó að þessi skýrsla ákærða um dagsafköst veiti enga sönnun um hraða bifreiðarinnar, er slysið varð, bendir hún eindregið til þess, að flutningar þeir, sem ákærði stundaði, hafi verið framkvæmdir af talsverðu kappi.

Af þeim framburði ákærða, að hann þyrfti að aka á yfir 60 km hraða á klst. til þess að geta ekið í 8. (hæsta) gíri, svo og því, hversu tiltölulega afllítil vél bifreiðarinnar er, þykir mega ráða, að tæplega mundi fært að aka henni í 7. gíri fullhlaðinni á jafnsléttu með minni hraða en 45 km á klukkustund. Er það í samræmi við skoðun ákærða, sem kemur fram í framburði hans um þetta atriði, einkum skýringar hans, er hann rökstuddi breyttan framburð um, í hvaða gíri hann hefði ekið.

Við flutning varnar fyrir Hæstarétti taldi verjandi ákærða húsið nr. 65 við Suðurgötu hafa byrgt útsýn úr ökumannssæti bifreiðarinnar E 569 að leið Stefáns Orra, allt þar til gangstéttarbreiddin ein hafi verið á milli drengsins og bifreiðarinnar. Á þetta verður ekki fallist. Á afstöðuuppdráttinn á héraðsdómsskjali nr. 2 er mörkuð leið bifreiðarinnar E 569 og einnig leið drengsins. Ákærði hefur í dómi samþykkt, að uppdráttur þessi sé réttur, enda er leið drengsins mörkuð á uppdráttinn í samræmi við framburð vitna um, að hann hafi hjólað af gangstéttinni yfir bifreiðastæði það, sem er samhliða gangstéttinni, og að því er Þórður Þórðarson skýrði lögreglu frá í upphafi um 4 metra frá húshorninu. Bifreiðastæðið byrjar samkvæmt uppdrætti, er fylgir gögnum máls, 3—4 metrum vestan við húshornið. Sé

mælt frá blóðpollinum, sem talinn er við árekstrarstað, 7 metrar eftir leið bifreiðarinnar og sama vegalengd eftir leið drengsins, verður 10 metra löng lína milli endapunkta þessara mælinga (þriðja hlið þríhyrnings) laus við hornið á Suðurgötu 65 og útsýn því óhindruð. Því minni sem hraði reiðhjólsins hefur verið í hlutfalli við hraða bifreiðarinnar því lengri verður sjónarlínan milli ákærða og Stefáns Orra, þ. e. a. s. því lengra frá slysstað var ákærði, er hann hefði átt að geta komið auga á drenginn þrátt fyrir húshornið. Í skýrslu hjá lögreglu sagði Halldóra Böðvarsdóttir, að drengurinn hefði „hjólað rólega", en í sakadómi er bókað eftir henni: „Drengurinn virtist ekki á hraðri ferð".

Ákærði telur, að hann hafi ekið 1—2 bíllengdir, eftir að fyrri drengurinn skaust fyrir framan bifreið hans, þar til slysið varð. Hafi hann ekið með 45 km hraða á klst., tæki það 1 og 1/3 sekúndu að aka þessa vegalengd (16 metra), en 2 sekúndur við 30 km hraða. Vegalengdir á slysstað sýna, að þessi ágiskun ákærða hlýtur að vera nálægt réttu lagi. Er því í raun um eitt tilvik að ræða, er tveir drengir í samfylgd hjóla hvor á eftir öðrum þvert á ökuleið ákærða.

Við vettvangsrannsókn kom í ljós, að sú fullyrðing ákærða, að hann hefði fyrst séð Stefán heitinn Orra fyrir slysið í baksýnisspegli bifreiðarinnar, gat ekki staðist, þar sem í ljós kom, að úr ökumannssæti sést aðeins aftur fyrir bifreiðina í speglinum. Meta verður breytingu ákærða á framburði sínum, eftir að niðurstaða þessarar athugunar varð ljós, yfir í það, að hann hafi séð drenginn um hliðarrúðu, með hliðsjón af því, að framburðurinn er settur fram, eftir að honum hefur verið sýnt fram á, að fyrri framburður getur ekki staðist. Með sama hætti verður að meta síðari framburð ákærða um gír bifreiðar, sem líklegt sé, að hafi verið hinn sjötti, en ekki hinn sjöundi, vegna þess, „að eiginleikar bílsins og vélarinnar séu þess eðlis, að miklu líklegra sé, að hann hafi ekið í 6. gangstigi". Fullt samræmi var í upphaflegum framburði ákærða hjá lögreglu strax eftir slysið og framburði í sakadómi um, að hann hefði ekið í 7. gíri. Af gefnum forsendum um þyngd bifreiðar, vélarafl,

yfirborð vegar og götuhalla má draga ályktanir um lágmarkshraða, svo sem að framan segir. Verður að líta með varúð síðari breytingu ákærða á fyrri framburði um gír, sem byggist á því, að hann gefur sér forsendur um hraða og dregur af þeim og eiginleikum bíls og vélar ályktun um, að hann hafi ekið í lægri gíri.

Af framburðum ákærða sjálfs og sýnilegum sönnunargögnum verður ráðið, að bifreiðinni E 569 hafi verið ekið með eigi minna en 45 km hraða á klukkustund um Suðurgötu á Akranesi hinn 13. maí 1977, er tveir drengir hjóluðu hvor á eftir öðrum þvert á ökuleið bifreiðarinnar.

Leyfður hámarkshraði bifreiða í Akraneskaupstað var á þeim tíma, er slysið varð, 35 km á klst. Ákvæði 1. og 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. og sérstaklega a lið 3. mgr. sömu lagagreinar, lögðu skyldu á ákærða, ökumann þunghlaðinnar vörubifreiðar, sem ekið var um þéttbýla íbúðarbyggð, að stilla ökuhraða mjög í hóf, þannig að stöðva mætti ökutækið á svipstundu. För drengsins, sem fyrst kom á reiðhjóli sínu út á akbrautina, sýndi, svo ekki varð um villst, að hætta gæti verið á ferðum. Framburður ákærða sjálfs um gír bifreiðarinnar, hleðsla hennar og tiltölulega lítið vélarafl, aðstæður og lengd hemlafara sýna, svo ekki verður um villst, að ákærði ók bifreiðinni E 569 með meiri hraða en löglegt var og án þeirrar aðgæslu, sem boðin er í þeim ákvæðum umferðarlaga, sem ákært er út af.

Með framferði sínu hefur ákærði brotið öll þau ákvæði umferðarlaga, sem í ákæru getur.

Samkvæmt skýrslu um krufningu og rannsókn á líki Stefáns Orra Ásmundssonar kramdist hann til bana. Fráleitt er, að það hefði skeð, þó að hann hefði hjólað á reiðhjóli sínu á jafnsléttu og á rólegri ferð á kyrrstæða vörubifreiðina. Löglegur hraði bifreiðarinnar og sú aðgæsla og athygli, sem ökumaður á litlum hraða getur beitt umfram þann, sem hratt ekur, hefði með tvennum hætti getað komið í veg fyrir slysið, annars vegar, að ákærði hefði getað veitt drengjunum fyrr athygli, og hins vegar, að hann hefði getað stöðvað bifreiðina tafarlaust, er hinn fyrri af drengjunum hjól-

aði í veg fyrir hana. Ég tel því alls ekki varhugavert að slá því föstu, að umferðarlagabrot ákærða, einkum hinn of hraði akstur, séu orsök dauðaslyssins. Hefur hann með því orðið meðvaldur að bana Stefáns Orra Ásmundssonar. Hann hefur því einnig gerst brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var af ákæruvaldsins hálfu fallið frá kröfu í áfrýjunarstefnu um þyngingu hins áfrýjaða dóms, en krafist staðfestingar hans. Kemur þyngingu refsingar því eigi til álita.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur.

Rannsókn málsins er að nokkru áfátt:

1. Rétt var að taka strax nákvæmar ljósmyndir af hemlaförum.

2. Rétt var að prófa bifreiðina E 569 á sama stað og slys varð á, með jafn þungu hlassi og við sömu veðurfarsaðstæður til þess að upplýsa: a) með hvaða lágmarkshraða bifreiðinni yrði ekið í 7. gír, og b) við hvaða hraða mynduðust hemlaför sömu vegalengdar og með svipuðum einkennum og mynduðust við hemlun við eða eftir slysið.

Dráttur á máli þessu, rúm 3 ár frá ákæru til dómsuppsögu, en rúmir 22 mánuðir frá dagsetningu varnar til dómsuppsögu, hefur ekki verið réttlættur.

Ber að átelja þessa málsmeðferð.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.500.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guð-

mundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akraness 3. desember 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. nóvember sl., var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 9. nóvember 1977, gegn Tómasi Sævari Friðjónssyni bifreiðarstjóra, Heiðarbraut 5, Akranesi.

Ákærða er gefið að sök að hafa föstudaginn 13. maí 1977, er hann ók þunghlaðinni vörubifreið sinni, E 569, vestur Suðurgötu á Akranesi með allt að 45 kílómetra hraða miðað við klukkustund eigi sýnt af sér nægilega aðgát miðað við aðstæður og þótt hann hefði þá rétt áður séð til ferða drengs á reiðhjóli norður yfir götuna við húsið nr. 65 gegnt Mánabraut, með þeim afleiðingum, að annar drengur, Stefán Orri Ásmundsson, fæddur 18. mars 1971, sem á eftir fylgdi, varð fyrir bifreið ákærða og lést samstundis.

Telst þetta atferli ákærða varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. 1., 2., a, c og 1 liði 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga.

Ákærði er fæddur 10. desember 1946 í Reykjavík og hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1966 10/9 á Seyðisfirði: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

Af hálfu skipaðs verjanda ákærða eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að ákærði verði sýknaður af öllum ákæruatriðum og að allur kostnaður sakarinnar verði felldur á ríkissjóð, og til vara er krafist vægustu refsingar, sem lög frekast áskilja.

Krafist er málsvarnarlauna, hver sem úrslit málsins verða.

Málavextir eru þessir:

I.

Föstudaginn 13. maí 1977, kl. 1345, var lögreglunni á Akranesi tilkynnt símleiðis og af Þórði Þ. Þórðarsyni, er á sama tíma kom inn á lögreglustöðina, að alvarlegt umferðarslys hefði orðið á Suðurgötu á móts við gatnamót Mánabrautar og Suðurgötu.

Guðfinnur Sigurðsson lögreglumaður fór strax á slysstaðinn með sjúkrakörfu ásamt Þórði. Á Suðurgötu við hornið á húsinu nr. 65, þar sem er verslun Helga Júlíussonar, lá drengur, 6 ára, Stefán Orri Ásmundsson, Heiðarbraut 47, Akranesi. Var hann meðvitundarlaus, og rann blóð úr höfði hans. Fyrrnefndir menn fluttu hann strax í sjúkrakörfu á Sjúkrahús Akraness, en læknir lýsti því skömmu síðar yfir, að drengurinn væri látinn.

Lögreglumenn hófu þegar rannsókn á slysinu. Í ljós kom, að drengurinn hafði komið á reiðhjóli sínu af Akratorgi og ætlað þvert yfir Suðurgötu, en þá lent á vörubifreiðinni E 569, sem á sama tíma var ekið suðvestur Suðurgötu. Bifreiðin var nokkru sunnar á götunni, og höfðu lögreglumenn tal af ökumanni hennar, Tómasi Sævari Friðjónssyni, ákærða í máli þessu, svo og vitnum. Lögreglumenn gerðu uppdrátt af slysstað, og bifreiðin E 569 var rannsökuð af bifreiðaeftirlitsmanni og lögreglu. Síðar voru teknar ljósmyndir af bifreiðinni svo og slysstað.

Næsta dag hófst dómsrannsókn í málinu. Verða nú raktir vitnaframburðir í máli þessu og skýrslur ákærða svo og lýst öðrum sakargögnum.

II.

Skal fyrst lýst ferðum drengsins Stefáns Orra. Föðurafi hans, Ólafur Frímann Sigurðsson, Vesturgötu 45, kvað son sinn Ásmund hafa borðað hádegismat hjá honum þennan dag, föstudaginn 13. maí, ásamt sonum sínum Þórði, fæddum 28. apríl 1968, og Stefáni Orra, fæddum 18. mars 1971. Eftir matinn fór Ásmundur til vinnu sinnar á skrifstofu Sementsverksmiðju ríkisins við Mánabraut. Skömmu síðar gekk vitnið upp í bæinn og að versluninni Óðni í Kirkjubraut, en þaðan að Akratorgi, en vitnið ætlaði að fara í Landsbankann, sem er suðvestan við torgið. Með vitninu voru drengirnir tveir, og voru þeir á litlum reiðhjólum. Við Akratorg fóru drengirnir þvert yfir Kirkjubraut og stefndu yfir torgið og eftir gangstétt fyrir framan verslun Helga Júlíussonar í áttina að Suðurgötu. Vitnið kvað Þórð litla hafa sagt: „Við skulum koma til pabba.“ Vitnið bað drengina að fara varlega, en hélt áfram í áttina að Landsbankanum. En það var ekki komið yfir götuna, er það veitti því athygli, að eitthvað hafði komið fyrir skammt frá verslun Helga Júlíussonar í Suðurgötu. Vitnið fór rakleitt þangað. Er vitnið kom að, sá það, að drengurinn Stefán Orri lá á bakinu á akbrautinni í Suðurgötu með höfuðið í austurátt, en fætur í suðvestur, og sá vitnið

ekki lífsmark með drengnum. Allmargt fólk var á vettvangi, og stór vörubifreið var nokkuð sunnar á akbrautinni.

Vitnið Halldóra Böðvarsdóttir afgreiðslumaður var að vinna í verslun Helga Júlíussonar þennan dag, föstudaginn 13. maí, um kl. 1345. Vitnið var við verslunargluggann, sem er fjærst Suðurgötu, og snýr hann út að Akratorgi. Var vitnið að þurrka ryk úr glugganum. Sá þá vitnið, að drengur hjólaði í áttina að Suðurgötu í 1—2 metra fjarlægð frá glugganum. Drengurinn virtist ekki á hraðri ferð. Hjólið var lítið tvíhjól, málað blátt og að einhverju leyti hvítt.

Í þessu bili heyrði vitnið hávaða af Suðurgötu í bifreið, sem ekið var eftir götunni, því að það heyrðist ávallt, er þungir vöruflutningabílar óku um götuna. Vitnið leit þá út á Suðurgötu og sá, að stórum vöruflutningabíl var ekið fyrir hornið og suðvestur götuna, og um leið sá vitnið, að drengurinn á reiðhjólinu lenti á hlið bifreiðarinnar. Taldi vitnið, að hjólið hefði lent á bifreiðinni aftanverðri eða nærri afturhjólum.

Vitnið kvaðst telja, að drengurinn hafi ekið hiklaust áfram út á bifreiðastæðið og út á Suðurgötuna.

Vitnið heyrði hávaða og skruðning frá vörubifreiðinni, sem benti til þess, að henni hefði verið snögghemlað. Vitnið treysti sér ekki til að giska á hraða vörubifreiðarinnar, því að þetta hafi allt komið fyrir með svo snöggum hætti, er barnið lenti á bifreiðinni og henni var snögghemlað. En vitnið tók fram, að því hafi fundist vörubifreiðunum ekið mjög hratt eftir Suðurgötunni í grjótflutningunum, sem farið höfðu fram þá undanfarið.

Vitnið kallaði strax til Helga Júlíussonar kaupmanns, sem var í herbergi bak við búðina, en hann fór á slysstaðinn og kom með hjól drengsins inn í verslunina skömmu síðar, en þar tók lögreglan það. Vitnið hringdi á lögreglustöðina og tilkynnti slysið.

Vitnið Þráinn Sigurðsson skrifstofumaður var nokkru fyrir kl. 14 þennan dag statt hjá aðaldyrum Landsbankans við Akratorg. Heyrði það þá greinilega hemlahljóð frá bifreið. Er það leit austur Suðurgötu, sá það vörubifreið vera að stöðvast á götunni nærri verslun Helga Júlíussonar. Á sama tíma sá vitnið lítið reiðhjól falla í götuna aftan við vörubifreiðina, nær norðurbrún götunnar, skammt frá horninu á versluninni. Vitnið fór ekki á slysstað, en sá Helga Júlíusson kaupmann koma út úr versluninni og fara að reiðhjólinu, og skömmu síðar kom lögreglan á staðinn. Þá sá vitnið mann ganga frá Sjóvá, sem er þarna sunnan götunnar, og gekk hann að vörubifreiðinni.

Vitnið Jón Rúnar Sigurðsson vélvirki var að ganga út frá skrifstofu Sjóvá, er það heyrði allt í einu utan af götunni nokkurn skell og á sama tíma hemlahljóð, eins og heyrist, þegar loft-hemlar virka. Er vitnið leit út á Suðurgötuna, sá það vörubifreiðina E 569, er var enn á nokkurri hreyfingu, en um það bil að stöðvast, og stöðvaðist hún alveg þarna á götunni skammt frá húsinu. Vitnið sá barn liggja á götunni aftan við vörubifreiðina og hjá því bláhvítt reiðhjól. Vitnið fór strax að barninu og kvaðst hafa bægt fólki frá, er að kom. Vitnið sá Þórð Þórðarson hlaupa að lögreglustöðinni og koma að vörmu spori ásamt lögreglumanni með sjúkrakörfu. Vitnið aðstoðaði þá við að flytja barnið á sjúkrahúsið, og er það kom þaðan, var lögreglan að mæla út slysstaðinn.

Vitnið gat ekki borið um ökuhraða vörubifreiðarinnar eða með hvaða atvikum árekstur inn varð. En vitnið kvað drenginn hafa legið á bakinu langsum á götunni með höfuðið í norðaustur, og var hjólið að nokkru ofan á honum, og voru fætur drengsins að nokkru inni á milli gafflanna. Vitnið leit svo á, að hjól bifreiðarinnar hefðu ekki farið yfir barnið eða hjólið, því að þá hefðu áverkar átt að vera meiri. Vitnið sá greinilega blóðblett á götunni undir höfði barnsins. Vitnið taldi sig hafa séð lífsmark með drengnum, fyrst eftir að það kom að honum.

Vitnið Helgi Júlíusson kaupmaður kvaðst strax hafa farið á slysstað, er Halldóra Böðvarsdóttir gerði honum viðvart. Það sá barnið liggja á götunni, og var reiðhjól að nokkru leyti ofan á því. Blóðpollur var undir höfði barnsins, en það sneri í austur og stýri hjólsins einnig. Vitnið sagði það ekki koma til mála, að hjól bifreiðarinnar hefðu farið yfir barnið eða hjólið. Vitnið leit svo á, að barnið hlyti að hafa sveigt í austur á móti aksturs-stefnu bifreiðarinnar E 569, rétt áður en slysið varð. Vitnið tók hjólið inn í búð sína, en afhenti það lögreglunni síðar um dag-inn.

Vitnið Þórður Þorsteinsson Þórðarson vörubifreiðarstjóri var að aka vöruflutningabifreið sinni, E 600, niður á m/s Akraborg og lagði af stað frá Kirkjubraut 16 kl. 1345 þennan dag, en skip-ið átti að koma að bryggjunni kl. 14. Vitnið ók yfir Akratorgið fram hjá Landsbankanum, og er það nálgaðist Suðurgötu, fór það að huga að umferð eftir henni, en biðskylda er þarna við Suðurgötuna. Er vitnið leit til vinstri handar norðaustur götuna, sá það, að vöruflutningabifreið var ekið suðvestur götuna og fram með verslun Helga Júlíussonar. Á sama tíma sá vitnið, að

drengur ók á litlu reiðhjóli skammt frá horninu á sömu verslun og út á akbrautina í Suðurgötu, og virtist vitninu hjólinu ekið hiklaust út á götuna. Vitnið sá, að reiðhjólið lenti á hlið vörubifreiðarinnar. Þegar vitnið sá, að þarna hafði orðið slys, stöðvaði það bifreið sína og hljóp upp Suðurgötu og fram hjá slysstaðnum og rakleitt á lögreglustöðina í Kirkjubraut og skýrði frá slysinu. Síðan hraðaði vitnið sér á slysstaðinn ásamt Guðfinni Sigurðssyni lögreglumanni, og höfðu þeir sjúkrakörfu með sér. Meðan gengið var frá drengnum í sjúkrakörfunni, sótti vitnið bifreið sína, en ók síðan drengnum upp á Sjúkrahús Akraness.

Vitnið var spurt að því fyrir dómi, hvort það hafi getað greint það, hvar drengurinn á hjólinu hafi lent á bifreiðinni E 569. Vitnið gat ekki fullyrt um það atriði, en taldi, að hjólið hefði lent aftan til á bifreiðinni og þá helst á fremra, ytra hjólinu á afturhásingu. Vitnið áleit, að drengurinn hafi ekki lent undir bifreiðinni, heldur utan í hjólinu.

Vitnið áleit, að bifreiðin E 569 hafi verið á nokkurri ferð, en það tók fram, að það hafi séð aksturinn svo sem í svip eða örstutta stund, áður en slysið varð. Vitnið kvaðst því ekki treysta sér til að giska á ökuhraðann miðað við km. Vitnið sagðist vera vant akstri stórra og þungra vöruflutningabifreiða og hafa ekið þeim milli Reykjavíkur og Akraness og um götur í báðum bæjunum. Vitnið kvað það eigi vera unnt að stöðva bifreiðar sem þessar samstundis, ef ferðin er nokkuð veruleg, jafnvel þó að hún sé eigi meiri en 30—35 km miðað við klst.

Vitnið Guðfinnur Sigurðsson lögreglumaður var statt á lögreglustöðinni, er hringt var þangað frá verslun Helga Júlíussonar og Þórður Þ. Þórðarson kom þangað og slysið var tilkynnt. Vitnið tók sjúkrakörfu á lögreglustöðinni og hljóp með hana ásamt Þórði á slysstaðinn, sem er skammt frá lögreglustöðinni. Drengurinn lá á götunni, og rann blóð úr höfði hans. Var greinilegur blóðblettur á götunni. Vitnið tók þá ákvörðun að flytja drenginn strax á sjúkrahúsið í vöruflutningabifreiðinni E 600. Skömmu síðar kom vitnið aftur á slysstað, og var þá Pétur Jóhannesson lögreglumaður að gera athuganir á vettvangi.

Vitnið Pétur Steinar Jóhannesson lögreglumaður var á vakt á lögreglustöðinni, er tilkynnt var um slysið. Vitnið bað Guðfinn lögreglumann að fara á slysstað, þar sem yfirlögregluþjónn var úti á lögreglubifreiðinni, en sjúkrabíllinn var á verkstæði. Þegar yfirlögregluþjónn kom á stöðina, fór vitnið á slysstað, og höfðu þá liðið örfáar mínútur, frá því að tilkynnt var um slys-

ið. Vitnið sá strax á slysstaðnum blóðblett á götunni, og var því skýrt frá því af ákærða og vitnum, sem þarna voru stödd, að þar hefði barnið legið. Nokkru síðar kom Guðfinnur lögreglumaður á vettvang.

Vitnið átti tal við vitni og ákærða, athugaði slysstað og gerði mælingar af staðsetningu bifreiðarinnar E 569 og hemlaförum. Vitnið gerði síðan afstöðuteikningu af öllum vettvangi og umhverfi á slysstað, og hefur hún verið lögð fram í dóminum.

Samkvæmt mælingu vitnisins voru hemlaför eftir hægra hjól bifreiðarinnar E 569 19.20 m, en eftir vinstra hjól 16.40 m. Vitnið skýrði þetta nánar fyrir dómi og sagði, að hemlaförin (merkt B á afstöðuteikningunni) hafi verið mjög skýr hjólför eftir hjól bifreiðarinnar, en þetta hafi ekki verið augljós hemlaför, eins og oft sést, er bíl er snarhemlað. Engin svört hemlafararák var þarna á steyptri götunni. Vitnið kvaðst þó hafa merkt þetta hemlaför, þó að það vilji ekki fullyrða, að bílnum hafi verið snarhemlað þarna.

Vitnið kvað Suðurgötuna hafa þarna aðalbrautarrétt og að hámarkshraði innanbæjar á Akranesi hafi á þessum tíma verið 35 km miðað við klst. samkvæmt lögreglusamþykkt fyrir Akranes nr. 57/1963.

Vitnið sá ekki reiðhjól drengsins á slysstað, en sótti það í verslun Helga Júlíussonar síðar þennan dag. Reiðhjólið var af Universal gerð með 20x1.75 dekkjastærð, blátt að lit, með krómuðum brettum og stýri. Vitnið sagði, að stýri hjólsins hefði skekkst, og hjólið var lítillega beyglað, bæði fram- og afturgjörð, en hjól bifreiðarinnar E 569 hafi alls ekki farið yfir reiðhjólið.

Síðdegis þennan sama dag, er slysið varð, fór vitnið ásamt bifreiðaeftirlitsmanni, og skoðuðu þeir bifreiðina E 569. Vitnið sagði, að komið hafi í ljós blár litur á loftkútunum á bifreiðinni E 569, en þeir eru framan við hægri afturhjólin, og var liturinn mjög augljós. Þá lýsti vitnið því, að mánudaginn 16. maí 1977 hafi farið fram á slysstað ýmsar athuganir á slysinu að viðstöddum ákærða, bifreiðaeftirlitsmanni o. fl. Var þá á staðnum reiðhjólið borið við, þar sem blár litur var á loftkútum bifreiðarinnar E 569. Gaffall reiðhjólsins passaði við farið á loftkútunum. Hafði málning á vinstri armi gaffalsins máðst af við ákeyrslu.

Vitnið gerði yfirlitskort af slysstað og nágrenni og merkti inn á það helstu staði, er um er fjallað í málinu. Þá lét hann ljósmynda bifreiðina E 569 á slysstað.

Vitnið Guðmundur Sigurðsson bifreiðaeftirlitsmaður kvaðst hafa skoðað bifreiðina E 569 síðdegis sama dag, er slysið varð. Vitnið sá greinilega bláan lit á loftkútunum. Samkvæmt vottorði bifreiðaeftirlitsmannsins reyndist öryggisútbúnaður bifreiðarinnar vera í góðu lagi, svo sem hemlar, stýrisbúnaður og ljós. Einnig voru hjólbarðar bifreiðarinnar óaðfinnanlegir. Vitnið fór mánudaginn 16. maí með ákærða og lögreglumönnum á slysstað til prófunar á baksýnisspegli bifreiðarinnar E 569. Var það mat vitnisins og annarra, að reiðhjólið hefði eigi getað sést í speglinum úr sæti bifreiðarstjórans.

Ákærði, Tómas Sævar Friðjónsson, gaf skýrslu fyrir lögreglu sama dag og slysið varð og síðan ítrekað fyrir dómi um bifreið sína, akstur og aðdraganda slyssins. Hann hafði ökuskírteini í lagi og hafði ekið vörubifreið um 3ja til 4 ára skeið. Hann keypti bifreiðina E 569 í mars 1976 og hafði ekið henni stöðugt síðan. Samkvæmt skráningarskírteini var bifreiðin Volvo, árgerð 1974, diesel með 210 hestafla vél, eigin þyngd bifreiðarinnar er 6455 kg, en heildarþyngd með hlassi má vera 22.200 kg. Ákærði taldi, að eigin þyngd bifreiðarinnar væri 8—9 tonn með sérsmíðuðum grjótpalli. Bifreiðin var ekki vigtuð strax eftir slysið, en mánudaginn 16. maí var hún vigtuð að viðstöddum lögreglumanni, eins og fyrr greinir. Samkvæmt vottorði vigtarmanns var bifreiðin E 569 þá 22.820 kg, eigin þyngd 11.330 kg og farmþungi 11.490 kg.

Ákærði kvaðst hafa ekið grjóti úr grjótnámu bæjarins við þjóðveg í hafnargarðinn við höfnina frá því í mars 1977 og árið áður um 2—3 mánaða skeið. Ákærði sagði þetta vera um 5.5 km leið, og var farið 12—14 ferðir á dag í 8 klst. vinnu. Voru 8—10 vörubílar í þessum grjótflutningum og allt stórir bílar, sem taka allt að 15 tonnum. Var ekið að beiðni lögreglu meðfram sjónum neðan sementsverksmiðjunnar eftir Faxabraut, en eftir að byrjað var að steypa þá götu, urðu grjótflutningarnir að fara eftir aðalumferðargötum bæjarins, Skagabraut, Suðurgötu og Akursbraut að höfninni.

Ákærði kveðst hafa hafið akstur í grjótflutningunum föstudaginn 13. maí 1977, kl. 0730. Um kl. 1345 um daginn var hann að aka til hafnarinnar í 10. eða 11. ferðina þann dag og 2. ferðina eftir hádegismat. Í þessari ferð var smágrjót á bílnum eða grjótmulningur, og hafði hann ekki verið vigtaður hlaðinn, en það var gert öðru hverju, og var ætlast til, að ekki væri yfir 11—12 tonn á bílunum, enda var kauptaxti miðaður við þá

þyngd. Ákærði giskaði á, að í þessari ferð hefðu verið um 11 tonn á bílnum og bíllinn hlaðinn því allt að 20 tonnum að þyngd.

Ákærði lýsti bíl sínum, E 569, þannig, að hann væri 3ja hásinga og tvöföld hjól hvorum megin að aftan. Bíllinn hefur 8 gangstig (gíra) og er með tvöföldu drifi. Er ákærði ók eftir Suðurgötu í umrætt sinn, var hann í 7. gangstigi, og taldi ákærði sig yfirleitt aka um götur í 5. til 7. gangstigi. Akstursskilyrði voru góð, bjart veður og gatan þurr, og ákærði kvaðst á engan hátt hafa verið miður sín við aksturinn þennan dag.

Ákærði ók á hægri götuhelmingi og taldi miðað við það, að hann ók í 7. gangstigi, að hann hafi ekið mikið undir 60 km hraða og líklega á um 45 km hraða. Ef bíl ákærða, E 569, væri ekið í 8. gangstigi, þyrfti hann að vera á yfir 60 km hraða miðað við klst. Er ákærði ók eftir Suðurgötu og var nokkuð frá húsinu nr. 65, sem er hornhús hægra megin götunnar, sá hann allt í einu dreng á reiðhjóli koma hjólandi út á Suðurgötuna skammt frá horninu, en í hornhúsinu er verslun Helga Júlíussonar. Drengurinn hjólaði hiklaust út á götuna og þvert fyrir bílinn og virtist hvorki horfa til hægri né vinstri. Var hann á nokkurri ferð og ók hiklaust yfir Suðurgötu og út á Mánabraut. Ákærða brá mjög, er hann sá drenginn allt í einu aka svo snögglega fyrir bílinn, en skynjaði þó mjög fljótlega, að drengurinn yrði ekki fyrir bílnum. Ákærði hemlaði lítillega og skipti niður um 1 ganghraðastig, úr 7. í 6., og var með því að draga úr ferð og hafi hraðinn minnkað nokkuð, enda verkuðu hemlar vel. Síðan ók ákærði áfram 1 til 2 bíllengdir og var kominn fram fyrir hornið á verslun Helga Júlíussonar og á móts við bílastæðið, merkt G á afstöðuteikningu. Ákærði taldi sig þá hafa séð í baksýnisspegli bifreiðarinnar annan dreng koma á reiðhjóli að hlið bílsins í áttina að Suðurgötu, og kvaðst ákærði ekki fullyrða, hvort drengurinn var þá á gangstéttarbrúninni eða bifreiðastæðinu. En ákærði kvaðst hafa skynjað, að hætta var á ferðum, og hafi hann hemlað snögglega og um leið sveigt bifreiðinni til vinstri handar. Er ákærði hafði stöðvað bifreiðina, hljóp hann til baka, og lá þá drengurinn á bakinu í götunni nokkuð fyrir aftan bifreiðina, og sneri höfuð drengsins í austur, en ákærði minnist þess ekki, hvernig eða hvar reiðhjólið lá. Ákærði veitti ekki athygli sýnilegum áverka á andliti drengsins eða líkama, en er drengurinn var tekinn upp skömmu síðar, sá ákærði blóðpoll á götunni, þar sem höfuð drengsins lá. Ákærði áleit, að hjól bifreiðarinnar hefðu ekki farið yfir drenginn, því að þá hefðu átt að

vera mjög sýnilegir áverkar á honum, þar sem bifreiðin var svo þung, enda taldi ákærði, að drengurinn hafi legið utan við hemlaför bílsins. Ákærði lýsti síðan aðkomu vitna og flutningi drengsins á sjúkrahús, eins og fram er komið í málinu.

Ákærði var viðstaddur, er lögreglan mældi upp slysstaðinn og hemlaför. En skömmu síðar fór hann með leyfi lögreglunnar og losaði grjót af bifreiðinni, en fór síðan heim til sín. Ákærði var viðstaddur, er bifreiðaeftirlitsmaðurinn kom síðdegis og skoðaði bifreiðina og reyndi öyggistæki hennar. Sá ákærði þá, að blá málning var á festingu á loftkútum, sem voru hægra megin á bifreiðinni, nokkru framan við afturhjól, um það bil á miðjum bílnum.

Mánudaginn 16. maí fór ákærði á slysstað ásamt bifreiðaeftirlitsmanni, lögreglumönnum og rannsóknardómara. Var bifreiðin E 569 sett á slysstaðinn, og bifreiðaeftirlitsmaðurinn og ákærði óku bifreiðinni ætlaða leið hennar, er slysið varð. Einnig var reiðhjól drengsins sett á ætlaða leið drengsins. Kom þá í ljós, að reiðhjólið sést ekki í baksýnisspegli bifreiðarinnar, því að hann sýnir aðeins það, sem var aftan við bifreiðina. Að þessu athuguðu taldi ákærði, að hann hefði séð til ferða drengsins gegnum hliðarrúðu bifreiðarinnar, en hún er mjög stór.

Í lögregluskýrslu, sama dag og slysið varð, segist ákærði hafa ekið vestur Suðurgötu, sennilega með um 30 km hraða, þó að hann geri sér ekki fyllilega grein fyrir hraðanum.

Ákærði var fyrir dómi ítrekað spurður um aksturshraða bílsins, er slysið átti sér stað. Hann kvaðst ekki geta um það fullyrt. Hann hafi ekið í mesta lagi á um 45 km hraða, er hann ók eftir Suðurgötunni. En er hann sá fyrri drenginn, dró hann úr hraða og skipti niður. Og ákærði taldi, að hann kunni að hafa verið á eitthvað yfir 30 km hraða, er hann sá drenginn í síðara skiptið. Þetta gerðist svo snögglega, og sagðist hann ekki geta gert sér ljóst, hvað hann dró mikið úr hraða bílsins. En er hann sá síðari drenginn, taldi hann sig hafa hemlað snögglega, en ef til vill hafi hann aftur gefið eftir á hemlum og bíllinn runnið nokkuð og því hafi hemlaför ekki verið eins skýr á götunni. enda sé ekki unnt að hemla svona þungum bílum það snöggt, að stöðva megi strax.

En ákærði taldi, að sér hafi ekki verið unnt að koma í veg fyrir slysið, eins og atvikum var háttað, þar sem drengurinn ók svo gálauslega út á götuna. Að lokum kvaðst ákærði, eftir að hafa hugsað um þetta atriði, vera í vafa um, að hann hafi ekið

eftir Suðurgötu í 7. gangstigi, heldur í 6., og hafi hann þá skipt niður í 5. gangstig, er hann sá drenginn í fyrra sinnið. Ákærði sagðist telja, að eiginleikar bílsins og vélarinnar væru þess eðlis, að miklu líklegra, að hann hafi ekið í 6. gangstigi (sic). Og ákærði kveðst hafa reynt að skýra frá atvikum í máli þessu eins samviskusamlega og honum hafi verið unnt.

Réttarkrufning fór fram á líki drengsins Stefáns Orra Ásmundssonar. Samkvæmt krufningarskýrslu Rannsóknastofu Háskólans, dr. med. Ólafs Bjarnasonar prófessors, dags. 14. maí 1977, segir:

„Ályktun:

Við krufninguna kom í ljós mjög mikil sköddun á innri líffærum, einkum í kviðarholi, ásamt með blæðingum í kviðarhol og beggja vegna í brjósthol. Auk þess var mjaðmagrind brotin.

Ofangreindir áverkar munu samstundis hafa orðið drengnum að bana."

III.

Eigi hefur tekist í rannsókn máls þessa að upplýsa, svo að öruggt sé, um akstur ákærða eftir Suðurgötu, áður en slysið varð. Verður því að mestu að byggja á frásögn ákærða sjálfs, sem verður að teljast trúverðug, þó að hann geti eigi fullyrt um akstursbraða bifreiðarinnar. Frásögn vitna um hemlahljóð frá bifreið ákærða eru í samræmi við fullyrðingu hans um, að hann hafi snögghemlað, er hann sá drenginn stefna að bifreið sinni á reiðhjóli sínu.

Í ákæru gætir ónákvæmni í lýsingu á hraða bifreiðarinnar miðað við ferðir drengjanna á reiðhjólunum, og að sjálfsögðu er það missögn, að drengirnir hafi verið að aka norður yfir götuna, þar sem upplýst er í málinu, að þeir stefndu suður yfir götuna.

Við mat á sök ákærða verður að líta til allra aðstæðna, eins og fram hefur komið við rannsókn málsins. Ákærði ók í umrætt sinn þunghlaðinni vörubifreið sinni eftir einni aðalumferðargötu bæjarins, og framundan var aðaltorgið og gatnamót, þar sem almennt er mikil umferð. Þótt ákærði æki um götu með aðalbrautarrétti, var varúðarskylda hans mjög mikil miðað við staðhætti, götu og umferð og þá eigi síður, ef litið er til þess, að hann ók bifreið, sem hann vissi, að eigi var unnt að stöðva samstundis, ef þörf krefði, nema á lítilli ferð.

Það er því mat dómarans, að akstursbraði ákærða í umrætt

sinn í Suðurgötu hafi verið gálaus miðað við allar aðstæður. Og gildir þá einu, hvort hraði bifreiðarinnar hafi verið um 30 km eða allt að 45 km miðað við klst., eins og ákærði telur, að kunni að hafa verið. Og eftir að hann sá til ferða fyrri drengsins, sýndi ákærði eigi nægilega varkárni, þar sem hann dró eigi verulega úr hraða bifreiðarinnar. Hann gat raunar eigi búist við, að annar drengur kæmi á eftir hinum fyrri sömu leið. En ákærða bar að gæta þess að aka ekki hraðar en það, að hann hefði fullkomna stjórn á ökutæki sínu. En eigi tókst að stöðva bifreiðina í tæka tíð til að forða slysi (sic), og má þó ætla, að hraði bifreiðarinnar hafi jafnvel verið minni en löglegur innanbæjarhraði, eða 35 km miðað við klst. Og þó að segja megi, að aðalorsök slyssins sé hin gálausa og óheimila ferð drengsins unga á reiðhjóli sínu, sem að framan er lýst, verður að líta svo á, að ákærði hafi í akstri sínum í umrætt sinn eigi sýnt af sér nægilega aðgát miðað við aðstæður, eins og í ákæru er frá skýrt. Telst ákærði því bera refsiverða sök á slysinu.

Brot ákærða varða við þau ákvæði almennra hegningarlaga og umferðarlaga, sem í ákæru greinir.

Ákærði var mjög miður sín vegna slyssins og gerði allt, sem unnt var, til að upplýsa málið og orsök slyssins.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 150.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 180.000.

Þá ber samkv. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 að svipta ákærða ökuréttindum í 4 mánuði frá uppkvaðningu dómsins.

Dómsorð:

Ákærði, Tómas Sævar Friðjónsson, greiði í sekt til ríkissjóðs kr. 150.000, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 180.000.

Ákærði er sviptur ökuleyfi sínu í 4 mánuði frá uppkvaðningu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. mars 1982.

Nr. 150/1978. **Ingvar Gýgjar Jónsson og**
Olga Sigurbjörg Jónsdóttir
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Friðrik Stefánssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Samaðild. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1978. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að hvor aðilja verði látinn bera sinn kostnað af málinu.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda óskipt fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Veiðiítak það, sem um er deilt í málinu, er talið þannig til komið, að í kaupsamningi um jörðina Glæsibæ í Staðarhreppi 20. apríl 1926 hafi seljandinn, Jón Jónsson á Hafsteinsstöðum, áskilið þeirri eignarjörð sinni hálfa veiði Glæsibæjar í Miklavatni og Sæmundará. Áfrýjendur halda því fram, að þessi umsamdi veiðiréttur Hafsteinsstaða sé að hálfu orðinn eign nýbýlisins Hafsteinsstaða II, nú Gýgjarhóls. Stefndi krefst dómsviðurkenningar fyrir því, að Gýgjarhóll eigi enga hlutdeild í veiði Glæsibæjarjarðar í áðurgreindum vötnum. Styður hann þá kröfu sína meðal annars og sérstaklega þeim rökum, að ákvæðið um veiðirétt Hafsteinsstaða í kaupsamningnum 1926 hafi ekkert gildi haft að lögum vegna fyrirmæla 121. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Samkvæmt því, sem nú var greint, er sakarefni í málinu veiðiítak, sem haldið er fram, að sé í óskiptri sameign Haf-

steinsstaða I og Gýgjarhóls, ef gilt yrði metið. Dómur um það, hvort ógildur hafi verið áskilnaður í kaupsamningnum 1926 um veiðirétt Hafsteinsstaða varðar eiganda Hafsteinsstaða I með slíkum hætti, að stefnda bar að beina kröfum sínum í málinu sameiginlega að eigendum Gýgjarhóls og þeirrar jarðar, sbr. 46. gr. laga nr. 85/1936. Þar sem stefndi hefur ekki gætt þessa, verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Ákveðst hann samtals 5.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Friðrik Stefánsson, greiði áfrýjendum, Ingvari Gýgjari Jónssyni og Olgu Sigurbjörgu Jónsdóttur, samtals 5.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er ósammála atkvæði meiri hluta dómara, þar eð ég er þeirrar skoðunar, að dæma hefði mátt um málið að efni til.

Í 46. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 segir m. a.: „Nú eiga fleiri en einn óskipt réttindi eða bera saman óskipta skyldu, og eiga þeir þá óskipta sakaraðild. Ef þeir taka ekki allir þátt í málshöfðun eða ef þeim er eigi öllum veittur kostur á að svara til sakar, þá skal vísa máli frá dómi.“

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var Steinbirni Jónssyni, eiganda Hafsteinsstaða í Staðarhreppi, stefnt til réttargæslu í málinu. Þar með var honum „veittur kostur á að svara til sakar“ skv. ákvæðum 46. gr. laga um meðferð

einkamála í héraði nr. 85/1936. Því fyrirkalli sinnti Steinbjörn Jónsson hins vegar eigi. Það er hans mál og breytir engu um heimild Hæstaréttar til að dæma um mál þetta að efni til, enda er dómur einungis bindandi fyrir málsaðilja.

En þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að þeirri niðurstöðu, að vísa beri málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi, er ekki efni til, að ég leggi efnisdóm á málið.

Dómur vettvangsdóms Skagafjarðarsýslu 3. ágúst 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. þ. m., er höfðað af Stefáni Friðrikssyni, Skagfirðingabraut 1, Sauðárkróki, eiganda jarðarinnar Glæsibæjar í Staðarhreppi í Skagafjarðarsýslu, með stefnu, útgefinni 7. ágúst 1975, á hendur Ingvari Gýgjari Jónssyni, Gýgjarhóli í Staðarhreppi, Skagafjarðarsýslu, til staðfestingar á lögbanni, sem hann hafði látið leggja 5. ágúst 1975 við veiði Ingvars í Miklavatni í Skagafirði og umferð hans um land Glæsibæjar í Staðarhreppi í því skyni. Undir rekstri málsins hefur Stefán Friðriksson selt syni sínum, Friðrik Stefánssyni, jörðina Glæsibæ. Hefur Friðrik því tekið við sóknaraðild málsins. Þá hefur komið fram, að Olga Sigurbjörg Jónsdóttir situr í óskiptu búi eftir látinn eiginmann sinn, Jón Jónsson, eiganda jarðarinnar Gýgjarhóls, en stefndi Ingvar Gýgjar Jónsson, sonur þeirra, er ábúandi á jörðinni. Hefur Olga Sigurbjörg tekið við varnaraðild í málinu við hlið Ingvars Gýgjars. Undir rekstri málsins hefur verið fallið frá kröfu um staðfestingu á framangreindu lögbanni. Eru endanlegar dómkröfur sóknaraðilja þær, að staðfest verði með dómi réttarins, að Gýgjarhóll eigi engan rétt til lax- og silungsveiða í Miklavatni eða Sæmundará, byggðan á rétti Glæsibæjar sem bakkajarðar, né rétt til uppsáturs fyrir bát og pláss fyrir veiðitæki á landi og nauðsynlega umferð um Glæsibæjarland vegna veiðanna. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi stefndu.

Varnaraðiljar krefjast sýknu af kröfum sóknaraðilja og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Eiganda jarðarinnar Hafsteinsstaða í Staðarhreppi, Steinbirni Jónssyni, var stefnt til réttargæslu í málinu, en hann lét eigi sækja þing í málinu.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dags. 20. apríl 1926, seldi Jón Jónsson, bóndi á Hafsteinsstöðum í Staðarhreppi í Skagafirði, Stefáni Friðrikssyni, bónda í Valadal í Seyluhreppi

í Skagafjarðarsýslu, jörðina Glæsibæ í Staðarhreppi. Í 1. gr. samningsins er hinni seldu jörð lýst svo: „ . . . 60 hundruð að dýrleika að nýju mati, ásamt tveimur ærkúgildum og álagi frá leiguliða og öllum gögnum og gæðum, húsum og mannvirkjum, sem jörðinni fylgja og ég hefi eignast hana með, að undanskildu því, að ég áskil Hafsteinsstöðum ítak til silungs- og laxveiði til jafns við Glæsibæ í Staðará og Miklavatni og uppsátur fyrir bát og pláss fyrir veiðitæki á landi og nauðsynlega umferð um landið vegna veiðinnar. Landamerki jarðarinnar eru samkvæmt landamerkjaskrá, dagsettri 18. júní 1923, þinglesinni á manntalsþingi Staðarhrepps 28/6 sama ár." Var samningnum þinglýst á manntalsþingi 26. júní 1926. Með samningi, dags. 2. nóvember 1933, seldi Jón bóndi Jónsson á Hafsteinsstöðum Sigríði Snæland „eignarrétt yfir ca. 1/10 hluta af landi eignar- og ábýlisjarðar sinnar Hafsteinsstaða samkvæmt álitsgerð undirfasteignamatsnefndar Skagafjarðarsýslu 21. október 1932". Er hinu selda landi lýst svo í kaupsamningnum: „1. Land það milli Sæmundarár og Héraðsvatna, er áður var keypt frá Vík og lagt undir Hafsteinsstaði. 2. Land vestan akbrautar af landi Hafsteinsstaða að norðanverðu, 400 — fjögur hundruð — metra breið spilda vestur það sem land jarðarinnar nær. 3. Land austan við akbraut, frá merkjum að norðan suður að mógrafarskurði, ræður sá skurður og Grófarlækur merkjum austur á móts við vestanverðan „Gunnarsmó". Þar er suðaustur hornmerki. Þaðan liggja svo merkin í norður, austan í holtinu vestan við ytri Bakkamýri í núverandi landamerki Hafsteinsstaða að norðan".

Með samningi, dags. 8. júní 1939, seldi Jón bóndi á Hafsteinsstöðum Jóni Björnssyni, bónda frá Reykjarhóli í Skagafjarðarsýslu, eignar- og ábýlisjörð sína Hafsteinsstaði. Undanskilinn sölunni var sá hluti jarðarinnar, sem Jón hafði áður selt Sigríði Snæland. Í samningi þessum er svofellt ákvæði: „Veiðirétt í Sæmundará fyrir Hafsteinsstaðalandi hefur þessi selda eign til jafns við hinn áður selda hluta jarðarinnar. Þessi selda eign og hinn áður seldi hluti jarðarinnar hafa jafnan rétt til veiðiítaksins í Sæmundará og Miklavatni fyrir Glæsibæjarlandi og afnot lands vegna veiðinnar". Jón Jónsson keypti aftur þann hluta af landi Hafsteinsstaða, sem hann hafði selt Sigríði Snæland, og var það staðfest með afsali, dags. 18. september 1951. Áður mun Jón hafa verið farinn að búa á þessum hluta jarðarinnar Hafteinsstaða, sem nefndur var Hafsteinsstaðir II, en einnig mun hafa verið keypt til nýbýlisins land frá jörðinni Vík

svo og skiki af landi jarðarinnar Steinholts og húsakostur, sem þar var. Bjó Jón síðan á Hafsteinsstöðum II til dauðadags 1973. Stefndi Ingvar Gýgjar var þá fyrir nokkrum árum orðinn ábúandi á nýbýlinu, en 2. október 1958 hafði verið lögfest á því nafnið Gýgjarhóll. Fram er komið, að á aðalfundi veiðifélags Sæmundarár 19. nóvember 1961 hafi af hálfu eiganda Gýgjarhóls verið óskað eftir leiðréttingu á hlut Gýgjarhóls samkvæmt arðskránni með hliðsjón af áðurgreindum kaupsamningi um jarðirnar Glæsibæ og Hafsteinsstaði. Þá er og komið fram, að af hálfu eigenda Hafsteinsstaða og Gýgjarhóls var hinn 12. febrúar 1963 óskað eftir endurskoðun á arðskrá Veiðifélags Sæmundarár með hliðsjón af kaupsamningi þeirra um Hafsteinsstaði.

Stefán Friðriksson kveður kaupverð Hafsteinsstaða hafa verið eitt hæsta jarðarverð, sem tíðkast hafi, er hann keypti jörðina, og hafi ákvæðið um veiðiréttinn ekki haft minnst áhrif á söluverð jarðarinnar. Hvorki hann né Jón Jónsson hafi gert sér grein fyrir því, að ógilt hafi verið að lögum að skilja veiðirétt frá Glæsibæ, en Jón hafi aldrei gert tilraun til að nota sér þetta samningsákvæði. Umferðarréttur sá, sem í samningsákvæðinu hafi falist, hafi verið fólginn í því að fara beint yfir holt að Miklavatni, en ekki að fara á vélknúnum ökutækjum yfir grónar og ábornar engjar, eins og núverandi ábúandi á Gýgjarhóli hafi gert tvisvar eða þrisvar sinnum, er hann hafi gert tilraun til að veiða í vatninu. Hafi veiði sú, sem bændur á Hafsteinsstöðum kunni að hafa stundað í Miklavatni, verið stunduð fyrir landi annarra jarða en Glæsibæjar.

Ingvar Gýgjar Jónsson kveður föður sinn hafa stundað netaveiði í Miklavatni samkvæmt ítaki sínu í veiði Glæsibæjar öll vor. Hafi hann haft fjárhús austur undir Héraðsvötnum og hafi verið vitjað um netin, um leið og farið var til kindanna. Sjálfur kveðst Ingvar hafa nytjað veiðiítakið meira og minna fyrr og síðar án andmæla af hálfu eigenda Glæsibæjar fyrr en sumarið 1975.

Krafa stefnanda er byggð á því, að er samningur þeirra Jóns Jónssonar og stefnanda var gerður um jörðina Glæsibæ 20. apríl 1926, hafi verið í gildi ákvæði 2. tl. 121. gr. vatnalaga nr. 15/1923, sem lagt hafi bann við því að skilja veiði að nokkru eða öllu leyti frá jörðum. Ákvæði samningsins um veiðiítak Hafsteinsstöðum til handa hafi falið í sér skerðingu á rétti eiganda Glæsibæjar til þess að nýta einn að fullu rétt jarðarinnar til

veiða á vatninu og hafi þetta ákvæði samningsins verið ólöglegt. Því hafi ekki stofnast réttur til veiða í Miklavatni til handa eiganda Hafsteinsstaða og síðar eiganda Gýgjarhóls, sem byggður verði á þessu samningsákvæði. En jafnvel þótt talið verði, að samningurinn hafi stofnað til réttar þáverandi eiganda Hafsteinsstaða til veiða í Miklavatni, þá hafi sá réttur eigi varað lengur en lífstíð seljandans, Jóns Jónssonar. Þá er því haldið fram, að eigandi Glæsibæjar hafi ávallt hagnýtt sér allan rétt til veiða í Miklavatni sem einkaeigandi jarðarinnar. Hafi hann einnig notið fyllsta arðs í samræmi við það samkvæmt arðskrá Veiðifélags Sæmundarár, sem nái bæði til veiða í Miklavatni og Sæmundará. Hafi eiganda og ábúanda Gýgjarhóls verið um það kunnugt þegar á árinu 1961. Eigandi Hafsteinsstaða hafi og ekkert aðhafst til að nýta veiði í vatninu og verði að líta svo á, að hann geri því ekki kröfu til veiða í vatninu, sem byggð verði á greindu samningsákvæði. Þá hafi hvorki eigandi né ábúandi Gýgjarhóls veitt í Miklavatni á grundvelli greinds samningsákvæðis. Ef þeir hafi veitt í vatninu, þá hafi það verið í rétti annarra jarða við vatnið. Því er haldið fram, ef talið verði, að veiðiítak hafi stofnast fyrir Gýgjarhól, að stefnandi hafi unnið lausnarheið á því ítaki.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að með samningi þeirra Jóns Jónssonar og Stefáns Friðrikssonar frá 20. apríl 1926 hafi verið stofnað veiðiítak í Miklavatni til handa eiganda Hafsteinsstaða í veiði jarðarinnar Glæsibæjar í vatninu. Hafi verið fullkomlega lögmætt að stofna til veiðiítaksins, enda hafi samningnum verið þinglýst. Á þeim tíma, sem samningurinn var gerður, hafi verið í gildi veiðitilskipunin frá 20. júní 1849 svo og ákvæði vatnalaga nr. 15/1923, en XIII. kafli þeirra laga hafi fjallað um veiði í vötnum. Samkvæmt 4. gr. veiðitilskipunarinnar hafi verið bannað að „skilja að veiðiréttinn og lóðina", en samkvæmt 1. gr. tilskipunarinnar hafi þrátt fyrir það verið gert ráð fyrir slíkum veiðiítökum og að þau skyldu standa óröskuð með öllu. Ákvæði þetta hafi eigi verið afnumið með ákvæðum XIII. kafla vatnalaganna eða síðari veiðilöggjöf. Þvert á móti hafi þetta verið ítrekað með lögum nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum, þar sem ítök hafi verið gerð óafleysanleg gegn vilja ítakseiganda. Á þeim tíma hafi hins vegar verið komin í lög heimild til að leysa til sín veiðiréttindi, sem skilin höfðu verið frá landi að nokkru eða öllu leyti. Veiðiítök hafi hins vegar eigi verið talin til slíkra réttinda, því að þau hafi ekki verið talin

skilja veiði frá neinu landi, lóð eða bakka. Ítaksþoli hafi allt að einu haft óhindraðan veiðirétt hvar sem var fyrir landareign sinni, enda hafi veiðirétturinn hvergi verið skilinn við landið í skilningi laganna. Jafnvel þótt svo yrði talið, að veiðiítak þyddi meiri eða minni undanskil veiðiréttar frá landi eða bakka, þá breytti það engu í þessu máli, því að ákvæði 121. gr. þá gildandi vatnalaga hafi heimilað slík undanskil samkvæmt beinni lögjöfnun, ef svo hagaði til, að „önnur hlunnindi komi á móti, er þeirri landareign sé ekki metin minna verð en veiðirétturinn". Verði að ganga út frá því sem sjálfsögðu, að á móti ítakinu hafi komið tilsvarandi afsláttur eða lækkun kaupverðs jarðarinnar, þannig að skilyrðum greinarinnar hafi verið fullnægt samkvæmt ótvíræðri lögjöfnun. Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að það sé brot á grundvallarreglu 32. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð o. fl., er stefnandi vilji nú tileinka sér án endurgjalds ítaksréttinn, sem samið var um til handa eiganda Hafsteinsstaða, en stefnandi hafi sjálfur samþykkt ítakið með undirskrift sinni, enda hljóti söluverð jarðarinnar að hafa verið ákveðið í samræmi við það og báðum samningsaðiljum verið það ljóst. Þá kemur það og fram af hálfu stefndu, að samkvæmt jarðabókinni frá 1706 sé Hafsteinsstöðum talin lax- og silungsveiði til hlunninda og hljóti þau nú að fylgja Gýgjarhóli að hluta. Þá sé lax- og silungsveiði talin jörðinni Vík til hlunninda, en hins vegar séu slík réttindi eigi talin fylgja Glæsibæ. Er því haldið fram, að er samningurinn frá 20. apríl 1926 var gerður, hafi því raunverulega Hafsteinsstaðir verið að láta af hendi við Glæsibæ hluta af aldagömlum hefðbundnum réttindum þeirrar jarðar. Í þessu sambandi sé og á það að líta, að er nýbýlið Gýgjarhóll var stofnað, hafi það fengið nokkurn hluta af landi jarðarinnar Víkur, og ekki sé óeðlilegt, að því landi hafi fylgt hlutfallslegur veiðiréttur. Við munnlegan flutning málsins kom og fram af hálfu stefndu, að réttur Gýgjarhóls til veiða í Miklavatni sé ekki leiddur af rétti Hafsteinsstaða til veiða í vatninu, heldur sé um að ræða sjálfstæðan rétt, sem stofnast hafi með löggerningi. Stefndu telja stefnanda eigi hafa hreyft athugasemdum við þessu í um 50 ár. Er því mótmælt af hálfu stefndu, að veiðiítak það, sem Gýgjarhóll eigi í Miklavatni, hafi fallið niður vegna lausnarhefðar, svo sem haldið sé fram af stefnanda. Hafi veiði í Miklavatni verið stunduð frá Hafsteinsstöðum og Gýgjarhóli á grundvelli veiðiítaksins meira og minna alla tíð, frá því er samningurinn var gerður 20. apríl 1926. Hafi þær veiðar aldrei

verið hindraðar eða stöðvaðar af eiganda Glæsibæjar. Hafi það fyrst verið á árinu 1975 sem eigandi Glæsibæjar hafi hafist handa um það, svo sem áður greinir. Er því haldið fram af hálfu stefndu, að eigandi Gýgjarhóls eigi veiðirétt, veiðiítak, að einum fjórða hluta í Sæmundará og Miklavatni fyrir landi Glæsibæjar og fái kröfugerð stefnanda í málinu eigi staðist gagnvart ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Geti krafa stefnanda í málinu aðeins náð fram að ganga á þeim grundvelli, að stefnandi leysi til sín ítakið gegn endurgjaldi.

Álit dómsins.

Við upphaf máls þessa var eiganda og ábúanda Hafsteinsstaða stefnt til réttargæslu í málinu, en fram hefur komið af hálfu sóknaraðilja, að eigi hafi verið gerð tilraun til veiða fyrir landi Glæsibæjar frá Hafsteinsstöðum. Með hliðsjón af þessu þykir sóknaraðilja hafa verið heimilt að reka mál þetta á hendur eiganda og ábúanda Gýgjarhóls án beinnar kröfugerðar á hendur eiganda og ábúanda Hafsteinsstaða.

Í málinu hafa verið lagðar fram landamerkjaskrár fyrir Hafsteinsstaði, dags. 4. júní 1921, og fyrir Glæsibæ, dags. 18. júní 1923. Af þeim og öðrum gögnum málsins, m. a. uppdrætti, kemur fram, að jörðin Glæsibær á land að Miklavatni frá Tröllhöfða að ósi Sæmundarár, sem einnig er nefnd Staðará, auk smáspildu austan við ósinn, og land að Sæmundará nokkuð upp með henni. Einnig kemur fram af gögnum þessum, að Hafsteinsstaðir eiga ekki land að Miklavatni, en eiga land að Sæmundará. Það er forn regla í íslenskum lögum, að hver maður á veiði fyrir sinni jörð, sbr. Jónsbók, landsleigubálk, 56. kap., sem var síðar staðfest með ákvæðum vatnalaga nr. 15/1923. Er Jón Jónsson seldi Stefáni Friðrikssyni jörðina Glæsibæ samkvæmt samningi þeirra frá 20. apríl 1926, áskildi hann Hafsteinsstöðum ítak í lax- og silungsveiði í Staðará (Sæmundará) og Miklavatni, uppsátur fyrir bát og stöð fyrir veiðitæki í landi Glæsibæjar og umferð um land jarðarinnar til veiðanna. Er samningur þessi var gerður, voru í gildi vatnalög nr. 15/1923, og var í XIII. kafla þeirra fjallað um veiði í vötnum. Ákvæði 2. tl. 121. gr. laganna lagði bann við því að skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, nema um tiltekið árabil, eigi lengur en 10 ár í senn, nema leyfi viðkomandi ráðherra kæmi til eða önnur hlunnindi kæmu í móti, er væru metin þeirri landareign ekki minna virði en veiðirétturinn. Áskilnaður í samningnum um

veiðiítak fyrir Hafsteinsstaði í Miklavatni og Sæmundará fól í sér skerðingu á rétti Glæsibæjar til veiði í þeim. Eigi er í ljós leitt, að aflað hafi verið leyfis viðkomandi ráðherra, né heldur er fram komið, að á móti hafi komið hlunnindi, sem ekki voru metin minna verði en réttur sá, sem Hafsteinsstöðum var áskilinn til veiði. Þótt tekið kunni að hafa verið tillit til þessa við ákvörðun kaupverðs, verður það ekki talið hafa komið í stað beinna jarðarhlunninda. Verður því að líta svo á, að þetta ákvæði í samningnum hafi brotið í bága við ákvæði 2. tl. 121. gr. vatnalaga nr. 15/1923, sem telja verður hafa gilt um þetta atriði á þeim tíma. Jón Jónsson seldi svo Sigríði Snæland hluta af landi Hafsteinsstaða, sem samkvæmt samningnum var um 1/10 af landi jarðarinnar. Þau kaup gengu svo til baka, og stofnaði Jón síðan nýbýli á því landi, svo sem áður er fram komið. Verður að líta svo á samkvæmt því, sem að framan er rakið, að áskilnaður Jóns Jónssonar um veiðiítak fyrir Hafsteinsstaði, er hann seldi Stefáni Friðrikssyni jörðina Glæsibæ með samningi þeirra frá 20. apríl 1926, geti ekki verið lögmætur grundvöllur fyrir rétti til handa eiganda og ábúanda Gýgjarhóls til veiði í Miklavatni og Sæmundará, sem byggður verði á rétti Glæsibæjar til veiði í vatninu. Af hálfu varnaraðilja hefur eigi verið sýnt fram á, að með löggerningi eða með öðrum hætti hafi stofnast sjálfstæður réttur fyrir eiganda og ábúanda Gýgjarhóls til veiði í Miklavatni og Sæmundará, sem byggður verði á rétti eiganda og ábúanda Glæsibæjar. Þykja yfirlýsingar, sem fram hafa komið um veiði frá Hafsteinsstöðum í Miklavatni, ekki veita sönnur um þetta efni. Eigi þykir undirritun Friðriks Stefánssonar með veiðiréttareigendum við Miklavatn og Ingvari Gýgjari Jónssyni undir áskorun til Veiðifélags Sæmundarár fela í sér neina viðurkenningu á gildi umrædds veiðiítaks. Verður eigi talið, að ákvæði 32. gr. samningalaga eða grunnregla, sem í því ákvæði felst, standi í vegi fyrir því, að kröfugerð stefnanda verði tekin til greina. Ekki verður heldur talið, að úrslit málsins, byggð á framangreindum sjónarmiðum, brjóti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Verður því tekin til greina krafa sóknaraðilja á þann veg, að staðfest verður, að eigandi og ábúandi Gýgjarhóls eigi ekki rétt til lax- og silungsveiði í Miklavatni eða Sæmundará, sem byggður verður á rétti eiganda Glæsibæjar til veiða fyrir landi jarðarinnar, né rétt til uppsáturs fyrir bát og stöð fyrir veiðitæki á landi né nauðsynlega umferð um land Glæsibæjar vegna þeirrar veiði.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Árna Jónassyni erindreka og Guðmundi Jónssyni borgardómara.

Dómsorð:

Viðurkennd er krafa sóknaraðilja, Friðriks Stefánssonar, um, að varnaraðiljar, Olga Sigurbjörg Jónsdóttir og Ingvar Gýgjar Jónsson, eigandi og ábúandi jarðarinnar Gýgjarhóls, eigi ekki rétt til lax- og silungsveiða í Miklavatni eða Sæmundará, sem byggður verði á rétti eiganda Glæsibæjar til veiða fyrir landi jarðarinnar, né rétt til uppsáturs fyrir bát og stöð fyrir veiðitæki á landi né nauðsynlega umferð um land Glæsibæjar vegna þeirra veiða.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 12. mars 1982.

Nr. 117/1979. **Heilbrigðisráðherra vegna stjórnarnefndar ríkisspítalanna og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Þórður Gunnarsson hdl.)
gegn
Jafnréttisráði f. h. Guðrúnar Emilsdóttur og Guðrúnu Emilsdóttur persónulega og gagnsök
(Gestur Jónsson hdl.).

Jafnréttisráð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með

stefnu 18. júní 1979. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjenda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast aðaláfrýjendur þess, að fjárkröfur gagnáfrýjanda Guðrúnar verði lækkaðar og málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 5. október 1979 og gera þessar dómkröfur:

Á hendur heilbrigðisráðherra vegna stjórnarnefndar ríkisspítalanna gerir gagnáfrýjandi Jafnréttisráð vegna gagnáfrýjandans Guðrúnar Emilsdóttur þá kröfu, að viðurkennt verði með dómi, að hún eigi frá gildistöku laga nr. 78 frá 31. maí 1976 um jafnrétti kvenna og karla rétt á að fá greidd jöfn laun fyrir störf sín á Kópavogshæli og þeir karlmenn, sem þar vinna undir starfsheitinu gæslumaður og tóku laun samkvæmt launataxta B 4, III. þrepi, frá 1. júní 1976 til 31. desember s. á., en launataxta B 5, III. þrepi, frá 1. janúar 1977 til 31. desember s. á. samkvæmt kjarasamningi BSRB við fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gerir gagnáfrýjandi Guðrún Emilsdóttir þá kröfu, að hann verði dæmdur til að greiða sér 4.754.64 krónur með 13% ársvöxtum af 1.022.71 krónu frá 1. janúar 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1978, en af 4.754.64 krónum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Gagnáfrýjendur krefjast og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en þeir fengu gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti hinn 3. mars 1981.

I.

Á Kópavogshæli og Kleppsspítala í Reykjavík starfa nokkrir starfsmenn með starfsheitinu gæslumenn við geðhjúkrun. Þeir taka laun og njóta annarra starfskjara eftir því sem ákveðið er í kjarasamningum, sem gerðir eru samkvæmt lögum um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja nr. 29/1976, áður lögum nr. 46/1973 og lögum nr. 55/1962. Starf þessara manna er einkum fólgið í ýmiss konar umönnun vistmanna á umræddum stofnunum. Ekki eru þeir þó sérmenntaðir til þess starfs. Gæslumenn voru áður félagsmenn í Starfsmannafélaginu Þór, en það var félag karla einvörðungu. Samdi það um kaup og kjör gæslumanna við vinnuveitendur þeirra, uns félagið var lagt niður árið 1955. Af því, sem fram er komið í málinu, virðist það þó hafa haldist, að gæslumenn þessir væru nær undantekningarlaust karlmenn. Var svo að minnsta kosti á þeim tíma, sem málssókn þessi tekur til.

Auk gæslumannanna vinnur á áðurgreindum stofnunum annað ósérmenntað starfsfólk, sem annast vistmenn, en ber starfsheitið starfsmenn, áður starfsstúlkur. Þetta starfsfólk, þeirra á meðal gagnáfrýjandi Guðrún, er ráðið til starfa, tekur laun og nýtur annarra strafskjara samkvæmt kjarasamningi stjórnarnefndar ríkisspítalanna og nokkurra annarra aðilja annars vegar og Starfsmannafélagsins Sóknar, áður Starfsstúlknafélagsins Sóknar, hins vegar. Það starfsfólk, sem hér ræðir um, er án teljandi undantekninga konur. Er þess hér að geta, að af kjarasamningum Sóknar, sem frammi liggja í málinu, og af öðrum gögnum má ráða, að félagið hafi áskilið félagsmönnum sínum forgangsrétt til vinnu hjá viðsemjendum sínum. Félagið stóð hins vegar konum einum opið til inngöngu, uns lögum þess var breytt að þessu leyti, að því er ætla má á árinu 1977.

Svo virðist sem starfslið það á Kópavogshæli og Kleppsspítala, sem síðast var um rætt, hafi lengi verið margfalt fjölmennara en hinir svonefndu gæslumenn við geðhjúkrun.

II.

Fyrir Hæstarétti er enginn ágreiningur um það, að gagn-

áfrýjandi Guðrún sem starfsmaður á Kópavogshæli hafi unnið störf, sem séu sambærileg og jafnverðmæt störfum gæslumanns við geðhjúkrun í skilningi laga um jafnrétti kvenna og karla nr. 78/1976 án tillits til mismunandi starfsheita og ráðningarkjara. Verður þetta því lagt til grundvallar í málinu.

Þá verður og að telja leitt í ljós, svo sem nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi, að karlar, sem ráðnir voru til starfa til að annast vistmenn, hafi nær undantekningarlaust verið ráðnir sem gæslumenn með kjörum, er ákveðin voru í lögum, en síðar í kjarasamningum samkvæmt lögum nr. 55/1962 eða síðari lögum um sama efni. Konur hafi hins vegar verið ráðnar undantekningarlítið með þeim kjörum, sem kjarasamningar Sóknar kváðu á um. Verður samkvæmt þessu að líta svo á, að það hafi fyrst og fremst farið eftir kynferði starfsmanns með hvorum kjörunum hann var ráðinn. Eftir gildistöku laga nr. 78/1976 var slík greining ekki lögmæt. Skiptir í því sambandi ekki máli, þó að umræddir ráðningarhættir kunni að eiga sínar eðlilegu skýringar í því, hvernig starfsfólk þetta hafði um langan tíma skipst í stéttarfélög eftir kynjum.

Af því, sem nú var sagt, leiðir það, að gagnáfrýjandi Guðrún átti, að minnsta kosti eftir gildistöku áðurgreindra laga nr. 78/1976, rétt til sama starfsheitis og sömu launa og annarra starfskjara sem gæslumaður. Eins og málið liggur fyrir Hæstarétti, þarf hins vegar ekki um það að fjalla, hvort, og þá samkvæmt hvaða réttarreglum hún kunni að hafa átt slíkan rétt, áður en lögin öðluðust gildi. Af framangreindum rétti leiðir þó ekki, að gagnáfrýjandi Guðrún eða Jafnréttisráð vegna hennar geti með stoð í 2. og 3. gr., sbr. og 11. gr. laganna, krafist þess, að hún njóti að nokkru leyti kjara, og þá einkanlega að því er tekur til launa, sem gæslumaður, en að öðru leyti fari ráðningarkjör hennar sem fyrr eftir kjarasamningi Starfsmannafélagsins Sóknar. Hefur ekki verið bent á nein dæmi þess, að nokkur þeirra karla, sem vinna sambærileg störf og gagnáfrýjandi Guðrún njóti slíkra starfskjara. Og þar sem skilja verður dómkröfur beggja gagnáfrýjenda á þann hátt, að þær séu á þessum grundvelli reist-

ar, þykir eigi unnt að taka þær til greina. Ber því að sýkna aðaláfrýjendur af kröfum þeirra í málinu, án þess að gefa þurfi að því sérstakan gaum, hvort efni hafi verið til þess, að Jafnréttisráð stæði að málssókn þessari í umboði gagnáfrýjandans Guðrúnar, en þó við hlið hennar.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað gagnáfrýjenda á að vera óraskað.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjenda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, 5.000.00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, heilbrigðisráðherra vegna stjórnarnefndar ríkisspítalanna og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjenda, Jafnréttisráðs f. h. Guðrúnar Emilsdóttur og Guðrúnar Emilsdóttur persónulega.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað á að vera óraskað.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjenda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, Gests Jónssonar héraðsdómslögmanns, 5.000.00 krónur.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og Þórs Vilhjálmssonar.

Í máli þessu er fram komið, að gagnáfrýjandi Guðrún Emilsdóttir var á tímanum frá 1. júní 1976 til ársloka 1977 í hópi um 90 kvenna, sem störfuðu á Kópavogshæli og tóku laun eftir samningi félagsins Sóknar. Við munnlegan flutn-

ing málsins fyrir Hæstarétti var því ómótmælt haldið fram, að enginn karlmaður hefði á þessu tímabili tekið laun eftir samningi Sóknar fyrir störf á Kópavogshæli, en þess væru fáein dæmi frá öðrum tímum. Hins vegar er óumdeilt, að 1976—1977 störfuðu karlmenn á hælinu við „sambærileg og jafnverðmæt" störf og gagnáfrýjandi Guðrún vann og aðrar konur, en þessir karlmenn tóku laun eftir samningi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Óvíst er, að nokkur kona hafi á þessum tíma haft sömu kjör vegna starfa á Kópavogshæli, þó að þess séu nokkur dæmi nú. Þess er sérstaklega að geta, að við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti lýsti talsmaður aðaláfrýjenda því yfir, að viðurkennt væri, að störf Guðrúnar Emilsdóttur, gagnáfrýjanda, væru sambærileg og jafnverðmæt störfum þeirra karlmanna, sem á Kópavogshæli vinna undir starfsheitinu gæslumaður og taka laun samkvæmt kjarasamningi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla er það yfirlýstur tilgangur laganna að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla.

Í 2. grein laganna segir, að konum og körlum skuli veittir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar og „greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf".

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, gerir gagnáfrýjandi Guðrún Emilsdóttir kröfu til þess, að henni verði greiddur mismunur þeirra launa, sem hún fékk greidd skv. launataxta Sóknar fyrir störf sín á Kópavogshæli frá 1. júní 1976 til 31. desember 1977 og þeirra launa, sem hún hefði fengið greidd fyrir sama tímabil, hefði hún fengið greidd jöfn laun og gæslumenn þar, er tóku laun skv. kjarasamningum BSRB.

Nemur mismunur þessi alls gkr. 475.464.

Því hefur verið haldið fram af hálfu aðaláfrýjenda, að það mundi brjóta í bága við grundvallarrétt verkalýðsfélaga skv. lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur til að gera kjarasamninga fyrir sína félagsmenn, ef fjárkrafa gagnáfrýjanda yrði tekin til greina. Á þetta verður ekki fallist, enda er ekkert í lögum nr. 78/1976, greinargerð með frum-

varpi til þeirra eða umræðum um það á Alþingi, er styður þessa skoðun.

Þvert á móti er tilgangur laga nr. 78/1976 skýr og skorinorður sá að stuðla að jafnrétti kynjanna. Hvergi er að því vikið, að sókn að því markmiði séu takmörk sett vegna ákvæða laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Ekki er það heldur skilyrði skv. lögum nr. 78/1976, að kona þurfi að vera í sama verkalýðsfélagi og sá karl, er hún ber sig saman við, til þess að eiga rétt á jöfnum launum og hann, heldur einungis, að störfin séu jafnverðmæt og sambærileg. Samkvæmt lögunum er engin skylda til að vera í verkalýðsfélagi til að njóta verndar þeirra.

Samkvæmt framansögðu teljum við nægilega í ljós leitt, að gagnáfrýjandi hafi sætt launamisrétti á Kópavogshæli tímabilið 1. júní 1976 til 31. desember 1977 vegna kynferðis síns andstætt ákvæðum laga nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla. Hún á því skaðabótakröfu skv. 1. mgr. 12. gr. laganna gegn vinnuveitanda sínum, ríkissjóði, um launamismuninn.

Ekki hefur farið fram peningaleg heildarkönnun á kjaramismuni þessum, enda orkar mjög tvímælis, hvernig hann skuli meta. Þegar höfð er í huga sönnunaraðstaðan í þessu máli, verður ekki talið, að gagnáfrýjandi Guðrún Emilsdóttir geri frekari fjárkröfur í málinu en sem nemur mismuni á heildarkjörum hennar skv. sóknarsamningunum og heildarkjörum gæslumanns á Kópavogshæli skv. kjarasamningum BSRB á tímanum 1. júní 1976 til ársloka 1977. Fjárkröfu hennar ætti því með vísan til 2. gr. laga nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla að taka til greina óbreytta, enda hefur hún ekki sætt tölulegum andmælum af hálfu aðaláfrýjenda.

Þess er þó að geta, að talsmaður aðaláfrýjenda vakti athygli á því við munnlegan flutning málsins, að lög nr. 78/1976 hefðu ekki tekið gildi fyrr en 12. júní 1976, en fjárkrafan sé miðuð við 1. júní s. á. Taldi hann þetta ætti að leiða til hlutfallslegrar lækkunar á kröfunni. Á þessa röksemd talsmanns aðaláfrýjenda verður ekki fallist, þar eð gagnáfrýjandi Guðrún hafði skv. áðurgildandi lögum um Jafnlaunaráð nr. 37/1973, 1. gr., sama rétt og karlar til að

fá „greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og að öðru leyti sambærileg störf".

Viðurkenningarkrafa gagnáfrýjanda Jafnréttisráðs vegna Guðrúnar Emilsdóttur á hendur aðaláfrýjanda heilbrigðisráðherra vegna stjórnarnefndar ríkisspítalanna tekur til sama tíma og fjárkrafa gagnáfrýjanda Guðrúnar Emilsdóttur á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Þar sem fjárkröfuna ætti að okkar áliti að taka til greina, teljum við, að gagnáfrýjendur hafi ekki réttarhagsmuna að gæta til að hljóta dóm um viðurkenningarkröfuna. Teljum við því, að átt hefði að vísa henni frá héraðsdómi.

Um málskostnað erum við sammála meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. mars 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 6. mars sl., hefur Jón Steinar Gunnlaugsson héraðsdómslögmaður, Reykjavík, höfðað f. h. Jafnréttisráðs vegna Guðrúnar Emilsdóttur, Brúarósi, Kópavogi, og f. h. Guðrúnar Emilsdóttur persónulega með stefnu, birtri 29. mars 1978, á hendur heilbrigðismálaráðherra vegna stjórnarnefndar ríkisspítalanna og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur sínar orða stefnendur svo: „Á hendur heilbrigðismálaráðherra vegna stjórnarnefndar ríkisspítalanna gerir Jafnréttisráð vegna Guðrúnar Emilsdóttur þá kröfu, að viðurkennt verði með dómi, að Guðrún Emilsdóttir eigi frá gildistöku laga nr. 78 frá 31. maí 1976 um jafnrétti kvenna og karla rétt á að fá greidd jöfn laun fyrir störf sín á Kópavogshæli og þeir karlmenn, sem þar vinna undir starfsheitinu gæslumaður og tóku laun samkvæmt launataxta B-4, III. þrepi 1.6. 1976 til 31.12. 1976, en launataxta B-5, III þrepi, frá 1. janúar 1977 til 31. desember s. á. samkvæmt kjarasamningi BSRB við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gerir Guðrún Emilsdóttir kröfu um greiðslu á kr. 475.464,- með 14% ársvöxtum af kr. 103.371,- frá 1. janúar 1977 til 21. nóvember 1977, en með 17% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1978, en með 17% ársvöxtum af kr. 475.464,- frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en með 20% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er gerð sú krafa, að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði

dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., eins og málið væri ekki gjafsóknarmál."

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 25. apríl 1978, fengu stefnendur gjafsókn hér fyrir dóminum.

Af hálfu stefndu hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda í málinu og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda að mati réttarins. Til vara krefjast þeir þess, að fjárkröfur stefnenda verði verulega lækkaður og málskostnaður felldur niður.

Sáttaumleitanir fyrir dóminum hafa reynst árangurslausar, en málsaðiljar hafa fyrirfram samið um að ganga fram hjá sáttanefnd.

Málavextir eru þeir, að Guðrún Emilsdóttir hefur starfað og starfar enn að gæslu og umönnun sjúklinga á Kópavogshæli, sem ríkið rekur. Guðrún og forstöðumaður hælisins, Björn Gestsson, hafa lýst störfum hennar á hælinu svo, að þau séu í stórum dráttum töluvert áþekk venjulegum heimilisstörfum. Þau séu í því fólgin að annast vistfólkið, hjálpa því að borða, halda því hreinu, hugsa um heimilið og leiðbeina því um, hvað betur megi fara.

Guðrún og aðrar konur, sem inna af höndum sömu störf, bera nú starfsheitið starfsmaður, áður starfsstúlka. Þær eru ófaglærðar og taka laun samkvæmt kjarasamningi stjórnarnefndar ríkisspítalanna o. fl. annars vegar og Starfsmannafélagsins Sóknar hins vegar.

Á hælinu starfa ófaglærðir karlmenn, sem bera starfsheitið gæslumenn við geðhjúkrun. Stefnendur telja, að þeir vinni hliðstæð eða sambærileg störf og konurnar. Þeir þiggja laun samkvæmt kjarasamningi ríkisins við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og sérkjarasamningi ríkisins við Starfsmannafélag ríkisstofnana. Í september 1976 munu þrír gæslumenn hafa verið starfandi á hælinu og níutíu og þrjár starfsstúlkur, sbr. dskj. nr. 16. Það liggur ekki fyrir, hvort allar þessar níutíu og þjár starfsstúlkur inntu af höndum sömu eða sambærileg störf og gæslumennirnir.

Samkvæmt framburði Björns Gestssonar, forstöðumanns, hér fyrir dóminum 21. desember 1978 hefur orðið einhver breyting á þessu. Þannig taldi Björn, að fjórar konur tækju nú laun sem gæslumenn og þá samkvæmt samningum ríkisins og BSRB. Einnig sagði Björn, að það væri nokkuð hefðbundið — eins og á heimili — hvað kvenmaður væri látinn gera og hvað karlmaður, ef gæslumennirnir eru karlmenn. Það lendi þannig venjulega meira á kvenfólkinu t. d. að huga að fatnaði, en karlmennirnir sinni

frekar störfum, sem til þurfa krafta. Væri karlmaður t. d. óróleg-ur, eins og fyrir geti komið, þá yrði karlmaður frekar kvaddur til að róa hann. Samkvæmt framburði Björns virðast ekki hafa verið fastar reglur um, hvernig auglýst hefur verið eftir ófag-lærðu fólki á sjúkradeildir. Eftir 1976 taldi Björn þetta samt vera að færast í fastari skorður og væri nú venja að auglýsa eftir starfsfólki. Þetta væri þó ekki undantekningarlaust, því að alla-jafnan berist nokkru fleiri umsóknir en hægt sé að sinna og sé þá oft ráðið eftir gamalli umsókn næst án þess að auglýsa að nýju. Þá hafi allar þær fjórar konur, sem nú starfi sem gæslumenn, verið ráðnar án auglýsingar. Fram kom, að þessar konur hafa allar verið ráðnar á síðasta ári og það eftir að mál þetta er höfðað. Þær höfðu allar áður verið ráðnar og starfað á Sóknartaxta. Björn sagði, að fyrir gæti komið, að auglýst væri í einu lagi, en hluti fólksins ráðinn á BSRB-taxta, en annað á Sóknartaxtann. Þetta fari eftir því, hvaða stöður væru lausar og hvaða starfsmaður sækti í raun og veru um og hvað hann mundi sætta sig við í laun, sjá hér einnig dómskj. 59. Björn sagði fast ákveðið, hversu marg-ar þessar stöður væru samkvæmt samningi BSRB. Stöðuheimildir væru grunnheimildir og í viðbót væru leyfðar ráðningar vegna veikindaforfalla, afleysinga og annars slíks. Þeir yrðu að reyna að fara eftir þessu. Ef væri hörgull á faglærðu fólki, yrðu þeir engu að síður að hafa starfsfólk og væri þá unnt að ráða aðra starfsmenn í staðinn og það inn á BSRB-taxta. Forstöðumaðurinn sagði, að fyrir hefði komið, að karlmenn væru ráðnir til Kópa-vogshælis á launakjörum Sóknar, en taldi engan slíkan vinna á hælinu í dag. Samkvæmt framburði hans, sbr. og skýrslur á dómskj. 43—45, virðast ráðningar þessar allar hafa verið tíma-bundnar og þá karlmennirnir annað hvort farið á BSRB-taxta eða hætt. Sumir þessara karlmanna unnu að öðrum störfum en Guðrún Emilsdóttir, en forstöðumanninn minnti, að einhverjir þeirra hefðu verið í sambærilegum störfum og Guðrún. Þá minnti forstöðumanninn, að grunnheimildir fyrir gæslumenn væru sex, en starfsmenn á Sóknar-taxta á sjúkradeildum væru samtals um fimmtíu. Þar að auki væri ráðið á þann taxta í eldhús og við ræst-ingar.

Þann 16. ágúst 1976 ritar Guðrún Emilsdóttir sem trúnaðar-maður Sóknar á Kópavogshæli Guðrúnu Erlendsdóttur, formanni Jafnréttisráðs, bréf. Hún ber sig þar upp undan því misrétti, sem hún telur þær Sóknarkonur beittar, þar sem þær njóti ekki sömu kjara og gæslumenn, þótt störf þeirra séu sambærileg. Þann 21.

júlí 1976 berst Jafnréttisráði bréf um líkt efni frá trúnaðarmanni Sóknar á Kleppsspítala. Jafnréttisráð hóf aðgerðir í málum þessum með bréfum 16. september 1976, annars vegar til Starfsstúlknafélagsins Sóknar og hins vegar til framkvæmdastjóra ríkisspítalanna.

Með bréfi, dags. 12. október 1976, tekur Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður Sóknar, undir þessi erindi félaga sinna við Jafnréttisráð og heldur því fram, að aðalkrafa Sóknar í undangengnum samningum hafi verið, að ófaglært starfsfólk sjúkrahúsanna fengi sömu laun fyrir sömu vinnu. Þessu hafi verið vísað á bug, þar sem gæslumenn væru í BSRB.

Með bréfi, dags. 13. október 1976, svarar þáverandi framkvæmdastjóri ríkisspítalanna, Georg Lúðvíksson, bréfi Jafnréttisráðs. Í bréfi hans kemur fram, að hann hefur sent erindi Jafnréttisráðs til prófessors Tómasar Helgasonar og Þórunnar Pálsdóttur, forstöðukonu á Kleppsspítala, og enn fremur Ragnhildar Ingibergsdóttur yfirlæknis og Björns Gestssonar, forstöðumanns á Kópavogshæli. Bréfi hans fylgja í ljósriti svör Þórunnar og Björns. Jafnframt fylgdi bréfi hans greinargerð, sem starfsmannastjóri ríkisspítalanna hafði tekið saman um kjör starfsstúlkna og aðstoðarmanna (gæslumanna), sem hliðstætt starfssvið hefðu á spítulunum, þ. e. veittu aðstoð við umönnun, gæslu og hjúkrun sjúklinga á Kleppsspítala og Kópavogshæli. Þá segir í bréfi framkvæmdastjórans:

„Eins og Jafnréttisráði mun vera kunnugt um, er við framkvæmd þessa máls stuðst við kjarasamninga tveggja aðila, þ. e. samninga, sem gerðir eru við Starfsstúlknafélagið Sókn og við BSRB.

Í meðfylgjandi bréfum forstöðukonu Kleppsspítalans og forstöðumanns Kópavogshælis kemur fram, að þau telja ekki mismun á starfssviði umræddra starfsmanna, en kjarasamningana ráða mismun á launum. Í greinargerð starfsmannastjórans er bent á, að sá mismunur, sem er á kjörum starfsstúlkna í Sókn, samanborið við kjör aðstoðarmanna (gæslumanna), sem taka laun samkvæmt samningi BSRB, er í samræmi við þann mismun, sem samningarnir segja fyrir um.

Undirritaður hefur litlu við framangreindar upplýsingar að bæta, nema þá það að láta í ljósi sína persónulegu skoðun. Hún er, að konur og karlar, sem vinna hliðstæð störf á spítulunum og hafa sambærilegan undirbúning, eigi að fá jöfn laun.“

Greinargerð starfsmannastjóra ríkisspítalanna, sem fylgdi bréfi framkvæmdastjórans, er á dskj. nr. 17, svohljóðandi:

„Stór hluti starfsstúlkna (Sóknarstúlkur) á Kleppsspítalanum og Kópavogshæli hafa nánast sama starfssvið og gæslumenn eða aðstoðarmenn við hjúkrun, eins og þeir nefnast á Kleppsspítalanum.

Mimunur á launum þessa fólks er töluverður. Gæslumenn fá greitt eftir launakerfi BSRB, en starfsstúlkur samkvæmt kjarasamningi við Starfsstúlknafélagið Sókn.

Ef borin eru saman launin eins og þau voru í júní s.l. hjá starfsstúlku og gæslumanni, sem starfað hafa í eitt ár, t. d. á Kleppsspítalanum, kemur eftirfarandi í ljós:

Starfsstúlkan: Mánaðarlaun kr. 57.037,-. Álag fyrir vaktavinnu kr. 113,10 á klst. Laun fyrir einn mánuð með 50 álagstímum, sem telja má venjulegt, gerir þá kr. 62.692,-.

Gæslumaðurinn: Mánaðarlaun kr. 63.942,-. Álag fyrir vaktavinnu kr. 162,19 á klst. Laun fyrir einn mánuð með 50 álagstímum gerir þá kr. 72.052,-.

Annar mismunur á kjörum er einnig til staðar. Við samanburð á kjarasamningi Starfsstúlknafélagsins Sóknar annars vegar og SFR hins vegar og með hliðsjón af lögum og reglugerðum, er varða starfsmenn ríkisins, kemur í ljós m. a.:

Barnsburðarfrí: Starfsstúlkan: Dagvinnulaun í þrjár vikur. Ríkisstarfsmaður: Fullt kaup í 3 mánuði.

Veikindafrí: Starfsstúlkan: Full laun í sex vikur. Að auki fær hún greitt fyrir lyf og aðra læknishjálp, sem sjúkrasamlag greiðir ekki. Ríkisstarfsmaðurinn: Full laun allt að þrem mánuðum og hálf laun allt að þrem mánuðum til viðbótar.

Orlof starfsstúlkna er 24 virkir dagar á ári og greiðist þá álag, en ríkisstarfsmenn eiga lengra orlof, ef starfsaldur þeirra er lengri en 10 ár, en fá ekki álag þann tíma.

Aukavaktir og yfirvinna: Starfsstúlkan fær kr. 607,90 pr. klst. í næturvinnu, en ríkisstarfsmaðurinn fær kr. 639,42. Fyrir eina venjulega aukavakt reiknast starfsstúlkum 8 tímar eins og vaktin er, en ríkisstarfsmaður fær að auki 1,6 klst. reiknaða sem kaffitíma.

Fyrir 8 tíma aukavakt fær starfsstúlka þá kr. 4.863, en ríkisstarfsmaðurinn kr. 6.129.

Fleira má einnig telja til, en hér er getið þess helsta.

Ýmis launakjör eru þó eins eða svipuð, þó orðalag í samningum

og framkvæmd sé ólík, t. d. greiðsla orlofs á álag og yfirvinnu, matartíma, kaffitíma o. fl. o. fl."

Þann 13. október 1976 skrifað Jafnréttisráð stjórn Starfsmannafélags ríkisstofnana og óskar skriflegrar umsagnar stjórnarinnar um málið. Í svari Starfsmannafélags ríkisstofnana, dags. 1. nóvember 1976, kemur fram, að stjórnin lítur svo á, að óhjákvæmilegt sé, að mismunur geti verið milli samninga einstakra félaga, þótt um sambærileg störf sé að ræða, hvort sem karl eða kona gegni starfinu. Þetta sé bein afleiðing frjáls samningsréttar verkalýðsfélaganna, þar sem hvert félag geri sjálfstæðan kjarasamning óháð samningum annarra.

Þann 20. október 1976 fer Jafnréttisráð fram á fund við fulltrúa fjármálaráðuneytisins um málið.

Í bréfi Jafnréttisráðs, dags. 15. mars 1977, til Starfsmannafélagsins Sóknar er lýst afstöðu Jafnréttisráðs. Segir þar, að Jafnréttisráð telji það óviðunandi, að fyrir það eitt að vera kona skuli laun vera mun lægri fyrir sömu störf á sömu stofnun. Jafnframt, að telji ráðið, að atvinnurekandanum, í þessu tilfelli ríkinu, sé skylt að sjá til þess, að laun fari ekki eftir kynferði. Sé starf á ákveðnum vinnustað metið til ákveðinna launa í kjarasamningum, eigi ekki að skipta máli, hvort karl eða kona gegni því starfi. Afrit þessa bréfs hefur verið sent launadeild fjármálaráðuneytisins.

Þann 22. apríl 1977 skrifar Jafnréttisráð þáverandi félagsmálaráðherra, Gunnari Thoroddsen, en samkvæmt lögum nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla mun Jafnréttisráð heyra undir starfssvið félagsmálaráðuneytisins. Í bréfi þessu ber Jafnréttisráð erindi starfsfólks á Kleppsspítala og Kópavogshæli undir ráðherrann. Ráðið heldur þar fram, að konur, sem þarna starfi í sambærilegum og jafnverðmætum störfum og karlar, séu mun lægra launaðar. Fólk þetta vinni hlið við hlið. Konurnar séu í Sókn, en karlarnir í BSRB. Vitnað er til þeirra umsagna, sem hér hafa verið raktar, og síðan til 2. gr. laga nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla, og telur ráðið, að brotið sé gegn þessum lögum. Segir í bréfinu, að Jafnréttisráð telji atvinnurekandanum, í þessu tilviki ríkinu, skylt, ekki síður en stéttarfélögunum, að sjá til þess, að lög nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla verði ekki brotin. Sé starf á ákveðnum vinnustað metið til ákveðinna launa, eigi ekki að skipta máli, hvort karl eða kona gegni því.

Jafnréttisráð skrifar enn félagsmálaráðherra 26. maí 1977. Í því bréfi kemur fram, að starfsmaður ráðsins hefur átt árangurslausan fund með Guðmundi K. Jónssyni, deidarstjóra í fjármála-

ráðuneytinu, um málið. Segir í bréfinu, að Guðmundur hafi talið það fráleitt að koma því inn í samninga, að þar sem konur og karlar vinni jafnverðmæt og sambærileg störf, en séu ekki í sama stéttarfélagi, eigi launin að vera hin sömu. Verði slíku ákvæði komið í samninga, færi eitt stétarfélag að miða sig við annað félag í samningum. Hafi hann í þessu sambandi vitnað til laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og hins frjálsa samningsréttar.

Þann 31. maí 1977 skrifar félagsmálaráðuneytið fjármálaráðuneytinu bréf vegna þessa máls. Í bréfinu tekur ráðuneytið undir skoðun Jafnréttisráðs um, að hér sé um að ræða brot á 2. gr. laga nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla. Þá beinir ráðuneytið þeim eindregnu tilmælum til launadeildar fjármálaráðuneytisins, að séð verði til þess, að ríkið sem vinnuveitandi greiði umræddum starfskonum það, sem á vanti, að þær fái sömu laun fyrir sömu störf og karlar, þar til launakjör þeirra, er lúti að greiðslu fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, hafi verið samræmd launum karla með frjálsum kaup- og kjarasamningum. Bæði sé þá haft í huga, að umrædd mismunun sé brot á lögum nr. 78/1976 og einnig að umsamið kaup sé lágmarkskaup.

Fjármálaráðuneytið svarar þessu bréfi þann 8. júní 1977. Í bréfinu kemur fram, að það sé skoðun ráðuneytisins, að ekki sé hægt að ganga að kröfugerð Jafnréttisráðs, nema að lagaákvæði um samningsrétt séu þverbrotin. Rök fjármálaráðuneytisins koma fram í bréfinu. Þar segir:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. l. nr. 78/1976 eru eftirfarandi staðreyndir ljósar í máli þessu.

1. Þeir tveir kjarasamningar, sem hér um ræðir, eru lögformlega gerðir. Samkv. 5. gr. l. nr. 80/1938 eru stéttarfélög lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, og samkv. 3. mgr. 4. gr. l. nr. 29/1976 fara einstök félög innan BSRB með fyrirsvar félagsmanna sinna um gerð sérkjarasamninga.

2. Ekkert er því til fyrirstöðu, að kona sé ráðin í gæslustarf samkv. kjarasamningi BSRB, ef slík staða er laus til umsóknar.

3. Í félagatölu Sóknar eru karlmenn, sem taka laun eftir samningum félagsins, þó ekki sé um nákvæmlega sömu störf að ræða og hér er deilt um, en grunnlaun eru þau sömu í öllum starfsgreinum samkvæmt Sóknarsamningi. Samningsaðilar hafa þannig talið öll störf samkv. Sóknarsamningi sambærileg, þó gerð hafi verið undanþága um 8% óþrifaálag á ákveðin störf.

Mjög víða er þess dæmi, að ekki séu greidd sömu laun fyrir

sambærileg störf, ef greitt er eftir mismunandi kjarasamningum. Sem dæmi má taka, að iðnaðarmaður getur unnið sambærileg störf eftir a. m. k. fjórum kjarasamningum, þ. e. kjarasamningi BSRB, Ísalsamningi, Ríkisverksmiðjusamningi og samningi við VSÍ. Munur á launum eftir því, hvaða samningi er grett eftir, getur numið tugum prósenta.

Þess geta einnig verið dæmi, að sambærileg störf, sem unnin eru af Sóknarstarfsmanni í einni stofnun, geta verið unnin af sjúkraliða í annarri.

Ef gerðir eru mismunandi kjarasamningar, er útilokað að halda fullkomnu launajafnvægi fyrir sambærileg störf milli samkynja launþega, og getur dæmið þá snúist þannig gagnvart stéttarfélögum, sem saman standa nær eingöngu af konum, að þar myndist misræmi við önnur stéttarfélög.

Við hverja kjarasamninga getur orðið nokkuð misræmi milli einstakra félaga eftir því, hvaða hóp innan félagsins lögð er áhersla á að hækka í launum. BSRB hefur t. d. samið um sama vaktaálag að krónutölu fyrir alla sína félagsmenn, sem eru í 30 launaflokkum, þannig að þeir, sem eru í hærri launaflokkum, gefa eftir til hinna, sem lægri eru, en vaktaálag er miðað við 33,33% af launaflokk B-11. Gæslumenn á Kleppi njóta því góðs af slíkum samningum, þar sem þeim er að öðru leyti raðað í launaflokk B-5, en fyrir verkkaupa, þ. e. ríkissjóð, er ekki um raunverulega útgjaldaaukningu að ræða vegna slíkra samninga.

Á sama hátt bera samningar Sóknar sín séreinkenni, og ber þar fyrst og fremst að nefna, að starfsmenn í hlutastarfi fá 7% hærri laun en starfshlutfall þeirra segir til um, sem ekki þekkist í öðrum samningum. Þar sem fjöldi starfsmanna Sóknar vinnur hlutastarf, hefur félagið lagt áherslu að ná inn slíku ákvæði og þá á kostnað grunnkaupshækkunar.

Samkvæmt launatöflu 1. mars 1977 hefur Sóknarmaður í hálfu starfi, sem verið hefur „húsmóðir" (sic) í eitt ár kr. 39.063 í föst laun á mánuði. Gæslumaður hefur á sama hátt kr. 39.520, og eru þá tekin byrjunarlaun samkv. samningi BSRB. Þar sem starfsmenn BSRB fengu launaflokkshækkun um áramót, lítur dæmið þannig út, að starfsmaður samkvæmt Sóknarsamningi gat orðið hærri í föstum launum en gæslumaður fyrir 1. jan. 1977. Þessar tölur eru hér aðeins sýndar til að gera grein fyrir margbreytileika kjarasamninga og að ógjörlegt er að halda innbyrðis samræmi milli allra launþega, nema gerður sé einn kjarasamningur við alla launþega á landinu.

Mál þetta er þess eðlis, að úrslit þess geta haft mikil áhrif á gerð kjarasamninga í framtíðinni og hvernig að þeim verður staðið. Ennþá er talið eðlilegt með tilliti til hins frjálsa samningsréttar stéttarfélaga, að misræmi geti myndast, þar sem hvert félag gerir sjálfstæðan kjarasamning, sem er óháður samningum annarra stéttarfélaga."

Með bréfi félagsmálaráðuneytisins, dags. 20. júní 1977, er Jafnréttisráði skýrt frá þessum málalokum.

Í framhaldi af því, sem nú hefur verið rakið, er mál það höfðað, sem hér er til úrlausnar.

Málsástæður aðilja.

Stefnendur byggja málatilbúnað sinn á því, að hér sé um að ræða brot á 2. gr. laga nr. 78/1976. Brotið sé í því fólgið, að stefnanda Guðrúnu Emilsdóttur séu greidd lægri laun en körlum þeim, sem vinna hjá sama vinnuveitanda að sömu störfum. Í kröfugerð stefnenda kemur fram, á hvaða kjörum þessir karlmenn vinna. Halda stefnendur því fram, að með lögum nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla séu lögfest margvísleg ákvæði, sem miði að því að tryggja jafnrétti og jafna stöðu kvenna og karla, sbr. 1. gr. laganna um tilgang þeirra. Í 2. gr. sé kveðið svo á, að konum og körlum skuli greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þá sé í lögunum ákveðið, að Jafnréttisráð skuli annast framkvæmd laganna með þeim hætti, er þar greinir. Jafnréttisráð hafi með tilvísun til 11. gr. laganna heimild Guðrúnar Emilsdóttur til að krefjast fyrir hennar hönd, að hún fái greidd jöfn laun fyrir störf sín á Kópavogshæli og þeir karlmenn, er þar vinna undir starfsheitinu gæslumaður. Því er haldið fram af hálfu stefnenda, að lög nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla hafi ekki markað tímamót varðandi tryggingu kvenna fyrir lagalegum jöfnum rétti á við karla, hvað snerti margvísleg þjóðfélagsleg réttindi, svo sem réttindi til launa, atvinnu, menntunar o. fl., þar sem ekki hafi á undanförnum áratugum verið í lögum ákvæði, er beinlínis mæltu fyrir um misrétti milli manna eftir kynferði. Raunar hafi fyrir setningu laganna verið í gildi um langt árabil lagaákvæði, sem beinlínis kváðu á um lagalegt jafnrétti, einkum um jafnrétti til atvinnu og launa, sbr. t. d. lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 3. gr., 3. mgr., laga nr. 60/1961 um launajöfnuð karla og kvenna og lög nr. 37/1973 um Jafnlaunaráð.

Þrátt fyrir þessi lagaákvæði sé ljóst, að konur njóti mun lakari stöðu en karlar á ýmsum sviðum þjóðlífsins, einkum þó á vinnu-

markaðnum. Nái þessi mismunur langt út fyrir það, sem eðlilegt megi teljast vegna líffræðilegs munar á konum og körlum. Konur séu þannig einkum ráðnar til starfa, sem verr séu launuð, og e. t. v. mætti orða það svo, að lægri laun séu yfirleitt greidd fyrir störf, sem konur hafi allajafnan gegnt fram að þessu. Hitt sé þó alvarlegra, að þess séu ýmis dæmi, að konum séu greidd lægri laun en körlum fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf, og það jafnvel hjá sama vinnuveitanda og á sama vinnustað.

Markmið lagasetningarinnar frá 1976 hafði fyrst og fremst verið að ráðast gegn þessum óeðlilega aðstöðumun, sem augljóslega stríði gegn réttarvitund manna í þjóðfélagi okkar. Tilgangurinn hafi með öðrum orðum verið sá að leitast við að tryggja í reynd þau réttindi, sem augljóslegt hafi verið, að konur áttu að njóta samkvæmt lögum.

Fyrir liggi í máli þessu, að samkvæmt áliti stjórnenda Kópavogshælis og Kleppsspítala vinni Sóknarkonur, þar á meðal stefnandi Guðrún Emilsdóttir, alveg sams konar og þá að sjálfsögðu jafnverðmæt störf og gæslumenn, sem einnig séu ófaglærðir. Jafnframt liggi fyrir, að körlunum séu greidd mun hærri laun fyrir störf þessi heldur en konunum. Jafnréttisráð hafi í samræmi við 1. mgr. 11. gr. laga nr. 78/1976 beint rökstuddum tilmælum til viðkomandi aðilja um úrbætur. Stefndi fjármálaráðherra hafi hafnað kröfugerð stefnenda með þeim rökum, að um tvo kjarasamninga væri að ræða, sem báðir væru gerðir á lögformlega réttan hátt. Telji hann útilokað að halda launajafnvægi fyrir sambærileg störf milli launþega, þegar gerðir séu mismunandi kjarasamningar. Af þessum sjónarmiðum stefnda fjármálaráðherra hljóti sú ályktun að verða dregin, að hann telji ákvæði 2. gr. laga nr. 78/1976 taka aðeins til þess, að óheimilt sé að semja þannig við eitt og sama stéttarfélag, að félagar þess skuli fá greidd mismunandi laun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf eftir því, hvort um konur eða karla sé að ræða. Í öðrum tilfellum geti aldrei verið um mismunun eftir kynferði að ræða. Stefnendur telja algerlega óheimilt að skýra 2. gr. laga nr. 78/1976 þannig, að greinin eigi aðeins við um karla og konur innan sama stéttarfélags. Tilvísun fjármálaráðherra til þess, að greitt sé eftir mismunandi kjarasamningum, eigi ekki að skipta hér neinu máli. Hér skipti máli, að í reynd sé Sóknarkonum, þ. á m. Guðrúnu Emilsdóttur, mismunað í launum vegna kynferðis síns. Það hafi legið alveg ljóst fyrir samningsaðilja Sóknar á undanförnum árum, að það væru nær eingöngu konur, sem laun tækju samkvæmt

Sóknarsamningi, og eingöngu karlar samkvæmt BSRB-samningi fyrir sömu störf. Við þessar aðstæður leggi lögin þá skyldu á herðar aðiljum, að sömu laun séu greidd. Sú skylda hafi reyndar verið fyrir hendi fyrir gildistöku laga nr. 78/1976, en hér sé þó látið við það sitja að miða við þau lög. Kröfur í þessa veru hafi á undanförnum árum verið settar fram af hálfu Sóknar við kjarasamningsgerð án árangurs. Augljóslega sé það ekki tilviljun, sem ráði því, að kvenfólk sé ráðið, þegar lausar séu stöður, sem greiða skal laun fyrir samkvæmt kjarasamningi Sóknar, en karlmenn í stöður, þegar greiði eigi laun samkvæmt BSRB-samningi.

Þá vísa stefnendur því alfarið á bug, að lagaákvæði um samningsrétt séu þverbrotin, sé hér farið að lögum um jafnrétti kvenna og karla.

Stefndu hafa í greinargerð gert athugasemdir við kröfugerð stefnenda. Athugasemdir þær eiga að miklu leyti við um upphaflega kröfugerð þeirra, en hún hefur með samþykki stefndu breyst við rekstur málsins. Stefndu benda á, að Guðrún Emilsdóttir geri sjálf fjárkröfur á hendur ríkissjóði vegna launamismunar, sem hún telji sig hafa orðið að þola, en Jafnréttisráð fyrir hönd hennar geri margs konar viðurkenningarkröfur á hendur heilbigðismálaráðherra. Segja stefndu, að með þessu sé Jafnréttisráð í rauninni að gera kröfu um sjálfstæðan dóm fyrir þeim málsástæðum, sem peningakrafan hljóti að byggjast á. Augljóslegt sé, að nægilegt hefði verið að gera fjárkröfuna eins og sjálfstæð krafa um dóm fyrir forsendum peningakröfunnar sé út í hött. Stefndu hafa þó ekki gert frávísunarkröfu vegna þessa, og við munnlegan flutning málsins var þessum atriðum ekki hreyft.

Hér fyrir dóminum byggja stefndu á svipuðum sjónarmiðum og fram koma í bréfi fjármálaráðuneytisins til félagsmálaráðuneytisins frá 8. júní 1977 og rakið hefur verið hér að framan.

Þá halda stefndu því fram, að 2. gr. laga nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla geti á engan hátt skapað grundvöll fyrir kröfum stefnenda í þessu máli. Lagagrein þessi sé efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 37/1973 um Jafnlaunaráð. Þeirri lagasetningu hafi verið ætlað það hlutverk að tryggja framkvæmd laga um jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu. Með fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100 frá 29. júní 1951, nr. 12/1958, hafi Ísland skuldbundið sig til að tryggja jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf. Í greinargerð með frumvarpi til þessara laga komi enn fremur fram, að enda þótt Jafnlaunaráði sé ætlað að þjóna báðum kynjum jafnt, verði að leggja

sérstaka áherslu á gildi þess fyrir konur. Þær séu yfirleitt í þeirri aðstöðu að mega „sín minnst á vinnustöðum, eiga sjaldnast aðild að launaákvörðun eða fulltrúa í stjórn stéttarfélaga og hafi að öðru leyti aðeins óbein áhrif á kjör sín", eins og segi í greinargerðinni.

Ótvírætt sé m. a. með hliðsjón af framansögðu, að tilgangur löggjafans með setningu þessara laga, sbr. einnig með setningu laga nr. 78/1976, 2. gr., hafi fyrst og fremst verið tvíþættur. Í fyrsta lagi að vernda rétt einstaklingsins í samskiptum hans við vinnuveitanda og það því fyrst og fremst verið einstakir vinnusamningar, sem hafðir voru í huga við setningu laganna. Í annan stað hafi þótt ástæða, sbr. áðurgreind ummæli í greinargerð, til að styðja einstaklinginn í samskiptum hans við stjórn og samninganefnd þess stéttarfélag, sem hann eigi aðild að. Samkvæmt því sé stéttarfélag skuldbundið til að semja ekki um lægri kauptaxta í samningum sínum fyrir konur heldur en karlmenn, séu störfin sambærileg og jafnverðmæt. Eftir sem áður standi óhögguð sú meginregla íslensks réttar, að einstök stéttarfélög hafi óskorað vald til þess að gera kjarasamninga fyrir umbjóðendur sína og að launþegar innan viðkomandi stéttarfélaga séu við það bundnir, hvort sem þeir telji sér þá hagstæða eða ekki, um það nægi að vísa til 5. gr. laga nr. 80/1938 og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 29/1976. Þá leggja stefndu á það áherslu og vitna til bréfs forstöðumanns Kópavogshælis, dskj. 11, að engin kona hafi sótt um stöður gæslumanna á Kópavogshæli, þegar þær hafi verið auglýstar lausar til umsóknar. Það sé því fyrst og fremst af þessari ástæðu, sem stefnendur geti á það bent með réttu, að einungis karlmenn taki hærri laun samkvæmt BSRB-samningum.

Þá benda stefndu á, að stefnendur, og reyndar Starfsmannafélagið Sókn einnig, vilji með þessari málssókn ná þeim launum, sem BSRB hafi samið um, án þess að beygja sitt fólk undir þau ákvæði kjarasamnings BSRB, sem séu óhagstæðari en Sókn hefur náð í sínum samningum. Það sé augljóst, að Sókn sé ekki með þessari málssókn að bjóða skipti á verkfallsrétti sínum og hinum svo mjög takmarkaða verkfallsrétti, sem BSRB njóti, og það séu heldur ekki miklar líkur fyrir því, að Sókn vilji beygja sig undir tveggja ára samningstíma BSRB, sem sé mun lengri en þeirra samningstími. Einnig megi nefna sérstakt álag á hlutastörf, sem Sókn njóti, en BSRB ekki, og reyndar ekkert stéttarfélag í annarri starfsgrein. Kjarni þessa máls sé sá, að stefnendur bendi aðeins á eitt afmarkað atriði í ákveðnum kjarasamningi, sem þeir

vilji ná, en önnur atriði eða heildarsamanburður á kjarasamningum virðist ekki koma þeim við. Þetta sýni glöggt, hversu fráleit lagatúlkun þeirra sé. Vilji stefnendur vera samkvæmir sjálfum sér, ættu þeir einnig að krefjast aðildar að verðtryggðum lífeyrissjóði, en óumdeilt sé, að gæslumenn BSRB njóti þeirra kjara, en ekki starfsstúlkur í Sókn. Með nákvæmilega sömu rökum megi væntanlega rökstyðja, að þarna sé á ferðinni brot á 2. gr. laga nr. 78/1976. Hið sama eigi þá einnig við um önnur kjaraatriði, sem séu hagstæðari launþegum samkvæmt BSRB-samningum. Að því fengnu gætu síðan gæslukarlar í BSRB krafist 7% álags fyrir hlutastörf og 8% óþrifaálags eftir því sem við ætti, að sjálfsögðu á grundvelli 2. gr. laga nr. 78/1976.

Um kröfugerð.

Stefnandi Jafnréttisráð vegna Guðrúnar Emilsdóttur vísar til 2. mgr. 11. gr. laga nr. 78/1976 um aðild sína að viðurkenningarkröfunni á hendur heilbrigðismálaráðherra vegna stjórnarnefndar ríkisspítalanna. Vísað er til 1. mgr. 32. gr. laga nr. 56/1973 um fyrirkomulag yfirstjórnar ríkisspítalanna.

Á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gerir stefnandi Guðrún Emilsdóttir þá kröfu, að henni verði greiddur mismunur þeirra launa, sem hún fékk greidd fyrir störf sín tímabilið 1. júní 1976 til 31. desember 1977, og þeirra launa, sem hún hefði átt að fá greidd fyrir sama tímabil, hefði hún fengið greidd jöfn laun og gæslumennirnir, þ. e. samkvæmt kjarasamningi BSRB. Kröfu sína styður hún við yfirlit frá skrifstofu ríkisspítalanna, sbr. dskj. nr. 35 og 38, svo og upplýsingar frá BSRB á dskj. nr. 37. Kröfu sína byggir stefnandi á eftirfarandi samanburði:

„1.0	Greidd laun skv. launataxta Sóknar.				
1.1	Laun fyrir 1/6—31/12 1976				
1.1.1	Mánaðarlaun	kr.	463.319		
1.1.2	Vaktaálag	—	62.522		
1.1.3.	Kaffitímar	—	16.881		
1.1.4	Orlof af yfirvinnu	—	7.538	kr.	550.260
1.2	Laun fyrir 1/1—31/12 1977				
1.2.1	Mánaðarlaun	kr.	1.048.747		
1.2.2	Yfirvinna og næturvinna .	—	22.648		
1.2.3	Vaktaálag	—	154.663		
1.2.4	Kaffitímar	—	76.504		
1.2.5	Orlof af yfirvinnu	—	17.262		

1.2.6	Álag á 12 daga stórhátíðarfrí	kr. 9.331	— 1.329.155	
				kr. 1.879.415
2.0	Laun, sem Guðrún hefði fengið skv. BSRB-taxta.			
2.1	Laun fyrir 1/6—31/12 1976			
2.1.1	Mánaðarlaun	kr. 523.245		
3.1.2	Vaktaálag	— 99.504		
2.1.3	Kaffitímar	— 20.856		
2.1.4	Orlof af yfirvinnu	— 10.026	kr. 653.631	
2.2	Laun fyrir 1/1—31/12 1977			
2.2.1	Mánaðarlaun	kr. 1.241.548		
2.2.2	Yfirvinna	— 61.306		
2.2.3	Vaktaálag	— 244.730		
2.2.4	Kaffitímar	— 81.392		
2.2.5	Orlof af yfirvinnu	— 32.272		
2.2.6	Persónuuppbót 1/12 1977 ..	— 40.000	— 1.701.248	
				kr. 2.354.879

Mismunurinn á niðurstöðutölunum eftir 2.0 og 1.0 nemur kr. 475.464, og er það stefnufjárhæðin."

Dráttarvaxta krefst stefnandi, sem eru 1% á ári hærri en almennir innlánsvextir í bönkum á tímabilinu. Við ákvörðun málskostnaðar krefjast stefnendur þess, að tekið verði tillit til, að hér sé fjallað um raunverulega hagsmuni mun fleiri aðilja en Guðrúnar Emilsdóttur.

Stefndu vefengja ekki tölulega útreikning þann, sem Guðrún Emilsdóttir byggir á kröfu sína, en geta ekki fallist á forsendur hans. Í greinargerð hafa stefndu boðað, að þeir muni leggja fram útreikninga með athugasemndum og útskýringum hér um, en ekkert hefur af því orðið. Samanburðurinn, sem gerður er á dskj. nr. 17 og áður er rakinn, telja stefndu bæði gamlan og úreltan og auk þess séu upplýsingar þar ekki tæmandi. Samanburðurinn sé þannig villandi og ekki marktækur. Þá er vaxtakröfunni mótmælt.

Af hálfu stefnenda var reynt að fá Kjararannsóknarnefnd til þess að gera samanburð á kjörum Guðrúnar Emilsdóttur hjá Kópavogshæli og þeirra gæslumanna, sem hún miðar við í kröfu-

gerð sinni. Með bréfi 22. desember 1978 til Starfsmannafélagsins Sóknar hafnaði Kjararannsóknarnefnd þessum tilmælum.

Stefnandi heldur því fram, að þrátt fyrir þann annmarka, að samanburður á kjörunum í heild hafi ekki verið gerður, sé ljóst, að kröfum sé svo í hóf stillt, að þær séu til muna lægri en væri, ef unnt hefði verið að reisa þær á kjarasamanburði Kjararannsóknarnefndar. Við munnlegan flutning málsins var af hennar hálfu bent á ýmis atriði, sem væru gæslumönnum hagstæðari en Sóknarkonum í viðbót við þau atriði, sem fram koma í samanburði taxtanna hér að framan. Atriði þau, sem nefnd voru:

I. Orlof.
Orlof samkvæmt Sóknarsamningum kemur fram á dómskj. 40, 12. gr., og dómskj. 41, 12. gr., en orlof samkvæmt BSRB-samningum kemur fram á dómskj. 54, 18. gr., og dómskj. 55, 4. kafla.

II. Réttindi til launa í forföllum vegna veikinda eða slysa.
Réttindi þessi koma fram í samningum Sóknar, dómskj. 40 og 41, og er að finna í 10. gr. þeirra. Hjá BSRB koma þessi réttindi fram í reglugerð 87/1954, 6. gr., sbr. breytingar nr. 129/1965, 122/1967 og 377/1974.

III. Barnsburðarfrí.
Hjá Sókn er fjallað um þessi réttindi í 11. gr. kjarasamninga, dómskj. 40 og 41.
Reglugerð nr. 87/1954 fjallar um þessi réttindi félagsmanna BSRB.

IV. Lífeyrisréttindi.
Gæslumenn eru aðiljar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins en Sóknarkonur að Lífeyrissjóði Sóknar. Lífeyrisréttindi aðilja Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins telur stefnandi mun verðmeiri vegna verðtryggingar.

Álit dómsins.

Skilja verður kröfugerð og málflutning stefnenda svo, að tilgangur málssóknar þessarar sé að framfylgja meginstefnu laga nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla.

Dómurinn lítur svo á, að með áðurgreindum bréfaskiptum sínum við Starfsmannafélagið Sókn, Starfsmannafélag ríkisstofnana, skrifstofu ríkisspítalanna, félagsmálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið hafi Jafnréttisráð nægjanlega fullnægt skilyrðum 1. mgr. 11. gr. laga nr. 78/1976 til þess, að ráðið megi höfða mál skv. 2. mgr. þeirrar sömu greinar. Samkvæmt þeirri grein hefur ráðið

heimild í samráði við hlutaðeigandi starfsmann til að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans samkvæmt lögunum. Lögmaður stefnenda hefur lýst því yfir, að ráðið hafi slíkt umboð.

Guðrún Emilsdóttir gerir sjálf kröfu til mismunar þeirra launa, sem hún hefur notið á Kópavogshæli, og þeirra launa, sem gæslumenn þeir, sem hún miðar sig við, hafa fengið. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1976, 1. mgr., er sá, sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögunum, skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Skilja verður ákvæði þetta svo, að þessa kröfu eigi sá, sem misgert er við. Kröfugerð stefnanda Guðrúnar Emilsdóttur má skilja svo, að hún sé byggð á þessu ákvæði, og er hún því réttilega uppi höfð.

Dómurinn lítur svo á, að stefnendur hafi heimild laga nr. 78/1976 fyrir sóknaraðildinni, enda hagsmunir, sem lögin eiga að vernda, því tengdir að gera viðurkenningarkröfu fyrir rétti stefnanda Guðrúnar Emilsdóttur og að Jafnréttisráð taki þátt í þeirri málssókn. Það sætir ekki andmælum, hverjum er stefnt til fyrirsvars fyrir stjórnvöld.

Eins og að ofan greinir, þykir eiga að skilja kröfugerð stefnenda svo, að tilgangur hennar sé að framfylgja meginstefnu laga nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla. Samkvæmt 2. gr. þeirra laga skulu konum og körlum veittir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar og greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Í 3. gr. sömu laga er mælt fyrir um, að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og gildir það m. a. um ráðningu og skipun í starf, stöðuhækkun, stöðuheiti, uppsögn úr starfi, veitingu hvers konar hlunninda og almenn vinnuskilyrði. Í samræmi við orðalag þessara greina og með stoð í athugasemdum um 2. gr. laganna, sem fylgdu frumvarpi til þessara laga, þegar það var lagt fyrst fyrir Alþingi, er það einn aðaltilgangur laganna, að sömu reglur gildi fyrir konur og karla, þegar laun eru ákveðin, og báðum kynjum séu veittar sömu aðstæður og hlunnindi í sambandi við vinnu sína. Af þessu þykir mega ráða, að karlar og konur, sem vinna sambærileg störf hjá sama vinnuveitanda, eigi rétt á, að öll kjör þeirra séu ákveðin eftir sömu meginreglum.

Sannað er með bréfi Björns Gestssonar, forstöðumanns Kópavogshælis, dómskj. 11, framburði hans hér fyrir dóminum og bréfi Péturs Jónssonar, starfsmannastjóra ríkisspítalanna, dómskj. 17, að enginn sá munur er á störfum Guðrúnar Emilsdóttur á

Kópavogshæli og þeirra gæslumanna, sem miðað er við í kröfugerð stefnenda, að réttlætt geti, að um kjör hennar fari á annan hátt en þeirra. Gildir einu, hvort litið er til menntunar og starfsþjálfunar eða álags og ábyrgðar.

Afrit af auglýsingum á dómskj. nr. 59 og framburður forstöðumanns Kópavogshælis gefur til kynna, að á árunum 1976 og 1977 hafi ekki verið gerður greinarmunur á stöðum starfsmanna og gæslumanna, þegar auglýst var eftir ófaglærðu starfsfólki á Kópavogshæli, og var því ekki tilefni til að sækja sérstaklega um stöðu gæslumanna.

Þá er í ljós leitt með framburði forstöðumanns hælisins, að til þessa starfa eru konur í byrjun ráðnar á Sóknartaxta sem starfsmenn, meðan karlar eru, nema í undantekningartilvikum, ráðnir á BSRB-taxta sem gæslumenn. Konur hafa ekki verið ráðnar á síðarnefnda taxtann fyrr en 1978, eftir að mál þetta var höfðað, og þá eftir störf á Sóknartaxta. Guðrún Emilsdóttur tekur enn laun samkvæmt taxta Sóknar.

Stefndi mótmælir ekki, að kjarasamningar BSRB og Sóknar séu ólíkir að uppbyggingu.

Samkvæmt ofanskráðu verður að telja, að sú tilhögun á Kópavogshæli að ákvarða kjör Guðrúnar Emilsdóttur samkvæmt Sóknartaxta og gæslumanna við geðhjúkrun samkvæmt BSRB-taxta sé brot á 2.—3. gr. laga nr. 78/1976, sbr. sérstaklega það, sem að framan segir um tilgang ákvæðanna. Skiptir hér engu máli, að tvö stéttarfélög semja um kaup og kjör ófaglærðs fólks á ríkisspítulunum, þar sem skilja verður 3. gr. laga nr. 78/1976 svo, að vinnuveitanda sé skylt að samræma stöðuheiti, þegar um sambærileg störf er að ræða, sbr. 2. gr. sömu laga.

Krafa Jafnréttisráðs f. h. Guðrúnar Emilsdóttur er því viðurkennd á þann veg, að hún eigi rétt á, að um starfskjör hennar fari að sömu meginreglum og gilda um kjör þeirra, sem vinna undir starfsheitinu gæslumaður við geðhjúkrun á Kópavogshæli og samkvæmt ofansögðu vinna sambærileg störf og hún.

Af hálfu stefnda er ekki á móti mælt, að Guðrún Emilsdóttir hefði notið kjara samvæmt kjarasamningi BSRB og sérkjarasamningi SFR við fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, ef hún hefði verið ráðin undir starfsheitinu gæslumaður, því hefur heldur ekki verið mótmælt, að hún hefði þá tekið laun samkvæmt launataxta B 4, III. þrepi, frá 1. júní 1976 til 31. desember 1976, en launataxta B 5, III. þrepi, frá 1. janúar 1977 til 31. desember 1977.

Guðrún naut hins vegar kjara samkvæmt kjarasamningi Sóknar við fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Hún byggir kröfu sína til mismunar launa sinna og gæslumanna frá 1. júní 1976 til 31. desember 1977 á samanburði launaliða ofangreindra samninga.

Stefndi fjármálaráðherra hefur ekki mótmælt útreikningi hennar sem slíkum, heldur forsendum hans. Er m. a. haldið fram, að ekki sé gerður viðhlítandi samanburður á heildarkjörum þessara samninga. Af hálfu stefnanda er viðurkennt, að samanburðurinn sé ekki tæmandi, en það komi ekki að sök, þar sem slíkur samanburður verði stefnanda aðeins enn frekar í hag, t. d. vegna orlofs, réttinda til launa í forföllum vegna veikinda eða slysa og verðtryggingar lífeyrissjóðs, sem gæslumenn eiga aðild að. Hér sé þannig um lágmarkskröfu að ræða.

Af hálfu stefnda hefur þrátt fyrir andmæli hans aðeins verið nefndur styttri samningstími og víðtækari verkfallsréttur sem dæmi um hagstæðari kjör félaga í Sókn. Í greinargerð varnaraðilja er boðuð framlagning útreiknings um þennan þátt málsins. Útreikningur þessi hefur þó ekki verið lagður fram. Stefnendur hafa hins vegar reynt að fá Kjararannsóknarnefnd til þess að gera slíkan heildarsamanburð, en án árangurs.

Þegar sönnunaraðstaða máls þessa er virt og í huga höfð öll kjaraatriði þeirra tveggja kjarasamninga, sem hér um ræðir, þykir stefnandi hafa leitt nægjanleg rök að því, að hún hafi notið lakari kjara en gæslumennirnir og eigi samkvæmt ofangreindri niðurstöðu með stoð í 12. gr. laga nr. 78/1976 rétt til bóta úr ríkissjóði. Bætur þessar þykja á grundvelli kröfugerðar hennar og með ofangreind sjónarmið um sönnunaraðstöðu og andmæli stefnda í huga hæfilega metnar kr. 450.000.

Vextir þykja hæfilega ákveðnir 19% ársvextir frá þingfestingu málsins til greiðsludags.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Stefnendur hafa gjafsókn í máli þessu, og ber því ríkissjóði að greiða stefnendum kostnað þeirra af málinu, þar með kr. 400.000 til lögmanns stefnenda í talsmannslaun.

Hrafn Bragasan borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðríði Þorsteinsdóttur framkvæmdastjóra og Sigurði Líndal prófessor.

Dómsorð:

Krafa Jafnréttisráðs f. h. Guðrúnar Emilsdóttur er viður-

kennd á þann veg, að Guðrún eigi rétt á, að um kjör hennar fari að sömu meginreglu og kjör þeirra, sem vinna undir starfsheitinu gæslumaður við geðhjúkrun á Kópavogshæli.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði stefnanda Guðrúnu Emilsdóttur kr. 450.000 með 19% ársvöxtum frá 30. mars 1978 til greiðsludags og kostnað stefnenda af málinu, þar með taldar kr. 400.000 í talsmannslaun, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 16. mars 1982.

Nr. 193/1978. **Ragnar Þórðarson og**
Ferðaskrifstofan Sunna h/f
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Helga Kristjánssyni
og gagnsök
(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Verksamningur. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. október s. á. Með sömu áfrýjunarstefnu var héraðsdóminum einnig áfrýjað af hendi þeirra Kjartans Halldórssonar og Sigurðar Halldórssonar. Að kröfu þeirra og gagnáfrýjanda var málið þó hafið á dómþingi 11. mars 1982 að því er tók til áfrýjunar þeirra.

Dómkröfur aðaláfrýjanda Ragnars Þórðarsonar fyrir

Hæstarétti eru þær, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 88.568.48 nýkr. með 14% ársvöxtum frá 30. maí 1976 til 21. nóvember 1977, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 20% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann 74.838.98 nýkr. með vöxtum, eins og fyrr greinir. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi Ferðaskrifstofan Sunna h/f krefst þess aðallega, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 16.183.35 nýkr., en til vara 5.858.35 nýkr., í báðum tilvikum með vöxtum, svo sem segir um kröfu aðaláfrýjanda Ragnars Þórðarsonar. Þá krefst þessi aðaláfrýjandi og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, hvor krafan sem verði til greina tekin.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu af sinni hendi með stefnu 15. desember 1978 samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeim breytingum, að aðaláfrýjendum, Ragnari Þórðarsyni og Ferðaskrifstofunni Sunnu h/f, verði in solidum gert að greiða gagnáfrýjanda 10.570.55 krónur með 7% ársvöxtum af 4.432.87 krónum frá 31. desember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum af 9.772.57 krónum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 10% ársvöxtum af 10.570.55 krónum frá þeim degi til 1. maí 1976, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar „í gagnsök í héraði“ svo og fyrir Hæstarétti úr hendi þessara aðaláfrýjenda.

Gagnáfrýjun sinni beindi gagnáfrýjandi í öndverðu einnig

að þeim Kjartani Halldórssyni og Sigurði Halldórssyni. Gagnsökin var þó að því leyti hafin að kröfu aðilja á sama dómþingi og aðalsök var felld niður að því er varðaði síðastgreinda aðilja.

Í málflutningi var því lýst yfir af hálfu gagnáfrýjanda, að aðaláfrýjendurnir Kjartan Halldórsson og Sigurður Halldórsson hefðu greitt honum eftir áfrýjun málsins sinn hluta af þeim fjárhæðum, sem héraðsdómur dæmdi þá til að greiða óskipt með öðrum aðaláfrýjendum. Nam sú greiðsla 251.991 gkr. af dæmdum höfuðstól ásamt vöxtum af þeirri fjárhæð svo og 48.125 gkr. af dæmdum málskostnaði í héraði. Á lækkun dómkröfunnar frá því, sem var fyrir héraðsdómi, rót að rekja til þeirra greiðslu.

Enginn ágreiningur er um það, að rétt sé fjárkrafa sú, sem gagnáfrýjandi hefur uppi fyrir Hæstarétti, og ekki heldur um það, að gagnáfrýjanda sé rétt að reikna sér dráttarvexti af henni frá þeim tíma, sem hann krefst. Samkvæmt þessu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að því leyti sem hann liggur fyrir Hæstarétti til endurskoðunar samkvæmt framansögðu, þó með þeirri breytingu, sem leiðir af lækkun gagnáfrýjanda á kröfum sínum vegna greiðslna, er aðaláfrýjendurnir Kjartan Halldórsson og Sigurður Halldórsson hafa innt af hendi. Lækkar hin dæmda fjárhæð samkvæmt því í 10.570.55 nýkr. (1.309.046 gkr. ÷ 251.991 gkr.) og dæmdur málskostnaður í héraði í 2.018.75 nýkr. (250.000 gkr. ÷ 48.125 gkr.). Þá ber og að dæma aðaláfrýjendur, Ragnar Þórðarson og Ferðaskrifstofuna Sunnu h/f, til að greiða vexti af hinni dæmdu fjárhæð, svo sem gagnáfrýjandi hefur krafist, svo og málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 4.000.00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Ragnar Þórðarson og Ferðaskrifstofan Sunna h/f, greiði gagnáfrýjanda, Helga Kristjánssyni, 10.570.55 krónur með 7% ársvöxtum af 4.432.87 krónum frá 31. desember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum af 9.772.57 krónum frá þeim degi til 15. júlí

1974, 10% ársvöxtum af 10.570.55 krónum frá þeim degi til 1. maí 1976, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda 2.018.75 krónur í málskostnað í héraði og 4.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júlí 1978.

I.

Mál þetta var dómtekið 7. júní sl.

Aðalsök í málinu var höfðuð með stefnu, birtri 17. október, 21. október og 23. október 1975, en fjórar gagnsakir með stefnum, birtum 21. apríl og 22. apríl 1977.

Aðalstefnandi og gagnstefndi er Helgi Kristjánsson byggingameistari, Lambastaðabraut 10, Seltjarnarnesi, en upphaflegir aðalstefndu Ragnar Þórðarson, Aðalstræti 9, Kjartan Halldórsson, Flókagötu 55, Ferðaskrifstofan Sunna h/f, Halldór S. Rafnar, Bólstaðarhlíð 64, Guðjón Bernharðsson, Langholtsvegi 64, allir í Reykjavík, og Sigurður Halldórsson, Mávanesi 11, Garðahreppi.

Guðjón Bernharðsson er nú látinn, og tók dánarbú hans við aðild málsins.

Gagnstefnendur eru áðurnefndir Ragnar Þórðarson, Kjartan Halldórsson, Ferðaskrifstofan Sunna h/f og Sigurður Halldórsson.

Í þinghaldi 7. júní sl. féll aðalstefnandi frá öllum kröfum á

hendur aðalstefndu Halldóri S. Rafnar og dánarbúi Guðjóns Bernharðssonar.

Í aðalsök eru endanlegar kröfur aðalstefnanda þær, að gagnstefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum skuld að fjárhæð kr. 1.309.046 með 10% ársvöxtum af kr. 548.962 frá 31. desember 1971 til 1. apríl 1973, af kr. 1.210.225 frá þeim degi til 15. júlí 1974, af kr. 1.309.046 frá þeim degi til 1. maí 1976, en með 14% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og með 20% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Í þinghaldi 7. júní sl. var því lýst yfir af hálfu gagnstefnenda, sem nú eru einir aðalstefndu, að dómkröfur aðalstefnanda í aðalsök væri ekki mótmælt á annan hátt en þann, að gagnstefnendur telji sig eiga til skuldajafnaðar og til sjálfstæðs dóms þær kröfur, sem fram komi í gagnsökum.

Endanlegar dómkröfur gagnstefnanda Ragnars Þórðarsonar eru þær, að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 8.856.848 með 14% ársvöxtum frá 30. maí 1976 til 21. nóvember 1977, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 20% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Endanlegar dómkröfur gagnstefnanda Kjartans Halldórssonar eru þær, að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2.603.042 með 14% ársvöxtum frá 30. maí 1976 til 21. nóvember 1977, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 20% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Endanlegar dómkröfur gagnstefnanda Ferðaskrifstofunnar Sunnu h/f eru þær, að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða honum 1.618.335 með 14% ársvöxtum frá 30. maí 1976 til 21. nóvember 1977, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 20% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Endanlegar dómkröfur gagnstefnanda Sigurðar Halldórssonar eru þær, að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 438.870 með 14% ársvöxtum frá 30. maí 1976 til 21. nóvember 1977, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 20% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Viðleitni dómsins til að sætta málið í heild hefur ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að aðalstefnandi tók að sér að byggja hús á lóðinni nr. 9 við Aðalstræti í Reykjavík samkvæmt verksamningi, sem gerður var um verkið í september 1970, en að öðru leyti er verksamningurinn ódagsettur. Aðalstefnandi hefur haldið því fram, að allir hinir upphaflegu aðalstefndu hafi verið aðiljar að þessum verksamningi, en tveir hinna aðalstefndu, þeir Halldór S. Rafnar og Guðjón Bernharðsson, töldu sig ekki vera aðilja að samningnum og byggðu upphaflega vörn sína í málinu á því, en eins og áður segir, hefur nú verið fallið frá öllum kröfur á hendur þeim. Núverandi aðalstefndu, þ. e. allir gagnstefnendur í málinu, hafa hins vegar viðurkennt aðild sína að þessum verksamningi.

Í 1. gr. verksamningsins segir, að verktaki taki að sér að byggja umrætt hús samkvæmt útboðs- og verklýsingu, dags 6. og 9. ágúst 1970, og samkvæmt uppdráttum þar að lútandi eftir eftirfarandi aðilja: Teiknistofuna s/f, Ármúla 6, Verkfræðistofu Braga Þorsteinssonar og Eyvindar Valdimarssonar, Suðurlandsbraut 2, Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns, Laufásvegi 19, og Sigurð Halldórsson rafmagnsverkfræðing, Nökkvavogi 22, alla í Reykjavík. Húsið skuli byggt samkvæmt byggingarsamþykkt Reykjavíkurborgar og öðrum þeim lögum, reglugerðum og reglum, sem gildandi séu um framkvæmdir sem þessar, og sé verktaki ábyrgur fyrir þeim, að þeim sé hlýtt. Verkefni verktaka sé að grafa fyrir húsinu, leggja heimæðar fyrir vatn og skólp og ganga frá slíkum leiðslum undir kjallaraplötu. Steypa upp húsið og ganga að fullu frá þökum með pappalögn, þakbrunnum, þakrennum og niðurfallspípum, tengdum við holræsakerfi, þannig að 10 ára ábyrgð fylgi frágangi á þökunum. Verktaki smíði og setji í alla glugga á 2. hæð og setji í þá bráðabirgðagler. Hann loki 1. hæð til bráðabirgða og setji þar í bráðabirgðahurðir með öflugum læsingum. Verktaki gangi frá fyrir raflagnir við inntak og töflustæði og í súlur, bita og loft, svo sem verklýsing tilgreini. Að utan fylli verktaki að húsinu í rétta jarðhæð og leggi gangstétt meðfram þremur hliðum þess. Allt skuli þetta gert samkvæmt áðurnefndum verklýsingum og uppdráttum svo og samkvæmt verksamningum. Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir, gefnir út af Iðnaðarmálastofnun Íslands (sic), Reykjavík, skuli gilda um verkið að svo miklu leyti

sem ekki sé kveðið á um annað í útboðs- og vinnulýsingu og í samningnum.

Samkvæmt 6. gr. nefnds verksamnings skyldi aðalstefnandi fá greitt fyrir framangreint verk samtals kr. 8.484.000 samkvæmt tilboði hans, dags. 24. ágúst 1970. Í nefndri 6. gr. er nánari sundurliðun á þessari fjárhæð svo og ákvæði um, hvernig greiðslur skyldu fram fara, en eins og mál þetta liggur fyrir, þykir ekki ástæða til þess að rekja það nánar.

Í 9. gr. verksamningsins segir m. a., að verkið sé þegar hafið samkvæmt samningnum og að afhending þess fari fram í síðasta lagi 15. maí 1961 (á að vera 1971). Í 7. gr. verksamningsins segir m. a., að við úttekt verksins skuli liggja fyrir lokauppgjör á greiðslum samkvæmt samningi, á greiðslum vegna verðbreytinga og á greiðslum vegna aukaverka, ef einhver kynnu að vera.

Í 9. gr. verksamningsins segir m. a., að ef efndir dragist af orsökum, sem verktaki sé einn ábyrgur fyrir, greiði hann kr. 5.000 fyrir hvern almanaksdag, sem dragist að afhenda verkið fullgert. Óviðráðanlegar tafir beri að taka til greina, er kveðið skuli á um efndir á afhendingu. Slíkar tafir teljist vera verkföll, verkbönn, tafir á steypuvinnu vegna frosta, tafir vegna ónógra upplýsinga eða ákvarðana af hálfu verkkaupa eða vanskil hans á greiðslum á umsömdum gjalddögum. Tafir af völdum eldsvoða, náttúruhamfara eða styrjaldarástands beri og að taka til greina. Telji verktaki sig verða fyrir töfum af framangreindum orsökum, beri honum að tilkynna það verkkaupa bréflega og tilgreina tilefni tafarinnar hverju sinni.

Í 13. gr. verksamningsins segir m. a., að Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir ÍST-30 séu hluti verksamningsins.

Eins og málavöxtum er háttað, þykir rétt að afgreiða aðalsök sérstaklega. Krafa aðalstefnanda í aðalsök er vegna ógoldinna eftirstöðva af verkkaupi hans vegna smíði hússins Aðalstrætis 9 í Reykjavík. Gagnstefndu hafa viðurkennt kröfuna rétta, og verður hún tekin til greina, þó þannig, að vextir dæmast 7% ársvextir af kr. 548.962 frá 31. desember 1971 til 16. maí 1973, en 9% ársvextir af kr. 1.210.225 frá þeim degi til 15. júlí 1974, 10% ársvextir af kr. 1.309.046 frá þeim degi til 1. maí 1976, en 13% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags, enda hefur viðmiðunartíma vaxtakrafna ekki verið mótmælt.

Niðurstaðan í aðalsök verður því sú, að aðalstefndu í málinu, sem einnig eru gagnstefnendur, verða dæmdir til þess að greiða aðalstefnanda in solidum kr. 1.309.046 ásamt vöxtum þeim, sem að framan getur, svo og málskostnað í aðalsök, sem ákveðst kr. 250.000.

III.

Eins og máli þessu er háttað, þykir mega fjalla um málavexti varðandi gagnsakir í einu lagi.

Rétt er, að strax komi fram, að aðalstefnandi þessa máls höfðaði mál út af sama sakarefni fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. ágúst og 29. ágúst 1974, og sakaukastefnu, birtri 11. febrúar 1975, en því máli var í heild vísað frá dómi 9. maí 1975. Í máli því, sem hér liggur fyrir, höfðaði Húsfélagið Aðalstræti 9 gagnsök með stefnu, birtri 22. október 1976, en henni var vísað frá dómi 4. febrúar 1977. Síðan voru höfðaðar þær fjórar gagnsakir, sem hér eru til umfjöllunar.

Í gagnstefnum er málavöxtum þannig lýst, að um það leyti sem aðalstefnandi hafi hætt að vinna í húsinu Aðalstræti 9 í Reykjavík og eigendur þess verið farnir að láta vinna þar við innréttingar og fleira, hafi komið fram gallar á byggingunni. Meðal annars hafi kjallaragólf hússins lekið og hafi það verið alvarlegasti gallinn. Eigendur hafi gert kröfu til aðalstefnanda um, að hann bætti úr göllunum eða greiddi bætur vegna þeirra. Hafi verið reynt að ná samkomulagi um þetta við aðalstefnanda, en það hafi ekki tekist. Eigendur hússins, hinir upphaflegu aðalstefndu, hafi þá haldið eftir fjárhæðum af umsömdum greiðslum til aðalstefnanda, hluta af upphaflegum greiðslum, sem samið hafi verið um í verksamningi, og hluta af greiðslum fyrir aukaverk, sem aðalstefnandi hafi tekið að sér utan við verksamninginn. Aðalsök í málinu sé höfðuð til heimtu þessara fjárhæða. — Þegar sýnt hafi verið, að ekki yrði samkomulag, hafi einn gagnstefnanda, Ragnar Þórðarson, farið þess á leit við borgardómaraembættið í Reykjavík sumarið 1974, að dómkvaddir yrðu fjórir hæfir og óvilhallir menn til að meta galla á húsinu og tjón af þeim og gera tillögur um úrbætur. Til að framkvæma þetta mat hafi verið dómkvaddir hinn 6. ágúst 1974 Ögmundur Jónsson verkfræðingur, Óttar P. Halldórsson verkfræðingur, Diðrik Helgason múrarameistari og Eggert Kristjánsson hæstaréttarlögmaður, en í hans stað hafi síðar komið Sigurður R. Helgason. Þessir fjórir menn hafi síðan metið galla á húsinu og skilað matsgerð, dags. 30. maí 1976. Niðurstaða matsins um galla og orsakir þeirra komi fram í mats-

gerðinni í þremur liðum. Gallarnir séu taldir stafa frá steypu hússins, ýmist frá mistökum við niðurlagningu hennar, frá óvandaðri hreinsun og frágangi í steypuskilum og frá orsökum, sem matsmönnum séu ekki að fullu ljósar, en stafi þó augljóslega frá byggingu hússins, lagningu kjallaragólfs, enda séu hinir metnu gallar allir í kjallaragólfi og kverkum við kjallaragólf. Matsmenn geri tillögur um ákveðnar úrbætur og geri grein fyrir, hvað þær muni kosta, í fjórum töluliðum í matsgerðinni. Kröfur gagnstefnanda byggist á þessari matsgerð og verksamningum.

Í gagnstefnum segir síðan, að hinir metnu gallar séu ýmist á séreignarhlutum gagnstefnenda eða hluta þeirra í sameign umræddds húss. Er því haldið fram, að eignarhlutföll í kjallara hússins séu þau, að Ragnar Þórðarson eigi þar 60%, Kjartan Halldórsson 20% og í sameign séu 20%. Sameign skiptist aftur þannig, að Ragnar Þórðarson eigi 39.25%, Kjartan Halldórsson 11.25%, Sunna h/f 29.5% og Sigurður Halldórsson 8%. Aðrir eigi 12%. Þetta séu þau hlutföll, sem hafi gilt, þegar verksamningur hafi verið gerður og aðalstefnandi hafi höfðað mál sitt. Ekki hafi komið fram athugasemdir af hálfu aðalstefnanda við þessa skiptingu.

Í samræmi við þessa eignaskiptingu sundurliðar hver gagnstefnenda dómkröfu sína og fær út fjárhæð hennar með því að deila eignarhlutfallinu í niðurstöðufjárhæðir hinna einstöku liða áðurnefndrar matsgerðar. Eins og máli þessu er varið, þykir eigi ástæða til að rekja þessa útreikninga frekar.

Verður nú málavöxtum nánar lýst samkvæmt þeim skjölum og skýrslum, sem fyrir liggja:

Í málinu er um það deilt, hvenær umræddu verki hafi verið lokið, og því raunar haldið fram af hálfu gagnstefnenda, að því sé ekki lokið ennþá. Af hálfu aðalstefnanda er því hins vegar haldið fram, að hann hafi lokið verkinu samkvæmt samningi sumarið 1971, að öðru leyti en því, að ekki hafi verið unnt að ljúka við gangstéttir, vegna þess að efni hafi ekki fengist fyrr en um miðjan desembermánuð sama ár. Hér fyrir dómi hefur aðalstefnandi borið, að það muni hafa verið í september 1971 sem útipússningu hafi verið lokið og það hafi verið það síðasta, sem hann hafi gert samkvæmt verksamningnum.

Í áðurnefndri útboðs- og vinnulýsingu segir m. a., að verktaki skuli hafa lokið verkinu að fullu 1. mars 1971, en eins og áður getur, segir í áðurnefndum verksamningi, að afhending verksins fari fram í síðasta lagi 15. maí 1971. Í bréfi aðalstefnanda til Ög-

mundar Jónssonar matsmanns, sem er fylgiskjal með framlagðri matsgerð, segir aðalstefnandi m. a., að hann hafi skilað verkum í desember 1971.

Af hálfu gagnstefnenda hefur verið viðurkennt undir rekstri málsins, að umrætt verk hafi tafist í um það bil einn mánuð af ástæðum, sem ekki varði aðalstefnanda, og að afhending verksins mætti af þeim sökum færast aftur um einn mánuð. Hér fyrir dómi hefur einn gagnstefnenda, Ragnar Þórðarson, borið, að eftir því sem hann best myndi hafi verið byrjað á umræddu verki í desember 1970.

Í málinu hefur verið lagt fram bréf Teiknistofunnar s/f, dags. 24. mars 1973, undirritað af Jósef Reynis arkitekt, svohljóðandi:

„Húsið Aðalstræti nr. 9 Reykjavík. 22. febrúar s.l. fór fram úttekt í húsi þessu, sem Helgi Kristjánsson, Lambastöðum, Seltjarnarnesi, hefir byggt samkv. verklýsingu og teikningum frá Teiknistofunni s/f Ármúla 6 Reykjavík, dags. 6. ágúst 1970, svo og samkv. verksamningi.

Viðstaddir úttektina voru: Helgi Kristjánsson, Kristján Flygenring, Jón Gunnarsson og Jósef Reynis.

Þessar athugasemdir voru gerðar við verkið:

1) Eftir er að pússa kant við inndregið loft yfir gangstétt.
2) Eftir er að pússa hluta af gangstétt við brunni.
3) Pússning á útvegg hefir ekki verið rétt af, og er því kantur að neðan áberandi ósléttur.

Meðan á verki stóð, var samþykkt af verkkaupa og arkitektum að breyta gerð gangstéttar, m. a. vegna þess, að flýta þurfti opnun verzlunar í húsinu. Í stað þess að líma hellurnar í asfalt voru þær því lagðar í sand.

Að öðru leyti tel ég, að verktaki hafi lokið þessu verki."

Þá hefur verið lagt fram bréf sama aðilja til gagnstefnanda Ragnars Þórðarsonar, dags. 15. janúar 1974, með vélritaðri undirskrift Jósefs Reynis arkitekts, en undirskrift hans sjálfs vantar. Í bréfinu segir, að á fundi á skrifstofu Hauks Þorleifssonar 18. nóvember 1973 með nokkrum eigendum Aðalstrætis nr. 9 og Helga Kristjánssyni byggingameistara hafi þess verið óskað, að arkitektinn áætlaði, hve mikið kostaði að ljúka þeim verkum við húsið, sem um geti í úttektarbréfi Teiknistofunnar s/f, Ármúla 6, dags. 24. mars 1973. Síðan segir: „Kostnað þennan áætla ég kr. 30.000.-."

Í málinu hefur verið lagt fram bréf aðalstefnanda, dags. 2. apríl

1974. Efni þessa bréfs hefur aðalstefnandi staðfest hér fyrir dómi og sagt, að hann hafi t. d. sent það Hauki Þorleifssyni, sem honum hafi alltaf skilist, að hafi verið framkvæmdastjóri umrædds verks og gjaldkeri f. h. gagnstefnenda, og einnig sagðist hann telja, að hann hefði sent bréfið gagnstefnanda Ragnari Þórðarsyni. Hér fyrir dómi sagðist nefndur Ragnar ekki muna eftir því, hvort hann hefði fengið þetta bréf, en fundargerð, sem fram lægi í málinu, gæfi til kynna, að hann hefði séð það. Umrætt bréf hefur að geyma athugasemdir aðalstefnanda við þau tvö síðasttöldu skjöl, sem rakin hafa verið. Segir m. a., að samkvæmt skýrslum skrifstofu Múrarameistarafélags Reykjavíkur hafi farið fram uppmæling á útimúrverki þann 15. september 1971. Verk við gangstétt á innbyggðum hluta hússins hafi ekki verið hægt að leysa, vegna þess að efni til verksins hafi ekki verið til fyrr en síðast í nóvember 1970, en því verki hafi verið lokið um miðjan desember. Uppmæling vegna múrverksins hafi verið afgreidd til múrarameistara 23. september 1971. Að öðru leyti þykir rétt að taka efni bréfs þessa orðrétt upp í dóminn, en augljósar ritvillur eru leiðréttar:

„Þegar framanskráðum hlutum er lokið, fór ég fram á, að verkið í heild yrði tekið út með þeim fyrirvara, sem er getið í I. og II. lið meðfylgjandi úttektarbréfs frá Teiknistofunni s/f, Ármúla 6, Reykjavík. Þrátt fyrir marg ítrekaða beiðni mína bæði til arkitekta og eiganda hússins, hr. forstjóra Ragnars Þórðarsonar, Aðalstræti 9, Rvk., fékkst þessi útekt ekki framkvæmd fyrr en 22. febrúar árið 1973, — Úttektarbréf dagsett 24/3 1973, eða rúmum tveimur árum eftir að ég fór fram á úttekt. Á öllum þessum tíma fékk ég mörg loforð um úttekt, en eitthvað gekk illa að ná mönnum saman til verksins. Áðurnefnt úttektarbréf sýnir, hverjir voru við það verk.

Um hina marg umræddu úttekt og I. og II. lið hennar er þetta að segja:

Liður I: En þar segir: „Eftir er að pússa kant við inndregið loft yfir gangstétt."

Við það er það að athuga, að aðaleigandi hússins og forsvarsmaður, hr. forstjóri Ragnar Þórðarson, Aðalstræti 9, Rvk., setti þá áætlun að hefja skyldi verzlunarrekstur í húsinu fyrir jól 1971, og óskaði hann eftir, að húsinu yrði lokað með bráðabirgða lokun sem allra fyrst. Lokun þessi gekk undir áðurnefndan kant, og

var því ekki hægt að pússa hann, og varð að samkomulagi að láta hann bíða.

Liður II: Sama er að segja um lið no. II. Það skal tekið fram, að fullt samkomulag var um það, að múrarar einangruðu og pússuðu í kjallara jafnhliða útimúrverki, og vildi ég alls ekki tefja framangreint áform Ragnars, en það seinkaði að vísu útimúrverki.

Liður III: Liður nr. III fellur niður af sjálfu sér, þegar gengið hefur verið frá lið no. I í áðurnefndu bréfi.

Viðvíkjandi bréfi, dags. 15/1 1974, gerðu á Teiknistofunni s/f, Ármúla 6, Rvk., og sem hér er meðfylgjandi, hefi ég það að athuga, að Jósep Reynis og Kjartan Halldórsson, Flókagötu 55, Rvk., einn eigandi hússins samkv. fundarsamþykkt, gjörðri á skrifstofu Hauks Þorleifssonar þann 18. nóvember 1973, þeim var falið að annast það verk, sem bréf þetta fjallar um, og ég var við. Þó hefur áðurnefndur Kjartan ekki skrifað undir það, en var þó sammála þessu.

Að öðru leyti hefi ég ekkert um það bréf að segja, nema ógreitt mun vera á annað hundrað þúsund krónur af útboðsupphæðinni fyrir utan þá greiðslu, sem um er samið, að standa eigi eftir í 2 mánuði, eftir að verkinu er lokið, en það er upphæð kr. 430.000.00.

Frágangur á þessum hlutum, sem eftir standa, hefur dregist, vegna þess að ég hefi ekki fengið menn til verksins, en það er nú mjög bráðlega að lagast. Það er ekki auðvelt að fá múrara til svona smá verka.

Þann 18/11 1973 var áðurnefndur fundur haldinn á skrifstofu Hauks Þorleifssonar, en þá skildist mér bæði á Hauki og þeim eigendum, sem þar voru mættir, að nú skyldi gengið í að gera upp reikninga og þá ekki hvað sízt vinnureikning, en síðan hefur hvorki heyrzt stunur né hósti, en hálft ár er nú ekki langur tími hjá sumum mönnum.

Ég neyðist til að vekja athygli hlutaðeigandi á, að mín biðlund hefur nú fengið nóg, og verð ég því miður að gjöra einhverjar ráðstafanir."

Hér fyrir dómi kvaðst stefnandi ekki hafa tilkynnt bréflega um þær tafir, sem um getur í áðurnefndu bréfi, en hins vegar hafi hann rætt um þær bæði við Hauk Þorleifsson og Ragnar Þórðarson. Sagði aðalstefnandi, að þar sem verkinu hefði verið lokið fyrir áramót 1971, hafi hann hvað eftir annað farið fram á það bæði við arkitekt og eiganda hússins, að úttekt færi fram, en

ekki hafi verið orðið við þeim margítrekuðu beiðnum. Um ástæðuna fyrir þessu sagði aðalstefnandi, að það hefði verið eins og „þeir gætu aldrei komið sér saman, náð sér saman til þess að fara og athuga verkið." Sagði aðalstefnandi, að hann hefði ekkert átt eftir af sínu verki í september nema að pússa einn kant, en það hafi ekki verið hægt vegna bráðabirgðaþils, sem sett hafi verið upp, meðan húsið var opið og verið var að setja í það glugga. Aðalstefnandi sagði, að hann hefði ekki farið skriflega fram á úttekt, heldur aðeins með símtölum.

Hér fyrir dómi var gagnstefnandi Ragnar Þórðarson að því spurður, hvort hann kannaðist við, að umrætt verk hefði tafist af þeim ástæðum, sem aðalstefnandi telur upp í áðurnefndu bréfi. Hann sagði, að þarna hefði verið um tvö algerlega óskyld verk að ræða. Það hafi ekki verið farið fram á það, að menn yrðu teknir úr öðru verki í því sambandi. Farið hafi verið fram á, að þessi vinna yrði unnin af sama múrarameistara, og þótt hann væri þannig beðinn um að vinna annað verk, ætti hann að hafa getað gert það án þess að trufla hitt verkið með því að setja fleiri menn í vinnu.

Í málinu hafa verið lögð fram ljósrit fundargerða varðandi umrædda byggingu, sem verður nánar vikið að síðar, en hér þykir rétt að víkja strax að fundargerð 16. nóvember 1973.

Í fundargerð þessari segir, að undirritaðir eigendur Aðalstrætis 9 hafi komið saman til fundar í skrifstofu Hauks Þorleifssonar í Búnaðarbanka Íslands. Samkvæmt beiðni eigenda hafi setið fundinn Jósef Reynis arkitekt og Helgi Kristjánsson húsameistari (sic). Fundargerðin er annars í tveim liðum, og er fyrri liður hennar svohljóðandi: „Lagt var fram úttekt framkvæmd af Jósef Jósef Reynis, dags. 24.3.'73, viðstaddir auk hans Kristján Flygenring og Jón Gunnarsson. Úttektin var samþykkt með þeim athugasemdum, sem þar koma fram, auk þess var gerð athugasemd við hellulögn fyrir utan húsið og gangstéttarkant á móti suðri. — Kjartani og Jósef var falið að meta þau verk, sem athugasemdirnar taka til, og semja við verktaka um úrbætur. — Allir voru sammála um að miða úttektardag við dags. 24.3.73." Undir þessa fundargerð rita Haukur Þorleifsson, Kjartan Halldórsson, Sigurður Halldórsson og Guðni Þórðarson. Hér fyrir dómi hefur aðalstefnandi staðfest, að hann hafi verið á þessum fundi. Í framhaldi af því sagði aðalstefnandi, að sér hefði þótt betra að fá úttekt einhvern tíma, þótt hún væri búin að dragast í tvö ár. Hann sagðist ekki hafa boðað eigendur til úttektarinnar.

Verður nú nánar vikið að einstökum fundargerðum:

Á fundi 19. september 1970 er m. a. bókað, að samþykkt hafi verið að taka tilboði aðalstefnanda og að þeim Ragnari Þórðarsyni, Kjartani Halldórssyni og Halldóri S. Rafnar hafi verið falið að gera endanlegan samning við hann um tímatakmörk og fleira. Samþykkt hafi verið að ráða Hauk Þorleifsson framkvæmdastjóra byggingarinnar, er annaðist bókhald og gjaldkerastörf. Undir þessa fundargerð rita allir hinir upphaflegu aðalstefndu, þó þannig, að Guðni Þórðarson ritar persónulega undir, en ekki f. h. Sunnu h/f. Næsta fundargerð er dagsett 21. nóvember 1970, og segir þar m. a.: „Byggingin hefur tafist frá áætlun ca. mánuð til 6 vikur. Þar af leiðir, að greiðslur á víxlunum, sem um ræðir í síðustu fundargjörð, mega eitthvað dragast, en mönnum kom þó saman um, að ekki væri rétt að láta þær dragast lengur en ca ½ mánuð hér frá." Undir þessa fundargerð rita Haukur Þorleifsson, Kjartan Halldórsson, Guðjón Bernharðsson, Guðni Þórðarson og Ragnar Þórðarson.

Í fundargerð 25. október 1971 segir svo m. a.: „Ragnar Þórðarson gaf yfirlit yfir ástand byggingarinnar, en nú hefur verið lagt í gólf í kjallara og hálft gólfið á götuhæð, ennfremur í stiga niður í kjallara. Lagt verður í hinn helming gólfs á götuhæð og í stigann upp og síðan í gólf á annarri hæð í næstu viku. Í þessari viku verður einangraður gafl á götuhæð og pússaðar súlur í þessari og næstu viku. Þá má segja, að múrverki sé lokið í kjallara og götuhæð. Eftir næstu viku fara múrarar að einangra og pússa á efri hæðinni." Síðar í þessari sömu fundargerð segir m. a.: „Samþ. að fá Pál Guðjónsson til að ganga frá milligerðum á götuhæð og milligerðum annars staðar í húsinu að svo miklu leyti sem Helgi getur ekki gert það." Undir þessa fundargerð rita Ragnar Þórðarson, Haukur Þorleifsson, Sigurður Halldórsson, Guðjón Benharðsson, Kjartan Halldórsson og Guðni Þórðarson.

Samkvæmt framlögðum ljósritum fundargerða er næsti fundur haldinn 8. febrúar árið 1973. Í upphafi segir, að auk undirritaðra húseigenda Aðalstrætis 9 hafi setið fundinn Axel Túlinius borgarfulltrúi (sic) og Birgir Karlsson f. h. Sunnu h/f. Fundargerðin er í sex töluliðum. Í 3. tl. segir, að lagt sé fram bráðabirgðauppgjör frá framkvæmdastjóra og skýrt af honum. Samkvæmt því yfirliti sé byggingarkostnaður bókfærður 26 milljónir króna, en ógreiddar ca 4.5 milljónir skv. áætlun. Hins vegar komi ýmsir liðir til frádráttar, svo sem timbur, afhent Reykjavíkurborg, enn ógreitt, bókfærðir reikningar á byggingarkostnað, en tilheyrandi

einstökum eigendum prívat o. fl. Síðan segir orðrétt: „Verður reynt að komast til botns í þessu með hjálp verktakanna."

Áður er vikið að fundi 16. nóvember 1973.

Í fundargerð 20. júní 1974 segir m. a., að lagt sé fram bréf frá Helga Kristjánssyni byggingameistara með athugasemdum hans, en að því bréfi er áður vikið. Fundargerð þessi er í sjö töluliðum. Í 4. tl. segir svo orðrétt m.a.: „Varðandi bréf Helga Kristjánssonar, sbr. tölulið 1 hér að framan, töldu fundarmenn mjög erfitt að gera sér fulla grein fyrir réttmæti kröfu hans, þar sem óljóst væri, hvað telja bæri afhendingar- eða úttektardag verksins, og ennfremur hefðu komið fram ýmsir gallar, t. d. leki í kjallara o. fl., sem meta þyrfti við endanlegt uppgjör. — Samþykkt var að fela Ragnari Þórðarsyni og Guðna Þórðarsyni að athuga þessi mál og semja við Helga." Undir þessa fundargerð rita Kjartan Halldórsson, Haukur Þorleifsson, Guðni Þórðarson, Ragnar Þórðarson og Sigurður Halldórsson. Er þetta síðasta fundargerðin, sem lögð hefur verið fram í málinu.

Auk þeirra fundargerða, sem að framan er vikið að, hafa verið lagðar fram í málinu fundargerðir, dags. 4. janúar 1968, 26. ágúst 1971, 3. maí 1973 og 15. maí 1973, en eigi þykir ástæða til að fjalla um fundargerðir þessar í dóminum.

Samkvæmt framlögðum reikningi (dskj. nr. 9) er skuld húseigenda við aðalstefnanda vegna akkorðs talin vera hinn 31. desember kr. 834.000. Frá þessari tölu er síðan dregin innborgun vegna gangstétta, kr. 285.038. Síðan segir, að skuld pr. 31. desember 1972 sé kr. 548.962. Undir þennan reikning rita Haukur Þorleifsson og aðalstefnandi. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að dskj. nr. 8, 9, 10, 11 og 12 eru ýmist handskrifaðir reikningar eða reikningsyfirlit.

Loks þykir rétt, að í þessum þætti dómsins komi fram, að í þinghaldi 7. júní sl. var því lýst yfir af hálfu gagnstefnanda, að þeir byggðu á því, að húsnæðið „Ingólfsbrunnur" í húsinu nr. 9 við Aðalstræti hefði verið tekið í notkun 28. ágúst 1972 til rekstrar.

IV.

Gagnstefnendur rökstyðja dómkröfur sínar allir á sama veg. Þótt stofnfjárhæð dómkröfu hvers um sig sé ein fjárhæð, felst í henni annars vegar krafa um greiðslu dagsekta vegna meintra tafa á umræddu verki og hins vegar krafa um skaðabætur vegna meintra galla á því.

a) Dagsektir.

Varðandi þennan þátt kröfunnar vísa gagnstefnendur í framlagðan verksamning, þar sem segi í 9. gr. hans, að afhending umræddS verks skuli fara fram í síðasta lagi 15. maí 1971. Frá þeim degi og þangað til verkið hafi verið tekið út, í mars 1973, hafi liðið rúmlega 700 dagar. Samkvæmt sömu grein verksamningsins skyldi verktaki greiða kr. 5.000 fyrir hvern almanaksdag, sem drægist að afhenda verkið fullgert. Dagsektir nemi því samtals kr. 3.5 milljónum. Hlutur hvers gagnstefnanda í þessari fjárhæð er síðan reiknaður út í samræmi við eignarhluta hvers þeirra í heildareigninni. Þeirri fjárhæð er síðan bætt við bótakröfur samkvæmt matsgerð. Því er haldið fram af hálfu gagnstefnenda, að drátturinn á verkinu stafi eingöngu af ástæðum, sem varði aðalstefnanda, og beri því að dæma hann til greiðslu dagsekta.

Varðandi þennan kröfuþátt er því haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að hann hafi lokið verki sínu samkvæmt verksamningi sumarið 1971. Á dskj. nr. 23 komi fram, að þak hússins hafi verið tekið út 25. júní 1971, en þá hafi aðeins verið óverulegt verk ó-unnið. Hins vegar hafi verkið ekki verið tekið út fyrr en 22. febrúar 1973 þrátt fyrir margítrekaðar kröfur aðalstefnanda og hafi verkkaupar þá fyrir löngu tekið við verkinu til noktunar. Í þessu sambandi vísar aðalstefnandi í Íslenskan staðal, ÍST 30, lið 28.8., þar sem segir, að ef verkkaupi taki verkið eða hluta þess í notkun án úttektar, teljist verktaki hafa skilað því af sér, er liðnar séu tvær vikur, frá því að það var tekið í notkun. Samkvæmt þessu verði úttektardagur að teljast um áramót 1971/1972. Aðalstefnandi heldur því fram, að hann hafi átt rétt til framlengingar á fresti til að skila verkinu vegna ástæðna, sem hann hafi ekki átt sök á, svo sem vegna símalagna í grunni hússins. Með vísan til framangreinds er því aðallega haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að allar kröfur gagnstefnenda um dagsektir séu fyrndar skv. lögum nr. 14/1905, en til vara, að þær séu niður fallnar vegna tómlætis gagnstefnenda, svo sem nánar sé vikið að, þegar fjallað sé um skaðabótakröfu gagnstefnenda.

b) Skaðabætur.

Þennan þátt kröfunnar byggja gagnstefnendur á framlagðri matsgerð í málinu á þann hátt sem áður er rakið. Er því haldið fram, að aðalstefndi beri einn alla ábyrgð á þeim göllum, sem komið hafi fram á umræddu húsi, og beri honum að svara gagn-

stefnendum skaðabótum af þeim sökum, enda hafi strax verið kvartað við hann út af göllunum.

Varðandi þennan kröfuþátt ber aðalstefnandi í fyrsta lagi fyrir sig tómlæti gagnstefnenda. Hann heldur því fram, að honum hafi verið ókunnugt um nokkurn leka eða raka í kjallara hússins, fyrr en eftir að matsmál hafi byrjað í ágúst 1974. Ljóst sé af þeim gögnum, sem gagnstefnendur hafi lagt fram, að gallar þeir, sem þeir telji vera á verkinu, hafi verið komnir fram löngu fyrr. Þannig sé þess getið í matsgerð, að í matsbeiðni segi: „Það liðu ca. 2 ár frá því steypingu var lokið og þar til núverandi gallar komu í ljós.“ Á framlögðu vottorði byggingarfulltrúa, á dskj. nr. 23, megi sjá, að steypingu hafi lokið í maí 1971. Samkvæmt þessu ætti gallanna fyrst að hafa orðið vart í maí 1973. — Þá séu í matsgerð ummæli í bréfi eins gagnstefnenda, Ragnars Þórðarsonar, dags. 16. febrúar 1975, svohljóðandi: „Leki fór að koma fram í nóv. 1973 í húsnæði „Gullfoss“ h.f. ....“ og síðan: „Leki í húsnæði „Ingólfsbrunns“ byrjaði að segja til sín strax og það húsnæði var tekið í notkun .....“. Heldur aðalstefnandi því fram, að húsnæði „Ingólfsbrunns“ hafi verið tekið í notkun þegar á árinu 1971. — Svo sem áður greini, hafi gagnstefnendur ekki borið fram neina kvörtun um, að verk aðalstefnanda væri haldið galla fyrr en í ágúst 1974 og áskilnaður um dagsektir hafi fyrst komið fram í greinargerð í fyrra máli aðalstefnenda í ágúst 1974. Gagnstefnendur hefðu í allra síðasta lagi átt að gera slíkan fyrirvara og koma með kvartanir við úttekt 22. febrúar 1973 eða á fundi 16. nóvember 1973, en engar athugasemdir að þessu leyti hafi komið þá fram né heldur áskilnaður um dagsektir. Í þessu sambandi var af hálfu aðalstefnanda m. a. vitnað í 52. og 54. gr. laga nr. 39/1922.

Í annan stað er því haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að jafnvel þótt litið yrði svo á, að gagnstefnendur ættu einhverjar kröfur á hendur honum, séu þær fallnar niður fyrir fyrningu. Telja megi víst, að meira en 4 ár hafi verið liðin, frá því að gallar þeir, sem gagnstefnendur byggi kröfur sínar á, hafi verið komnir í ljós, þegar gagnstefnendur hafi þingfest hina upphaflegu gagnsök í málinu hinn 22. október 1976. Var af hálfu aðalstefnanda í þessu sambandi vitnað í 1. tölulið 3. gr. laga nr. 14/1905.

Loks er því almennt mótmælt af hálfu aðalstefnanda, að hann eigi nokkra sök á þeim göllum, sem gagnstefnendur telji, að fram hafi komið á verki hans. — Með vísan til alls framangreinds beri að sýkna aðalstefnanda af öllum kröfum gagnstefnenda.

Varakrafa aðalstefnanda byggist á mótmælum hans við einstökum liðum framlagðrar matsgerðar, sem eru nánar reifuð í greinargerð hans, en eins og mál þetta liggur fyrir, þykir eigi ástæða til þess að fjalla um þau rök nánar í dóminum.

V.

Í gagnsökum er ekki deilt um aðild málsins fremur en í aðalsök.

Eins og máli þessu er háttað, þykir mega fjalla um gagnsakirnar í einu lagi.

Svo sem áður getur, gerir hver gagnstefnenda um sig kröfu um greiðslu dagsekta og skaðabóta í einni dómkröfu, en engar athugasemdir hafa verið gerðar eða kröfur hafðar uppi af því tilefni.

Hér á eftir verður fjallað um niðurstöðu í gagnsökum í samræmi við framangreinda reifun.

UM a)

Að framan hefur verið gerð grein fyrir févítisákvæði umrædds verksamnings, en þar segir, að hinar tilgreindu dagsektir falli á „fyrir hvern almanaksdag, sem dregst að afhenda verkið fullgert". Svo sem einnig er áður rakið, halda gagnstefnendur því fram, að umræddu verki sé enn ólokið, en aðalstefnandi kveðst hafa lokið verkinu um miðjan septembermánuð 1971 að undanskildum þeim atriðum, sem getið er í bréfi hans, dags. 2. apríl 1974, og að framan er rakið, en þar er einnig að finna skýringar aðalstefnanda í því sambandi. Gagnstefnendur byggja á því sjálfir, að húsnæðið „Ingólfsbrunnur" hafi verið tekið í notkun 28. ágúst 1972 til rekstrar.

Hvorki í útboðs- og vinnulýsingu né verksamningi eru ákvæði um, hvenær úttekt verksins skyldi fara fram. Um það, hvernig úttekt skuli fara fram, segir svo m. a. í útboðs- og vinnulýsingu: „Úttekt fari þannig fram, að verktaki tilkynni verkkaupa bréflega í lok verksins, hvenær úttekt geti farið fram. Í millitíðinni fari eftirlitsmaður verkkaupa með verktaka yfir alla bygginguna og komi þeir auga á eitthvað, sem vangert er eða þarf umbóta við, líkur verksali því fyrir úttektardag. Þá yfirfara fulltrúar verkkaupa verkið endanlega. Viðstaddir skulu vera auk verktaka trésmíðameistarinn, múrarameistarinn, málarameistarinn, pípulagningameistarinn og rafvirkjameistarinn.

Sé nú eitthvað vangert eða ekki í samræmi við lýsingar, teikningar eða verksamning, skal það metið af fulltrúum verkkaupa og dregið frá samningsupphæðinni. Verktaki fær hins vegar eðli-

legan frest til að ljúka þeim verkum, sem talin yrðu ófullnægjandi við úttekt þessa, og fær þau þá greidd eftir fyrrgreindu mati, þegar staðfesting er fengin fyrir, að hann hafi lokið viðkomandi verki."

Um sama efni segir m. a. svo í íslenskum staðli, ÍST 30: „Þegar verktaki hefur lokið verkinu, skal hann tilkynna það verkkaupa, en hann boðar til úttektar á verkinu innan tveggja vikna, ef ekki er um annað samið. Láti verkkaupi það farast fyrir, getur verktaki boðað til úttektar .... Við úttektina skal verkið rækilega skoðað og verkkaupi segja til um, hvort hann telur það fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru í verksamningi ..... Að úttekt lokinni telst verktaki hafa skilað verkinu í hendur verkkaupa, nema að í ljós hafi komið á því verulegir gallar. Skal þá gera nýja úttekt, þegar úr hefur verið bætt, og telst þá verkinu skilað að fyrri úttekt lokinni .... Rita skal sérstaka úttektargjörð og geta þar alls þess, sem fram fer við úttektina og máli skiptir. Aðilar skulu undirrita úttektargerðina og hvor þeirra fá sitt eintak eða endurrit hennar ....."

Um févíti segir m. a. svo í áðurnefndum staðli, ÍST 30, að verktaki geti krafist framlengingar á skilafresti verks, þegar svo standi á sem hér segir: „.... verkkaupi leggur ekki til í tæka tíð uppdrætti, verklýsingar, efni, vinnu, vinnutækni eða annað, sem hann sjálfur eða aðrir hans vegna eiga að láta í té, og verki seinkar af þessum sökum, eða ef verki seinkar annars vegar vegna atvika, sem varða verkkaupa .... Ef verktaki telur sig eiga rétt á framlengingu á fresti, skal hann tafarlaust tilkynna verkkaupa það skriflega. Hann skal, ef þess er krafizt, færa sönnur á, að töfin hafi hlotizt af þeim atvikum, sem hann ber fyrir sig.

Lenging frests skal nema þeirri töf, sem af tálmun hlauzt, að viðbættum hæfilegum tíma til að byrja á framkvæmdum að nýju. Taka skal tillit til þess, ef verktaki verður nú að vinna verkið á óhentugri tíma árs en gert var ráð fyrir í samningi ..... Nú hefur verið samið um, að verktaki greiði févíti (dagsektir), ef dráttur verður af hans hendi, og getur verkkaupi þá ekki krafizt annarra skaðabóta en févítisins...."

Svo sem að framan er rakið, fór úttekt á hér umræddu verki ekki fram í samræmi við þau ákvæði, sem nú hafa verið rakin. Orð aðalstefnanda eins eru fyrir því, að hann hafi margoft farið fram á það, að úttekt færi fram, er hann taldi sig hafa lokið verki sínu um áramótin 1971/1972. Hins vegar liggur fyrir, að úttekt fór fram 22. febrúar 1973 og að á áðurnefndum fundi 16. nóvem-

ber 1973 er bókað, að allir séu sammála um að miða úttektardag við dagsetninguna 24. mars sama ár. Ekkert liggur fyrir um, að þá eða fyrir þann tíma hafi gagnstefnendur gert aðalstefnanda ljóst, að þeir hygðust krefja hann um dagsektir, hvað þá heldur að kröfur kæmu fram í þá átt. Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, er það fyrst í greinargerð núverandi gagnstefnenda, dags. 8. desember 1975, í aðalsök málsins, að gerð er krafa um greiðslu dagsekta úr hendi aðalstefnanda.

Í ÍST 30, sem eins og áður er rakið, er hluti umrædds verksamnings, segir m. a. svo: „Taki verkkaupi verkið eða hluta þess í notkun án úttektar, telst verktaki hafa skilað því af sér, er liðnar eru 2 vikur frá því, að það var tekið í notkun ....."

Svo sem einnig er áður rakið, er á því byggt af hálfu gagnstefnenda, að a. m. k. hluti umrædds húss hafi verið tekinn í notkun 28. ágúst 1972 til rekstrar, eða um 6 mánuðum áður en framlögð útektargerð fór fram.

Þegar það, sem nú þegar hefur verið rakið, er sérstaklega virt svo og önnur málsatvik, þykja gagnstefnendur hafa með tómlæti sínu veitt aðalstefnanda ástæðu til að ætla, að þeir hygðust ekki hafa uppi fjárkröfur vegna seinkunar, sem á því varð, að hann lyki umræddu verki. Verður aðalstefnandi því sýknaður af þessum þætti í kröfugerð gagnstefnenda.

Um b)

Varðandi þennan kröfuþátt gagnstefnenda á margt hið sama við og getur undir a), og vísast til þess.

Í nefndri útboðs- og vinnulýsingu segir m. a. svo: „..... Alla galla, sem fram kunna að koma á húsinu innan 1 árs frá því, að verktaki hefur lokið verkinu og um er að kenna slæmum frágangi eða efni, skal verktaki bæta að fullu, enda setji hann fyrir því þá tryggingu, sem verkkaupi tekur gilda. Þrátt fyrir eftirlit verkkaupa ber verktaki fulla ábyrgð á efni og vinnu, þar til úttekt hefur farið fram ....."

Í sama skjali segir einnig m. a.: „..... Þegar afhendingarúttekt fer fram, skulu lagðar fram allar skýrslur varðandi prófanir á steypu og annað viðkomandi framkvæmd verksins, sem lýtur að því að sanna, að tilskilin gæði hafi náðst. Nú kemur í ljós, að steypa hafi ekki náð tilskyldum styrkleika. Skal þá þegar taka ákvörðun um, hversu með skuli fara, og er verktaki skyldur að framkvæma þær úrbætur, er verkkaupi ákveður, eða fjarlægja þá steypu, sem um ræðir. Allt það, er síðar kann að koma í ljós

af göllum og rekja má til ófullkominnar steypu, skal fara með sem leynda galla, og er verksali ábyrgur eins þótt verkkaupi hafi áður fallist á úrbótaaðgerðir."

Í áðurnefndum staðli, ÍST 30, segir m. a. svo um ábyrgð á verki: „Verktaki tekur ábyrgð á verkinu í 1 ár, frá því að hann skilaði því af sér. Sama er um einstaka verkhluta, ef þeim er skilað sérstaklega.

Verktaki skal á sinn kostnað bæta úr öllum göllum á verkinu, sem í ljós koma á ábyrgðartímanum og stafa af því, að efni eða vinna var lakari að gæðum en skylt var eftir samningi, enda hafi verkkaupi kvartað yfir göllunum innan hæfilegs tíma, eftir að hann varð þeirra var..... Verkkaupi getur eftir almennum reglum krafizt skaðabóta fyrir tjón vegna galla á verkinu, ef það verður ekki talið bætt að fullu með lagfæringu á gallanum ....." Þá segir svo í áðurnefndum staðli m. a.: „Taki verkkaupi verkið eða hluta þess í notkun án úttektar, telst verktaki hafa skilað því af sér, er liðnar eru 2 vikur frá því að það var tekið í notkun. Vilji verkkaupi bera fyrir sig, að á verkinu séu gallar, sem sjá má við venjulega athugun, skal skýra verktaka frá þeim innan sama frests."

Hér fyrir dómi hefur einn gagnstefnenda, Ragnar Þórðarson, sagt, að „strax fljótlega" hafi komið fram vissir lekar í húsinu og hafi aðalstefnandi fengið menn til þess að gera við þá, „seinna þá komu smálekar, sem ég hafði ekki vit á, hvort væru alvarlegir eða mundu hafa alvarlegar afleiðingar, og ég spurði Helga um það, hvað honum fyndist um þetta, og hann sagði, að þetta væri bara hégómi, en ég var ekki dómbær á það sjálfur." — Í matsbeiðni sama gagnstefnanda, sem tekin er upp í framlagða matsgerð, segir: „Það líða ca. 2 ár frá því steypingu var lokið og þar til núverandi gallar komu í ljós." — Svo sem áður er getið, er því haldið fram af hálfu allra gagnstefnenda, að „um það leyti sem gagnstefndi hætti að vinna í byggingunni og eigendur hennar voru farnir að láta vinna þar við innréttingar og annað komu fram gallar í byggingunni." — Þá eru í matsgerðinni tilfærð ummæli í bréfi nefnds gagnstefnanda, dags. 16. febrúar 1975, svohljóðandi: „Leki fór að koma fram í nóv. 1973 í húsnæði „Gullfoss" h.f. ...." „Leki í húsnæði „Ingólfsbrunns" byrjaði að segja til sín strax og það húsnæði var tekið í notkun...."

Af hálfu gagnstefnenda er því haldið fram, að kvartað hafi verið við aðalstefnanda strax út af hinum meintu göllum. Einn gagnstefnenda, áðurnefndur Ragnar Þórðarson, sagði fyrir dómi:

„Það var nú eiginlega allan tímann verið að smákvarta um þetta.“ Hins vegar kvaðst hann ekki hafa kvartað skriflega við aðalstefnanda, því að á þessum tíma hafi hann ekki verið viss um, hvort um alvarlega galla væri að ræða.

Af hálfu aðalstefnanda er því mótmælt, að við hann hafi nokkurn tíma verið kvartað út af göllum á verki hans, og því haldið fram, að honum hafi ekki verið kunnugt um neina galla fyrr en í ágúst 1974. Hér fyrir dómi sagði aðalstefnandi, að þá hafi hann hitt áðurnefndan Ragnar úti á götu og hann sagt honum frá þessum göllum.

Áður er að því vikið, að úttekt á umræddu verki fór fram 22. febrúar 1973 og að samkomulag var um að miða úttektardag við 24. mars sama ár. Einnig hefur verið að því vikið, að í úttektargerðinni er þess getið, að verkinu væri ekki alveg að fullu lokið og að Jósef Reynis arkitekt hafi verið falið að meta, hve mikið kostaði að ljúka verkinu, og samkvæmt mati hans, 15. janúar 1974, nam kostnaður í því sambandi kr. 30.000. Í nefndri úttektargerð er ekki minnst á galla á verkinu.

Áður hafa verið raktar þær fundargerðir varðandi umræddа byggingu, sem taldar eru skipta hér máli, og samkvæmt þeim kemur fram, að það er fyrst á fundi 20. júní 1974, að minnst er á galla á verkinu í sambandi við umræður um kröfubréf aðalstefnanda, en bókunar í því sambandi hefur áður verið getið. Í henni segir varðandi galla orðrétt, svohljóðandi: „..... og ennfremur hefðu komið fram vissir gallar, t. d. leki í kjallara o. fl., sem meta þyrfti við endanlegt uppgjör. — Samþykkt var að fela Ragnari Þórðarsyni og Guðna Þórðarsyni að athuga þessi mál og semja við Helga .....“

Þá hefur einnig verið að því vikið, að gagnstefnendur miða sjálfir við það, að húsnæðið „Ingólfsbrunnur“ hafi verið tekið í notkun 28. ágúst 1972 til rekstrar.

Svo sem nú hefur verið rakið, verður talið ósannað gegn eindregnum mótmælum aðalstefnanda hér fyrir dómi, að kvartað hafi verið við hann út af göllum á verki hans fyrr en í ágúst 1974. Viðurkennt er af hálfu gagnstefnenda, að umræddir gallar hafi verið komnir fram á byggingunni löngu fyrr, svo sem rakið er hér að framan. Þegar þetta er sérstaklega virt, annað það, sem rakið hefur verið í þessum þætti málsins, svo og málavextir í heild, lítur dómurinn svo á, að með framangreindu tómlæti sínu hafi gagnstefnendur glatað rétti, sem þeir annars kynnu að hafa átt til að hafa uppi í dómsmáli þessu skaðabótakröfu á hendur

aðalstefnanda vegna margumræddra galla á nefndri byggingu. Verður aðalstefnandi því einnig sýknaður af þessum þætti í kröfugerð gagnstefnenda.

Niðurstaða í öllum gagnsökum verður þá sú, að aðalstefnandi er sýknaður af öllum kröfum gagnstefnenda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsökum falli niður.

Niðurstaða málsins í heild verður þá sú, að í aðalsök verða gagnstefnendur dæmdir in solidum til að greiða aðalstefnanda kr. 1.309.046 með 7% ársvöxtum af kr. 548.962 frá 31. desember 1971 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum af kr. 1.210.225 frá þeim degi til 15. júlí 1974, með 10% ársvöxtum af kr. 1.309.046 frá þeim degi til 1. maí 1976, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 250.000 í málskostnað.

Í gagnsökum skal aðalstefnandi vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnenda, en málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Björn Þ. Guðmundsson borgardómari ásamt meðdómsmönnunum Helga V. Jónssyni, löggiltum endurskoðanda, og Ragnari Ingimarssyni byggingaverkfræðingi.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði gagnstefnendur, Ragnar Þórðarson, Kjartan Halldórsson, Ferðaskrifstofan Sunna h/f og Sigurður Halldórsson, aðalstefnanda, Helga Kristjánssyni, in solidum kr. 1.309.046 með 7% ársvöxtum af kr. 548.962 frá 31. desember 1971 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum af kr. 1.210.225 frá þeim degi til 15. júlí 1974, með 10% ársvöxtum af kr. 1.309.046 frá þeim degi til 1. maí 1976, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 250.000 í málskostnað.

Í gagnsökum skal aðalstefnandi vera sýkn af kröfum gagnstefnenda, en málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudagur 18. mars 1982.

Nr. 97/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Garðari Hafsteini Björgvinssyni og
(Örn Clausen hrl.)
Ragnari Gunnsteini Ragnarssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta hafa dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var með áfrýjunarstefnu 6. júní 1980 skotið til Hæstaréttar að því er ákærðu Garðar Hafstein Björgvinsson og Ragnar Gunnstein Ragnarsson varðar að ósk þeirra, en meðákærði í héraði, Ívar Arnar Bjarnason, vill una dóminum. Jafnframt er af ákæruvaldsins hálfu krafist þyngingar refsinga svo og að dæmdar fébætur verði hækkaðar.

Ágrip barst Hæstarétti 23. október 1981.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Með eigin játningu ákærða Ragnars Gunnsteins, studdri öðrum gögnum, er sannað, að hann ruddist ásamt tveimur öðrum mönnum inn á heimili Björgvins Stefáns Gunnarssonar, Laufskógum 11 í Hveragerði, aðfaranótt föstudagsins 19. mars 1976 og hélt Helgu Björk Björnsdóttur, eiginkonu árásarþola, Björgvins Stefáns, á meðan meðákærði í héraði, Ívar Arnar, réðst á Björgvin Stefán og veitti honum áverka, sem hann er sakfelldur fyrir í héraðsdómi. Með hátterni sínu hefur ákærði gerst brotlegur við 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 22. gr. sömu laga, svo sem í ákæru og héraðsdómi greinir.

Ákærði Garðar Hafsteinn var meðal þeirra, er ruddust inn á heimili Björgvins Stefáns. Ekki er sannað, að Garðar Hafsteinn hafi veitt Björgvini Stefáni líkamsáverka. Björgvin Stefán kveðst hafa orðið fyrir spörkum aftan frá, er hann lá

á gólfinu, en ekki sá hann árásarmann, heldur telur hann, að þar hljóti ákærði Garðar Hafsteinn að hafa verið að verki. Þessi ágiskun Björgvins Stefáns er ekki studd neinum rökum og er ósönnuð. Bendir áverkavottorð og ekki til þess, að spörk aftan frá geti hafa valdið áverkum þeim, sem ákært er út af. Hins vegar er sannað, að ákærði Garðar Hafsteinn ók Ívari Arnari, meðákærða í héraði, um Hveragerði í leit að Björgvini Stefáni og ruddist síðan með honum inn á heimili Björgvins Stefáns. Var honum ljóst, að Ívar Arnar var í árásarhug. Einnig verður að telja sannað með framburðum hjónanna Helgu Bjarkar og Björgvins Stefáns, að ákærði Garðar Hafsteinn hafi viðhaft þau stóryrði á árásarstað, að meta verði sem hvatningu í skilningi 22. gr. almennra hegningarlaga. Þykir ákærði með greindu atferli sínu hafa brotið 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga, en málið var reifað fyrir Hæstarétti með tilliti til hlutdeildar, sbr. ákvæði 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Eigi eru ákærðu sóttir til saka fyrir brot á 231. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin varðhald 30 daga, en refsingu skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá birtingu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Eftir atvikum þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um skaðabætur svo og um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða Garðar Hafstein til þess að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.000.00 krónur, og ákærða Ragnar Gunnstein til þess að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.000.00 krónur. Þá ber að dæma ákærðu til þess að greiða óskipt allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærðu, Garðar Hafsteinn Björgvinsson og Ragnar Gunnsteinn Ragnarsson, sæti hvor um sig 30 daga varð-

haldi, en refsingu skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá birtingu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað skulu óröskuð.

Ákærði Garðar Hafsteinn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur, og ákærði Ragnar Gunnsteinn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur. Ákærðu greiði óskipt allan annan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000. krónur.

Dómi þessu ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Árnessýslu 22. mars 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæru, dagsettri 12. janúar 1977, „á hendur Garðari Hafsteini Björgvinssyni skipstjóra, Varmahlíð 27, fæddum 4. maí 1934 á Raufarhöfn, Ívari Arnari Bjarnasyni bifreiðasmið, Reykjamörk 5, fæddum 22. ágúst 1946 á Seltjarnarnesi, og Ragnari Gunnsteini Ragnarssyni verkamanni, Varmahlíð 36, fæddum 12. janúar 1954 í Reykjavík, öllum í Hveragerði.

Ákærðu er gefið að sök að hafa aðfararnótt föstudagsins 19. mars 1976 ruðst inn á heimili Björgvins Gunnarssonar, Laufskógum 11, Hveragerði, og ráðist þar á hann að konu hans og börnum ásjáandi, þannig að ákærði Ívar Arnar sló hann í höfuðið hnefahögg, þannig að úr blæddi, og nefndur Björgvin féll við, og ákærði Garðar sparkaði í bak hans, þar sem hann lá í gólfinu.

Telst atferli Garðars Hafsteins og Ívars Arnars varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en atferli ákærða Ragnars Gunnsteins við 217. gr., sbr. 22. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Fimmtudagskvöldið 18. mars 1976 komu Auðunn Sigurðsson, Eyrarvegi 5 B, Selfossi, Björgvin Gunnarsson, Laufskógum 11, Hveragerði, Viðar Þórhallsson, Varmahlíð 44, Hveragerði, Birgir Ásgeirsson, Kambahrauni 4, Hveragerði, og Örn Þórhallsson, Hveragerði, á heimili ákærða Ívars Arnar Bjarnasonar að Reykjamörk 5, Hveragerði. Er þeir höfðu verið þar um hríð, tóku Birgir og Auðunn að deila, og fór svo, að Auðunn veittist að Birgi, og slógust þeir. Auðunn skýrði svo frá fyrir dómi, að Björgvin Gunnarsson hefði haldið sér, á meðan Birgir lamdi og sparkaði í hann. Vitnið Viðar Þórhallsson kvaðst fyrir dómi hafa skilið þremenningana. Hafi annað hvort Birgir eða Björgvin haldið Auðuni, er hann kom að, og hinn barið Auðun, en ekki hafi hann séð sparkað í hann. Birgir kvaðst ekki hafa slegið eða sparkað í Auðun, Auðunn hafi skyndilega veist að sér og slegið sig í andlit. Hafi hann reynt að stjaka Auðuni frá sér og Björgvin komið að og stöðvað átökin og farið út með Auðun.

Eftir þetta fóru Björgvin og Birgir úr íbúðinni, án þess að frekari illindi yrðu, og sérstaklega aðspurðir kváðust Auðunn og Viðar hér fyrir dómi ekki hafa orðið varir við, að þeir Björgvin og Birgir veittust að húsfreyju, eiginkonu ákærða Ívars Arnars, á einn eða annan hátt. Ekki minntist Aðunn þess, að húsfreyja hefði orð á því við ákærða Ívar Arnar, er hann kom heim til sín síðar um kvöldið, að Björgvin eða Birgir hefðu veist að henni. Hún hafi sagt ákærða Ívari Arnari frá því, að Auðunn hefði verið barinn. Var það nokkru eftir að Björgvin og Birgir voru farnir, að ákærði Ívar Arnar kom heim og með honum ákærði Ragnar Gunnsteinn Ragnarsson. Er ákærðu hafði verið sagt frá slagsmálunum, ákváðu þeir að fara og leita Björgvin og Birgi uppi og gefa þeim tækifæri, „til að slást, maður gegn manni", eins og ákærði Ívar orðaði það í skýrslu sinni fyrir dómi. Fóru þeir ákærðu Ívar Arnar og Ragnar Gunnsteinn út að leita Birgis, en er þeir komu að heimili hans, var allt slökkt þar og ekki svarað, þó bankað væri. Síðan fóru ákærðu heim til Björgvins, en kona hans tjáði þeim, að hann væri ekki heima, er þeir spurðu eftir honum. Hurfu þeir nú á braut og ákváðu að leita ákærða Garðars H. Björgvinssonar og fá hann til að aka með þá um þorpið og leita að Björgvini og Birgi. Fóru þeir nú heim til ákærða Garðars H. Björgvinssonar og sögðu honum, að Auðunn hefði verið „laminn", og var hann fús að koma með þeim, enda þótt hann hefði verið háttaður. Sagði ákærði Garðar fyrir dómi, að honum hefði

verið ljóst, að ákærðu Ívar Arnar og Ragnar Gunnsteinn hafi ætlað að leita Björgvin og Birgi uppi til að lúskra á þeim. Var nú farið um þorpið á bifreið ákærða Garðars, og slóst Björgvin, sonur Garðars, með í förina. Fóru þeir að heimili Björgvins, Laufskógum 11.

Verða nú raktir framburðir ákærðu og vitna:

Ákærði Ívar Arnar kveður þá alla fjóra hafa farið úr bifreiðinni og knúið dyra. Sagði ákærði Ívar Arnar eiginkonu Björgvins frá erindi sínu og ástæðum, en hún kom til dyra. Sagði ákærði konuna hafa neitað því, að Björgvin kæmi út, og hafi spunnist af þessu mikið þvarg, „og reyndum við að útskýra fyrir henni okkar málstað". Í því birtist Björgvin, og var hann á nærklæðum einum fata. Sagði ákærði, að þeir hefðu beðið Björgvin að klæða sig og koma út og skýrðu honum frá erindinu. Sagði ákærði, að kona Björgvins hefði verið nokkuð á báðum áttum um, hvort hún ætti að halda í hurðina og varna þeim inngöngu eða hvort hún ætti að reyna að koma Björgvini í rúmið aftur, og í þessu segir mættur (sic), að þeir hafi stigið inn fyrir dyrnar og hafi þeir allir farið inn, nema Björgvin Garðarsson, sem stóðu í dyrunum. Hafi þeir ákærðu skorað á Björgvin að koma út með sér. Ákærði segir, að kona Björgvins hafi staðið milli sín og Björgvins, og kvaðst hann hafa fært sig aðeins til hliðar, þrifið í nærbol Björgvins, kippt honum að sér og slegið hann eitt högg í höfuðið. Féll Björgvin við höggið og datt á ákærða, og féllu þeir báðir í gólfið, og kveðst ákærði hafa tekið haustaki á Björgvini, sem lenti ofan á, velt honum undir sig og síðan staðið upp. Eftir þetta kveðst ákærði Ívar hafa farið út, en ákærðu Ragnar Gunnsteinn og Garðar komið á hæla sér. Eftir þetta kvaðst ákærði þá hafa farið heim til Birgis og hafi ákærði Ragnar Gunnsteinn einn farið og knúið dyra, en enginn svaraði. Eftir þetta hafi þeir farið aftur á verkstæði ákærða Ívars Arnars, þ. e. Ívar Arnar og ákærði Ragnar Gunnsteinn, en Garðar og Björgvin hafi farið eitthvað annað.

Ákærði Garðar H. Björgvinsson segir svo frá, að er þeir voru að aka fram hjá húsi Björgvins Gunnarssonar, hafi Ragnar Gunnsteinn, sem var í aftursæti, sagt: „Þarna er hann í eldhúsinu". Kveðst mættur (sic) þá hafa hægt á bílnum og um leið hafi ákærði Ívar Arnar stokkið út, áður en bíllinn var stöðvaður að fullu, og rétt um leið tróð ákærði Ragnar Gunnsteinn sér út um dyrnar vinstra megin á bílnum, sem er tveggja dyra, meðan ákærði var að teygja sig í hægri hurðina til að loka henni. Kvaðst ákærði Garðar hafa séð, að ákærði Ívar Arnar opnaði dyrnar og

fór aðeins inn fyrir, en ákærði, Ragnar Gunnsteinn stóð á móts við dyrastafinn. Mættur (sic) segist muna, að konan ýtti á bringu Ívars Arnars, en hann hafi gengið inn þrátt fyrir það, og hörfaði konan þá undan og til hliðar. Er þetta gerðist, var Björgin Gunnarsson kominn fram á upphækkaðan dyrapall, sem er þar í ganginum. Sagði ákærði, að er þetta var að gerast, hafi hann verið kominn rétt inn fyrir dyrnar og staðið á móts við hurðarhúninn. Telur hann, að ákærði Ragnar Gunnsteinn hafi hindrað konuna í að hreyfa sig með því að standa fyrir henni og ýta á öxl hennar. Kveðst hann þá hafa sagt „strákar hættið þið þessu, við skulum geyma þetta til morguns", og kveður þessi orð vera þau einu, er hann hafi sagt í húsinu. Þá tekur hann fram, að Björgvin, sonur sinn, hafi verið fyrir aftan sig og aldrei farið inn í húsið. Rétt um leið og ákærði sagði áðurgreind orð, kveðst hann hafa séð, að Ívar Arnar reif í bol Björgvins og sló hann eitt högg í höfuðið. Við þetta virtist Björgvin hrasa á öxl Ívars Arnars, sem féll aftur fyrir sig, og féllu þeir báðir á gólfið, og lenti Björgvin á bakinu, en Ívar Arnar á hægri hliðinni. Kvaðst hann hafa stokkið út, um leið og þetta gerðist, og þeir ákærðu Ívar Arnar og Ragnar Gunnsteinn komið á hæla honum. Eftir þetta ók ákærði Ívari Arnari og Ragnari Gunnsteini heim á leið.

Ákærði Ragnar Gunnsteinn segir svo frá, að ákærði Ívar Arnar hafi talið, að Björgvin væri þar heima, og ætlað að vaða inn í húsið, en það var læst. Fór ákærði Ragnar Gunnsteinn einnig að dyrunum og ætlaði inn. Bankaði ákærði Ívar Arnar upp, og kom kona Björgvins til dyra, spurði ákærði Ívar Arnar eftir Björgvini, en hún sagði, að hann væri ekki heima. Hafi Ívar Arnar sagt, að hann vissi, að Björgin væri heima, og heimtaði að fá að tala við hann. Ýtti hann síðan konunni til hliðar, og í því kom Björgvin fram í nærfötunum. Skipaði Ívar Arnar honum að koma út og sagðist þurfa að berja hann. Björgvin kvaðst ekki mundu koma út og bað þá um að fara út, en þeir hlýddu því ekki. Bað Björgvin þá konu sína að hringja á lögregluna, og var hún á leið til þess, þegar ákærði Ívar Arnar rauk á Björgvin, og þeir féllu báðir í gólfið. Í sama mund gerðist það, að ákærði Garðar Björgvinsson kom inn í húsið og tvö börn birtust þarna. Garðar Björgvinsson sagði eitthvað á þá leið „komið honum frekar út, af því börnin eru þarna". Í sama mund kom Björgvin Garðarsson, sonur Garðars, í dyrnar og bað föður sinn að koma út og vera ekki að skipta sér af þessu, og hlýddi Garðar því og fór út. Skömmu síðar fór

ákærði Ragnar Gunnsteinn út. Fljótlega kom svo ákærði Ívar Arnar út úr húsinu, og fóru þeir á brott á bíl ákærða Garðars.

Vitnið Björgvin Stefán Gunnarsson, Laufskógum 11, Hveragerði, skýrði svo frá, að einhvern tíma um nóttina hefði hann vaknað við hávaða frammi í forstofu. Hafi hann farið fram og ákærðu Ívar Arnar og Garðar Björgvinsson hafi ráðist að sér og Ívar Arnar slegið sig í höfuðið. Það næsta, er hann kvaðst muna, var, að hann lá á gólfinu og hélt um höfuð Ívars Arnars og hélt honum niðri. Fann hann, að sparkað var í hann aftan frá, og komu höggin í höfuð, bak og fætur hans. Síðan segir hann, að þrifið hafi verið til hans og bolur, sem hann var í, rifinn í tætlur. Hann kveðst hafa sleppt tökum á ákærða Ívari Arnari og staðið á fætur og muni það hafa verið ákærði Garðar, sem sparkað hafi í sig, hann hafi staðið hjá sér. Ýtti Björgvin ákærða Garðari út úr húsinu, en ákærði Ívar Arnar hafi skrönglast út, hálfgert á fjórum fótum, en kona hans hafi komið Ragnari Gunnnsteini út. Að lokum hringdi hann í lögregluna. Hann kvað ákærða Garðar Björgvinsson hafa sagt: „Farðu inn með börnin, við erum komnir hér til þess að ganga frá Björgvin". Taldi hann, að ákærði Garðar hefði sagt þetta, meðan hann var að sparka í sig. Þá sagði hann og, að ákærði Garðar hefði sagt, eftir að búið var að koma honum út, að þeir mundu koma seinna og drepa hann.

Vitnið Helga Björk Björnsdóttir, eiginkona Björgvins, skýrði svo frá, að um kl. 0230 hafi ákærðu komið. Vissi hún ekki fyrr til en þeir voru komnir inn í húsið. Létu ákærðu Ragnar Gunnsteinn og Ívar Arnar dólgslega, heimtuðu að fá að tala við mann vitnisins og sögðust ætla að jafna um hann. Vitnið vildi ekki leyfa þeim það og stóð fyrir þeim fyrir framan svefnherbergið, þar sem Björgvin svaf. Af þessu varð mikill hávaði, og vaknaði Björgvin og kom fram, en stóð að baki vitnisins. Í því kom ákærði Garðar Björgvinsson inn, virtist vitninu hann hafa orð fyrir árásarmönnunum, og heimtaði hann að fá Björgvin út, svo þeir gætu gengið frá honum þar. Sagði ákærði Garðar vitninu að taka börnin og koma sér frá með þau, svo þau þyrftu ekki að horfa upp á það, er þeir gengju frá honum.

Það skipti svo engum togum, að ákærði Ívar Arnar ýtti vitninu frá, náði til Björgvins og svipti honum niður, að því er vitnið telur með aðstoð ákærða Ragnars Gunnsteins, en á meðan þeir Ívar Arnar og Björgvin lágu í gólfinu, tókst henni að koma ákærðu Garðari og Ragnari Gunnsteini út, og síðan tókst þeim

hjónum sameiginlega að koma ákærða Ívari Arnari út. Vitnið kvað Björgvin Garðarsson hafa komið í dyrnar, en ekki tekið þátt í aðförinni.

Er lögreglan hafði komið á staðinn, var kallað á lækni, og samkvæmt vottorði hans á dskj. nr. 5 hafði Björgvin áverka á andliti, skurð undir vinstra auga og fleiður á nefi, sem læknirinn sá og bjó um með saumum og umbúðum.

Björgvin Gunnarsson hefur krafist þess, að ákærðu verði dæmdir in solidum til að greiða honum kr. 475.000 í bætur og sundurliðar kröfuna þannig:

1. Greitt vegna læknishjálpar ..... kr. 5.000
2. Bætur fyrir lýti og miska ..... — 450.000
3. Greitt fyrir lögfræðiaðstoð ..... — 20.000

Með kröfubréfi vegna þessa fylgir vottorð Þórhalls B. Ólafssonar héraðslæknis, en skv. því hefur Björgvin ca 1 cm langt ör á anliti neðan v. auga. Vottorð þetta er dagsett 23. febrúar 1977.

Niðurstaða.

Með hliðsjón af gögnum máls þessa þykir sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um háttsemi þá, sem þeim er gefin að sök í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Með hliðsjón af atvikum öllum, og þegar tillit er til þess tekið, að ákærðu ruddust inn á heimili Björgvins Gunnarssonar um hánótt og veittu honum áverka að konu hans og börnum ásjáandi, þykir rétt að dæma ákærðu in solidum til greiðslu skaðabóta, sem ákveðast kr. 270.000.

Ákærðu hafa eigi áður sætt kærum eða refsingum fyrir hegningarlagabrot.

Þykir refsing ákærða Ívars Arnars hæfilega ákveðin fangelsi í einn mánuð og kr. 50.000 í sekt til ríkissjóðs.

Refsing ákærða Garðars Björgvinssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi í einn mánuð og kr. 30.000 í sekt til ríkissjóðs.

Refsing ákærða Ragnars Gunnsteins Ragnarssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi í einn mánuð og kr. 30.000 sekt til ríkissjóðs.

Fangelsisrefsingu ákærðu skal fresta og hún ekki koma til framkvæmda vegna hvers um sig, haldi hann í 3 ár frá birtingu dóms þessa almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 27/1955.

Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á

meðal launa skipaðs verjanda síns, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, kr. 60.000.

Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði Ívar Arnar Bjarnason sæti fangelsi í 1 mánuð og greiði kr. 50.000 í sekt til ríkissjóðs.

Ákærði Garðar Hafsteinn Björgvinsson sæti fangelsi í 1 mánuð og greiði kr. 30.000 í sekt til ríkissjóðs.

Ákærði Ragnar Gunnsteinn Ragnarsson sæti fangelsi í 1 mánuð og greiði kr. 30.000 í sekt til ríkissjóðs.

Fangelsisrefsingu ákærðu skal frestað og hún ekki koma til framkvæmda vegna hvers um sig, haldi hann í 3 ár frá birtingu dóms þessa almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu greiði in solidum Björgvini Gunnarssyni kr. 270.000 í skaðabætur. Enn fremur greiði ákærðu allan kostnað sakarinnar, þ. á m. laun skipaðs verjanda síns, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, kr. 60.000.

Dómi þesum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. mars 1982.

Nr. 210/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ragnari Ingimundi Ágústssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ökuhraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað málinu að ósk ákærða með

stefnu 15. september 1981, en því er einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip máls barst Hæstarétti 30. desember 1981.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, „að héraðsdómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að refsing ákærða verði þyngd."

Verjandi krefst þess, að ákærði verði dæmdur sýkn af kröfum ákæruvalds í málinu og sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ. á m. málsvarnarlaun honum til handa.

Lögreglumenn þeir tveir, er veittu ákærða eftirför og stöðvuðu bifreið hans aðfaranótt 7. desember 1980, eru samsaga um ofsalegan akstursbraða ákærða á allri þeirri leið, er hann ók, meðan á eftirförinni stóð. Þeir skýrðu báðir svo frá í lögregluskýrslu, dagsettri 7. desember 1980, að ákærði hefði gengist við því fyrir þeim að hafa ekið á allt að 90 km hraða miðað við klukkustund í umrætt skipti. Hafa þeir báðir staðfest þá skýrslu í lögregluranns6kn, er síðan fór fram, og annar þeirra einnig í dómi. Eigi er samræmi í hvívetna í framburðum lögreglumannanna. Þegar framburðir þeirra eru virtir í heild sinni og jafnframt er höfð hliðsjón af skýrslum þeirra um frásögn ákærða af akstursbraða sínum, þykir allt um það ekki varhugavert að telja ákærða sannan að sök um að hafa ekið yfir lögleyfðu akstursbámarki í umrætt skipti, þótt ekki verði fullyrt nákvæmlega, hver akstursbraðinn hafi verið.

Brot ákærða eru réttilega færð til refsiákvæða í hinum áfrýjaða dómi, þó svo, að tilvitnun til 3. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 á við 4. mgr. 50. gr., og enn fremur ber að vitna til 1. mgr. 50. gr. til laga nr. 16/1977, 1. gr. Refsing ákærða þykir með vísan til sakaferils hans hæfilega ákveðin 2.500.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ríkissaksóknari hefur horfið hér fyrir dómi frá kröfu um ökuleyfissviptingu, og kemur sú krafa því eigi til álita.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Ingimundur Ágústsson, sæti 2.500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. ágúst 1981.

Ár 1981, föstudaginn 14. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 353/1981: Ákæruvaldið gegn Ragnari Ingimundi Ágústssyni, sem tekið var til dóms þann 10. ágúst sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. apríl sl., á hendur ákærða, „Ragnari Ingimundi Ágústssyni bifreiðastjóra, Þykkvabæ 21 í Reykjavík, fæddum 25. desember 1952 þar í borg, fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 7. desember 1980 ekið bifreiðinni R 8988 með allt að 125 kílómetra hraða miðað við klukkustund í náttmyrkri norður Kringlumýrarbraut í Reykjavík á vegarkafla frá Nesti í Fossvogi að Sléttuvegi.

Telst þetta varða við 1., 2. og 3. mgr. a og b lið 49. gr., 1. mgr., sbr. 3. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og samþykkt nr. 318/1977 um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Sunnudaginn 7. desember sl., um kl. 0324, voru lögreglumennirnir Eðvarð Árnason og Hilmar Harðarson úr Kópavogi á eftirlitsferð í lögreglubifreiðinni Y 3031, er þeir veittu athygli bifreið ákærða, sem ekið var allhratt vestur Fífuhvammsveg og beygt norður Hafnarfjarðarveg. Segir síðan í frumskýrslu lögreglumannanna, að bifreiðinni hafi verið veitt eftirför, en ekki hafi tekist að stöðva hana fyrr en á gatnamótum Miklubrautar. Hafi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar sýnt allt að 125 km hraða miðað við klukkustund, en þó hafi dregið í sundur með bifreiðunum. Er í frumskýrslu bókað eftir ákærða, að hann hafi ekki ekið hraðar en 90 km á klst. Er síðan bókað, að náttmyrkur hafi verið, bleyta og nokkur umferð.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 2. febrúar sl. Kvaðst ákærði hafa verið í verkefni á Fífuhvammsvegi í Kópavogi. Hafi hann ekið um Fífuhvammsveg og síðan norður Hafnarfjarðarveg. Kvaðst ákærði síðan hafa ekið Kringlumýrarbraut á 60 km hraða miðað við klst. Ákærði kom fyrir dóm þann 6. apríl sl. og skýrði þá frá atvikum á sama hátt.

Vitnið Eðvarð Lárus Árnason lögregluvarðstjóri gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 2. febrúar sl. Kvaðst vitnið hafa verið statt í lögreglubifreið á Hafnarfjarðarvegi, er það veitti athygli bifreið ákærða, þar sem henni var ekið af Fífuhvammsvegi og norður Hafnarfjarðarveg. Hafi bifreiðinni verið ekið mjög hratt norður Hafnarfjarðarveg, áfram Kringlumýrarbraut að Miklubraut. Kvað vitnið, að ekki hafi tekist að mæla hraða bifreiðarinnar, en við eftirförina hafi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar sýnt, að ekið var með 125 km hraða miðað við klst., en þó hafi dregið í sundur með ökutækjunum. Kvað vitnið, að ákærði hefði talið sig hafa ekið á 90 km hraða.

Vitnið gaf aftur skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 31. mars sl. Skýrði vitnið þá nánar frá hraðamælingunni og kvað lögreglubifreiðinni hafa verið ekið eins hratt og hægt var. Hafi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar sýnt 125 km hraða á Kringlumýrarbraut frá Nesti að Sléttuvegi, en þó hafi ekki dregið saman með bifreiðunum.

Vitnið kom fyrir dóm þann 10. ágúst sl. og kvaðst þá ekki alveg muna, hver hraði bifreiðarinnar mældist, en það hafi verið yfir 100 km, sennilega 120 km hraði miðað við klst. Vitnið kvað, að á kaflanum Kópavogsmegin við Nesti og upp undir Sléttuveg hafi tekist að halda jöfnu bili milli bifreiðanna. Er vitninu var bent á misræmi í framburði þess varðandi þetta atriði, taldi það, að

ekki hafi tekist að halda jöfnu bili milli bifreiðanna, enda væri langt um liðið frá atburðinum. Vitnið kvað akstur ákærða hafa verið með því svæsnasta, sem það hafi séð. Vitnið kvaðst vera visst um, að lögreglubifreiðin hafi verið á norðanverðri Arnarneshæð, er lögreglumennirnir tóku eftir bifreið ákærða. Vitnið kvað dagsetningu og tímasetningu á frumskýrslu eiga við tímasetningu atviksins, en ekki sé skráð, hvenær skýrslan sé gerð. Vitnið kvaðst ekki muna eftir afskiptum af öðrum bifreiðum þessa nótt, en taldi útilokað, að ruglingur hefði getað orðið við skýrslugerð. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort ekið var fram úr öðrum bifreiðum, en taldi umferð hafa verið litla. Vitnið taldi sig ekki geta sagt til með nákvæmni um fjarlægðina milli bifreiðanna.

Vitnið Hilmar Harðarson lögreglumaður gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 6. febrúar sl. og kom fyrir dóm þann 5. ágúst sl. Kvað vitnið, að reynt hafi verið að halda jöfnu bili milli bifreiðanna, en alltaf hafi dregið í sundur með þeim. Kvað vitnið, að á vegarkaflanum frá nyrðri brúnni að Nesti í Fossvogi hafi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar sýnt allt að 125 km hraða miðað við klst., en samt hafi dregið í sundur með bifreiðunum. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um fjarlægðina milli bifreiðanna. Kvað vitnið, að þeir hefðu aldrei misst sjónar á bifreiðinni, en ekki hafi tekist að stöðva hana fyrr en á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Vitnið kvað umferð hafa verið þó nokkra og í meira lagi miðað við næturumferð. Vitnið kvað ákærða hafa ekið á hægri akrein, en ekki kvaðst vitnið muna, hvort ákærði ók fram úr öðrum bifreiðum. Vitnið kvað ákærða hafa viðurkennt að hafa ekið á 90 km hraða. Vitnið kvað lögreglubifreiðina hafa verið stadda á Fífuhvammsvegi, er þeir veittu bifreið ákærða athygli. Vitnið kvað hraða lögreglubifreiðarinnar á vegarkaflanum frá Nesti að Sléttuvegi hafa verið minni en 125 km, en ekki kvaðst vitnið geta sagt nánar til um hraðann á þessum kafla.

Niðurstöður.

Enda þótt ýmislegt beri á milli í framburðum lögreglumannanna í máli þessu, eru þeir sammála um það, að ákærði ók umræddan vegarkafla verulega greitt, og taldi annar lögreglumaðurinn akstur sinn vera með því svæsnasta, er hann hefði séð. Með tilliti til þess, hvernig að mælingunni var staðið, verður þó ekki fullyrt, hversu hratt ákærði ók. Með hliðsjón af framburði lögreglumannanna verður þó að telja sannað, að ákærði hafi ekið langt yfir

leyfilegum hámarkshraða í náttmyrkri á nefndri leið og því gerst sekur um mjög vítaverðan akstur. Þykir brot ákærða rétt fært til refsiákvæða í ákæruskjali.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

1971 14/10 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 25., 26. og 37. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði.

1978 1/3 í Reykjavík: Sátt, 40.000 kr. sekt fyrir brot á 219. gr. hegningarlaga og 49. gr. umferðarlaga.

1978 15/11 í Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 27. gr. laga nr. 39/1941. (Sæti upptöku á talstöð, Aircommand CB 140, 40 rása).

1980 í Reykjavík: Dómur: 60.000 kr. sekt fyrir brot á 49. og 50. gr. umferðarlaga.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1.200.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 4 daga.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir hann hafa unnið til ökuleyfissviptingar, svo sem krafist er í ákæruskjali, sbr. 81. gr. umferðarlaga. Þann 10. febrúar sl. ákvað lögreglustjórinn í Reykjavík að svipta ákærða ökuréttindum til bráðabirgða, og var sú ákvörðun birt ákærða þann 26. febrúar sl. Ákærði óskaði úrskurðar sakadóms Reykjavíkur um ofangreinda bráðabirgðasviptingu, og féll úrskurður þann 11. mars sl., og var ákvörðun lögreglustjórans staðfest. Úrskurði þessum var skotið til Hæstaréttar Íslands, sem með dómi, uppkveðnum þann 17. mars sl., felldi úrskurðinn og bráðabirgðaökuleyfissviptinguna úr gildi.

Með hliðsjón af málavöxtum öllum þykir rétt að láta við svo búið standa og gera ákærða ekki frekari ökuleyfissviptingu en þegar er orðin.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Ingimundur Ágústsson, greiði 1.200.00

króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 4 daga.

Ákærða verður ekki gerð frekari ökuleyfissvipting.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.000.00.

Föstudaginn 19. mars 1982.

Nr. 183/1980. **Erla Guðmundsdóttir**
(Guðmundur Markússon hrl.)
gegn
Hallgrími B. Geirssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Víxilmál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1980. Krefst hún sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Sigurður Jónsson hefur ekki áfrýjað héraðsdómi.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 11. mars 1980. Greinargerð kom fram af hálfu áfrýjanda 25. mars s. á., og segir þar m. a. um víxla, sem stefndi krefst, að áfrýjandi greiði: „... þeir urðu ekki útgefnir, svo sem afsögn á þeim ber með sér, og ber því að sýkna ... af öllum kröfum". Þegar málið var munnlega flutt á bæjarþinginu 2. júní 1980, var bókað eftir lögmanni áfrýjanda: „Hann studdi sýknukröfu sína þeim rökum, að víxill pr. 1/12'79 hafi ekki verið

formlega gildur við afsögn og víxill pr. 1/2'80 hafi upphaflega verið dags. '79, en síðan breytt án heimildar og hafi því ekki víxilgildi, þar sem gjalddagi sé raunverulega á undan útgáfudegi."

Framangreind orð lögmanns áfrýjanda í greinargerð fyrir héraðsdómi eru ekki skýr, en bókunin á bæjarþingi 2. júní 1980 er um atriði, sem koma má að til varnar í víxilmálum eftir 2. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Þegar haft er í huga, að lögmaður áfrýjanda hafði í greinargerð sinni vikið að því, sem við munnlegan flutning var borið fram sem vörn í málinu, þykir eiga að fjalla efnislega um vörnina.

Stefndi krefur áfrýjanda um greiðslu tveggja víxla. Hinn fyrri er að fjárhæð 130.000 gkr. og gjalddagi hans 1. desember 1979. Tilgreint er, að útgáfudagur sé 1. ágúst 1979 og að víxillinn hafi verið afsagður 4. desember það ár. Víxlinum fylgir afsagnargerð, þar sem segir, að viðfestur víxill hafi verið afsagður fyrrgreindan dag, en eyða er fyrir útgáfudegi. Þegar þetta er haft í huga, verður að leggja til grundvallar þá staðhæfingu áfrýjanda, að útgáfudagurinn hafi verið ritaður á eyðublaðið eftir afsögn. Samkvæmt 1. og 2. gr. víxillaga nr. 93/1933 hefur skjal ekki víxilgildi nema útgáfudags sé getið. Það hafði þess vegna ekki víxilgildi 4. desember 1979. Lögleg víxilafsögn hefur af þeim sökum engin farið fram. Áfrýjandi hefur ritað sem útgefandi á víxileyðublaðið, og verður hann ekki krafinn um greiðslu víxils þessa, þar sem afsögn fór ekki fram, sbr. 53. gr. víxillaga.

Síðari víxillinn, sem stefndi krefur áfrýjanda um greiðslu á, er eins og hinn fyrri að fjárhæð 130.000 gkr. Tilgreint er, að útgáfudagur sé 1. ágúst 1979 og að afsögn hafi farið fram 4. febrúar 1979. Víxlinum fylgir afsagnargerð, þar sem segir, að viðfestur víxill hafi verið afsagður 4. febrúar 1980, en hann hafi verið gefinn út 1. ágúst 1979. Af skjalinu sjálfu er ljóst, að ártali gjalddaga hefur verið breytt í 1980, en ekki er fullljóst, hvaða ártal var upprunalega ritað. Dæma verður um skuldbindingu áfrýjanda samkvæmt skjali þessu eftir því, hvernig það nú liggur fyrir Hæstarétti, enda hafa engar frekari skýringar komið fram. Hvorki er í ljós leitt, að víxil-

skuldarar hafi staðið að breytingu þeirri á gjalddaga, sem greind var, né er fram komið samkvæmt framansögðu, að afsagt hafi verið með löglegum hætti. Verður því að sýkna áfrýjanda af kröfu stefnda um greiðslu þessa víxils.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 4.000.00 nýkr.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Erla Guðmundsdóttir, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Hallgríms B. Geirssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda 4.000.00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og Magnúsar Þ. Torfasonar

Mál þetta var þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur 11. mars 1980. Greinargerð af hendi áfrýjanda kom fram á bæjarþingi 25. mars 1980. Málið var munnlega flutt og dómtekið 2. júní s. á.

Fyrir Hæstarétti reisir áfrýjandi dómkröfur sínar á því, að ekki hafi verið ritaður útgáfudagur á víxlana, sem málið er risið af, þegar þeir voru afsagðir. Hafi þeir því ekki fullnægt formkröfum 7. tl. 1. gr., sbr. 1. mgr. 2. gr. víxillaga nr. 93/1933. Virðist áfrýjandi telja, að þar sem víxlarnir hafi ekki víxilgildi, þegar þeir voru sýndir til greiðslu og afsagðir, sé sýningin og afsagnargerðirnar marklausar og víxilréttur glataður gagnvart henni vegna vangeymslu. Að því er annan víxilinn varðar er því enn fremur haldið fram, að gjalddaga hans hafi verið breytt heimildarlaust úr 1. febrúar 1979 í 1. febrúar 1980, eftir að afsagnargerð hafi farið fram 4. febrúar 1979. Sá víxill sé því gallaður að formi, þar sem hinn upphaflegi gjalddagi, sem hér eigi að miða við, sé

fyrri dagur en sá útgáfudagur, sem á víxilinn hafi verið ritaður.

Í greinargerð, sem lögð var fram í héraðsdómi af hæstaréttarlögmanni þeim, sem þá fór með málið fyrir áfrýjanda, var sú málsvörn ein höfð uppi, að sagt var um fjóra víxla, sem talið er í greininni, að málið taki til, að „þeir urðu ekki útgefnir, svo sem afsögn á þeim ber með sér, og ber því að sýkna umbj. m. af öllum kröfum." Það verður ekki talið fullvíst, að hér geti verið átt við víxla þá, sem þetta mál er af risið, þar sem þeir eru aðeins tveir að tölu og báðir út gefnir. Verður því þegar af þeirri ástæðu að miða við það, að málsástæður þær, sem áfrýjandi færir fram fyrir Hæstarétti sýknukröfu sinni til framdráttar, hafi ekki komið fram fyrr en við munnlegan flutning máls fyrir héraðsdómi.

Víxill sá, sem áfrýjandi heldur fram, að hafi verið heimildarlaust breytt, ber þess ljós merki, að áritun um gjalddaga 1. febrúar 1980 er breyting á upphaflega árituðum gjalddaga. Í afsagnargerð, sem fest er við víxilinn, er hann sagður afsagður vegna greiðslufalls 4. febrúar 1980 og honum meðal annars lýst þannig, að hann sé samþykktur af „Sig. J. Vesturbraut 13". Á bakhlið víxilsins er hins vegar áritun notarii publici í Reykjavík um, að hann sé „afsagður sökum greiðslufalls 4. feb. 1979 kl. 17", og áritun samþykkjandans á víxilinn er: „Sigurður Jónsson". Fær hvorugt þetta samrýmst hinni framlögðu afsagnargerð. Loks er það, að á víxilinn er ritað, að hann hafi verið greiddur í Landsbanka Íslands 14. desember 1979, þ. e. löngu fyrir gjalddaga og þann afsagnardag, sem greindur er í afsagnargerðinni.

Samkvæmt framansögðu er svo stórvægilegt ósamræmi í sóknargögnum stefnda varðandi umræddan víxil, að vísa ber kröfum hans sjálfkrafa frá héraðsdómi vegna vanreifunar að því er þennan víxil varðar.

Málsástæða sú, sem áfrýjandi færir fram sýknukröfu sinni til framdráttar varðandi hinn víxilinn, var ekki skýrlega höfð uppi fyrr en við munnlegan flutning máls fyrir héraðsdómi, svo sem fyrr var sagt. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður að telja, að hún hafi verið of seint fram borin. Og þar sem áfrýjandi hefur ekki haft uppi aðrar

varnir fyrir Hæstarétti varðandi víxil þennan, teljum við, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm að því er hann varðar að öðru leyti en því, að krafa um bankakostnað verður ekki tekin til greina.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Samkvæmt framansögðu teljum við, að dæma beri áfrýjanda til að greiða stefnda 1.300.00 nýkr. með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. desember 1979 til greiðsludags og 21.00 nýkr. í afsagnarkostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1980.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. júní sl., hefur Hallgrímur B. Geirsson héraðsdómslögmaður, Vesturgötu 17, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 28. febrúar 1980, gegn Sigurði Jónssyni, Laugarnesvegi 42, Reykjavík, og Erlu Guðmundsdóttur, Hólabraut 12, Keflavík, in solidum til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 260.000 með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 130.000 frá 1. desember 1979 til 1. febrúar 1980, en af kr. 260.000 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 2.760 í bankakostnað, kr. 2.100 í afsagnarkostnað, og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu Erlu var skilað greinargerð þann 25. mars sl. og gerð krafa um sýknu af kröfum stefnanda og málskostnað að mati réttarins.

Af hálfu stefnda Sigurðar hefur ekki verið sótt þing.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Skuldina kveður stefnandi vera skv. tveimur víxlum, hvorum að fjárhæð 130.000, báðum útgefnum í Reykjavík 1. ágúst 1979 af stefndu Erlu og framseldum eyðuframsali af sömu, en samþykktum af stefnda Sigurði til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, með gjalddaga 1. desember og 1. febrúar 1980 (sic í stefnu, en fyrri víxillinn er með gjalddaga 1. desember 1979). Víxlarnir hafi verið afsagðir vegna greiðslufalls 4. desember og 4. febrúar 1980 (sic í stefnu, en fyrri víxillinn er afsagður 4. desember 1979, sbr. viðfesta afsagnarnótu).

III.

Stefnandi byggir kröfu sína á framlögðum víxlum. Málið sé rekið sem víxilmál og fái aðrar varnir en víxilvarnir ekki komist að í máli þessu. Varnarástæður stefndu Erlu, sem fyrst komu fram við munnlegan málflutning, þ. e. að víxill pr. 1. desember 1979 hafi ekki verið formlega gildur við afsögn og að gjalddaga víxils pr. 1. febrúar 1980 hafi verið breytt úr 1. febrúar 1979 og víxillinn sé þannig ekki gildur víxill, séu of seint fram komnar og fái ekki komist að í málinu auk þess sem þessar staðhæfingar séu rangar og ósannaðar.

Í greinargerð sinni styður stefnda Erla sýknukröfu sína þeim rökum, að hér sé um mál út af 4 víxlum (sic í stefnu) að ræða fyrir húsnæði, sem skjólstæðingur stefnanda, Björgvin Eiríksson, hafi lofað að leigja, en hafi nánast ekki orðið að veruleika vegna vanefnda leigusalans. Húsaleigan skyldi greidd með víxlum, en þeir hafi ekki verið út gefnir (sic í stefnu), svo sem afsögn þeirra beri með sér, og beri því að sýkna stefndu Erlu af öllum kröfum.

Við munnlegan málflutning var sýknukrafa stefndu Erlu studd þeim rökum, að víxill pr. 1. desember 1979 hafi ekki verið formlega gildur við afsögn, þar sem ekki hafi verið skráður á hann útgáfudagur. Skjalið verði að vera orðið víxill við afsögn, sbr. 38. gr. víxillaga. Dómur hafi gengið um þetta efni á bæjarþingi Hafnarfjarðar.

Víxill með gjalddaga 1. febrúar 1980 hafi upphaflega verið skráður með gjalddaga 1. febrúar 1979, en síðan hafi því verið breytt án heimildar og hafi skjalið því ekki víxilgildi, þar sem gjalddagi sé raunverulega á undan útgáfudegi.

Varnir þessar séu ekki of seint fram komnar og séu í raun ex officio málsástæður vegna hinna ströngu skilyrða víxillaga. Stefnda Erla hafi í upphafi haft annan lögmann í málinu og sé núverandi umboðsmaður hennar kominn seint inn í málið og hafi því ekki haft tök á því að koma með þessar málsástæður fyrr. Í raun hafi stefnandi samþykkt þessar málsástæður, þar sem fyrri ræða hans hafi m. a. byggst á þessum nýju varnarástæðum stefndu Erlu.

IV.

Stefnandi hefur lagt fram tvo víxla, sem eru formlega réttir og í samræmi við málavaxtalýsingu hans, enda þykir mega líta svo á varðandi lýsingu á gjalddaga og afsögn fyrra víxilsins, að átt sé við desember 1979.

Gegn andmælum stefnanda verður þeirri málsástæðu stefndu Erlu ekki komið að í máli þessu, að víxlarnir hafi ekki verið formlega réttir, enda mátti koma þeim málsástæðum að þegar í upphafi málsins, en var fyrst haldið fram við munnlegan málflutning, sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936, i. f.

Enn fremur verður þeim vörnum, sem varða viðskiptin að baki víxlanna, ekki komið að í máli þessu gegn andmælum stefnanda, þar sem málið er rekið sem víxilmál.

Samkvæmt framansögðu ber því að taka kröfur stefnanda á hendur stefndu Erlu til greina að öllu leyti.

Eins og áður greinir, var ekki sótt þing af hálfu stefnda Sigurðar, og er honum þó löglega birt stefna. Verður þá skv. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið gagnvart honum skv. framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans á hendur þessum stefnda teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 188.000.

Sigríður Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan, en uppkvaðning hans hefur dregist nokkuð vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Jónsson og Erla Guðmundsdóttir, greiði in solidum stefnanda, Hallgrími B. Geirssyni héraðsdómslögmanni, kr. 260.000 með 4½% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 130.000 frá 1. desember 1979 til 1. febrúar 1980, en af kr. 260.000 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 2.760 í bankakostnað, kr. 2.100 í afsagnarkostnað og kr. 188.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. mars 1982.

Nr. 184/1980. **Erla Guðmundsdóttir**
(Guðmundur Markússon hrl.)
gegn
Hallgrími B. Geirssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1980. Hún gerir þær dómkröfur, að hún verði sýknuð af kröfum stefnda í málinu og henni dæmdur málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Sigurður Jónsson, sem stefnt var til varnaraðildar í héraði, hefur ekki áfrýjað héraðsdóminum af sinni hálfu.

Svo sem greinir í héraðsdómi, var mál þetta upphaflega höfðað sem tvö mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Annað þeirra, bæjarþingsmálið nr. 6955/1979, var höfðað til heimtu 3 víxla með gjalddögum 1. ágúst, 1. september og 1. október 1979. Það mál var þingfest á bæjarþinginu 23. október 1979, en greinargerð af hálfu áfrýjanda lögð fram á dómþingi 20. nóvember 1979. Í því máli var sótt þing af hálfu áfrýjanda við þingfestingu og síðari þinghöld.

Hitt málið, bæjarþingsmálið nr. 7239/1979, var höfðað til heimtu víxilsins með gjalddaga 1. nóvember 1979. Í því var ekki sótt þing af hálfu áfrýjanda fyrr en 11. febrúar 1980. Kom greinargerð í því máli fram af hennar hendi þann dag.

Málin voru síðan sameinuð með heimild í 117. gr. laga nr. 85/1936 á dómþingi 19. febrúar 1980 og málið munnlega flutt og dómtekið 2. júní s. á.

Fyrir Hæstarétti reisir áfrýjandi dómkröfur sínar alfarið

á því, að ekki hafi verið ritaður útgáfudagur á víxlana, sem málið er risið af, þegar þeir voru afsagðir. Hafi þeir því ekki fullnægt formkröfum 7. tl. 1. gr., sbr. 1. mgr. 2. gr. víxillaga nr. 93/1933. Virðist áfrýjandi telja, að þar sem víxlarnir hafi ekki haft víxilgildi, þegar þeir voru sýndir til greiðslu og afsagðir, séu afsagnargerðirnar marklausar og víxilréttur glataður gagnvart henni vegna vangeymslu.

Framangreindri málsvörn var ekki hreyft fyrr en við munnlegan flutning máls í héraði 2. júní 1980. Hefði þó verið til þess sérstakt tilefni að gera það miklu fyrr, þar sem Sigurður Jónsson, sem einnig var stefnt til greiðslu víxlanna, hafði uppi frávísunarkröfu á því reista, að skjölin hefðu ekki víxilgildi. Var málið flutt sérstaklega um þá kröfu 3. mars 1980, án þess að áfrýjandi hreyfði neinum athugasemdum um, að formgallar á víxlunum hefðu leitt til þess, að þeir væru ekki réttilega afsagðir og víxilábyrgð hennar því fallin niður. Var frávísunarkröfunni síðan hrundið með úrskurði 12. mars 1980, sem ekki var kærður til Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður að telja, að málsvörn áfrýjanda, sú sem að framan greinir, hafi verið of seint fram borin. Og þar sem áfrýjandi hefur ekki uppi aðrar ástæður fyrir kröfum sínum fyrir Hæstarétti, svo sem áður var sagt, verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur að því er varðar áfrýjanda að öðru leyti en því, að krafan um bankakostnað verður ekki tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 3.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Erla Guðmundsdóttir, á að vera sýkn af framangreindri kröfu stefnda, Hallgríms B. Geirssonar, um bankakostnað.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði stefnda 3.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1980.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. júní sl., hefur Hallgrímur B. Geirsson héraðsdómslögmaður, Vesturgötu 17, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 11. og 15. október 1979, á hendur Sigurði Jónssyni, Vesturbraut 13, Hafnarfirði, og Erlu Guðmundsdóttur, Hólabraut 12, Keflavík.

Jafnframt höfðaði stefnandi mál á hendur þessum sömu aðiljum með áskorunarstefnu, birtri 13. og 17. nóvember 1979. Mál það var þingfest 27. nóvember sl. sem bæjarþingsmálið nr. 7239/1979: Hallgrímur B. Geirsson hdl. gegn Sigurði Jónssyni og Erlu Guðmundsdóttur. Það var síðan sameinað þessu máli.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða sér in solidum kr. 520.000 með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 130.000 frá 1. ágúst 1979 til 1. september s. á., en af kr. 260.000 frá þeim degi til 1. október s. á., en af kr. 390.000 frá þeim degi til 1. nóvember s. á., en af kr. 520.000 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 15.640 í bankakostnað, kr. 4.200 í afsagnarkostnað, og málskostnað að mati réttarins.

Stefndi Sigurður skilaði greinargerð 11. febrúar sl. og krafðist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Greinargerð af hálfu stefndu Erlu var lögð fram 20. nóvember 1979 og krafist sýknu af kröfum stefnanda eða að málið yrði fellt niður án kostnaðar. Við munnlegan málflutning var gerð krafa um sýknu og málskostnað að skaðlausu.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Skuldina kveður stefnandi vera samkvæmt fjórum víxlum, hverjum að fjárhæð kr. 130.000, þremur útgefnum 1. mars 1979 af stefndu Erlu og framseldum eyðuframsali af henni, en samþykktum af stefnda Sigurði til greiðslu í Landsbanka Íslands með gjalddögum 1. ágúst, 1. september og 1. október 1979 og afsögðum sökum greiðslufalls 3. ágúst, 4. septemeber og 3. október 1979, en einum útgefnum 1. ágúst 1979 af stefndu Erlu og framseldum eyðuframsali af henni, en samþykktum af stefnda Sigurði til

greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, með gjalddaga 1. nóvember 1979 og afsögðum sökum greiðslufalls 5. nóvember 1979.

Ítrekaðar greiðsluáskoranir hafi ekki borið árangur.

III.

Stefnandi byggir kröfur sínar á framangreindum víxlum, sem séu formlega réttir. Stefnda Erla hafi fyllt út víxlana og með eyðuframsali hafi hún veitt handhafa þeirra umboð til nánari útfyllingar.

Sú varnarástæða stefndu Erlu um, að víxlarnir hafi ekki verið með útgáfudag við afsögn, sé of seint fram komin og beri því ekki að taka hana til greina.

Afsögn eigi að sanna ákveðnar staðreyndir um víxil, í þessu tilviki greiðslufall, en engin fyrirmæli séu í lögum um, að víxill skuli vera rétt útfylltur við þetta tímamark.

Afsagnargerð eigi ekki að hafa áhrif á greiðsluskuldbindingu samþykkjanda.

Aðrar varnir en víxilvarnir fái ekki komist að í máli þessu.

Stefndi Sigurður styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann skuldi ekki umstefnda víxla, þar sem hann eigi skuldajafnaðarkröfu á hendur eiganda þeirra, sem sé Björgvin Eiríksson, en stefnandi muni vera lögmaður hans. Víxlarnir hafi verið greiðsla á húsaleigu fram í tímann og hafi þeir átt að afhendast stefnda Sigurði, þegar hann skilaði húsnæðinu í hendur Björgvins Eiríkssonar.

Í öðru lagi byggir stefndi Sigurður sýknukröfu sína á því, að stefnandi sé ekki réttur aðili málsins, þar sem hann sé ekki eigandi umstefndra víxla.

Við rannsókn hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hafi komið fram, að stefndi skuldi ekki víxlana.

Mál þetta eigi ekki að reka sem víxilmál, þar sem skjölin séu ekki víxlar í skilningi víxillaga. Sýkna beri stefnda Sigurður að svo stöddu, þar sem víxlarnir höfðu ekki útgáfudag við afsögn.

Stefnda Erla styður sýknukröfu sína þeim rökum í greinargerð, að umstefndir víxlar hafi verið greiðsla á húsnæði, sem Björgvin Eiríksson, eigandi að húsinu nr. 12 við Vesturbraut í Hafnarfirði, hafi leigt báðum stefndu. Húsaleigan skyldi greidd með víxlum, sem voru út gefnir af stefndu Erlu langt fram í tímann. Hins vegar hafi eigandi húsnæðisins ekki staðið í skilum með leiguhúsnæðið, þ. e. a. s. það hafi ekki verið laust á tilsettum tíma og á því hafi reynst vera leyndir gallar, sem ekki reyndist unnt að

bæta úr, þ. e. silfurskottur í snyrtiherbergi og eldhúsi og jafnvel víðar, en ekki tókst að svæla þær út. Hafi stefndu lagt í mikinn kostnað við standsetningu íbúðarinnar og telji þar með, að leigan fyrir þann stutta tíma, sem þau höfðu íbúðina, sé að fullu greidd.

Við munnlegan málflutning var sýknukrafa stefndu Erlu studd þeim rökum, að víxilkröfu hafi ekki verið haldið í gildi, sbr. skilyrði víxillaga, þar sem víxlarnir hafi ekki haft útgáfudag, þegar afsagnargerð fór fram. Munur sé á því, hvort þessu sé haldið í gildi varðandi samþykkjanda eða útgefanda, sbr. 1. og 3. mgr. 44. gr. víxillaga. Skjalið verði að vera orðið víxill við afsögn, sbr. 38. gr. víxillaga. Dómur hafi gengið um þetta efni á bæjarþingi Hafnarfjarðar, sbr. dskj. nr. 13.

Varnir þessar séu ekki of seint fram komnar. Þær séu í raun ex officio málsástæður vegna hinna ströngu skilyrða víxillaga. Stefnda Erla hafi í upphafi haft annan lögmann í málinu og sé núverandi umboðsmaður hennar kominn seint inn í málið og hafi því ekki haft tök á því að koma með þessar málsástæður fyrr. Í raun hafi stefnandi samþykkt þessar málsástæður, þar sem fyrri ræða hans hafi m. a. byggst á þessum nýju varnarástæðum stefndu Erlu.

IV.

Stefnandi hefur lagt fram fjóra víxla, sem eru formlega réttir og í samræmi við málavaxtalýsingu hans og sem hann er lögmætur handhafi að fyrir eyðuframsal. Verður því að líta svo á, að hann sé réttur aðili að málinu.

Gegn andmælum stefnanda verður þeirri málsástæðu stefndu Erlu ekki komið að í máli þessu, að víxlarnir hafi ekki verið formlega réttir við afsögn, enda mátti koma þeirri málsástæðu að þegar í upphafi málsins, en var fyrst haldið fram við munnlegan málflutning, sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936.

Enn fremur verður þeim vörnum, sem varða viðskiptin að baki víxlunum, ekki komið að í máli þessu gegn andmælum stefnanda, þar sem málið er rekið sem víxilmál.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfu stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 235.000.

Sigríður Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan, en uppkvaðning hans hefur dregist nokkuð vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Jónsson og Erla Guðmundsdóttir, greiði in solidum stefnanda, Hallgrími B. Geirssyni héraðsdómslögmanni, kr. 520.000 með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 130.000 frá 1. ágúst 1979 til 1. september s. á, en af kr. 260.000 frá þeim degi til 1. október s. á., en af kr. 390.000 frá þeim degi til 1. nóvember s. á., en af kr. 520.000 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 15.640 í bankakostnað, kr. 4.200 í afsagnarkostnað og kr. 235.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. mars 1982.

Nr. 113/1978. **Olíuverslun Íslands h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Halldóri Júlíussyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skuldamál. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Gísli Kjartansson, fulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og meðdómendurnir Helgi Björnsson bókhaldari og Bragi Jósafatsson verslunarstjóri hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júní 1978. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, nam skuld stefnda við áfrýjanda í árslok 1976 samkvæmt viðskiptareikningi hans 6.441.545 krónum. Af þessari fjárhæð voru 2.023.359 krónur vextir, sem færðir höfðu verið stefnda til skuldar með þrem færslum, 28. nóvember 1975, 30. október og 31. desember 1976. Voru vextirnir reiknaðir 1.5% mánaðarvextir frá maí 1973 til og með júní 1974, 1.75% í júlí það ár og 2% frá þeim tíma til ársloka 1976. Með stefnu, birtri 17. febrúar 1977, höfðaði áfrýjandi mál á hendur stefnda til innheimtu skuldarinnar, en með greinargerð, sem lögð var fram við þingfsetingu málsins 28. febrúar s. á., lækkaði hann kröfu sína um 6.000 krónur, í 6.435.545 krónur. Hinn 15. mars 1977 voru greiddar 7.000.000 krónur inn á reikning stefnda án fyrirvara, að því er sé verður. Hinn 16. s. m. skilaði hann áfrýjanda smurolíu og gaskútum að verðmæti 143.578 krónur og afhenti honum vanfærða innheimtureikninga að fjárhæð 135.710 krónur. Greinargerð var lögð fram af hálfu stefnda á dómþingi 28. mars s. á. Segir í henni, að frá stefnufjárhæð beri að draga 1.559.736 krónur, og var sú upphæð sundurliðuð nánar. Var þar um að ræða ýmsa reikninga að fjárhæð 587.605 krónur og vexti, 942.562 krónur, er stefndi taldi ofreiknaða, þar sem reiknaðir væru „dráttarvextir af viðskiptaskuld í stað almennra vaxta". Í greinargerðinni segir enn fremur: „Framlagður vaxtareikningur hefst í maí 1973, ... Hvernig vextir voru reiknaðir fyrir þann tíma, verður því eigi séð af skjölum málsins, en áskilinn er allur réttur til handa stefnda í því sambandi." Þá voru einnig bakreiknaðir vextir, 29.569 krónur, vegna reikninga, sem stefndi taldi, að áfrýjandi ætti að greiða sér. Samkvæmt ofansögðu taldi stefndi áfrýjanda nú skulda sér 2.127.076 krónur. Krafðist hann sjálfstæðs dóms fyrir þeirri fjárhæð í gagnsök, sem var þingfest 14. apríl 1977. Með framhaldsgagnsök, sem þingfest var 14. október 1977, hækkaði stefndi gagnkröfur sínar um 1.169.092 krónur og mótmælti allri vaxtaskuldfærslu áfrýjanda frá 1973 til ársloka 1976.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi samþykkt þá kröfuliði stefnda, sem héraðsdómur tók til greina, en að öðru leyti haldið fast við kröfur sínar. Við munnlegan málflutning

krafðist hann vaxta af skuld áfrýjanda frá febrúar 1973 að telja í stað maí s. á., ef ekki yrði fallist á jafnháa dráttarvexti og stefndi var skuldfærður fyrir. Slík krafa hefur ekki lagastoð.

Eins og áður greinir, reiknaði áfrýjandi stefnda til skuldar vanskilavexti af skuld hans frá maí 1973 til ársloka 1976. Framangreind ummæli í greinargerð stefnda í aðalsök í héraði verða eigi skilin á annan veg en þann, að hann viðurkenni, að áfrýjanda hafi verið rétt að reikna honum vexti af skuld hans frá maí 1973 að telja.Verða síðari mótmæli hans gegn upphafstíma vaxta því eigi tekin til greina. Hins vegar verður að telja samkvæmt langri dómvenju, að vanskilavextir þeir, sem áfrýjandi mátti reikna af skuld stefnda, hafi ekki mátt vera hærri en 9% ársvextir frá maí 1973 til 31. júlí það ár og 13% eftir það.

Stefndi hefur lagt fyrir Hæstarétt útreikning á vöxtum af viðskiptaskuld sinni fyrir tímabilið frá maí 1973 til 30. september 1976, byggðan á sömu forsendum og vaxtareikningur áfrýjanda að öðru leyti en því, að vextir eru reiknaðir 9% ársvextir fyrir maí, júní og júlí 1973, en 13% frá þeim tíma til 30. september 1976. Eru aðiljar sammála um, að sá útreikningur sé tölulega réttur, og nema vextirnir þannig reiknaðir 969.693 krónum. Héraðsdómur reiknaði vexti fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1976 miðað við 13% ársvexti 159.362 krónur, og verður sú fjárhæð lögð til grundvallar. Ofteknir vextir eru samkvæmt þessu 894.304 krónur (2.023.359 ÷ 969.693 ÷ 159.362 krónur). Þykir stefndi, eins og hér stendur á, eiga rétt á endurgreiðslu hinna ofteknu vaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960 þrátt fyrir fyrirvaralausa greiðslu 15. mars 1977, sem áður er nefnd. Ber því að lækka skuld stefnda við áfrýjanda í árslok 1976 um þessa fjárhæð. Enn fremur ber að lækka skuldina sem nemur þeim kröfuliðum stefnda í gagnsök í héraði, sem teknir voru til greina af héraðsdómi, þ. e. kröfuliðir c, d, e og f (7.125 + 12.788 + 90.000 + 12.445) alls 122.358 krónur, auk áðurnefndra 6.000 króna. Samkvæmt þessu nam skuld stefnda við áfrýjanda 31. desember 1976 5.418.883 krónum. Áfrýjandi á rétt á 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð að frádregnum vaxta-

þætti hennar, þ. e. af 4.289.828 krónum frá 1. janúar 1977 til 15. mars 1977, og nema þeir 116.183 krónum. Áfrýjandi hafði höfðað mál á hendur stefnda til innheimtu skuldar hans, áður en hann innti af hendi greiðsluna 15. mars, og á áfrýjandi því rétt á málskostnaði úr hendi stefnda vegna þess máls. Þykir hann hæfilega ákveðinn 700.000 krónur. Nemur þá krafa áfrýjanda á hendur stefnda alls 6.235.066 krónum. Stefndi greiddi áfrýjanda, eins og áður segir, 7.000.000 krónur 15. mars 1977 og skilaði honum smurolíu og gaskútum að verðmæti 143.578 krónur og innheimtunótum að fjárhæð 135.710 krónur hinn 16. s. m. Samkvæmt því hefur stefndi ofgreitt áfrýjanda 1.044.222 krónur, og þykir hann eiga rétt á endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar úr hendi áfrýjanda ásamt 13% ársvöxtum frá 15. mars 1977 til greiðsludags.

Allar framangreindar tölur eru miðaðar við gamlar krónur.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 3.500.00 nýkrónur samtals í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Olíuverslun Íslands h/f greiði stefnda, Halldóri Júlíussyni, 10.442.22 nýkrónur með 13% ársvöxtum frá 15. mars 1977 til greiðsludags svo og 3.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Eftir þingfestingu aðalsakar í héraði gerði stefndi áfrýjanda skil hinn 15. og 16. mars 1977 á viðskiptaskuld sinni

með þeim hætti, að hann skilaði honum nokkrum óseldum birgðum og óinnheimtum reikningum vegna vörusölu, en þó aðallega með því að þriðji aðili, Óskar Baldursson, tók að sér að greiða áfrýjanda 7.000.000 gkr. upp í skuldina með samþykki beggja aðilja. Er í sjálfu sér ekki ágreiningur um, að með þessu hafi skuld stefnda verið niður fallin. Var áfrýjandi reiðubúinn til að hefja málið, er svo var komið. Virðist hann þá hafa ætlast til, að það, sem hann hafði fengið umfram skuldafjárhæðina, gengi upp í málskostnað hans.

Á þetta vildi stefndi ekki fallast, heldur höfðaði gagnsök á hendur áfrýjanda með stefnu, útgefinni 23. mars 1977, og síðar framhaldsstefnu, dags. 13. október 1977, svo sem nánar er greint í hinum áfrýjaða dómi. Var sú málssókn aðallega reist á því, að framangreind verðmæti, sem áfrýjandi hafði fengið, hefðu numið meiru en réttri skuld stefnda. Var þá sérstaklega skírskotað til þess, að áfrýjandi hefði ekki mátt skuldfæra stefnda fyrir dráttarvöxtum með þeim hætti, sem hann hafði gert. Öðrum þræði var gagnsökin einnig höfðuð til heimtu ýmissa gagnkrafna, sem stefndi taldi sig eiga á áfrýjanda vegna viðskipta þeirra. Er nánar um þá kröfugerð fjallað í héraðsdómi. Þar sem stefndi hefur ekki áfrýjað héraðsdóminum af sinni hendi, koma kröfur hans í gagnsökinni þó einungis til álita fyrir Hæstarétti að því leyti sem héraðsdómari hefur tekið þær til greina eða þær koma til frádráttar skuld stefnda við áfrýjanda með öðrum hætti, svo sem er um þær birgðir og óinnheimta reikninga, sem stefndi skilaði.

Samkvæmt því virðist mega sundurliða kröfur stefnda, þær sem hér þarf sérstaklega um að fjalla, með eftirgreindum hætti:

1. Dráttarvextir, færðir stefnda til skuldar án heimildar.
2. Kostnaður stefnda vegna eigna áfrýjanda á Ferstiklu, liðir c-f í sundurliðun í héraðsdómi, sem héraðsdómari tók til greina með 122.358 gkr.
3. Fé það sem verðmæti, er áfrýjandi fékk eftir höfðun aðalsakar, nema meiru en stefnukröfu hans svo sem hún nú hefur verið leiðrétt undir rekstri málsins.

Um 1.

Viðurkennt er, að stefndi fékk árlega viðskiptareikning frá áfrýjanda, eftir að vaxtafærslur af skuldum hans hófust. Hafði hann ekki uppi neinar athugasemdir við þær færslur. Eftir höfðun aðalsakar bar honum að tjá sig um stefnukröfurnar og andmæla þeim að því leyti sem hann taldi þær ekki á rökum reistar, sbr. 106. gr. laga nr. 85/1936. Hefði ágreiningur aðilja um kröfurnar síðan orðið til lykta leiddur með dómsorði í málinu. Stefndi tók hins vegar þann kost að gera áfrýjanda full skil á fjárkröfum hans undir rekstri málsins. Verður að telja, að sú lúkning hans á kröfu, sem þegar hafi verið lögð fyrir dómstóla, til að dæmt yrði um hana, hafi skotið loku fyrir, að hann gæti heimt hluta þess, er hann galt, aftur úr hendi áfrýjanda eftir ákvæðum 6. gr. laga nr. 58/1960 eða öðrum reglum um endurheimtu ofgreidds fjár. Og hvað sem að þessu öðru leyti líður, er á það að líta, að við það verður að miða, að mestur hluti þeirra verðmæta, sem áfrýjandi fékk upp í kröfur sínar, hafi verið sjálfstæð greiðsluskuldbinding Óskars Baldurssonar gagnvart áfrýjanda, en hann er ekki aðili máls þessa. Samkvæmt öllu því, sem nú hefur verið talið, verður kröfuliður þessi ekki tekinn til greina.

Um 2.

Áfrýjandi hefur viðurkennt skyldu sína til að greiða fjárhæðir þessar. Ber því að staðfesta héraðsdóm að því er þær varðar.

Um 3.

Telja verður, að eftir öllum atvikum hafi áfrýjandi mátt reikna sér þetta fé sem málskostnað af hinni umstefndu skuld. Verða kröfur stefnda því ekki heldur að þessu leyti teknar til greina.

Samkvæmt þessu teljum við, að úrslit málsins eigi að verða þau, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda 1.223,58 krónur (122.358 gkr.) með 13% ársvöxtum frá 15. maí 1977 til greiðsludags, svo sem viðurkennt er.

Við teljum, að eftir atvikum sé rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 14. mars 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. janúar 1978 og endurupptekið 10. mars s. á. og lagt að nýju í dóm þann dag, er höfðað fyrir aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu af Theódór S. Georgssyni héraðsdómslögmanni f. h. Olíuverslunar Íslands h/f, Hafnarstræti 5, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 15. febrúar 1977, birtri 17. s. m., á hendur Halldóri Júlíussyni veitingamanni, Bakkaflöt 11, Garðabæ, persónulega og vegna einkafirma hans, Brjáns s/f, Hvalfjarðarstrandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 6.441.545 með 2% dráttarvöxtum á mánuði og broti úr mánuði frá 1. janúar 1977 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi lét mæta í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi, en til vara, að málskostnaður yrði látinn falla niður.

Með gagnstefnu, útgefinni 24. mars 1977, höfðaði aðalstefndi gagnsök í málinu og gerði þær dómkröfur, að gagnstefndi (aðalstefnandi) yrði dæmdur til að greiða gagnstefnanda kr. 8.694.674 ásamt 13% ársvöxtum af kr. 2.127.076 frá 15. mars 1977 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu skv. mati dómsins. Jafnframt var þess krafist, að dómkröfur í gagnsök yrðu notaðar til skuldajafnaðar í aðalsök, þ. e. á móti stefnufjárhæðinni ásamt vöxtum, en krafist sjálfstæðs dóms fyrir mismuninum, kr. 2.127.076.

Gagnstefndi krafðist algerrar sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og að honum yrði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi gagnstefnanda.

Með stefnu, útgefinni 13. október 1977, birtri 14. október 1977, höfðaði aðalstefndi framhaldssök í málinu, þar sem hann krafðist þess, að aðalstefnandi skyldi þola hækkun á stefnukröfum um kr. 1.169.092, þannig að stefnukröfur hljóði þannig, að gagnstefndi greiði gagnstefnanda kr. 3.296.168 með 2½% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 15. mars 1977 til 1. ágúst s. á., en með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða skv. framlögðum reikningi undir rekstri málsins.

Framhaldsstefndi (aðalstefnandi) krafðist algerrar sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda í framhaldsgagnsök og jafnframt að

honum yrði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi gagnstefnanda.

Í lok málsins voru kröfur aðalstefnanda á þessa leið:

Í aðalsök: Að aðalstefndi yrði dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 6.435.545 með 2½% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 4.412.186 frá 1. janúar 1977 til 28. febrúar s. á. svo og málskostnað skv. framlögðum reikningi eða til vara að mati dómsins, allt að frádregnum kr. 7.270.649.

Í gagnsök og framhaldssök: Að hann yrði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Í lok málsins voru kröfur aðalstefnda á þessa leið:

Í aðalsök: Að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi, en til vara, að málskostnaður yrði látinn falla niður.

Í gagnsök og framhaldssök: Að aðalstefnandi yrði dæmdur til að greiða aðalstefnda kr. 3.296.168 með 2½% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 15. mars 1977 til 1. ágúst s. á., en með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og framlögðum reikningi. Til vara, að dómurinn ákvarði fjárhæðir í málinu.

Um aðalsök:

Með samningi, dags. 16. júlí 1968, gerðu aðalstefnandi og aðalstefndi með sér viðskiptasamning, en samkvæmt honum átti aðalstefndi að kaupa bensín, gasolíur, smurolíur og aðrar olíuvörur af aðalstefnanda til endursölu í bensínstöð aðalstefnanda að Ferstiklu í Hvalfirði. Samkvæmt 4. gr. samningsins átti andvirði seldra vara að frádregnum sölulaunum eða afslætti að teljast eign aðalstefnanda, og bar aðalstefnda að skila staðgreiðslusölu og afgreiðslunótum vegna reikningssölu viðskiptamanna vikulega til aðalstefnanda.

Aðalstefndi hafði viðskiptareikning hjá aðalstefnanda, og var skuld hans á þeim reikningi kr. 6.441.545 í árslok 1976, og er það upphaflega stefnukrafan í málinu, sem aðalstefnandi lækkaði undir rekstri málsins í kr. 6.435.545.

Eftir að mál þetta var höfðað, skilaði aðalstefndi birgðum að fjárhæð kr. 134.931 og innheimtunótum að fjárhæð kr. 135.710 til lækkunar skuldinni, og þann 15. mars 1977 voru greiddar inn á viðskiptareikning aðalstefnda hjá aðalstefnanda kr. 7.000.000, og

bauðst aðalstefnandi þá til að hefja mál þetta, en því var hafnað af aðalstefnda.

Aðalstefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að skuld aðalstefnda að meðtöldum vöxtum og málskostnaði nemi hærri fjárhæð en framangreindar innborganir námu og að hann eigi rétt á að fá tildæmdan málskostnað af stefnufjárhæðinni, þar sem greiðslan var innt af hendi, eftir að mál þetta var höfðað.

Aðalstefndi hefur haldið því fram, að með framangreindri innborgun á viðskiptareikning og skilum á birgðum sé stefnukrafa í aðalsök að fullu greidd og beri því að sýkna aðalstefnda af öllum kröfum aðalstefnanda í aðalsök.

Dómurinn fellst á þann rökstuðning aðalstefnda, að stefnukrafa hafi að fullu verið greidd með framangreindri innborgun 15. mars 1977 og skilum á birgðum og innheimtunótum, og ber því að sýkna aðalstefnda af kröfum aðalstefnanda í aðalsök.

Með hliðsjón af málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður í aðalsök falli niður.

Gagnstefnandi hefur gert svofellda grein fyrir gagnsökinni. Hann kveðst telja viðskiptaskuld þá, sem aðalstefnandi krefur aðalstefnda um, til muna of háa. Aðalstefnandi reisi kröfur sínar á dskj. nr. 3, sem hann segir vera viðskiptakort aðalstefnda. Við skoðun á þessu viðskiptakorti komi í ljós, að skuldað hafi verið á reikninginn dráttarvöxtum þann 28. nóvember 1975, samtals kr. 1.053.809, og séu það dráttarvextir fyrir tímabilið frá maí 1973 til greiðsludags, þá séu enn fremur skuldfærðir dráttarvextir á reikninginn þann 30. október 1976, kr. 621.850, og 31. desember 1976 kr. 347.700. Höfuðstólsskuld aðalstefnanda hafi því að geyma uppsafnaða dráttarvexti, samtals kr. 2.023.159.

Kröfugerð í framhaldsgagnstefnu er fengin á þann hátt, að áðurnefnt viðskiptakort er lagt til grundvallar með eftirfarandi breytingu:

Skuld aðastefnda skv. dskj. nr. 3	kr.	6.441.545
1. Leiðrétt skv. greinargerð dskj. nr. 2	—	6.000
2. Vextir skuldfærðir 31. desember 1976	—	342.700
3. Bókfærð færsla 5. nóvember 1976	—	69.100
4. Vextir skuldfærðir 30. október 1976	—	621.850
5. Vextir skuldfærðir 28. nóvember 1975	—	1.053.809
Samtals	kr.	4.343.086

Aðalstefndi hafi auk þess lagt í ýmsan kostnað til að annast viðhald mannvirkja í eigu aðalstefnanda, sem komi til frádráttar skuldinni sem hér segir:

a) Vanfærðir innheimtureikningar, dskj. nr. 7, viðurkenndir af aðalstefnanda	kr.	135.710
b) Andvirði geislaofns, dskj. nr. 8	—	240.000
c) Viðgerð á hreinlætisaðstöðu, dskj. 9	—	7.125
d) Reikn. vegna viðgerðar á hreinlætistækjum, dskj. 10	—	12.788
e) Reikn. Rafvirkjaþjónustunnar h/f skv. dskj. nr. 11 og nr. 16	—	181.449
f) Viðgerð á vatnslögn í kyndiklefa skv. dskj. nr. 12	—	12.445
Skuld aðalstefnda 31. des. 1976	kr.	3.753.569
13% ársvextir frá 1. jan. 1977—15. mars 1977	—	93.841
Skuld aðalstefnda 15. mars 1977	kr.	3.847.410
÷ innborgun vegna millifærslu 15. mars 1977	—	7.000.000
Innlagðar olíuvörur 15. mars 1977	—	134.938
Innlagðir gaskútar 15. mars 1977	—	8.640
Skuld aðalstefnda 15. mars 1977	kr.	3.296.168

sem sé stefnufjárhæðin í framhaldsgagnsök.

Aðalstefndi rökstyður gagnkröfur sínar með svofelldum hætti: Hann telur einhliða dráttarvaxtakröfu aðalstefnanda hafa verið algerlega óheimila án samþykkis aðalstefnda, enda sé það venja í viðskiptum sem þessum, að vextir séu ekki reiknaðir. Þá bendir hann á, að allt frá því viðskipti aðilja hófust í maí 1968 og þar til í nóvember 1975, hafi engar vaxtafærslur átt sér stað, enda sé það í fullu samræmi við þær viðskiptavenjur, sem viðhafðar séu. Þá mótmælti hann sérstaklega sem algerri lögleysu að skulda og bakfæra vexti, eins og gert var 28. nóvember 1975. Samkvæmt undirstöðurökum laga nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl. verði vextir einungis reiknaðir, að til þess standi samþykki beggja aðilja, en einhliða vaxtataka sé aðeins heimil, að skuldara verði fyrirfram gert viðvart. Skýrt ákvæði sé í lögum um, að dráttarvextir verði einungis reiknaðir fá eindaga skuldar til greiðsludags. Sá háttur, sem aðalstefnandi hafði á vaxtaút-

reikningi, verði þess valdandi, að eldri dráttarvextir verði vaxtaberandi í myndun nýs höfuðstóls, en það falli undir okur. Hann telur þannig samning aðilja frá 16. júlí 1968 ekki í gildi, þar sem ákvæðum hans um skil á fé til aðalstefnanda hafi aldrei verið fylgt í raun, heldur hafi myndast viðskiptavenja milli aðiljanna. Aðalstefndi hafi á tímabili jafnvel greitt beint til ýmissa aðilja af því fé, sem aðalstefnandi átti í hans vörslu.

Kröfur sínar varðandi viðgerðir og viðhald á Ferstikluskálanum styður aðalstefndi eftirfarandi rökum: Hann kveðst hafa lagt í ýmsan kostnað til að annast viðhald mannvirkja á eign aðalstefnanda og hafi verið látið nægja að gera þær kröfur upp eftir á, en ekki leitað samþykkis hverju sinni. Hann heldur því fram, að venja sé, að húseigandi sjái um viðhald húseignar sinnar, sem sé leigð út, nema um annað sé samið. Varðandi reikning Rafvirkjaþjónustunnar h/f tekur hann fram, að hann sé til kominn vegna krafna Rafmagnseftirlits ríkisins vegna nýrrar reglugerðar um raforkuvirki.

Aðalstefndi kom fyrir dóm og skýrði svo frá, að samningi aðilja frá 16. júlí 1968 hefði aldrei verið fylgt til fullnustu að því er skil á fé vegna seldra olíuvara varðaði. Hann kvaðst á tímabili hafa séð um stækkun skálans að Ferstiklu fyrir aðalstefnanda og hafi hann greitt fyrir framkvæmdirnar með fé af bensínsölu. Hann kveður fyrst hafa borið á því á síðari hluta ársins 1975, að aðalstefnandi hafi viljað fá verulega lækkun á skuld hans við aðalstefnanda. Hann hafði þá í samráði við Önund Ásgeirsson og Ingþór Guðnason innheimtustjóra lagt fram víxla að fjárhæð kr. 3.000.000 til lækkunar á skuldinni. Hann kvað þá ekkert hafa verið rætt um vaxtatöku af skuldinni af aðalstefnanda hálfu, en honum hafi þó skömmu síðar verið skuldfærðir vextir, samtals að fjárhæð kr. 1.053.809. Hann kvaðst engar athugasemdir hafa gert við vaxtatökuna, enda hafi hann sennilega ekki séð það nærri strax, þar sem það sé skrifstofa sín, sem fái afrit af viðskiptareikningum. Hann kvað þetta í fyrsta sinn sem aðalstefnandi tók vexti af viðskiptaskuldinni, frá því viðskipti hófust. Hann kveður þá breytingu hafa orðið á viðskiptum sínum við aðalstefnanda á árinu 1976, að aðalstefnandi lánaði fyllingu á bensíntankinn, sem hann greiddi strax að fyllingu lokinni, og hefði verið um það samið, að ekki yrði fyllt á tankinn nema að höfðu samráði við sig. Hann kveður aðalstefnanda hafa þverbrotið þetta munnlega samkomulag og hafi bifreiðar hans iðulega losað olíur og bensín að Ferstiklu án samráðs við sig og söluverð síðan verið fært á

viðskiptareikning sinn hjá aðalstefnanda. Hann kveður málin hafa þróast þannig, að hann hafi yfirleitt séð um, að viðgerðir á Ferstikluskálanum hafi verið framkvæmdar og síðan sent reikninga ásamt uppgjöri til aðalstefnanda. Hann kvaðst annað hvort sjálfur eða starfsfólk sitt hafa haft samband við starfsmenn aðalstefnanda, þegar um viðhald og endurbætur á Ferstikluskálanum var að ræða, en svörin hafi oftast verið á þá lund, að aðalstefnandi hefði ekki menn til verksins, en beðið um, að hann sæi sjálfur um viðgerðirnar, sem hann hafi síðan gert og aðalstefnandi greitt kostnaðinn. Hann kveður reikning frá Rafvirkjaþjónustunni h/f til komin vegna krafna frá Rafmagnseftirliti ríkisins, en til hafi staðið að loka skálanum. Varðandi geislaofn, sem um er deilt, kvaðst hann hafa lánað aðalstefnanda hann á árinu 1970 eða 1971, en ekki hafa fengið hann þrátt fyrir eftirgrennslan.

Aðalstefnandi reisir sýknukröfur sínar í gagnsök á því, að í áðurgreindum samningi aðalstefnanda og aðalstefnda, dags. 16. júlí 1968, hafi verið svo kveðið á, að aðalstefndi keypti af aðalstefnanda bensín, gasolíur, smurolíur og aðrar olíuvörur til endursölu í bensínstöð aðalstefnanda að Ferstiklu, Hvalfjarðarstrandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu. Skv. 4. gr. samningsins átti andvirði seldra vara að frádregnum sölulaunum eða afslætti að teljast eign aðalstefnanda og hafi aðalstefnda borið að skila staðgreiðslusölu- og afgreiðslunótum vegna reikningssölu til viðskiptamanna vikulega til aðalstefnanda. Bendir aðalstefnandi sérstaklega á ákvæði í samningnum, þar sem segir „kaupanda er óheimilt að nota fé Olíuverzlunar Íslands hf. til eigin þarfa meðan hann hefur það undir höndum". Af hálfu aðalstefnda hafi orðið endurteknar vanefndir á samningi þessum vegna vankila. Í lok nóvember 1975 hafi skuld aðalstefnda numið kr. 7.111.493 og hafi aðalstefnda þá verið gefinn kostur á að greiða hluta skuldarinnar með víxlum, samtals kr. 3.000.000. Víxlar þessir séu ógreiddir og hafi verið höfðað sérstakt mál til innheimtu þeirra.

Af hálfu aðalstefnanda hafi verið ákveðið, að aðalstefndi fengi engar vörur á árinu 1976 nema gegn staðgreiðslu.

Innborganir aðalstefnda á árinu 1976 séu því greiðslur á úttektum hans á því ári, en ekki greiðslur inn á eldri skuld.

Síðari hluta sumars 1976, er bifreiðarstjóri sá og afgreiðslumaður, sem önnuðust venjulega afgreiðslu á bensíni og olíum til aðalstefnda, voru í sumarleyfi, hafi þau mistök orðið, að bensín og gasolíur hafi verið afgreidd á geyma að Ferstiklu, án þess að greiðsla hafi komið fyrir. Sé það skýring á þeirri skuldaaukningu

aðalstefnda við aðalstefnanda á síðari hluta árs 1976. Aðalstefnandi heldur því fram, að honum hafi verið fullkomlega heimilt að reikna dráttarvexti af skuld aðalstefnda og honum hafi verið það í sjálfsvald sett, hvernær hann hóf að vaxtareikna skuldina. Hann bendir á, að skv. 4. gr. viðskiptasamnings aðalstefnda við aðalstefnanda, dags. 16. júlí 1968, skuli andvirði seldra vara teljast eign aðalstefnanda og enn fremur sé aðalstefnda óheimilt að nota fé aðalstefnanda til eigin þarfa. Með hliðsjón af því, hvernig skuld aðalstefnda sé til komin, leiki ekki minnsti vafi á rétti aðalstefnanda til að reikna vexti af skuldinni. Aðalstefnandi hefur mótmælt þeim fullyrðingum aðalstefnda í framhaldsstefnu, að sá háttur, sem hafður var á við útreikning dráttarvaxtanna, leiði til þess, að eldri dráttarvextir verði vaxtaberandi í myndum nýs höfuðstóls, og vísar til auglýsingar Seðlabanka Íslands, dags. 18. júlí 1977, um ákvörðun vaxta við innlánsstofnanir, II. lið, 5 b, þar sem heimilað sé að bæta vanskilavöxtum við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Jafnframt bendir hann á, að aðalstefndi hafi samþykkt vaxtatökuna með aðgerðarleysi sínu, hann hafi ekki mótmælt henni fyrr en í máli þessu.

Aðalstefnandi hefur mótmælt greiðsluskyldu sinni á reikningum yfir efni og vinnu vegna viðhalds og viðgerða á Ferstiklu-skálanum að undirlagi aðalstefnda sem sér óviðkomandi. Hann kveður reikningana vera fyrir framkvæmdir á söluskálanum, sem framkvæmdar hafi verið án samráðs og heimildar sinnar sem eiganda skálans. Einnig hefur hann mótmælt kröfum aðalstefnda um greiðslu fyrir geislaofn. Hann hafi verið fenginn að láni hjá aðalstefnda og sé í viðgerð og verði skilað að henni lokinni.

Guðjón Sigurðsson, starfsmaður aðalstefnanda, kom fyrir dóm, og greindi hann svo frá, að mjög hefði borið á því, að erfitt hafi verið að fá aðalstefnda til að standa við gefin loforð um greiðslur af sölu á olíum og bensíni og hafi verið tekinn upp sá háttur að láta hann staðgreiða fengnar vörur, en misbrestur hafi orðið á, að við það væri staðið. Hann kvað það hafa gengið svo árum saman, að tekið hafi verið mark á loforðum aðalstefnda um að lækka skuld sína, en þolinmæðina hafi að lokum þrotið og hafist handa um innheimtu skuldarinnar. Hann kveður það vera aðalreglu, að ekki sé um vaxtatöku að ræða hjá aðalstefnanda gagnvart umboðsmönnum sínum, nema um óeðlilega skuld sé að ræða miðað við birgðir viðkomandi. Sé um óeðlilega skuld að ræða, sé gripið til aðgerða gagnvart umboðsmanninum og sú skuld, sem umfram birgðir er, tekin út af viðskiptareikningi og færð á sérstakan við-

skiptareikning, sem vaxtareiknast mánaðarlega í tölvu, þar til gengið hefur frá skuldinni á viðunandi hátt. Hann kveður þessum vaxtaaðferðum ekki hafa verið beitt við aðalstefnda. Hann kvaðst telja, að samkvæmt samningi aðilja væri aðalstefnanda óviðkomandi annað viðhald á Ferstikluskálanum en það, er snertir sölutæki, er varða vörur aðalstefnanda. Hann kannast við, að aðalstefndi hafi fengið greidda reikninga vegna viðhalds á Ferstikluskálanum, og hafi það ekki verið regla, heldur samningsatriði hverju sinni.

Einnig kom fyrir dóm Svan Friðgeirsson, stöðvarstjóri aðalstefnanda. Hann kvaðst hafa það starf hjá aðalstefnanda að sjá um framkvæmdir allar á hans vegum og viðhald eigna. Hann segir, að gegnum árin hafi oft þurft að lagfæra ýmislegt varðandi rafmagn o. fl. í Ferstikluskálanum og hafi aðalstefndi oftast haft samband við sig varðandi þau atriði, en ekki ávallt, og þá hafi annað hvort menn frá aðalstefnanda eða menn, sem aðalstefndi útvegaði, gert við bilanir. Hann kveðst seinni hluta árs 1975 hafa fengið upplýsingar um athugasemdir Rafmagnseftirlits ríkisins varðandi Ferstikluskálann og hafi aðalstefndi haft samband við mætta (sic) varðandi það mál og hafi hann tjáð aðalstefnda, að aðalstefnandi sæi sér ekki fært að framkvæma endurbætur þær, sem krafist var, en aðalstefnda væri í sjálfsvald sett að framkvæma endurbætur á eigin kostnað.

Hann kveðst sérstaklega aðspurður hafa rökstuddan grun um, að aðalstefndi hafi látið framkvæma ýmsa hluti að Ferstiklu án samþykkis aðalstefnanda og fengið reikninga vegna þeirra greidda hjá aðalstefnanda og það hafi þá kannski verið gert til að lækka skuld aðalstefnda við aðalstefnanda.

Verða nú einstakir liðir gagnkröfunnar teknir til athugunar hver í sínu lagi í sömu röð og í kröfulýsingu hér að framan:

1. Aðiljar eru sammála um þessa leiðréttingu, og verður hún tekin til greina óbreytt.
2. Viðskipti aðilja hófust í júlí 1968. Aðalstefndi hafði viðskiptareikning hjá aðalstefnanda, þar sem öll úttekt hans og innborganir voru færðar. Ákvæðum samnings aðilja um skil af hálfu aðalstefnda á fé vegna sölu á olíuvörum virðist aldrei hafa verið fylgt og aðalstefndi gegnum árin skuldað aðalstefnanda verulegar fjárhæðir á viðskiptareikningi sínum. Engir vextir voru reiknaðir af viðskiptareikningum frá upphafi, þ. e. júlí 1968, þar til vaxtafærslur hófust 28. nóvember 1975. Aðal-

stefnanda bar samhliða dráttarvaxtafærslu á viðskiptareikning aðalstefnda að eindaga skuldina með lokun reikningsins, sbr. auglýsingu frá Seðlabanka Íslands frá 21. september 1976, sem dómurinn telur hér eiga við. Verða því einungis dæmdir 13% ársvextir af viðskiptaskuldinni og þessi liður því tekinn til greina með kr. 159.362.

3. Aðalstefnandi hefur gert fullnægjandi grein fyrir færslu þessari, sem leiðrétt hefur verið á viðskiptareikningi, og lagt fram gögn máli sínu til sönnunar, og verður þessi liður ekki tekinn til greina.
4. Með vísun til rökstuðnings varðandi lið 2 verður þessi liður tekinn til greina með kr. 285.015.
5. Vaxtafærsla þessi er framkvæmd, þegar viðskipti aðilja hafa staðið í rúm 7 ár, án þess að vextir hafi verið reiknaðir af viðskiptaskuld aðalstefnda. Skuldin var ekki á neinn hátt eindöguð af aðalstefnanda, heldur héldu viðskiptin áfram með svo til óbreyttum hætti. Ekki var aðalstefnda á neinn hátt gert viðvart fyrirfram um vaxtatökuna.
   Með hliðsjón af framansögðu telur dómurinn vaxtatöku þessa hafa verið óheimila, eins og að henni var staðið, og verður liður þessi tekinn til greina að fullu.

Viðhald mannvirkja og vanfærðir innheimtureikningar. Verða liðir þessir nú teknir fyrir í sömu röð og í kröfulýsingu:

a) Aðalstefnandi hefur viðurkennt þennan lið, og verður hann tekinn til greina.
b) Geislaofn þennan lánaði aðalstefndi aðalstefnanda á árinu 1970 eða 1971. Fram er komið undir rekstri málsins, að ofninn sé í viðgerð og verði skilað að viðgerð lokinni, og hefur lögmaður aðalstefnanda boðið að greiða leigu fyrir afnot hans. Verður krafa þessi því ekki tekin til greina.
c, d og f) Reikningar þessir eru allir vegna viðhalds og viðgerða á Ferstikluskálanum, sem er eign aðalstefnanda. Upplýst er í málinu, að aðalstefndi hafði oft þann hátt á að láta framkvæma viðgerðir á húsinu án þess að afla samþykkis hverju sinni. Dómurinn telur, að í skiptum aðilja gildi sú meginregla, að húseigandi beri kostnað af viðhaldi húseignar, nema um annað sé samið, og verða kröfuliðir þessir því teknir til greina að fullu.
e) Reikningar þessir eru vegna viðgerða og endurbóta á raflögn

söluskálans að Ferstiklu og olíuafgreiðsluskúrs, sem hvort tveggja er í eigu aðalstefnanda, og eru til komnir vegna krafna Rafmagnseftirlits ríkisins, en aðalstefndi hefur haldið því fram, að yfirvofandi hafi verið lokunaraðgerðir, ef kröfum þess yrði ekki fullnægt. Aðalstefnandi hefur mótmælt reikningum þessum sem sér óviðkomandi, þar sem þeir séu að mestu leyti til komnir vegna tækja í söluskálanum, sem voru eign aðalstefnda, og beiðni aðalstefnda um, að aðalstefnandi sæi um framkvæmd endurbótanna, hafi verið neitað. Ljóst er við athugun á reikningum þessum, að verulegur hluti krafna Rafnmagnseftirlits ríkisins er vegna tækja í eign aðalstefnda.

Aðalstefndi hlaut að láta framkvæma endurbætur þær, sem Rafmagnseftirlitið krafðist, til að komast hjá lokun á veitingaaðstöðu sinni, og ber aðalstefnanda að taka þátt í þeim kostnaði, sbr. rökstuðning í c, d og f liðum hér að framan. Þykir kröfuliður þessi nægilega tekinn til greina með kr. 90.000.

Auk þess lagði aðalstefndi inn olíuvörur og gaskúta, samtals að fjárhæð kr. 143.578, og er sú krafa viðurkennd af aðalstefnanda og verður tekin til greina óbreytt.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins í gagnsök sú, að gagnstefndi greiði gagnstefnanda kr. 1.905.832 með 13% ársvöxtum frá 15. mars 1977 til greiðsludags. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Brjánn s/f og Halldór Júlíusson, skulu vera sýknir af kröfum aðalstefnanda, Olíuverslunar Íslands h/f, í aðalsök, en málskostnaður falli niður.

Gagnstefndi, Olíuverslun Íslands h/f, greiði gagnstefnanda, Brjáni s/f og Halldóri Júlíussyni, kr. 1.905.832 með 13% ársvöxtum frá 15. mars 1977 til greiðsludags, en málskostnaður í gagnsök falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 22. mars 1982.

Nr. 53/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Salóme Báru Arbjörnsdóttur.

Kærumál. Úrskurður um handtöku staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Hinn kærða úrskurð kvað upp Þórður Þórðarson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 1. þ. m., er barst Hæstarétti 3. s. m., en síðustu gögn málsins bárust Hæstarétti 9. s. m.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að kærumálskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

I.

Hinn kærði úrskurður um handtöku á varnaraðilja var kveðinn upp í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 18. júní 1979, og segir í úrskurðinum, að hún hafi haldið til Bandaríkjanna 20. maí s. á.

Dómari sá, er kvað upp hinn kærða úrskurð, óskaði atbeina dómsmálaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins til framkvæmdar á handtökuskipuninni. Leiddi það til þess, að beiðst var liðsinnis alþjóðalögreglunnar til þess að hafa uppi á varnaraðilja. Síðar var sett fram krafa um framsal á varnaraðilja til Íslands vegna rannsóknar sakargifta á hendur henni og rannsóknar mála, er þeim tengjast.

II.

Meðal þeirra gagna, sem fylgja máli þessu til Hæstaréttar, er skýrsla frá Murrary R. Stein, aðstoðarforstjóra í alþjóða-

deild afbrotamála í bandaríska dómsmálaráðuneytinu, sem beint er til sendiráðs Íslands í Washington. Er þar greint frá því, að varnaraðili hafi verið handtekinn í Kaliforníu 3. nóvember 1981 vegna kröfu íslenska ríkisins um framsal. Hafi henni þá verið afhent eintak af skjölum varðandi framsalskröfuna, þ. á m. handtökuskipun frá Íslandi.

Eigi liggur fyrir endurrit af því, hvað bókað hefur verið eftir varnaraðilja í tilefni af handtöku hennar í Kaliforníu í nóvember 1981, og hvaða gögn varnaraðilja hafi verið afhent þar. Skýrsla sú frá dómsmálaráðuneytinu í Washington, sem til var vitnað hér að framan, er reist á upplýsingum frá alríkissaksóknaranum í suðurhluta Kaliforníu. Hér er um opinber skjöl að ræða, og ber samkvæmt þeim að miða við, að varnaraðili hafi fengið vitneskju um hinn kærða handtökuúrskurð hinn 3. nóvember 1981. Samkvæmt því er löngu liðinn sá frestur, er varnaraðili hafði til að kæra úrskurðinn, sbr. 2. málsgr. 174. gr. laga nr. 74/1974, og verður ekki hjá því komist að vísa kærunni sjálfkrafa frá Hæstarétti. Eins og mál þetta er í pottinn búið, þykir ástæða til að taka fram, að eigi er sýnilegt, að hinn kærði úrskurður sé haldinn neinum þeim göllum, er varði ómerkingu hans.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

Dómsorð:

Kæru þessari er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 18. júní 1979.

Laugardaginn 5. maí sl. hófst í Keflavík víðtæk rannsókn á meintu fíkniefnamisferli margra aðilja þar í bæ. Margir aðiljar voru handteknir og yfirheyrðir þann dag. Rannsókn þessi varð fljótlega mjög umfangsmikil, og komu fjölmargir aðiljar þar við sögu.

Tveir aðiljar, Karvel Gräns, fæddur 5. mars 1954, til heimilis að Norðurstíg 5, Njarðvíkum, er sætti gæsluvarðhaldi vegna máls þessa frá 7. maí til 8. júní sl., og Arnþór Margeirsson, fæddur 6. desember 1956, Háholti 19, Keflavík, er sætt hefur gæsluvarðhaldi vegna máls þessa frá 30. maí sl., hafa bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi borið um stórfelldan innflutning og dreifingu

Salome Báru Arnbjörnsdóttur hérlendis á hassefni og hassolíu frá sumri 1978 fram á öndvert ár 1979.

Nefnd Salome Bára Arnbjörnsdóttir, sem fædd er 23. ágúst 1955, er skráð til heimilis að Sólvallagötu 28, Keflavík, en hélt þann 20. maí sl. til Bandaríkjanna, nánar til Florida og mun þaðan hafa ætlað til Jamaica.

Þegar er sýnt, að rannsóknarinnar vegna er brýnt að ná til nefndrar Salome Báru Arnbjörnsdóttur, svo rannsóknin tefjist ekki eða torveldist frekar en orðið er.

Niðurstöður.

Misferli það, sem verið er að rannsaka, varðar við lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974 og getur því sök, ef sönnuð, varðað fangelsi.

Þar sem nefnd Salome Bára Arnbjörnsdóttir er í máli þessu borin sökum um stórfelld brot gegn framngreindum lagaákvæðum, þykir dómara brýnt í þágu rannsóknar máls þessa og með vísan til 1. mgr. 59. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 að úrskurða tafarlausa handtöku Salome Báru Arnbjörnsdóttur, fæddrar 23. ágúst 1955, talinnar dveljandi í Orlando í Florida eða á leið til Jamaica, og færa hana tafarlaust til yfirheyrslu hér fyrir dómi.

Úrskurðarorð:

Handtaka skal og færa til yfirheyrslu hér fyrir dómi Salome Báru Arnbjörnsdóttur.

Þriðjudagur 23. mars 1982.

Nr. 173/1981. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari)
gegn
Pétri Blöndal Gíslasyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 9. apríl 1981, en málinu er einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 17. febrúar 1982.

Af hendi ákæruvalds er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæruskjali og refsing hans þyngd.

Verjandi krefst þess aðallega, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í málinu og sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, þ. á m. málsvarnarlaun verjanda. Til vara er þess krafist, að ákærða verði eigi dæmd sérstök refsing í málinu, en til þrautavara, að ákærða verði dæmdur hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eigi er hald í þeirri sakarvörn, að sök sé fyrnd, og vísast um það til röksemdafærslu héraðsdóms.

Héraðsdómari hefur réttilega sakfellt ákærða fyrir það atferli, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali, enda er hann sannur að því að hafa tekið þátt í undirbúningi að sendingu u. þ. b. 1.4 kg af hassi frá Danmörku til Íslands með þeim hætti, að til refsiábyrgðar leiði varðandi innflutning efnisins. Hefur héraðsdómari fært háttsemi ákærða til réttra refsiákvæða. Ákvæði 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga á við um meðferð hassefna, sem eigi voru send hingað til lands, en það ákvæði veitir heimild til þess að saksækja og refsa fyrir atferlið hér á landi að aðgættri 8. gr., 2. málsgr., laganna.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dags. 22. mars 1982, hefur hann sætt 60 daga varðhaldi í sakadómi Reykjavíkur hinn 16. nóvember 1978 fyrir atferli, sem framið var, eftir að ákærði gerðist sekur um hátterni það, sem hann er sakfelldur fyrir í þessu máli og áður en hinn áfrýjaði dómur gekk. Þá gekkst hann undir dómssátt í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 19. júlí 1979 fyrir atferli, sem framið var á fyrrgreindu tímabili, svo sem getur í héraðsdómi. Ber því nú að refsa ákærða samkvæmt ákvæðum þeim, er greinir í héraðsdómi, með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga svo og með vísan til 2. málsgr. 49. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 101/1976, 4. gr. Við refsiákvörðun ber og að líta til ákvæða 5. tl. 1. málsgr. og til 2. málsgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi, og komi gæsluvarðhaldsvist hans í 39 daga refsingu hans til frádráttar, svo sem dæmt er í héraðsdómi. Að auki sæti hann 4.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 30 daga fangelsi, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 4.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Blöndal Gíslason, sæti 5 mánaða fangelsi, en gæsluvarðhaldsvist hans í 39 daga komi refsivist til frádráttar. Auk þess sæti hann 4.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 30 daga fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.500.00 krónur,

og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 4.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 4. febrúar 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 4. febrúar, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 808/1981: Ákæruvaldið gegn Pétri Blöndal Gíslasyni.

Mál þetta, sem munnlega var flutt og dómtekið í dag, er af ríkissaksóknara höfðað með ákæru, dags. 20. janúar 1981, gegn Pétri Blöndal Gíslasyni, Drekavogi 10, Reykjavík, fæddum 23. september 1958 í Hafnarfirði, fyrir „að hafa um miðjan september 1978 í félagi við Kristján Aðalsteinsson og Árna Hrafnsson keypt um 3 kg af hassi í Amsterdam og flutt það til Kaupmannahafnar, þar sem þeir afhentu Halldóri Lárusi Péturssyni efnið, en hann hafði lagt fram fé til kaupanna. Samkvæmt ráðagerðum ákærða og nefndra félaga hans flutti Margrét María Einarsdóttir um 1.6 kg af hassefninu hingað til lands 21. s. m., en lögreglan lagði hald á meginhluta þess í Reykjavík nokkru síðar."

Í niðurlagi ákæruskjals segir svo:

„Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að því er varðar meðferð ákærða á því ofangreinda hassi, sem eigi barst hingað til lands. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fæddur 23. september 1958 í Hafnarfirði.

Hann hefur sætt ákærum og refsingum sem hér segir:

1974 6/5 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. umferðarlaga.

1975 4/7 í Reykjavík: Dómur: 7 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr., 244. gr., sbr. 20. gr., og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga og 25. og 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til ökuleyfis í 2 ár frá 11/7 1975.

1976 8/11 í Reykjavík: Dómur: 9 mán. fangelsi fyrir brot gegn

259. gr. hegningarlaga, 25., 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til ökuleyfis í 2 ár frá 8/11 1976. Dómur 4/7 1975 dæmdur með.

1978 25/5 á Akureyri: Dómur: 25 daga varðhald fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr., 1. mgr. 259., sbr. 20. gr. hegningarlaga, 244. gr. hegningarlaga, 21. gr. áfengislaga, 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 25/5 1978.

1978 16/11 í Reykjavík: Dómur: 60 daga varðhald (hegnauki) fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga, 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til ökuleyfis í 1 ár frá 25/5 1979.

1979 19/7 í Reykjavík: Sátt, 640.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10 gr. reglugerðar 390/1974, sbr. 77. gr. og 5. gr. hegningarlaga að hluta.

Málsatvik.

Haustið 1978 hófst hér í dómi og samhliða hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík rannsókn á umsvifamiklu fíkniefnamisferli margra íslenskra aðilja, bæði hérlendis og á Norðurlöndum. Vegna ofangreindrar rannsóknar var ákærði handtekinn við komu flugleiðis hingað til lands frá Kaupmannahöfn þann 28. september sama ár og úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 30 dögum hér í dómi daginn eftir, en gæsluvarðhaldið var framlengt um allt að 10 dögum 29. okt. sama ár, en ákærði gekk laus 7. nóvember.

Ákærði viðurkenndi ýmsar sakir, og var hluta þeirra lokið með dómssátt hér í dómi 19. júlí 1979, er hann féllst á greiðslu fésektar að upphæð gkr. 640.000 fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf.

Ákærði lýsti ítarlega atvikum varðandi sakarefni í ákæru hér í dómi 28. október 1978 og lýsti þá för sinni til Amsterdam ásamt Árna Hrafnssyni og Kristjáni Aðalsteinssyni þann 16. september það ár með um 25.000 danskar krónur frá Halldóri Lárusi Péturssyni, er alfarið hefði kostað för þeirra. Hafi ferðin verið farin á bílaleigubifreið frá Kaupmannahöfn og tilgangur verið hasskaup í Amsterdam. Er til Amsterdam kom, kvaðst ákærði hafa keypt 2.8 kg af Líbanonhassi af sér ókunnugum aðilja fyrir liðlega 8.000 hollensk gyllini, er hann áður hafi fengið í skiptum fyrir dönsku krónurnar.

Ákærði kvað þá félaga síðar hafa flutt hassið með sér til Kaup-

mannahafnar á fund nefnds Halldórs, er tekið hafi við efninu óskiptu. Ákærði kvað þá ekki hafa fengið neina sérstaka þóknun fyrir ofangreind kaup, utan hvað þeir hafi mátt taka af efni Halldórs til eigin nota og ákærði m. a. af því selt 50 gr. í Kaupmannahöfn. Eftir komu þeirra til Kaupmannahafnar kvað ákærði nefndan Halldór hafa tekið á leigu tvö hótelherbergi og þeir þremenningar þar dvalið á kostnað Halldórs í nokkra daga.

Er ákærði var yfirheyrður hér í dómi 7. nóvember sama ár, kvaðst hann aðspurður hafa vitað, að Margrét María, eiginkona Halldórs, hefði flutt ofangreint hassefni hingað til lands þá um haustið, en sjálfur engan þátt átt í flutningi þess hingað til lands.

Ákærði var enn yfirheyrður um ofangreint hér í dómi 19. júlí 1979 og þá inntur nánar eftir endurgjaldi fyrir ofangreinda hasskaupaferð. Ákærði bar á sama veg og áður, kvað ekki hafa verið endanlega afráðið um endurgjöld, er Halldór var handtekinn og fluttur til Íslands. Þá kvaðst ákærði hafa neitað boði Halldórs um greiðslu fyrir ferðina í hassefni hér á landi.

Er ákærða var birt ákæra í máli þessu þann 26. janúar sl., þá í gæsluvarðhaldi vegna ætlaðra nýrra fíkniefnabrota, taldi hann háttsemi sinni rétt lýst í ákæruskjali, utan hvað hann hefði ekki tekið þátt í ráðagerðum um flutning ofangreindra hassefna hingað til lands.

Ofangreindur Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957, afhenti 24. okt. 1978 lögreglu í Reykjavík 1216.5 gr af ofangreindu hassefni, en hann kvaðst hafa móttekið alls 1400 gr af nefndu efni frá Margréti Maríu Einarsdóttur, er flutt hefði efnið hingað til lands frá Kaupmannahöfn.

Nefndur Kristján bar á sama veg og ákærði um för til Amsterdam og kaup þar á hassi fyrir Halldór Lárus Pétursson, en kvað keypt magn 3 kg, er þeir hafi flutt til Kaupmannahafnar og afhent nefndum Halldóri óskipt.

Ekki verður beinlínis talið koma fram í framburði Kristjáns, að ákærði hafi tekið þátt í ráðagerðum um flutning efnisins hingað til lands, en fram kemur, að ákærði vissi, hvað til stóð.

Ofangreindur Árni Hrafnsson, fæddur 27. desember 1958, lýsti hér í dómi þann 29. október 1978 atvikum varðandi ofangreinda hasskaupaferð til Amsterdam á sama veg og ákærði og Kristján Aðalsteinsson, en kvað keypt efnismagn 3.1—3.2 kg. Hann kvað hins vegar umtalað, að ákærði fengi 100 gr af ofangreindu efni eftir flutning þess hingað til lands.

Nefndur Árni var enn yfirheyrður hér í dómi 16. maí 1979 og bar þá á sama veg.

Ofangreind Margrét María Einarsdóttir, fædd 15. nóvember 1957, var yfirheyrð hér í dómi 26. október 1978. Bar hún að hafa flutt hingað til lands 21. september 1978 alls 1600 gr af hassi, er hún taldi í eigu Halldórs Lárusar Péturssonar, ákærða og Kristjáns Aðalsteinssonar, og samkvæmt beiðni þeirra, er lofað hefðu sér kr. 300.000 sem greiðslu fyrir flutning.

Ofangreindur Halldór Lárus Pétursson, fæddur 6. mars 1958, var ítrekað yfirheyrður um ofangreint bæði hjá lögreglu í Reykjavík og hér í dómi. Í endanlegum framburði hér í dómi 23. maí 1979 lýsti hann á sama veg og þeir ákærði, Kristján og Árni aðdraganda hasskaupaferðar til Amsterdam og móttöku á 3 kg af hassi frá þeim við komu til Kaupmannahafnar. Hann kvaðst ekkert hafa afhent ákærða og Kristjáni fyrir hlutdeild í ofangreindri ferð, en þeir átt að fá 100 gr hvor af hassinu eftir flutning þess hingað til lands.

Niðurstöður.

Ákærði hefur samkvæmt ofansögðu viðurkennt að hafa haft í frammi þá háttsemi, er í ákæruskjali greinir, utan hvað hann kvaðst ekki hafa átt þátt í ráðagerðum um flutning efnis hingað til lands. Af framburðum Halldórs Lárusar Péturssonar, Árna Hrafnssonar og Margrétar Maríu Einarsdóttur þykir hins vegar koma fram ótvírætt, að ákærði hafi átt þátt í slíkum ráðagerðum. Að öðru leyti eru framburðir aðilja samhjóða í meginatriðum.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir sannað, að ákærði hafi viðhaft alla þá háttsemi, er í ákæruskjali greinir, nánar um miðjan september 1978 í félagi við Kristján Aðalsteinsson og Árna Hrafnsson keypt um 3 kg af hassi í Amsterdam og flutt það til Kaupmannahafnar, þar sem þeir afhentu Halldóri Lárusi Péturssyni efnið, en hann hafði lagt fram fé til kaupanna. Samkvæmt ráðagerðum ákærða og nefndra félaga hans flutti Margrét María Einarsdóttir um 1.6 kg af hassefninu hingað til lands 21. s. m., en lögreglan lagði hald á meginhluta þess í Reykjavík nokkru síðar.

Verjandi heldur því fram, að 2. tl. 1. mgr. 5. gr. alm. hegningarlaga eigi ekki við um brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, þar sem í nefndum lögum sé tekið fram, að brot verði að vera framin á íslensku forráðasvæði,

til þess að nefnd lög eigi við, og krefst sýknu á nefndum forsendum.

Í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 19/1940 segir um I. kafla nefndra laga, en tilnefnd 5. gr. er í þeim kafla, að ákvæði I. kafla nái til allra refsiverðra brota samkvæmt íslenskri löggjöf, hvort heldur eftir alm. hegningarlögum eða öðrum. Þykir því verða að skilgreina íslenskt forráðasvæði í þessum skilningi með hliðsjón af ákvæðum 5. gr. alm. hegningarlaga.

Verjandi krefst sýknu vegna fyrningar. Ákærði var síðast yfirheyrður við lok rannsóknar á ætluðu fíkniefnamisferli hans 19. júlí 1979, en mál þetta var þingfest 24. janúar sl. Kemur því fyrning ekki til álita í máli þessu.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 að því er varðar meðferð ákærða á því ofangreinda hassi, sem eigi barst hingað til lands.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Ákærði hefur áður hlotið refsingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf, en hann féllst 19. júlí 1979 og hér í dómi á greiðslu fésektar að upphæð kr. 640.000 fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974. Ber því samkvæmt ofansögðu að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón af 78. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega metin fangelsi í 5 mánuði.

Með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 þykir rétt, að til frádráttar komi refsivist með fullri dagatölu sá tími, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, eða 39 dagar.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 1.800 til skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958 í Hafnarfirði, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Refsivist til frádráttar komi 39 daga gæsluvarðhald.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 1.800 til skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Þriðjudagur 23. mars 1982.

Nr. 211/1981. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari)
gegn
Kristjáni Aðalsteinssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 15. desember 1981, en málinu er einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 17. febrúar 1982.

Af hendi ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er varðar sakfellingu og sakarkostnað, en þess er jafnframt krafist, að refsing ákærða verði þyngd.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði dæmdur í vægustu refsingu, er lög leyfa, og að hún verði skilorðsbundin.

Ákærði hefur gengist við sakargiftum, sem hann er ákærður fyrir í máli þessu, en þær fá einnig stoð í öðrum sakargögnum. Héraðsdómari hefur því réttilega sakfellt hann fyrir brot þau, er ákæruskjal lýtur að, og er atferli hans fært til réttra refsiákvæða í héraðsdóminum, þó svo, að vitnun í 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á ekki við, þar sem eigi er ítrekunarákvæði í lögum nr. 65/1974.

Ákærði sætti hinn 9. janúar 1981 3.500 króna sekt með dómssátt í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum vegna brota á lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974. Voru brot þessi framin í júlí og september 1978. Þá sætti hann 6 mánaða fangelsi með dómi bæjarþings Kaupmannahafnar hinn 30. apríl 1981 vegna smygls á 282.6 grömmum af blöndu af amfetamíni og „amfepramon“ svo og 0.8 grömmum af kókaíni og 0.5 grömmum af hassi til Danmerkur hinn 19. mars 1981.

Enn fremur sætti hann árin 1978 og 1979 sekt tvívegis fyrir brot á umferðarlögum nr. 40/1968 og á árinu 1979 sekt fyrir „brot gegn 60. og 61. gr. tolllaga". Ber að ákveða refsingu ákærða samkvæmt refsiákvæðum þeim, er greinir í héraðsdómi, með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og með vísan til 1. mgr. 5. töluliðs og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga og enn með vísan til 2. mgr. 49. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 101/1976, 4. gr. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi og að auki 4.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga fangelsi í stað hennar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 4.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Aðalsteinsson, sæti 5 mánaða fangelsi og að auki 4.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 30 daga fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 4.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 20. mars 1981.

Ár 1981, föstudaginn 20. mars, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við

undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 804/1981: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Aðalsteinssyni.

Málið, sem dómtekið var í dag, er af ríkissaksóknara höfðað með ákæru, útg. 30. desember 1980, á hendur Kristjáni Aðalsteinssyni, Búlandi 25, Reykjavík, fæddum þar í borg 4. nóvember 1957, fyrir að „hafa um miðjan september 1978 í félagi við Pétur Blöndal Gíslason og Árna Hrafnsson keypt um 3 kg af hassi í Amsterdam og flutt það til Kaupmannahafnar, þar sem þeir afhentu Halldóri Lárusi Péturssyni efnið, en hann hafði lagt fram fé til kaupanna. Hinn 23. s. m. flutt 90 gr af hassi með sér hingað til lands frá Kaupmannahöfn og sama dag móttekið um 1.4—1.6 kg af fyrrgreinda hassefninu hjá Margréti Maríu Einarsdóttur að Grensásvegi 52 í Reykjavík, en efnið hafði Margrét María flutt hingað til lands samkvæmt ráðagerðum ákærða og nefndra félaga hans, og afhenti ákærði henni 80 gr af efninu fyrir flutninginn. Ákærði seldi ótilgreindum manni í Reykjavík 30 gr af efninu á kr. 3.500 hvert gramm, hafði 90 gr til eigin nota og kom eftirstöðvunum í geymslu að Vesturgötu 63 í Reykjavík fyrir nefndan Halldór Lárus, en lögreglan lagði hald á um 1260 gr efnisins 24. október 1978."

Í niðurlagi ákæruskjals segir svo: „Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2 .tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því er varðar meðferð ákærða á því ofangreinda hassefni, sem barst eigi hingað til lands."

Ákærði er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fæddur 4. nóv. 1957 í Reykjavík. Hann hefur sætt refsingum fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf, nánar:

1976 21/7 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 26.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglug. nr. 390/1974.

1977 6/10 í Reykjavík: Sátt, 192.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglug. nr. 390/1974, sbr. og 71. gr. hegningarl.

Málsatvik.

Ákærði var yfirheyrður um sakaratriði í ákæru hjá lögreglu í Reykjavík 25. október 1978, hér í dómi sama dag og daginn eftir. Var þetta liður í mjög viðamikilli rannsókn, er hófst þá um haustið og stóð langt fram á næsta ár. Sættu margir aðiljar gæsluvarð-

haldi vegna rannsóknarinnar, og voru hundruð aðilja viðriðnir málið með ýmsum hætti.

Ákærði lýsti í nefndum yfirreyrslum dvöl sinni ásamt nafngreindum kunningjum íslenskum í svonefndu Christianiuhverfi í Kaupmannahöfn og samskiptum sínum við aðilja þar dveljandi, er fengust við verslun með fíkniefni. Ákærði lýsti síðan aðdraganda að för sinni frá Kaupmannahöfn til Amsterdam í september 1978 ásamt þeim Pétri Blöndal Gíslasyni og Árna Hrafnssyni til hasskaupa fyrir Halldór Lárus Pétursson. Hafi nefndur Halldór Lárus tekið bílaleigubifreið til farar og greitt annan kostnað af ferðinni og alfarið fjármagnað efniskaup. Ákærði kvað þá þremenninga hafa lagt af stað í nefndri bílaleigubifreið til Amsterdam í annarri viku septembermánaðar.

Ákærði kvaðst hafa ekið, Árni áðurnefndur annast vörslur fjárins, er Halldór Lárus afhenti þeim til fíkniefnakaupanna, en er til Amsterdam kom, hafi Pétur Blöndal annast kaup á 3 kg af hassi af svonefndri Líbanontegund. Efnið hafi þeir síðan flutt í nefndri bifreið til Kaupmannahafnar, þar sem þeir hafi afhent Halldóri Lárusi óskipt ofangreint hassmagn. Ákærði kvað þá þremenninga hafa átt að fá 100 gr hver af hassinu fyrir kaup og flutning efnis. Hafi verið ráðgert að flytja hassið hingað til lands og flutning átt að annast eiginkona Halldórs Lárusar, Margrét María Einarsdóttir. Kvað ákærði umsamið milli sín og Halldórs Lárusar, að hann fengi sinn efnishlut eftir komu þess hingað til lands, en tæki þá jafnframt við efni Halldórs Lárusar frá nefndri Margréti Maríu og geymdi, uns Halldór Lárus kæmi sjálfur hingað til lands.

Eftir komu þeirra þremenninga með greind 3 kg af hassi til Kaupmannahafnar og afhendingu þeirra til Halldórs Lárusar kvað ákærði þá ásamt Halldóri Lárusi hafa leigt tvö herbergi á hóteli við Nýhöfn, líklega hótel Corona. Hafi ákærði og Pétur Blöndal búið í öðru herberginu, en Árni og Halldór Lárus í hinu. Hafi þeir tveir síðastnefndu ráðgert að selja eitthvað af hassinu í Kaupmannahöfn til þess að standa straum af hótelkostnaði, bílaleigubifreið og fleiru, en ekki kvaðst ákærði hafa tekið þátt í þeirri sölu.

Ákærði kvað Halldór Lárus hafa átt hugmyndina að því að fá Margréti Maríu til að flytja hassið hingað til lands, en hún hafi oft komið í heimsókn til þeirra á nefnt hótel við Nýhöfn. Ákærði kvaðst hafa aðstoðað við að ganga frá hassefnum fyrir flutning til Íslands. Hafi efnið verið í 200 gr bögglum og 8 slíkum verið

komið fyrir innan klæða á nefndri Margréti Maríu, áður en hún hélt flugleiðis hingað til lands.

Ákærði kvaðst hafa haldið hingað til lands flugleiðis 23. sept. og þá flutt með sér 90 gr af hassi í sinni eigu. Kvaðst ákærði hafa keypt 1 gr. af kókaíni af Franklín Kristni Steiner í Kaupmannahöfn og skipt því fyrir ofangreind 90 gr af hassi hjá götusala þar í borg.

Að kvöldi 23. september við komu til Reykjavíkur kvaðst ákærði hafa haldið á heimili Margrétar Maríu við Grensásveg 52 og hjá henni móttekið plastpoka með 7 200 gr bögglum af hassi fyrrgreindu. Hafi hann afhent Margréti Maríu 80 gr af hassinu fyrir flutninginn, selt tilgreindum aðilja 30 gr af efninu á kr. 3.500 hvert gramm, haft 90 gr til eigin nota, en komið eftirstöðvunum í geymslu hjá frænda sínum, Hirti Hjartarsyni, að Vesturgötu 63 í Reykjavík. Vísaði ákærði síðar á hassefnið með aðstoð nefnds Hjartar, og reyndist þar um að ræða um 1260 gr af ætluðu hassefni, er lögregla lagði hald á.

Hjörtur Hjartarson, fæddur 13. nóvember 1957, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 25. október 1978 og bar á sama veg og ákærði um móttöku ofangreinds hassefnis til geymslu fyrir ákærða. Kvaðst hann eftir handtöku ákærða hafa haldið með pakka með ofangreindu hassefni til systur sinnar, en vísaði síðan lögreglu á efnið.

Ofangreind Margrét María Einarsdóttir, fædd 15. nóvember 1957, var yfirheyrð hér í dómi 26. október 1978 og bar þá að hafa flutt hingað til lands þann 21. september það ár alls 1600 gr af hassi skv. beiðni Halldórs Lárusar Péturssonar, ákærða og annarra nafngreindra aðilja og hér á landi afhent ákærða ofangreint magn að undanskildum 80 gr, er hún fékk fyrir flutning.

Ofangreindur Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958, lýsti hér í dómi 28. október 1978 og 19. júlí 1979 atvikum á sama veg og ákærði, en kvað keypt efnismagn 2.8—2.9 kg.

Ofangreindur Árni Hrafnsson, fæddur 27. desember 1958, var yfirheyrður hér í dómi 29. október 1978 og 16. maí 1979 og bar á sama veg og ákærði í meginatriðum. Þá bar Halldór Lárus Pétursson, fæddur 6. mars 1958, á sama veg hér í dómi 23. maí 1979.

Niðurstöður.

Ákærði hefur samkvæmt ofansögðu viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er sú játning studd framburðum annarra viðkomandi aðilja. Varðandi móttekið efnismagn

frá nefndri Margréti Maríu þykir rétt að leggja til grundvallar, að það hafi verið 1400 gr. Þykir þannig sannað samkvæmt ofansögðu, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, með ofangreindri athugasemd, nánar að hafa um miðjan september 1978 í félagi við Pétur Blöndal Gíslason og Árna Hrafnsson keypt um 3 kg af hassi í Amsterdam og flutt það til Kaupmannahafnar, þar sem þeir afhentu Halldóri Lárusi Péturssyni efnið, en hann hafði lagt fram fé til kaupanna. Hinn 23. s. m. flutt 90 gr af hassi með sér hingað til lands frá Kaupmannahöfn og sama dag móttekið 1400 grömm af fyrstgreinda hassefninu hjá Margréti Maríu Einarsdóttur að Grensásvegi 52 í Reykjavík, en efnið hafði Margrét María flutt hingað til lands samkvæmt ráðagerðum ákærða og nefndra félaga hans, og afhenti ákærði henni 80 gr af efninu fyrir flutninginn. Ákærði seldi ótilgreindum manni í Reykjavík 30 gr af efninu á kr. 3.500 hvert gramm, hafði 90 gr til eigin nota og kom eftirstöðvunum í geymslu að Vesturgötu 63 í Reykjavík fyrir nefndan Halldór Lárus, en lögreglan lagði hald á um 1260 gr efnisins 24. október 1978.

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því er varðar meðferð ákæra á því ofangreinda hassefni, sem barst eigi hingað til lands.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Samkvæmt ofansögðu ber að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ber því samkvæmt ofansögðu að tiltaka refsingu ákærða með hliðsjón af 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ekki verður fallist á þá skoðun verjanda, að ákærði hafi einungis farið í nefnda Amsterdamför sem skemmtiferð, enda upplýst um þóknun hans fyrir þátt í nefndri för.

Með vísan til ofanritaðs þykir refsing ákærða hæfilega metin fangelsi í 7 mánuði.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 1.800 til skipaðs verjanda, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957 í Reykjavík, sæti fangelsi í 7 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 1.800 til skipaðs verjanda, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Fimmtudaginn 25. mars 1982.

Nr. 64/1982. **Páll S. Pálsson**
gegn
dómsmálaráðherra.

Kærumál. Gjafvarnarlaun. Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands um frávísun máls staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp hinn 17. febrúar 1982 af stjórn Lögmannafélags Íslands, þeim Helga V. Jónssyni, Jóhanni Níelssyni, Jóni Steinari Gunnlaugssyni, Kristni Björnssyni og Ólafi Axelssyni.

Sóknaraðili fékk vitneskju um uppsögu úrskurðarins 27. febrúar 1982 og kærði hann til Hæstaréttar 1. þ. m. samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 61/1942. Bárust skjöl málsins Hæstarétti 12. þ. m.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og stjórn Lögmannafélags Íslands dæmt skylt að kveða upp efnisúrskurð um þá kröfu, sem hann lagði fyrir hana til úrskurðar. Sérstök greinargerð til Hæstaréttar hefur ekki borist frá sóknaraðilja.

Greinargerð hefur ekki borist frá varnaraðilja. Hefur hann lýst yfir því við stjórn Lögmannafélags Íslands, að hann muni ekki láta kæruna til sín taka.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður stjórnar Lögmannaféags Íslands 17. febrúar 1982.

Mál þetta lagði sóknaraðili fyrir stjórn LMFÍ með bréfi, dags. 22. jan. 1982, svohljóðandi:

„Hinn 27. október 1978 féll dómur í héraði í máli ríkisins vegna eignarréttar að Landmannaafrétti.

Undirritaður sem skipaður talsmaður Landmannahrepps fékk tildæmd gjafvarnarlaun kr. 3.500.000. Með semingi greiddi ríkissjóður kr. 2.500.000, en dóms- og fjármálaráðuneyti neituðu alfarið, að ríkið greiddi eftirstöðvarnar, og áfrýjuðu niðurstöðu héraðsdóms um gjafvarnarlaunin til Hæstaréttar til lækkunar. Hæstiréttur synjaði þeirri málaleitan með dómi sínum hinn desember s.l. og staðfesti að þessu leyti ákvörðun héraðsdóms.

Ég sendi þá reikning til ríkisins, þar sem ég krafði um kr. 10.000 (nýkr.) auk vaxta og hafði þá kröfu lága. Dóms- og fjármálaráðuneytisforstöðumenn kannast ekki við, að slíkar innstæður eigi að greiðast með vöxtum.

Ég tel, að ég geri sjálfum mér og allri stétt lögmanna hina mestu hneisu með því að viðurkenna slíka fjármálaspeki og spark til lögmanns fyrir starfslaun, sem greiða skal fyrir skyldustarf, og neyðist því til að skjóta málinu til úrskurðar stjórnar Lögmannafélags Íslands í krafti laga nr. 61/1942 um málflytjendur.

Krafa mín til úrskurðar er:

Eftirstöðvar gjafvarnarlauna, réttdæmdra og gjaldfallinna 27. okt. 1978 nýkr. 10.000 og af henni dráttarvexti til 28. jan. 1982	nýkr. 16.906.00
	Nýkr. 16.906.00

Er sú krafa lögð til úrskurðar, hvort réttkræf sé.

RÖK: Höfuðstólsskuld er óumdeilanleg og gjalddagi einnig.

Samkvæmt almennum reglum skulu vextir greiddir af skuldum frá gjalddaga, ef skuldunautar þrjóskast við að greiða án haldbærrar ástæðu.

Ég krefst tildæmdrar þóknunar úr hendi gagnaðila vegna ómaks þessa".

Sóknaraðili hefur lýst því yfir, að krafa hans til úrskurðar lúti

einungis að því, hvort honum sé heimilt að reikna sér dráttarvexti af umræddum eftirstöðvum gjafvarnarlauna.

Eins og mál þetta liggur fyrir, verður að telja, að dómsmálaráðherra eigi einn varnaraðild í máljnu.

Álit stjórnar LMFÍ.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur segir, að stjórn LMFÍ hafi úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana. Er hér um sérreglu að ræða, sem sætir þröngri lögskýringu. Einungis er kveðið á um endurgjald fyrir málflutning, og getur stjórn LMFÍ ekki fallist á, að vaxtakafa af gjafvarnarlaunum falli þar undir.

Samkvæmt framansögðu heyrir mál þetta ekki undir úrskurðarvald stjórnar LMFÍ, og ber því að vísa því frá félagsstjórninni. Málskostnaður fellur niður.

Eins og mál þetta var lagt fyrir stjórn LMFÍ, þótti henni strax einsýnt, að hún hefði ekki úrskurðarvald um kröfu sóknaraðilja. Þótti því ekki ástæða til að senda erindi sóknaraðilja til umsagnar varnaraðilja.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá stjórn LMFÍ. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 25. mars 1982.

Nr. 106/1979 **Dánarbú Gísla Marinóssonar**
Eysteinn Þorvaldsson
Kaupfell s/f
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
Ingibjörg Magnúsdóttir og
Ragnar Kristinsson
(Árni Guðjónsson hrl.)
gegn
Nönnu Ágústsdóttur
(Haraldur Blöndal hrl.).

Áfrýjunarleyfi. Frávísun frá Hæstarétti að hluta. Sameignarfélag. Húsaleiga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendurnir dánarbú Gísla Marinóssonar og Eysteinn Þorvaldsson skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júní 1979. Krefjast þeir þess, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefndu og að henni verði gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendurnir Kaupfell s/f, Ingibjörg Magnúsdóttir og Ragnar Kristinsson skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. desember 1979 og gera þær dómkröfur, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefndu og að hún verði dæmd til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara krefjast þau þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Stefnda gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir óskipt til að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómur í máli þessu var kveðinn upp 3. apríl 1979.

Kaupfell s/f, Ingibjörg Magnúsdóttir og Ragnar Kristins-

son áfrýjuðu máli þessu með stefnu 21. desember 1979. Var þá liðinn áfrýjunarfrestur skv. 20. gr., 1. mgr., laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Dómsmálaráðherra gaf út áfrýjunarleyfi 27. nóvember 1979, en það nær einungis til Kaupfells s/f. Verður því eigi hjá því komist að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti að því er varðar áfrýjendurna Ingibjörgu Magnúsdóttur og Ragnar Kristinsson.

Við munnlegan flutning fyrir Hæstarétti lýstu lögmenn áfrýjenda yfir því, að aðild stefndu væri ekki vefengd. Ekki er tölulegur ágreiningur í málinu né um dráttarvexti.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að því er varðar áfrýjendurna dánarbú Gísla Marinóssonar, Eystein Þorvaldsson og Kaupfell s/f.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjendum gert að greiða stefndu málskostnað óskipt fyrir Hæstarétti, er ákveðst 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti að því er varðar áfrýjendurna Ingibjörgu Magnúsdóttur og Ragnar Kristinsson.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er varðar áfrýjendurna dánarbú Gísla Marinóssonar, Eystein Þorvaldsson og Kaupfell s/f.

Áfrýjendur greiði stefndu, Nönnu Ágústsdóttur, óskipt 3.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. apríl 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. mars sl., hefur Nanna Ágústsdóttir, Hvassaleiti 26, Reykjavík, höfðað með þingfestingu þess hinn 21. júní 1977 gegn Ingibjörgu Magnúsdóttur, Krummahólum 6, Reykjavík, og Ragnari Kristinssyni, Furugrund 16, Kópavogi,

báðum persónulega og f. h. sameignarfélags þeirra, Kaupfells s/f, svo og dánarbúi Gísla Marinóssonar, Ránargötu 13, Reykjavík. Af hálfu stefndu var sótt þing við þingfestingu málsins og hún heimiluð, en birting stefnu fór ekki fram.

Stefnandi höfðaði sakaukamál gegn Eysteini Þorvaldssyni, Háaleitisbraut 36, Reykjavík, og var það mál þingfest 5. október sl. með samþykki stefnda Eysteins og sameinað þessu máli sama dag.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að allir stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða sér skuld að fjárhæð kr. 639.864 með 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. janúar 1978 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Eigi er ágreiningur á milli aðilja málsins um fjárhæð höfuðstóls dómkröfu stefnanda.

Af hálfu stefndu Ingibjargar Magnúsdóttur, Ragnars Kristinssonar og Kaupfells s/f eru þær dómkröfur gerðar, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og henni verði gert að greiða málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu stefnda dánarbús Gísla Marinóssonar og stefnda Eysteins Þorvaldssonar eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og hún verði dæmd til að greiða þeim málskostnað að mati dómsins.

Sættir hafa ítrekað verið reyndar í máli þessu, en án árangurs.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að hinn 28. febrúar 1975 gerir Kaupfell s/f samning við Ámunda Sigurðsson um leigu hluta af húsinu nr. 23 við Skipholt í Reykjavík, en það hús átti Ámundi. Ámundi var eiginmaður stefnanda, en hann lést 8. ágúst 1976. Stefnandi fékk leyfi til setu í óskiptu búi eftir maka sinn 10. nóvember 1976. Eigendur Kaupfells s/f á þessum tíma voru stefndi Eysteinn Þorvaldsson og Gísli Marinósson, en Gísli lést 30. júlí 1977. Stefnda Ingibjörg og Gísli Marinósson voru í hjúskap, þegar þessi samningur var gerður, en þau skildu að lögum í mars árið 1976. Samkvæmt húsaleigusamningnum hófst leigutíminn 1. mars 1975 og skyldi ljúka 28. febrúar 1979 án uppsagnar. Leiga fyrir húsnæðið var kr. 40.000 á mánuði og átti að greiðast fyrirfram 1. hvers mánaðar. Þá hefur húsaleigusamningurinn að geyma eftirfarandi ákvæði, sem ástæða þykir til að geta hér sérstaklega:

„Nánar tiltekið er hið leigða húsnæði sem hér segir: Öll 3. hæð

(efsta hæð) hússins nr. 23 við Skipholt í Reykjavík. Því aðeins er framleiga heimil án sérstaks samþykkis leigusala, að leigutaki sé að selja eða ráðstafa á annan hátt þeim atvinnurekstri, sem hann nú rekur í húsnæðinu (mun reka) og kaupandi vilja (sic.) halda rekstri áfram á sama stað, en leigutaki (Kaupfell) ber ábyrgð á leigugreiðslum, nema samþykki leigusala komi til."

„Flytji leigutaki án tilverknaðar leigusala úr hinu leigða húsnæði, skal ógoldin leiga, miðað við leigutíma allan, þegar fallin í gjalddaga. Eigi skal leigusali skyldur til að leigja húsnæðið öðrum þann tíma, er eftir var, en geri hann það, skal sú leiga, er hann þannig fær, að frádregnum öllum kostnaði vegna leigjendaskiptanna, dragast frá því, er fyrri leigutaka bar að greiða fyrir sama tíma."

Í leiguhúsnæðinu rak leigutakinn, Kaupfell s/f, prjónastofu. Við lögskilnað þeirra Gísla og Ingibjargar mun Ingibjörg hafa fengið prjónastofuna í sinn hlut, en hún var rekin undir nafninu Kaupfell s/f. Kaupfell s/f var þó skráð í firmaskrá sem smásöluverslun. Ingibjörg kveðst hafa tekið ein við rekstri prjónastofunnar 1. júlí 1976, og eftir að hún hafði flutt prjónastofuna úr leiguhúsnæðinu, hafi hún látið skrásetja hana undir nafninu Inga. Ingibjörg flutti prjónastofuna úr húsnæðinu um áramótin 1976/1977.

Fram hefur komið undir rekstri málsins, að deilur hófust á milli þeirra Ingibjargar og Gísla um ýmis atriði varðandi búskipti þeirra, m. a. hvað Ingibjörg skyldi greiða Gísla fyrir það, að hún fékk prjónastofuna í sinn hlut. Staðhæft var af lögmanni dánarbús Gísla Marinóssonar í munnlegum flutningi málsins, að Gísli hefði haft í hyggju að fá umráð prjónastofunnar vegna vanskila Ingibjargar og hefði hann leitað atbeina fógeta. Hefði m. a. komið til lögbanns á notkun hennar á vélum prjónastofunnar í janúar 1977. Lok þessara deilna um prjónastofuna munu þó hafa orðið í janúar 1977, en þá er gerður samningur, dags. 25. dag mánaðarins, þar sem eigendur Kaupfells s/f, þeir Gísli Marinósson og stefndi Eysteinn Þorvaldsson, selja Ingibjörgu Kaupfell s/f. Í 1. gr. kaupsamningsins segir svo: „Seljendur lofa að selja og kaupandi að kaupa allan eignarhluta seljenda í Kaupfelli sf." Í 2. gr.: „Í kaupum þessum felst, að kaupandi eignast allar vélar og tæki og áhöld fyrirtækisins og aðrar eignir, s. s. vörubirgðir, og yfirtekur allar skuldbindingar fyrirtækisins, eins og þær voru pr. 1. júlí 1976". Í 6. gr.: „Kaup á eignarhlutanum skv. kaupsamningi miðast við 1. júlí 1976, enda hefur kaupandi frá þeim tíma og

fram til þessa dags rekið fyrirtækið Kaupfell s.f. með þeim réttindum og skyldum, er því fylgja."

Eigendaskiptin eru skráð í firmaskrá Reykjavíkur 27. janúar 1977 og birt 11. mars s. á. Fyrir utan Ingibjörgu er nýr eigandi Kaupfells s/f skráður vera stefndi Ragnar. Bæði fyrri og nýir eigendur fyrirtækisins eru skráðir reka það með ótakmarkaðri ábyrgð.

Leiga var eigi greidd fyrir húsnæðið frá áramótum 1976/1977.

Hinn 3. maí 1977 ritar lögmaður stefnanda stefndu Ingibjörgu vegna Kaupfells s/f bréf, þar sem krafist er greiðslu gjaldfallinnar leigu fyrir húsnæðið að Skipholti 23. Húsnæðið mun hafa staðið autt allt árið 1977, en verið leigt eftir þann tíma.

Stefnda Ingibjörg gaf skýrslu fyrir dóminum 11. desember sl. Hún gaf skýrslu á nýjan leik 9. mars sl. og var þá einnig samprófuð við vitnið Jón Örn Ámundason.

Ingibjörg skýrði svo m. a. frá, að hið leigða húsnæði hefði verið allt af lítið fyrir rekstur prjónastofunnar. Hún hefði tjáð Jóni Erni Ámundasyni, umboðsmanni stefnanda, rúmum þrem mánuðum fyrir áramótin 1976/1977, að hún gæti ekki lengur unað við húsnæðið, og spurt, hvort hún mætti ekki segja því upp með 3 mánaða fyrirvara. Jón hafi sagst þurfa að spyrja móður sína og nokkru seinna hafi hann sagt sér, að þetta fengist, svo framarlega sem húsnæðið leigðist. Stefnda kvaðst hafa spurt að því, hvort hún ætti að auglýst húsnæðið til leigu, en Jón hefði sagt, að þau mundu gera það. Hún hefði farið aftur til Jóns, þegar hún hefði ekki orðið vör við, að húsnæðið væri auglýst, og hefði hann sagt ástæðuna vera þá, að Gísli Marinósson ætlaði að taka húsnæðið á leigu um áramótin. Stefnda kvaðst hafa farið til Jóns á nýjan leik og ítrekað við hann, hvort Gísli mundi verða ábyrgur fyrir húsnæðinu frá áramótum, og beðið hann að hringja í Gísla. Nokkrum dögum seinna hefði hún enn farið til Jóns og spurt hann að því, hvort hann hefði hringt í Gísla, og hefði Jón játað því og sagt, að það yrði allt í lagi með þetta og Gísli yrði ábyrgur fyrir greiðslu húsaleigunnar frá áramótum. Þar með hefði hún talið, að hún væri laus og mátt fara úr húsnæðinu.

Þennan gang mála hefði Jón viðurkennt í samtali við sig í viðurvist Jóhanns Þorgeirssonar, en ekki viljað gefa sér skriflega yfirlýsingu þar um.

Stefnda kvað Gísla hafa vitað, að hún var að fara úr húsnæðinu um áramótin. Hann hefði ekkert haft á móti því, en hins vegar ekki viljað, að vélar fyrirtækisins yrðu fluttar í burtu.

Stefnda sagði, að ekkert hefði verið rætt um leiguna á húsnæðinu, þegar kaupsamningurinn um Kaupfell s/f hefði verið gerður 25. janúar, og kvaðst hún hafa haldið, að hún væri sér óviðkomandi. Stefnda sagðist með þessum samningi hafa verið að kaupa hluta Gísla í prjónastofunni, en Kaupfell s/f hefði aldrei verið prjónastofa, enda þótt það nafn væri notað. Sér hafi verið boðið Kaupfell s/f til kaups. Hún hefði spurt að því, hvort það kostaði sig nokkuð, og verið tjáð, að svo væri ekki. Þá hefði hún sagt, að sér væri alveg sama, þótt hún keypti fyrirtækið.

Vitnið Jón Örn Ámundason gaf skýrslu fyrir dóminum 10. janúar sl., og 9. mars sl. var hann samprófaður við stefndu Ingibjörgu.

Vitnið skýrði m. a. svo frá, að hann hefði verið í forsvari fyrir hinu leigða húsnæði fyrir móður sína, stefnanda þessa máls, á þeim tíma, er atburðir þeir gerast, sem deilt er um í málinu. Þau Ingibjörg og Gísli hefðu verið búin að tilkynna sér eigendaskiptin að fyrirtækinu, áður en þessar deilur hófust, og sér hefði verið kunnugt um, að Ingibjörg hefði yfirtekið rekstur Kaupfells s/f frá 1. júlí 1976 eða átt að gera það. Síðar hefði komið í ljós eitthvert vandamál þar að lútandi. Ingibjörg hefði komið til sín, líklega í nóvember 1976, og tilkynnt sér, að hún hefði áhuga á því að segja húsnæðinu lausu frá áramótum. Hann hefði þá ekki vitað, að gerður hafði verið samningur um leiguna, og því haldið, að hún væri að segja upp húsnæðinu með eðlilegum fyrirvara. Hann hefði sagst skyldu koma þessari beiðni áfram til leigusala, en áður en af því hefði orðið, hefði Gísli hringt í sig og spurt að því, hvort Ingibjörg hefði sagt húsnæðinu upp. Hann hefði játað því, að hún vildi losna við húsnæðið frá 31. desember, og hefði Gísli þá sagt sér, að til þess hefði hún enga heimild, þar sem leigusamningurinn um húsnæðið næði til ársins 1979, og ekki heldur heimild til þess að fara í burtu, því að þeirra mál væru ekki komin á hreint. Hún hefði ekki staðið í skilum við sig og vel kæmi til greina, að hann yfirtæki reksturinn, og þá skyldi hann ábyrgjast þetta allt saman. Vitnið sagði, að sér hefði fyrst í þessu samtali orðið kunnugt um tilvist leigusamnings um húsnæðið. Gísli hefði vísað í leigusamninginn og sagt, að vitnið skyldi ekkert gera í málinu. Vitnið kvaðst hafa séð, að leigusamningurinn hafi verið órjúfanlegur til ársins 1979, og því hafi dæmið breyst af sinni hálfu. Greinilega hafi komið í ljós, að ekki hafi allt verið á hreinu á milli þeirra Ingibjargar og Gísla, því að lögreglan hafi verið kölluð til og Ingibjörg hefði flutt úr húsnæðinu að nóttu til.

Ingibjörg hefði komið til sín aftur og þá hefði hann tjáð henni, að Gísli hefði talað við sig og málin horfðu nú öðruvísi við. Hann hefði vísað málinu frá sér sem slíku, því að í raun hafi þetta verið mál á milli Ingibjargar og Gísla. Hann hefði skilið Gísla svo, að hann mundi ábyrgjast, að staðið yrði við leigusamninginn. Ekki hefði komið beint fram í samtali þeirra, að Gísli mundi taka að sér greiðslu húsaleigunnar burtséð frá því, hvernig færi með málefni Kaupfells s/f. Ekki hefði komið til tals á milli þeirra, að Gísli tæki húsnæðið á leigu persónulega.

Vitnið sagði, að verið gæti, að eitthvað hefði komið til tals á milli þeirra Ingibjargar, að hún mætti fara úr húsnæðinu, fengist annar leigjandi, en það hafi verið áður en honum hafi verið kunnugt um, að leigusamningur var fyrir hendi, en vitnið kvaðst þó ekki muna þetta. Vitnið kvaðst aldrei hafa viðurkennt uppsögn Ingibjargar.

Vitnið kvaðst hafa leigt húsnæðið að nýju í árslok 1977, en engar tekjur hefðu verið af húsnæðinu frá áramótum til þess tíma.

Vitnið kannaðist við, að Ingibjörg hefði komið til sín ásamt manni að nafni Jóhann Þorgeirsson. Þau hefðu viljað, að hann skrifaði upp á eitthvað, sem hann hefði skoðað sem einhverja vitleysu. Það hefði eitthvað verið í sambandi við, að þau yrðu laus og fengju skriflegt samþykki fyrir því. Vitnið kvaðst hafa neitað þessu, því að það hefði ekki komið til greina.

Jóhann Þorgeirsson kom fyrir réttinn sem vitni 11. desember sl. Vitnið skýrði m. a. svo frá, að stefnda Ingibjörg hefði beðið sig að koma með sér til Jóns Ámundasonar, en hún hefði þá verið búin að fá kröfu um greiðslu húsaleigu. Hún hefði talið sig vera búna að segja húsnæðinu upp á löglegan hátt. Jón hafi þá samþykkt allt, sem Ingibjörg hefði verið búin að segja við hann, en stefnda Ingibjörg hefði sagt við Jón, að hún teldi sig vera búna að segja húsnæðinu upp, sem Jón hefði samþykkt, að hún hefði gert á þeirri forsendu, að Gísli ætlaði að taka húsnæðið. Hún hefði spurt Jón að því, hvort hann vildi gefa sér það skriflegt, en það hafi Jón sagst ekki mundu gera nema hafa samband við lögmann sinn.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hún hafi fullt forræði á dánarbúi Ámunda heitins Sigurðssonar, en hún hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi 10. nóvember 1976. Samkvæmt 11. gr. laga

nr. 8/1962 hafi hún eignarráð á fjármunum búsins og geti höfðað mál því viðkomandi í eigin nafni. Verði ekki fallist á, að hún hafi full eignarráð dánarbúsins, hafi hún a. m. k. fullt umboð til þess að höfða mál fyrir þess hönd í eigin nafni.

Kröfur stefnanda séu byggðar á leigusamningi þeim, sem Kaupfell s/f og Ámundi Sigurðsson hafi gert með sér 28. febrúar 1975. Í leigusamningnum segi m. a., að þótt um heimila framleigu sé að ræða, beri leigutakinn, Kaupfell s/f, ábyrgð á leigugreiðslum, nema samþykki leigusala komi til. Kaupfell s/f hafi verið leigutaki og á þeim tíma, er Ingibjörg hafi farið fram á uppsögn leigusamningsins, hafi hún ekki verið eigandi Kaupfells s/f, heldur þeir Gísli Marinósson og Eysteinn Þorvaldsson. Hún hafi því ekki verið bær til að segja leigusamningnum upp, enda hafi aldrei verið fallist á uppsögn hennar eða hún tekin gild. Hún hafi í byrjun maí 1977 verið krafin um greiðslu leigunnar. Þeir Gísli og Eysteinn hafi verið eigendur Kaupfells s/f á þeim tíma, er uppsagnarmálin hafi verið til umræðu, og Gísli hafi tjáð Jóni Erni Ámundasyni, að Kaupfell s/f hefði gildan leigusamning um húsnæðið og mundi ekki segja því lausu. Gísli hafi á þessum tíma verið bær til að gefa út bindandi yfirlýsingar fyrir Kaupfell s/f. Jón hafi og séð af samningnum, að Kaupfell s/f væri ábyrgt fyrir greiðslu leigunnar, hverjir sem ættu það fyrirtæki. Þó að Ingibjörg hefði tekið við rekstri prjónastofunnar, hafi engan veginn verið ljóst, hvernig eignaraðild að Kaupfelli s/f var háttað. Deilur hafi verið uppi á milli þeirra Gísla og Ingibjargar og í raun hafi allt verið óljóst um eignarheimildina, þar til eigendaskipti hafi verið tilkynnt til firmaskrár og birt 11. mars 1977. Ingibjörg hafi keypt Kaupfell s/f með samningi, dags. 25. janúar 1977, og þá engan fyrirvara gert um leigusamninginn, enda hefði slíkur fyrirvari ekki verið gildur gagnvart stefnanda. Því verði að líta svo á, að bæði fyrrverandi og núverandi eigendur Kaupfells s/f séu ábyrgir fyrir greiðslu húsaleiguskuldarinnar, enda geti menn ekki firrt sig ábyrgð á skuldbindingum sameignarfélags síns með því að selja það öðrum. Persónuleg ábyrgð á þeim skuldbindingum, sem stofnað hafi verið til fyrir sölutíma, standi, enda þótt sameignarfélagið sé selt.

STEFNDU,

Kaupfell s/f, Ingibjörg Magnúsdóttir og Ragnar Kristinsson.

Af hálfu stefndu er í fyrsta lagi því haldið fram, að stefnandi sé ekki bær til þess að höfða mál vegna lögskipta Ámunda heitins

Sigurðssonar í eigin nafni, heldur verði hún að höfða mál í nafni dánarbúsins vegna þeirra. Því sé um að ræða aðildarskort, sem leiði til sýknu.

Þá er því haldið fram, að stefnda Ingibjörg hafi eignast prjónastofuna og Kaupfell s/f í mars 1976 við búskiptin vegna skilnaðar þeirra Gísla Marinóssonar. Það komi glöggt fram í samningnum frá 25. janúar 1976, að öll eignaryfirfærsla sé miðuð við 1. júlí 1976. Með þessum samningi hafi einungis verið gengið frá deilu, sem risið hefði út af skilnaðarskilmálunum, en eignaryfirfærslan hafi farið fram í mars 1976. Stefnanda og umboðsmanni hennar hafi verið um þetta kunnugt. Stefnda Ingibjörg hafi sagt upp húsnæðinu og hafi sú uppsögn verið samþykkt af hálfu stefnanda. Gísli Marinósson hafi ekki verið eigandi Kaupfells s/f á þessum tíma og því ekki getað komið fram fyrir þess hönd. Hann hafi vitað, að hann hafði engan rétt til þess að binda fyrirtækið. Það hafi hann ekki gert og ekki ætlað að gera. Hann hafi sjálfur ætlað að taka húsnæðið á leigu fyrir nýja prjónastofu og ábyrgjast persónulega greiðslu húsaleigunnar. Fram komi í framburði Jóns Arnar Ámundasonar, að Gísli hafi ábyrgst persónulega greiðslu húsaleigunnar. Dánarbúið sé því bundið af þeirri yfirlýsingu og eigi að greiða hina vangoldnu leigu. Þessi ábyrgðaryfirlýsing hafi verið ákvörðunarástæða stefnanda fyrir því að heimila Ingibjörgu uppsögnina. Uppsögnin leiði til þess, að Kaupfell s/f og eigendur þess fyrirtækis séu ekki ábyrgir fyrir greiðslunni. Kröfu stefnanda um greiðslu dráttarvaxta sé mótmælt, enda sé hún heimildarlaus. Komi til, að vextir verði dæmdir, eigi krafan ekki að bera hærri vexti en almenna innlánsvexti.

STEFNDU,
dánarbú Gísla Marinóssonar og Eysteinn Þorvaldsson.

Þessir stefndu aðiljar byggja í fyrsta lagi sýknukröfu sína á aðildarskorti stefnanda með sömu rökum og stefndu Kaupfell s/f, Ingibjörg og Ragnar.

Af hálfu stefndu er enn fremur á því byggt, að stefnda Ingibjörg hafi eignast Kaupfell s/f við skilnað þeirra hjóna í mars 1976. Þau hafi samt sem áður rekið fyrirtækið saman til 1. júlí 1976. Stefnda Ingibjörg hafi ekki staðið í skilum við Gísla Marinósson og hafi hann reynt að fá innsetningu í fyrirtækið og enn fremur hafi verið lagt lögbann á notkun stefndu Ingibjargar á vélum fyrirtækisins. Hinn 25. janúar 1977 hafi síðan verið gengið

formlega frá kaupum stefndu Ingibjargar á Kaupfelli s/f og hafi hún tekið að sér allar skuldbindingar fyrirtækisins frá og með 1. júlí 1976. Stefndu Ingibjörgu hafi verið ljóst, að hún var að kaupa fyrirtækið með öllum réttindum og skyldum, þ. á m. húsaleigusamninginn, sem hún hafi engan fyrirvara gert um. Jóni Erni Ámundasyni, umboðsmanni stefnanda, hafi verið ljóst, hvernig þessum málum var háttað, m. a. að stefnda Ingibjörg hafði yfirtekið rekstur fyrirtækisins, og sé því stefnandi bundinn af þeirri vitneskju hans, sbr. 10. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þær kröfur, sem um sé deilt í þessu máli, hafi risið eftir 1. júlí 1976. Gísli Marinósson hafi ætlað sér að komast inn í fyrirtækið Kaupfell s/f á nýjan leik og því verið mótfallinn, að húsnæðinu væri sagt upp. Það sé hins vegar alrangt, að hann hafi ætlað sjálfur að taka húsnæðið á leigu og ábyrgjast persónulega greiðslu húsaleigunnar. Það sjáist m. a. af framburði Jóns Ámundasonar, sem staðfesti, að Gísli hefði aldrei ætlað að taka sjálfur húsnæðið á leigu. Af hálfu stefnanda hafi aldrei verið samþykkt uppsögn stefndu Ingibjargar á húsnæðinu. Kaupfell s/f sé því ábyrgt fyrir greiðslu húsaleigunnar. Stefndu dánarbú Gísla Marinóssonar og Eysteinn Þorvaldsson séu ekki lengur eigendur Kaupfells s/f og skuldbindingar þess fyrirtækis séu þeim óviðkomandi.

Þá verði þess að gæta, að persónuleg ábyrgð eigenda sameignarfélags verði ekki virk, fyrr en staðreynt hafi verið, að félagið sé ekki greiðslufært. Ekkert liggi fyrir um það, að Kaupfell s/f sé ekki galdfært. Stefnandi hljóti því að verða að beina fyrst kröfum sínum að fyrirtækinu, áður en hann beini þeim að eigendum þess.

Kröfu stefnanda um greiðslu dráttarvaxta sé mótmælt, enda sé hún heimildarlaus. Komi til, að vextir verði dæmdir, eigi krafan ekki að bera hærri vexti en almenna innlánsvexti.

Forsendur dómsins.

Stefnandi þessa máls fær leyfi til setu í óskiptu búi eftir eiginmann sinn 10. nóvember 1976. Með setu sinni í óskiptu búi öðlast hún samkvæmt 11. gr. erfðalaga nr. 8/1962 eignarráð á fjármunum búsins. Telja verður hluta þeirra eignarráða rétt til þess að höfða í eigin nafni mál vegna lögskipta látins maka. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefndu, að þá beri að sýkna vegna aðildarskorts stefnanda.

Óumdeilt er, að fyrirtækið Kaupfell s/f var leigutaki húsnæðisins að Skipholti 23 samkvæmt þeim húsaleigusamningi, sem stefnandi reisir kröfur sínar á. Þá er eigi ágreiningur um fjárhæð höfuðstóls dómkröfu stefnanda.

Umboðsmaður stefnanda skýrði frá því fyrir dóminum, að þau stefnda Ingibjörg og Gísli Marinósson hefðu tilkynnt sér eigendaskipti að fyrirtækinu, áður en þau tóku að deila um það eftir búskiptin, og sér hefði verið kunnugt um, að stefnda Ingibjörg hefði yfirtekið rekstur Kaupfells s/f frá 1. júlí 1976 eða átt að gera það. Þótt eigendaskipti verði að Kaupfelli s/f á því tímabili, sem leigusamningurinn nær til, er Kaupfell s/f áfram leigutaki og sem slíkur ábyrgur fyrir greiðslu húsaleigunnar, enda er því ekki haldið fram í málinu, að um framleigu til nýs aðilja hafi verið að ræða, enda þótt eigendaskipti yrðu að fyrirtækinu eða leigusali hafi sérstaklega leyst leigutaka undan ábyrgð á greiðslu húsaleigunnar.

Telja verður ósannað, að Gísli Marinósson hafi tekið persónulega ábyrgð á greiðslu húsaleigunnar, og gegn mótmælum stefnanda verður einnig að telja ósannað, að uppsögn stefndu Ingibjargar á húsaleigusamningnum hafi verið tekin gild af hálfu stefnanda. Verður því ekki talið, að Kaupfell s/f hafi losnað undan skildbindingum sínum með þeim hætti. Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefnda Kaupfell s/f til að greiða stefnanda hina umstefndu skuld.

Kaupfell s/f er skráð í fimaskrá Reykjavíkur 18. júní 1966 sem fyrirtæki, sem annast smávöruverslun, eign þeirra Gísla Marinóssonar og Eysteins Þorvaldssonar, rekið með ótakmarkaðri ábyrgð eigenda. Hinn 27. janúar 1977 er skráð í firmaskrána, að þeir Eysteinn og Gísli hafi selt fyrirtækið Ingibjörgu Magnúsdóttur og Ragnari Kristinssyni, sem reki það áfram með ótakmarkaðri ábyrgð, og er tilkynning um þetta birt 11. mars 1977. Kaupsamningurinn um fyrirtækið er dagsettur 25. janúar 1977. Stefndi Ragnar er ekki kaupandi fyrirtækisins samkvæmt þeim kaupsamningi, en er skráður eigandi þess ásamt Ingibjörgu, eins og að framan er getið. Ekki er því haldið fram í málinu, að réttarstaða stefnda Ragnars sé önnur en réttarstaða stefndu Ingibjargar. Verður að líta svo á, að með eignaraðild sinni að fyrirtækinu hafi hann tekið að sér sömu skuldbindingar og stefnda Ingibjörg.

Í húsnæðinu að Skipholti 23 var rekin prjónastofa í nafni Kaupfells s/f allt til áramóta 1976/1977. Stefnda Ingibjörg annaðist ein rekstur prjónastofunnar frá 1. júlí 1976, og samkvæmt 6. gr.

framangreinds kaupsamnings rak hún fyrirtækið Kaupfell s/f frá sama tíma. Samkvæmt kaupsamningnum frá 25. janúar 1977 yfirtók stefnda Ingibjörg allar skuldbindingar Kaupfells s/f, eins og þær voru 1. júlí 1976. Þótt ekki komi glöggt fram í málinu, verður að gera ráð fyrir því, að stefnda Ingibjörg hafi greitt stefnanda húsaleiguna frá þessum tíma og hafi þannig fullnægt skuldbindingum fyrirtækisins gagnvart stefnanda allt til áramóta 1976/1977.

Samkvæmt framansögðu verður litið svo á, að þau stefndu Ingibjörg og Ragnar beri persónulega ábyrgð á greiðslu umstefndrar skuldar sem eigendur fyrirtækisins Kaupfells s/f, sem þau reka með ótakmarkaðri ábyrgð, og ber því að dæma þau in solidum til að greiða skuldina með Kaupfelli s/f.

Húsaleigusamningurinn er undirritaður 28. febrúar 1975, og er leigutíminn frá 1. mars 1976 til 28. febrúar 1979. Gísli Marinósson og Eysteinn Þorvaldsson eru eigendur Kaupfells s/f, þegar húsaleigusamningurinn er gerður, og báru þannig persónulega ábyrgð á efndum hans. Þótt þeir hafi selt stefndu Ingibjörgu Kaupfell s/f með öllum skuldbindingum þess, þykir það í engu breyta réttarstöðunni á milli þessara stefndu aðilja og stefnanda, en ekki hefur komið fram í málinu, að stefnandi hafi leyst þessa fyrri eigendur Kaupfells s/f undan persónulegri ábyrgð þeirra á efndum húsaleigusamningsins. Ekki þykir skipta máli, þótt gjaldfelling húsaleiguskuldarinnar hafi ekki farið fram fyrr en eftir þann tíma, að eigendaskiptin áttu sér stað, því að líta verður svo á, að skuldbindingar fyrri eigenda gagnvart stefnanda hafi staðið svo lengi sem húsaleigusamningurinn var í gildi. Ber því að dæma stefndu dánarbú Gísla Marinóssonar og Eystein Þorvaldsson til að greiða stefnanda hina umstefndu skuld in solidum með öðrum stefndu.

Af hálfu stefndu hefur því verið mótmælt, að hin umstefnda skuld beri dráttarvexti. Ekki þykja forsendur til að taka til greina kröfu stefnanda um greiðslu dráttarvaxta af skuldinni, en rétt þykir að dæma 16% ársvexti af skuldinni frá 1. janúar 1978 til 21. febrúar sama ár og 19% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu verða því dæmdir in solidum til að greiða stefnanda kr. 639.864 með 16% ársvöxtum frá 1. janúar 1978 til 21. febrúar s. á. og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður, sem stefndu greiði stefnanda in solidum, ákveðst kr. 162.000.

Friðgeir Björnsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Kaupfell s/f, Ingibjörg Magnúsdóttir, Ragnar Kristinsson, dánarbú Gísla Marinóssonar og Eysteinn Þorvaldsson, greiði in solidum stefnanda, Nönnu Ágústsdóttur, kr. 639.864 með 16% ársvöxtum frá 1. janúar 1978 til 21. febrúar sama ár og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 162.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. mars 1982.

Nr. 213/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Kristjáni Þór Jónssyni
og
Marteini Webb
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærðu með stefnu 10. mars 1981, og hefur ákæruvald einnig áfrýjað málinu til þyngingar. Ágrip máls barst Hæstarétti 30. desember 1981.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó svo, að refsing ákærðu verði þyngd.

Verjandi krefst þess, að ákærðu verði dæmd vægasta refsing, er lög leyfa, og skilorðsbundin.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi, og hefur héraðsdómari réttilega sakfellt ákærðu fyrir það atferli, er þeim er gefið að sök í ákæruskjali.

Ákærði Marteinn Webb sætti 1 mánaðar fangelsi fyrir

brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með dómi sakadóms Keflavíkur 25. mars 1981. Var brot þetta framið 29. apríl 1979. Refsingu hans ber að ákveða með vísun til 78. gr. almennra hegningarlaga. Ákærðu sammæltust um að fremja brot það, sem þeir eru nú sakfelldir fyrir, og ber að dæma þeim refsingu með vísan til 2. málsgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Dæma ber ákærðu til að greiða óskipt allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, 3.000.00 krónur.

Það athugast, að eigi liggja fyrir í málinu gögn um verðmæti þess, er ákærðu slógu eign sinni á.

Dómsorð:

Ákærðu, Kristján Þór Jónsson og Marteinn Webb, sæti hvor um sig 4 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 23. júlí 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 23. júlí, var á dómþingi sakadóms Keflavíkur, sem háð var af Inga H. Sigurðssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 12/1980: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Þór Jónssyni og Marteini Webb.

I.

Mál þetta, sem þingfest var þann 8. maí sl. og dómtekið 17. þ. m., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með

ákæruskjali, dags. 21. janúar 1980, á hendur „Kristjáni Þór Jónssyni sjómanni, Meiðarstöðum II í Garði, Gullbringusýslu, fæddum 4. september 1944 í Keflavík, og Marteini Webb verkamanni, Klapparstíg 8 í Keflavík, fæddum 13. janúar 1947 í Bandaríkjum Ameríku, fyrir að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 31. júlí 1979 farið í frystihúsið Keflavík h.f. við Vesturgötu í Keflavík og slegið eign sinni á eina stórlúðu og 16 kassa af humri. Telst þetta atferli ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

II.

Þann 31. júlí 1979 komu lögregluþjónar, sem voru á eftirlitsferð í Keflavík, að frystihúsi Keflavíkur h/f á mótum Túngötu og Vesturgötu. Við fiskmóttökudyr frystihússins stóð græn bifreið af Fiat gerð, er bar skrásetningarnúmerið Ö 3396. Er lögregluþjónar komu að, þekktu þeir ákærða Martein Webb, þar sem hann var að koma fyrir kössum í framsæti bifreiðarinnar, en í aftursætið hafði verið þétt raðað sams konar kössum. Í fiskmóttökudyrunum stóð maður, sem lögregluþjónarnir þekktu fyrir ákærða Kristján Þór Jónsson. Við stjórnvöl bifreiðarinnar sat Sjöfn Skúladóttir. Er lögregluþjónarnir spurðust fyrir um farm bifreiðarinnar, sem reyndist vera 16 kassar af humri, 25 lbs. hver, og 1 stórlúða, á að giska 100 pund, kváðust þeir Marteinn og Kristján hafa leyfi til þess að taka varninginn, en gátu að öðru leyti ekki gert nánari grein fyrir heimild sinni. Af þessum sökum voru þau Marteinn, Kristján og Sjöfn færð á lögreglustöðina í Keflavík, þar sem Marteinn viðurkenndi, að þeir Kristján hefðu ætlað að stela varningnum.

Lögregluþjónarnir Valur Ármann Gunnarsson og Hjálmar Árnason hafa komið fyrir dóm, og er framburður þeirra efnislega samhljóða því, sem að framan hefur verið rakið.

Sama dag og atvik þetta átti sér stað gáfu ákærðu skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Keflavík, og var framburður þeirra samhljóða. Ákærðu kváðust hafa farið inn um hlera á vesturhlið frystihússins í því skyni að leita að varningi, sem þeir ætluðu að stela og síðan að selja. Kváðust þeir síðan hafa fundið framangreindan varning, sem þeir settu á handvagn og óku út að dyrum. Að svo búnu kváðust þeir hafa farið heim til Marteins og óskað eftir því við unnustu hans, að hún kæmi með

þeim að frystihúsinu á bifreiðinni Ö 3396 í því skyni að koma varningnum í burtu. Kváðust þeir síðan hafa verið að koma framangreindum varningi fyrir í bifreiðinni, er lögreglan kom að og handtók þá.

Ákærðu hafa fyrir dómi viðurkennt að hafa þann 31. júlí 1979 farið inn í frystihús Keflavíkur h/f og stolið þaðan 16 kössum af humri og einnig stórlúðu, sem þeir síðan hafi ætlað að koma í verð. Að öðru leyti er framburður þeirra fyrir dómi efnislega samhljóða því, er fram kom í skýrslu þeirra hjá rannsóknarlögreglu.

Af ákæruvaldsins hálfu eru engar kröfur gerðar á hendur Sjöfn Skúladóttur, en ákærðu hafa báðir borið fyrir dómi, að þeir hafi talið henni trú um, að þeir hefðu heimild til töku þess varnings, sem hún átti að aðstoða þá við að flytja.

III.

Samkvæmt sakavottorðum, dags. 9. janúar 1980, hafa ákærðu sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

Ákærði Marteinn Webb:

„1968 5/2 í Keflavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 7/10 1967.

1968 27/8 á Akureyri: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. og 7. gr. lögreglusamþykktar Akureyrar.

1968 28/8 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. og 7. gr. lögreglusamþykktar Akureyrar.

1971 18/9 í Keflavík: Dómur: 8 mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1978 29/11 í Keflavík: Dómur: Sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1979 7/2 í Keflavík: Sátt, 25.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.“

Ákærði Kristján Þór Jónsson:

„1966 9/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1971 10/3 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 195. gr. hegningarlaga.

1971 18/9 í Keflavík: Dómur: Fangelsi í 4 mán., skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1972 5/8 í Vestmannaeyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
1975 15/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
1975 25/2 í Árnessýslu: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 256. gr. hegningarlaga.
1978 17/7 í Keflavík: Sátt, 80.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 17/7 1978."

IV.

Með viðurkenningu ákærðu og framburði vitna telst sannað, að þeir hafa gerst sekir um þá háttsemi, sem þeir eru bornir í ákæru og þar er til réttra refsiákvæða færð.

Refsing beggja ákærðu þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærðu skulu enn fremur dæmdir til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar óskipt samkvæmt 2. mgr. 142. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Dómsorð:

Ákærði Kristján Þór Jónsson sæti fangelsi í 6 mánuði.
Ákærði Marteinn Webb sæti fangelsi í 6 mánuði.
Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar óskipt.

Mánudaginn 29. mars 1982.

Nr. 178/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Árnasyni
(Jón Oddsson hrl.).

Þjófnaður. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1981, en einnig áfrýjað til þyngingar af hálfu ákæruvalds. Af hálfu ákærða var krafist vægari refsingar en í hinum áfrýjaða dómi. Bótakröfum var ekki mótmælt.

Ágrip barst Hæstarétti 18. desember 1981.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hefur ákærði hlotið 2 refsidóma. Hinn 10. ágúst 1981 var hann í sakadómi Reykjavíkur dæmdur í 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot þau, sem refsað er fyrir með dómi þessum, voru framin í fyrstu viku maímánaðar 1981, eða fyrir uppsögu hins áfrýjaða dóms. Hinn 26. nóvember 1981 var ákærði í sakadómi Reykjavíkur dæmdur í 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga. Brot þau, sem refsað er fyrir með dómi þessum, voru framin hinn 7. apríl 1981 og 2. júlí 1981. Eru dómar þessir því báðir um hegningarauka.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að því er varðar refsingu ákærða, skaðabætur og sakarkostnað.

Skaðabótakröfur samkvæmt 1. tölulið, 4. tölulið og 7. tölulið dómsorðs héraðsdóms beri vexti svo sem hér greinir: Frá tilgreindum upphafsdögum í héraðsdómi, 17. og 24. september 1980, til 1. júní 1981 35% ársvexti, frá þeim degi til uppsögu dóms þessa 34% ársvexti, en síðan með vöxtum

eins og af almennum sparisjóðsbókum, svo sem þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Jóns Árnasonar, skaðabætur og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði borgarsjóði Reykjavíkur vexti af dæmdum skaðabótum frá 17. september 1980 og Smiðjukaffi og Kaupstefnunni frá 24. september s. á., 35% ársvexti til 1. júní 1981, 34% ársvexti frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með vöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma af almennum sparisjóðsbókum, til greiðsludags.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. maí 1981.

Ár 1981, föstudaginn 29. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 240/1981: Ákæruvaldið gegn Jóni Árnasyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 20. þ. m., gegn Jóni Árnasyni, Írabakka 6, Reykjavík, fæddum 30. júní 1941 í Reykjavík, „fyrir eftirtalin brot:

I. Stolið úri og tékkhefti á Iðnaðarbanka Íslands hf., útibúið í Hafnarfirði, laugardaginn 30. ágúst 1980 að Spítalastíg 4 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Falsað úr nefndu tékkhefti 11 tékka og notað í viðskiptum. Nafn útgefanda Jón Eðvarðsson. Reikningsnúmer 3005, nema annars sé getið. Tékkarnir allir til handhafa og notaðir í Reykjavík, nema annað sé nefnt, til greiðslu á vörum og þjónustu og fengnir peningar til baka til að fjármagna áfengiskaup:

1. Nr. 391463, kr. 50.000, dags. 31. ágúst 1980. Seldur í Laugardalshöllinni.
2. Nr. 391464, kr. 50.000, dags. 30. ágúst 1980. Seldur í sælgætissölu að Grundarstíg 12.
3. Nr. 391465, kr. 50.000, dags. 30. ágúst 1980. Seldur í veitingahúsinu Nessý, Austurstræti.
4. Nr. 391467, kr. 25.000, dags. 31. ágúst 1980. Seldur í Smiðjukaffi, Smiðjuvegi 14, Kópavogi.
5. Nr. 391469, kr. 65.000, dags. 30. ágúst 1980. Seldur í versluninni Krónunni, Mávahlíð 25.
6. Nr. 391470, kr. 10.000, dags. 31. ágúst 1980. Greitt fyrir akstur í leigubifreið.
7. Nr. 391471, kr. 50.000, dags. 31. ágúst 1980. Seldur í Laugardalshöllinni. Reikningsnúmer 5030.
8. Nr. 391472, kr. 50.000, dags. 31. ágúst 1980. Seldur í Laugardalshöllinni. Reikningsnúmer 5030.
9. Nr. 391473, kr. 50.000, dags. 1. september 1980. Seldur í versluninni Boltamanninum, Laugavegi 27. Reikningsnúmer 5030.
10. Nr. 391474, kr. 50.000, dags. 1. september 1980. Seldur í Teppabúðinni, Hverfisgötu 49. Reikningsnúmer 5030.
11. Nr. 391475, kr. 50.000, dags. 31. ágúst 1980. Seldur í Laugardalshöllinni. Reikningsnúmer 5030.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Í málinu hafa verið gerðar bótakröfur á hendur ákærða sem hér greinir (vísað í svigum til viðeigandi ákæruliðar):

Borgarsjóður Reykjavíkur (II, 1) 50.000 krónur ásamt dráttarvöxtum (krafa gerð 17. sept. 1980).

Atli Már Sigurðsson, Ljósalandi 23, (II, 2) 50.000 krónur.

Veitingahúsið Nessý (II, 3) 50.000 krónur.

Smiðjukaffi, Kópavogi, (II, 4) 25.000 krónur auk vaxta og kostnaðar (krafa gerð 24. sept. 1980).

Fanney Magnúsdóttir, Staðarbakka 22, (II, 5) 65.000 krónur.

Alfreð Kristinsson, Lækjargötu 6 A, (II, 6) 10.000 krónur.

Kaupstefnan (II, 7, 8 og 11) 150.000 krónur auk vaxta og kostnaðar (krafa gerð 24. sept. 1980). Áfallinn kostnaður er skv. framlögðum gögnum samt. 9.650 krónur.

Verslunin Boltamaðurinn, Laugavegi 27, (II, 9) 50.000 kr. ásamt útlögðum kostnaði, 4.825 kr., alls 54.825 kr.

Teppabúðin, Hverfisgötu 49, (II, 10) 50.000 kr. ásamt áföllnum kostnaði (4.825 kr.).

Síðdegis laugardaginn 30. ágúst f. á. var ákærði í veitingahúsinu Óðali og fór þaðan heim með manni, sem hann hitti þar af tilviljun, en þekkti ekkert, Jóni Eðvarðssyni, Spítalastíg 4. Sátu þeir þar að sumbli. Ákærði tók þarna að ófrjálsu og sló eign sinni á úr Jóns og tékkhefti.

Sama dag og næstu daga ritaði ákærði tékka á eyðublöð úr hefti Jóns og falsaði nafn hans sem útgefanda að öllum tékkunum. Er sannað, að hann notaði í viðskiptum ellefu slíka tékka. Tékkar þessir hafa allir verið notaðir kringum mánaðamótin og hafa allir verið komnir í banka 2. sept. skv. stimplunum á tékkana. Gerð tékkanna er rétt lýst að öllu leyti í ákærunni. Þar er notkun þeirra einnig rétt lýst, en ákærði notaði tékkana alla í staðgreiðsluviðskiptum, og hefur fjárvinningur hans af þeim numið samanlagt 500 þúsund krónum.

Ákærði, sem játað hefur brot sín greiðlega og skýlaust, segist hafa týnt úrinu.

Notkun hinna ellefu fölsuðu tékka varðar við 155. gr. alm. hegningarlaga og þjófnaðurinn á úrinu og tékkheftinu við 244. gr. sömu laga.

Ákærði á langan brotaferil að baki, og verða fyrri refsidómar hans taldir hér upp:

1958 8 mán. skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað.
1959 1.500 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1960 15 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1965 7 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.
1965 1 mán. fangelsi (hegningarauki) fyrir þjófnað og hylmingu.
1966 3 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1967 6 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1967 1 árs fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.
1968 6 mán. fangelsi fyrir svik.

1971 18 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.
1972 8 mán. fangelsi fyrir skjalafals.
1975 6 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1975 5 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1975 sakfelldur fyrir skjalafalsbrot, en refsing ekki dæmd. (Tveir dómar 19. des. með sams konar niðurstöðu).
1978 2 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1978 5 mán. fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og svik.
1980 (29. febr.) 4 mán. fangelsi fyrir skjalafals.
1980 (8. maí) 60 daga fangelsi fyrir þjófnað.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 72. gr. almennra hegningarlaga fangelsi 10 mánuði.

Fjárkröfur þær, sem gerðar hafa verið, hefur ákærði samþykkt, og verða þær teknar til greina. Kröfurnar eru allar gerðar á sl. ári, og verða bætur tilgreindar í dómsorði í nýkrónum. Þar sem vaxta er krafist, verða dæmdir dómvextir skv. lögum 56/1979 og taldir frá því krafa var gerð, þar sem ekki er tilgreint annað tímamark í kröfugerðinni. Kröfur vegna útlagðs kostnaðar og vaxta verða teknar til greina, en málskostnaður af kröfunum verður ekki dæmdur.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Árnason, sæti fangelsi 10 mánuði.

Ákærði greiði:

1. Borgarsjóði Reykjavíkur 500 krónur ásamt hæstu innlánsvöxtum frá 17. sept. 1980 til greiðsludags.
2. Atla Má Sigurðssyni 500 krónur.
3. Veitingahúsinu Nessý 500 krónur.
4. Smiðjukaffi 250 krónur ásamt hæstu innlánsvöxtum frá 24. sept. 1980 til greiðsludags.
5. Fanneyju Magnúsdóttur 650 krónur.
6. Alfreð Kristinssyni 100 krónur.
7. Kaupstefnunni 1.596.50 krónur ásamt hæstu innlánsvöxtum frá 24. sept. 1980 til greiðsludags.
8. Versluninni Boltamanninum 548.25 krónur.
9. Teppabúðinni 548.25 krónur.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar.

Fimmtudaginn 1. apríl 1982.

Nr. 79/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Einari Sigurbjarti Jónssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. mars 1982, sem barst Hæstarétti 30. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. mars 1982.

Ár 1982, sunnudaginn 28. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Einari Sigurbjarti Jónssyni, Kirkjuvegi 28, Keflavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 14. apríl nk., kl. 1700, en hann er grunaður um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga. Kærði hefur mótmælt kröfu þessari.

Á hendur kærða eru nú eftirtalin mál til rannsóknar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins:

Mál rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 740/82.

Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur borist kæra frá Hafsteini Hafsteinssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Sigurjóns Símonarsonar vegna ætlaðra fjársvika í bifreiðaviðskiptum. Mun Sigurjón hafa selt Jóni Magnússyni, Stóra-Ási, Borgarfirði, bifreiðina R 63029 á kr. 19.000.00, sem greidd var með 4 víxlum. Voru víxlarnir

samþykktir af Róbert Henry Vogt, Hafnargötu 15, Vogum, fæddum 19. ágúst 1964, og út gefnir og ábaktir af Samúel Oddgeirssyni, sama stað. Eru þrír víxlanna gjaldfallnir og ógreiddir.

Jón Magnússon hefur borið, að kærði hafi fengið sig til að gera þessi kaup og afhent sér víxlana og lagt ríka áherslu á, að Jón mætti ekki skrifa nafn sitt á víxlana, ella væri betra að gera engin kaup. Verður af frásögn Jóns ráðið, að kærði hafi beitt skipulögðum blekkingum til að hafa fé af seljanda. Kvað Jón, að kærða hafi verið kunnugt um, að samþykkjandi og útgefandi á víxlunum væru óreiðumeenn.

Kærði hefur vísað frásögn Jóns á bug sem alrangri, og kvaðst hann aldrei hafa haft ofangreinda víxla undir höndum.

Mál rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 873/82.

Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur borist kæra frá Hafsteini Hafsteinssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Bjarna Hákonarsonar vegna ætlaðra fjársvika í bifreiðaviðskiptum. Mun Bjarni hafa selt áðurgreindum Jóni Magnússyni bifreiðina R 58700 á kr. 25.000.00, sem greidd var með 5 víxlum, samþykktum af Ólafi Clausen, Junkarageröi, Höfnum, og útgefnum og áböktum af Ósk Helgu Jónsdóttur, sama stað. Eru tveir víxlanna nú gjaldfallnir og ógreiddir.

Jón Magnússon hefur borið, að víxla þessa hafi hann fengið frá kærða fyrir bifreið, sem kærði seldi honum, og hafi Jón notað þá til kaupa á bifreiðinni R 58700. Kvaðst Jón hafa talið víxla þessa í lagi, en kvaðst nú vita, að samþykkjandi og útgefandi væru óreiðufólk.

Jón Magnússon hefur skýrt nánar frá viðskiptum sínum við kærða. Kvað Jón ýmsa óreiðumenn hafa komið á heimili kærða og útfyllt víxla fyrir kærða gegn þóknun. Hafi víxlum þessum verið komið í verð með bifreiðaviðskiptum með aðstoð Jóns við kærða.

Vegna ofangreindra kæruefna hefur rannsóknarlögregla ríkisins framkvæmt húsleitir að heimili Einars skv. úrskurði, uppkveðnum í Keflavík, og að Njálsgötu 86, Reykjavík, samkvæmt úrskurði, uppkveðnum í Reykjavík á föstudagskvöld. Var þar lagt hald á allmikið af skjölum, sem eftir á að flokka og kanna.

Kærði hefur alfarið vísað á bug framburði Jóns Magnússonar.

Mál rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 424/82.

Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur borist kæra Eiríks Tómassonar héraðsdómslögmanns f. h. Vilmundar S. Þorgrímssonar og Árna Níelssonar á hendur kærða fyrir ætluð fjársvik vegna

tveggja bifreiðaviðskipta, þ. e. bifreiðarnar S 1770 og Y 8476. Kærði hefur kannast við kaup á bifreiðum þessum, en kveðst aldrei hafa verið krafinn um greiðslur víxla vegna þeirra og kvaðst fyrst hafa frétt um greiðslufall þeirra, er hann var handtekinn í gær. Kvaðst kærði engum svikum hafa beitt vegna þessara viðskipta.

Þar sem rannsókn mála þessara er á algeru frumstigi, og eftir er að taka skýrslur af fjölmörgum, er borið geta um ofangreind viðskipti, og nauðsynlegt þykir að koma í veg fyrir, að kærði geti spillt sakargögnum með óskertu frelsi sínu, svo sem með því að hafa áhrif á vitni eða hugsanlega samseka, þykir með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 rétt að taka til greina kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald á hendur kærða, og skal hann sæta gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 7. apríl nk., kl. 1700.

Brot þau, sem kærði er sakaður um, gætu varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum 248. gr. almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Einar Sigurbjartur Jónsson, skal sæta gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 7. apríl 1982, kl. 1700.

Fimmtudaginn 1. apríl 1982.

Nr. 80/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Einari Sigurbjarti Jónssyni.

Kærumál. Húsleit. Handtaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 28. mars 1982, sem barst Hæstarétti 30. s. m., í því skyni, að því er ætla verður, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Af hálfu ákæruvalds hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Varnaraðili er undir rökstuddum grun um að hafa gerst brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. mars 1982.

Ár 1982, föstudaginn 26. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að heimiluð verði leit í skrifstofuhúsnæði, sem Einar Sigurbjartur Jónsson, Kirkjuvegi 28, Keflavík, hefur að Njálsgötu 86 og Vesturgötu 33, Reykjavík, í því skyni að leggja hald á sakargögn, er þar kunna að finnast, og jafnframt að heimiluð verði handtaka Einars, ef hann dvelst á ofangreindum stöðum.

Rannsóknarlögreglu ríkisins hafa borist kærur vegna fjögurra bifreiðaviðskipta. Jón Magnússon, Stóra-Ási, Borgarfirði, sem keypti tvær þessara bifreiða, hefur borið, að hann hafi keypt bifreiðar þessar fyrir víxla, sem Einar S. Jónsson hafi látið hann

hafa í þessu skyni. Kvað Jón Einar hafa látið óreiðumenn skrifa upp á víxla fyrir sig, sem hann síðan notaði í bifreiðaviðskiptum. Flestir víxlanna eru nú gjaldfallnir og ógreiddir.

Leikur grunur á því, að Einar hafi með stórfelldum og skipulögðum blekkingum haft fé af fólki á þennan hátt.

Jón Magnússon kvaðst hafa keypt fleiri bifreiðar fyrir Einar, og kvað hann skjöl varðandi þau kaup vera í vörslum Einars á heimili hans og á starfsstöð hans á Njálsgötu 86 eða á Vesturgötu 33.

Með vísan til framanritaðs og þar sem rökstuddur grunur er fram kominn um, að Einar S. Jónsson hafi með athæfi sínu gerst brotlegur við 155. gr. og 248. gr. alm. hegningarlaga, þykir með skírskotun til 43. gr., 1. og 2. mgr. 48. gr., og 49. gr., sbr. 51. gr. laga 74/1974 rétt að heimila rannsóknarlögreglu ríkisins að framkvæma húsleit að Njálsgötu 86, kjallara, og Vesturgötu 33 í því skyni að leggja hald á sakargögn, er ætla má að tengist ætluðum brotum Einars S. Jónssonar, og handtaka hann, ef hann dvelst á ofangreindum stöðum.

Leitarheimildin nær til læstra hirslna.

Úrskurðarorð:

Rannsóknarlögreglu ríkisins er heimilt að framkvæma húsleit að Njálsgötu 86, kjallara, og Vesturgötu 33, Reykjavík, í því skyni að leggja hald á sakargögn, sem þar kunna að finnast og ætla má, að tengist ætluðum brotum Einars Sigurbjarts Jónssonar, og handtaka hann, ef hann dvelst á ofangreindum stöðum.

Leitarheimildin nær til læstra hirslna.

Fimmtudaginn 1. apríl 1982.

Nr. 81/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Einari Sigurbjarti Jónssyni.

Kærumál. Húsleit. Handtaka. Kærufrestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 28. mars 1982, sem barst Hæstarétti 31. s. m., í því skyni, að því er ætla verður, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp 27. mars, kl. 1152. Varnaraðilja var birtur úrskurðurinn sama dag, kl. 1200. Kæra varnaraðilja er dagsett 28. mars, en gögn máls sýna, að hún kom ekki í hendur dómara fyrr en 29. mars, kl. 1415. Þá var kærufrestur liðinn samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Keflavíkur 27. mars 1982.

Ár 1982, laugardaginn 27. mars, er á dómþingi sakadóms Keflavíkur, sem háð er á skrifstofu dómsins að Vatnsnesvegi 33 í Keflavík af Inga H. Sigurðssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Með beiðni, dagsettri í dag, hefur vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins krafist þess, að rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR) verði með úrskurði heimilað að framkvæma húsleit á heimili Einars Sigurbjarts Jónssonar að Kirkjuvegi 28 í Keflavík í því skyni að leggja hald á sakargögn, er þar kynnu að finnast og tengst gætu ætluðum brotum hans á 155. og 248. gr. alm. hegn-

ingarlaga nr. 19/1940, svo og að nefndur Einar verði handtekinn og færður til skýrslutöku, dvelji hann á ofangreindum stað.

Í greinargerð RLR með framangreindri kröfu kemur fram, að því embætti hafi borist kærur á hendur Einari S. Jónssyni vegna viðskipta með fjórar bifreiðar og ætlaðra fjársvika hans í því sambandi:

1. Með bréfi, er borist hafi RLR 11. þ. m., hafi Hafsteinn Hafsteinsson hæstaréttarlögmaður farið þess á leit f. h. Sigurjóns Símonarsonar, Suðurgötu 14, Reykjavík, að fram færi opinber rannsókn vegna ætlaðra fjársvika í bifreiðaviðskiptum.
2. Með bréfi, er borist hafi RLR 24. þ. m., hafi Hafsteinn Hafsteinsson hæstaréttarlögmaður f. h. Bjarna Hákonarsonar, Sólheimum 35, Reykjavík, lagt fram kæru vegna svika við bifreiðaviðskipti.
3. Hjá RLR sé til meðferðar kæra Eiríks Tómassonar héraðsdómslögmanns f. h. Vilmundar S. Þorgrímssonar og Árna Níelssonar á hendur Einari S. Jónssyni vegna ætlaðra svika hans í sambandi við viðskipti með tvær bifreiðar.

Við rannsókn málsins hafi Jón Magnússon, Stóra-Ási, Borgarfirði, borið, að hann hefði keypt tvær þessara bifreiða og greitt fyrir þær með víxlum, er Einar S. Jónsson hefði fengið sér, í annað skiptið sem milligöngumaður Einars um kaupin, og hefði Einar þá lagt á það ríka áherslu við sig að rita ekki nafn sitt á víxlana.

Jafnframt þessu hafi nefndur Jón borið, að hann hefði oft verið staddur að Kirkjuvegi 28 í Keflavík, þar sem ýmsir óreiðumenn hefðu komið og útfyllt víxla fyrir Einar, oft gegn þóknun, og hafi víxlunum verið komið í verð með bifreiðaviðskiptum.

Þá hafi nefndur Jón borið, að skjöl varðandi framangreind bifreiðaviðskipti væru geymd að Kirkjuvegi 28 í Keflavík.

Í umræddri greinargerð RLR kemur fram, að með kæru Eiríks Tómassonar héraðsdómslögmanns hafi fylgt endurrit úr skiptabók Reykjavíkur, þar sem fram komi, að bú Einars S. Jónssonar hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 27. maí 1980 og skiptum lokið 18. júní s. á., án þess að nokkuð hafi komið upp í kröfu skiptabeiðanda.

Flestir þeir víxlar, er um ræðir í framangreindum bifreiðaviðskiptum, eru gjaldfallnir og ógreiddir.

Með vísan til framanritaðs er fram kominn grunur um, að Einar S. Jónsson hafi gerst brotlegur við 248. gr. alm. hegn-

ingarlaga nr. 19/1940 og gæti sú háttsemi varðað hann fangelsisrefsingu, ef sönnuð þætti. Af framlögðum gögnum málsins verður hins vegar ekki ráðið, að hann hafi gerst brotlegur við 155. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Þykir með skírskotun til 1. mgr. 48. gr., sbr. 43. gr., og 49. gr., sbr. einnig 51. og 1. mgr. 59. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 bera að heimila RLR að framkvæma húsleit í hýbýlum Einars S. Jónssonar að Kirkjuvegi 28 í Keflavík í því skyni að leggja hald á sakargögn, er þar kynnu að finnast og ætla má að tengist ætluðum brotum hans, og handtaka hann, ef hann dvelst á ofangreindum stað.

Leitarheimildin nær til læstra hirslna.

Úrskurðarorð:

Rannsóknarlögreglu ríkisins er heimilt að framkvæma húsleit í híbýlum Einars Sigurbjarts Jónssonar að Kirkjuvegi 28 í Keflavík í því skyni að leggja hald á sakargögn, sem þar kunna að finnast og ætla má að tengist ætluðum brotum hans, og handtaka hann, ef hann dvelst á ofangreindum stað.

Leitarheimildin nær til læstra hirslna.

Fimmtudaginn 1. apríl 1982.

Nr. 212/1979. **Þór Þorvaldsson**
Páll Garðarsson
Kristinn Steinsson og
Kristján Halldórsson
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Hjörleifi Hallgríms
Steinunni Ingólfsdóttur
(Jón Oddsson hrl.)
Rafni Herbertssyni
Nönnu Jósepsdóttur og
Erni Herbertssyni
(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Hlutafélag. Skrásetning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 30. nóvember 1979. Þau krefjast þess, að stefndu verði dæmd til að greiða þeim óskipt 39.800.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 10. maí 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 37% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögudags dóms í málinu, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar fyrir báðum dómum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en þau fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 16. nóvember 1979.

Af hálfu stefndu Hjörleifs Hallgríms og Steinunnar Ingólfsdóttur er þess krafist aðallega, að þau verði sýknuð af

öllum kröfum áfrýjenda og þeim dæmdur málskostnaður frá áfrýjendum in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þessi stefndu, að krafa áfrýjenda verði lækkuð verulega „og að ábyrgð yrði þá eingöngu pro rata hjá öllum stefndu", en málskostnaður verði dæmdur stefndu, eins og krafist er í aðalkröfu.

Af hálfu stefndu Rafns Herbertssonar, Nönnu Jósepsdóttur og Arnar Herbertssonar er krafist sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, sem áfrýjendur greiði in solidum.

Áfrýjendur töldu sig frá upphafi eiga við hlutafélagið Akurfell að skipta. Við það verður að miða, að ekki sé ágreiningur um, að Akurfell h/f hafi orðið skuldbundið gagnvart áfrýjendum við skrásetningu félagsins 23. mars 1977. Samkvæmt framansögðu svo og með hliðsjón af 1. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1936 ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sýknu stefndu af kröfum áfrýjenda í málinu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður milli málsaðilja hér fyrir dómi.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjenda fyrir Hæstarétti skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, sem þykja hæfilega ákveðin 7.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um sýknu stefndu, Hjörleifs Hallgríms, Steinunnar Ingólfsdóttur, Rafns Herbertssonar, Nönnu Jósepsdóttur og Arnar Herbertssonar, af kröfum áfrýjenda, Þórs Þorvaldssonar, Páls Garðarssonar, Kristins Steinssonar og Kristjáns Halldórssonar. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjenda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur.

Dómur bæjarþings Akureyrar 18. október 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. september sl., hafa Þór Þorvaldsson, Páll Garðarsson, Kristinn Steinsson og Kristján Halldórsson, allir til heimilis að Litluhlíð 2, Akureyri, höfðað með stefnu, útgefinni 10. október 1978 og birtri þann 14. október 1978, á hendur Hjörleifi Hallgríms, Byggðavegi 122, Akureyri, Steinunni Ingólfsdóttur, sama stað, Erni Herbertssyni, Sandvík, Akureyri, Nönnu Jósepsdóttur, sama stað, og Rafni Herbertssyni, Háalundi 1, Akureyri, til greiðslu in solidum persónulega og f. h. Akurfells h/f, Akureyri, á kr. 3.980.000 með 2½% mánaðarvöxtum frá 1. janúar 1977 til 1. ágúst 1977, en með 3% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu Arnar Herbertssonar, Nönnu Jósepsdóttur og Rafns Herbertssonar hafa verið gerðar þær kröfur, að þau verði algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnenda og jafnframt að þeim verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu að mati dómara. Af hálfu stefndu Hjörleifs Hallgríms og Steinunnar Ingólfsdóttur hafa verið gerðar þær kröfur, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda, og jafnframt krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ eða skv. málskostnaðarreikningi. Af hálfu stefnda Akurfells h/f hafa ekki verið hafðar uppi kröfur í málinu.

Með úrskurði, uppkveðnum 13. febrúar 1979, vék hinn reglulegi dómari, Ófeigur Eiríksson bæjarfógeti, sæti. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 3. apríl 1979, var Björn Jósef Arnviðarson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, „skipaður til þess sem setudómari á Akureyri að fara með bæjarþingsmálið nr. 242/1978: Þór Þorvaldsson, Páll Garðarsson, Kristinn Steinsson og Kristján Halldórsson gegn Hjörleifi Hallgríms, Steinunni Ingólfsdóttur, Erni Herbertssyni, Nönnu Jósepsdóttur og Rafni Herbertssyni persónulega og f. h. Akurfells h.f."

Í greinargerð lýsa stefnendur málavöxtum á þann veg, að með kaupsamningum, dags. 21. maí, 25. maí, 22. júní og 31. ágúst 1976, hafi stefnendur keypt raðhúsaíbúðir af stefndu, en íbúðir þessar voru í byggingu og standa við Litluhlíð 2 á Akureyri og eru merktar bókstöfunum E, F, G, H.

Í kaupsamningum, sem allir eru samhljóða, segir m. a.:

„Íbúðin selst fokheld og nánar tiltekið með frágengnu þaki, tvöföldu gleri í gluggum, og útihurðir verða fullfrágengnar og

ísettar ásamt bílskúrshurð. Léttir innveggir fylgja ekki (sbr. teikningu) né annað það, sem fram yfir það byggingarstig kann að teljast, að íbúðin sé fokheld. Húsið verður fullfrágengið að utan eða á því stigi, sem framangreindir tæknifræðingar kunna að óska eftir. Lóðin er leigulóð og sameign væntanlegra kaupenda alls raðhússins í eignarhlutföllum þeirra hvers fyrir sig. Bílastæði verða malbikuð með fyrirvara um framkvæmdir Akureyrarbæjar í þeim efnum, að öðru leyti verður lóð ófrágengin, en jöfnuð í rétta hæð með vél. Söluverð íbúðarinnar er kr. 5.400.000.-, fimm milljónir og fjögur hundruð þúsund krónur 00/100, sem er fast verð, að viðbættum sannanlegum kostnaði malbiks og vinnu umfram það, sem það verður sumarið 1976."

Þá segir í greinargerð stefnenda:

„Umsamið kaupverð var kr. 5.400.000.-, sem var fast verð, að viðbættum sannanlegum kostnaði malbiks og vinnu umfram það, sem það yrði sumarið 1976. Áætlaður afhendingartími íbúðanna var í sept./okt. 1976 með fyrirvara um, að óviðráðanlegar hindranir og sannanlegar hindruðu það ekki. Þegar komið var fram að umsömdum afhendingartíma, lá ljóst fyrir, að stefndu gætu ekki afhent íbúðirnar í umsömdu ástandi, þrátt fyrir að stefnendur hefðu staðið í skilum með greiðslur skv. kaupsamningum. Stefnendur reyndu að fá stefndu til að ljúka því verki, sem þeim bar skv. kaupsamningi, en án árangurs. Síðari hluta árs 1977 var orðið kunnugt um erfiða fjárhagsstöðu Akurfells h.f., fyrirtækisins, sem átti að vinna verkið, og engar líkur til, að það mundi aðhafast frekar í að ljúka því. Síðari hluta árs 1977 fengu því stefnendur dómkvadda matsmenn til að kveða á um, hvað kostaði að ljúka frágangi íbúðanna, eins og hann átti að vera skv. kaupsamningum. Til að kveða á um þetta voru tilnefndir matsmennirnir Gísli Magnússon byggingameistari og Gunnar Óskarsson múrarameistari, og komust þeir að þeirri niðurstöðu, að kostnaður við að ljúka frágangi íbúðanna, eins og þær áttu að vera skv. kaupsamningum, næmi kr. 3.980.000.-. Stefndu var margoft á árinu 1977 gefinn kostur á að ljúka verkinu, en þeir sinntu því engu. Stefnendum er því nauðugur einn kostur að fá aðra aðila til að ljúka verkinu og krefja síðan stefndu um kostnaðinn skv. matsgjörð, sbr. dskj. nr. 9, eða kr. 3.980.000.-."

Allir kaupsamningarnir eru undirritaðir af stefnendum annars vegar og stefnda Akurfelli h/f hins vegar. Eins og fram hefur komið, er auk Akurfells h/f stefnt í máli þessu þeim Hjörleifi Hallgríms, Steinunni Ingólfsdóttur, Erni Herbertssyni,

Nönnu Jósepsdóttur og Rafni Herbertssyni. Stefnendur lýsa því svo í greinargerð, af hverju framangreindum aðiljum er auk Akurfells h/f stefnt til persónulegrar ábyrgðar:

„Akurfell h.f. var skráð hinn 20. mars 1977. Stofnsamningur og samþykktir fyrir félagið er ódagsett, en tilkynning til firmaskrár, sem kom fram með öðrum skráningargögnum, er dags. 15. janúar 1976, og í greindri tilkynningu segir, að samþykktir félagsins hafi verið undirritaðar á stofnfundi, sem haldinn var hinn 10. janúar 1976. Kaupsamningar aðila máls þessa voru allir gerðir eftir stofnfund félagsins Akurfells h.f., en fyrir skráningu þess, og átti efndum greinds samnings jafnframt að vera lokið um mánaðamótin sept./okt. 1976, þ. e. löngu fyrir þann tíma, sem félagið var skráð. Stefnendur í máli þessu telja, að stefndu, sem öll voru stofnendur Akurfells h.f. hinn 10. jan. 1976, hafi verið persónulega ábyrg fyrir skuldbindingum félagsins, þar til það var skráð með lögmætum hætti."

Stefndu Örn Herbertsson, Nanna Jósepsdóttir og Rafn Herbertsson krefjast sýknu af persónulegri ábyrgð sinni, þar sem hún sé ekki fyrir hendi.

Af þeirra hálfu er því haldið fram, að kaupsamningarnir hafi verið gerðir við Akurfell h/f og þó það hafi ekki verið formlega skráð á þeim tíma, er samningarnir voru undirritaðir, hafi síðar verið úr því bætt og við það hafi Akurfell h/f orðið fullgildur samningsaðili. Hafi verið um persónulega ábyrgð að ræða, áður en gengið var frá formlegri skráningu, hafi hún fallið niður við skráningu. Til þess hefði ekki þurft neitt samþykki stefnenda, enda hafi þeir talið sig í upphafi vera að semja við hlutafélagið.

Stefndu Hjörleifur Hallgríms og Steinunn Ingólfsdóttir krefjast einnig sýknu á persónulegri ábyrgð sinni og styðja það sömu rökum.

Eins og fram hefur komið, telja stefnendur, að þeir hafi ekki hlotið fullar efndir skv. kaupsamningum sínum, og hafa því fengið dómkvadda menn til að meta, hvað eftir sé til að fullnægja kaupsamningi og hvað það muni kosta.

Matsmenn hafa komið fyrir dóm og staðfest matsgerðina og lýst því, að það verð, sem þeir miði við, þegar þeir reikni út kostnað við það, sem þeim er falið að meta, sé miðað við verðlag þess tíma, er matið var framkvæmt, en matsgerðin er dags. 10. maí 1978.

Ekki er neinn ágreiningur um matsgerðina, og hefur henni ekki verið mótmælt.

Í máli þessu er stefndu stefnt til persónulegrar ábyrgðar og því haldið fram, að stefndu beri persónulega ábyrgð vegna þess, að félagið, Akurfell h/f, hafi ekki verið skráð fyrr en eftir þann tíma, er afhenda skyldi íbúðirnar skv. ákvæðum kaupsamninganna. Stefndu Hjörleifur, Steinunn, Örn, Nanna og Herbert hafi öll verið stofnendur Akurfells h/f og beri persónulega ábyrgð af þeim sökum. En í greinargerð stefnenda segir svo m. a.: „Stefnendur í máli þessu telja, að stefndu, sem öll voru stofnendur Akurfells h.f. hinn 10. jan. 1976, hafi verið persónulega ábyrg fyrir skuldbindingum félagsins, þar til það var skráð með lögmætum hætti."

Það er í ljós leitt, að Akurfell h/f var skráð í firmaskrá Akureyrar hinn 23. mars 1977. Í málinu hefur því ekki verið mótmælt, að Akurfell h/f hafi verið skráð með formlegum hætti, og í greinargerð stefndu kemur m. a. fram, að eftir formlega skráningu telji þeir, að félagið beri ábyrgð á skuldbindingum sínum.

Það er því úrlausnarefni hér, hvort um er að ræða persónulega ábyrgð hjá stefndu.

Þegar stefnendur gera kaupsamninga sína, þá hljóðar upphaf þeirra á þá lund: „Við undirritaðir, Akurfell h.f., byggingaverktakar, Akureyri, sem seljandi og . . ." Samningarnir eru undirritaðir af kaupendum hverjum fyrir sig annars vegar, en hins vegar „pr. pr. Akurfell h. f." af hálfu seljenda.

Hvorki við undirritun kaupsamninga né síðar gera kaupendur athugasemd eða fyrirvara um, að þeir líti svo á, að samningsaðili sé annar en Akurfell h/f. Það er ekki fyrr en við útgáfu stefnu þann 10. október 1978 sem kaupendur vilja fyrst bera fyrir sig, að um sé að ræða persónulega ábyrgð hjá stofnendum Akurfells h/f.

Dómurinn lítur svo á, að stefnendum hafi verið það ljóst í upphafi, er þeir gerðu kaupsamninga sína, að þeir hafi verið að semja við félag með takmarkaðri ábyrgð, enda ekkert fram komið í málinu, sem bendir til hins gagnstæða.

Við skráningu félagsins verður það sjálfstæður réttaraðili. Umræddir kaupsamningar eru gerðir eftir stofnfund félagsins, en fyrir skráningu. Stefnendum mátti vera það ljóst, að þeir voru að semja við aðilja með takmarkaðri ábyrgð, og þykir því verða að líta svo á, að stefnendur öðlist ekki annan rétt en þann

sem þeir máttu búast við, þegar þeir gerðu kaupsamninga sína.

Rétt þykir því að sýkna stefndu Hjörleif Hallgríms, Steinunni Ingólfsdóttur, Örn Herbertsson, Nönnu Jósepsdóttur og Rafn Herbertsson af öllum kröfum stefnenda í máli þessu.

Af hálfu Akurfells h/f hefur ekki verið haldið uppi vörnum. Samkvæmt framlögðum gögnum málsins þykir rétt að taka kröfu þeirra á hendur Akurfelli h/f til greina að fullu, enda er það í ljós leitt með mati dómkvaddra manna, að Akurfell h/f hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar skv. kaupsamningi, og þykir rétt að leggja til grundvallar upphæð þá, er hinir dómkvöddu matsmenn hafa komist að niðurstöðu um.

Samkvæmt niðurstöðu málsins þykir hæfilega ákveðið, að stefndi Akurfell h/f greiði stefnendum kr. 475.000 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Björn Jósef Arnviðarson setudómari.

Dómsorð:

Stefndi Akurfell h/f, Akureyri, greiði stefnendum, Þór Þorvaldssyni, Páli Garðarssyni, Kristni Steinssyni og Kristjáni Halldórssyni, öllum til heimilis að Litluhlíð 2, Akureyri, kr. 3.980.000 með 2½% mánaðarvöxtum frá 1. janúar 1977 til 1. ágúst 1977, en með 3% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 475.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndu Hjörleifur Hallgríms, Steinunn Ingólfsdóttir, Rafn Herbertsson, Nanna Jósepsdóttir og Örn Herbertsson skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnenda.

Stefnendur skulu sýknir af málskostnaðarkröfu stefndu Hjörleifs, Steinunnar, Rafns, Nönnu og Arnar.

Föstudaginn 2. apríl 1982.

Nr. 23/1981. **Úretan-einangrun**
gegn
Hersteini Tryggvasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Úretan-einangrun, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. apríl 1982.

Nr. 226/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðbergi Guðjónssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Héraðsdóm kvað upp Júlíus B. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 15. september 1981, og er málinu einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip máls barst Hæstarétti 30. desember 1981.

Af hendi ákæruvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur, þó svo, að refsing ákærða verði þyngd.

Verjandi krefst þess með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að ákærða verði eigi dæmd sérstök refsing.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sakarmat og færslu atferlis ákærða til refsiákvæðis. Samkvæmt sakavottorði ákærða sætti hann með dómi sakadóms Kópavogs hinn 19. janúar 1982 tveggja mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga, og var það brot framið 18. febrúar 1980. Ákærði sætti dómi í Noregi hinn 18. júlí 1978, 2 mánaða fangelsi óskilorðsbundið og 7 mánaða fangelsi skilorðsbundið, fyrir skjalafals, þjófnað og ólögmæta meðferð fundins fjár, og voru brotin framin í júní 1978. Er sá dómur eigi réttilega reifaður í hinum áfrýjaða dómi. Þá sætti hann 6 mánaða fangelsi með dómi Hæstaréttar 25. september 1980 fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, og var það brot framið 23. apríl 1978. Ber nú að dæma ákærða refsingu með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga svo og með vísan til 72. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.000.00 krónur.

Óhæfilegur dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa, frá því að vörn var skilað og fram til þess, að dómur var kveðinn upp.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guðbergur Guðjónsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 2. júní 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 3. maí 1978, gegn ákærða, Guðbergi Guðjónssyni, þá heimilislausum verkamanni, en nú til heimilis að Furugrund 26, Kópavogi, fæddum 1. ágúst 1943 í Reykjavík.

Ákærða er gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 5. mars 1978 farið um borð í loðnuskipið Skarðsvík, SH 205, við Friðarhafnarbryggju í Vestmannaeyjahöfn og slegið eign sinni á 50.000 krónur, sem ákærði fann þar um borð.

Telst ofangreint atferli varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur. Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1960 6/10 á Keflavíkurflugvelli: Áminning fyrir tolllagabrot.
1961 í Reykjavík: Kærður fyrir 6 þjófnaði. Ákæru frestað skilorðsbundið í 3 ár frá 1/3 1961.
1961 5/5 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. og 248. gr. hegningarlaga.
1961 27/10 í Reykjavík: Dómur: 18 mánaða fangelsi fyrir brot á 155., 244., 246. og 259. gr. hegningarlaga.
1961 15/12 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
1962 1/9 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 44. gr. áfengislaga og 7., sbr. 78. gr. lögreglusamþykktar.
1962 4/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1964 22/1 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1964 28/12 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 3ja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur, kr. 3.600.
1965 12/4 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 2.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 12/4 1965, fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.
1965 5/5 í Reykjavík: 5 mánaða fangelsi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1965 20/10 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. (Hegningarauki).
1966 7/10 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1967 2/1 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga. Greiði skaðabætur að hálfu, kr. 1.000.
1967 7/4 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli, sem dæmt var í sakadómi Reykjavíkur 7/10 1966: Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
1967 9/10 í Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
1969 10/1 í Reykjavík: Sátt, 8.000 kr. sekt fyrir brot gegn 219. gr. hegningarlaga og 45. gr. og 49. gr. umferðarlaga.
1970 25/2 í Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
1971 21/5 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
1972 30/11 í Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot á 155. gr. hegningarlaga.
1973 26/11 í Reykjavík: Dómur: 18 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
1976 24/3 í Hafnarfirði: Sátt, 18.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 24/3 1976.
1977 29/3 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga.
1978 21/8 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1979 6/9 í Garðakaupstað: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

Málsatvik eru þessi:

Sunnudaginn 5. mars 1978, kl. 1010, hafði skipstjórinn á m/s Skarðsvík, SH 205, talstöðvarsamband við lögregluna í Vestmannaeyjum og skýrði frá því, að þá um nóttina, er verið var að landa loðnu úr skipinu, hefði maður komið um borð í skipið og stolið 50.000 krónum frá einum skipverja hans. Sagði hann, að meðan á löndun stóð, hefði aðeins einn maður komið um borð og kæmi því enginn annar til greina. Lýsti skipstjórinn manni þessum þannig, að hann væri mjósleginn í andliti, dökk-

hærður, í stuttum dökkum leðurjakka og fremur ljósri skyrtu og ynni við beitingu á m/b Kópi, VE 11. Enn fremur sagði skipstjórinn, að skipverjarnir hefðu veitt því athygli, þegar maður þessi fór frá borði, að hann hefði gefið sig á tal við ökumann vörubifreiðar, sem notuð var við löndunina.

Tveir lögreglumenn hófu þegar að vinna að þessu máli. Höfðu þeir tal af tveimur vörubifreiðarstjórum, sem unnið höfðu að löndun úr m/s Skarðsvík, þeim Ástþóri Ísleifssyni, Ásavegi 16, Vestmannaeyjum, og Friðrik Má Sigurðssyni, Birkihlíð 3, Vestmannaeyjum. Bifreiðarstjórarnir könnuðust báðir við mann þennan eftir lýsingu lögreglumannanna, en sögðust halda, að maðurinn, sem þeir þekktu ekki með nafni, ynni við beitingu hjá útgerð m/b Sæþórs Árna, VE.

Lögreglumennirnir fóru í verbúð Vinnslustöðvarinnar h/f, og þar höfðu þeir upp á manni, sem fyrrgreind lýsing gat átt við. Hann kvaðst aðspurður heita Guðbergur Guðjónsson, vera fæddur 1. ágúst 1943 og eiga lögheimili í Svíþjóð. Maður þessi, sem er ákærði í máli þessu, kvaðst, er hann var spurður um ferðir sínar þá um nóttina, hafa verið hjá konu sinni, þ. e. í verbúð Vinnslustöðvarinnar h/f. Breytti hann síðar framburði þessum og kvaðst nú hafa farið um borð í m/b Sæþór Árna, en engan bát annan.

Ákærði var því næst færður í fangageymslu lögreglunnar. Meðferðis hafði hann kr. 23.600 í peningum. Enn breytti ákærði framburði sínum og sagðist nú hafa farið um borð í m/s Skarðsvík og stolið þar peningum, 50.000 krónum. Hefði kona hans fengið helming fjárins, en hún vissi ekki, að um stolna peninga væri að ræða.

Farið var með ákærða í verbúð Vinnslustöðvarinnar og hann látinn afhenda peningana, sem þar með voru orðnir 48.600 kr., en að svo búnu var ákærði á ný færður í fangageymslu lögreglunnar.

Haft var samband við skipstjóra m/s Skarðsvíkur og honum skýrt frá málalokum. Sagði hann, að eigandi peninganna væri Freyr Reynisson, Skjaldartröð, Hellnum, Snæfellsnessýslu, og fékk Freyr peningana afhenta hinn 13. mars 1978.

Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að einhvern tíma umrætt kvöld hefði hann farið um borð í m/s Skarðsvík, SH 205, þar sem verið var að landa úr skipinu loðnu við Friðarhafnarbryggju. Ákærði kvaðst hafa verið mjög ölvaður, enda hefði hann verið búinn að vera við drykkju allan daginn. Ekki kvaðst

ákærði hafa gert sér grein fyrir, í hvaða tilgangi hann fór um borð í áðurnefnt skip, en sagðist þó alla vega ekki hafa gert það í þjófnaðartilgangi. Ekki kvaðst ákærði muna, hvort hann talaði við einhverja af skipverjum m/s Skarðsvíkur, en hann mundi eftir að hafa verið að tala við bifreiðarstjóra, sem unnu við að aka loðnu úr Skarðsvíkinni í bræðslu. Ákærði kannaðist við að hafa tekið peninga um borð í skipinu án þess þó að geta gert sér grein fyrir, hvar hann fann þessa peninga, sem eingöngu hefðu verið í fimmþúsundkrónaseðlum. Kvaðst ákærði hafa eytt u. þ. b. 1.400 krónum af þessum peningum og hefði hann keypt sígarettur, öl og e. t. v. eitthvað fleira fyrir þessa upphæð.

Ákærði kvaðst hafa sagt konu sinni, að hann hefði fengið þessa peninga fyrir beitinguna, en kvaðst halda, að hún hefði ekki trúað honum.

Ákærði sagðist ekki hafa munað, er hann vaknaði, hvar hann hefði fengið þessa peninga, það hefði ekki verið fyrr en hann kom á lögreglustöðina, að þetta hefði farið að rifjast upp fyrir honum.

Loks lét ákærði þess getið, að kona hans hefði ekki vitað, hvernig peningar þeir, sem hann afhenti henni, hefðu verið til komnir, en hún hefði aftur á móti sagt, þegar hann kom að ná í þá með lögreglunni, að hana hefði grunað, að hann hefði gert eitthvað af sér.

Af hálfu ákærða er sú dómkrafa gerð, að honum verði ekki gerð sérstök refsing í máli þessu. Jafnframt er krafist málsvarnarlauna að mati dómsins.

Bent er á, að fyrir liggi í málinu sakavottorð ákærða, dagsett 24. apríl 1978. Eftir að sakavottorð þetta var gefið út svo og ákæran í málinu, þá hafi ákærði hlotið tvo refsidóma fyrir brot á hegningarlögum. Á árinu 1978 hafi hann hlotið 12 mánaða fangelsi í Noregi og með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 21. ágúst 1978, hafi hann hlotið 3ja mánaða fangelsi. Þá er enn fremur á það bent, að fyrir sakadómi Garðabæjar liggi þrjár ákærur, dags. 20. janúar 1976, 31. maí 1977 og 5. júlí 1977. Dómur í málum þessum sé væntanlegur innan fárra daga, en af hálfu ákærða hafi vörn verið lögð fram 23. nóvember 1977.

Af framangreindu megi vera ljóst, að nauðsynlegt sé fyrir þennan dómstól að afla upplýsinga um öll framangreind mál, áður en dómur verður kveðinn upp, þar sem við ákvörðun refsingar í máli þessu skuli fara eftir 78. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 77. gr. sömu laga.

Með hliðsjón af fyrrgreindum dómum verði að telja, að ekki eigi að dæma ákærða sérstaka refsingu í máli þessu.

Niðurstaða.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru og varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Frá árinu 1961 hefur ákærði 16 sinnum hlotið dóma fyrir auðgunarbrot og önnur hegningarlagabrot.

Síðast hlaut hann dóm hérlendis hinn 6. september 1979, 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga. Hinn 21. ágúst 1978 var ákærði dæmdur í 3ja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þá var ákærði á árinu 1978 dæmdur í 3ja mánaða óskilorðsbundið fangelsi og 9 mánaða skilorðsbundið fangelsi í Noregi fyrir tékkabrot.

Þessir þrír dómar eru kveðnir upp, eftir að ákærði framdi brot það, sem hér er um fjallað.

Samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga verður ákærða því dæmdur hegningarauki í máli þessu.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af sakaferli hans og sbr. 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 50.000.

Dómsuppkvaðning í máli þessu hefur dregist vegna mikilla anna dómarans við önnur embættisstörf.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbergur Guðjónsson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 2. apríl 1982.

Nr. 100/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ragnari Svavarssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Brot gegn fjarskiptalögum. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Birgir Þormar, aðalfulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 22. maí 1980, en málinu er einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 30. desember 1981.

Af hendi ákæruvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó svo, að ákærða verði dæmd refsing.

Verjandi krefst sýknu af kröfum ákæruvalds í málinu.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hefur verið aflað gagna, er m. a. fela í sér nánari lýsingu á tækjum þeim og búnaði, er ákæra lýtur að, sendistyrk, tíðnisviði og nothæfni, svo og um það, hvort tækin séu til þess fallin að trufla útsendingar Ríkisútvarpsins eða önnur fjarskipti, og enn um það, hvort leyfi hefði fengist fyrir tækjunum, ef um það hefði verið sótt. Af hálfu Póst- og símamálastofnunar er talið, að eigi hefði fengist leyfi fyrir innflutningi og starfrækslu á tækjum þessum á þessum tíma, sem hér um ræðir.

Það athugast, að þar sem talað er um Ferjubakka 4 í Reykjavík í héraðsdómi, á að standa Ferjubakki 2—16.

Ákærði er sannur að sök um að hafa notað tvær talstöðvar, er samkvæmt sakargögnum falla undir 2. gr. laga nr. 30/1941, án leyfis, sem þar er tilskilið.

Varðar atferlið hann refsingu samkvæmt 2. og 27. gr. laganna, svo sem greinir í héraðsdómi. Ákvörðun héraðs-

dómara varðandi refsingu á að vera óröskuð svo og ákvæði dómsins um sakarkostnað. Skylt er samkvæmt 1. tölulið 27. gr. laga nr. 30/1941 að dæma upptæk tæki, sem starfrækt eru andstætt 2. gr. laganna. Verður því eigi hjá því komist að staðfesta upptökuákvæði héraðsdóms, en tækin skulu upptæk til ríkissjóðs, sbr. 69. gr., 2. mgr., almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 3.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ragnar Svavarsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. desember 1979.

Ár 1979, þriðjudaginn 18. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Birgi Þormar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 556/1979: Ákæruvaldið gegn Ragnari Svavarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 13. ágúst 1979, á hendur ákærða, Ragnari Svavarssyni verslunarmanni, Ferjubakka 4, Reykjavík, fæddum þar í borg 7. febrúar 1947, „fyrir að hafa átt og notað á árinu 1978 tvær talstöðvar án leyfis Póst- og símamálastjórnarinnar, en aðra stöðina, sem er af gerðinni Lafayette HB-740, keypti ákærði af ókunnum manni í Reykjavík í maí 1978, en hina einnig af ókunnum manni við Úlfljótsvatn um mitt sumar 1978, en sú stöð er af gerðinni Pace CB-110, og var lagt hald á báðar stöðvarnar 20. nóvember 1978.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 27. gr. laga um fjarskipti nr. 30/1941.

Þess er krafist, að ákærði verði rdæmdur til refsingar, til að þola upptöku á nefndum talstöðvum skv. 27. gr. nefndra laga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði hvorki sætt ákæru né refsingu.

Málsatvik eru þessi:

Mánudaginn 20. nóvember 1978 var samkvæmt ósk íbúa að Ferjubakka 4 í Reykjavík gerð leit að talstöðvum, sem talið var, að væru í húsinu. Grunur lék á, að stöðvarnar yllu truflunum á sjónvarpstækjum. Leitina framkvæmdu starfsmenn radíóeftirlits Landssímans. Nutu þeir aðstoðar lögreglunnar í Reykjavík. Farið var í þrjár íbúðir, og fundust talstöðvar í tveimur þeirra.

Hjá ákærða Ragnari fundust þrjár stöðvar, og var lagt hald á þær. Ein þeirra var á skrá hjá Póst- og símamálastjórninni. Sú stöð var síðar afhent honum. Hinar stöðvarnar, önnur af gerðinni Lafayette HB-740, sernr. 10033073, og hin af gerðinni Pace CB-110, sernr. 105324, voru ekki á skrá hjá Póst- og símamálastjórninni.

Ákærði gaf skýrslu um mál þetta hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 1. mars 1979. Hann kvaðst hafa keypt Lafayette stöðina í maí 1978 og Pace stöðina um mitt sumarið sama ár. Stöðvarnar keypti hann af mönnum, sem hann þekkti ekki og gat ekki nafngreint. Hann kvaðst hafa trassað að fá heimild til að nota stöðvarnar.

Ákærða var boðið að ljúka máli þessu með dómssátt, en hann hafnaði því vegna þess, að hann sætti sig ekki við upptöku á tækjunum.

Ákærði viðurkenndi fyrir dómi, að efni ákærunnar væri rétt, en hann tók fram, að hann hefði ekki notað stöðvarnar sem sendistöðvar, heldur hefði hann aðeins notað þær til hlustunar.

Telja verður sannað með hliðsjón af framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að hann hafi með öflun talstöðvanna, handhöfn og notkun brotið gegn 2. gr. fjarskiptalaga nr. 30/1941 og unnið samkvæmt 1. tl. 27. gr. sömu laga til refsingar.

Með hliðsjón af hreinu sakavottorði ákærða þykir rétt að fresta ákvörðun refsingar hans og láta hana niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Skylt er samkvæmt 1. tl. 27. gr fjarskiptalaga að taka til greina kröfu ákæruvalds um upptöku á talstöðvunum.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun, krónur 70.000, til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu Ragnars Svavarssonar skal fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þess að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði skal sæta upptöku á talstöð af gerðinni Lafayette HB-740 og talstöð af gerðinni Pace CB-110.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal krónur 70.000 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns.

Föstudaginn 2. apríl 1982.

Nr. 156/1979. **Bæjarsjóður Hafnarfjarðar**
(Gestur Jónsson hdl.)
gegn
Benedikt Guðbjartssyni
(Baldur Guðlaugsson hdl.).

Lóðarúthlutun. Gatnagerðargjald. Stjórnsýsla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1979. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms með þeirri breytingu þó, að vextir verði ákveðnir 22% ársvextir frá 1. júní

1979 til 14. júní s. á., en dómvextir, sbr. lög nr. 56/1979, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Skilja verður dómkröfur stefnda svo, að hann krefjist þess, að tekin verði til greina 3. varakrafa hans fyrir héraðsdómi, en þó þannig, að honum verði einungis dæmd sú fjárhæð, er héraðsdómur dæmdi.

Fyrir Hæstarétti vefengir stefndi ekki, að lóðarúthlutunin til hans 21. desember 1976 og lóðarleigusamningur hans og Hafnarfjarðarkaupstaðar 18. mars 1977 hafi fallið úr gildi í mars 1978 og að úthlutun lóðarinnar til hans 17. mars 1978 hafi verið ný lóðarúthlutun. Þá ber stefndi ekki brigður á, að samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 446/1975, sem eigi stoð í 5. gr. laga nr. 51/1974, hafi gatnagerðargjald vegna lóðar hans verið rétt reiknað 1.809.507 gkr., ef miðað sé við vísitölu byggingarkostnaðar, er gilti 11. apríl 1978, en 1.716.245 gkr., ef miðað sé við vísitölu marsmánaðar 1978.

Stefndi telur, að uppgjöri vegna gatnagerðargjalds við endurúthlutun lóðar hans hafi átt að haga þannig, að annað hvort hefði átt að færa honum til tekna með fullu álagi samkvæmt hækkun vísitölu byggingarkostnaðar þær 580.022 gkr., sem hann greiddi 18. janúar 1977, eða sú greiðsla átt að teljast lúkning á helmingi gatnagerðargjalds af lóð hans, svo sem það var ákveðið eftir endurúthlutun lóðarinnar. Fjárhæð þá, sem stefnda var dæmd með hinum áfrýjaða dómi, er hann krefst, að staðfestur verði, virðist mega finna með síðari aðferðinni þannig:

Helmingur gatnagerðargjalds, sem reiknað var 1.716.245 gkr. við endurúthlutun lóðar stefnda í mars 1978, ...		858.123 gkr.
Inn á það greiddi stefndi:		
a) Hinn 24. apríl 1978	857.842 gkr.	
b) Hinn 11. júlí 1978	278.136 gkr.	1.135.978 gkr.
Hafi stefndi því ofgreitt		277.855 gkr.

sem er dómkrafa hans fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verður við það að miða, að við úthlutun lóðarinnar 17. mars 1978 hafi áfrýjanda verið heimilt að krefja stefnda sem nýjan lóðarhafa um fullt gatnagerðargjald af lóðinni, reiknað eftir byggingarvisitölu á þeim tíma, er sú úthlutun fór fram. Jafnframt hafi áfrýjanda borið að endurgreiða stefnda það fé, er stefndi hafði goldið upp í gatnagerðargjald 18. janúar 1977 eftir hina fyrri lóðarúthlutun, sem niður var fallin. Hefur stefndi hvorki sýnt fram á heimild sér til handa til að krefjast vísitöluálags á það fé né heldur er unnt að líta svo á, að sú greiðsla hans, þótt numið hafi hálfu áætluðu gatnagerðargjaldi samkvæmt lóðarúthlutuninni í desember 1976, eigi að teljast lúkning á helmingi þess gatnagerðargjalds, sem ákveðið var við nýja lóðarúthlutun í mars 1978.

Ekki standa efni til að taka endurgreiðslukröfu stefnda til greina á þeim grundvelli, að jafnræðisregla í stjórnsýslurétti hafi verið á honum brotin, þegar af þeirri ástæðu, að þetta hefur hvorki komið fram sem nægilega skýr málsástæða af hendi hans né heldur verður ráðið með neinni vissu af gögnum máls, að staðreyndum hafi verið á slíkan veg farið, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að taka sýknukröfu áfrýjanda til greina, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Hafnarfjarðar, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Benedikts Guðbjartssonar, í málinu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og Sigurgeirs Jónssonar.

Því hefur verið haldið fram af hálfu stefnda, að því er virðist bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, að hann sæti ekki

við sama borð og aðrir menn, sem hljóta lóðir við endurúthlutun, ef innborgun hans hinn 18. janúar 1977 yrði reiknuð með þeim hætti, er áfrýjandi gerir. Í þessu sambandi hefur stefndi vitnað til framburðar Kristins Ó. Guðmundssonar, fyrrverandi bæjarstjóra Hafnarfjarðar, á bæjarþingi Hafnarfjarðar hinn 23. apríl 1979. Þar bar bæjarstjórinn m. a., að hann teldi eðlilegast, að bæjarsjóður endurgreiddi lóðarhafa, sem sviptur hefði verið lóðarréttindum, og krefði hinn nýja lóðarhafa um greiðslu. Nýi lóðarhafinn væri þá látinn greiða sömu fjárhæð. Hann kveðst ekki muna til þess, að hinn nýi lóðarhafi hafi verið látinn greiða gatnagerðargjald miðað við hækkun á vísitölu.

Með þetta í huga heldur stefndi því fram, að hin viðurkennda jafnræðisregla stjórnsýsluréttar sé ekki virt gagnvart honum með þeirri aðferð, er áfrýjandi hefur beitt við útreikning á innborgun hans hinn 18. janúar 1977. Í málflutningi fyrir Hæstarétti hinn 17. mars sl. var þessari röksemd stefnda ekki andmælt. Þykir því mega fallast á þessa málsástæðu hans. Teljum við því, eins og háttað er kröfugerð svo og málflutningsyfirlýsingu talsmanns stefnda í þinghaldi fyrir Hæstarétti 17. mars 1982, að rétt sé að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms, einnig varðandi vexti, enda var krafist staðfestingar héraðsdóms í upphaflegri greinargerð stefnda til Hæstaréttar.

Miðað við þessi málalok verður áfrýjanda gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 3.500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarsjóður Hafnarfjarðar, greiði stefnda, Benedikt Guðbjartssyni, kr. 3.500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 31. maí 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. maí 1979, hefur Jón Steinar

Gunnlaugsson héraðsdómslögmaður, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum f. h. Benedikts Guðbjartssonar héraðsdómslögmanns, Suðurvangi 8 í Hafnarfirði, á hendur bæjarsjóði Hafnarfjarðar.

Endanleg kröfugerð stefnanda er þannig:

Aðalkrafa:

Að stefndi verði dæmdur til greiðslu 555.957 króna með 19% ársvöxtum af 277.821 krónu frá 16. mars 1978 til 11. júlí 1978, en af 555.957 krónum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

1. varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 477.971 krónu með 19% ársvöxtum af 277.821 krónu frá 16. mars 1978 til 11. júlí 1978, en af 477.971 krónu frá þeim degi til greiðsludags.

2. varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 463.349 krónur með 13% ársvöxtum af 277.821 krónu frá 16. mars 1978 til 11. júlí 1978, en af 463.349 krónum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

3. varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 278.136 krónur með 19% ársvöxtum frá 11. júlí 1978 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

MÁLAVEXTIR.

Þann 21. desember 1976 var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að gefa stefnanda kost á lóð fyrir einbýlishús við Víðivang samkvæmt nánari tilvísun og skilmálum bæjarverkfræðings. Var stefnanda tilkynnt þetta næsta dag. Úthlutunarskilmálar eru dagsettir 28. desember 1976, en virðast hafa verið sendir stefnanda ásamt tilkynningu um samþykkt bæjarstjórnar 27. desember 1976.

Í úthlutunarskilmálunum segir, að stefnanda beri að greiða upp í væntanlegt gatnagerðargjald eigi síðar en 21. janúar 1977 580.022 krónur samkvæmt reglugerð um gatnagerðargjöld í Hafnarfirði nr. 446/1975. Þá segir, að byggingarnefnd skuli hafa borist uppdráttur af fyrirhuguðum byggingarframkvæmdum á lóðinni eigi síðar en fimm mánuðum eftir úthlutun lóðar. Þá segir: „Gatnagerðargjaldið er í dag kr. 1.160.043.- og miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 119° (2359°). Gjaldið hækkar eða lækkar í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist.

Þegar byggingarleyfið er útgefið, skal greiðsla á eftirstöðvum gatnagerðargjaldsins fara fram. Skal það gert eigi síðar en einum mánuði eftir að uppdráttur hefur verið samþykktur. *Endanlegt gatnagerðargjald miðast við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er, þegar bæjarstjórn samþykkir uppdráttinn.* Greiðslur á gatnagerðargjaldi skulu vera staðgreiðslur. Byggingarframkvæmdir má hefja 1. júní 1977, þó áskilur Hafnarfjarðarbær sér rétt til að fresta upphafstíma framkvæmda, ef nauðsyn krefur . . . Byggingarfrestur á grunnplötu er til 15. júlí 1977, nema bæjarsjóður noti rétt sinn til að fresta framkvæmdum. Skylt er að halda byggingarframkvæmdum áfram með hæfilegum hraða að dómi bæjarstjórnar, að öðrum kosti er heimilt að leigja öðrum lóðina."

Þá er kveðið á um það, að óheimilt sé að ráðstafa lóðinni eða mannvirkjum á henni til annarra aðilja næstu 3 árin, eftir að húsið er orðið íbúðarhæft og tekið í notkun, nema sérstakar ástæður komi til, og þá með leyfi bæjarstjórnar hverju sinni. Brot á ákvæði þessu varðar því, að bæjarsjóði er heimilt að afturkalla lóðarveitinguna og/eða segja upp lóðarsamningnum, og fellur þá lóðin aftur til bæjarins með tilheyrandi mannvirkjum án nokkurs endurgjalds fyrir lóðina, en fyrir mannvirkin skal þá lóðarhafa einungis greiddur sannanlegur útlagður byggingarkostnaður, enda reynist mannvirkin nothæf fyrir þann, sem síðar fær lóðinni úthlutað.

„Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld til opinberra þarfa, sem lögð eru eða verða lögð á hina leigðu lóð.

Lóðarleiga ákveðst nú kr. 2.100.- á ári, þar til öðruvísi verður ákveðið.

Bæjarsjóður leggur vatns- og skolpheimæðar frá götuæðum, allt að einn metra inn fyrir lóðarmörk. Gjald fyrir þessar lagnir, kr. 50.000.-, skal greiða eigi síðar en við útgáfu byggingarleyfis.

Verði skilmálum þessum eigi fullnægt í samræmi við framangreinda fresti, fellur lóðarveitingin niður án frekari fyrirvara."

Þann 28. desember 1976 ritaði bæjarstjóri stefnanda bréf, þar sem segir, að bæjarráð hafi ákveðið, að þeir, sem vilji nota sér lóðarveitinguna að þessu sinni, skuli greiða fyrri hluta gatnagerðargjaldsins fyrir 21. janúar 1977. Þann 18. janúar 1977 greiddi stefnandi 580.022 krónur í gatnagerðargjald. Þann 18. mars 1977 var gerður skriflegur leigusamningur um lóð stefn-

anda nr. 6 við Víðivang. Lóðin er leigð á erfðafestu frá 1. janúar 1977. Samkvæmt 8. gr. er lóðarhafa skylt:

„a) að greiða gatnagerðargjald.

b) að senda byggingarnefnd uppdrátt af fyrirhuguðum byggingarframkvæmdum á lóðinni eigi síðar en fimm mánuðum eftir úthlutun lóðar.

c) að ljúka gerð grunnplötu fyrir 15. júlí 1977.

d) að gera húsið fokhelt fyrir 1. júní 1978.

e) að fullgera húsið að utan fyrir árslok 1979.

f) að halda byggingarframkvæmdum að öðru leyti áfram með eðlilegum hraða að dómi bæjarstjórnar."

„Að öðrum kosti er heimilt að leigja öðrum lóðina gegn greiðslu fyrir mannvirki þau, sem á henni eru, að svo miklu leyti sem þau koma að notum fyrir nýjan lóðarhafa."

Í 14. gr. samningsins er endurtekið ákvæði úthlutunarskilmála um bann við ráðstöfun lóðarréttinda og mannvirkja og viðurlög við brotum á því ákvæði.

15. grein er svohljóðandi:

„Ef um vanefndir á samningi þessum er að ræða af hálfu lóðarhafa, getur bæjarráð Hafnarfjarðar með einhliða yfirlýsingu sinni látið afmá leigusamning þennan úr afsals- og veðmálabókum Hafnarfjarðarkaupstaðar."

Samningur þessi var fyrirfram innritaður til þinglesturs á bæjarþingi Hafnarfjarðar 29. apríl 1977.

Dráttur varð á, að stefnandi skilaði teikningum af fyrirhuguðum byggingarmannvirkjum vegna veikinda arkitekts, sem hann hafði fengið til verksins. Stefnandi hafði oft samband við bæjaryfirvöld, meðan á þessum drætti stóð, og skýrði þá frá ástæðum.

Samkvæmt vottorði bæjarverkfræðings var gerð lagna og götu í Víðivangi lokið 21. júlí 1977.

Þann 14. mars 1978 var teikningum af mannvirkjum lokið og þeim skilað til byggingarfulltrúa.

Á fundi byggingarnefndar Hafnarfjarðar, sem haldinn var 15. mars 1978, var tekið fyrir erindi stefnanda, dagsett 13. sama mánaðar, um heimild til að byggja einbýlishús á lóðinni nr. 6 við Víðivang samkvæmt framlögðum uppdrætti. Erindið var afgreitt sem hér segir: „Þar sem upplýst er, að lóðarréttindi eru ekki lengur fyrir hendi, er málinu vísað frá."

Með bréfi, dagsettu 15. mars 1978, fór stefnandi þess á leit

við bæjarráð, að bæjarráð sæi til þess, að byggingarnefnd bæjarins fjallaði efnislega um byggingarnefndarteikningarnar.

Þess er óskað, að ef ekki verði orðið við beiðni stefnanda, verði honum þó gefið tækifæri og tími til að leita upplýsinga um málið og bregðast við í samræmi við hagsmuni sína.

Bréfi þessu fylgdi tékki, að fjárhæð 857.842 krónur, til greiðslu á síðari hluta gatnagerðargjaldsins með vísitöluhækkun á þann hluta (úr 119° samkvæmt úthlutunarskilmálum í 176°).

Á fundi bæjarráðs 17. mars 1978 var bréf stefnanda lagt fram og samþykkt að veita honum lóðina að nýju gegn greiðslu gatnagerðargjalds samkvæmt gildandi reglum, og var bæjarverkfræðingi falið að setja nýja byggingarskilmála fyrir lóðinni.

Á fundi bæjarstjórnar 21. mars 1978 var fundargerð byggingarnefndar Hafnarfjarðar frá 15. mars 1978 borin upp í einu lagi og samþykkt í einu hljóði. Þann 22. mars 1978 tilkynnti byggingarfulltrúi stefnanda ákvörðun bæjarstjórnar. Þann 29. mars 1978 tilkynnti bæjarritari stefnanda ákvörðun bæjarráðs um endurveitingu lóðarinnar.

Á fundi byggingarnefndar 29. mars 1978 var stefnanda veitt byggingarleyfi. Samþykkt þessi var staðfest á fundi bæjarstjórnar 11. apríl 1978. Byggingarleyfisgjald var ákveðið 23.826 krónur, gatnagerðargjald 1.879.507 krónur og heimæðargjald 60.000 krónur og greiðsla gjaldanna gerð að skilyrði fyrir afhendingu uppdráttar að byggingunni með áritun byggingarnefndar.

Í bréfi byggingarfulltrúa til stefnanda, dags. 12. apríl 1978, er tekið fram, að ekki sé heimilt að byrja á verkinu fyrr en gjöldin hafi verið greidd.

Gatnagerðargjaldið var miðað við byggingarvísitölu 1. apríl 1978, en innborgun 18. janúar 1977, 580.022 krónur, reiknuð til frádráttar. Stefnandi var þannig krafinn um 1.383.311 krónur. Þann 24. apríl 1978 var stefnanda send kvittun fyrir greiðslu 857.842 króna og reikningsyfirlit, þar sem eftirstöðvar eru taldar 525.469 krónur.

Með bréfi bæjarstjórnar, dagsettu 26. apríl 1978 (sic), óskaði stefnandi eftir nákvæmari skýringu á því, hvernig hin nýja fjárhæð gatnagerðargjaldsins væri fengin. Tekið er fram, að stefnandi kannist ekki við að hafa samþykkt þann útreikning, sem sé grundvöllur hins nýja gjalds.

Í svarbréfi bæjarstjóra, dagsettu 5. maí 1978, kemur fram, að samkvæmt gildandi reglugerð, staðfestri 9. október 1975, sé gatnagerðargjald 925.000 krónur af einbýlishúsum og miðað við

vísitölu byggingarkostnaðar 1881°. Síðan segir: „Þegar byggingarleyfi fyrir yðar húsi öðlaðist gildi, þ. e. þegar bæjarstjórn samþ. afgreiðslu byggingarnefndar varðandi hús yðar, var byggingarvísitalan 3822° og gjaldið því kr. 1.879.507.-."

Í bréfi stefnanda til bæjarstjóra, dagsettu 30. maí 1978, kemur fram, að hann telur, að ólögmætt sé að reikna vísitöluhækkun á allt gatnagerðargjaldið. Síðan segir: „Þrátt fyrir ofangreind rök mín hef ég að svo komnu fallist á að greiða vísitöluhækkun á síðari hluta gatnagerðargjalds, og gerði ég það 16. 3. s.l., en áskil mér allan rétt til að taka það mál til endurskoðunar, ef máli mínu verður ekki sinnt sem skyldi." Í bréfi þessu óskar stefnandi eftir samkomulagi við bæjaryfirvöld um málefnið.

Fóru nú fram samningaviðræður milli aðilja. Fór svo, að stefndi samþykkti að lækka gatnagerðargjaldið, þannig að það miðaðist við þá vísitölu, sem gilti síðast fyrir gildistöku vísitölu 1. apríl 1978, og lækkaði þá gjaldið þannig í 1.716.245 krónur og heimæðargjaldið í 50.000 krónur.

Krafa stefnda sundurliðast nú þannig:

Gatnagerðargjald	1.716.245
Heimæðargjald	50.000
Samtals	1.766.245
÷ innborgað	1.437.864
	328.136
Byggingarleyfisgjald	23.826
	351.962

Stefnandi greiddi nú, þann 11. júlí 1978, 351.962 krónur, en ritaði jafnframt bréf, þar sem segir, að hann geri þann fyrirvara vegna greiðslunnar, að hann áskilji sér allan rétt til að endurkrefja bæjarsjóð um þessa fjárhæð að undanskildu heimæðargjaldi, 50.000 krónum. Auk þess kveðst hann áskilja sér allan rétt til að endurkrefja bæjarsjóð um þá fjárhæð, sem hann greiddi þann 16. mars 1978 og var umfram helming af ákveðnu gatnagerðargjaldi, kr. 1.160.043. Fyrirvari þessi var móttekinn af hálfu stefnda sama dag. Þá greiddi stefnandi þennan dag eftirstöðvar fasteignagjalda 1978.

Stefnandi hafnaði nú að gera nýjan leigulóðarsamning og höfðaði mál á hendur stefnda til endurgreiðslu, sem var þingfest 5. september 1978. Máli þessu var frestað til 3. október 1978, en

var þó tekið fyrir á reglulegu bæjarþingi 19. september 1978 og hafið ex officio, þar sem ekki var sótt þing af hálfu stefnanda.

Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar fimmtudaginn 5. október 1978 var samþykkt með vísan til 15. gr. lóðarleigusamnings, útgefins 18. mars 1977, að svipta stefnanda rétti sínum til lóðarinnar og láta afmá lóðarleigusamninginn úr afsals- og veðmálabókum. Með ábyrgðarbréfi, dagsettu 9. október 1978, var stefnanda tilkynnt um þessa ákvörðun og að honum yrði endurgreitt gatnagerðargjald, heimæðargjald og byggingarleyfisgjald. Bréf þetta kom aldrei til viðtakanda.

Þann 10. október 1978 var yfirlýsing um, að lóðarleigusamningurinn skyldi afmáður fyrirfram, innrituð til þinglesturs á bæjarþingi.

Þann 10. október 1978 ritaði stefnandi stefnda bréf og óskaði endurskoðunar á ákvörðun bæjarráðs.

Þann 17. október 1978 var málið, sem hafið var 19. september, tekið fyrir að nýju „og endurupptekið frá og með 19. september s.l." Tekið er fram, að það hafi verið hafið vegna mistaka dómarans. Var málinu nú frestað til þriðjudagsins 31. október.

Þann 26. október 1978 var samþykkt í bæjarstjórn að veita stefnanda lóðina að nýju með þeim skilmálum, sem bæjarverkfræðingur setti, þar á meðal að gerð botnplötu skyldi lokið fyrir 15. desember og húsið gert fokhelt fyrir 15. júní 1979. Þá segir, að gatnagerðargjald, sem þegar hafi verið greitt, teljist fullnægjandi greiðsla. Þessi ákvörðun var tilkynnt stefnanda með bréfi, dagsettu 26. október 1978.

Þann 8. nóvember 1978 undirrituðu stefnandi og bæjarstjóri nýjan lóðarleigusamning að öllu verulegu samhljóða hinum fyrri, en þar segir, að gerð grunnplötu skuli lokið 15. desember 1978, húsið gert fokhelt fyrir 15. júní 1979 og það fullgert að utan fyrir árslok 1979. Verði vanefnd á samningnum af hálfu stefnanda, er bæjarstjórn heimilað að afturkalla lóðarveitinguna. Stefnandi óskaði að gera skriflegan fyrirvara vegna ágreiningsatriðanna, en bæjarstjóri sagði, að hann mundi þá ekki fá málið afgreitt með þeim hætti, sem fyrirhugaður var. Stefnandi gerði þá munnlegan fyrirvara, en bæjarstjóri lét það gott heita, þar sem hann taldi slíkan fyrirvara ekki hafa þýðingu.

Þar sem talið var, að vafi léki á lögmæti endurupptöku málsins, varð að ráði, að nýtt mál um sama sakarefni var þingfest þann 22. janúar sl., en það er það mál, sem hér er til úthlutunar.

Kristinn Ó. Guðmundsson bæjarstjóri hefur komið fyrir dóm-

inn og gefið aðiljaskýrslu. Hann segir, að ákvæðum samhljóða 15. gr. í samningi aðiljanna hafi verið beitt í öðrum tilvikum, þótt það sé ekki algengt. Hann segir, að komið hafi fyrir, að lóðarréttindi hafi verið afmáð úr veðmálabókum. Hann segir, að algengt sé, að lóðarhafar uppfylli nákvæmlega skilyrði um tímamörk, en einnig mörg tilvik, þar sem að það sé ekki gert. Hann segir, að fari eftir atvikum, hvort menn séu þá sviptir lóðum sínum, við það mat sé bæði litið til tímalengdarinnar og annarra aðstæðna, sem lóðarhafi geri grein fyrir, að gengið sé eftir.

Bæjarstjórinn var spurður um, hver framkvæmdin væri á því, þegar lóðarhafi væri sviptur lóðarréttindum og öðrum veitt lóðin, hvernig væri með uppgjör þeirra á milli.

Bæjarstjórinn segir, að hann telji eðlilegast, að bæjarsjóður endurgreiði lóðarhafa og krefji nýja lóðarhafann um greiðslu. Hann segir, að komið hafi fyrir, að menn væru þannig sviptir lóðum sínum og að samkomulag væri þá gert um endurgreiðslu, m. a. fyrir mannvirki. Nýi lóðarhafinn væri þá látinn greiða sömu fjárhæð.

Hann var spurður, hvort nýi lóðarhafinn væri látinn greiða gatnagerðargjald miðað við hækkun á vísitölu. Hann sagði, að hægt væri að gera það samkvæmt sínum skilningi, en að hann myndi ekki til, að svo hefði verið gert.

Hann var spurður, hvort tímamörk hefðu staðist hjá öllum þeim, sem fengið hefðu lóðir við Víðivang, en hann kvað nei við þeirri spurningu.

Hann var spurður, hvernig byggingarnefnd hefði fengið þær upplýsingar, að lóðarréttindi stefnanda væru ekki til staðar. Hann sagði, að fundargerðir bæjarráðs bærust embættismönnum í hendur. Þrír embættismenn, sem hefðu fengið fundargerðir bæjarráðs, hefðu verið á fundinum. Hann kvaðst ekki telja ósennilegt, að hann sjálfur hefði gefið þessar upplýsingar.

Bæjarstjórinn var spurður, hvort neytt hefði verið heimildar ákvæða samsvarandi 8. gr. samningsins í öðrum tilvikum. Hann sagði, að dæmi væru um það. Hann sagði, að þessu væri ekki beitt, nema um verulegar vanefndir væri að ræða. Hann sagði, að mönnum væri örugglega gert aðvart, áður en til slíks kæmi.

MÁLSÁSTÆÐUR.

Aðalkrafa stefnanda byggist á þeirri skoðun, að honum beri einungis að greiða gatnagerðargjald, eins og það var ákveðið, þegar hann fékk lóð sinni úthlutað, 1.160.043 kr., og er krafist

endurgreiðslu á því fé, sem stefnandi hefur greitt í gatnagerðargjöldum umfram þessa fjárhæð, en hún er þannig reiknuð.

Greiðsla 18. janúar 1977	580.022 kr.
Greiðsla 3. september 1978	857.842 kr.
Greiðsla 11. júlí 1978	278.136 kr.
	1.716.000 kr.
÷ gatnagerðargjald	1.160.043 kr.
	555.957 kr.

Rökstuðningur fyrir þessari kröfu er sá, að áskilnaður stefnda um hækkun á gatnagerðargjaldi miðað við vísitölu, sem fram kemur í úthlutunarskilmálum, fari í bága við lög 71/1966, 1. gr., 1. mgr., um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Bent er á í því sambandi, að greiðsla gjaldsins sé einhliða ákveðin og að hún sé ekki bundin við gagngjald af hálfu stefnda, engin tengsl í tíma sé að finna við skyldu stefnanda til að greiða gatnagerðargjaldið. Þá er á það bent, að ekki er að finna í lögum 51/1974 um gatnagerðargjöld sérstaka heimild til vísitölubindingar. Þá er því sérstaklega andmælt, að 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 446/1975 um gatnagerðargjöld í Hafnarfirði feli í sér heimild til vísitölubindingar, eftir að stofnað hefur verið til skuldbindingar um greiðslu gatnagerðargjalds.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að að því leyti sem ákvæði reglugerðarinnar feli í sér þyngri álögur en sem svarar áætluðum meðalkostnaði við að undibyggja götu skorti þau lagastoð. Þá er því haldið fram, að úthlutunarskilmálar séu gildislausir að svo miklu leyti sem þeir gangi lengra en lög og reglugerð heimili.

Því er andmælt af hálfu stefnanda, að dráttur á skilum á teikningum hafi sjálfkrafa valdið því, að lóðarsamningurinn félli niður, og því haldið fram, að sérstök tilkynning þurfi til að koma, þannig að leigutaki eigi kost á að gæta réttar síns, m. a. með því að skýra ástæður sínar.

Þá er á það bent, að stefndi hafi aldrei og muni aldrei hafa ætlað að neyta heimildar til að ráðstafa lóðinni til annars aðilja, þannig að um þetta efni gildi aðeins almennar reglur um riftun samninga vegna vanefnda. Þá er því haldið fram, að eðlilegt sé að miða við, að ákvæði a liðs 14. gr. lóðarsamningsins um framkvæmd riftunar eigi að gilda í öðrum tilvikum vanefnda en þeim, sem sérstaklega eru greind í ákvæðinu.

Þá er því haldið fram, að stefndi hafi samfellt frá úthlutun lóðarinnar komið fram í skiptum sínum við stefnanda eins og stefnandi væri lóðarhafi, stefndi hafi þannig innheimt ársleigu af lóðinni í ársbyrjun og fasteignagjöld.

Ályktun umboðsmanns stefnanda af þessum atriðum er sú, að leigusamningurinn frá 18. mars 1977 hafi verið í fullu gildi, þegar stefnandi skilaði inn teikningum, en að afgreiðsla byggingarnefndar hafi verið ólögmæt, þar sem byggingarnefnd hafi ekki haft vald til að afturkalla eða rifta lóðarsamningnum, staðfesting bæjarstjórnar á ólögmætri afgreiðslu byggingarnefndar breyti engu í þessu efni. Þá er því haldið fram, að tekið hafi verið við greiðslu 13. mars 1978 án fyrirvara. Þá er því haldið fram, að kröfugerð stefnda á hendur stefnanda um greiðslu gatnagerðargjalds geti ekki byggst á öðrum skuldbindingum hans en þeim, sem komi fram í leigusamningnum frá 18. mars 1977.

1. varakrafa stefnanda er við það miðuð, að til greina komi, að miða megi gatnagerðargjaldið við þá vísitölu, sem var í gildi við undirritun lóðarleigusamningsins eða í gjalddaga fyrri hluta gjaldsins.

2. varakrafa miðast við, að til greina komi að miða við vísitöluna, eins og hún var við gjalddaga seinni hluta gjaldsins samkvæmt úthlutunarskilmálum.

Í þriðju varakröfu er byggt á því, að ekki komi til greina að heimila vísitölubindingu, eftir að útreikningar á vísitöluhækkun gat síðast átt sér stað samkvæmt skilmálunum sjálfum, þ. e. í síðasta lagi 5 mánuðum eftir úthlutun, að viðbættum þeim tíma, sem það tekur bæjarstjórn í mesta lagi að lúka samþykki sínu á uppdrátt. Því er sérstaklega haldið fram viðvíkjandi varakröfu, að það sé að minnsta kosti ólögmætt að beita nokkurri vísitöluhækkun á fyrri hluta gjaldsins, eftir að það hafði verið greitt. Þá er því haldið fram, að vísitöluálag á þegar greidda fjárhæð fari gegn almennri réttarvitund, meginreglum laga og réttlæti.

Bent er á, að stefndi hafi haft það fé, sem stefnandi greiddi 18. janúar 1977, undir höndum og getað notað það til að kosta gatnagerðarframkvæmdir á árinu 1977.

Við ákvörðun málskostnaðar er þess krafist, að tekið verði tillit til þess, að úrslit málsins hafi þýðingu fyrir ótiltekinn stóran hóp manna.

Þá er því sérstaklega haldið fram af hálfu stefnanda, að gerð nýs leigusamnings eða samþykki bæjarstjórnar frá 24. október

1978 geti engu máli skipt í sambandi við úrlausn málsins, þar sem stefnandi hafi gert fyrirvara við undirritun nýja samningsins á þá leið, að hann stæði eftir sem áður fastur á kröfum sínum í þessu máli, enda hafi það ekki verið gert að skilyrði fyrir samningsgerðinni, að stefnandi félli frá málssókn sinni.

Af stefnda hálfu er á því byggt, að dráttur á afhendingu uppdráttar hafi leitt til þess, að stefnandi glataði rétti sínum til lóðarinnar samkvæmt skilmálum fyrir lóðarveitingunni og 15. gr. lóðarleigusamningsins. Af stefnda hálfu er á því byggt, að stefnandi hafi með undirritun lóðarleigusamnings 8. nóvember 1978 fallið frá kröfum um endurgreiðslu þess hluta gatnagerðargjaldsins, sem krafist er greiðslu á í málinu, samningur þessi feli í sér bindandi samkomulag um ágreiningsefni málsins.

Þeirri málsástæðu stefnanda, að óheimilt hafi verið að hækka gatnagerðargjaldið frá úthlutun og þar til uppdrættir væru samþykktir, er andmælt af hálfu stefnda með þeim rökum, að úthlutunin veiti ekki sjálfstæðan rétt til byggingar mannvirkja á lóðinni, sá réttur verði til, þegar skilað sé uppdrætti af byggingarframkvæmdum, sem bæjarstjórn samþykki. Þá er því haldið fram, að lög 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga taki ekki til gatnagerðargjalds þess, sem deilt er um í málinu, þar sem um sé að ræða lögbundið gjald, sem notað sé til að greiða kostnað við byggingu gatna, kostnaður sé því breytilegur eftir verðlagi, það sé því eðlilegt að miða ákvarðanir um gjaldið við tímamörk, sem skera úr um það, hvort af þessum framkvæmdum verður eða ekki, þ. e. þegar lóðarhafi hafi lagt fram uppdrátt af byggingu og bæjarstjórn samþykkt uppdráttinn. Því er haldið fram, að raunverulega sé ekki um að ræða neina verðtryggingu, þar sem ekkert vísitöluálag komi á fjárhæðina eftir samþykkt bæjarstjórnar, vísitalan sé aðeins til þess að mæla verðbreytingar á byggingarkostnaði til þess tíma, þegar leyfið er veitt.

Við munnlegan málflutning var því hreyft af hálfu stefnanda, að stefndi hefði sætt sig við drátt á skilum byggingarteikninga með því að taka við skýringum stefnanda án athugasemda og mótmæla.

Varðandi þá skoðun, að til hafi þurft að koma sérstök tilkynning til stefnanda um riftun, var því haldið fram, að samfara henni hefði þurft að taka afstöðu til endurgreiðslu, m. a. í lóðarleigu og fasteignagjöldum, en slíkt uppgjör hafi aldrei farið fram.

Við munnlegan málflutning kom fram af hálfu stefnda, að úrlausn málsins hlyti að byggjast á túlkun úthlutunarskilmála, lóðarleigusamninga og samþykkta bæjarráðs frá 17. mars og 5. október 1978 eftir efni þessara löggerninga, en að jafnframt yrði að taka tillit til venju. Staðhæft var, að frá því að fyrst var farið að leggja á gatnagerðargjöld í Hafnarfirði í byrjun árs 1963, hefði upphæð gatnagerðargjalda verið miðuð við byggingarvísitölu á þeim tíma, þegar teikningar voru samþykktar. Á það var bent, að stefnandi hefði engan fyrirvara gert, þegar hann greiddi inn á gatnagerðargjaldið, um, að innborgunin ætti að vera verðtryggð. Þá var því haldið fram, að gatnagerðargjöldin væru ætluð til að standa straum af gatnagerð í heilum bæjarhluta, en ekki aðeins gerð þeirrar götu, sem húsið stæði við. Um eðli gjaldsins var því haldið fram, að það væri skattur, sem lög 71/1966 hefðu ekki tekið til. Því var haldið fram, að stefnandi hefði glatað lóðarréttindum sínum sjálfkrafa, þegar vanefnd varð af hans hendi, skv. eðli máls og ákvæðum úthlutunarskilmála og að ályktun byggingarnefndar um þetta efni, sem staðfest var af bæjarstjórn, stæði óhögguð, þar sem stefnandi hefði ekki neytt þess úrræðis, sem gert sé ráð fyrir í ákv. byggingarsamþykktar 1.3.7, að skjóta máli sínu til ráðherra. Því er jafnvel haldið fram, að dómstólar fái ekki haggað þessari úrlausn, sem sé alfarið á valdsviði stjórnvalda.

Þá er því haldið fram, að það hafi verið forsenda fyrir endurveitingu lóðarinnar í mars 1978, að stefnandi greiddi gatnagerðargjald samkvæmt gildandi reglum á þeim tíma, og að það hafi verið skilyrði, að stefnandi undirritaði nýjan samning; hann hafi hins vegar hvorki fallist á greiðsluskyldu sína né undirritað nýjan leigusamning. Af þessum sökum telur umboðsmaður stefnda, að heimilt hafi verið að neyta ákvæða 15. gr. lóðarleigusamningsins.

Þá var því haldið fram, að stefnandi hefði fallið frá kröfum þeim, sem hann gerir í málinu, í bréfi sínu 10. október 1978, en að réttarsamband aðilja byggðist nú einvörðungu á hinum nýja leigusamningi.

Varðandi varakröfuna var á það bent, að stefnandi hefði greitt þá upphæð, sem henni nemur, fyrirvaralaust þann 15. mars 1978.

ÁLIT DÓMSINS.

Réttur stefnanda til lóðarinnar byggðist í upphafi á lóðarleigusamningnum frá 18. mars 1977 og úthlutunarskilmálunum

frá 28. desember 1976, sem verða taldir hluti samningsins í þessu sambandi, en þótt greiðsla gatnagerðargjalds sé talin meðal skyldna lóðarhafa í samningnum, byggist skylda stefnanda til greiðslu gjaldsins fyrst og fremst á lögum 51/1974 og reglugerð 446/1975. Ákvæði úthlutunarskilmálanna um ákvörðun gatnagerðargjaldsins eru, eins og lögmaður stefnanda hefur réttilega bent á, einhliða ákvörðun bæjaryfirvalda, og gildi þeirra verður fyrst og fremst að meta á grundvelli framangreindrar reglugerðar og laga, auk þess sem líta kann að verða til ákvæða annarra laga í því sambandi. Samningur um greiðslu gjaldsins, eins og það er reiknað í úthlutunarskilmálum, kann að vera ógildur, og ógildi hans kann að leiða til þeirrar niðurstöðu, að stefnandi eigi rétt á endurgreiðslu gjaldsins.

Það er óumdeilt í málinu, að ákvæði reglugerðar 446/1975, rétt skilin, hafi fullnægjandi lagastoð, og þykja þá ekki efni til annars en að leggja til grundvallar, að svo sé. Af því leiðir, að leggja má til grundvallar, að heimilt sé að reikna ofan á grunngjald 2. gr. reglugerðarinnar álag miðað við hækkun vísitölu byggingarkostnaðar. Samkvæmt 4. gr. er ljóst, að a. m. k. má miða við það tímamark, þegar úthlutun fer fram, og að ekki getur verið um síðara tímamark að ræða en veitingu byggingarleyfis, sbr. 1. gr. reglugerðarinnar og áður rakið ákvæði úthlutunarskilmála.

Kemur þá til álita, hvernig það tímamark, sem upphæð gjaldsins miðast við, skuli ákvarðað í þessu máli. Úthlutun lóðarinnar virðist fela í sér bindandi fyrirheit af hálfu bæjaryfirvalda um að gera lóðarleigusamning, gera lóð byggingarhæfa og veita byggingarleyfi, enda uppfylli lóðarhafi úthlutunarskilmála.

Samkvæmt skilmálum þessum bar stefnanda að skila uppdrætti af fyrirhuguðum byggingarframkvæmdum fimm mánuðum eftir úthlutun lóðarinnar, eða 21. maí 1977. Þetta ákvæði er sérstaklega tekið upp í lóðarleigusamninginn.

Raunin varð sú, að stefnandi skilaði ekki uppdrætti fyrr en 15. mars 1978, eða tæplega 10 mánuðum of seint.

Telja verður, að líta beri svo á, að ástæður dráttarins séu atvik, sem stefnandi bar ábyrgð á í skiptum aðiljanna. Þegar litið er til þess, hversu áríðandi var, að byggingarframkvæmdum miðaði nokkuð jafnt áfram við götuna, verður að telja, að dráttur þessi hafi verið veruleg vanefnd á samningi aðiljanna og skilmálum úthlutunarinnar. Stefnda var því rétt að afturkalla lóðarveitinguna og/eða segja upp lóðarsamningnum, leigja öðrum lóðina

eða láta með einhliða yfirlýsingu sinni afmá leigusamninginn úr afsals- og veðmálabókum, sbr. áðurrakin ákvæði úthlutunarskilmála og leigusamnings.

Gagnaöflun stefnanda hefur að nokkru beinst að því að sýna fram á, að töf á gatnagerðarframkvæmdum hafi tafið fyrir, að byggingarframkvæmdir á lóðum við götuna gætu hafist, og að tekið hafi verið mildilega á brotum annarra lóðarhafa. Stefnandi telur þó, að í þessu efni gildi reglur samningsréttar, en þessi gagnaöflun virðist byggjast á því sjónarmiði, að stefnda hafi verið skylt sem stjórnvaldi að gæta vissra jafnræðissjónarmiða í ákvörðunum um beitingu vanefndaúrræða.

Telja verður, að í gögnum málsins hafi ekkert komið fram, sem gefi tilefni til að líta svo á, að riftunarréttur stefnda sé takmarkaður vegna eigin vanefnda eða nefndra stjórnsýsluréttarsjónarmiða.

Kemur þá til athugunar, hvort aðgerðir stefnda hafa leitt til riftunar samningsins og/eða niðurfellingar lóðarveitingarinnar. Í því efni verður að taka mið af ákvæðum skilmálanna og samningsins og almennum reglum um riftun samninga.

Þrátt fyrir ummæli í aðiljaskýrslu bæjarstjórans hefur ekki komið fram, að bæjarráð hafi gert samþykkt um þetta efni, áður en erindi stefnanda var tekið fyrir í byggingarnefnd.

Hvorki virðist vera að finna í úthlutunarskilmálum né samningi aðilja nægа stoð fyrir þeirri skoðun, að lóðarréttindi stefnanda hafi fallið niður sjálfkrafa.

Fallast verður á það með stefnanda, að það hafi ekki verið á valdi byggingarnefndar að rifta samningi aðilja eða fella niður lóðarveitinguna, sbr. gr. 1.3. byggingasamþykktar fyrir Hafnarfjörð, sbr. augl. 23/1967 og 86/1967. Eðlilegast virðist að líta svo á, að ályktun nefndarinnar feli í sér þann skilning, að þar sem um svo verulega vanefnd hafi verið að ræða á skilmálum, að varðaði missi lóðarréttinda, væru ekki efni til, að nefndin tæki efnislega afstöðu til erindis stefnanda. Samþykki bæjarstjórnar á fundargerð byggingarnefndar þykir ekki ástæða til að meta í þessu sambandi öðruvísi en sem staðfestingu á þessum skilningi nefndarinnar.

Hins vegar þykir ályktun bæjarráðs frá 17. mars 1978, sem var tilkynnt stefnanda með bréfi 29. mars 1978, fela í sér þá ákvörðun um viðbrögð við vanefndum stefnanda, að fyrri lóðarveiting skyldi falla úr gildi, en stefnandi eiga kost á endurveitingu með breyttum skilmálum.

Þegar litið er til ákvæða skilmálanna og leigusamningsins um vanefndaheimildir, verður að telja, að stefnda hafi verið fullheimilt að neyta þessa úrræðis, sem er mun hagfelldara fyrir stefnanda en þau úrræði, sem stefndi átti kost á.

Ekki verður fallist á það með stefnanda, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi með því að taka við skýringum hans á drættinum án sérstakra viðbragða fyrrt sig rétti til að neyta úrræða vegna vanefnda hans, enda drátturinn þeim mun verulegri sem lengri tími leið.

Viðtaka stefnda á greiðslu frá stefnanda í mars 1978 þykir ekki ósamrýmanleg ákvörðun bæjarráðs 17. mars 1978. Jafnframt verður að líta svo á, að stefndi hafi orðið bundinn af ákvörðun bæjarráðs, þannig að hann gæti ekki gripið til frekari úrræða vegna dráttarins, nema stefnandi gæfi réttmæta ástæðu til þess, og þegar þess er gætt, að stefnandi hafði þá þegar innt af hendi það, sem hann taldi með skynsamlegum rökum vera fullnaðargreiðslu gatnagerðargjaldsins, og auk þess með fyrirvara það, sem stefndi taldi vanta, og leitað úrlausnar dómstóls um ágreining aðiljanna, verður ekki talið, að hann hafi gefið tilefni til þess, að hann yrði sviptur rétti sínum að nýju.

Því hefur verið hreyft af hálfu stefnda, að stefnandi hafi ekki fengist til að undirrita nýjan samning og með því brotið svo af sér gagnvart stefnda, að varðaði sviptingu lóðarréttinda.

Ekki verður talið, að það hafi skipt stefnda verulegu máli, hvort stefnandi fékkst til að undirrita nýjan samning, meðan ekki var skorið úr ágreiningi aðiljanna um greiðsluskyldu hans, þar sem það var á valdi stefnda að setja honum nýja fresti einhliða. Fráleitt verður talið, að stefnandi hafi vanefnt skyldur sínar við stefnda með því að leita réttar síns.

Við munnlegan málflutning var því hreyft af hálfu stefnda, að dráttur á byggingarframkvæmdum stefnanda, eftir að honum voru endurveitt lóðarréttindin, hafi veitt stefnda heimild til að svipta hann þeim að nýju.

Ekki hefur verið haldið þannig á þessari málsástæðu, að efni séu til, að úrslit málsins verði látin velta á henni.

Þegar samningurinn frá 8. nóvember 1978 var undirritaður, hafði fyrra mál aðiljanna að vísu verið hafið, en ljóst er, að alls ekki var gert ráð fyrir, að lögsókn stefnanda væri lokið, sbr. það, sem rakið hefur verið um það, sem gerðist á bæjarþinginu 17. október 1978. Þá virðist ákvæði hins nýja samnings ekki fela í sér neina breytingu á skyldu stefnanda til greiðslu gatnagerðar-

gjaldsins. Skylda hans í því efni verður eftir sem áður fyrst og fremst metin eftir öðrum sjónarmiðum en ákvæðum samningsins, eins og að framan er rakið. Þá þykir stefnandi hafa tekið af allan vafa í þessu efni með gerð fyrirvara, og þykir form fyrirvarans ekki skipta máli um gildi hans.

Að því athuguðu, sem að framan er rakið, kemur þá til úrlausnar, hvort stefnandi eigi að greiða gatnagerðargjald miðað við byggingarvísitöluna, eins og hún var í janúar 1977 eða mars 1978, eða hvort hann eigi að greiða helming gjaldsins miðað við fyrri vísitöluna og helminginn miðað við þá seinni.

Eins og rakið hefur verið, verður nú að leggja til grundvallar, að stefnanda hafi verið veitt lóðin 17. mars 1978, en byggingarleyfi fékk hann 29. mars 1978. Verður því að meginstefnu til að miða við, að honum beri að greiða gatnagerðargjaldið miðað við gjaldskrá, eins og hún var á þessu tímabili.

Er þá aðeins eftir að leysa úr því álitaefni, sem varakrafa stefnanda miðast við, hvort greiðsla stefnanda 18. janúar 1977 eigi að reiknast sem full greiðsla á helmingi gjaldsins eða aðeins sem greiðsla upp í gjaldið, eins og það yrði endanlega ákveðið. Síðari skilningurinn er í samræmi við úthlutunarskilmálana og samning aðiljanna, og verður þá að láta reyna á, hvort skilmálarnir eiga að þessu leyti næga stoð í reglugerð og lögum.

Í athugasemd, sem fylgdi frumvarpi til laga 71/1966, segir, að það hafi verið samið í Seðlabankanum í framhaldi almennrar vaxtabreytingar, sem tók gildi í upphafi ársins, „en þá beindi bankastjórn hans þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, að undirbúin yrði almenn löggjöf um notkun verðtryggingarákvæða í samningum, eftir því sem heilbrigt væri talið á hverjum tíma og undir traustu eftirliti.

Frumvarpinu er ætlað að vera almenn löggjöf um hvers konar verðtryggingu í viðskiptum, öðrum en kaupgjaldsmálum . . .“

Gjald það, sem hér um ræðir, verður ekki talið þáttur í viðskiptum í þeim skilningi, sem fram kemur í greinargerðinni. Það leggst jafnt á þá, sem fá heimildir á lóðum með samningum við bæjaryfirvöld, og þá, sem hafa öðlast lóðarréttindi með öðrum hætti. Gjaldið er einhliða ákveðið í reglugerð, sem byggist á lögum. Um það gilda reglur opinbers réttar. Gjald þetta virðist þannig falla utan gildissviðs laga 71/1976 (sic), svo sem það verður markað út frá greindum tilgangi þessarar löggjafar.

Ekki virðist að finna beina heimild í reglugerðinni fyrir því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir í úthlutunarskilmálum, að

greiða beri inn á gjaldið, áður en fjárhæð þess er endanlega ákveðin.

Í 2. gr. laga 51/1974 er hámark gatnagerðargjaldsins ákveðið áætlaður meðalkostnaður við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum og slitlagi.

Við munnlegan málflutning urðu skoðanaskipti milli umboðsmanna aðilja um skilning á ákv. 2. gr. laga 51/1974. Með stuðningi í orðalagi ákvæðisins þykir bera að fallast á það með stefnanda, að gatnagerðargjaldið eigi að miðast við kostnað við gerð þeirrar götu, sem hús það stendur við, sem gjaldið reiknast af.

Stefnandi hefur lagt fram nokkur gögn um þennan kostnað.

Gera verður ráð fyrir, að fé það, sem stefnandi greiddi 21. janúar 1977 (sic), hafi mátt nýtast til að standa straum af gatnagerð, sem verið var að semja um við verktakann um það leyti sem stefnandi innti greiðslu sína af hendi. Má því búast við, að gjaldið yrði hærra í raun en sem svarar nefndu hámarki, ef stefnandi yrði látinn greiða fullt vísitöluálag á grunngjald það, sem ákveðið er í 2. gr. reglugerðarinnar.

Þótt ekki verði fallist á þá skoðun stefnanda, að ákvæði 1. gr. laga 71/1976 (sic) taki til sakarefnis málsins, verður þó að telja, að grunnrök laganna eigi hér við með þeim hætti að styðja framangreinda niðurstöðu.

Þessi sjónarmið eiga að vísu fyrst og fremst við það tilvik, að ekki komi til vanefnda af hálfu lóðarhafa og brottfalls lóðarréttinda, en þykja þó eiga einnig við þá aðstöðu, sem um er að ræða í þessu máli, og þykir þá bera að leggja meginábersluna á, að stefnandi hafði greitt hluta gatnagerðargjaldsins fyrir lóðina, og sú greiðsla mátti koma stefnda að notum, og að stefnandi hefur verið rétthafi lóðarinnar óslitið frá 21. desember 1976, þar sem honum var jafnóðum veitt lóðin og hann var sviptur henni í mars 1978.

Hins vegar þykir reifun málsins af hendi stefnanda varðandi kostnað þann, sem heimilt er að miða gatnagerðargjald við í 2. gr. laga 51/1974, ekki hafa verið með þeim hætti, að fært sé að álykta óyggjandi, að fjárhæð sú, sem hann hafði greitt, þegar endurveiting lóðarréttindanna átti sér stað í mars 1978, sé hærri en því gjaldi nam, sem heimilt var að gera honum að greiða samkvæmt nefndu lagaákvæði.

Stefnandi gerði að vísu ekki fyrirvara vegna ákvæða úthlutunarskilmálanna, þegar hann greiddi innborgun á gatnagerðargjaldið, en þegar gætt er eðlis gjalds þessa og aðstöðu aðiljanna,

þykir þetta ekki eiga að leiða til þeirrar ályktunar, að hann hafi fyrirgert rétti sínum til að bera fyrir sig ólögmæti gjaldtökunnar.

Samkvæmt þessum málalokum þykir stefnandi hafa átt að greiða 1.438.145 krónur í gatnagerðargjald. Hann hefur greitt 1.716.000 og þannig ofgreitt 277.855 krónur, sem stefnda þykir bera að endurgreiða með vöxtum og kostnaði samkvæmt ofangreindum rökum.

Málskostnaður ákveðst með vísan til c liðs 1. mgr. 5. gr. lágmarksgjaldskrár Lögmannafélags Íslands 150.000 krónur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn í Hafnarfirði, greiði f. h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar stefnanda, Benedikt Guðbjartssyni, 277.855 krónur með 19% ársvöxtum frá 11. júlí 1978 til greiðsludags og 150.000 krónur í málskostnað, allt innan 15 daga frá löglegri birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. apríl 1982.

Nr. 27/1979. **Dvalarheimilið Lundur sem einkaerfingi í dánarbúi Magnúsar Jóhannessonar**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
sýslunefnd Árnessýslu f. h. sýslufélagsins
og
Landvernd, landgræðslu- og náttúruverndarsamtökum Íslands.

Gjafabréf. Krafa um riftun. Ómerking ummæla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björns Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 23. janúar 1979. Hann gerir þær dómkröfur „aðallega, að rift verði gjafagerningi, dags. 1. febrúar 1973, þar sem Magnús Jóhannesson, bóndi í Alviðru í Ölfusi, býður stefndu sameiginlega til eignar jarðirnar Alviðru og Öndverðarnes II í Grímsneshreppi gegn endurgreiðslu þess kostnaðar, er stefndu hafi sannanlega lagt jörðinni til góða, að mati úttektarmanns, en til vara, að kröfurnar nái aðeins til Öndverðarness II.“ Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en þeir höfðu gjafvörn í héraði og fengu gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 3. nóvember 1980.

Sækjandi máls þessa í héraði, Magnús Jóhannesson, andaðist 17. desember 1980. Með erfðaskrá, dags. 13. september 1978, arfleiddi hann Dvalarheimilið Lund, Hellu í Rangárvallasýslu, að öllum eigum sínum. Hefur dánarbú hans verið afhent dvalarheimilinu til einkaskipta, og það hefur tekið við málsaðild fyrir Hæstarétti sem einkaerfingi, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 14. gr. laga nr. 28/1981 og 58. gr. laga nr. 75/1973.

Fyrir Hæstarétti hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Með bréfum, dags. 20. september 1978 tilkynntu Magnús Jóhannesson og stjórn Dvalarheimilisins Lundar stefndu, að Magnús hefði óskað eftir því við stjórnina, að hún samþykkti, að stjórnin tilnefndi framvegis í hans stað fulltrúa í stjórnarnefnd vegna Alviðru og Öndverðarness II samkvæmt gjafabréfi hans. Hefði stjórnin kjörið til þess nafngreindan mann. Með bréfi til stefndu, rituðu í nóvember 1980, tilkynnti Magnús þeim enn fremur, að það væri vilji sinn, að eftir sinn dag skyldi sú skipan haldast, að stjórn dvalarheimilisins nefndi til þriðja manninn í stjórnarnefndina, ef svo færi, að stefndu ættu hlut að henni, eftir að dómsmál þetta hefði verið til lykta leitt. Síðastgreindri ákvörðun mótmæltu fulltrúar

stefndu í nefndinni með bréfi 29. janúar 1981 og lýstu yfir því, að þeir teldu engar forsendur vera fyrir afskiptum stjórnar dvalarheimilisins af málefnum stórnarnefndarinnar. Mundu þeir sinna málefnum Alviðru í samræmi við ákvæði gjafabréfsins, uns skipulagsskrá hefði verið sett, án nokkurs tillits til þess, sem sagði í bréfi Magnúsar um aðild stjórnar dvalarheimilisins að stjórnarnefndinni.

Eftir þetta hafa stefndu samþykkt að koma á fót sérstakri stofnun fyrir gjöf Magnúsar, er nefnd verði ALVIÐRA, landgræðslu og náttúruverndarstofnun. Var skipulagsskrá fyrir stofnun þessa samþykkt af sýslunefnd Árnessýslu 2. september 1981, en af stjórn Landverndar 14. desember s. á. Er í skipulagsskránni kveðið svo á, að auk fulltrúa nefndra aðilja skuli skógræktarstjóri eiga sæti í stjórn stofnunarinnar sem þriðji stjórnarmaður.

Með byggingarbréfi 9. júní 1980 seldu stefndu Rannsóknastofnun landbúnaðarins jörðina Alviðru á leigu til fimm ára „til tilrauna og rannsókna á gróðri með tilliti til landverndar", eins og segir í 5. gr. byggingarbréfsins.

Fyrir Hæstarétti heldur áfrýjandi því ekki fram, að meta beri gjafagerning Magnúsar Jóhannessonar ógildan frá upphafi, hvorki samkvæmt 32. gr. laga nr. 7/1936, 7. gr. laga nr. 58/1960 né öðrum ákvæðum laga. Er kröfugerð hans hér fyrir dómi alfarið á því reist, að veigamiklar forsendur Magnúsar fyrir gjöf hans hafi brostið, eftir að gjafagerningurinn var gerður, og sé gjöfin af þeim ástæðum afturtæk. Bendir áfrýjandi því til stuðnings á eftirfarandi:

Í fyrsta lagi hafi stefndu aldrei byggt jörðina Alviðru á leigu til búrekstrar, svo sem verið hafi vilji Magnúsar, eða neina tilraun til þess gert. Hafi jörðin nú raunar verið leigð aðilja, sem engan búskap stundi.

Í öðru lagi hafi stefndu ekki komið því til leiðar, að leyfi réttra aðilja fengist til að veiða mætti á fjórar stengur fyrir landi Alviðru og Öndverðarness II. Hafi þetta þó verið ótvíræð forsenda Magnúsar fyrir gjöf hans.

Í þriðja lagi er því haldið fram, að orðið hafi á því óhæfilegur dráttur, að sett yrði skipulagsskrá um gjöf Magnúsar,

svo sem skylt hafi verið eftir gjafabréfi hans. Loks er það var gert, hafi ekki verið farið að vilja hans um nýtingu og meðferð jarðeignanna eða um val þriðja manns til að sitja í stjórnarnefnd fyrir þær ásamt fulltrúum stefndu.

Um hina fyrsttöldu ástæðu áfrýjanda fyrir riftunarkröfunni skal tekið fram, að ekki verður annað séð en að sú ráðstöfun stefndu að leigja Rannsóknastofnun landbúnaðarins jörðina Alviðru, samrýmis megintilgangi Magnúsar með gjöf hans, eins og honum er lýst í 1. tl. gjafabréfs hans. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður ekki fallist á þau málsrök áfrýjanda fyrir kröfum sínum, sem hér ræðir um.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdómara, að stefndu hafi ekki skuldbundið sig gagnvart Magnúsi til að afla leyfis til að hafa mætti fjórar veiðistengur fyrir landi Alviðru og Öndverðarness II. Til þess hafi hins vegar verið ætlast af beggja hálfu, að stefndu ynnu að því eftir föngum, að slíkt leyfi fengist. Er tilraunir stefndu til að fá þessu framgengt báru ekki árangur, heimilaði það ekki Magnúsi að rifta gjöf sinni, og það þeim mun síður sem gögn málsins benda til þess, að stefndu hafi verið reiðubúnir til þess við þau málalok að taka veiðiréttinn í sínar hendur, en greiða Magnúsi fé, sem svaraði til leigu eftir fjórar stengur. Er því ekki heldur hald í þessari ástæðu fyrir riftunarkröfunni.

Í 3. gr. skipulagsskrár fyrir ALVIÐRU, landgræðslu- og náttúruverndarstofnun, segir, að tilgangur þeirrar stofnunar sé sá að varðveita jarðirnar Alviðru og Öndverðanres II samfelldar með landgræðslu- og náttúruverndarsjónarmið í huga. Svo sem tilgangi gefanda með gjöfinni er lýst í 1. tl. gjafabréfsins, þykir skipulagsskráin að þessu leyti ekki brjóta gegn gjafabréfinu. Þá verður ekki talið, að dráttur sá, er varð á setningu skipulagsskrár, hafi verið slíkur, að hann hafi heimilað Magnúsi Jóhannessyni að rifta gjöf sinni, enda verður að ætla, að þann drátt hafi að verulegu leyti mátt rekja til þess, að stefndu hafi talið rétt að bíða með setningu skipulagsskrárinnar, uns Magnús hefði gert tillögur um það, hver taka skyldi sæti hans í Alviðrunefnd, er hans nyti ekki

lengur við. Ekki verður riftunarkrafan heldur tekin til greina af þeirri ástæðu, að við gerð skipulagsskrár þeirrar, sem stefndu hafa nú samþykkt, hafi þeir ekki farið að vilja Magnúsar um stjórnarnefndarmann, eins og hann kom fram í bréfi til stefndu í nóvember 1980, enda verður ekki séð, að stefndu hafi verið skylt að hlíta ákvörðun Magnúsar í því efni.

Samkvæmt öllu því, sem nú hefur verið rakið, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sýknu hinna stefndu af kröfum áfrýjanda í máli þessu. Þá ber og með skírskotun til forsendna dómsins að staðfesta ákvæði hans um ómerkingu ummæla svo og um málskostnað og gjafsóknarlaun.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður. Allur gjafvarnarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra fyrir Hæstarétti, 12.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafvarnarkostnaður stefndu, sýslunefndar Árnessýslu f. h. sýslufélagsins og Landverndar, landgræðslu- og náttúruverndarsamtaka Íslands, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000.00 krónur.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Eins og greinir í dómi meiri hluta dómenda Hæstaréttar, er aðalkröfu stefnanda í héraði um, að meta beri ógildan gjafagerning Magnúsar Jóhannessonar, ekki haldið til streitu fyrir Hæstarétti. Kemur sú kröfugerð því eigi til álita, en við mat gildis framburða aðilja og fyrirsvarsmanna aðilja er

rétt að hafa í huga, hvernig gjafagerningur sá, sem mál þetta er risið út af, er til orðinn.

Riftunarkröfu sína fyrir Hæstarétti byggir áfrýjandi á því, að eftirgreind atriði hafi verið afgerandi forsendur þess, að gefandi féllst á tillögu Páls Hallgrímssonar sýslumanns um, að hann gæfi eignarjarðir sínar Alviðru og Öndverðarnes II:

1. Að jörðin Alviðra yrði áfram setin sem bújörð,
2. að fengið yrði leyfi fyrir fjórðu veiðistönginni fyrir löndum jarðanna, en gefandi áskildi sér tekjur af allri veiði áfram, eftir að hann kynni að afhenda jarðirnar, og
3. að gerð yrði skipulagsskrá um eignirnar, þar sem m. a. yrði ákveðið, hvernig þriðji nefndarmaðurinn í svokallaðri Alviðrunefnd yrði tilnefndur að gefanda frágengnum.

Áfrýjandi kveður stefndu með öllu hafa gengið gegn vilja gefanda um öll þessi atriði og sé því riftun gjafagerningsins heimil.

I.

Svo sem í héraðsdómi greinir, segir ekki berum orðum í gjafabréfinu, að byggja skuli jörðina samkvæmt ábúðarlögum, til þess að þar verði stundaður hefðbundinn búskapur, heldur aðeins, að búseta og búskapur sé gefanda geðfelldur og að hans dómi æskilegur.

Í aðiljaskýrslu sinni segir Magnús Jóhannesson, að ástæða þess, að hann lét jarðirnar af hendi við aðilja þá, sem Páll Hallgrímsson sýslumaður tiltók, hafi verið sú, að hann vildi láta halda þessu saman sem bújörð áfram og að þar væri búið venjulegum búskap. Orðalag gjafabréfsins sé ekki frá sér komið, heldur Páli Hallgrímssyni, sem hafi boðið fram, að hann setti skilyrði fyrir gjöfinni, en síðan aflagað það allt, er samningurinn var orðaður.

Í aðiljaskýrslu Páls Hallgrímssonar sýslumanns kemur fram, að hann hafi heyrt, að fast væri gengið að Magnúsi bónda að láta jarðirnar af hendi, jafnvel að honum hafi verið færð skilaboð úr öðrum heimi. Jafnframt því sem sýslumanninum hafi verið forvitni á að vita, hvað hæft væri í þessu,

hafi honum verið ofar í huga að kanna, „hvort Magnús vildi ekki gera ráðstafanir til þess, að jarðirnar yrðu varðveittar eftir hans dag, óskertar frá því sem þær þá voru, og án þess að hann sleppti nokkrum öðrum yfirráðarétti þeirra eða arði fyrr en honum sjálfum sýndist". Um þetta kvaðst sýslumaðurinn hafa spurt berum orðum og jafnframt látið í ljós, „að sjálfum mér þætti raunalegt til þess að hugsa, ef Alviðran með Öndverðarnesi og Soginu ættu eftir að sundrast meðal útarfa hans og síðan enn annarra óviðkomandi."

Er Páll Hallgrímsson sýslumaður gaf skýrslu fyrir dómi, skýrði hann frá því, að í fyrsta viðtali hans og Magnúsar bónda, sem að framan greinir, hafi komið til umræðu, hverjir gætu hugsanlega orðið gjafþegar, og hafi þá komið til tals sýslufélag Árnessýslu, Búnaðarfélag Árnessýslu, Selfosshreppur, „... og mætti sagðist telja víst, en sagðist ekki muna það með vissu, að Landvernd hefði verið nefnd og jafnvel Náttúruverndarráð. Þeir hafi hallast að því, að sýslufélagið yrði gjafþegi, þar sem jarðirnar lægju í hjarta sýslunnar og ekki óeðlilegt, að sýslufélagið léti eitthvað fjármagn af hendi rakna til þeirra". Þá kemur einnig fram í aðiljaskýrslu sýslumanns, að hann geri ráð fyrir því, „að hann hafi orðið Magnúsi fyrri til að nefna Landvernd sem hugsanlegan gjafþega, en strax í fyrsta uppkasti gjafabréfsins hafi Landvernd og Árnessýsla verið gjafþegarnir og hafi aðrir ekki komið til greina í því sambandi eftir gerð fyrsta uppkastsins".

Af samanburði framburða þeirra gefandans og Páls Hallgrímssonar þykir mega leggja til grundvallar þann skilning gefandans, að hann ætlaðist til þess, að jörðin yrði setin sem bújörð, svo sem verið hefði, en ástæða til gjafarinnar hafi verið sú, að gefandi vildi hindra það, að jörðin eða jarðirnar sundruðust, er ótiltekinn fjöldi erfingja hefði eignast þær eða útarfar, eins og sýslumaðurinn orðaði það við gefanda. Í orðin „búseta og búskapur ... geðfelldur og að mínum dómi æskilegur" þykir ljóst, að hinn aldurhnigni búandmaður, gefandinn Magnús Jóhannesson, hafi lagt þann skilning, að þar væri um búskap að ræða á þá vísu, sem hann þekkti, en ekki einhverja aðra hluti, sem hann hafði enga þekkingu á, enda

ber að hafa í huga, að skjalið er orðað og samið af oddvita annars gjafþegans, sem einnig gerði tillögu um hinn. Telja verður, að umboðsmönnum beggja gjafþega hafi verið þetta ljóst, enda var framkvæmdastjóri Landverdar í för með sýslumanni, er sýslumaður að eigin sögn átti frumkvæði að gjöfinni, svo sem að framan greinir.

Kemur þá til álita, hvernig gjafþegar hafi haldið skilmála að þessu leyti. Í héraðsdómi er greint frá búsetu Helga Þórarinssonar í Alviðru. Fallast má á ályktanir héraðsdómara um það atriði að öðru leyti en því, að ákvörðun um búsetu Helga hafi ekki verið ranglega tekin. Ákvörðun var tekin af umboðsmönnum gjafþeganna, og þeir bera ábyrgð á henni. Af skjölum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, kemur fram, að gjafþegarnir hafa hinn 9. júní 1980 byggt Rannsóknastofnun landbúnaðarins jörðina Alviðru til 5 ára án eftirgjalds, en með því skilyrði m. a., „að jörðin verði notuð til tilrauna og rannsókna á gróðri með tilliti til landverndar". Ekkert ákvæði er í byggingarbréfinu um veiðirétt eða not hans, nema ákvæði 4. gr. um, að leiguliða sé óheimilt að láta af hendi hlunnindi, nema samþykki landsdrottins komi til. Af endurriti úr fundargerðarbók svokallaðrar Alviðrunefndar frá 16. desember 1981 kemur fram, að ákveðið hafi verið að hefja framkvæmdir á næsta vori og fá starfsmannafélag Rala (mun vera Rannsóknastofnun landbúnaðarins) og Golfklúbbs Selfoss til samstarfs. Fram kom við málflutning fyrir Hæstarétti, að Golfklúbbur Selfoss hafi afnot af túni jarðarinnar Alviðru til notkunar við tómstundagaman félagsmanna, en túnið er nú golfvöllur, og fundargerðin frá 16. desember 1981 bendir eindregið til þess, að þar greint starfsmannafélag eigi að hafa einhver afnot eignarinnar.

Öll meðferð gjafþega á Alviðru, bæði hin samningslausa seta Helga Þórarinssonar og síðari ráðstafanir, afnot túnsins til tómstundagamans kaupstaðarbúa, óljós afnot starfsmannafélags og bygging jarðarinnar til opinberrar stofnunar án eftirgjalds og án þess að vikið sé að verðmætum hlunnindum jarðarinnar, er í fullkominni andstöðu við þann vilja gefanda, sem lesa ber út úr 1. tölulið gjafabréfsins samkvæmt framansögðu og gjafþegum var kunnur. Hafa þeir með því

brotið gegn ákvæðum gjafabréfsins og sjónarmiðum gefanda.

II.

Fallast má á ákvæði héraðsdóms um þá málsástæðu, er varðar útvegum leyfis fyrir fjórðu veiðistönginni.

III.

Í sjöunda lið gjafabréfsins er ákvæði um stjórn eignanna og að setja beri skipulagsskrá fyrir þær, þar sem meðal annars sé ákveðið, hvernig þriðji nefndarmaðurinn verði tilnefndum að gefanda frágengnum.

Áfrýjandi heldur því fram, að stefndu hafi vanrækt skyldu sína samkvæmt þessu ákvæði, en það hafi m. a. verið mikilsvert atriði í huga gefanda að fá ákvæði í skipulagsskrá um eftirmann hans í svokallaðri Alviðrunefnd. Eins og fram kemur í héraðsdómi, héldu stefndu því fram, að það hafi verið Magnúsi Jóhannessyni að kenna, að skiplagsskrá hefði ekki verið gerð.

Af skjölum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, kemur fram, að Magnús Jóhannesson óskaði þess í nóvember 1980, að stjórn Dvalarheimilisins Lundar á Hellu í Rangárvallasýslu tilnefndi þriðja mann í nefndina, ef Árnessýsla og Landvernd yrðu aðiljar að stjórnun jarðanna Alviðru og Öndverðarness að dæmdu riftunarmáli vegna gjafabréfsins. Rúmu ári seinna gera sýslunefnd Árnessýslu og stjórn Landverndar frumvarp að skipulagsskrá, þar sem skógræktarstjóri ríkisins er ákveðinn sem þriðji maður í Alviðrunefnd, en ekki maður samkvæmt tilnefningu Dvalarheimilisins Lundar, svo sem Magnús Jóhannesson hafði óskað eftir. Var Magnús þá látinn, rétt níræður að aldri. Gjafþegarnir mynduðu meiri hluta svokallaðrar Alviðrunefndar. Formaður nefndarinnar var fulltrúi annars gjafþegans. Sýslumaður Árnessýslu var fulltrúi hins. Ekkert hefur fram komið í málinu, sem renni stoðum undir þá staðhæfingu, að Magnús Jóhannesson hafi þvælst fyrir því, að skipulagsskrá yrði sett. Bera gjafþegarnir því ábyrgð á því, að ekki var svo árum skipti gert frumvarp að skipulagsskrá. Þegar frumvarp var svo loksins samið eftir lát Magnúsar Jóhannessonar, var vilji

hans virtur að vettugi. Höfðu gjafþegar þó í málflutningi sínum fyrir héraðsdómi látið í það skína, að þeim bæri að fara að óskum gefanda um það, hvernig nefndur yrði þriðji maður í stjórnarnefnd fyrir jarðirnar.

IV.

Við móttöku gjafanna skuldbindur Landvernd sig „til þess að fylgja í hvívetna öllum þeim skuldbindingum, sem þér setjið í nefndu gjafabréfi yðar“, og Árnessýsla skuldbindur sig til þess að „hlíta í öllu þeim skilmálum og sjónarmiðum, sem sett eru í bréfi gefandans“.

Vanefndir gjafþega á því að virða skilmála og sjónarmið gefandans, þ. e. að fara að vilja hans um þau mikilsverðu atriði varðandi nýtingu jarðanna og setningu reglna um framtíðarskipan þeirra, sem að framan eru rakin, heimiluðu gefandanum, Magnúsi Jóhannessyni, riftun á gjöfinni.

Hin síðargreinda riftunarástæða varðar báðar jarðirnar, en hin fyrrgreinda að því er virðist aðeins Alviðru. Forsendur eru svo samofnar, að ekki verður af þessari ástæðu skilið á milli jarðanna um riftunarheimild. Ber því að taka til greina aðalkröfu áfrýjanda fyrir Hæstarétti, að rift verði gjafagerningi, dagsettum 1. febrúar 1973, þar sem Magnús Jóhannesson, bóndi í Alviðru í Ölfusi, býður stefndu sameiginlega til eignar jarðirnar Alviðru (í Ölfusi) og Öndverðarnes II í Grímsneshreppi gegn endurgreiðslu þess kostnaðar, er stefndu hafi sannanlega lagt jörðunum til góða að mati úttektarmanna. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla og gjafvarnarkostnað. Eftir þessum málsúrslitum og atvikum málsins ber að dæma stefndu til þess að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en hann þykir hæfilega ákveðinn 50.000.00 krónur samtals. Allur gjafvarnarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra fyrir Hæstarétti, 12.000.00 krónur.

Dómsorð:

Stefndu, sýslunefnd Árnesssýslu f. h. sýslufélagsins og Landvernd, landgræðslu- og náttúruverndarsamtök

Íslands, skulu þola riftun gjafagernings, dagsetts 1. febrúar 1973, þar sem Magnús Jóhannesson, bóndi í Alviðru í Ölfusi, býður stefndu sameiginlega til eignar jarðirnar Alviðru (í Ölfusi) og Öndverðarnes II í Grímsneshreppi gegn endurgreiðslu þess kostanðar, er stefndu hafa sannanlega lagt jörðunum til góða, að mati úttektarmanna, úr hendi áfrýjanda, Dvalarheimilisins Lundar f. h. dánarbús Magnúsar Jóhannessonar.

Stefndu greiði óskipt málskostnað til áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 50.000.00 krónur.

Ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla og gjafvarnarkostnað eiga að vera óröskuð.

Allur gjarfvarnarkostnaður stefndu, sýslunefndar Árnessýslu f. h. sýslufélagsins og Landverndar, landgræðslu- og náttúruverndarsamtaka Íslands, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, Páls S. Pálssonar, hæstaréttarlögmanns, 12.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 3. mars 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. febrúar sl., er höfðað af Magnúsi Jóhannessyni, Lambhaga 30, Selfossi, gegn sýslunefnd Árnessýslu f. h. sýslufélagsins og Landvernd, landgræðslu- og náttúruverndarsamtökum Íslands, Skólavörðustíg 25, Reykjavík, með stefnu, birtri 24. febrúar og 2. mars 1977.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að þola ógildingu, en til vara riftun á gjafabréfi stefnanda, dags. 1. febrúar 1973. Ógildingin eða riftunin verði heimiluð gegn endurgreiðslu þess kostnaðar, er stefndu hafi lagt jörðinni Alviðru í Ölfushreppi til góða að mati úttektarmanna. Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu að óskiptu að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur sameiginlega málskostnað-

ur úr hans hendi, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en stefndu fengu gjafvörn í máli þessu með gjafvarnarleyfi, dags. 10. febrúar 1978.

Þá krefjast stefndu, að eftirtalin ummæli, viðhöfð af lögmanni stefnanda í greinargerð hans, verði dæmd dauð og ómerk:

„Stefnandi heldur því fram, að Páll Hallgrímsson, sýslumaður, hafi með óheiðarlegum hætti fengið sig til að gefa margnefndar jarðir." „Vöktu stefndu með þessu rangar hugmyndir hjá stefnanda, hugmyndir sem áttu verulegan þátt í því, að hann lét tilleiðast að samþykkja beiðni sýslumanns." „En engar efndir hafa orðið og vísast, að það hafi ekki verið ætlunin, því sýslufundur var daginn eftir, og mun þetta sjónarspil hafa verið í þeim tilgangi, að sýslumaður slyppi frá sýslunefndarmönnum, sem vísast hefðu viljað fá skýringar á þessu máli."

Svo og ummæli stefnanda málsins í aðiljaskýrslu hans um Pál Hallgrímsson sýslumann:

„Ekki spurði hann (þ. e. Páll Hallgrímsson) hverju átti að svara, hann var því sami Landverndarþjónninn og fyrr og síst sér til sóma." „Af öllu því, sem fram hefur komið frá fyrstu tíð og til þessa dags, þá kemur það helst í ljós, að þarna sé um jafnvel fámenna klíku að ræða, sem Páll Hallgrímsson gerðist forystumaður fyrir, og þá helst í sambandi við veiðina, hann geti notað sér þá aðstöðu jafnvel að hafa fría veiði fyrir sig og sína félaga úr Landvernd. Um Árnesinga hugsar hann ekki neitt, nema ná frá þeim peningum handa Hauk til ráðstöfunar. Páll hefur því gerst klíkuforingi nokkurra manna í auðgunarskyni fyrir sjálfan sig og sína vini á kostnað annarra."

Með úrskurði, uppkveðnum 23. mars 1977, vék hinn reglulegi dómari, Páll Hallgrímsson sýslumaður, sæti. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 3. maí 1977, var undirritaður dómari skipaður setudómari í máli þessu.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem fæddur er 9. desember 1890, var bóndi á jörðunum Alviðru í Ölfushreppi og Öndverðarnesi II í Grímsneshreppi í Árnessýslu og átti þær jarðir báðar. Stefnandi á enga skylduerfingja, og með gjafabréfi, undirrituðu 1. febrúar 1973 af stefnanda, gaf hann stefndu báðar jarðirnar.

Gjafabréfið er svohljóðandi:

„GJAFABRÉF

Ég undirritaður, Magnús Jóhannesson, bóndi í Alviðru í Ölfushreppi, leyfi mér hér með að snúa mér til sýslunefndarinnar í

Árnessýslu fyrir hönd sýslufélagsins og Landverndar: Landgræðslu- og náttúruverndarsamtaka Íslands og bjóða þessum aðilum sameiginlega til eignar jarðeignir mínar, Alviðru í Ölfushreppi og Öndverðarnes II í Grímsneshreppi, með mannvirkjum öllum, gögnum og gæðum óskertum, eins og þær eru nú í minni eigu, með eftirfarandi takmörkunum og skilmálum:

1. Landeign þessa má ekki skerða, heldur ber að varðveita hana samfellda með landgræðslu- og náttúruverndarsjónarmið fyrir augum. Búseta og búskapur á landi Alviðru, sem samrýmist þessum sjónarmiðum, er mér geðfelldur og að mínum dómi æskilegur. Hins vegar tel ég, að friða beri Öndverðarneslandið fyrir öllu búfjárhaldi, og vil ekki, að það verði skert í neinu, svo sem með leigu lóða undir sumarbústaði.

2. Ég áskil mér persónulega allan afnotarétt af þessum eignum endurgjaldslaust um óákveðinn tíma og mun halda uppi öllum lögskilum af þeim, á meðan ég ekki afhendi viðtakendum þann rétt. — Einnig áskil ég mér búseturétt í Alviðru og nauðsynleg afnot íbúðarhússins að eigin mati, enda þótt ég kynni að afhenda viðtakendum meiri eða minni hluta eignanna að öðru leyti. — Ef ég afhendi eignirnar að hluta, taka viðtakendur við lögskilum í sama hlutfalli.

3. Ef ég kynni að flytja burt frá Alviðru, taka viðtakendur við öllum eignunum, en jafnframt áskil ég mér allan arð af veiðiréttindum jarðanna til æviloka.

4. Öndverðarneslandið liggur allt sunnan þjóðvegar um Grímsnesið. Ég undanþigg þessu gjafatilboði mínu um átta hektara landspildu í norðausturhorni landsins og áskil mér rétt til þess að ákveða legu og lögun hennar síðar. Hafi ég ekki ráðstafað spildu þessari eða hluta af henni, skal hið óráðstafaða falla til viðtakenda eftir minn dag.

5. Ég vænti þess, að við burtför mína frá Alviðru kaupi viðtakendur af mér búvinnuvélar mínar og verkfæri eftir samkomulagi eða sanngjörnu mati.

6. Engar framkvæmdir á jörðunum mega viðtakendur gera án míns samþykkis, á meðan ég á heima í Alviðru. Ég vil ekki, að eignirnar verði veðsettar, enda tel ég, að arður þeirra sé og eigi að verða nægur til þess að varðveita þær í áðurnefndum tilgangi.

7. Ég vil, að eignum þessum verði stjórnað af þriggja manna nefnd og sé einn þeirra tilnefndur af sýslunefndinni og annar af Landvernd, en sjálfur verði ég hinn þriðji, á meðan mér sýnist og endist heilsa til. Nefndin setji eignunum skipulagsskrá, sem

meðal annars ákveði, hvernig þriðji nefndarmaðurinn verði tilnefndur að mér frágengnum.

8. Gjafabréf þetta öðlast fullt gildi sem afsal, ef og þegar það hefir verið áritað af hálfu sýslunefndarinnar og Landverndar, um að þessir aðiljar vilji veita umræddum eignum mínum viðtöku og skuldbindi sig til að varðveita þær til almannaheilla og halda í heiðri framangreindum sjónarmiðum mínum.

Selfossi, 1. febrúar 1973. Magnús Jóhannesson."

Stefndu samþykktu að veita gjöf þessari viðtöku. Sýslunefnd Árnessýslu samþykkti samhljóða á fundi sínum hinn 15. júní 1973 eftirfarandi: „Sýslunefndin í Árnessýslu hefur móttekið gjafabréf Magnúsar Jóhannessonar, bónda í Alviðru í Ölfushreppi, fyrir jörðunum Alviðru og Öndverðarnesi II í Grímsnesi. Sýslunefndin lýsir því yfir, að hún þiggur þessa merku og mjög mikilsverðu gjöf Magnúsar Jóhannessonar og þykist mega þakka hana sem best af hálfu allra héraðsbúa. Jafnframt skuldbindur sýslunefndin sig og sýsluna til þess að hlíta í öllu þeim skilmálum og sjónarmiðum, sem sett eru í bréfi gefandans."

Stjórn Landverndar ritar gjafþega bréf, dags. 5. febrúar 1973, svohlj.: „Stjórn Landverndar, landgræðslu- og náttúruverndarsamtaka Íslands, samþykkti á fundi sínum 2. þ. m. að taka með þökkum á móti hinni rausnarlegu gjöf yðar, jörðunum Alviðru og Öndverðarnesi II, ásamt gögnum og gæðum og í félagi við Árnessýslu, svo sem greint er í gjafabréfi yðar, dags. 1. þ. m. Jafnframt skuldbindur stjórn Landverndar sig til þess að fylgja í hvívetna öllum þeim skuldbindingum, sem þér setjið í nefndu gjafabréfi yðar."

Gjafabréfinu er þinglýst 15. desember 1975.

Með bréfi, dags. 16. júlí 1976, riftir stefnandi gjafabréfinu, en stefndu hafna þeirri riftun með bréfi, dags. 27. ágúst 1976, og verður efni þeirra bréfa rakið síðar.

Stefnandi kom fyrir rétt í málinu 27. júní 1977 og skýrði svo frá, að hann hafi flutt að Alviðru árið 1940. Hann hafi búið þar með tengdaföður sínum Árna, sem átt hafi jarðirnar Alviðru og Öndverðarnes II, þar til hann hafi fallið frá árið 1966, en Margrét kona sín hafi verið eini erfingi hans. Þau hafi haldið áfram búskap, en Margrét hafi andast árið 1968 og hafi hann þá orðið einn eigandi beggja jarðanna og búið áfram á þeim. Alviðra hafi verið í ábúð og eign sömu ættar frá árinu 1792 og hafi sér fundist réttast, að hún yrði það áfram, en ættingjar tengdaföður síns hafi tekið dauflega í að hefja búskap þar, þannig að ekki hafi orðið af

því. Hefði hann ekki verið búinn að taka neina ákvörðun um ráðstöfun jarðanna á þessum tíma.

Um aðdraganda gjafagerningsins skýrði stefnandi svo frá, að nálægt miðjum janúar 1973 hafi Páll Hallgrímsson, sýslumaður í Árnessýslu, komið heim til sín ásamt Hauki Hafstað, framkvæmdastjóra Landverndar. Páll hafi þá beðið sig að gefa Árnessýslu jarðir sínar, sýslubúum til nytja og almenningsheilla. Stefnandi kvaðst ekki hafa svarað þessu strax, en hefði getið sér þess til, að eitthvað mikið hlyti að liggja við fyrir Árnesinga og mundu þeir ætla sér eitthvað mjög sérstakt með jarðirnar. Páll hafi tjáð sér, að hann mætti setja þau skilyrði, sem hann vildi fyrir gjöfinni, þau mundu verða uppfyllt. Stefnandi kvaðst þá hafa sett þrjú skilyrði, fyrsta eitt stangarleyfi í Soginu til viðbótar þeim þremur, sem fyrir voru, annað, að tveir sumarbústaðir, sem eru í landi Öndverðarness II, yrðu látnir hverfa, þ. e. a. s. það fólk, sem þar væri, yrði látið fara, og þriðja, að jörðin Alviðra yrði nytjuð til búskapar, eins og áður hefði verið. Páll hefði enga athugasemd gert við þetta. Haukur Hafstað hafi hlotið að heyra þetta samtal, en hann hafi ekkert sagt.

Eftir einn eða tvo daga hafi Páll komið með samningsuppkast og þá verið einn. Stefnandi kvaðst hafa rennt augum yfir það og þá séð, að Landvernd hafði verið bætt inn í sem gjafþega, án þess að það hefði verið orðað áður. Hann hafi þá spurt Pál, hvers vegna Landvernd þyrfti að vera með, hann vildi heldur, að sýslan væri ein um þetta. Hann hafi á þessum tíma aldrei heyrt minnst á Landvernd og ekki vitað, hvað það var, en hafi gengið út frá því, að gjöfin yrði ætluð sýslunni, svo sem um hefði verið rætt. Páll hefði gefið þá skýringu, að Haukur Hafstað væri vanur bóndi og gott væri að hafa hann með. Stefnandi kvaðst hafa þagað við þessum röksemdum. Hann hafi líka viljað fá í gjafasamninginn þau skilyrði, sem hann hafi sett, þ. e. a. s. þau þrjú skilyrði, sem að framan greinir, en því hafi Páll neitað og sagt, að þau kæmu í reglugerð, sem yrði sett um gjöfina.

Hinn 1. febrúar 1973 hafi verið sendur maður eftir sér að Alviðru til þess að undirrita gjafabréfið að Þóristúni 1 á Selfossi. Stefnandi kvaðst ekki minnast þess, að hann hefði verið látinn vita um þetta, og ekki hefði verið haft samráð við sig um það. Að Þóristúni 1 hafi verið fyrir Páll sýslumaður og Jörundur Brynjólfsson. Stefnandi kvaðst hafa setið við hlið Jörundar og heyrt, að sýslumaður hafi beðið hann að greiða fyrir því, að fjórða stangveiðileyfið fengist, og hefði Jörundur tekið vel í það,

að því leyti sem hann gæti, en Jörundur hefði þá verið formaður Veiðifélags Árnesinga. Stefnandi kvað Pál hafa sagt, að hann teldi sig nokkurn veginn ábyrgan fyrir því, að leyfið fengist. Síðan hafi komið fleira fólk, Haukur Hafstað, Hákon Guðmundsson og blaðamenn úr Reykjavík.

Stefnandi kvað vera rangt, að hann hefði nokkru sinni boðið jarðir sínar að gjöf. Sér hafi verið ljóst, að jarðirnar voru mjög verðmætar. Sjálfur hefði hann ekki lagt mat á það, en aðrir telji verðmæti þeirra nema kr. 100—200 milljónum, yrðu þær seldar undir sumarbústaði. Aðalástæða gjafarinnar hafi verið, að hann hafi viljað halda jörðunum saman sem bújörð og á þeim yrði búið venjulegum búskap, líkt og hann hefði rekið sjálfur. Stefndu hafi aflagað allt, sem um hafi verið rætt í þeim samningi, sem gerður hefði verið.

Ástæða þess, að hann hafi sett skilyrði um fjórðu veiðistöngina, hafi verið, að sér hafi þótt veiði fyrir landi jarðanna verið lítið leigð og talið sig tæplega hafa framfærslu af því, sem hann hafi fengið fyrir hana. Stefnandi kvaðst hafa haft hugmynd um, að leyfi fyrir fjórðu stönginni yrði endanlega háð leyfi veiðimálanefndar, en hefði talið, að sýslumaður væri ábyrgur fyrir því, að það fengist, með því að lofa því. Stefnandi kvaðst sjálfur ekki hafa gert tilraunir til þess að losa Öndverðarnes II við þá sumarbústaði, sem eru í landi jarðarinnar, en þó átt í málaferlum út af öðrum þeirra á þessum tíma. Frá eigendum hins bústaðarins hafi komið til sín maður, eftir að gjafabréfið var undirritað, og spurt sig að því, hvort hann gæti eitthvað lagað til fyrir því, að bústaðurinn mætti vera áfram, og kvaðst stefnandi hafa sagt honum, að það gæti hann ekki. Þessi bústaður hafi verið á leigulandi, en leigugreiðslur hafi engar verið.

Stefnandi kvað þetta mál vera hið þriðja, sem hann ætti í um dagana. Sér hefði tvisvar verið stefnt. Hann hefði lítið gert af samningum í búskapartíð sinni, en tengdafaðir sinn hefði talist bóndi, á meðan hann lifði. Þó hefði hann leigt veiðina einu sinni og enn fremur hefði hann látið nokkra bletti undir sumarbústaði, selt eða gefið. Hann taldi sig ekki muna eftir að hafa verið hlunnfarinn í viðskiptum fyrr en nú.

Páll Hallgrímsson sýslumaður kom fyrir rétt og skýrði svo frá, að hefði hann átt einhvern þátt í ákvörðun stefnanda um ráðstöfun jarða sinna, væri um það að segja, að því er sig minnti, að einhvern tíma síðla hausts eða snemma vetrar árið 1972 hefði hann átt leið fram hjá Alviðru og þá ákveðið að heilsa upp á stefn-

anda. Þá hafi sögusagnir heyrst, að fast væri gengið að honum að láta jarðirnar, og hafi sér verið forvitni á að vita, hvað hæft væri í því. Sér hafi þó verið ofar í huga að kanna, hvort stefnandi vildi ekki gera ráðstafanir til þess, að jarðirnar yrðu varðveittar eftir hans dag óskertar frá því sem þær þá voru og án þess að hann sleppti nokkrum öðrum yfirráðarétti þeirra eða arði, fyrr en honum sjálfum sýndist. Um þetta hafi hann spurt stefnanda berum orðum og hafi sjálfur jafnframt látið þá skoðun í ljós, að sér þætti raunalegt til þess að hugsa, ef Alviðra með Öndverðarnesi og Soginu ættu eftir að sundrast meðal útarfa hans og síðan annarra óviðkomandi. Stefnandi hafi sagst hafa hugleitt sínar sakir, eitthvað í þessa átt, en ekki tekið neinar ákvarðanir. Hann væri orðinn langleiður á aðgangsfrekju ókunnugs fólks, sem falaði af sér lóðir með ýtni, og væri vel að binda endi á slíkt í eitt skipti fyrir öll. Viðræða þeirra hafi síðan snúist að verulegu leyti um það, hvaða aðili eða aðiljar væru líklegir til að geta og vilja taka eigningar að sér og fullnægja þeim skilyrðum, sem um var rætt og síðan hafi verið sett fram í gjafabréfi stefnanda. Ýmsir aðiljar hafi komið til tals, svo sem sýslufélag Árnessýslu, Búnaðarfélag Árnessýslu, Selfosshreppur hafi verið nefndur á nafn, og sýslumaður sagðist telja víst, en þó ekki muna það með vissu, að Landvernd hafi verið nefnd og jafnvel Náttúruverndarráð. Þeir hafi hallast að því, að sýslufélagið yrði gjafþegi, þar sem jarðirnar lægju í hjarta sýslunnar og ekki óeðlilegt, að sýslufélagið léti eitthvað fjármagn af hendi rakna til þeirra. Sýslumaður sagði, að forsvarsmenn Landverndar hefðu ekki vitað um þessar umræður nema þá Haukur Hafstað, sem verið hefði með sér af tilviljun, en það hefði ekki verið í neinum tengslum við þetta mál. Engu hafi verið slegið föstu um þetta öðru en því, að stefnandi hefði falið sér að gera uppkast að skjali um ráðstöfun jarðanna, sem hann fengi síðan til athugunar og ákvörðunar. Sýslumaður kvaðst hafa ritað fyrsta uppkast að gjafabréfi stefnanda og komið því í hendur hans. Stefnandi hafi haft uppkastið til athugunar um nokkurn tíma, áður en þeir hafi hist í Alviðru til þess að yfirfara það sameiginlega. Við það tækifæri hafi stefnandi bent á nokkur atriði, sem honum hafi þótt mega fara betur, og kvaðst sýslumaður þá hafa farið heim með skjalið og endurritað það með tilliti til ábendinga stefnanda og fært honum það aftur sama dag. Þeir hafi þá yfirfarið skjalið að nýju sameiginlega og þá hafi stefnandi hnotið um eitthvað, sem honum þótti mega laga. Sýslumaður kvaðst þá hafa talið sjálfsagt að endurrita skjalið aftur, gert það

og fært stefnanda. Það hafi verið þriðja gerð uppkastsins að gjafabréfinu og hafi það síðan verið ritað orðrétt eftir því. Sýslumaður kvaðst engum hafa sýnt uppkastið að gjafabréfinu fyrr en í endanlegri gerð og vel geti verið, að þeir stefnandi hafi átt fund um það um miðjan janúar 1973. Sá fundur muni hafa átt sér stað, áður en Hákon Guðmundsson, formaður Landverndar, hafi fengið gjafabréfið í hendur. Stefnandi hafi aldrei sett það skilyrði fyrir gjöfinni, að fengið yrði leyfi fyrir fjórðu stönginni í Soginu. Stefnandi hafi, áður en til undirritunar gjafabréfsins kom, sýnt mikinn áhuga á því að fá fjórðu stöngina, enda hefði hann talið Alviðru vanhaldna, hvað veiðiréttindi snerti. Sýslumaður sagði, að sér hefði virst, að á þessum tíma hafi stefnandi ekki haft eigið fjárhagssjónarmið í huga varðandi veiðiréttinn, heldur velvild í garð þiggjenda gjafarinnar. Sýslumaður sagði það hafa verið samantekin ráð sín og stefnanda að fá Jörund Brynjólfsson, formann veiðifélagsins, til að vera viðstaddan undirritun gjafabréfsins í því skyni að fá hann á þeirra band í þessu máli. Stefnanda hafi þá verið gert ljóst sem fyrr, að ekki væri hægt að lofa því, að fjórða stöngin fengist. Sýslumaður sagði þá málsástæðu stefnanda, að tveir sumarbústaðir í landi Öndverðarness II skyldu fjarlægðir, vera efnislega fjarstæðu, m. a. vegna þess að stefnandi hefði enn ekki afhent Öndverðarnes II og því standi það ekki í valdi gjafþega að beita sér fyrir því, að þessir bústaðir verði fjarlægðir. Stefnandi hafi ekki imprað á því við gerð gjafabréfsins, að gjafþegar gengju í það mál, en hann hafi látið í ljós áhuga sinn á því, að þessir sumarbústaðir færu. Sýslumaður kvaðst hafa sent Hákoni Guðmundssyni, formanni Landverndar, gjafabréfið í endanlegri gerð, en Hákon muni ekki hafa vitað um það, sem fram hafi komið hjá stefnanda varðandi fjórðu stöngina og sumarbústaðina, þegar hann fékk gjafabréfið í hendur, og varla heldur í það skipti, sem gjafabréfið var undirritað. Sýslumaður kvaðst áreiðanlega ekki hafa rætt neitt við Hákon Guðmundsson um þessi tvö atriði né annað í sambandi við gjafabréfið. Sýslumaður sagði, að samskipti sín við stefnanda á þessum tíma hafi ekki verið mikil, en algerlega lýtalaus að sínu mati. Sýslumaður kvaðst gera ráð fyrir því, að hann hefði orðið Magnúsi fyrri til að nefna Landvernd sem hugsanlegan gjafþega, en strax í fyrsta uppkasti gjafabréfsins hafi Landvernd og Árnessýsla verið gjafþegar og hafi aðrir ekki komið til greina eftir það. Það, sem stefnandi hafi rætt um varðandi búskap í Alviðru, komi fram í gjafabréfinu sjálfu. Afhending Alviðru hafi farið fram samkvæmt tilkynningu

Magnúsar sjálfs og hafi hann ekki gert sérstaka grein fyrir því, af hverju hann afhenti ekki Öndverðarnes II um leið.

Haukur Hafstað, framkvæmdastjóri Landverndar, kom fyrir rétt og skýrði svo frá, að hann hefði verið með Páli sýslumanni í fyrsta skipti sem Páll hafi komið og rætt við stefnanda um Alviðru og Öndverðarnes II, en sagðist ekki minnast þess, að hann hefði lagt neitt til mála. Eftir að upp hafi komið, að Landvernd yrði annar af tveimur gjafþegum, þá hafi hann verið í forsvari, þar til það mál hafði verið afgreitt. Ekki hafi komið til tals, áður en hann hafi farið með Páli sýslumanni heim til stefnanda, að Landvernd yrði gjafþegi, en sig minnti, að það hefði fyrst komið fram í fyrsta uppkasti að gjafbréfinu. Vitnið kvaðst ekki hafa haft nein afskipti af gerð gjafabréfsins. Sín afskipti hafi hafist strax eftir að gjafabréfið var undirritað og þá fyrst og fremst hvað snerti að uppfylla þá ósk Magnúsar að fá fjórðu veiðistöngina.

Fram að þeim tíma, að stefnandi hætti búskap á jörðum sínum, hafi hann engin afskipti haft af þeim, en síðasta veturinn, sem stefnandi hafi búið, hafi hann óskað eftir því, að gjafþegar tækju við búpeningi sínum, þar sem hann hafi verið lasinn og óttast, að hann gæti ekki sinnt honum. Þá hafi verið gerður samningur um kaup á fé stefnanda, en hann hafi aldrei verið undirritaður, því að stefnandi hafi getað sinnt fénu.

Hákon Guðmundsson, formaður Landverndar, kom fyrir rétt og skýrði svo frá, að hann hefði engin afskipti haft af upphafi þess máls, að stefnandi gaf stefndu jarðir sínar, og engan þátt átt í samningu gjafabréfsins. Fyrstu afskipti sín hafi verið þau, að um miðjan janúar 1973 hafi hann fengið til yfirlesturs uppkast að gjafabréfi. Hann hafi hitt stefnanda í fyrsta skipti, þegar gjafabréfið var undirritað. Hann hafi út af fyrir sig ekki verið neitt fýsandi, að Landvernd gerðist aðili, vegna þess að sér hafi verið ljóst, að gjöfum gætu fylgt og fylgdu margs konar kvaðir og örðugleikar. Augljóst hafi verið, að strax og stefnandi léti af búskap í Alviðru og gjafþegar tækju við jörðinni, fylgdi því aukinn kostnaður og fyrirhöfn. En þau markmið, sem hefðu verið sett í gjafabréfinu um nýtingu jarðanna, hafi verið í fullu samræmi við stefnu og markmið Landverndar. Hafi hann séð, að þarna væri á ferðinni skemmtilegt og ef til vill nokkuð vandasamt viðfangsefni, og hafi það ráðið, að hann hefði verið meðmæltur, að Landvernd gerðist gjafþegi.

Hann hafi engar hugmyndir haft um þær umræður, sem farið hefðu fram um fjórðu stöngina fyrir þann tíma, að gjafabréfið var

undirritað, og farið hefði algerlega fram hjá sér á undiritunarfundinum, að þetta væri nokkurt atriði. Það hafi verið fyrst á blaðamannafundi 16. febrúar, að sér hafi verið ljóst þetta viðhorf Magnúsar og óskir hans í því efni. Það hefði aldrei komið til mála af sinni hálfu að veita gjöfinni viðtöku með skilyrði, sem ekki hafi verið á færi félagsskapar síns að uppfylla. Hitt hafi verið jafnsjálfsagt að verða við óskum stefnanda í þessum efnum og hafi þeir í stjórn Landverndar stutt það á alla lund eftir því sem þeir hafi getað. Hákon kvaðst ekki hafa heyrt fyrr en mörgum mánuðum eftir undirritun gjafabréfsins, að um neitt skilyrði hefði verið að ræða, að sumarbústaðir yrðu fjarlægðir úr landi Öndverðarness II. Hann hafi vitað um þessa bústaði og veitt því athygli, að á þá var ekki minnst í gjafabréfinu, en hugsað sem svo, að um þá yrði að fara sem samningar þessara sumarbústaðaeigenda stæðu til við gefanda, og hafi ekki séð neina ástæðu til að hreyfa neinum athugasemdum út af því. Sér hafi verið kunnugt um, að á þessum tíma hafi staðið yfir málaferli á milli stefnanda og annars sumarbústaðareigandans, og þegar lögmenn aðilja þess máls hefðu komið að máli við sig og innt sig eftir afstöðu sinni, hefði hann tjáð þeim, að málið væri Landvernd algerlega óviðkomandi.

Að framan hafa verið raktir málavextir þess þáttar málsins, sem snerta kröfu stefnanda um ógildingu gjafabréfsins. Hér á eftir verða raktir málavextir, sem snerta kröfu stefnanda um riftun þess. Þess ber að geta, að eftir að missætti kom upp á milli aðilja þessa máls, var reynt að sætta hin andstæðu sjónarmið, bæði fyrir og eftir þann tíma, að stefnandi skrifaði stefndu riftunarbréf, en sættir náðust ekki. Enn fremur hafa af hálfu dómarans verið gerðar ítrekaðar tilraunir undir rekstri málsins að sætta aðilja þess, en án árangurs.

Stefnandi rifti gjafabréfinu með bréfi, dags. 16. júlí 1976, sem er svohlj.:

„LANDVERND
Landgræðslu- og náttúruverndarsamtök Íslands,
c/o Hr. Hákon Guðmundsson, stjórnarformaður
og
SÝSLUNEFND ÁRNESSÝS-LU
c/o Hr. Páll Hallgrímsson, sýslumaður.

Efni: MÁL MAGNÚSAR JÓHANNESSONAR VEGNA JARÐANNA ALVIÐRU OG ÖNDVERÐARNESS II.

Ég leyfi mér að vísa til fundar vors á Selfossi.

Svo sem ég reifaði þar, hefir Magnús falið mér að rifta gjafabréfi um jarðirnar Alviðru í Ölfushreppi og Öndverðarnes II í Grímsneshreppi, en í gjafabréfinu, sem dagsett er 1. febrúar 1973, var yður í sameiningu boðnar ofangreindar jarðir til eigna með nánar tilteknum skilmálum, umbj. m. telur, að þér hafi ekki uppfyllt sett skilyrði og á ýmsan hátt ekki staðið við samkomulag, er gert var í upphafi. Séu atriði þessi veruleg og ákvörðunarforsendur frá hans hendi og sé því riftun heimil.

Ég vil leitast við að gera grein fyrir helstu atriðum, sem umbj. m. telur, að valdi ofannefndri riftun:

1. Umbj. m. telur, að núverandi „ábúi" eða „leigutaki" sitji jörðina illa, svo til stórvansæmdar sé og valdið sé skemmdum á túni og allur umgangur um jörð og hús sé mjög slæmur. Vill umbj. m. ekki una þessu.

2. Um það var samkomulag, þó ekki hafi verið ritað í gjafabréfið, — enda hefir því ekki verið mótmælt —, að viðtakendur jarðanna skyldu sjá til þess, að veitt verði leyfi fyrir „fjórðu stönginni". Það skilyrði hefir ekki verið uppfyllt né boðnar á því úrbætur, svo viðunandi sé. Sú ráðagerð yðar að bæta við fjórðu stönginni, án þess að það sé gert á lögformlegan hátt skv. lögum um lax- og silungsveiði, er mjög ótilhlýðileg og raunar furðulegt, að opinberir aðilar skuli ætla sér að hafa forgöngu um skýlaust lagabrot. Ég vil ennfremur benda á, að öll viðurlög og áhætta og jafnvel miklar skaðabætur kynnu að lenda á umbj. m., ef þannig yrði farið í málið.

3. Skv. ákvæðum í gjafabréfinu skyldi gera skipulagsskrá fyrir eignirnar. Það hefir ekki enn verið gert, þó e. t. v. hafi verið gerður að því reki nú nýlega, en því verki er enn eigi lokið.

Umbj. m. hefir ennfremur bent á ýmis fleiri atriði, svo sem vér höfum rætt, og vísa ég til þess.

Umbj. m. gerir sér ljóst, að þér hafið haft nokkurn kostnað af jörðunum, og er fús til viðræðna um endurgreiðslu hluta þess kostnaðar a. m. k., en hann telur jafnframt, að skemmdir hafi orðið á jörð og húsum, sem þeir menn hafi valdið, að þér berið ábyrgð þar á. Yrði að meta það til fjár og kæmi til skuldajafnaðar.

Umbj. m. vill taka fram, að hann hyggst ráðstafa eignum þessum til almenningsheilla, þó það verði á annan hátt.

Þó nokkur dráttur hefir orðið á bréfi þessu vegna mikilla anna undirritaðs fyrir réttarhlé.

Ég er að sjálfsögðu ætíð reiðubúinn til viðræðna við yður um þetta mál og bendi á, að meðan réttarhlé varir, hefi ég mun rýmri tíma en ella og gæti komið til funda með skömmum fyrirvara.

Ég vænti heiðraðs svars yðar hið fyrsta.

Virðingarfyllst,
F. h. Magnúsar Jóhannessonar
GARÐAR GARÐARSSON
Garðar Garðarsson hdl."

Stefndu rituðu lögmanni stefnanda bréf, dags. 27. ágúst 1976, og hafna riftunarkröfu stefnanda.

„Hr. lögmaður, Garðar Garðarsson, Keflavík.

Reykjavík, 27. ágúst 1976.

Bréf yðar til Landverndar, c/o Hákon Guðmundsson og Árnessýslu, c/o Páll Hallgrímsson, dagsett 16. júlí sl., var móttekið 22. júlí sl. Í bréfi þessu upplýsið þér, að Magnús Jóhannesson, fyrrum bóndi á Alviðru, hafi falið yður að rifta gjafabréfi, dagsettu 1. febrúar 1973, um jarðirnar Alviðru í Ölfushreppi og Öndverðarnes II í Grímsneshreppi.

Ástæður fyrir riftingu telur umbjóðandi yðar, að ekki hafi verið uppfyllt sett skilyrði og á ýmsan hátt ekki staðið við samkomulag, er gert var í upphafi. Í þessu sambandi eru nefnd þrjú atriði, þ. e.

1. Núverandi „ábúi" sitji jörðina, svo til vansæmdar sé.
2. Að við samkomulag um „fjórðu veiðistöngina" í Sogið hafi ekki verið staðið.
3. Ekki enn lokið við gerð skipulagsskrár.

Þar sem umbjóðandi yðar telur, að um vanefndir á áðurtöldum atriðum sé að ræða, skulu þau athuguð nánar.

1. Umgengni um jörð og hús.

Magnús Jóhannesson flutti frá Alviðru snemmsumars 1974, en búfé hans var í högum til hausts. Þar sem nokkur hætta fylgir því að láta hús standa mannlaus, eyddi Haukur Hafstað sumarleyfi sínu að mestu á Alviðru frá miðjum júlímánuði, og voru útihús og íbúðarhús að mestu máluð á þeim tíma auk annarra lagfæringa.

Á þessu sumri var einnig hugað að því að fá fólk til að búa í húsum yfir veturinn, og flutti Helgi Þórarinsson og kona hans að Alviðru 1. sept. 1974.

Helgi var ráðinn fyrir ákveðin mánaðarlaun yfir vetrarmánuð-

ina gegn því að annast viðgerðir og viðhald á húsum. Olíukostnaður vegna húsahitunar var einnig greiddur af jarðareigendum í eitt ár. Eins og að líkum lætur, var ráð fyrir því gert, að Helgi hefði jarðarafnot til búskapar, og hóf hann búskap með vordögum, og voru drög að samningi um afnot af jörð og húsum lögð fyrir hann síðla sama ár. Dráttur varð af hans hálfu að svara þeim tilboðum, sem í samningi fólust, og eftir að viðræður hófust, í febrúar, við umboðsmann hans, kom fljótt í ljós, að ekki myndi vera grundvöllur fyrir samningum milli hans og umráðenda jarðanna. Þegar svo var komið, fóru fram tilraunir til samkomulags um, að Helgi færi góðfúslega af staðnum, þar sem sýnt var, að ekki gat orðið samstarf milli hans og jarðareigenda. Stóðu þeir samningar nú fram á sumar án árangurs, og verður hafist handa um að segja Helga upp afnotum og dvöl á jörðinni, svo hægt verði að koma ábúð í það horf, sem gert er ráð fyrir í áætlun um meðferð jarðarinnar í gjafabréfi.

Fullyrðingum umbjóðanda yðar um, að land og hús Alviðru hafi orðið fyrir skemmdum, vísum við algerlega á bug. Á þeim tíma, sem liðinn er síðan Magnús hætti búskap, hefur verið lagt í margskonar kostnað, sem telja verður, að sé í anda gjafabréfs, þar sem segir, að varðveita beri jörðina samfellda með landgræðslu- og náttúruverndarsjónarmið fyrir augum.

Land Alviðru hefur verið afgirt á merkjum og þannig losað undan ágangi utanaðkomandi, sem var mikill. Landsspildan við norðurmörk afgirt með tilliti til alfriðunar um lengri tíma. Gerð hefur verið úttekt á gróðurfari jarðanna og unnið að gerð áætlunar um framtíðarnýtingu þeirra í samræmi við þau sjónamið, sem nefnd eru í gjafabréfi. Ef gróðurfar Alviðru í úthaga er skoðað, bæði til fjallsins og í mýrinni, er augljóst, að þar er gróður í framför, og sama má segja um Öndverðarnes.

Á sl. ári voru 8 tonn af áburði látin jörðinni til góða, en af slíku gat ekki orðið nú í vor, vegna þess að um það náðist ekki samkomulag við Helga Þórarinsson. Varðandi hús jarðarinnar, er öllum, sem til þekkja, ljóst, að þau eru ekki í lakara ástandi en þau voru, þegar við tókum við þeim. Öll hús voru strax máluð að utan og nýtt þak sett á íbúðarhús, gerðar lagfæringar á miðstöð, frárennsli o. fl.. Þegar í ljós kom, að íbúðarhús var óeinangrað, var kannað í samráði við byggingafulltrúa, á hvern hátt væri hægt að gera húsið vel íbúðarhæft, þ. e. skipta um glugga og einangra það. Var tekin ákvörðun um að leggja í þennan kostnað. Á þessu verki var byrjað veturinn 1975, en framhald hefur ekki

orðið nú um sinn vegna ágreinings þess við Helga Þórarinsson, sem Magnúsi er vel kunnugt um.

Með vísun til framangreindra atriða er því eindregið hafnað, að meðferð jarðar eða mannvirkja Alviðru sé af hálfu gjafþega með þeim hætti, að varðað geti riftun á gjafagerningi Magnúsar Jóhannessonar. Skiptir ekki í því sambandi máli, þótt setu Helga Þórarinssonar þar sé áfátt, en svo sem áður er getið, hefur síðustu mánuði verið að því unnið af hálfu gjafþega, að dvöl Helga á Alviðru lyki sem fyrst, og verður þeim haldið áfram þar til yfir lýkur.

2. Tilmæli Magnúsar um „fjórðu stöng" í Sogið.

Um þær mundir sem gengið var frá gjafabréfi Magnúsar og undirritun fór fram, hafði komið fram ósk frá honum um, að Alviðra fengi úthlutað einni stöng til viðbótar þeim þremur, sem jörðin hafði haft um árabil. Að þessu vildu viðtakendur vinna, enda þótt þeir gætu ekki tekið á sig skuldbindingar um fjölgun stanga, þar sem slík ákvörðun var og er, eins og Magnúsi Jóhannessyni er ljóst, algerlega háð samþykki yfirvalda veiðimála. Af því tilefni var Jörundur Brynjólfsson, formaður Veiðifélags Árnesinga, viðstaddur undirritun gjafabréfsins. Hann mun hafa látið í ljós, að hann væri því mjög fylgjandi, að Alviðra fengi „fjórðu stöng" í Sogið, en síðasta orðið í þessu efni væri hjá Veiðimálanefnd og veiðimálastjóra. Framhald þess máls má sjá í meðfylgjandi bréfum, þ. e.

I. Bréf stjórnarnefndar Alviðru og Öndverðarness til formanns Veiðifélags Árnesinga, 5. sept. 1973, þar sem óskað er eftir meðmælum hans til Veiðimálanefndar um að auka stangafjölda á veiðisvæðinu um eina, sem verði bætt við veiðirétt Alviðru.

II. Bréf formanns Veiðifélags Árnesinga, sama dag, til Veiðimálanefndar, þar sem óskað er heimildar til að fjölga veiðistöngum um eina á svæðinu, enda verði þeirri stöng úthlutað til Alviðru og Öndverðarness II.

III. Bréf Veiðimálanefndar frá 29. nóv. 1973 til stjórnar Veiðifélags Árnesinga, þar sem fyrrnefndri beiðni stjórnarinnar er synjað.

Af framhaldsviðræðum við veiðimálastjóra var ljóst, að frá hans hendi var ekki að vænta breytinga á fyrri afgreiðslu. Sem vænta mátti voru báðir aðilar, þ. e. eigendur jarðanna og Magnús Jóhannesson, óánægðir með þessi málalok. Þar sem ljóst var, að ekki var hægt að verða við ósk Magnúsar eftir þeim leiðum, sem

að var stefnt, var honum boðið, síðla vetrar 1974, að eigendur jarðanna tækju að sér veiðiréttinn og greiddu honum leigu af fjórum stöngum. Þessu boði vildi Magnús ekki sinna og taldi best að láta frekari aðgerðir bíða þar til síðar, og þetta hefur Magnúsi staðið til boða alla tíð síðan.

Á þeim tíma, sem liðinn er síðan, hefur þessu máli verið haldið vakandi og aðallega verið rætt við formann Veiðifélags Árnesinga og formann Veiðimálanefndar. Með afgreiðslu Veiðimálanefndar frá 12. 3. 1974, þar sem Veiðifélagi Árnesinga er heimilað að fjölga veiðistöngum um 5 — heildartala stanga mest 65 stengur ákveðið tímabil á veiðitíma og síðari afgreiðslu um fjölgun í 70 stengur, — töldum við, að þessi heimild gæti leyst okkar vanda að nokkru. En stjórn Veiðifélags Árnesinga mun hins vegar ekki hafa notað þessa heimild þangað til ef til vill nú í sumar, en þá gat það ekki komið gjafþegum til góða, þar sem Magnús gerði leigusamning fyrir veiðitímann sumarið 1976 á haustdögum 1975.

Þau málsatriði, sem hér hafa verið talin, og allan gang þessa máls þekkir Magnús Jóhannesson mæta vel. Formaður stjórnarnefndar Alviðru, Haukur Hafstað, og hann hafa rætt þessi mál oft og mörgum sinnum á undanförnum árum. Á síðastliðnu vori óskaði Magnús eftir því, að Haukur mætti á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga sem fulltrúi fyrir Alviðru, hvað hann og gerði. Á þessum fundi rakti Haukur sögu þessa máls og bar fram óskir um, að sú nýja stjórn, sem kosin var á fundinum, tæki á þessu máli af röggsemi og legði sig fram um að finna lausn á því.

Hér skýtur því nokkuð skökku við, að umbjóðandi yðar telji nú, nokkrum mánuðum síðar, ástæðu til að rifta gjafabréfi sínu m. a. vegna vanefnda gjafþega um útvegun „fjórðu veiðistangar."

Af þessu er ljóst, að viðtakendur gjafarinnar hafa gert það, sem í þeirra valdi stóð, til að orðið yrði við ósk Magnúsar Jóhannessonar um stangafjölgun, og er því einnig vísað á bug, að af þeirra hálfu sé um nokkura þá vanefnd að ræða í þessum efnum, sem geti gefið Magnúsi lögmætar ástæður til að rifta gjöf sinni.

3. Gerð skipulagsskrár fyrir eignirnar.

Í gjafabréfi er ákveðið, að þessum jarðeignum sé stjórnað af þriggja manna nefnd, þ. e. einum frá Árnessýslu, einum frá Landvernd og Magnúsi Jóhannessyni, meðan honum sýnist og endist heilsa til. Nefndin setji eignunum skipulagsskrá, sem m. a. ákveði, hvernig þriðji maður verði tilnefndur að Magnúsi frágengnum.

Gerð skipulagsskrár hefur borið á góma í stjórnarnefnd Alviðru-

eignar, síðast á heimili Magnúsar á sl. vori, þó ekki væri á formlegum fundi. Meðstjórnarmönnum Magnúsar hefur þótt eðlilegt að bíða tillagna Magnúsar sjálfs um skipun eftirmanns hans í stjórnarnefndina, en hann hefur ekki til þessa gert sjálfur neina tillögu um það efni. Í ofannefndu samtali á heimili Magnúsar var loks leitað álits hans um þá hugmynd að fela Búnaðarsambandi Suðurlands að nefna mann í stjórnarnefndina að honum frágengnum, og kvaðst hann þá vel geta hugsað sér það. Að fengnu samkomulagi um þetta eina atriði er ekkert því til fyrirstöðu að gera skipulagsskrá um Alviðrueignina í samræmi við ákvæði gjafabréfs Magnúsar.

Samkvæmt þessu er því algerlega hafnað, að um nokkrar þær vanefndir sé að ræða af hálfu gjafþega, sem leitt geti að lögum til þess, að gjafargerningnum frá 1. febrúar 1973 verði rift. Við erum hinsvegar fúsir og reiðubúnir til þess að ræða við yður um öll atriði, sem gjafabréfið varða, og vonum að takast megi að jafna allan ágreining út af þessum samskiptum með þeim hætti, að allir aðilar megi vel við una og hafa sæmd af.

Virðingarfyllst,

Vegna Landverndar — Vegna Árnessýslu
Hákon Guðmundsson — Páll Hallgrímsson“

Efni þessa bréfs staðfestu forráðamenn beggja stefndu fyrir rétti.

Samkvæmt ákvæðum gjafabréfsins var sett á laggirnar nefnd, svokölluð Alviðrunefnd, til þess að stjórna eignunum. Átti stefnandi þar sjálfur sæti ásamt Páli sýslumanni og Hauki Hafstað. Var Haukur kjörinn formaður nefndarinnar á fyrsta fundi hennar, sem haldinn var 23. ágúst 1973. Í málinu hefur verið lögð fram fundargerð þessa fundar. Þar kemur fram, að Haukur Hafstað og Páll sýslumaður höfðu sama dag rætt við Jörund Brynjólfsson, formann Veiðifélags Árnesinga, og hafði Jörundur upplýst, að ekki hefði tekist að fá samþykki veiðimálanefndar til þess að fjölga veiðistöngum Alviðru um eina. Jörundur hafði hins vegar tekið að sér að beita sér fyrir því, að stjórn veiðifélagsins samþykkti að fjölga veiðistöngum Alviðru og Öndverðarness II um eina, ef veiðimálanefnd fengist til að fjölga stangveiðileyfum á félagssvæðinu. Páll og Haukur tóku að sér að fylgja málinu eftir við veiðimálanefnd og veiðimálastjóra.

Þá hefur verið lögð fram í málinu fundargerð annars fundar Alviðrunefndar, sem haldinn var 13. maí 1974, og þar kemur

fram, að stefnandi upplýsir, að hann vilji afhenda nefndinni að fullu jörðina Alviðru samkvæmt gjafabréfinu og afsala sér öllum afnotum af henni og íbúðarhúsi hennar að öðru leyti en því, að honum væri heimil hagaganga fyrir sauðfé sitt til hausts og fyrir fjóra hesta, á meðan hann vildi eiga þá. Þá kemur fram, að stefnandi hafi viljað, að 5. gr. gjafabréfsins um kaup búvinnuvéla og verkfæra kæmi til framkvæmda. Síðan er upp talið, hver séu helstu verkfærin. Stefnandi upplýsti, að hann vildi ekki að svo stöddu afhenda Öndverðarneslandið, og liti hann þá til þess, að ekki væri enn séð fyrir endann á málaferlum þeim, sem rekin væru um spildu úr því landi. Þá er bókað orðrétt: „Að sjálfsögðu ætlar Magnús ekki að ráðstafa Öndverðarneslandi til neinnar notkunar. Þá tók Magnús fram, að ef nefndinni sýndist það álitlegt, þá væri hann til með að láta nefndina hafa þau verkfæri, sem til greina kom skv. 5. gr. gjafabréfsins, í skiptum fyrir ca 3 hektara lands úr norðausturhorni Öndverðanesslandsins."

Á þriðja fundi nefndarinnar, sem haldinn var 13. júlí 1974 er m. a. bókað: „Á fundinum var tekið til meðferðar tilboð Magnúsar Jóhannessonar frá síðasta fundi um skipti á vélum hans og tækjum fyrir 3 hektara spildu úr norðaustur-horni Öndverðarnesslandsins. Nefndarmenn þeir Haukur og Páll voru sammála um að taka tilboðinu, en létu þess jafnframt getið, að slík viðskipti hefðu ekki komið til greina við neinn annan mann nema Magnús Jóhannesson, enda væri hér efnislega aðeins um að ræða breytingu á skilmálum í gjafabréfi Magnúsar Jóhannessonar."

Umrædd spilda mun hafa verið mæld út og stefnandi fengið hana til ráðstöfunar. Fram kom í vitnisburði Hauks Hafstað, að búvélarnar væru nú geymdar austur í Gunnarsholti.

Fram hefur verið lagður í málinu útdráttur úr fundargerðum stjórnarfunda Landvendar. Kemur þar m. a. fram, að á stjórnarfundi 1974 var endanlega samþykkt að kjósa þriggja manna tillögunefnd, tvo frá Landvernd og einn frá Náttúruverndarsamtökum Suðurlands, og átti sú nefnd að gera tillögur um framtíðarverkefni í Alviðru og Öndverðarnesi. Þeir Einar E. Sæmundsen, Júlíus Egilsson og Stefán Bergmann voru skipaðir í nefndina. Á stjórnarfundi 28. júní 1974 var af hálfu stjórnar Landverndar rædd sú ráðstöfun Alviðrunefndar frá 13. júní 1974 að kaupa vélar Magnúsar og hún samþykkt samhljóða. Þá lagði framkvæmdastjóri Landverndar til á þessum fundi, að hús í Alviðru yrðu máluð og skipt um járn á þaki íbúðarhússins. Lagðar voru fram tillögur Áslaugar Sverrisdóttur um liti á húsunum. Á sama

fundi er rædd bráðabirgðagreinargerð nefndarinnar, sem skipuð var til að fjalla um framtíðarnýtingu Alviðru og Öndverðarness. Framkvæmdastjóri Landverndar hafði talað við Björn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, og hafði Björn boðið aðstoð stofnunarinnar til að vinna með Landvernd að tillögugerð um búrekstur og landnýtingu í Alviðru. Stjórnin fagnaði þessu boði rannsóknastofnunarinnar og lagði jafnframt áherslu á, að í Alviðru yrði föst búseta að nýju og ekki síðar en í september nk. Óskað var eftir, að Rannsóknastofnun landbúnaðarins gerði nú í sumar úttekt á landi Alviðru, sem gæti orðið til grundvallar fyrir skipulagningu framtíðarbúskapar á jörðinni. Á þessum fundi var samþykkt, að Björn Sigurbjörnsson og Ingvi Þorsteinsson tækju sæti í tillögunefnd Alviðru ásamt þeim, sem áður voru til nefndir. Á stjórnarfundi 21. febrúar 1975 og 18. mars sama ár er fjallað um endurbætur á íbúðarhúsi í Alviðru og framkvæmd þeirra.

Þá hafa enn fremur verið lagðar fram í ljósriti fundargerðir tillögunefndar um nýtingu lands í Alviðru og Öndverðarnesi og tillögur hennar frá 5. september 1974 þar að lútandi, og eru þær svohljóðandi:

„Framkomnar tillögur nefndar v/Alviðru.

1. Gengið út frá, að nokkur búskapur verði á stórum hluta Alviðru.

2. Alfriðað verði nyrsti hluti frá merkjum ofan þjóðvegar ca 500 m breiður. Þetta land látið gróa án íhlutunar að öðru leyti, en stöðvaður verði uppblástur á nokkrum stöðum.

3. a. Við suðurmerki þessa lands verði skógrækt veitt aðstaða, t. d. með skjólbeltatilraunir.

b. Einnig verði skógrækt, og þá fyrst og fremst Skógræktarfélagi Árnesinga gefinn kostur á að fá til umráða landið við suðurmerki Alviðru ofan vegar ca 250 m spilda meðfram vegi.

c. Ennfremur getur komið til greina skóggræðsla í skriðum í túni rétt norðan bæjarhúsa.

4. Annað land Alviðru verði á einn eða annan hátt nytjað til búskapar. Rannsóknastofnun landbúnaðarins ásamt umráðaaðilum geri nánari tillögur um notkun lands til búskapartilrauna o. s. frv.

5. Nefndin telur æskilegt, að mýrlendi neðan vegar verði ekki raskað með uppþurrkun.

6. Rannsóknastofnun landbúnaðarins falið að gera gróðurkort af landi Alviðru og Öndverðarnesi nú í haust.

7. Land Öndverðarness verði alfriðað fyrir búfé. Einnig reynt að hlífa því fyrir annarri umgengni svo sem verða má."

Stefnandi afhenti stefndu jörðina Alviðru vorið 1974. Alviðrunefnd hafði þá þegar starfað um nokkurt skeið, og verður nú stuttlega rakið það, sem fram hefur komið um starfið í Alviðrunefnd almennt í framburði þeirra, sem sæti áttu í nefndinni.

Stefnandi sagði fyrir rétti, að hann hefði aldrei fengið neitt fram innan nefndarinnar, sem hann hefði óskað eftir. Hann vissi ekki til þess, að í nefndinni væru haldnir fundir, heldur „mökkuðu" þeir um þetta sín á milli og svo segði Haukur sér jafnóðum, hvað þeir hefðu ákveðið að gera, og annað vissi hann ekki. Páll sýslumaður sagði fyrir rétti um starfið í Alviðrunefnd, að það hefði gengið snurðulaust, á meðan nefndarmenn hefðu allir hist fram að fundinum, sem haldinn var 28. október 1976. Sér vitanlega hefði stefnandi ekki verið boðaður á fund í Alviðrunefnd eftir þann fund, og sagðist Páll telja, að samkvæmt bókun stefnanda á fundinum hefði hann ekki viljað taka áfram þátt í störfum nefndarinnar. Sér vitanlega hefði vilji stefnanda ekki verið beint kannaður um þetta og stefnandi hafi heldur ekki leitað eftir því að taka þátt í störfum nefndarinnar. Páll sýslumaður sagði, að þeir Haukur hefðu iðulega hist síðan út af málefnum Alviðru og einu sinni eða oftar séð ástæðu til þess að bóka af þeim fundum. Haukur Hafstað sagði fyrir rétti um störf Alviðrunefndar, að aldrei hefði komið til þess innan hennar, að greidd væru atkvæði, heldur hafi verið reynt að ræða málin, og þó að stefnandi hafi ekki viljað eða óskað eftir því að taka þátt í störfum nefndarinnar, þá hafi ákvörðun ekki verið tekin um neitt mál, án þess að hann hefði haft samband við stefnanda.

Af hálfu Alviðrunefndar var ráðist í að fá ábúanda í Alviðru. Úr varð, að maður að nafni Helgi Þórarinsson fluttist þangað 1. september 1974. Forráðamenn stefndu hafa lýst í bréfi sínu frá 27. ágúst 1976 ráðningu og ráðningarkjörum Helga Þórarinssonar. Stefnandi sagði fyrir rétti, að hann hefði neitað að eiga nokkurn þátt í ráðningu Helga og mótmælt henni. Ástæða þess hafi verið sú, að hann hafi ekki þekkt manninn, aldrei séð hann, lítils háttar heyrt um hann talað og hafi hann ekki að sínu mati verið nokkuð betri en hinir þrír, sem áður hafi verið búnir að sækja um ábúð. Páll sýslumaður sagði fyrir rétti, að hann hefði sjálfur ekki lagt neitt til þess, að Helga Þórarinssyni yrði fengin búseta á Alviðru. Helgi muni sjálfur hafa falast eftir henni, en hann hafi á vegum húsbónda síns, bónda niður í Flóa, fengist við

heyskap í Alviðru sumarið áður. Það hafi verið sannmæli nefndarmanna í Alviðrunefnd, að einhvern þyrfti að fá til að búa í Alviðru, en það muni hafa verið samkvæmt tillögu Hauks Hafstað og með sínu samþykki, að Helgi fékk búsetuna, og kvaðst sýslumaður ekki hafa haft annað til að benda á í þessu sambandi. Sýslumaður sagði, að sér væri ekki kunnugt um, að Magnús hefði haft á móti ráðningu Helga, og ekki heldur, að hann hafi samþykkt hana. Magnús hefði ekki haft annan til að mæla með. Ákvörðun um búsetu Helga hefði ekki verið tekin á fundi nefndarinnar, heldur eftir samtölum um málið, og kvaðst sýslumaður telja það yfirsjón og þá Alviðrunefndarmanna sameiginlega að hafa hleypt manni inn í hús Alviðru án þess að gera samning þar um, en það hafi verið gert í trausti þess, að samningur yrði gerður síðar. Ekki hafi verið meiningin að byggja jörðina í skilningi ábúðarlaga, enda mundi slík bygging ekki hafa samrýmst ákvæðum gjafabréfsins.

Haukur Hafstað kvaðst hafa átt frumkvæðið að því í Alviðrunefnd, að Helga var fengin búseta, en enginn nefndarmanna hafi mótmælt því. Tveir aðrir menn hafi komið til greina, en stefnandi hefði ekki óskað eftir því, að þeir yrðu fremur teknir heldur en Helgi Þórarinsson.

Eins og fram hefur komið, var Helga Þórarinssyni ekki byggð jörðin og ekki gerður við hann sérstakur samningur um ábúðina, en eftir að hann hafði verið í Alviðru um nokkurn tíma, munu hafa verið lögð fyrir hann drög að leigusamningi, sem lögð hafa verið fram í málinu, en um þann samning náðist ekki samkomulag við Helga. Það var ekki gerð úttekt á jörðinni, þegar Helgi flyst þangað. Eftir að búseta Helga hafði staðið um nokkra hríð, hófust deilur á milli hans og Alviðrunefndar, m. a. um leigusamning um ábúðina. Hinn 30. ágúst 1976 var Helga síðan sagt upp afnotum af húsum og landi jarðarinnar frá og með 1. júní 1977. Í október 1976 flutti Helgi Þórarinsson burt af jörðinni án þess þó að taka með sér alla búslóð sína, og einnig skildi hann eftir eitthvað af búpeningi.

Á fjórða fundi Alviðrunefndar, sem haldinn var 28. október 1976, var bókað, að tilefni fundarins væri vitneskja nefndarmanna um það, að Helgi Þórarinsson væri farinn frá Alviðru. Haukur Hafstað lagði til, að Helga yrði tilkynnt, að öllum afnotarétti hans af landi og húsum Alviðru væri lokið nú þegar, og honum yrði jafnframt boðið að vera viðstaddur skoðun úttektarmanna á jörðinni. Páll samþykkti þessar tillögur, en Magnús lét

bóka eftirfarandi: „Ég lýsi allri ábyrgð á viðskilnaði Helga á hendur þeim, sem ráðið hafa veru hans í Alviðru, þar sem ég samþykkti ekki ráðningu hans.“ Enn fremur lét stefnandi bóka eftirfarandi: „Ég lýsi því yfir í framhaldi af fyrri bókun, að þar sem ég hefi boðað riftun á samningum um Alviðrugjöfina, þá er þessi nefnd ekki bær að taka ákvörðun í málinu, og mun ég eftirláta Páli og Hauki að ráða sjálfir úr þessum vanda....“

Úttekt var gerð á jörðinni, eftir að Helgi flutti af henni, og er úttektargerðin svohlj.:

„Ár 1976, laugardaginn 30/10, voru úttektarmenn Ölfushrepps þeir Engilbert Hannesson, hreppstjóri, Bakka, og Þorlákur Kolbeinsson, bóndi, Þurá, staddir að Alviðru Ölfushreppi samkvæmt beiðni Alviðrunefndar: Mættir voru f. h. eigenda jarðarinnar, f. h. Árnessýslu Páll Hallgrímsson, sýslumaður, f. h. Landverndar Haukur Hafstað, framkvæmdastjóri.

Borist hafði símskeyti frá Helga Þórarinssyni til hreppstjóra Ölfushrepps, þar sem hann mótmælir bréfi Alviðrunefndar varðandi skoðun á jörðinni og tilkynnir jafnframt, að hann mæti ekki. Þrátt fyrir áðurnefnt skeyti mætti Helgi ásamt konu sinni Þorbjörgu Gísladóttur.

Þess skal getið, að Helgi Þórarinsson neitaði hreppstjóra ásamt fulltrúum jarðarinnar um inngöngu í íbúðarhúsið. Þorlákur Kolbeinsson tafðist nokkuð og kom ekki á staðinn fyrr en á þriðja tímanum, og var þá Helgi og frú farin af staðnum.

Er Þorlákur var mættur, var hafin skoðun á staðnum, tún, girðingar, ásamt húsum voru skoðuð.

1. Íbúðarhús: Húsið var ekki skoðað að innan, þar sem innganga fékkst ekki, enda ekki haldið til streitu af jarðareigendum. Svo virðist sem búslóð sé farin úr húsinu. Nýgrafinn skurður liggur frá húsinu, sem ætlaður er fyrir frárennsli, eldri leiðsla talin ónýt.

Skurðurinn er opinn og opið inn í kjallara hússins. Að öðru leyti er ytra ástand hússins þokkalegt. Nýtt járn á þaki og veggir málaðir.

2. Fjósið: Fjósið er í svipuðu ástandi og þegar Helgi Þórarinsson tók það í notkun að öðru leyti en því, að nokkrir byggingargallar hafa komið í ljós í lofti og veggjum. Í fjósinu eru 3 kálfar. Láðst hefur að hreinsa undan þeim a. m. k. síðastliðna viku. Jarðeigendur hafa haft eftirlit með, að kálfarnir fengju eitthvað að éta síðan Helgi flutti af jörðinni.

3. Mjólkurhús og fóðurgeymsla: Þessi hús eru áföst við fjósið,

ástand þess er svipað og fjóssins. Mjólkurtankur er í húsinu, sem mun vera á Helga vegum. Mjaltavélalögn er í fjósinu. Mótor og dæla þeim tilheyrandi í fóðurgeymslunni.

4. Heyhlaða: Húsið er í þokkalegu ástandi að öðru leyti en því, að baggagat er opið og hurð vantar að hluta fyrir opið, nauðsynlegt að úr því sé bætt.

5. Skúr austan við hlöðu: Var áður fjárhús. Hólfaður í tvennt. Suðurendi afþiljaður í verkstæðisaðstöðu.

Í geymslu þar eru plaströr, sem áttu að fara til endurnýjunar á skólpleiðslu. Hafa verið þar frá 1974. Önnur verðmæti þar innan veggja tilheyra ekki jarðeigendum.

6. Bílskúr: Sýnilega notaður sem gripahús í seinni tíð, timburgrind járnvarin. Hefur ekki verið hreinsuð út frá síðustu notkun.

Útihús eru öll máluð og voru það, þegar Helgi Þórarinsson kom á staðinn, og eru í þokkalegu ytra ástandi.

7. Girðingar: Girðingar allar í kringum tún og garða gamlar og úr sér gengnar og lítilsvirði. Hinsvegar eru landamerkjagirðingar nýlegar og í góðu standi svo og nýgirt hólf í norðausturhluta landsins, norðan þjóðvegar.

8. Tún: Enn er hey á miklum hluta túnsins, sumt í görðum, annað í beðjum „sætum“ og enn annað í ljánni.

Nauðsynlegt er að fjarlægja garða og beðjur, svo að gróðurspjöll eigi sér ekki stað.

Skoðun lokið.

Alviðru, Ölfushreppi 30/10 1976.

Engilbert Hannesson	Þorlákur Kolbeinsson
Páll Hallgrímsson	Haukur Hafstað.“

Hinn 17. nóvember 1976 höfðuðu stjórnarnefnd og eigendur jarðarinnar Alviðru í Ölfushreppi mál fyrir fógetarétti Árnessýslu á hendur Helga Þórarinssyni og gerðu kröfu til þess, að þeir yrðu nú settir inn í öll umráð húsa og jarðarnytja Alviðru og að lausafé, sem enn kynni að vera eftir í Alviðru í leigu eða á vegum gerðarþola, yrði fjarlægt þaðan með fógetavaldi. Til vara var þess krafist, að innsetning og útburður kæmi til framkvæmda hinn 1. júní 1977. Hinn 16. maí 1977 var kveðinn upp úrskurður, þar sem krafa gerðarbeiðanda var tekin til greina, og fór innsetningargerðin fram 28. júní sama ár. Þess ber að geta, að stefnandi höfðaði með meðalgöngu í þessu fógetamáli (sic), en meðalgöngu hans var synjað með úrskurði fógeta.

Páll sýslumaður sagði fyrir rétti um ástand jarðarinnar Alviðru, þegar hún var afhent gjafþegum, að ekki hefði verið horft á það gagnrýnum augum, en hann teldi, að jörðin hefði verið í venjulegu ástandi miðað við bújarðir almennt. Þegar Helgi Þórarinsson hafi farið frá Alviðru, hafi hún ekki verið í sérlega ósvipuðu ástandi. Viðskilnaður á túni hefði þó verið með þeim hætti, að miklar dreifar hafi verið á því og nokkrum bílhlössum af rusli hafi verið ekið frá húsum jarðarinnar. Páll kvaðst ekki geta lastað Helga fyrir umgengni innanhúss.

Haukur Hafstað taldi, að ástand jarðarinnar, þegar gjafþegar tóku við henni, hefði verið með svipuðum hætti og það væri nú. Girðingar á jörðinni hefðu allar verið gamlar og ekki batnað með aldrinum. Girðing um trjágarð við íbúðarhús hefði legið að mestu niðri að sunnanverðu, en staðið að mestu uppi annars staðar. Útihús hefði verið með sama hætti, en aðeins hefðu þó aukist skemmdir á lofti í fjósi og hlöðuhurð hefði brotnað. Tún jarðarinnar hafi verið í þokkalegu ástandi.

Þegar stefnandi kom fyrir réttinn 27. júní 1977, sagði hann næstum ólýsanlegt, hvernig nú væri útlits á Alviðru, og varla væri hægt að koma ástandinu í meira öngþveiti en orðið væri.

Dómarinn gekk á vettvang 2. júlí 1977 ásamt stefnanda og lögmönnum aðilja. Þá hafði verið tekið til að nokkru eftir búsetu Helga Þórarinssonar, og var sæmilega þokkalegt um að litast. Eldri girðingar á jörðinni virtust lélegar. Girðing í kringum trjágarð víða fallin. Jarðhús í sæmilegu ásigkomulagi. Lítils háttar heydreifar voru enn á túni, en sýnilegt var, að nýlega höfðu verið fjarlægðar heydreifar og beðjur. Skurður fyrir skolpleiðslu var opinn.

Eins og fram kemur að framan í bréfi stefndu til lögmanns stefnanda, dags. 27. ágúst 1976, er talið upp, hvað jörðinni Alviðru hafi verið gert til góða, eftir að gjafþegar tóku við henni. Því hefur ekki verið mótmælt af stefnanda, að þar sé farið með rétt mál. Hann kvaðst þó hafa verið því andvígur, að girt væri hólf nyrst í landi Alviðru, því að ekki mætti missa land frá búskap á jörðinni, þar sem hún væri landlítil. Það, sem gert hafi verið á jörðinni, hafi verið afráðið án sinnar vitundar.

Í sama bréfi er að finna lýsingar stefndu á þeim tilraunum, sem gerðar hafi verið til þess að fá fjórðu veiðistöngina fyrir landi Alviðru og Öndverðarness. Lagt hefur verið fram bréf frá veiðimálanefnd og veiðimálastjóra, dags. 29. nóvember 1973, til Veiðifélags Árnesinga. Bréfið er svohljóðandi: „Erindi veiði-

félagsins í bréfi, dags. 5. september 1973, varðandi stangaaukning á félagssvæðinu með tilliti til aukningar um eina stöng í Soginu fyrir landi Alviðru var tekið fyrir á fundi veiðimálanefndar og veiðimálastjóra 21. október s.l. Ákveðið var á fundinum að synja fyrrgreindri beiðni."

Páll Hallgrímsson skýrði frá því fyrir réttinum varðandi tilraunir til þess að fá fjórðu stöngina, að þeir Haukur Hafstað hefðu farið á fund nýs formanns í Veiðifélagi Árnesinga, þegar formannaskipti urðu, til þess að þoka því máli áfram. Þeim hafi verið vel tekið, en þó án árangurs, hvað málið snerti.

Fram kemur í gögnum þessa máls, að tilraunir voru gerðar til þess að leysa deiluna um fjórðu stöngina, en þær báru ekki árangur, og þykir ekki ástæða til þess að rekja þær tilraunir sérstaklega.

Stefnandi skýrði frá því fyrir rétti, að reglugerð, sem setja átti samkvæmt gjafabréfinu, hefði aldrei komið til tals innan Alviðrunefndarinnar, en Hákon Guðmundsson hefði einu sinni minnst á það mál. Í bréfi stefndu frá 27. ágúst 1976 er skýrt frá, hvað gert hafi verið til þess að uppfylla ákvæði gjafabréfsins, að sett skyldi skipulagsskrá um eignirnar. Páll sýlumaður sagði fyrir rétti, að þegar gjafabréfið hafi verið í deiglunni, hafi hann ekki viljað hafa frumkvæðið að því, að inn í það yrði tekið ákvæði um, hver tæki sæti stefnanda í Alviðrunefnd, þegar þar að kæmi. Hefði stefnandi viljað ákveða það, mundi það hafa verið tekið upp í gjafabréfið og þá hefði að sínum dómi verið óþarft að setja eignunum skipulagsskrá. Hann hafi sagt við stefnanda, að um þetta atriði mundi vera hægt að fjalla í skipulagsskrá, en stefnandi hafi ekki þá verið reiðubúinn til þess að taka ákvörðun um þetta. Stefnandi hafi heldur ekki síðar verið reiðubúinn til þessarar ákvarðanatöku og því hafi skipulagsskrá ekki enn verið sett.

Hákon Guðmundsson skýrði frá því, að ástæðan til þess, að skipulagsskráin hefði ekki verið sett, hafi verið sú í fyrsta lagi, að hann hafi talið, að vanda þyrfti til hennar og þær rannsóknir, sem gera hafi átt á Alviðru, hafi verið einn þáttur í því. Þessum rannsóknum hafi ekki verið lokið, en skipulagsskráin hafi átt að gilda um framtíð og meiningin hafi verið að vinna þær miklu betur, en truflun hafi komið á þetta vegna dvalar Helga Þórarinssonar á Alviðru og deilna, sem við hann hafi orðið, en ekki sé hægt að kenna um viljaleysi Landverndar, að skipulagsskráin hafi ekki verið sett.

Haukur Hafstað skýrði svo frá, að upp á síðkastið hefði fyrst

og fremst staðið í vegi fyrir gerð skipulagsskrárinnar þær óskir stefnanda að rifta gjöfinni og sá málarekstur, sem nú væri í gangi. Á meðan slíkt ástand væri, væri ekki grundvöllur til þess að setja skipulagsskrá.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að Páll Hallgrímsson sýslumaður hafi átt frumkvæði að því, að stefnandi gaf jarðir sínar, og komið inn þeirri hugmynd hjá honum, að með gjöfinni væri hann að gera eitthvað, er kæmi íbúum Árnessýslu til góða um alla framtíð. Sýslumaður hafi samið gjafabréfið og ráðið hartnær öllu því viðvíkjandi, bæði efni sem orðalagi. Hann hafi bætt Landvernd inn í sem gjafþega gegn vilja stefnanda. Þá hafi sýslumaður lofað að uppfylla ákveðin skilyrði, sem stefnandi hafi sett fyrir gjöfinni, þ. e. að fengið yrði leyfi fyrir fjórðu stönginni í Soginu fyrir landi jarða stefnanda og fjarlægðir yrðu tveir sumarbústaðir í landi Öndverðarness II. Við þetta hafi hann ekki staðið og aldrei getað staðið án þess þó að gera stefnanda það ljóst. Þessi skilyrði stefnanda hafi sýslumaður neitað að taka upp í gjafabréfið, en þau hafi verið ákvörðunarforsenda hjá stefnanda. Stefnandi hafi ekki haft þau landverndarsjónarmið í huga, sem stefndu haldi fram, en hann hafi ætlast til þess, að í Alviðru yrði rekinn búskapur með sama sniði og hann sjálfur rak. Af framansögðu sé ljóst, að gjöf stefnanda sé fengin með óheiðarlegum hætti og beri því að ógilda gjafabréfið gagnvart báðum stefndu á grundvelli 32. gr. laga nr. 7/1936, sem beita megi um einhliða gjafagerninga sem gjafagerning stefnanda jafnt sem tvíhliða löggerninga, en þess beri að gæta, að mun minna þurfti að koma, svo að gjafargerningur verði ógildur en þegar um venjulega tvíhliða löggerninga sé að ræða. Þá megi og eftir atvikum beita 7. gr. laga nr. 58/1960 um þessi samskipti aðilja málsins, en stefnandi hafi verið háaldraður og engrar aðstoðar notið við gerð gjafabréfsins, annarrar en þeirrar, sem hann hafi treyst sýslumanni til að veita sér.

Verði ekki fallist á, að ógilda eigi gjafabréfið, þá beri að heimila stefnanda riftun þess á grundvelli brostinna forsendna. Þess verði að gæta, að mun minna þurfi til, að forsendur einhliða gjafagernings bresti en þegar um sé að ræða tvíhliða löggerninga. Þá verði að hafa í huga, að samkvæmt skoðunum fræðimanna eigi ætíð að túlka gjafaloforð gjafþega í óhag. Hver einstök for-

senda gjafagernings teljist ákvörðunarforsenda og skipti ekki máli, um hvaða forsendu sé að ræða. Gjafaloforð sé fyrst uppfyllt, þegar gjöfin hafi verið afhent, og þegar um sé að ræða fasteignir, þurfi gjafþegar að hafa fengið full yfirráð þeirra til þess að geta talist eigendur. Þinglýsing gjafagernings skipti því engu máli um skipti gefanda og gjafþega.

Játað sé af hálfu stefndu, að Öndverðarnes II hafi enn ekki verið afhent. Því sé stefnanda heimilt að afturkalla þá gjöf hvenær sem er og sjálfgert sé að rifta gjafabréfinu, hvað snerti Öndverðarnes II, á þeirri forsendu, að jörðin hafi ekki verið afhent gjafþegum. Því þurfi ekki í raun að byggja á, að gjafþegar hafi ekki staðið við það skilyrði, sem stefnandi hafi sett, að fjarlægðir yrðu tveir sumarbústaðir af landi jarðarinnar.

Stefnandi hafi sett skilyrði fyrir gjöf sinni, sem stefndu hafi ekki uppfyllt. Stefnanda hafi verið lofað því, að útvegað skyldi leyfi fyrir fjórðu veiðistönginni fyrir landi Öndverðarness II og Alviðru og hafi ástæða þessa skilyrðis verið, að stefnandi hafi séð fram á, að hann mundi ekki hafa annað lífsviðurværi, þegar hann hætti búskap, en tekjur af sölu veiðileyfa fyrir landi jarðanna. Sýslumanni hafi verið kunnugt um eða mátt vita, að þetta skilyrði hafi verið alger ákvörðunarforsenda hjá stefnanda. Við þetta skilyrði hafi stefndu ekki staðið og þótt leyfið sé háð samþykki veiðimálayfirvalda, hafi stefndu ekki átt að gefa fyrirheit um að útvega það án þess að vera búnir að tryggja sér það áður. Þannig hafi verið vaktar rangar hugmyndir hjá stefnanda, sem hafi átt verulegan þátt í því, að hann hafi látið tilleiðast að samþykkja beiðni sýslumanns um að gefa jarðir sínar. Þá hafi stefndu ekki viljað koma til móts við stefnanda um bætur fyrir það, að fjórða veiðistöngin hafi ekki fengist.

Hvergi komi fram, að stefnandi hafi haft náttúruverndarsjónarmið í huga, þegar hann gaf jarðir sínar. Vilji hans hafi verið, að á jörðunum yrði rekinn sams konar búskapur og hann hafi sjálfur rekið, en ráðstöfun stefndu á Alviðru til búskapar sé ekki í samræmi við þetta sjónarmið stefnanda. Sama máli gegni um þá tilraunastarfsemi, sem stefndu hafi í hyggju að hafa á jörðinni. Stefnandi hafi frá upphafi mótmælt því, að Helga Þórarinssyni yrði fengin búseta á jörðinni, og beri því enga ábyrgð á henni. Búseta Helga, sem ekki hafi verið í neinu samræmi við vilja stefnanda, hafi verið með eindæmum og stefnanda til sárrar skapraunar. Af henni hafi hlotist margvísleg spjöll á jörð og á mannvirkjum. Meðferð stefndu á jörðinni sé með þeim hætti, að

ljóst sé, að þeir séu algerlega ófærir um að stjórna málefnum hennar.

Þá hafi verið mjög ósæmilegt af hálfu stefndu að taka tilboði stefnanda um skipti á landspildu úr Öndverðarnesi II og búvélum hans, þar sem um hafi verið að ræða land, sem hafi verið í eigu stefnanda sjálfs, og með þessum hætti hafi þeir haft af stefnanda stórfé. Stefnandi hafi ekki verið sér meðvitandi um réttarstöðu sína varðandi Öndverðarnes II, en stefndu hafi borið skylda til þess að gera stefnanda grein fyrir henni. Stefnandi hafi og ætlast til þess, að búvélarnar fylgdu jörðinni, en svo sé ekki.

Þá hafi stefndu ekki staðið við þau ákvæði gjafabréfsins, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli stefnanda, að setja skiplagsskrá fyrir eignirnar, en það sé brot á ákvæðum gjafabréfsins.

Samkvæmt þessu sé ljóst, að forsendur séu brostnar fyrir því, að stefndu haldi yfirráðum yfir Alviðru, og beri því einnig að heimila stefnanda riftun gjafarinnar, hvað þá jörð snerti og því gjafagerningsins í heild sinni.

Því er haldið fram af hálfu stefndu, að stefnandi hafi haft í hyggju að ráðstafa jörðum sínum til almenningsheilla og hafi það hvarvetna komið fram hjá honum undir rekstri málsins. Hann hafi enn fremur haft landverndarsjónarmið í huga varðandi jarðirnar, eins og fram komi í 1. tl. gjafabréfsins, og því hafi aðild Landverndar að gjöfinni ekki á neinn hátt verið í ósamræmi við vilja stefnanda, enda hafi hann samþykkt hana. Sjónarmið gefanda og gjafþega hafi því farið saman. Gjafþegar hafi ekki átt frumkvæði að því, að stefnandi gaf jarðir sínar, heldur hafi Páll sýslumaður einungis aðstoðað hann við að koma í framkvæmd fyrirætlunum sínum um ráðstöfun jarðanna. Þess verði að gæta, að gjafabréfið sé ekki einhliða gerningur, heldur nánast tvíhliða samningur, því að við móttöku gjafarinnar taki gjafþegar á sig þær skuldbindingar, sem um geti í gjafabréfinu. Þeir hafi engar aðrar skuldbindingar tekið á sig en þær, sem gjafabréfið kveði á um. Stefndu hafi hins vegar reynt, eftir því sem í þeirra valdi hafi staðið, að verða við þeirri ósk stefnanda, að fengið yrði leyfi fyrir fjórðu stönginni fyrir landi Öndverðarness II og Alviðru, en þar hafi aldrei verið um að ræða skilyrði af hans hálfu. Það sé heldur ekki rétt, að stefnandi hafi sett skilyrði varðandi sumarbústaðina í landi Öndverðarness II, enda hafi orðið að fara um þá eins og samningar kváðu á um.

Varðandi 32. gr. laga 7/1936 verði þess að gæta, að sá, sem telji sig blekkingum beittan, verði að sanna, að svo hafi verið, og

enn fremur að sá, sem blekkingunum hafi átt að beita, verði að hafa verið sér þess meðvitandi. Ekkert liggi fyrir um það, að stefnandi hafi ekki á þessum tíma verið sér þess að fullu meðvitandi, hvað hann var að gera, þegar hann gaf jarðir sínar, og sönnunarbyrðin um, að svo hafi verið, hvíli alfarið á honum. Stefnandi hafi komið stefndu fyrir sjónir sem mjög glöggur maður og ekkert það hafi verið í fari hans, sem gert hafi að verkum, að stefndu hafi ekki mátt telja, að hann væri sér þess fyllilega meðvitandi, hvað hann var að gera. Út í hött sé, að hægt sé að beita 7. gr. laga nr. 58/1960 um samskipti aðilja málsins. Ekkert hafi komið fram í málinu, sem bendi til þess, að stefndu hafi með óheiðarlegum hætti fengið stefnanda til að gefa jarðirnar, og sé því eindregið mótmælt og sömuleiðis alfarið hafnað, að nokkrar þær ástæður séu fyrir hendi, sem leitt geti til ógildingar á gjafabréfi stefnanda.

Hvað snertir riftun gjafagerningsins á grundvelli brostinna forsendna, verði þess að gæta, að stefnandi hafi ekki sett það skilyrði fyrir gjöfinni, að fjórða veiðistöngin fengist, enda hafi honum verið ljóst, að slíkt væri háð samþykki veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, eins og hann hafi sjálfur viðurkennt. Honum hafi verið ljóst þegar seinni part árs 1973, að fjórða veiðistöngin fengist ekki, og þá hefði hann þegar átt að rísa upp öndverður og telja sig blekktan, hefði hann sett þetta sem skilyrði, en á þessum tíma hefði hann búið ennþá á Alviðru. Stefndu hafi gert allt, sem þeir gátu, til þess að útvega fjórðu veiðistöngina fyrir landi Öndverðarness II og Alviðru, en spurning sé, hversu langt þeir eigi að ganga, þegar höfð séu í huga þau landverndarsjónarmið, sem fram komi í gjafabréfi stefnanda.

Það sé misskilningur hjá stefnanda, að ætlast hafi verið til þess, að í Alviðru yrði rekinn búskapur með sama sniði og hann rak, heldur segi í gjafabréfinu, að stefnanda sé búskapur geðfelldur, sem samrýmist þeim landgræðslu- og náttúruverndarsjónarmiðum, sem fram komi í bréfinu, og að hans dómi æskilegur. Gjafþegar verði því að vega og meta á hverjum tíma, hvort búskapur samrýmist þessu höfuðsjónarmiði um landvernd. Það komi mjög glöggt fram í fundargerðum stjórnarfundar Landverndar, hvernig samtökin fyrir sitt leyti hyggist nýta gjöfina og hvaða skilning þau leggi í gjafabréfið. Varðandi búskap á jörðinni, eftir að stefnandi flutti þaðan, beri þess fyrst að gæta, að hann hafi aldrei mótmælt búsetu Helga Þórarinssonar. Stefnandi viðurkenni og, að hann hafi verið látinn fylgjast með öllum ákvörðunum, sem

teknar hafi verið varðandi framkvæmdir og ráðstöfun jarðarinnar, og það sé alrangt, að hann hafi engu fengið framgengt innan Alviðrunefndar. Því betur hafi enginn ábúðarsamningur verið gerður við Helga Þórarinsson, vegna þess að slíkt hefði ekki samræmst ákvæðum gjafabréfsins, og sjá megi í drögum þeim að leigusamningi, sem fyrirhugað hafi verið að gera við Helga Þórarinsson, að landverndarsjónarmið séu skýrt fram tekin. Stefndu hafi með framkvæmdum sínum á Alviðru gert alla búskaparaðstöðu snöggtum betri heldur en hún hafi verið, þegar stefnandi fór frá jörðinni, og jarðarhús séu í mun betra ástandi. Þegar í ljós hafi komið, að búseta Helga var ekki með þeim hætti, að við það yrði unað, hefðu stefndu gengið í það af fullum krafti að koma Helga í burtu og hafi það tekist. Stefndu hafi í einu og öllu farið eftir ákvæðum gjafabréfsins, hvað búskap á Alviðru snerti, og hvorki sparað tíma né fé til þess, að svo mætti verða, og þegar illa hafi gengið með búskapartilraunir, hafi þeir reynt að koma því í lag og tekist það.

Stefnandi hafi sjálfur óskað eftir því að fá land í skiptum fyrir búvélar sínar, en ekki hafi verið skilyrði, að búvélarnar fylgdu jörðinni. Búvélakaupin hafi því farið fram í samræmi við óskir stefnanda. Bollaleggingar hans um, að hann hafi verið hlunnfarinn í þeim viðskiptum, vegna þess að hann eigi Öndverðarnes II, séu alrangar, því að Alviðra og Öndverðarnes II séu í órjúfanlegu samhengi sem gjöf og eign stefndu.

Varðandi skipulagsskrá fyrir gjafirnar sé komið fram í málinu, að alla tíð hafi staðið á því, að stefnandi tæki ákvörðun um, hvernig hans sæti í Alviðrunefnd yrði skipað, eftir að hann léti af því, en gerð skipulagsskrár hafi oft verið rædd við stefnanda, þótt hann hafi aldrei gert kröfu um, að það mál yrði tekið á dagskrá funda Alviðrunefndar.

Stefnandi hafi með gjafabréfinu afsalað stefndu jörðum sínum báðum. Í gjafabréfinu sé kveðið á um það, hvenær stefndu taki við jörðunum, en það sé við brottflutning stefnanda frá Alviðru. Viðtaka gjafarinnar hafi því farið fram samkvæmt 3. tl. gjafabréfsins og ekkert frekar þurfi að koma til og skipti því ekki máli, þótt stefndi hafi ekki gert reka að því að fá Öndverðarnes II afhent í raun, en það sé eingöngu af tillitssemi við stefnanda.

NIÐURSTAÐA.

Um ógildingarkröfu stefnanda.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að aðdragandi þess, að

hann gefur jarðir sínar, og gerð gjafabréfsins hafi verið með þeim hætti, að ógilda beri gjafabréfið á grundvelli 32. gr. laga nr. 7/1936 og eftir atvikum megi beita 7. gr. laga nr. 58/1960 um þessi skipti aðilja málsins. Stefndu hafa eindregið mótmælt því, að nokkuð það sé fyrir hendi, sem leitt geti til ógildingar gjafabréfsins samkvæmt kröfum stefnanda. Varðandi niðurstöðu í þessum þætti málsins verður að líta til þess, að ekki verður annað séð en stefnandi hafi haft öll færi á að hætta við að gefa jarðir sínar eða gefa þær öðrum en stefndu, hafi hann í upphafi talið, að efni gjafabréfsins væri með þeim hætti, sem hann gæti ekki sætti sig við eða gjafþegarnir. Ekki hefur komið fram, að neinar sérstakar nauðir hafi rekið stefnanda til að gefa jarðir sínar án þess að hugleiða það mál vel áður né hann hafi verið knúinn til þess af stefndu. Ekkert er komið fram um, að stefnandi hafi ekki verið sér fullkomlega meðvitandi um gerðir sínar á þessum tíma, og ekki er öðru haldið fram en stefnandi hafi undirritað gjafabréfið af fúsum og frjálsum vilja og verið fullkunnugt um efni og orðalag þess. Af gögnum málsins má ráða, að stefnandi hafi ekki í upphafi frá undirritun gjafabréfsins unað hlut sínum illa í samskiptum við stefndu, þótt þar yrði breyting á síðar. Í 1. tl. gjafabréfsins er að finna ákvæði um landvernd og búskap á jörðunum. Það, sem nú er haldið fram af hálfu stefnanda, að hann hafi ætlast til í þessum efnum, þegar hann gaf jarðirnar, er í slíku ósamræmi við þetta ákvæði gjafabréfsins, að tæpast verður skýrt með öðru en stefnandi hafi skipt um skoðun á þessum atriðum, eftir að hann undirritaði gjafabréfið. Af framburði stefnanda fyrir rétti verður að ráða, að hann hafi í upphafi ekki mótmælt Landvernd sem gjafþega, þar sem hann segir sjálfur, að hann hafi þagað við þeim röksemdum, sem Páll sýslumaður hafi fært fyrir aðild Landverndar að gjöfinni.

Stefnandi hefur viðurkennt fyrir rétti, að sér hafi verið kunnugt um, að leyfi fyrir einni veiðistöng til viðbótar þeim þrem, sem leyfðar eru fyrir landi jarðanna, væri háð samþykki veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, þannig að hann vissi eða mátti vita, að ekki væri á færi gjafþega einna að útvega þetta leyfi. Stefnandi átti á þeim tíma, er hann gaf jarðir sínar, í málaferlum út af öðrum af tveimur sumarbústöðum, sem standa í landi Öndverðarness II, og mátti því vita, að um þann sumarbústað mundi fara eftir endanlegri niðurstöðu í því máli og væntanlega um hinn eftir því sem samningar stóðu til. Ekkert þykir hafa komið fram undir rekstri málsins, sem hafi ranglega vakið vonir stefn-

anda um, að öruggt væri, að hann fengi óskir sínar uppfylltar um þessi tvö atriði.

Samkvæmt framansögðu þykir ekkert það hafa komið fram í máli þessu, sem bendi til þess, að óheiðarlega hafi verið staðið að samskiptum stefnanda og stefndu, sem leitt hafi til þess, að stefnandi undirritar gjafabréf sitt, né annað, sem leitt gæti til ógildingar þess.

Kröfu stefnanda um ógildingu gjafabréfs hans frá 1. febrúar 1973 er því hafnað.

Um riftunarkröfu stefnanda.

Eins og framan er rakið, byggir stefnandi kröfur sínar um riftun gjafabréfsins aðallega á fjórum málsástæðum, þ. e. að ekki hafi verið uppfyllt skilyrði stefnanda um fjórðu veiðistöngina, meðferð jarðarinnar Alviðru sé ekki í samræmi við vilja stefnanda og efni gjafabréfsins, óheimil hafi verið skipti á búvélum og landi og ekki hafi verið sett skipulagsskrá fyrir gjöfina. Enn fremur á þeirri málsástæðu, að þar sem stefnandi hafi ekki afhent stefndu Öndverðarnes II, hafi þeir ekki öðlast eignarrétt yfir þeirri jörð og því sé sjálfgert að rifta gjafabréfinu, hvað hana snerti.

Stefndu hafa mótmælt öllum riftunarástæðum stefnanda, talið sig vera lögformlega eigendur beggja jarðanna og sömuleiðis að þeir hafi að öllu leyti staðið við þau skilyrði, sem stefnandi hafi sett fyrir gjöf sinni, og meðferð gjafarinnar hafi verið í fullu samræmi við ákvæði gjafabréfsins.

Þess var að framan getið, að stefnandi hefði lýst fyrir rétti, að sér hefði verið ljóst, að leyfi fyrir fjórðu stönginni fyrir landi Alviðru og Öndverðarness II væri háð samþykki veiðimálanefndar og veiðimálastjóra. Af því leiðir, að honum mátti vera ljóst, að ekki væri á færi stefndu einna að útvega þetta leyfi. Vafalaust er, að það hefur Páli sýslumanni einnig verið ljóst, og verður ekki fallist á, að skoða beri þetta atriði sem skilyrði stefnanda fyrir gjöfinni hliðstætt þeim skilyrðum, sem í gjafabréfinu eru, heldur skilyrt loforð af hálfu Páls sýslumanns um að beita sér fyrir því, að leyfi þetta fengist. Þótt aðiljar málsins kunni að hafa verið sammála um að taka upp í skipulagsskrá fyrir gjöfina ákvæði um þetta, þykir það ekki benda frekar til þess, að um skilyrði fyrir gjöfinni hafi verið að ræða.

Af gögnum málsins má sjá, að stefndu hafa gert tilraunir til þess að útvega leyfið, en í bréfi veiðimálanefndar og veiðimála-

stjóra, dags. 29. nóvember 1973, var þessari beiðni hafnað, en á þeim tíma hafði stefnandi enn ekki látið af búskap í Alviðru. Stefnanda mátti því þá þegar vera ljóst, að tilraunin hafði mistekist í þetta skipti. Frekari tilraunir stefndu til að útvega þetta leyfi hafi hingað til ekki borið árangur, og ekki hefur heldur gengið saman með aðiljum málsins um, að annað kæmi í staðinn.

Eðli og aðdragandi þessa þáttar málsins er með þeim hætti, að talið verður, enda þótt ekki hafi tekist að útvega leyfi fyrir fjórðu stöngina, að ekki sé um að ræða brostna forsendu, sem leitt geti til þess, að rifta beri gjafabréfi stefnanda.

Samkvæmt bókun fundar Alviðrunefndar hinn 13. maí 1974, þegar stefnandi lýsti því yfir, að hann vildi afhenda gjafþegum Alviðru, lýsti hann því jafnframt yfir, að hann vildi, að 5. gr. gjafabréfsins um kaup búvinnuvéla og verkfæra kæmi til framkvæmda. Búvinnuvélarnar og verkfærin væri hann til með að láta gjafþegum í té í skiptum fyrir 3 hektara úr norðausturhorni lands Öndverðarness II, sem og varð. Ekkert hefur komið fram um, að búvélarnar hafi átt að fylgja jörðinni, annað en fullyrðing stefnanda. Samkvæmt framangreindri bókun verður að byggja á því, að stefnandi hafi sjálfur sett fram þessa ósk, enda er því ekki í sjálfu sér mótmælt af hálfu hans. Með tilliti til þess, að stefndu halda því fram, að þeir séu eigendur Öndverðarness II samkvæmt gjafabréfi stefnanda, verður ekki talið, að samningar stefnanda og stefndu um kaup á búvinnuvélum og verkfærum hafi í för með sér brostna forsendu fyrir gjöf stefnanda.

Í 1. tl. gjafabréfsins segir, að landeign þá, sem gefin sé, megi ekki skerða, heldur beri að varðveita hana með landgræðslu- og náttúruverndarsjónarmið fyrir augum. Búseta og búskapur á landi Alviðru, sem samrýmist þessum sjónarmiðum, sé gefanda geðfelldur og að hans dómi æskilegur, en friða beri Öndverðarneslandið fyrir öllu búfjárhaldi. Samkvæmt þessu ákvæði gjafabréfsins verður að telja, að stefndu hafi verið heimilt og skylt að reyna að haga búsetu í Alviðru með tilliti til þeirra landgræðslu- og náttúruverndarsjónarmiða, sem fram koma í gjafabréfinu, og gæta þeirra að öðru leyti.

Það er umdeilt í málinu, hvort nefndarmenn í Alviðrunefnd stóðu allir að ráðningu Helga Þórarinssonar til búsetu í Alviðru. Þó stefnandi kunni að hafa verið á móti því, að Helga yrði fengin búsetan, þykir ákvörðunin samt sem áður ekki hafa verið ranglega tekin, þar sem um er að ræða þriggja manna nefnd, sem stjórna skyldi eignum þeim, sem voru gefnar. Þótt ekki væri í

upphafi búsetu Helga Þórarinssonar gerður við hann skriflegur leigusamningur, þykir það ekki skipta máli um niðurstöðu í þessu dómsmáli.

Fallast verður á með stefnanda, að búrekstur Helga Þórarinssonar, eins og hann varð í raun, hafi ekki verið í samræmi við ákvæði gjafabréfsins. Þó verður ekki séð, að jörðin eða hús á henni hafi beðið beint tjón af búsetu Helga Þórarinssonar, sem máli skiptir, en ekki ber að draga í efa, að búseta hans hafi verið stefnanda til skapraunar og vafalaust stefndu einnig. En þess verður að gæta, að erfitt var fyrir stefndu að sjá fyrirfram, hverjir búskaparhættir Helga Þórarinssonar yrðu, og þegar hann fékkst ekki til að láta af búskap á jörðinni samkvæmt beiðni stefndu, hófust þeir handa um að binda enda á búsetu hans með fógetavaldi, sem og varð. Framkvæmdir á Alviðru, sem lúta landvernd og landgræðslu, verður að telja heimilar samkvæmt ákvæðum gjafabréfsins. Því þykir ekki, að meðferð stefndu á jörðinni, þótt illa hafi tekist til með búsetu Helga Þórarinssonar, sé með þeim hætti, að um brostna forsendu fyrir gjafagerningnum sé að ræða.

Stefndu halda því fram, að þeim sé ekkert að vanbúnaði að setja skipulagsskrá fyrir eignirnar, jafnskjótt og stefnandi hafi ákveðið, hvernig hans sæti í Alviðrunefnd skuli skipað, eftir að hann lætur af því. Stefnandi telur hins vegar, að stefndu hafi ekki viljað setja þessa skipulagsskrá. Telja verður eðlilegt, að í skipulagsskránni sé ákveðið, hvernig sæti stefnanda í Alviðrunefnd skuli skipað, og enn fremur að stefnandi taki ákvörðun þar um, enda mun ráð fyrir því gert af aðiljum málsins. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi gert stefndu grein fyrir því, hvernig hann vilji haga þessu atriði, og verður því þegar af þeim sökum að hafna þessari málsástæðu stefnanda.

Játað er af hálfu stefndu, að Öndverðarnes II hafi enn ekki verið afhent þeim, og er þessa sérstaklega getið í fundargerð frá fundi Alviðrunefndar hinn 13. maí 1974. Í gjafabréfi stefnanda er í 2. og 3. tl. fjallað um afhendingu jarðanna. Í 2. tl. er að finna áskilnað stefnanda um afnotarétt af eignum endurgjaldslaust um óákveðinn tíma og rétt til búsetu í Alviðru ásamt nauðsynlegum afnotum af íbúðarhúsinu að eigin mati, enda þótt um afhendingu eignanna að öðru leyti kynni að vera að ræða. Í 3. tl. segir hins vegar svo: „Ef ég kynni að flytja burt frá Alviðru, taka viðtakendur við öllum eignunum, en jafnframt áskil ég mér allan arð af veiðiréttindum jarðanna til æviloka.“ Samkvæmt 3. tl. er um að ræða ákveðinn atburð, sem markar þann tíma, er gjafþegar eiga

að fá gjöfina afhenta til yfirráða. Sá atburður gerðist, er stefnandi flyst frá Alviðru. Enda þótt stefnandi hafi þá ekki afhent Öndverðnarnes II stefndu til yfirráða, þykir verða að líta svo á, að brottflutningur hans af jörðinni hafi skapað stefndu rétt, sem þeir geti rekið til þess að fá Öndverðarnes II afhent. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefnanda, að hann eigi rétt til þess að rifta gjafabréfinu, hvað snertir Öndverðarnes II.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður krafa stefnanda um riftun gjafabréfsins eigi tekin til greina. Niðurstaðan verður því sú, að stefndu skulu vera sýknir af kröfum stefnanda í þessu máli.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefndu hafa krafist ómerkingar á eftirtöldum ummælum, sem viðhöfð eru í greinargerð og aðiljaskýrslu stefnanda: „En engar efndir hafa orðið og vísast, að það hafi ekki verið ætlunin, því sýslufundur var daginn eftir og meðan þetta sjónarspil hafi verið í þeim tilgangi, að sýslumaður slyppi frá sýslunefndarmönnum, sem vísast hefðu viljað fá skýringar á þessu máli.“ „Ekki spurði hann (þ. e. Páll Hallgrímsson) hverju átti að svara, hann var því sami Landverndarþjónninn og fyrr og síst sér til sóma.“ „Af öllu því, sem fram hefur komið frá fyrstu tíð og til þessa dags, þá kemur það helst í ljós, að þarna sé um jafnvel fámenna klíku að ræða, sem Páll Hallgrímsson gerist forystumaður fyrir, og þá helst í sambandi við veiðina, hann geti notað sér þá aðstöðu jafnvel að hafa þarna fría veiði fyrir sig og sína félaga úr Landvernd. Um Árnesinga hugsar hann ekki neitt, nema að ná frá þeim peningum handa Hauk til ráðstöfunar. Páll hefur því gerst klíkuforingi nokkurra manna í auðgunarskyni fyrir sjálfan sig og vini sína á kostnað annarra.“ Ummæli þessi þykja óviðurkvæmileg, og ber því að dæma þau dauð og ómerk.

Stefndu hafa og krafist ómerkingar eftirfarandi ummæla, sem viðhöfð eru í greinargerð stefnanda: „Stefnandi heldur því fram, að Páll Hallgrímsson, sýslumaður, hafi með óheiðarlegum hætti fengið sig til að gefa margnefndar jarðir.“ „Vöktu stefndu með þessu rangar hugmyndir hjá stefnanda, hugmyndir sem áttu verulegan þátt í því, að hann lét tilleiðast að samþykkja beiðni sýslumanns.“

Framangreind ummæli eru viðhöfð beint til rökstuðnings málsástæðum stefnanda. Af þeim sökum þykir ekki tækt að ómerkja þau.

Stefndu hafa fengið gjafvarnarleyfi í þessu máli. Gjafvarnar-

laun, sem ákveðast kr. 700.000, greiðast úr ríkissjóði og renna óskipt til skipaðs talsmanns stefndu, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, þar sem stefndu hafa ekki gert grein fyrir því, að þeir hafi þurft að leggja út fé vegna reksturs málsins.

Dóm þennan kvað upp Friðgeir Björnsson setudómari.

Dómsorð:

Stefndu, sýslunefnd Árnessýslu f. h. sýslufélagsins og Landvernd, landgræðslu- og náttúruverndarsamtök Íslands, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Magnúsar Jóhannessonar, í máli þessu.

Framangreind ummæli eru dæmd dauð og ómerk.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafvarnarlaun stefndu, kr. 700.000, greiðist úr ríkissjóði og renna óskipt til skipaðs talsmanns stefndu, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Þriðjudaginn 27. apríl 1982.

Nr. 78/1982. **Ólafur Jónsson**
gegn
Sigurbirni Eiríkssyni.

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Sóknaraðili hefur með kæru, er hann lýsti á dómþingi aukadómþings Ragnárvallasýslu 24. mars 1982, kært úrskurð, sem kveðinn hafði verið upp á sama þingi um frest til gagnaöflunar í aukadómþingsmáli nr. 6/1981. Er kæran byggð á heimild í j lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Gögn málsins bárust Hæstarétti 30. mars. Af hálfu sóknaraðilja hefur Hæstarétti verið send greinargerð, sem barst dóminum 14. apríl. Segir þar, að þess sé krafist „að gagnasöfnun sé lýst lokið ... og stefnda synjað um frekari frest til gagnaöflunar". Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja barst Hæstarétti greinargerð 5. þ. m. Er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Mál þetta höfðaði sóknaraðili, Ólafur Jónsson, Oddhóli í Rangárvallahreppi, með stefnu, birtri 2. apríl 1981, á hendur Sigurbirni Eiríkssyni, Álfsnesi í Kjalarneshreppi, til ógildingar á kaupsamningi og afsali um jörðina Oddhól. Var málið þingfest á aukadómþingi Rangárvallasýslu 10. apríl 1981. Lagði sóknaraðili þá fram sóknargögn sín, og í því þinghaldi fékk varnaraðili frest til að rita greinargerð, er hann lagði fram ásamt ýmsum sakargögnum á dómþingi 15. maí 1981. Fengu málsaðiljar að svo búnu sameiginlegan frest og síðar framhaldsfresti til gagnaöflunar, ýmist um tiltekinn eða ótiltekinn tíma, alls fjórum sinnum. Komu vitni svo og sóknaraðili fyrir dóm til skýrslugjafar í þinghöldum á þessum tíma auk þess sem lögð voru fram fáein skjöl af hendi varnaraðilja.

Dómarafulltrúi sá, er með málið fór, boðaði til þinghalds 24. mars sl. með símskeyti 12. s. m. Í því þinghaldi lögðu báðir aðiljar fram ýmis skjöl og umboðsmaður varnaraðilja enn fremur afrit af vitnastefnu á hendur Albert Jónssyni, Syðra-Garðshorni í Svarfaðardalshreppi, til að koma fyrir dóm á aukadómþingi Eyjafjarðarsýslu 23. þ. m. til að bera vætti í málinu. Beiddist hann síðan enn framhaldsfrests til gagnaöflunar til að afla vitnaskýrslu áðurgreinds Alberts Jónssonar og fleiri nafngreindra vitna svo og aðiljaskýrslu varnaraðilja.

Af hálfu sóknaraðilja var frestbeiðninni mótmælt og þess krafist, að gagnasöfnun yrði lýst lokið í þinghaldi þessu.

Varnaraðili hefur að vísu þegar haft ríflega fresti til gagnaöflunar í málinu. En þar sem fram er komið, að gagnaöflun af hans hendi hefur dregist á langinn, að nokkru leyti vegna veikindaforfalla umboðsmanns sóknaraðilja, þykir eftir atvikum mega láta sitja við þá ákvörðun héraðsdómara, að varnaraðilja verði enn veittur frestur í þessu skyni til 3. maí nk.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Ákvörðun um frest til gagnaöflunar í máli þessu til 3. maí 1982 á að vera óröskuð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður aukadómþings Rangárvallasýslu 24. mars 1982.

Úrskurðarorð:

Stefnda er veittur lokafrestur til gagnaöflunar til 3. maí 1982.

Mánudaginn 3. maí 1982.

Nr. 14/1981. **Á. Guðmundsson h/f**
gegn
Hákoni Árnasyni hrl.
f. h. ítalska fyrirtækisins Gonrand.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Á. Guðmundsson h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Hákoni Árnasyni hæstaréttarlögmanni f. h. ítalska fyrirtækisins Gonrand, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 1.700.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. maí 1982.

Nr. 238/1981. **Steinþór Ingvarsson**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Steinþór Ingvarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Ennig greiði hann stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 700.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudagur 3. maí 1982.

Nr. 3/1982. **Víðir Jóhannsson**
gegn
Guðmundi Runólfssyni h/f.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Víðir Jóhannsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Guðmundi Runólfssyni h/f, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 500.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudagur 3. maí 1982.

Nr. 180/1981. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari)
gegn
Jónsteini Jenssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu með stefnu 19. júní 1981 að ósk ákærða. Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 26. nóvember 1981.

Ríkissaksóknari hefur lýst yfir því hér fyrir dómi, að horfið sé frá ívitnun í ákæruskjali 28. janúar 1981 í áfengislög nr. 82/1969, 1. mgr. 24. gr. og 33. gr., sbr. lög nr. 52/1978.

Héraðsdómari hefur réttilega sakfellt ákærða samkvæmt sakargögnum. Varðar atferli ákærða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr. Hér er um ítrekað brot að ræða, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 15 daga varðhald. Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta hann ævilangt ökuleyfi frá birtingu héraðsdóms að telja. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað. Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 2.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Jónsteinn Jensson, sæti 15 daga varðhaldi. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu héraðsdóms 5. maí 1981 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Siglufjarðar 17. mars 1981.

Ár 1981, þriðjudaginn 17. mars, var í sakadómi Siglufjarðar af Halldóri Þ. Jónssyni bæjarfógeta upp kveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 121/1980: Ákæruvaldið gegn Jónsteini Jenssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ákæruvaldinu með ákæru, útgefinni af ríkissaksóknara 28. janúar 1981, á hendur Jónsteini Jenssyni sjómanni, Túngötu 43 á Siglufirði, fyrir að aka aðfaranótt föstudagsins 28. nóvember 1980 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum bifreiðinni A 7144 frá Hólavegi á Siglufirði um götur þar í bænum, uns ákærði hætti akstrinum vegna afskipta lögreglu í sundi milli frystihúss Þormóðs ramma og rafmagnsverkstæðis Síldarverksmiðja ríkisins.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur í Vestmannaeyjum 21. nóvember 1959 og hefur áður sætt refsingum sem hér segir:

1980 29/9 á Siglufirði: Sátt, 100.000 króna sekt fyrir brot á 20. gr., 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 11. ágúst 1980.

Málsatvik eru þessi:

Aðfararnótt föstudagsins 28. nóvember 1980 var lögreglubifreið stödd á gatnamótum Túngötu og Eyrargötu á Siglufirði, kl. 0230, og sá lögreglumaður, sem í bifreiðinni var, að bifreiðinni A 7144 var ekið norður Túngötu og beygt austur Eyrargötu.

Lögreglubifreiðin fylgdi bifreiðinni eftir austur Eyrargötu og sem leið lá niður á verksmiðjulóð Síldarverksmiðja ríkisins, en í sundi milli frystihúss Þormóðs ramma h/f og rafmagnsverkstæðis

SR stöðvaði ökumaður A 7144 bifreiðina, stökk út úr henni og tók til fótanna. Lögreglumaður fylgdi honum eftir og náði að stöðva hann á Aðalgötu, og telur lögreglumaðurinn sig aldrei hafa misst sjónar á honum.

Ökumaðurinn reyndist vera ákærði í máli þessu, og þar sem hann virtist vera undir áhrifum áfengis, var hann færður á lögreglustöðina, þar sem læknir tók úr honum blóðsýni til alkóhólákvörðunar, kl. 0330.

Ákærði skýrir svo frá fyrir dómi, að hann hafi verið búinn að neyta áfengis bæði daginn áður og sama dag og umræddur akstur átti sér stað.

Einhvern tíma eftir miðnætti hafi hann farið út úr húsinu nr. 17 við Hólaveg og gengið niður að gatnamótum Túngötu og Eyrargötu, en skammt frá þeim hafi bifreið hans, A 7144, staðið.

Ákærði kveðst hafa sest undir stýri bifreiðarinnar og ekið henni eftir Eyrargötu og síðan inn í sund milli hraðfrystihúss Þormóðs ramma og rafmagnsverkstæðis SR, en þar hafi hann fest bifreiðina í skafli og yfirgefið hana og gengið út á Aðalgötu, þar sem lögreglumaður hafi handtekið hann og fært hann á lögreglustöðina.

Ákærði segir ástæðuna til þess, að hann ók inn í umrætt sund, hafa verið þá, að hann veitti því athygli, að bifreið var ekið á eftir honum austur Eyrargötu.

Ákærði segist hafa verið „rétt mildur" við aksturinn, en neitar að hafa neytt áfengis, á meðan á akstrinum stóð.

Magn alkóhóls í blóði ákærða reyndist vera 1.09‰.

Ákærði var sviptur ökuleyfi í sakadómi Siglufjarðar 29. september 1980 í 6 mánuði frá 11. ágúst 1980 að telja.

Með því, sem hér hefur verið rakið, þykir nægjanlega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um það atferli, sem honum er í ákæru gefið að sök og þar er réttilega fært til refsiákvæða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin krónur 1.800.00 í sekt til ríkissjóðs.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jónsteinn Jensson, greiði krónur 1.800.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævinlangt.
Ákærði greiði allan sakarkostnað.
Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 3. maí 1982.

Nr. 198/1979. **Unnar Þór Böðvarsson**
(Ingi R. Helgason hrl.)
gegn
Bjarna Hákonarsyni
(Páll S. Pálsson hrl.)
landbúnaðarráðherra
vegna landnámsstjórnar ríkisins og
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Ábúð. Stjórnsýsla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Sigurgeir Jónsson og Magnús Thoroddsen ásamt prófessorunum Arnljóti Björnssyni og Gauki Jörundssyni.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1979. Hann gerir þær dómkröfur, að allar kröfur hans í héraði verði teknar til greina, en þær eru eftirfarandi:

„1. Að felld verði úr gildi með dómi sem ólögmæt stjórnvaldsathöfn taka jarðarinnar Tungumúli í Barðastrandahreppi úr tölu lögbýla og sameining hennar við jörðina Haga í sama hreppi, sem gerð var með ákvörðun Nýbýlastjórnar hinn 23. ágúst 1965 og að Landnámsstjórn, sem tók við verkefnum Nýbýlastjórnar með lögum 45/1971, verði gert að afmá úr Veðmálabókum Barðastrandasýslu yfirlýsingu eða bréf Landnámsstjóra dags. 23. ágúst 1965, merktu Litra G 1 nr. 36.

2. Að staðfestur verði með dómi ábúðarréttur stefnanda að jörðinni Tungumúla í Barðastrandahreppi, sem hann öðlaðist með sátt gerðri fyrir setudómara Friðjóni Þórðarsyni í aukadómþingi Barðastrandasýslu hinn 29. september 1962.

3. Að jafnframt verði fyrirmælt í dómsorði, ef framangreindur ábúðarréttur fæst staðfestur, að dómurinn jafngildi byggingarbréfi stefnanda til handa með réttindum og skyldum skv. ábúðarlögum frá og með næstu fardögum að telja og sé þá miðað við landstærð, landamerki, ræktun, mannvirki og girðingar eins og voru í fardögum 1967 með þeirri undantekningu, að óátalin er sala á spildu úr landinu til Alþýðusambands Vestfjarða, að svo stöddu.

4. Að stefndur Bjarni verði dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur, bætur vegna röskunar á stöðu og högum og skaðabætur, vegna þess að stefnanda hefur verið fyrirmunað að njóta ábúðarréttar síns að Tungumúla, gkr. 3.000.000,- eða aðra lægri fjárhæð að mati réttarins með 13% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags."

Þó krefst áfrýjandi þess, að hinir stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið hafi ekki verið gjafsóknarmál í héraði.

Stefndi Bjarni Hákonarson gerir þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu landbúnaðarráðherra vegna landnámsstjórnar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gera þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að þeim verði tildæmdur málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið hafi ekki verið gjafsóknarmál í héraði.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Svo sem þar er rakið, gerðu móðir áfrýjanda, Björg Þórðardóttir, og stefndi Bjarni Hákonarson svo og faðir hans, Hákon J. Kristófersson, dómsátt hinn 29. september 1962 fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu í málinu nr. 3/1962. Í 1. gr. þeirrar sáttar segir svo:

„Stefnandi Björg Þórðardóttir fær lífstíðarábúð á jörðinni Tungumúla í Barðastrandarhreppi fyrir sig og son sinn

Unnar Þór, enda segi hann til, áður en hann verður 22 ára, hvort hann hyggst nota þann rétt".

Ofangreind ákvæði sáttarinnar verða ekki skýrð svo, að áfrýjandi hafi á grundvelli hennar öðlast sjálfstæðan ábúðarrétt, er hafi heft heimild aðilja að sáttinni til að semja um ábúð jarðarinnar og ráðstafa ábúð hennar með öðrum hætti í samræmi við almennar reglur.

Hinn 5. desember 1963 afsöluðu foreldrar áfrýjanda í hendur stefnda Bjarna og föður hans, Hákonar J. Kristóferssonar, allri eign sinni í húsum, ræktun og girðingum á Tungumúla og lýstu jafnframt yfir því, að þau hefðu „engar frekari kröfur á hendur þeim feðgum varðandi ábúð okkar á jörðinni og lýsum þá hér með rétta og löglega eigendur að öllum framangreindum eignum okkar á jörðinni við brottför okkar af henni nú í haust".

Með ofangreindu afsali og brottför foreldra áfrýjanda af jörðinni lauk þeim ábúðarrétti, sem veittur var með sáttargerðinni frá 29. september 1962. Kröfur áfrýjanda um viðurkenningu á ábúðarrétti honum til handa eiga því ekki við lög að styðjast og þar með ekki heldur bótakröfur hans.

Áfrýjandi reisir kröfur til ábúðar umræddrar jarðar eingöngu á sáttinni frá 29. september 1962. Samkvæmt því, sem að framan greinir, á hann ekki slíkan ábúðarrétt. Þegar af þeirri ástæðu getur hann ekki gert þær kröfur, sem hann beinir að landbúnaðarráðherra vegna landnámsstjórnar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Bjarni Hákonarson hefur krafist þess, að dæmd verði dauð og ómerk orðin „nauðung" og „valdníðsla" á dómskjali 15 í héraði. Hér er um að ræða ummæli í álitsgerð lögmanns áfrýjanda, sem hann kveður varða upplýsingar frá öðrum. Hann tekur fram í álitsgerðinni, að þessar upplýsingar hafi hann ekki getað metið á þann hátt, að hann geti tjáð sig um, hvort þær gætu út af fyrir sig valdið ógildi afsalsins.

Þegar þetta er haft í huga, eru ekki efni til að taka ómerkingarkröfuna til greina.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað skulu vera óröskuð, þar á meðal ákvæði um talsmannslaun.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Stefndu, Bjarni Hákonarson, landbúnaðarráðherra vegna landnámsstjórnar ríkisins og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, eiga að vera sýknir af öllum kröfum áfrýjanda, Unnars Þórs Böðvarssonar, í máli þessu.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms skulu vera óröskuð.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Frumkrafa áfrýjanda er sú, að endurvakinn verði ábúðarréttur sá, sem hann telur sig hafa átt að jörðinni Tungumúla, en sú jörð var með stjórnvaldsgerningi 23. ágúst 1965 tekin úr tölu lögbýla. Fyrsti liður kröfugerðar áfrýjanda er um ógildingu þeirrar stjórnvaldsathafnar að taka jörðina úr tölu lögbýla og sameina annarri jörð. Kröfurnar eru samtengdar þannig, að til þess að áfrýjanda verði dæmdur ábúðarréttur á jörðinni Tungumúla, er óhjákvæmilegt að ógilda niðurfellingu hennar úr jarðatölu, en hins vegar á áfrýjandi ekki aðild að máli til ógildingar þeirrar stjórnvaldsathafnar, nema hann eigi tilkall til þeirra réttinda, sem greinir í 2. tölulið kröfugerðar hans. Verður því fyrst fjallað um þann kröfulið.

I.

Áfrýjandi byggir kröfu sína á viðurkenningu á ábúðarrétti á dómssátt, sem gerð var í aukadómþingi Barðastrandarsýslu hinn 29. september 1962 í aukadómþingsmálinu nr. 3/1962. Svo sem í héraðsdómi greinir, stofnaði Björg Þórðardóttir, móðir áfrýjanda, til þess máls, er eigendur hálfrar jarðarinnar seldu sameiganda sínum jarðarhluta sinn hinn 22. september 1961, án þess að gætt væri ákvæða laga um kauprétt á jörðum nr. 40/1948 um forkaupsrétt til handa ábúanda, en Björg og eiginmaður hennar höfðu þá búið á jörðinni í 18 ár. Dómkröfur Bjargar voru þær, að salan á hálfri jörðinni Tungumúla yrði ógilt og að henni yrði lagður jarðarhlutinn út á því verði, sem hann var seldur fyrir.

Dómssátt þessi er nokkuð ófullkomin, þar sem í henni er ekkert ákvæði um, að stefnandi falli frá málssókninni eða falli frá forkaupsrétti sínum. Af efni sáttargerðarinnar verður þó að ráða, að fallið sé frá forkaupsrétti þeim, sem málið snerist um. Fyrir það fráfall fær sóknaraðili nokkra umbun, og er þar helst að telja það, sem greinir í 1. tölulið sáttargerðarinnar, lífstíðarábúð fyrir sóknaraðilja, Björgu Þórðardóttur, og einnig fyrir son hennar, áfrýjanda máls þessa, Unnar Þór Böðvarsson, enda segi hann til, áður en hann verður 22 ára, hvort hann hyggst nota þann rétt. Unnar Þór er fæddur 1. nóvember 1945. Af gögnum málsins er ljóst, að áfrýjandi hefur áður en langt leið fengið vitneskju um sáttina, ef honum var hún ekki kunn frá því hún var gerð.

Ég tel niðurstöðu velta á því, hvort áfrýjandi hafi með sáttargerð þessari, sem hann var ekki sjálfur aðili að, öðlast sjálfstæðan rétt til ábúðar á jörðinni með móður sinni að fullnægðum þar greindum skilyrðum eða hvort í sáttinni felist aðeins áskilnaður sóknaraðilja, Bjargar, gagnvart varnaraðilja (landsdrottni) um heimild hennar til þess að deila ábúð með syni sínum og láta honum hana síðar í té með lífs- eða dánargerningi. Við skýringu á sáttinni verður m. a. að hafa í huga tildrög að henni og þá fyrst og fremst, að sniðgenginn hafði verið hinn ríki réttur leiguliða til að ganga inn í kaup á jörð, orðalag 1. töluliðar sáttarinnar um, að áfrýjandi skyldi segja til fyrir 22 ára aldur, þ. e. innan árs eftir að hann öðlast fjárræði, „hvort hann hyggst nota þann rétt“, og að sá aðili sáttarinnar, sem í henni samdi um hin umdeildu fríðini áfrýjanda til handa, var fjárráðamaður hans ásamt með föður hans. Með þessi atriði í huga tel ég, að áfrýjandi hafi með marggreindri sátt öðlast sjálfstæðan rétt til ábúðar að Tungumúla, takmarkan af því að þurfa að deila honum með móður sinni, svo lengi sem hún vildi einnig neyta hans, og skilyrtan því, að hann segði til innan tiltekins tíma, hvort hann vildi sjálfur neyta réttarins. Ég tel orðalagið „... fyrir sig og son sinn...“ í sáttinni ekki gefa neina vísbendingu um, að réttur sonarins sé takmarkaður á þann hátt sem greinir í dómi meiri hluta dómenda, heldur stafi orðalag þetta eingöngu af því, að Björg var aðili máls-

ins, en sonurinn ekki, og hann auk þess þá ekki löghæfur til að gera slíkan samning sjálfur.

Í afsali því frá 5. desember 1963, sem um getur í héraðsdómi, frá Björgu Þórðardóttur og Böðvari Guðjónssyni til Hákonar Kristóferssonar og Bjarna Hákonarsonar á ýmsum eignum þeirra hjóna á jörðinni Tungumúla er ekki fólgið neitt afsal á réttindum sonar þeirra, enda þau vart bær um að afsala þessum réttindum hans, sbr. 36. og 37. gr. laga um lögræði nr. 95/1947.

Ekki verður á það fallist með héraðsdómara, að áfrýjandi hafi glatað rétti fyrir aðgerðarleysi. Hann tilkynnti landsdrottni í tæka tíð, að hann hygðist nota rétt sinn, sbr. niðurlag 1. töluliðar sáttarinnar frá 29. september 1962, og síðan leitar hann réttar síns og leggur fram mótmæli, ýmist einn eða með móður sinni, á árunum 1967 til 1974, leitar lögfræðilegrar álitsgerðar á árinu 1976 og stefnir síðan í mars 1977. Voru þá ekki liðin full 10 ár frá því að áfrýjandi sendi tilkynningu þá, sem honum bar að senda samkvæmt sáttinni, ef hann vildi neyta réttar síns.

Verður krafa áfrýjanda um staðfestingu á ábúðarrétti hans því tekin til greina.

II.

Þegar nýbýlastjórn ríkisins hinn 23. ágúst 1965 samþykkti beiðni Hákonar Kristóferssonar og Bjarna Hákonarsonar í Haga um sameiningu eignarjarða þeirra, Haga og Tungumúla, og þar með töku Tungumúla úr tölu sjálfstæðra lögbýla, lágu ekki, svo séð verði, fyrir henni neinar upplýsingar um hinn samningsbundna rétt áfrýjanda til lífstíðarábúðar á jörðinni. Telja verður óheimilt að taka úr tölu lögbýla jörð, sem er í ábúð eða sem á hvílir samingsbundin kvöð um lífstíðarábúð, án samþykkis ábúanda eða þess, sem slíkan ábúðarrétt á. Samkvæmt því er hinn umdeildi stjórnvaldsgerningur gerður á röngum forsendum, þar sem ekki lágu fyrir stjórnvaldinu upplýsingar um höft þau, sem á jörðinni voru vegna marggreindrar dómssáttar. Var hann því ólögmætur. Vegna þeirra hagsmuna áfrýjanda, sem greinir í I. lið, er hann réttur aðili að málssókn um þetta

atriði. Ber því að taka til greina kröfu hans um, „að felld verði úr gildi með dómi sem ólögmæt stjórnvaldsathöfn taka jarðarinnar Tungumúli í Barðastrandarhreppi úr tölu lögbýla og sameining hennar við jörðina Haga í sama hreppi, sem gerð var með ákvörðun Nýbýlastjórnar hinn 23. ágúst 1965".

Hins vegar er ekki unnt að taka til greina síðari hluta kröfuliðs þessa, „að Landnámsstjórn, sem tók við verkefnum Nýbýlastjórnar með lögum 45/1971 verði gert að afmá úr Veðmálabókum Barðastrandasýslu yfirlýsingu eða bréf Landnámsstjóra dags. 23. ágúst 1965, merktu Litra G 1 nr. 36". Það er ekki á færi landnámsstjórnar að afmá skjal þetta úr veðmálabókum. Ekki hefur verið gerð krafa í máli þessu um, að landnámsstjórn verði dæmd til þess að þinglýsa yfirlýsingu um niðurfellingu gerningsins frá 23. ágúst 1965. Verður því að sýkna landbúnaðarráðherra vegna Landnámsstjórnar ríkisins af þessum kröfulið.

III.

Samkvæmt niðurstöðu sératkvæðis þessa varðandi kröfu áfrýjanda samkvæmt I. lið um staðfestingu ábúðarréttar hans, sem hann öðlaðist með dómssáttinni hinn 29. september 1962 að jörðinni Tungumúla, á áfrýjandi rétt á byggingarbréfi fyrir jörðinni, ekki er samt unnt að verða við kröfu hans um, að í dómsorð í þessu máli verði tekin ákvæði byggingarbréfs fyrir jörðinni með öllum þeim atriðum, sem í því ættu að vera samkvæmt samningum, vegna lagaákvæða eða af öðrum ástæðum. Til þess að svo mætti verða, þyrfti málið nánari reifunar við um einstök atriði þess. Ber því að vísa þessum kröfulið sjálfkrafa frá héraðsdómi.

IV.

Krafa um skaðabætur.

Krafa þessi er um miskabætur, bætur vegna röskunar á stöðu og högum og vegna fjártjóns af missi ábúðarréttar. Krafan hefur hvorki verið rökstudd með því, að um meingerð, drýgða af illfýsi, hafi verið að ræða, né nein grein gerð fyrir fjárhagslegu tjóni.

Ber því að vísa kröfu þessari sjálfkrafa frá héraðsdómi vegna vanreifunar.

V.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um afgreiðslu þeirra á kröfu um ómerkingu ummæla.

VI.

Samkvæmt þessum málsúrslitum og málsatvikum tel ég, að dæma beri stefndu Bjarna Hákonarson og ríkissjóð óskipt til þess að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 30.000.00 krónur.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað og gjafvarnarkostnað, þar með talin talsmannslaun, ber að staðfesta.

Dómsorð:

Framangreindum kröfum er vísað frá héraðsdómi.

Landbúnaðarráðherra vegna landnámsstjórnar ríkisins skal vera sýkn af kröfu áfrýjanda um, að landnámsstjórn afmái úr veðmálabókum Barðastrandarsýslu skjal merkt Litra G 1 nr. 36.

Staðfestur er ábúðarréttur áfrýjanda, Unnars Þórs Böðvarssonar, að jörðinni Tungumúla í Barðastrandarhreppi, sem hann öðlaðist með sátt í aukadómþingi Barðastrandarsýslu hinn 29. september 1962.

Felld er úr gildi taka jarðarinnar Tungumúla í Barðastrandarhreppi úr tölu lögbýla og sameining hennar við jörðina Haga í sama hreppi, sem gerð var með ákvörðun nýbýlastjórnar hinn 23. ágúst 1965.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað og gjafvarnarkostnað skulu vera óröskuð.

Stefndu Bjarni Hákonarson og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs greiði óskipt áfrýjanda, Unnari Þór Böðvarssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 30.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Barðastrandarsýslu 6. september 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af Unnari Þór Böðvarssyni, Tungumúla, Barðastrandarhreppi, með stefnu, útgefinni 28. mars 1977 og birtri 1. apríl 1977, á hendur Bjarna Hákonarsyni bónda, Haga, Barðastrandarhreppi, Halldóri E. Sigurðssyni landbúnaðarráðherra vegna landnámsstjórnar ríkisins og Matthíasi Á. Mathiesen fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Að felld verði úr gildi með dómi sem ólögmæt stjórnvaldsathöfn taka jarðarinnar Tungumúla í Barðastrandarhreppi úr tölu lögbýla og sameining hennar við jörðina Haga í sama hreppi, sem gerð var með ákvörðun nýbýlastjórnar hinn 23. ágúst 1965, og að landnámsstjórn, sem tók við verkefnum nýbýlastjórnar með lögum nr. 45/1971, verði gert að afmá úr veðmálabókum Barðastrandarsýslu yfirlýsingu eða bréf landnámsstjóra, dags. 23. ágúst 1965, merkta Litra G 1 nr. 36.

2. Að staðfestur verði með dómi ábúðarréttur stefnanda að jörðinni Tungumúla í Barðastrandarhreppi, sem hann öðlaðist með sátt, gerðri fyrir setudómara, Friðjóni Þórðarsyni, á aukadómþingi Barðastrandarsýslu hinn 29. september 1962.

3. Að jafnframt verði fyrirmælt í dómsorði, ef framangreindur ábúðarréttur fæst staðfestur, að dómurinn jafngildi byggingarbréfi stefnanda til handa með réttindum og skyldum skv. ábúðarlögum frá og með næstu fardögum að telja og sé þá miðað við landstærð, landamerki, ræktun, mannvirki og girðingar, eins og voru í fardögum 1967 með þeirri undantekningu, að óátalin er sala á spildu úr landinu til Alþýðusambands Vestfjarða, að svo stöddu.

4. Að stefndi Bjarni verði dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur, bætur vegna röskunar á stöðu og högum og skaðabætur vegna þess, að stefnanda hefur verið fyrirmunað að njóta ábúðarréttar síns að Tungumúla, kr. 3.000.000 eða aðra lægri fjárhæð að mati réttarins með 13% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags.

5. Að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 15. júlí 1976, var stefnanda veitt gjafsóknarleyfi.

Dómkröfur stefnda Bjarna Hákonarsonar eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 27. október 1978, var honum veitt gjafvörn. Auk þessa krefst hann þess, að orðin „nauðung og valdníðsla“ á dskj. nr. 15 verði dæmd dauð og ómerk. Dómkröfur stefndu landbúnaðar- og fjármálaráðherra f. h. landnámsstjórnar og ríkissjóðs eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, og gildir sýknukrafan allt að einu, þótt svo færi, að málið félli á aðalstefnda Bjarna Hákonarson, eins og segir í greinargerð stefndu. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati og ákvörðun réttarins.

Sátt hefur verið reynd í málinu, en án árangurs.

Málsatvik.

Hjónin Björg Þórðardóttir og Böðvar Guðjónsson komu að jörðinni Tungumúla í Barðastrandarhreppi árið 1943 og hófu þar búskap. Eigendur jarðarinnar voru þá Hákon J. Kristófersson í Haga, Barðastrandarhreppi, og erfingjar Hjálmars Guðmundssonar, þeir Níels P., Björn og Ásgeir Sigurðssynir. Ekkert byggingarbréf var gefið út hjónunum til handa og síðar, eða árið 1959, varð ágreiningur milli hjónanna og Hákonar J. Kristóferssonar um afgjaldið af jörðinni. Hinn 21. desember 1959 byggði Hákon þeim hjónum út af jörðinni, skriflega, og krafðist brottflutnings þeirra 7. júlí 1960. Ekki fóru þau hjónin af jörðinni þá né gerði Hákon frekari reka að brottflutningi þeirra. Hinn 22. september 1961 afsöluðu erfingjar áðurnefnds Hjálmars arfshluta sínum í Tungumúlajörðinni til Hákonar í Haga. Búendum í Tungumúla þótti slíkt afsal fara í bága við ákvæði laga um kauprétt á jörðum nr. 40/1948 og höfðuðu riftunarmál fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu, sem auðkennt var nr. 3/1962. Máli þessu lauk með dómssátt hinn 29. september 1962, þar sem segir svo í 1. gr.: „Stefnandi Björg Þórðardóttir fær lífstíðarábúð á jörðinni Tungumúla í Barðastrandarhreppi fyrir sig og son sinn Unnar Þór, enda segi hann til, áður en hann verður 22 ára, hvort hann hyggst nota þann rétt.“ Í 6. gr. segir svo: „Úttekt fari fram að vori komanda, svo fljótt sem unnt er.“ Í 7. gr. sáttarinnar segir svo: „Byggingarbréf verði gefið út frá næstu fardögum, og er sýslumanni Dalasýslu falið að sjá um útgáfu þess.“ Sýslu-

maður Dalasýslu fór einmitt með framangreint riftunarmál sem setudómari, og var sáttin því gerð fyrir honum. Dómssáttin er undirrituð af Björgu Þórðardóttur, lögmanni hennar, Sigurði Baldurssyni, stefnda Bjarna Hákonarsyni og Hákoni J. Kristóferssyni. Úttekt var gerð á jörðinni 13. júlí 1963 og 14. september 1963, en henni lauk ekki fyrr en með úttekt úttektar- og virðingardóms Vestur-Barðastrandarsýslu 12. október 1963, en viðingardóms þessa hafði Björg Þórðardóttir krafist með bréfi, dagsettu 18. september 1963. Í niðurlagi úttektar- og virðingardómsins, segir svo m. a. „Það er álit úttektar- og virðingardómsmanna, að eigendum jarðarinnar beri að kaupa allar hinar metnu eignir, að undanskilinni milligirðingu, sem er alls virt á kr. 147.032.00“

Samkvæmt 7. gr. áðurnefndrar sáttar var gert byggingarbréf um jörðina Tungumúla 2. júlí 1963 milli stefnda Bjarna Hákonarsonar og Hákonar J. Kristóferssonar sem leigusala og Bjargar Þórðardóttur sem leiguliða. Í byggingarbréfinu er jörðin byggð frá fardögum 1963 með venjulegum leiguliðanotum. Í 8. gr. byggingarbréfsins segir svo: „Sætt sú, er gerð var í Haga 29. sept. 1962, heldur gildi sínu.“

Í framhaldi af úttektar- og virðingardómi þeim, sem áður getur, gaf Björg Þórðardóttir út yfirlýsingu hinn 8. nóvember 1963, þar sem segir m. a. svo: „Ég undirrituð, Björg Þórðardóttir, búkona að Tungumúla í Barðastrandarhreppi, lýsi því hér með yfir, að ég er ásátt með að taka við kr. 100.000. — eitt hundrað þúsund kr. 00/100 — frá eigendum jarðarinnar Tungumúla sem fullnaðargreiðslu á húsum og mannvirkjum þeim, sem ég og eiginmaður minn, Böðvar Guðjónsson, bóndi að Tungumúla, eigum á jörðinni Tungumúla og metin hafa verið okkur til eignar af úttektar- og virðingardómi, sem fram fór á jörðinni 12. og 13. f. m., með eftirfarandi skilmálum.

1. Að framangreindar kr. 100.000.00 verði að fullu greiddar fyrir lok desembermánaðar n.k.

2. Að eigendur jarðarinnar Tungumúla, þeir Hákon J. Kristófersson og Bjarni Hákonarson, bændur að Haga á Barðaströnd, falli frá öllum kröfum á hendur okkur, nánar tiltekið í eftirfarandi atriðum:

a) Niður falli krafa um greiðslu jarðarafgjalda af Tungumúla að fullu og öllu.

b) Ekki verði krafist neinna fyrningargjalda af eign landsdrottna í jarðarhúsum.

c) Ekki verði krafist neinna bóta af mér Björgu Þórðardóttur vegna brottfarar minnar af jörðinni nú á þessu hausti.
d) Niður falli krafa um greiðslu á gamalli skuld vegna heykaupa af H.J.K., sem ég tel fyrnda."

Hinn 5. desember 1963 gáfu þau Björg Þórðardóttir og Böðvar Guðjónsson sameiginlega út afsal til eigenda jarðarinnar Haga, þeirra feðga Hákonar J. Kristóferssonar og Bjarna S. Hákonarsonar, svohljóðandi:

„Við undirrituð hjón Böðvar Guðjónsson og Björg Þórðardóttir frá Tungumúla í Barðastrandarhreppi lýsum því hér með yfir, að við hér með seljum og afsölum til eigenda jarðarinnar Tungumúla þeirra feðga Hákonar J. Kristóferssonar og Bjarna S. Hákonarsonar, bænda að Haga á Barðaströnd, allar eignir okkar á jörðinni Tungumúla í Barðastrandarhreppi eins og þær eru metnar og þeim feðgum gert að skyldu að kaupa þær samkvæmt úttektar- og virðingardómi, sem fram fór á jörðinni 12. og 13. október 1963. Er hér með um að ræða alla eign okkar í húsum, ræktun og girðingum (þó er undanskilin milligirðing á túni) á jörðinni og öllum fasteignum, er við áttum á henni samkv. greindum úttektar- og virðingardómi. Samkomulag hefur orðið um það, að þeir feðgar greiði okkur til endurgjalds fyrir framangreindar eignir kr. 100.000. — Eitt hundrað þúsund krónur 00/100 — í eitt skipti fyrir öll við undirskrift þessa afsals, og er það fullnaðargreiðsla fyrir eignirnar, enda skuldbinda þeir sig jafnframt til þess að láta niður falla allar kröfur á hendur okkur, er þeir kunna að hafa átt í sambandi við búsetu okkar á jörðinni Tungumúla, er hér jafnt um að ræða afgjaldsskuldir, fyrningargjöld, sem aðrar bótakröfur, er þeir feðgar kynnu að telja, að þeir ættu á hendur okkur, enda lýsum við því jafnframt yfir, að við höfum engar frekari kröfur á hendur þeim feðgum varðandi ábúð okkar á jörðinni og lýsum þá hér með rétta og löglega eigendur að öllum framangreindum eignum okkar á jörðinni við brottför okkar af henni nú í haust." Þeir Hákon J. Kristófersson og stefndi Bjarni rituðu einnig undir afsal þetta og lýstu því yfir, að þeir væru samþykkir því í öllum greinum.

Með bréfi sínu til Hákonar J. Kristóferssonar, Haga, dags. 23. ágúst 1965, tilkynnti landnámsstjóri, Pálmi Einarsson, að nýbýlastjórn ríkisins hefði samþykkt sameiningu jarðanna Haga og Tungumúla samkvæmt umsókn þeirra feðga, Hákonar og stefnda Bjarna. Bréfið hljóðar svo: „Á fundi nýbýlastjórnar ríkisins 23.

þ.m. var lagt fram erindi þitt og Bjarna sonar þíns, dags. 9. júlí 1965, þar sem farið er fram á, að nýbýlastjórn ríkisins samþykki sameiningu eignarjarða ykkar Haga og Tungumúla samkvæmt ákvæðum 2. greinar ábúðarlaga nr. 36 frá 29. marz 1961.

Með tilvísun til umsagnar úttektarmanna Barðastrandarhrepps svo og álitsgjörðar hreppsnefndar Barðastrandarhrepps frá 26. maí 1965 samþykkti nýbýlastjórn ríkisins sameiningu téðra jarða.

Þetta tilkynnist ykkur hér með.

Samkvæmt því er heimilt að sammeta jarðirnar í fasteignamati."

Umsögn úttektarmanna Barðastrandarhrepps, sú sem vitnað er til hér að framan, svo og álitsgerð hreppsnefndar Barðastrandarhrepps frá 26. maí 1965, sem einnig er vitnað til í bréfinu, liggja ekki frammi í málinu, og samkvæmt yfirlýsingu Árna Jónssonar f. h. Landnáms ríkisins, sem aflað hefur verið að ósk dómsins, finnast þessi gögn ekki nú hjá Landnámi ríkisins. Fram hefur komið, að ekki virðast hafa verið gerðar bókanir af hálfu hreppsnefndar né úttektarmanna í viðkomandi fundargerðarbækur varðandi álitsgerð þá og umsögn, sem að ofan getur, en í vottorði Karls Sveinssonar, dags 7. júlí 1977, segir svo: „Ég undirritaður, fyrrverandi oddviti Barðastrandarhrepps, lýsi hér með yfir eftirfarandi: Árið 1965 eru þessir menn í hreppsnefnd Barðastrandarhrepps Karl Sveinsson, oddviti, Hvammi. Haraldur Sigurmundarson, Fossá, Bjarni Hákonarson, Haga.

Framan af fyrrnefndu ári kemur beiðni til hreppsnefndarinnar frá þeim feðgum, Hákoni og Bjarna í Haga, um, að hún gefi umsögn um fyrirhugaða sameiningu jarða þeirra feðga, Haga og Tungumúla í Barðastrandarhreppi.

Undir þessa umsögn ritar, án nokkurs ágreinings, Karl Sveinss., Haraldur Sigurmundarson og Jóhann Þorsteinss. í Litluhlíð, er tók sæti í nefndinni sem varamaður Bjarna í Haga.

Enginn formlegur fundur var haldinn hjá nefndinni um mál þetta, og er það því ekki fært inn í fundargerðarbók hreppsins." Í málinu hefur komið fram, að ofannefndur Haraldur Sigurmundarson er tengdafaðir stefnda Bjarna Hákonarsonar.

Með bréfi, dags. 3. apríl 1967, til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu tilkynnti stefnandi, að hann hygðist nota rétt sinn til ábúðar á jörðinni Tungumúla. Bréfið hljóðar svo: „Á aukadómþingi laugardaginn 29. september 1962, settu á Haga á Barðaströnd af Friðjóni Þórðarsyni, setudómara, var sætt í málinu, Björg Þórðardóttir gegn Hákoni J. Kristóferssyni o. fl.

Samkvæmt fyrrnefndri sætt er mér undirrituðum veitt lífstíðarábúð á jörðinni Tungumúla á Barðaströnd.

Tilkynni ég yður hér með, herra sýslumaður, að ég hyggst nota rétt minn til ábúðar á jörðinni Tungumúla í Barðastrandarhreppi, og óska ég eftir, að mér verði afhent jörðin til ábúðar í næstu fardögum.

Bið ég yður, herra sýslumaður, að tilkynna þetta jarðareigendum, þeim Hákoni J. Kristóferssyni og Bjarna Hákonarsyni á Haga á Barðaströnd." Á bréfið ritar stefnandi, að hann sendi Hákoni og Bjarna í Haga afrit af því.

Hinn 12. apríl 1967 svaraði sýslumaður Barðastrandarsýslu fyrrgreidu bréfi stefnanda þannig: „Ég hefi móttekið heiðrað bréf yðar, dags. 3. þ. m., varðandi þá ósk yðar, að yður verði afhent jörðin Tungumúli á Barðaströnd til ábúðar í næstu fardögum.

Í veðmálabókum Barðastrandarsýslu er Tungumúli ekki lengur sérstakt lögbýli, þar sem hann var sameinaður Haga með samþykki nýbýlastjórnar ríkisins 23. ágúst 1965, sbr. meðfylgjandi ljósrit, dags. 23. ág. 1965, sem þinglýst var 27. júlí 1966.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Ásberg Sigurðsson."

Stefnandi og foreldrar hans sendu bréf til sýslumanns Barðastrandarsýslu á manntalsþing að Haga 14. september 1967, þar sem þau lýstu því yfir, að þau teldur sameiningu jarðanna Tungumúla og Haga ekki hafa við lög að styðjast og að þau mótmæltu þess vegna sameiningu jarðanna. Yfirlýsingunni fylgdi svofelld greinargerð þeirra: „1. Jarðirnar Tungumúli og Hagi eru það landkostamiklar, að hvor um sig verður „samkv. lögum" að vera sjálfstæð jörð. 2. Til að sameining jarða geti farið fram, verður að liggja fyrir álit hreppsnefnda viðkomandi hrepps.

Í bókum hreppsins sést ekki, að sameining fyrrnefndra jarða hafi verið rædd innan hreppsnefndar, né nokkur álitsgerð gerð þar að lútandi. 3. Á því tímabili, sem sameining þessara jarða stóð yfir, og áður höfðu hjónin Björg Þórðardóttir og Böðvar Guðjónsson sótt um ábúð á Tungumúla. 4. Á aukadómþingi settu að Haga 29. sept. 1962 er Unnari Þór Böðvarssyni veitt lífstíðarábúð á Tungumúla.

Með sameiningu Tungumúla og Haga er hann rændur rétti sínum til ábúðar á Tungumúla."

Hinn 20. ágúst 1971 ítrekuðu þau stefnandi og móðir hans mótmæli sín á manntalsþingi í Birkimel 1971.

Snemma árs 1965 gerðu þau hjón Björg og Böðvar tilraun til þess að fá á ný ábúð á jörðinni Tungumúla. Leituðu þau m. a. til hreppsnefndar Barðastrandarhrepps um aðstoð í þessu efni, og hinn 17. október 1965 rituðu 35 íbúar Barðastrandarhrepps undir svofellt bænarskjal: „Við undirritaðir ábúendur í Barðastrandarhreppi óskum eftir því við viðkomandi aðila, að hjónunum Björgu Þórðardóttur og Böðvari Guðjónssyni verði veitt aðstoð við að fá löglega ábúð á eyðijörðinni Tungumúla hér í hreppi. Að öðrum kosti verða þau að flytja burt úr sveitinni (en það er þeim mjög nauðugt), þar sem jarðnæði það, sem þau hafa, missa þau í vor."

Hinn 11. febrúar 1966 ritaði stefnandi landnámsstjóra svofellt bréf: „Með tilvísun til heiðraðs bréfs yðar, dags. 24. janúar 1966, leyfi ég mér hér með að bera fram við yður mótmæli gegn þeirri ákvörðun yðar á fundi 23. ágúst 1965 að heimila sameiningu jarðanna Tungumúla og Haga á Barðaströnd.

Til fulltingis þessum mótmælum mínum vil ég vísa til ákvæðis í 3. gr. ábúðarlaganna nr. 36/1961. Ennfremur vil ég minna á skjal, þar sem meira en helmingur allra ábúenda á Barðaströnd rita undir mótmæli gegn sameiningu þessari. Hefir landnámsstjóri kynnt sér ofangreint plagg."

Í framhaldi af bréfi, sem stefnandi ritaði landbúnaðarráðuneytinu, svaraði landbúnaðarráðherra, Ingólfur Jónsson, með bréfi, dags. 26. apríl 1966, svohljóðandi: „Ráðuneytinu hefur borizt bréf yðar varðandi ábúð á jörðinni Tungumúla í Barðastrandarhreppi og tekur í því sambandi eftirfarandi fram:

Ráðuneytið gerði eftir móttöku bréfs yðar ráðstafanir til þess að fá frekari upplýsingar um mál þetta heldur en þær, er fram koma í bréfi yðar.

Þannig er upplýst, að foreldrar yðar sögðu jörðinni lausri, og styðst það við frásögn yðar, „að þau afsöluðu sér ábúð á jörðinni".

Að svo komnu máli eiga þau ekki, svo séð verði, öðrum fremur lögverndaðan rétt til þess að fá jörðina aftur til ábúðar, þó jörðin verði áfram sjálfstæð jörð.

Þá er það upplýst, að ákveðið hefur verið að sameina Tungumúla og Haga í eina jörð og farið með það mál, eins og lög mæla fyrir um.

Þegar svo er komið, getur krafa um ábúð á Tungumúla ekki orðið raunhæf.

Það er álit ráðuneytisins, að foreldrar yðar eigi ekki að lögum rétt til ábúðar á Tungumúla.

Rétt er að benda á, að ráðuneytið fer ekki með neitt úrskurðar-

vald í ágreiningsmálum sem þessum, heldur heyrir það undir dómstóla.

Þetta tilkynnist yður hér með."

Þau Björg Þórðardóttir og stefnandi mótmæltu með bréfi til sýsluskrifstofu Vestur-Barðastrandarsýslu, dags. 15. des. 1974, sölu þeirri, þegar stefndi Bjarni Hákonarson seldi Alþýðusambandi Vestfjarða land undir orlofsheimili í Mórudal á Barðaströnd. Segja þau í bréfi sínu, að hið selda landsvæði sé í landi jarðarinnar Tungumúla, og segja þau, að með sölu þessari telji þau sannað, að sameining fyrrnefndra jarða hafi verið reist á röngum forsendum og að grundvöllurinn fyrir sameiningunni væri brostinn og um leið heimild til sölu svæðisins í Mórudal.

Á aukadómþingi Barðastrandarsýslu, sem háð var 25. ágúst 1978, voru þeir Leifur Jóhannsson ráðunautur, Stykkishólmi, og Erlendur Halldórsson oddviti, Dal, Miklaholtshreppi, Snæfellsnessýslu, dómkvaddir að beiðni Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns til að meta landkosti jarðanna Haga og Tungumúla í Barðastrandarhreppi. Skulu hér tilfærðar niðurstöður matsmannanna, sem voru þannig:

„Mat um búhæfni jarðanna Haga og Tungumúla árið 1965.

a) Jörðin Hagi: Hagi hefði getað framfleytt meðalbúi eða meira eins og það var reiknað 1965, en takmarkað beitiland leggur hömlur á sauðfjárbúskap. Þar hefði því þurft að vera aðallega kúabú og miðað við bústærð þá 10—15 kýr og 50—100 kindur. Miðað við markaðsaðstæður hefði verið nokkur vandkvæði á að hafa viðunandi afkomu af slíku búi.

b) Jörðin Tungumúli: Með tilvísun til 2. gr. ábúðarlaga frá 1961 má segja, að (strangt tekið) Tungumúli hafi getað framfleytt 10 kúgildum miðað við fyrri tíma kröfur um fóðrun og afurðir, en með tilliti til framtíðarviðhorfa þá og stækkandi búa, með aukinni vélvæðingu, hafi jörðin ekki geta talist æskileg framtíðar bújörð og að fæstu eða engu leyti eftirsóknarverð. Því hefur hún ekki getað talizt sérlega lífvænlegt býli, sem hægt yrði að byggja svipaða lífsafkomu og ætlast var til af á jörðum almennt þá.

Mat um búhæfni Haga og Tungumúla miðað við sjálfstæð býli eins og þau voru fyrir sameiningu. Búhæfnismat árið 1978.

a) Hagi: Hagi getur borið fyllilega meðalbú 1978 eða meira, þar sem ræktunarland er nóg, en aðalbúgreinin yrði að vera nautgripir. Fjárfjöldi takmarkast við 50 til 100 fjár vegna skorts á sumarhögum.

b) Tungumúli: Tungumúli gæti ekki, væri hún sjálfstæð jörð, borið meðalbú, eins og það er árið 1978, vegna takmarkaðs ræktunarlands. Skortur á ræktunarlandi veldur því, að ekki er ástæða til að mæla með uppbyggingu á jörðinni, enda hæpið, að ábúandi, sem ætti jörðina sjálfur, legði í að byggja hana upp með það fyrir augum að hafa lífsviðurværi af landbúnaði, þar sem varla væri hægt að hafa meira en hálft grundvallarbú miðað við þær kröfur, sem gerðar eru um fóðrun og afurðir búfjár.

Það er álit matsmanna, að báðar jarðirnar til samans geti auðveldlega framfleytt 60 kúgildum með aukinni ræktun, en með sömu takmörkunum og getið er um áður með sauðfjárfjölda. Þetta gildir bæði fyrir árið 1965 og núna. Sauðeyjar eru lögbýli og hafa ekki áhrif á mat á búhæfni jarðanna.

Lokið við matsgjörð í Stykkishólmi 10. sept. 1978."

Lögð hefur verið fram í málinu landamerkjaskrá fyrir jörðinni Tungumúla svo og ljósrit af landabréfi.

Stefnandi, sem fæddur er 1. nóvember 1945, hefur komið fyrir dóminn. Þar skýrði hann m. a. frá því, að hann hefði lokið gagnfræðaprófi á árinu 1964. Þá kvaðst hann hafa sótt um inngöngu í Bændaskólann á Hvanneyri, en horfið síðan frá fyrirætlununum um búnaðarnám, eftir að hann fékk bréfið frá sýslumanni Barðastrandarsýslu um sameiningu jarðanna og áður um getur. Hann kvaðst hafa sest í Kennaraskóla Íslands árið 1969, en þá hafði hann kennt um fimm ára skeið við farskóla og síðar barna- og unglingaskólann í Barðastrandarhreppi. Hann kvaðst hafa lokið kennaraprófi á árinu 1973 og að námi loknu gerst skólastjóri á Barðaströnd auk þess sem hann hafi starfað á búi foreldra sinna meira og minna. Aðspurður um það, hvaða ástæður hann teldi hafa orðið þess valdandi, að hann fór í mál þetta á árinu 1977, svaraði stefnandi því, að hann hefði frá upphafi haft hug á að stunda búskap. Honum hafi með sáttargerðinni frá 1962 verið tryggð ævilöng búseta á jörðinni Tungumúla. Síðan hafi orðið fráhvarf frá búskap í nokkur ár á veturna, á meðan hann stundaði nám í Kennaraskólanum, en allan tímann frá því að sáttargerðin var gerð 1962 hafi hann verið að leita eftir ábúðarrétti sínum, en það hafi verið fyrst á árinu 1976, sem hann kvaðst hafa fundið lögmann, sem var reiðubúinn að taka málið upp fyrir sig. Varðandi afsal foreldra stefnanda til handa stefnda Bjarna og Hákoni, sem að framan getur, kvaðst stefnanda ekki hafa verið kunnugt um (sic) efni þess skjals, þegar foreldrar hans voru látnir skrifa undir það, eins og hann komst að orði, en hann kvaðst hins vegar

hafa séð skjalið stuttu síðar. Aðspurður, hvort foreldrar hans hafi látið það í ljós þá, að þrátt fyrir þetta afsal héldist ábúðarréttur stefnanda óskertur, kvað stefnandi engan vafa hafa verið á því frá hans hendi eða foreldra hans, að réttur hans væri óháður fyrrgreindu afsali. Aðspurður kvaðst stefnandi vera reiðubúinn til þess að hefja ábúð á jörðinni Tungumúla, um leið og réttur hans teldist standa til þess, og jafnframt kvaðst hann vita, að jörðin Tungumúli hefði verið sjálfstætt býli um aldir.

Stefndi Bjarni Hákonarson kom fyrir dóminn. Aðspurður um það, hvort það hefði verið talfært, þegar fyrrnefnt afsal var gert, að stefnandi máls þessa héldi þrátt fyrir það ábúðarrétti sínum, kvaðst hann ekki minnast þess, en hins vegar hafi þeir Svavar Jóhannson, núverandi bankastjóri á Patreksfirði, og Þórður Jónsson, hreppstjóri á Látrum í Rauðasandshreppi, sem rituðu undir skjalið sem vitundarvottar, unnið að því, og að því er stefndi taldi, sem eins konar sáttasemjarar. Aðspurður kvað stefndi sér ekki vera kunnugt um það, hvort úttektarmenn hreppsins hefðu lagt fyrir hreppsnefnd umsögn sína um sameiningu jarðanna. Hins vegar kvaðst hann vita, að þeir sendu umsögn sína til landnámsstjóra. Aðspurður af lögmanni stefnanda, hvort stefndi gerði sér grein fyrir sjálfstæðum ábúðarrétti stefnanda samkvæmt sáttinni frá 1962, kvaðst stefndi ekki hafa gert sér grein fyrir því þá og ekki heldur enn, því að hafi hann öðlast ábúðarrétt fyrir tilstilli foreldra sinna, þá hafi hann, sá réttur, fallið niður með afsalinu, sem áður getur.

Móðir stefnanda, Björg Þórðardóttir, kom fyrir dóminn sem vitni. Aðspurð um það, hvers vegna aðeins hafi verið minnst á ábúðarrétt til handa syni vitnisins, kvað hún það hafa verið vegna þess, að aftekið hafi verið af hálfu Hákonar, bónda í Haga, að ein dóttir hennar fengi ábúðarréttinn, en upphaflega kvaðst vitnið hafa ætlað, að öll börnin fengju ábúðarréttinn. Þá hafi það verið ákveðið af öllum viðstöddum, þ. e. setudómara, lögmönnum, Hákoni, stefnda Bjarna og vitninu sjálfu, að aðeins eitt barnið skyldi öðlast ábúðarréttinn, og varð stefnandi fyrir valinu, því að vitnið vildi, að eitt og hið sama gengi yfir systurnar. Vitnið kvað sér hafa verið óviljugt að skrifa undir afsalið, sem áður getur.

Vitnið Snæbjörn Gunnar Guðmundsson bóndi, Skjaldvararfossi, Barðastrandarhreppi, kom fyrir dóminn og skýrði svo frá aðspurt, að úttektarmenn hreppsins árið 1965 hefðu verið Hákon Kristófersson hreppstjóri, Haga, og Jóhannes Sveinsson bóndi, Innri-

Miðhlíð, aðalmenn, og til vara vitnið og Jón Elíasson bóndi, Vaðli. Vitnið kvaðst aldrei hafa verið kvatt til sem varamaður að gefa umsögn um sameiningu jarðanna Tungumúla og Haga.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfur sínar fyrst og fremst þeim rökum, að samkvæmt dómssáttinni, sem sé grundvallarskjal í máli þessu, hafi hann fengið lífstíðarábúðarrétt á Tungumúlajörðinni, enda segði hann til, áður en hann yrði 22ja ára, hvort hann hygðist nota þann rétt. Með tilkynningu sinni til sýslumanns og þeirra feðga Hákonar og Bjarna í Haga, dags. 3. apríl 1967, á 22. aldursári sínu, hafi hann fullnægt ákvæðum framangreindrar sáttar og tilkynnt, að hann hygðist nota og halda til laga rétti sínum til ábúðar að jörðinni, og krafist þess jafnframt, að honum yrði afhent jörðina til ábúðar á fardögum 1967. Þessari tilkynningu hafi sýslumaður Barðastrandarsýslu svarað með bréfi, dags. 12. apríl 1967, á þann hátt, að samkvæmt veðmálabókum Barðastrandarsýslu væri Tungumúlinn ekki lengur í tölu lögbýla, þar sem hann hafi verið sameinaður jörðinni Haga með samþykki nýbýlastjórnar frá 23. ágúst 1965, sem þinglýst hafi verið 27. júlí 1966. Með því að sameining jarðanna Tungumúla og Haga fari beint í bága við lögvarinn lífstíðarábúðarrétt sinn að Tungumúla, beri að rifta þeim gerningi og fá honum jörðina til ábúðar, eins og dómssátt og lög mæli fyrir um. Annað mál sé það, að sameining þessara tveggja jarða sé gerð þvert ofan í gildandi fyrirmæli um sameiningu jarða, enda þótt ekki hefði komið til lögvarinn ábúðarréttur stefnanda. Ábúðarréttur Bjargar Þórðardóttur að Tungumúlanum, sem hún fékk með réttarsáttinni 29. september 1962, hafi lokið 5. desember 1963 með sérstöku afsali hennar til þeirra feðga Hákonar og Bjarna í Haga. Í því afsali sé hvergi minnst á ábúðarrétt stefnanda og standi hann því óhaggaður. Annað mál sé það, að þau hjón, Björg og Böðvar, hafi komið að Tungumúlanum haustið 1967 og hafið þar búskap að nýju og séu þar enn, þegar mál þetta hefst, án þess að um þá ábúð hafi verið gert nokkurt byggingarbréf. Í álitsgerð lögmanns stefnanda á dskj. nr. 15, sem hann telur vera hluta af greinargerð sinni, hvað áhrærir málsástæður og lagarök eftir því sem við eigi, kemur m. a. fram, að enda þótt lífstíðarábúðarrétti hjónanna Bjargar og Böðvars hafi lokið á árinu 1963 með afsalinu, sem áður getur, þá eigi stefnandi sjálfstæðan, fullkominn ábúðarrétt á jörðinni Tungumúla skv. lögum nr. 36/1961 og sé honum rétt að halda þessum

ábúðarrétti sínum til laga og með tilkynningunni til sýslumanns, sem einnig er áður að vikið, hafi hann með réttum og lögformlegum hætti haldið lífstíðarábúðarrétti sínum í fullu gildi. Sameining jarðanna Tungumúla og Haga sé löglaus með öllu, og eru eftirfarandi rök tilgreind fyrir þeirri skoðun: 1. Sameining þessara jarða sé þverbrot á 2. gr. ábúðarlaganna frá 1961. Lögskilyrði fyrir sameiningu tveggja jarða séu þau, að þær verði ekki taldar lífvænlegt býli hvor um sig, og þessu lögskilyrði sé hvergi nærri fullnægt af augljósum ástæðum. 2. Úttektarmenn, sem gáfu álit sitt nýbýlastjórn, séu ekki óvilhallir. Sýslumaður skuli skipa úttektarmenn eftir ábendingu viðkomandi hreppsnefndar. Gunnar Guðmundsson hafi verið úttektarmaður, en ekki komið nálægt álitsgerðinni, Jón Elíasson sé giftur uppeldisdóttur Hákonar og þriðji úttektarmaðurinn, Jóhannes Sveinsson, hafi verið fulltrúi Hákonar við dómsúttektina í Tungumúla. Úttektarmenn hafi því ekki verið óvilhallir og álitsgerð þeirra þar af leiðandi vefengjanleg. 3. Meðmæli hreppsnefndar fyrir sameiningu jarðanna séu marklaus, bæði af því, að hreppsnefndarmenn séu ekki óvilhallir, þar sem sumir þeirra séu aðiljar málsins, og vegna þess, að eftir lýsingu oddvita Barðastrandarhrepps í bréfi, dags. 31. mars 1966, til stefnanda segi, að hann verði að álíta, að formleg sameining þessara jarða hafi ekki átt sér stað, þar sem samkvæmt bókum hreppsnefndar frá þeim tíma, sem sameiningin hefði átt að fara fram á nefndum jörðum, sjáist hvergi, að hreppsnefnd hafi einu sinni rætt þetta mál, hvað þá gert um það ályktun. 4. Sameining þessara jarða gangi í berhögg við dómssátt, sem felur í sér loforð um lífstíðarábúðarrétt stefnanda og sé því ógildanleg af þeim ástæðum.

Stefndi Bjarni Hákonarson styður sýknukröfu sína m. a. þeim rökum, að varðandi 1. kröfulið í stefnu hafi sameiningin verið stjórnvaldsákvörðun í eitt skipti fyrir öll. Samþykki nýbýlastjórnar fyrir sameiningunni hafi verið gerð með ákvörðun þar tilkvadds stjórnvalds og þeirri ákvörðun geti dómstólar ekki hnekkt. Nýbýlastjórn hafi haft fyrir sér samþykki bæði úttektarmanna og sveitarstjórnar, en ekki hafi þurft nema annað af þessu tvennu. Síðan hafi hún lagt sjálfstætt mat á, sjálfsagt að athuguðu máli, hvort að sameininguna skyldi leyfa. Slík ákvörðun sé óriftanleg af dómstólum. Nýbýlastjórn hafi hvergi farið út fyrir ramma laganna. Eigendur Haga hafi sótt um til stjórnvaldsins að fá sameininguna. Samþykkisbeiðandinn, sem fór eftir lögskipuðum leiðum, beri ekki ábyrgð á stjórnvaldsákvörðuninni sjálfri,

þó að hann nyti hennar, heldur verði stjórnvaldið sjálft að standa ábyrgt gerða sinna. Stefndi bendir á, að ekkert liggi fyrir um það, að hreppsnefndin hafi ekki verið einhuga um það á sinni tíð að veita samþykki sitt til sameiningar jarðanna. Oddvitinn, Gunnar Guðmundsson á Skjaldvararfossi, hafi ekki gegnt hreppstjórastörfum, þegar hreppsnefndin veitti samþykki sitt til sameiningar jarðanna, og sé því fullyrðing hans á dskj. nr. 9 um það, að hreppsnefndarmenn hafi ekki „fengið" að ræða málið sameiginlega, heldur „látnir" skrifa undir hver í sínu lagi, er mótmælt sem röngum og villandi (sic). Álit þessa manns um það, að „formleg sameining þessara jarða" hafi ekki átt sér stað, skipti vitaskuld engu máli í þessu sambandi. Í tilvitnaðri lagagrein sé það eitt af skilyrðum fyrir jarðasameiningu, að þær geti framfleytt til samans minna en 60 kúgildum eða hafi sjávargagn eða hlunnindi, sem því svarar. Stefndi bendi á, að á þessum tíma hafi verið svo ástatt um búskap á þessum slóðum, að eingöngu kom til greina sauðfjárbúskapur að því er snerti framleiðslu afurða til sölu. Vegna landstærðar Tungumúla hafi Hagabónda verið mjög hagkvæmt að nýta það land vegna sauðfjárins, en hins vegar sé öruggt þrátt fyrir sameininguna, að notagldi beggja jarðanna sameiginlega hafi hvergi náð 60 kúgilda hámarkinu, því að nú á tímum sé reiknað með því, að 20 ærgildi séu í kúgildinu, sem svari til 1200 fjár á fóðrum. Hvað hafi það þá verið, sem á gat vantað, að samþykki nýbýlastjórnar væri gilt? Það liggi fyrir í málinu, að sveitarstjórn hafi mælt með sameiningunni og ekki hafi verið vefengt í málinu, að útektarmenn hafi mælt með því. Sjálfstætt mat nýbýlastjórnar, að fengnu þessu samþykki og að uppfylltum framangreindum skilyrðum, verði að skoðast fullnægjandi til þess, að dómstólar hafi ekki vald til þess að hnekkja slíku.

Þá sé sú krafa gerð, að stefnanda sé dæmdur ábúðarréttur að jörðinni Tungumúla, en þann rétt hefði hann öðlast með dómssátt, sátt gerðri 29. sept. 1962. Sóknargögn þegi að mestu um afstöðu stefnanda, er hann hafi þóst vilja efna til búskapar að Tungumúla. Stefnandi sé talinn fæddur 1. nóv. 1945. Hann hafi sent bréf sitt um búskaparviljann 3. apr. 1967 og fylgi þeirri ósk ekki eftir í neinu, sem sé mark á takandi fyrir dómstóla eða aðra. Sig bresti kunnáttu á því, hvað hann aðhafðist á þessum tíma við starf eða nám, en við eftirgrennslan hafi stefndi fengið staðfest, að hann innritaðist til náms í Kennaraskóla Íslands árið 1969, lauk íþróttakennaraprófi árið 1972 og kennaraprófi árið

1973. Vegna þessa námsferils, sem í sjálfu sér sé virðingarverður, hafi manninn brostið öll skilyrði til að taka við búi í Tungumúla á árinu 1967 eða síðar, því stefnandi muni hafa stundað kennslustörf sem opinber embættismaður í fullu starfi alla tíð frá því að hann lauk kennaraprófi. — Ábúðarréttur stefnanda til handa hafi verið ákveðinn af foreldrum hans með dómssáttinni 29. september 1962. Hann var þá ólögráða og foreldrarnir hafi með réttu talið, að þau þyrftu ekki að spyrja yfirfjárráðanda eða neinn annan en sjálfa sig um réttmæti þessa áskilnaðar í dómssáttinni. Hann var einnig ólögráða, er sömu foreldrar skrifuðu undir afsalið á dskj. 6. Með því afsali séu ákvæði dómssáttar um ábúðarrétt að engu gerð, enda fá þau þá fulla greiðslu í eitt skipti fyrir öll vegna eigna sinna á jörðinni Tungumúla og jarðeigendur lýsi því yfir, að þeir láti falla niður kröfur á hendur ábúandanum, er þeir kunni að hafa átt í sambandi við búsetuna, og ábúendur lýsi því jafnframt yfir, að þau hafi engar frekari kröfur á hendur jarðareigendum varðandi ábúð þeirra á jörðinni. Með þessari yfirlýsingu og þessu afsali hafi ábúendur í eitt skipti fyrir öll niður fellt allar kröfur, sem þau kynnu að hafa átt vegna sjálfra sín og einnig ólögráða sonar síns í sambandi við ábúð jarðarinnar. Til þessa hafi þau haft fullkomið vald sem lögbornir lögráðamenn hins ólögráða sonar. Þau höfðu áskilið honum ábúðarrétt sjálf, og þau sjálf höfðu ein allt vald til þess að láta þetta ákvæði ógilt vera. Þau hafi á þeim tíma álitið, að þau væru að gera einungis hið rétta fyrir sjálfa sig og son sinn, og er mótmælt sem í hæsta máta óviðurkvæmilegu orðalagi, þegar svo er til orða tekið, að þau hafi verið beitt „nauðung og valdníðslu“, og er krafist ómerkingar þessara ummæla. — Það skjóti heldur skökku við að varpa slíku fram, þegar staðreyndir málsins séu þær, eins og fram komi í skjölum sóknaraðilja, að ábúendurnir Björg og Böðvar flytji aftur að Tungumúla 1967 til að nytja hluta af húsum jarðarinnar, hluta ræktaðs lands og hluta óræktaðs lands, vegna góðmennsku stefndu, en þá hafi jörðin verið orðin hluti af jörðinni Haga eftir sameininguna. — Þá sé þess krafist í dómstefnu, að væntanlegur dómur jafngildi byggingarbréfi stefnanda til handa, allt miðað við landstærð, landamerki, ræktun, mannvirki og girðingar, eins og þær voru í fardögum 1967, með einni undantekningu. Þetta sé fjarstæð krafa, sem stefnandi hafi ekki borið við að réttlæta lagalega séð, enda með öllu óhugsandi í framkvæmd. — Krafa um miskabætur og bætur vegna röskunar á stöðu og högum og skaðabætur að upp-

hæð kr. 3.000.000 auk vaxta. Svo sem áður tilvitnuð æviferilsfrásögn stefnanda greini, hafi hann gerst menntamaður og embættismaður í stað þess að verða bóndi. Það megi lengi deila um það, hvor staðan sé betri. Stefndi hyggur, að kennara- og skólastjórastaðan sé bóndastöðunni tryggari og líklegri til tekjuöflunar. Mótmælt sé sem röngu og þýðingarlausu dskj. nr. 7, enda með öllu óljóst, hver hafi átt að vera móttakandi þessa plaggs, sem talið sé ritað 2. maí 1964. Dskj. nr. 8 sé fullgild sönnun um afgreiðslu nýbýlastjórnar ríkisins á erindi eigenda jarðanna Tungumúla og Haga og innfært mótmælalaust til þinglýsingar þá þegar árið 1966. Samkvæmt dskj. nr. 10 hafi stefnandi krafist að fá jörðina Tungumúla til ábúðar í fardögum 1967 án þess að sýna þá eða nokkru sinni síðar, að hann hefði einlægan ásetning og getu til raunverulegs búskapar með þeim skyldum, er ábúandi jarðar taki sér á herðar. Dskj. nr. 11 sýni, að stefnanda er óvefengjanlega gert kunnugt um í aprílmánuði 1967, að Tungumúli sé ekki lengur sérstakt lögbýli. Tómlæti hans þá þegar og lengi síðan hafi gert það að verkum, að hann þegar af þessum ástæðum geti ekki krafist ábúðarréttar. Dskj. 12, 13 og 14 er mótmælt sem þýðingarlausum yfirlýsingum. — Loks vorið 1977 sé krafa gerð og mál þingfest til þess að fá dæmdan ábúðarrétt að jörð, sem sannanlega hafi verið lögð niður sem lögbýli 12 árum áður og nytja húsa að nokkru svo og lands að hluta, hafi foreldrar stefnanda notið sl. 10 ár. Þetta mál sé því einsdæmi að efni til og lögð á það áhersla, að stefnda verði tildæmdur ríflegur málskostnaður vegna tilefnislausrar málsýfingar.

Sýknukröfu sína styðja stefndu landbúnaðar- og fjármálaráðherra f. h. landnámsstjórnar og ríkissjóðs m. a. þeim rökum, sem þeir byggi á þremur meginástæðum, að A. Landnámsstjórn (nýbýlastjórn) sé ekki gerandi hinnar umstefndu sameiningar jarðanna, hún hafi ekki framið eða framkvæmt neitt í því efni, heldur einungis veitt samþykki fyrir sitt leyti, sem hafi verið einbert formsatriði. Sameiningin sé alfarið að frumkvæði og framkvæmd eigandans og á hans ábyrgð, en ekki byggð á neins konar beinni ákvörðun stjórnvalda. Enda sé ekki gerð, í stefnulið 1, krafa um riftun eða ógildingu á samþykki nýbýlastjórnar, heldur einungis, að sameiningin verði úr gildi felld, sem vitaskuld sé ekki á valdi stefndu. Þar sé það eigandans, meðstefnda Bjarna Hákonarsonar, að svara til sakar. Þess vegna sé rangt, sem segi í stefnu, að „kröfuliður 1 beinist að landbúnaðarráðherra vegna Landnámsstjórnar.“ Þvert á móti hljóti stefndu landbúnaðar- og fjármála-

ráðherra að verða sýknaðir, eins og kröfugerð er háttað, og þar á meðal einnig af hlutdeild í málskostnaði samkvæmt 5. tölulið. — B. Jafnvel þótt svo ólíklega færi, að umrætt samþykki nýbýlastjórnar yrði talið einskonar orsök sameiningarinnar, ef svo megi að orði komast, þá þurfi það engu að breyta, þar sem samþykkið hafi verið fullkomlega réttmætt efnislega, eins og málin lágu fyrir. — Í þessu sambandi skuli sérstök áhersla lögð á, að sameiningin hafi alls ekki verið til þess gerð né heldur leitt til þess að hindra ábúð og ábúðarrétt stefnanda á jörðinni Tungumúla, svo sem hv. andst. haldi fram (sic). Þegar nýbýlastjórn hafi veitt samþykki sitt 23. ágúst 1965, hafi legið fyrir, að nærfellt tveim árum áður var jörðin (orðin) laus úr ábúð. Hvernig sem litið verði á ábúðartilkall stefnanda samkv. dskj. 3, þá sé greinilega frá því fallið og á bindandi hátt í dskj. 6, sbr. nánar málsástæðu C hér á eftir. Það athugist, að stefnandi sé orðinn 18 ára, fullvita og fullkunnugt um, hvað um var að ræða, þegar dskj. 6 var undirritað 5. des. 1963, án þess að nokkur fyrirvari væri gerður stefnanda til handa. Meira að segja hafi afsal evt. ábúðarréttar enn frekar áréttað með því að selja meðstefndu allar eignir þeirra á jörðinni, hús, ræktun og mannvirki, í stað þess að láta þær ganga til stefnanda. C. Þá sé að lokum síðasta málsástæðan, sem við taki, ef hinar tvær þrjóti (A og B), og leiða muni, ein fyrir sig eða ásamt hinum, til fullrar sýknu allra hinna stefndu í málinu. Hér sé átt við drátt og aðgerðarleysi stefnanda að halda hugsanlegum ábúðarrétti til laga innan skaplegra tímamarka. Upphaflega hafi verið talað um ábúðarrétt til handa stefnanda í dómssáttinni 29. sept. 1962. Tilkall þetta hafi raunverulega fallið niður 5. desember 1963, svo sem áður væri sagt. Hefði stefnanda hins vegar verið alvara að halda ábúðartilkalli sínu til streytu, hefði hann átt að hefjast handa í síðasta lagi, þegar hann varð lögráða. Það hafi hann þó ekki gert. Það sé ekki fyrr en alllöngu síðar, 3. apríl 1967, að hann tjái sig munu „nota rétt" sinn til ábúðar frá og með fardögum 1967 að telja. Sennilegast hafi þó tilkynning þessi verið mest til málamynda eða að stefnandi hafi ekki haft mikla trú á réttmæti kröfu sinnar, því að það sé fyrst nú, eftir 10 ár frá tilkynningunni (14 ár frá niðurfellingunni á dskj. 6), að hann hefjist handa um málssókn. Þessi langi dráttur hafi að sjálfsögðu aðgerðarleysisverkanir, sem algerlega hljóti að útiloka, að dómkröfur stefnanda nái fram að ganga, hvernig svo sem annars yrði á þær litið. Mótmælin á dskj. 12 og 13 komi hér í engan stað, þar sem þeim var ekki fylgt eftir frekar. Það athug-

ist sérstaklega, að mótmælum þessum var ekki komið á framfæri við nýbýlastjórn né yfirleitt nokkru sinni, fyrr eða síðar, kvartað til hennar út af sameiningunni. Tómlætisverkanir séu því algerar og úrskerandi, hvað stefnu landbúnaðar- og fjármálaráðherra snerti, hvernig svo sem málinu reiði af í aðrar áttir. — Þeir hafi þá gert grein fyrir þeim þremur höfuðástæðum, sem sýknukrafa þeirra byggist á. Vissulega sé fleira athugavert við málssókn þessa. Það sé til dæmis vant að sjá, hvernig landnámsstjórn verði „gert að afmá" þar greindar þinglýsingar, sbr. niðurlag 1. stefnuliðs. Til þess hefði þá þurft að stefna dómaranum sjálfum og hann að víkja sæti. Sérstaklega verði að mótmæla sem röngum og ótilhlýðilegum ummælum stefnanda í dskj. 15 um „nauðung og valdníðslu", bls. 2 neðst, svo og yfirlýsingu á dskj. 7, enda þurfi og að upplýsa, hvað átt sé við „kæra um rán" o. s. frv.

Niðurstaða.

Eigi verður talið, að um aðildarskort sé að ræða í máli þessu og ekkert það athugavert við málatilbúnað stefnanda, sem gæti varðar frávísun málsins.

Svo sem máli þessu er háttað, þykir rétt að fjalla um 1. og 2. kröfulið stefnanda í einu lagi. Með dómssáttinni, sem gerð var á aukadómþingi Barðastrandarsýslu 29. september 1962, var það ákveðið í 1. gr., að Björg Þórðardóttir fengi lífstíðarábúð á jörðinni Tungumúla fyrir sig og son sinn, stefnanda máls þessa, enda segði hann til, áður en hann yrði 22ja ára, hvort hann hygðist nota þann rétt. Með afsali, dags. 5. desember 1963, afsöluðu þau foreldrar stefnanda, Björg og Böðvar, öllum eignum sínum á jörðinni Tungumúla til þeirra feðga, stefnda Bjarna og föður hans Hákonar, allt samkvæmt úttektar- og virðingardómi, sem fram fór á jörðinni þá um haustið, en einmitt þá höfðu þau hjónin brugðið búi og flutt burt af jörðinni. Í afsali þessu lýstu þau foreldrar stefnanda jafnframt yfir því, að þau hefðu engar frekari kröfur á hendur þeim feðgum, sem fyrr eru nefndir, varðandi ábúð á jörðinni. Viðurkennt er af stefnanda, að ábúðarrétti móður hans að umræddri jörð lauk með fyrrgreindu afsali. Með bréfi, dags. 23. ágúst 1965, tilkynnti landnámsstjórn, að nýbýlastjórn samþykkti sameiningu jarðanna Haga og Tungumúla skv. ákvæðum 2. gr. ábúðarlaga nr. 36/1961, og segir í bréfi þessu m. a., að heimilt sé að sammeta jarðirnar í fasteignamati. Þessu bréfi var þinglýst. Með bréfi, dags. 3. apríl 1967, tilkynnti stefnandi sýslumanni

Barðastrandarsýslu, að hann hygðist nota rétt sinn til ábúðar á Tungumúlanum, og óskaði jafnframt eftir því, að sér yrði afhent jörðin á næstu fardögum, en stefnandi er fæddur 1. nóvember 1945. Stefnandi höfðar mál þetta með stefnu, birtri 1. apríl 1977.

Dómarinn lítur svo á, þegar það er virt, sem að framan er rakið, og með hliðsjón af gögnum málsins, að aðgerðarleysi stefnanda við að halda meintum ábúðarrétti sínum til laga, en frá því að hann tilkynnti, að hann hygðist nota og halda til laga meintum ábúðarrétti sínum og þar til stefna í máli þessu var gefin út og birt, liðu tæp 10 ár, þ. e. frá 3. apríl 1967 til 1. apríl 1977, hafi þær verkanir, að þótt um ábúðarrétt til handa stefnanda kunni einhverju sinni að hafa verið að ræða, þá sé hann nú niður fallinn vegna þessa tómlætis hans, því að fram að þeim tíma, er stefna í máli þessu var birt stefndu, þá hafðist hann ekkert það að, sem að lögum gat rofið hið óbreytta ástand.

Telja verður, að aðrar kröfur, sem stefnandi gerir í málinu, séu svo nátengdar ábúðarréttinum, að hann geti ekki haft þær uppi í málinu óháðar honum.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Með því að stefnandi hefur ekki rennt nægilegum stoðum undir þá fullyrðingu sína, sem fram kemur í dskj. nr. 15, að þau hjónin, Björg Þórðardóttir og Böðvar Guðjónsson, hafi verið beitt „nauðung og valdníðslu", þegar þau afsöluðu sér lífstíðarábúðarrétti að jörðinni Tungumúla, þá ber að taka til greina þá kröfu stefnda Bjarna Hákonarsonar, að þau ummæli verði dæmd dauð og ómerk.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Kostnaður stefnanda af rekstri málsins, sem ákveðst kr. 1.174.780, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun til skipaðs talsmanns hans, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 800.000, en hann hefur lagt fram í málinu yfirlit yfir útlagðan kostnað, kr. 374.780. Kostnaður stefnda Bjarna Hákonarsonar af rekstri málsins, sem ákveðst kr. 700.000, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 650.000, en hann hefur í málinu lagt fram málskostnaðarreikning að fjárhæð kr. 900.000.

Mál þetta var þingfest 13. maí 1977, og fór Jóhannes Árnason sýslumaður með það í upphafi og hélt í því nokkur dómþing. Með símskeyti dómsmálaráðuneytisins, dags. 27. júlí 1978, var Rúnar Guðjónsson sýslumaður, Hólmavík, skipaður dómari í málinu,

sbr. 2. mgr. 30. gr. einkamálalaga, og hefur hann farið með málið síðan og kveðið upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Bjarni Hákonarson, landbúnaðarráðherra vegna landnámsstjórnar ríkisins og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Orðin „nauðung" og „valdníðsla" í álitsgerð stefnanda, sem að framan greinir, skulu vera dauð og ómerk.

Málskostnaður fellur niður.

Kostnaður stefnanda af rekstri málsins, sem ákveðst kr. 1.174.780, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun til skipaðs talsmanns hans, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 800.000. Kostnaður stefnda Bjarna Hákonarsonar af rekstri málsins, sem ákveðst kr. 700.000, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 650.000.

Mánudaginn 3. maí 1982.

Nr. 176/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Þorfinni Kristjánssyni
(Örn Clausen hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var af ákæruvaldsins hálfu skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. júní 1981. Ágrip barst Hæstarétti 26. nóvember 1981.

Er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og hann dæmdur til refsingar og ökuleyfissviptingar.

Af ákærða hálfu er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Með bréfi 26. apríl 1982 féll ákæruvaldið frá því, að brot ákærða yrðu heimfærð undir 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 1. mgr. 33. gr. sömu laga, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978, sem vísað var til í ákæruskjali.

Í ákæruskjali er misritað ár það, er brot var framið, 1950 í stað 1978.

Vörn ákærða er byggð á því, að niðurstaða blóðrannsóknar veiti ekki réttar upplýsingar um ástand hans, meðan á akstrinum stóð, þar sem hann hafi neytt áfengis, eftir að honum lauk, en áður en blóðtaka til rannsóknar fór fram. Séu því ósönnuð áfengisáhrif við akstur eða önnur áfengisneysla fyrir aksturinn en lítils háttar neysla hvítvíns með hádegisverði sem í héraðsdómi greinir.

Er ákærði var leiddur fyrir lögregluvarðstjóra stuttu eftir handtöku, gaf hann skýrslu, sem hann staðfesti með undirskrift sinni. Í skýrslu þessari segir, að hann hafi ekki neytt áfengis, eftir að hann hætti að aka.

Samkvæmt skýrslu varðstjórans, sem annar lögreglumaður vottar, var framburður ákærða greinargóður, málfar skýrt, jafnvægi stöðugt, framkoma kurteisleg og áfengisþefur af andardrætti ógreinilegur. Lýsing þessi og það áfengismagn, sem ákærði telur sig hafa neytt, sbr. niðurstöðu blóðrannsóknar, bendir ekki til þess, að hann hafi verið svo ölvaður, að hann vissi ekki, hvað hann var að gera, er hann gaf skýrslu þessa og undirritaði. Ákærði hafði þrisvar sinnum áður verið dæmdur fyrir ölvunarakstur. Var hann því ekki ókunnugur skýrslugjöf í sambandi við þessa tegund brota eða þýðingu hennar.

Niðurstaða héraðsdóms er á því reist, að sannað sé, að ákærði hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Sönnun fyrir áfengisneyslu ákærða, eftir að akstri lauk, er talin felast í þeim framburði Svans Elíssonar lögreglumanns, að ákærði hafi haldið á glasi, er vitnið talaði við hann að Gautlandi 9, sem var heimili fyrrverandi eiginkonu ákærða, Sólvegar Pálmadóttur. Hún skýrði frá því, að sig minnti, að ákærði hefði neytt áfengis, eftir að hann kom heim til hennar. Kvaðst hún halda, að ákærði hefði verið með glas í hendi,

þorir þó ekki að fullyrða það, en „kveðst endilega minna, að svo hafi verið". Þegar þetta skeði, voru þau ákærði og Sólveig skilin að borði og sæng, en þau skildu síðar lögskilnaði. Af framburði konunnar verður ráðið, að hún hafi ekki veitt honum áfengi, meðan á þessari heimsókn hans stóð, og ákærði hefur enga grein gert fyrir því, hvaðan áfengi það hafi komið, sem hann kvaðst hafa neytt þarna. Af framburði lögreglumannsins og eiginkonunnar fyrrverandi verður ekkert ráðið um það, hvað verið hafi í glasi því, sem lögreglumaðurinn segir ákærða hafa haldið á, og eiginkonuna fyrrverandi minnti, að hann hefði haldið á. Verður því ekki fallist á það með héraðsdómara, að sönnuð sé áfengisneysla ákærða, eftir að akstri lauk.

Vitnin Bjarndís Steinþóra Jóhannsdóttir og Inga Ósk Jóhannsdóttir, sem báðar hafa unnið eið að framburðum sínum, kveðast hafa séð áfengisáhrif á ákærða, er hann kom að Vesturbergi 148 stuttu fyrir handtöku. Framburður vitnisins Stefáns Stefensen Tyrfingssonar, sem snæddi hádegisverð með ákærða, er þýðingarlaus um annað en hvítvínsdrykkju ákærða, þar sem þeir skildu, áður en akstur ákærða hófst, og ekki er vitað, hve langur tími leið þar á milli.

Með hliðsjón af alkóhólmagni því, er reyndist í blóðsýni, sem tekið var úr ákærða, og með vísan til skýrslu ákærða fyrir varðstjóra og annarra sakargagna þykir sannað, að hann hafi ekið bifreið undir áhrifum áfengis, og varðar atferli hans við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr.

Ákærði hefur samkvæmt sakarvottorði sætt þessum refsingum vegna ölvunaraksturs, en önnur brot skipta ekki máli um úrlausn þessa máls:

1971 13/10 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 8 mánuði frá 8/5 1971.

1975 20/3 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 20/5 1974.

1975 30/4 í Reykjavík: Dómur: 45 daga varðhald fyrir brot gegn 25., 26., 35. og 37. gr., 38. og 50. gr.

umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 15/1 1975.
1978 20/2 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

Dómarnir frá 20. mars og 30. apríl 1975 hafa ítrekunaráhrif í sambandi við brot það, sem hér er fjallað um.

Hefur ákærði með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Svipta ber ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans þar, svo sem þau voru ákveðin í héraðsdómi, og áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Þorfinnur Kristjánsson, sæti varðhaldi 15. daga.

Ákærli skal sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns þar, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, svo sem þau voru ákveðin í héraðsdómi, svo og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. mars 1981.

Ár 1981, fimmtudaginn 26. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteins-

syni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 123/1981: Ákæruvaldið gegn Þorfinni Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 24. mars sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. september 1978 á hendur ákærða, „Þorfinni Kristjánssyni sölumanni, Gautlandi 9, Reykjavík, fæddum þar í borg 30. september 1950, fyrir að aka laugardaginn 27. maí 1978 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 56622 frá Loftleiðahóteli í Reykjavík að Vesturbergi 148 og eftir stutta viðdvöl þar heim til sín.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. nú 1. mgr. 33. gr. sömu laga, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Mál þetta var dæmt þann 13. október 1978, en var áfrýjað til Hæstaréttar Íslands, og með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum þann 24. september 1980, var dómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Með bréfi, dagsettu 31. október sl., sendi ríkissaksóknari dóminum beiðni um frekari rannsókn málsins, og segir svo í bréfi þessu: „Kvaddir verði fyrir sakadóm til vitnisburðar: 1. Eiríkur Hreinn Helgason, lögreglumaður nr. 136, 2. Kristinn Pedersen, lögreglumaður nr. 98, svo og 3. Rúnar Guðmundsson, aðalvarðstjóri, sbr. urskj. II-1.

Ákærði verði inntur eftir því, með hvaða „kunningjafólki" („kunningjum") hann var staddur að Hótel Loftleiðum og hvaða „konu" hann talaði við að Vesturbergi 148, sbr. framburð ákærða hjá lögreglu 27. maí og 27. júní 1978. Fólk þetta verði kvatt fyrir sakadóm til vitnisburðar.

Eiginkonu ákærða verði gefinn kostur á að bera vitni.

Ákærða verði kynntir allir framburðir og önnur sakargögn í málinu og hann spurður sjálfstætt um sakarefni og það fært til þingbókar. Samprófun fari fram, ef svo ber undir."

Málavextir.

Í skýrslu lögreglunnar í Reykjavík, undirritaðri af Eiríki Hreini Helgasyni lögreglumanni og dagsettri 27. maí 1978, kl. 1710, segir svo orðrétt: „Tilkynning barst til lögreglunnar, að um-

ræddri bifreið hefði verið ekið frá Vesturbergi og væri ferð hennar heitið að Gautlandi 9 í Rvk. Fórum við ofangreindir lögregluþjónar að Gautlandi 9, og fundum við bifreiðina þar. Vél hennar var heit, en ökumaður var ekki sjáanlegur. Var okkur tjáð af íbúum hússins, að ökumaður og eigandi bifreiðarinnar ætti heima á annarri hæð til vinstri.

Knúðum við dyra, og kom Þorfinnur sjálfur til dyra. Nokkur áfengisþefur var af honum, en hann var ekki áberandi ölvaður að sjá. Hann þrætti í fyrstu fyrir að hafa ekið umræddri bifreið. Kvað hann konu sína hafa gert það. Hún neitaði eindregið að hafa snert bifreiðina og sagði bónda sinn hafa verið að koma heim rétt í þessu.

Þorfinnur féllst á að koma með okkur á lögreglustöðina, en bifreiðina skildum við eftir þar á staðnum og lyklana í vörslu eiginkonu Þorfinns.

Aðspurður af Rúnari Guðmundssyni, aðalvarðstjóra, kvaðst Þorfinnur hafa ekið bifreið sinni skömmu áður. Öndunarsýni sýndi 3. stig.

Þorfinnur kvaðst hafa verið að neyta áfengis kvöldið áður og eitthvað fram á nótt. Kvaðst hann hafa sofið 7½ tíma um nóttina og síðan neytt sem svaraði 1/3 úr hvítvínsflösku á tímabilinu 13:30—15:00. Hefði hann verið á Loftleiðahótelinu við þá neyslu. Hann kvaðst ekki hafa neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Að lokinni skýrslutöku var Þorfinnur færður á slysadeild Borgarspítalans til töku blóðsýnis, og fylgir blóðtökuvottorð skýrslu þessari. Um ástand og framburð Þorfinns vísast að öðru leyti til meðfylgjandi varðstjóraskýrslu."

Í framangreindri varðstjóraskýrslu er bókað eftir ákærða, að hann hafi ekki drukkið áfengi, eftir að hann hætti að aka.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar af Gunnari Inga Gunnarssyni lækni kl. 1808 sama dag. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1.95‰.

Í skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 27. júní 1978 skýrði ákærði svo frá: „Þennan umrædda dag var ég staddur á Hótel Loftleiðum ásamt kunningjum. Þar neytti ég léttvíns, drakk úr einu staupi af léttu víni, tegund „hvítvín".

Var það á tímabilinu frá um klukkan 13:30 til 15:00. Um klukkan 16:00 ók ég bifreið minni frá Hótel Loftleiðum, var ég einn í bifreiðinni, og var ferðinni heitið í Breiðholt. Ók ég sem leið lá um Flugvallarveg, Reykjanesbraut, Litluhlíð, Eski-

torg, Hamrahlíð, Kringlumýrarbraut, Miklubraut, Reykjanesbraut, Álfabakka, Arnarbakka, Fálkabakka, Vesturberg að húsi nr. 148. Þar fyrir utan lagði ég bifreiðinni og fyrir inn í nefnt hús (sic). Ég hafði þar tal af konu, sem ég þekki, mun ég hafa dvalið þarna í um það bil fimm mínútur. Þaðan ók ég síðan sem leið lá um Vesturberg, Vesturhóla, Fálkabakka, Arnarbakka, Álfabakka, Reykjanesbraut, Bústaðaveg og um Gautland að heimili mínu Gautlandi 9.

Ég hafði dvalið þar í um fimmtán til tuttugu mínútur, þegar lögregluna bar að og hafði frekari afskipti af mér. Varðandi það, að ég hafi ekki neytt áfengis, eftir að akstri lauk, sbr. skjal nr. 1, vil ég taka fram, að það fyrsta, sem ég gerði, eftir að heim kom, eftir að akstri lauk, var að fá mér „Vodka". Hafði ég drukkið úr tveimur glösum af „Vodka" blönduðu með Coca-Cola, þegar lögregluna bar að.

Mætti kveðst aðspurður ekki hafa fundið til áhrifa við áðurnefndan akstur. Eins og fram kemur, kveðst mætti hafa drukkið út tveimur glösum af „Vodka", sem hann segir, að hafi verið tvöfaldur „sjúss" í hvort skipti, eftir að akstri lauk."

Þann 3. desember sl. kom fyrir dóminn sem vitni Eiríkur Hreinn Helgason lögreglumaður, fæddur 10. september 1955. Vitnið vann eið að framburði sínum og skýrði svo frá: „Vitnið kveðst ekki vita, hver tilkynnti um akstur ákærða. Vitnið taldi, að ekki hafi liðið nema örskotsstund frá því að tilkynnt var um aksturinn og þar til þeir höfðu afskipti af ákærða. Vitnið kvaðst minna, að þeir hafi verið staddir í Breiðholtshverfi og haldið rakleiðis að Gautlandi 9, eftir að tilkynningin barst. Vitnið minnist þess ekki, að ákærði hafi verið með glas í hendi, er hann kom til dyra, en gat þó ekki fullyrt um það. Vitnið minnti að hafa séð konu í íbúðinni, en mundi ekki sérstaklega eftir orðaskiptum við hana. Vitnið mundi ekki eftir að hafa heyrt ákærða tala um, að hann hafi neytt áfengis eftir aksturinn. Vitnið minnist þess ekki að hafa séð merki um áfengisneyslu í íbúð ákærða. Vitnið minnist þess ekki að hafa séð áfengisáhrif á ákærða."

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Kristinn Pedersen lögreglumaður, fæddur 30. maí 1948. Vitnið vann eið að framburði sínum og skýrði svo frá: „Vitnið kvaðst minnast málsatvika. Vitnið kvaðst ekki vita, hver tilkynnti um aksturinn. Vitnið mundi ekki, hvar þeir voru staddir né hve langur tími leið frá því tilkynningin barst og þar til þeir höfðu afskipti af ákærða, en taldi ekki hafa liðið langa stund. Vitnð kvaðst muna eftir ákærða, sem

er ljóshærður og hrokkinhærður. Vitnið kvað þá lögreglumennina hafa farið inn í íbúðina, og var kona þar fyrir. Vitnið mundi ekki eftir orðaskiptum við hana. Vitnð kvaðst ekki muna eftir, að ákærði hafi verið með glas í hendi, en þorði ekki að fullyrða um það. Vitnið minnti, að ákærði hafi verið skólaus og farið í skó, þegar þeir báðu hann að koma með sér. Vitnið minnist þess, að þeim hafi verið tjáð, að ákærði væri nýkominn heim. Vitnið kvað, að áfengislykt hafi verið af ákærða og lítilleg áfengisáhrif sjáanleg á honum."

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Rúnar Guðmundsson aðalvarðstjóri, fæddur 14. október 1927. Vitnið vann eið að framburði sínum og skýrði svo frá, að það minntist ekki sérstaklega, hverju ákærði svaraði, er hann var inntur eftir því, hvort hann hefði neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Vitnið staðfesti varðstjóraskýrslu þá, er það gerði um mál þetta.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Stefán Stefensen Tyrfingsson leigubifreiðarstjóri, fæddur 7. júlí 1945. Vitnið vann eið að framburði sínum og skýrði svo frá: „Vitnið kvaðst ekki vera skylt ákærða, en kvað þá hafa unnið saman á bílasölunni Skeifunni árið 1978—1979.

Vitnið kvaðst oft hafa neytt matar með ákærða á Hótel Loftleiðum í hádeginu á laugardögum. Kvað vitnið, að það myndi eftir þessu tilviki, þar sem ákærði hringdi í vitnið, skömmu eftir að lögreglan hafði afskipti af ákærða og bar á hann að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis. Vitnið kvaðst síðan ekkert hafa rætt við ákærða um málið. Vitnið kvað, að þennan dag hafi verið keypt hálf flaska af léttu víni. Hafi vitnið og ákærði klárað úr flöskunni með matnum kl. 12:30—13:00, en vitnið kvaðst þó ekki alveg visst um tímasetningar. Vitnið kvað ákærða ekki hafa farið á barinn, meðan það var statt þarna. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að ákærði hafi neytt meira áfengis en þessa léttvíns ásamt vitninu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð áfengisáhrif á ákærða. Vitnið minnti, að ákærði hafi setið eftir að vitnið var farið."

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Bjarndís Steinþóra Jóhannsdóttir afgreiðslustúlka, fædd 11. október 1950. Vitnið vann eið að famburði sínum og skýrði svo frá:

„Vitnið kvaðst hafa verið sambýliskona ákærða í nokkra mánuði fyrri part ársins 1978 og hafi þau fyrst búið saman í Kópavogi og síðan að Vesturbergi 148.

Vitnið kvað, að sambúð þeirra hafi verið lokið þann 27. maí 1978.

Vitnið kvað, að Einar Þórðarson hafi hringt til lögreglunnar og tilkynnt um akstur ákærða, en Einar þessi á barn með systur vitnisins. Vitnið kvaðst hafa beðið Einar um að hringja í lögregluna. Kvað vitnið, að ákærði hafi komið á heimili þess að Vesturbergi 148 snarvitlaus til þess að rífast um það, að vitnið rak hann úr íbúðinni, og kvaðst vitnið hafa verið hrætt við ákærða. Vitnið kvaðst hafa séð áfengisáhrif á ákærða, hann hafi slagað og jafnframt hafi verið áfengislykt af honum. Vitnið kvaðst á þessum tíma ekki hafa haft hugmynd um, hvar ákærði bjó. Vitnið kvaðst hafa vitað, að fyrrverandi eiginkona ákærða bjó að Gautlandi 9. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað um það, hvert ferð ákærða var heitið. Vitnið kvað ákærða hafa komið kl. 15:30—16:00 og dvalið í hálftíma. Vitnið kvað ákærða ekki hafa neytt áfengis á heimili vitnisins. Vitnið taldi, að Einar hafi hringt, um leið og ákærði var að fara frá húsinu. Vitnið kvað, að Einar hafi verið í nöp við ákærða, vegna þess að ákærði hélt víni að Einari til þess að fá upplýsingar um hagi vitnisins.

Vitnið kvaðst engan kala bera til ákærða.

Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið ekki minnast þess að hafa látið þess getið við Einar, að ákærði væri á leið í Gautland 9."

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Sólveig Pálmadóttir sjúkraliði, fædd 19. febrúar 1950.

Vitnið kvaðst vera fyrrverandi eiginkona ákærða. Kvað vitnið þau hafa skilið lögskilnaði fyrir 2 árum. Kvað vitnið, að þau hafi verið skilin að borði og sæng, er atburður þeir urðu, er hér er fjallað um. Vitnið kvað þau eiga saman eitt barn, 13 ára gamalt.

Vitninu var bent á ákv. 1. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974. Vitnið kvaðst ekki skorast undan að bera vitni. Áminnt um sannsögli skýrði vitnið svo frá:

„Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir áfengisáhrifum á ákærða, en kvað þau hafa talað lítið saman. Vitnið kvað ákærða stundum hafa komið í heimsókn. Vitnið minnti, að ákærði hafi neytt áfengis, eftir að hann kom heim. Vitnið kvaðst hafa verið inni í eldhúsi, en ákærði hafi verið inni í stofu. Vitnið kvaðst halda, að ákærði hafi verið með glas í hendi, þorði þó ekki að fullyrða það, en kvaðst endilega minna, að svo hafi verið. Vitnið kvaðst minna, að ákærði hafi farið inn í eldhús og náð í glas. Vitnið gat ekki gert sér grein fyrir því, hve langur tími leið, frá því að ákærði kom, þar til lögreglan hafði afskipti af honum, en taldi, að ekki hafi liðið minna en 15—20 mínútur. Vitnið kvað, að ákærði hafi hringt í sig fyrir hálfum mánuði og tjáð sér, að hún mætti búast

við upphringingu út af þessu máli. Annað kvaðst vitnið ekki hafa rætt við ákærða um mál þetta.“

Þann 22. janúar sl. kom fyrir dóminn sem vitni Einar Marel Þórðarson gæslumaður, fæddur 14. maí 1952. Vitnið vann drengskaparheit að framburði sínum og skýrði svo frá:

„Vitnið kvaðst ekki vera skylt ákærða. Vitnið mundi eftir málsatvikum. Ákærði kom á bifreið í íbúð í Vesturbergi í Breiðholtshverfi. Þar voru Inga Ósk og systir hennar. Vitnið kvað, að ruglástand hafi verið á ákærða, og vitnið minnti, að hann hafi verið undir áhrifum. Vitnið kvað, að ákærði hafi undanfarið verið töluverðan tíma undir áhrifum áfengis. Vitnið kvað ákærða bera áfengi vel, en kvaðst ekki geta sagt til um það, hvernig áhrifin lýstu sér. Vitnið mundi það, að það skynjaði það, að ákærði var undir áhrifum áfengis. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort það var undir áhrifum áfengis þennan dag. Vitnið kvaðst ekki muna eftir hegðun ákærða. Vitnið mundi ekki, hve lengi ákærði dvaldi í íbúðinni. Hafi ákærði og systir Ingu Óskar, Bjarndís Steinþóra Jóhannsdóttir, rifist. Ákærði fór út, og þá var hringt til lögreglunnar. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort vitnið eða Bjarndís hringdi. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort lögreglunni var gefið upp, hvert ákærði var að fara. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, hvert ákærði var að fara.

Borin var undir vitnið staðhæfing vitnisins Bryndísar, að vitninu hafi verið í nöp við ákærða. Vitnið kannaðist ekki við, að þetta væri rétt. Vitnið kvað, að ákærði hafi verið leiðinlegur með víni, og af þeirri ástæðu var vitninu illa við ákærða.

Vitnið skýrir nú frá sérstaklega aðspurt, að það treysti sér ekki til að fullyrða um það, hvort ákærði var undir áfengisáhrifum eða ekki.“

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Svanur Elísson lögreglumaður, fæddur 18. janúar 1955. Hvergi var minnst á Svan þennan í skjölum málsins, og kom því í ljós fyrir tilviljun, að hann hefði haft afskipti af málinu. Vitnið vann eið að framburði sínum og skýrði svo frá: „Vitnið kvaðst muna eftir málsatvikum. Vitnið kvað, að tilkynnt hafi verið, að maður væri farinn frá húsi í Breiholti og léki grunur á, að hann væri undir áhrifum áfengis við aksturinn. Vitnið kvaðst hafa verið á mótorhjóli á Bústaðavegi við Grensásveg. Vitnið kvaðst hafa ekið austur Bústaðaveg og tekið eftir hvítum Range Rover efst í Fossvogi við Gautland. Vitnið kvaðst hafa fundið bifreiðina fyrir tilviljun, en ekki verið tilkynnt um, hvert ferð ökumannsins var heitið. Vitnið kvaðst

hafa farið inn í hús og fengið þar upplýsingar hjá fólki, að maður, sem farið hefði inn í íbúð í efstu hæð til vinstri, hefði líklega komið úr bifreiðinni. Vitnið kvaðst hafa talað við ákærða, sem hélt á glasi í hægri hendi. Vitnið kvast ekki geta sagt nákvæmlega til um það, hve langur tími leið, frá því að tilkynningin barst og þar til vitnið hafði tal af ákærða, en taldi, að ekki hefði liðið meira en 5—15 mínútur. Vitnið kvaðst hafa tilkynnt niður á lögreglustöð, um leið og vitnið fann bifreiðina. Hafi síðan aðrir lögreglumenn komið fljótlega og tekið við málinu.

Vitnið kvað, að ákærði hafi virst vera kátur, ekki sýnt nein undrunarmerki og boðið sér strax inn, áður en vitnið bar upp erindið. Vitnið mundi ekki, hvort lögreglumennirnir, sem tóku við málinu, komu inn í íbúðina, en minnti, að svo hefði ekki verið."

Sama dag kom ákærði fyrir dóminn og skýrði frá á sama hátt og hann gerði hjá lögreglunni í Reykjavík þann 27. júní 1978. Ákærði kvaðst ekki hafa drukkið meira en eitt hvítvínsstaup með mat á Hótel Loftleiðum. Kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni einni klukkustund, eftir að hann kláraði úr glasinu. Ákærði kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ákærði kvaðst hafa farið að Vesturbergi 148 og ætlað að hafa tal af fyrrverandi sambýliskonu sinni. Ákærði kvað, að það hafi verið fyrir Steinþóra Jóhannsdóttir, systir hennar og Einar Þórðarson. Kvað ákærði fólk þetta hafa verið kófdrukkið. Ákærði kvaðst ekki hafa dvalið þarna lengur en 2—4 mínútur. Kvaðst ákærði síðan hafa farið að Gautlandi 9 og drukkið þar úr tveim glösum af áfengisblöndu. Kvað ákærði, að tuttugu mínútum síðar hafi Svanur Elísson lögreglumaður komið. Ákærði kvaðst kannast við Svan, en hann hafi komið nokkrum sinnum á bílasöluna, þar sem ákærði starfaði.

Borin var undir ákærða skýrsla varðstjóra, þar sem fram kemur, að ákærði hafi ekki neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Ákærði taldi, að hann hafi skrifað undir þetta án þess að lesa skýrsluna og kvaðst alltaf hafa haldið því fram, að hann hafi neytt áfengis eftir aksturinn.

Aðspurður sagði ákærði, að hann hafi strax boðið Svani inn, en Svanur var þá ekki búinn að bera upp erindið.

Ákærði kvað, að tveir lögreglumenn hafi komið skömmu síðar, og var Svanur þá inni í íbúðinni. Kvað ákærði lögreglumenn þessa hafa komið í gættina og hafi hann farið með þeim.

Bornir voru undir ákærða vitnaframburðir í máli þessu.

Ákærði kvað ekki ástæðu til að gera athugasemdir við vitnaframburði, en kvað sinn framburð vera þann rétta í máli þessu.

Þann 12. mars sl. kom fyrir dóminn sem vitni Inga Ósk Jóhannsdóttir húsmóðir, fædd 15. nóvember 1953. Vitnið vann eið að framburði sínum og skýrði svo frá: „Vitnið skýrði svo frá, að það hafi verið statt á Vesturbergi 148, er ákærði kom þangað á Range Rover bifreið. Vitnið kvaðst hafa séð áfengisáhrif á ákærða. Vitnið kvaðst sjálft hafa talað við ákærða og heyrt það á máli hans, að hann var undir áfengisáhrifum. Vitnið kvaðst hafa þekkt ákærða það vel, að það sá vel, að ákærði var undir áfengisáhrifum.

Vitninu kvaðst vera kunnugt um, að ákærði stamar.

Vitnið kvað, að ákærði hafi farið fljótlega, og þá hringdi Einar á lögregluna."

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Eiríkur Hreinn Helgason lögreglumaður.

„Vitninu var gerð grein fyrir því, að fyrri eiðvinning þess í málinu gildi í þessu þinghaldi.

Vitnið var spurt að því, hvernig á því stndi, að í frumskýrslu þess er ekki minnst á það, að 3. lögreglumaðurinn, Svanur Elísson, hafði afskipti af málinu og var staddur í íbúð ákærða, er þeir komu á staðinn. Vitnið kvaðst ekki geta gefið skýringu á þessu. Vitnið kvað, að Svanur hafi fært þetta í tal við sig, eftir að hann mætti fyrir dómi í máli þessu, og kvað vitnið sig minna nú, að Svanur hafi verið þarna á staðnum.

Vitnið minnir, að það hafi farið inn í íbúð ákærða."

Sama dag kom fyrir dóminn aftur sem vitni Kristinn Pedersen lögreglumaður.

„Vitninu var gerð grein fyrir því, að fyrri eiðvinning þess í málinu gildi í þessu þinghaldi.

Vitnið kvað það hafa rifjast upp fyrir sér nú nýlega, að Svanur var í íbúð ákærða, er vitnið og Eiríkur komu á staðinn. Vitnið kvaðst visst um það, að það hafi farið inn í íbúð ákærða.

Vitnið kvaðst hvorki hafa samið né undirritað frumskýrslur í málinu.

Vitnið kvað, að hefði það verið spurt um þátt Svans, er það mætti síðast, hefði það örugglega rifjast upp fyrir sér."

Sama dag kom aftur fyrir dóminn sem vitni Svanur Elísson lögreglumaður.

„Vitninu er gerð grein fyrir því, að fyrri eiðvinning þess í málinu gildi í þessu þinghaldi.

Vitnið kvaðst hafa, áður en atburðir þessir urðu, komið með bíl á bílasöluna, þar sem ákærði starfaði. Vitnið kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvenær þetta var.

Vitninu virtist, er það hafði tal af ákærða í íbúð hans þann 27. maí 1978, að hann kannaðist við sig vegna þessara viðskipta."

Niðurstöður.

Með hliðsjón af framburði ákærða og vitnisins Svans Elíssonar lögreglumanns verður að telja sannað, að ákærði hafi neytt áfengis að heimili sínu, eftir að akstri lauk, og verður því ekki byggt á niðurstöðu alkóhólrannsóknar við úrlausn máls þessa. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni einni klukkustund eftir að hann kláraði úr einu hvítvínsstaupi með mat á Hótel Loftleiðum. Fær framburður ákærða stoð í framburði vitnisins Stefáns S. Tyrfingssonar. Er því ósannað, að ákærði hafi neytt meira áfengis fyrir akstur bifreiðar sinnar en þessa hvítvínsstaups.

Vitnin Bjarndís S. Jóhannsdóttir og Inga Ósk Jóhannsdóttir hafa borið, að þau hafi séð áfengisáhrif á ákærða, er hann kom í íbúð að Vesturbergi 148, en vitnið Einar Marel Þórðarson hefur ekki treyst sér til að fullyrða, hvort ákærði var þá undir áfengisáhrifum eða ekki. Því er ekki að neita, að verulegar líkur benda til þess, að ákærði hafi ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis, en með hliðsjón af ósamræmi í framburði síðastgreindra vitna og einnig, að langur tími leið frá atburðum, þar til vitnin komu fyrir dóm, þykir með vísan til 108. gr. laga um meðferð opinberra mála varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni undir slíkum áhrifum áfengis, er í 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga getur. Ber því að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu og leggja kostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Rétt er að taka fram, að í frumskýrslu lögreglumannsins Eiríks Hreins Helgasonar, er hvergi minnst á þátt lögreglumannsins Svans Elíssonar í máli þessu, og ber að víta slík vinnubrögð.

Dómsorð:

Ákærði, Þorfinnur Kristjánsson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 5. maí 1982.

Nr. 200/1981. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Þórarni Ásgeiri Samúelssyni
(Guðmundur Markússon hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ökuhraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 14. ágúst 1981, og er málinu áfrýjað til þyngingar af hálfu ákæruvalds. Ágrip barst Hæstarétti 7. apríl 1982.

Af hálfu ákæruvalds er hér fyrir dómi krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Verjandi krefst sýknu eða að refsing verði niður felld og að sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur á ríkissjóð.

Í ákæruskjali 24. mars 1981 er bifreið ákærða ranglega tilgreind X 3176, en á að vera Y 3176, svo sem í héraðsdómi greinir. Þrátt fyrir þessa misritun er unnt að leggja dóm á ákæruefnið, sbr. 118. gr., 3. málsgr., laga nr. 74/1974.

Staðfesta ber refsiákvörðun héraðsdóms, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 2.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Þórarinn Ásgeir Samúelsson, greiði allan

kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Markússonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 8. maí 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 6. maí 1981, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 24. mars 1981, „á hendur Þórarni Ásgeiri Samúelssyni bifreiðarstjóra, Hófgerði 17 í Kópavogi, fæddum 17. ágúst 1930 á Vindheimum í Tálknafirði, Vestur-Barðastrandarsýslu, fyrir að aka mánudaginn 8. september 1980 bifreiðinni X 3176 með 81 kílómetra hraða vestur Hringbraut austan Bjarkargötu í Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976 og lög nr. 16/1977, sbr. samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 318/1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Samkvæmt framburði ákærða, lögregluskýrslum svo og öðrum gögnum málsins eru málavextir þeir, að mánudaginn 8. september 1980 ók ákærði bifreiðinni Y 3176 vestur Hringbraut, og mældist hraði hennar samkvæmt radarmælingu lögreglunnar í Reykjavík 81 km á klst. Á þeim vegarkafla, er mæling fór fram, er heimilaður hámarkshraði á klst. 50 km. Aðstæður þar voru eftirfarandi:

Birta og sólskin, yfirborð vegar malbikað og þurrt og ekið fram hjá gangbraut og strætisvagnabiðstöð.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu þann 26. janúar sl., þar sem hann viðurkenndi að hafa ekið á ólögmætum hraða, svo sem segir í skýrslu lögreglu, dskj. nr. 1. Kvaðst hann þó ekki hafa fylgst með hraðamæli bifreiðarinnar. Taldi hann aksturinn hafa farið fram við bestu skilyrði, ekki mundi hann eftir fólki við biðstöð þá, er hann ók fram hjá, en hugsanlega hafi verið fólk á gangbraut, syðri akrein.

Ákærði kom fyrir dóm þann 23. febrúar 1981, þar sem hann staðfesti fyrri framburð sinn. Kvaðst hann ekki geta vefengt mælingu lögreglumannanna, sem í skýrslu sinni telja ökuhraða

umrætt sinn hafa verið 81 km/klst., enda hafi bifreið sú, sem hann ók, verið ný í hans eigu og leyni hraða vel. Hann telji sig hins vegar ekki hafa framið afbrot með þessum akstri, þar sem aðstæður hafi allar verið hinar ákjósanlegustu.

Fyrir dómi þann 6. maí sl. lýsti ákærði því yfir, að hann óskaði ekki eftir að halda uppi vörnum að öðru leyti en því, að bókuð yrði krafa hans um sýknu, þar sem aksturskilyrði voru, þá er akstur sá, er ákært er fyrir, fór fram, eins og best var á kosið, engar tálmanir verið né neitt það, er hættu gæti valdið, þótt ákærði hefði ekið á 81 km hraða.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, lögregluskýrslum svo og öðrum gögnum málsins þykir nægjanlega sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er að sök gefin í ákæruskjali og þykir þar að öllu leyti réttilega heimfærð til refsiákvæða. Þó athugast, að bifreið sú, er tilgreind er í ákæruskjali, ber skráningarmerkið Y 3176, en þessi ónákvæmni í ákæru veldur þó hvorki frávísun né sýknu. Þá þykir það eigi heldur hafa áhrif á framangreinda niðurstöðu, að aksturssskilyrði voru góð, er framangreindur akstur ákærða fór fram, enda eru tilvitnuð ákvæði umferðarlaga fortakslaus.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1957 27/9 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
1958 17/9 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir óskráða bifreið.
1967 8/2 í Reykjavík: Dómur: 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 26., 37. og 48. gr. umferðarlaga.
1967 17/11 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í ofangreindu máli, 1.000 kr. sekt fyrir þar greind brot.
1969 23/9 í Kópavogi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.
1970 7/4 í Kópavogi: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 38., 48., og 51. gr. umferðarlaga.
1971 29/1 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. umferðarlaga.
1972 17/2 í Kópavogi: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 231. gr. hegningarlaga, 2. mgr. 14. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 38. gr., 6. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða þykir eftir þeim refsilagaákvæðum, sem ákært er eftir, hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 600.00, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Þá dæmist ákærði til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Þórarinn Ásgeir Samúelsson, greiði sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 600.00, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. maí 1982.

Nr. 250/1982. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Birgi Kristjánssyni
(Þorvaldur Ari Arason hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað að ósk ákærða með stefnu 19. nóvember 1981. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd. Ágrip barst Hæstarétti 25. mars 1982.

Með bréfi 26. apríl 1982 hefur ríkissaksóknari lýst yfir því, að af hálfu ákæruvalds séu niður felldar úr ákæruskjali 30.

september 1981 tilvitnanir í 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Héraðsdómari hefur réttilega sakfellt ákærða fyrir brot þau, sem honum eru gefin að sök í ákæru, og varða brotin við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1 gr.

Eftir að héraðsdómur gekk, hefur ákærði sætt 3.000.00 króna sekt með dómi sakadóms Reykjavíkur 2. desember 1981 fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga svo og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Ákærði hefur margsinnis sætt refsingum fyrir ölvunarakstur, svo sem sakavottorð hans ber með sér. Refsingu hans ber að ákveða með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuréttindi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Kristjánsson, sæti fangelsi 2 mánuði.

Hann er sviptur rétti til að öðlast ökuréttindi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknrlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Ara Arasonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. október 1981.

Ár 1981, mánudaginn 26. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 462/1981: Ákæruvaldið gegn Birgi Kristjánssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. september sl., á hendur ákærða, „Birgi Kristjánssyni húsasmíðgerðarmanni, Strandaseli 2, Reykjavík, fæddum þar í borg 22. október 1944, fyrir að aka föstudaginn 31. júlí 1981 undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt bifreiðinni G 12108 frá Drápuhlíð 19 í Reykjavík áleiðis að versluninni Málaranum við Grensásveg, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans í Hlíðahverfi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Föstudaginn 31. júlí sl., um kl. 1635, ók ákærði bifreiðinni G 12108, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt, frá Drápuhlíð áleiðis að versluninni Málaranum við Grensásveg, en lögreglan stöðvaði akstur hans í Stigahlíð.

Ákærði hafði skömmu fyrir aksturinn drukkið erlendan bjór að Drápuhlíð 19.

Ákærði neytti ekki áfengis, eftir að akstri lauk.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar af Ólafi Gísla Jónssyni lækni kl. 1705 sama dag. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1.37‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

1961 1/2 í Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. og 48. gr. umferðarlaga.

1962 7/12 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1963 7/2 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 1.500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 3. mán. frá 7/2 1963, fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.

1963 28/6 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.

1963 6/9 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: Varðhald í 8 daga fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

1965 14/4 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi, skilorðsb. í 2 ár, fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarlaga.

1965 19/10 í Reykjavík: Dómur: 4.000 kr. sekt fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 19/10 1965.

1966 7/10 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga. (Rofið skilorð dóms 14/4 1965).

1966 21/11 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 2. gr. laga nr. 73/1952.

1968 14/11 í Árnessýslu: Dómur: 20 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 24. maí 1968.

1969 3/2 í Gautaborg: Dómur: „Skyddtillsyn" í 3 ár fyrir þjófnað.

1969 12/6 í Reykjavík: Dómur: 7. mán. fangelsi fyrir brot á 244. og 259. gr. hegningarlaga og umferðarlögum.

1971 10/6 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.

1972 14/1 í Reykjavík: Dómur: 20 mán. fangelsi fyrir brot á 110., 155., 244., 248. og 259. gr. hegningarlaga.

1974 17/10 í Reykjavík: Dómur: 7 mán. fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 244. og 248. gr. hegningarlaga.

1975 7/2 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 155. gr. og 248. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.

1975 7/10 í Reykjavík: Dómur: 15 mán. fangelsi fyrir brot á 155., 244., 247. og 248. gr. hegningarlaga (hegningarauki).

1975 10/11 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

1976 25/8 í Reykjavík: Sátt, 70.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25.

gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 25/8 1976.

1978 19/12 í Reykjavík: Dómur: 150.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 23/9 1978.

1978 20/2 Reynslulausn í 3 ár á eftirstöðvum refsingar, 146 dögum.

1979 10/12 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga (óafplánaðir fangelsisdagar skv. eldri dómum innifaldir).

1980 3/6 í Reykjavík: Dómur: Ákæru fyrir brot á 155., 247. og 248. gr. hegningarlaga vísað frá dómi.

1980 12/12 í Reykjavík: Sátt, 200.000 kr. sekt fyrir brot á 27. og 50. gr. umferðarlaga.

1980 22/12 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga (hegningarauki).

1981 26/6 í Reykjavík: Dómur: 12 mán. fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga, 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.

1981 10/8 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 25., og 50. gr. umferðarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 33. gr. áfengislaga. Með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin 9.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 30 daga.

Þar sem ákærði hefur þegar verið sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt, þykir ekki þörf á að kveða frekar á um ökuleyfissviptingu hans hér.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Kristjánsson, greiði 9.000.00 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 7. maí 1982.

Nr. 27/1980. **Íslenskir aðalverktakar s/f og Samvinnutryggingar g/t,**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
Helga Thorberg og Hagtrygging h/f
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Árna Sigurpálssyni og gagnsök
(Othar Örn Petersen hrl.).

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Íslenskir aðalverktakar s/f og Samvinnutryggingar g/t hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. mars 1980. Þeir krefjast þess, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda og hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Helga Thorberg og Hagtrygging h/f hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1980. Þau krefjast þess aðallega, að þau verði sýknuð af öllum kröfum gagnáfrýjanda og honum gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur gagnáfrýjanda á hendur þeim verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi, Árni Sigurpálsson, hefur að fengnu gagnáfrýjunarleyfi, útgefnu í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 1. ágúst 1980, gagnáfrýjað með stefnum 27. ágúst 1980. Gagnáfrýjandi gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjendum verði gert að greiða honum in solidum 44.962.32 krónur auk 13% ársvaxta frá 21. desember 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 22. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 1.

september 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur verið lagður fram nýr útreikningur á örorkutjóni gagnáfrýjanda, gerður af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi, dags. 7. apríl 1982. Í útreikningi þessum eru tekjur skv. fyrri útreikningum umreiknaðar með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa á kauptöxtum síðan í ársbyrjun 1980.

Miðað við þann tekjugrundvöll og tap tekna í samræmi við örorkumat reiknast tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 8 mánuði	kr. 10.428.00
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	— 63.380.00
Samtals kr.	73.808.00

Málavextir eru raktir í héraðsdómi.

Samkvæmt vottorði gatnamálastjóra 19. nóvember 1979 var Suðurlandsbraut skipt í akreinar á því svæði, þar sem árekstrarnir urðu, þegar á árinu 1968. Ökumenn bifreiðanna vissu um akreinaskiptinguna og óku eftir Suðurlandsbraut að Hallarmúla samkvæmt því.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um óskipta skaðabótaábyrgð allra aðaláfrýjenda á tjóni gagnáfrýjanda.

Með vísan til hins nýja örorkutjónsútreiknings þykir mega taka bótakröfu gagnáfrýjanda fyrir tímabundna og varanlega örorku til greina óbreytta, þ. e. 39.962.32 krónur með vöxtum, eins og krafist er, og hefur þá verið tekið tillit til greiðslna, sem hann hefur fengið frá vinnuveitanda sínum og Tryggingastofnun ríkisins. Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um miskabætur, 4.000.00 krónur.

Einnig ber aðstaðfesta ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt 11.000.00 krónur í málskastnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Íslenskir aðalverktakar s/f, Samvinnutryggingar g/t, Helga Thorberg og Hagtrygging h/f, greiði gagnáfrýjanda, Árna Sigurpálssyni, óskipt 43.962.32 krónur auk 13% ársvaxta frá 21. desember 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 22. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt 11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Svo sem í héraðsdómi greinir, var syðri hluta Suðurlandsbrautar skipt í tvær akreinar á þeim stað, er hinir umdeildu árekstrar urðu á, og hefur svo verið frá árinu 1968. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því hins vegar haldið fram, að akreinaskipting hefði ekki sést af yfirborðsmerkingum á akbraut á þeim tíma, er árekstrarnir urðu. Af rannsóknargögnum er ekki ljóst, hvort yfirborðsmerkingar hafi sýnt akreinaskiptinguna greinilega, en hlutaðeigandi ökumenn vissu um hana og óku samkvæmt því. Má því leggja akreinaskiptingu akbrautarinnar til grundvallar niðurstöðu í málinu.

Með þessari athugasemd er ég sammála dómi meiri hluta dómenda Hæstaréttar.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. desember 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. þ. m., er höfðað fyrir bæj-

arþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 23. apríl 1979 og 26. apríl 1979.

Stefnandi málsins er Árni Sigurpálsson sjómaður, Lækjargötu 18, Hafnarfirði.

Stefndu eru Íslenskir aðalverktakar s/f, Samvinnutryggingar g/t, Helga Thorberg, Suðurgötu 18, og Hagtrygging h/f, allir í Reykjavík.

Stefnandi gerir nú þær kröfur, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda „kr. 4.496.232 auk 13% ársvaxta frá 21. desember 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þ. d. til 22. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þ. d. til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þ. d. til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þ. d. til 1. desember 1979 og 31% ársvaxta frá þ. d. til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá L.M.F.Í., þar með talinn útlagður kostnaður."

Stefndu Helga Thorberg og Hagtrygging h/f gera þær réttarkröfur aðallega, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað eftir mati réttarins. Til vara krefjast þessir stefndu, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar, en málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Stefndu Íslenskir aðalverktakar s/f og Samvinnutryggingar g/t krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins.

Sáttaumleitanir af hálfu dómarans hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

I.

Um tildrög málsins segir m. a. svo í stefnu málsins:

„Málavextir eru þeir, að þriðjudaginn 21. des. 1976 ók stefnandi máls þessa fólksbifreiðinni R-28377 austur Suðurlandsbraut á vinstri akrein. Er bifreiðin var stödd skammt vestan við gatnamót Hallarmúla og Suðurlandsbrautar, sveigði vörubifreiðin J-163, eign stefnda Íslenskra Aðalverktaka sf., sem ók hægra megin samsíða stefnanda, til vinstri yfir á akrein stefnanda og straukst við hægri hlið hans, en beygði síðan til hægri. Við þetta steig ökumaður R-28377 á hemlana og reyndi að sveigja frá, og skipti þá engum togum, að bifreiðin R-47934, eign stefndrar Helgu Thorberg, sem ók austur Suðurlandsbraut næst á eftir, lenti á bifreiðinni R-28377 og skemmdi hana talsvert auk þess sem ökumaðurinn, stefnandi máls þessa, hlaut af varanleg meiðsl.

Verður að telja, að ökumenn J-163 og R-47934 brjóti umferðarlög með þeim hætti, að þeir eigi alla sök á tjóni stefnanda með aksturslagi sínu. Stefnandi krafði Hagtryggingu hf. um bætur vegna tjónsins, en bifreiðin R-47934 er tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá því félagi. Hefur það neitað öllum bótakröfum og vísað á Samvinnutryggingar gt., en bifreiðin J-163 er tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá því félagi. Hefur það einnig vísað öllum bótakröfum á bug."

Stefnandi, sem kveðst hafa fengið slæman hálsáverka við árekstur inn, hefur í máli þessu krafið stefndu um skaðabætur vegna þess tjóns, sem hann varð fyrir.

Lögreglunni var tilkynnt um árekstur þennan kl. 0923, og fóru tveir lögregluþjónar á vettvang. Annar þeirra gerði uppdrátt af vettvangi, en hinn tók saman skýrslu um atburðinn. Í skýrslunni segir m. a. svo:

„Þarna hafði bifreiðinni R-47934 verið ekið aftan á bifreiðina R-28377. Báðar bifreiðarnar voru á vinstri akrein á leið austur Suðurlandsbraut, staddar þar sem umferðareyja skipti akbrautinni í tvennt, við gangbraut vestan móta Hallarmúla. Fremri bifreiðin var talsvert mikið skröpuð á hægri hlið, og báru báðir ökumennirnir, að grænni Bens vörubifreið, J-163, hefði verið ekið á hægri akrein, samhliða fremri bifreiðinni, þ. e. R-28377, sveigt til vinstri á R-28377 og síðan beygt til hægri suður Hallarmúla, án þess að sinna þessu að nokkru.

Vitni gaf sig fram þarna á staðnum og kvaðst heita Ingimar Ólafsson, Eykjuvogi 24, Rvík, sími 35284. Hann sagðist hafa ekið á eftir J-163 og bar það sama og að framan greinir.

Ökumaður R-47934 kvaðst hafa ekið austur Suðurlandsbraut á vinstri akrein með um 30—40 km hraða, næst á eftir R-28377, litið aðeins af henni til að huga að umferð á gangbrautinni framundan, séð svo, að R-28377 var um það bil að stöðvast og vörubifreiðin að aka utan í hann, hemlað þá eins og hægt hefði verið, en það ekki nægt og árekstur orðið hjá sér, en vörubifreiðin ekið brott án þess að sinna sínum þætti í þessu.

Ökumaður R-28377 kvaðst hafa ekið austur Suðurlandsbraut á vinstri akrein með um 30—40 km hraða við hliðina á J-163, framarlega. Þegar þeir hefðu komið að gangbrautinni, hefði vörubifreiðin sveigt að sér og þröngvað sér upp á umferðareyjuna og strokist við alla hægri hliðina á bifreið sinni, en beygt svo til hægri suður Hallarmúla. Hann sagðist hafa hemlað, er hann hefði séð, hvað verða mundi, og reynt að sveigja frá, en það ekki nægt.

Rétt í því að bifreið hans hefði verið að stöðvast, hefði komið talsvert högg aftan á hana. Hann kvartaði um eymsli í hálsi og baki og mun hafa farið á Slysadeild Borgarspítalans til athugunar vegna þess.

Um kl. 11:00 hafðist upp á ökumanni J-163. Hann kvaðst hafa ekið á þessum tíma (um kl. 09:20) austur Suðurlandsbraut á hægri akrein með um 30 km hraða, hægt á sér við gatnamótin og beygt til hægri suður Hallarmúla. Hann sagðist hafa vitað af umferð á vinstri akreininni, heyrt einhverja skruðninga, er hann hefði tekið beyjuna, en ekki orðið var við, að hann kæmi sjálfur við neinn. Hann kvaðst hafa orðið var við árekstur hinna bifreiðanna nokkru síðar, en ekki séð, er hann varð, og ekki hafa sett sínar ferðir nokkuð í samband við það.

Greinileg ákoma, með nýjum rauðum lit, var á stiga og aurhlíf á vinstri hlið vörubifreiðarinnar, en skemmdir á henni ekki sjáanlegar.

Á R-47934 voru bæði frambretti, „grill", vélarhúslok og framhöggvari dældað og bogið, bæði stefnuljós að framan brotin, og kælivatn lak af bifreiðinni.

Á R-28377 var öll hægri hlið dælduð og rispuð og spegill brotinn af hægra megin. Að aftan voru afturhurðir og afturgafl dældað. Það skal tekið fram, að bifreið þessi ber samskonar rauðan lit og var á ákomustöðum vörubifreiðarinnar."

Stefnandi gaf skýrslu hjá slysarannsóknardeild lögreglunnar 25. janúar 1977. Kvað hann ofangreinda skýrslu lögreglunnar rétta svo og uppdrátt af vettvangi. Hann skýrði jafnframt svo frá: „Ég fékk mikið högg, þegar bifreiðin R-47934 lenti aftan á bifreið minni, og fékk við það mikla verki í háls, skömmu eftir árekstur-inn. — Fór ég þá strax á slysavarðstofuna til rannsóknar. — Kom í ljós, að um mikla tognun í hálsi var að ræða, og var ég settur í kraga. — Það er langt frá því, að ég sé búinn að ná mér nú, og stunda ég endurhæfingu á endurhæfingarstöð lamaðra og fatlaðra að Háaleitisbraut 13 Rvík. Ég hef verið alveg frá vinnu síðan slysið varð. — Hvað varðar áreksturinn sjálfan, hef ég engu við að bæta, það sem fram kemur í lögregluskýrslunni. —"

Stefnandi hefur hér fyrir dómi 22. október 1979 gefið svofellda skýrslu: „Ég hafði oft áður ekið austur Suðurlandsbraut á þessum kafla, sem um ræðir í málinu. Ég man ekki, hvort syðri hluti akbrautar Suðurlandsbrautar var skipt í akreinar með þar tilheyrandi mekjum. Í nefnt sinn ók ég Skúlagötu upp á Laugaveg og áfram þá götu á enda og inn á Suðurlandsbraut. Mig minnir,

að ég hafi ekið á vinstri akrein yfir ljósin á Kringlumýrarbraut og allt þar til árekturinn varð, en ég man þetta ekki fyrir víst. Ég var að koma frá pósthúsinu við Hafnarstræti og var á leiðinni inn að pósthúsinu í Árbæjarhverfi. Í lögregluskýrslunni er haft eftir mér, að ég hafi ekið við hliðina á J-163, framarlega, og er það rétt eftir mér haft, en þar á ég við, að framhjól bifreiðar minnar voru á móts við mitt stýrishús vörubifreiðarinnar eða nálægt því. Ég dró vörubifreiðina frekar uppi. Það skeði mjög skyndilega, að vörubifreiðinni var sveigt að bifreið minni með þeim afleiðingum, að vörubifreiðin þröngvaði sér þannig upp að minni bifreið, að ég varð að sveigja bifreið mína til vinstri upp á umferðareyjuna, sem var mér á vinstri hönd. Ég man ekki, hvað eyjan var breið, þar sem hún var breiðust, en vinstra framhjól bifreiðar minnar, og ég reikna með, að vinstra afturhjólið einnig, fór rétt inn fyrir syðri brún eyjarinnar. Ég reyndi að hemla, um leið og ég sveigði frá, en það nægði ekki til að forða bifreið minni undan vörubifreiðinni. Þegar bifreið mín var að stöðvast, var bifreiðinni R-47934 ekið aftan á bifreið mína. Ég tel, að árekstur sá hafi orðið nálægt þeim stað, sem síðastgreind bifreið er teiknuð á uppdráttinn á lögregluskýrslunni. Ég hafði ekki hugmynd um, að bifreiðinni R-47934 var ekið á eftir mér í nefnt sinn. Ég ætlaði að aka austur Suðurlandsbrautina. Ég hemlaði samkvæmt ósjálfráðum viðbrögðum í nefnt sinn og nokkuð skyndilega. Hálka var á veginum. — Ég var starfsmaður Póststofunnar í Reykjavík, þegar ég varð fyrir slysinu. Eftir slysið vann ég ekki meir hjá Póststofunni. Eftir slysið fékk ég greitt kaup í einn og hálfan mánuð, að því er mig minnir frá Póststofunni, og eftir það fékk ég nokkrar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins. Ég hefi enn þrautir í hálsi sem afleiðingar slyssins, einkum þegar ég þreytist. Slík óþægindi hafði ég ekki fyrir slysið. — Ég vil taka fram, að ég jafnaði mig fljótlega eftir slysið, sem ég varð fyrir 27. júlí 1973 og fékk ekki nein varanleg óþægindi sem afleiðingar þess slyss."

Vitnið Ingimar Ólafsson gaf skýrslu hjá lögreglunni 26. janúar 1977. Var þá m. a. fært til bókar:

„Þegar árekturinn varð, var ég á leið austur Suðurlandsbraut, og ók ég bifreiðinni R-20993. Þegar ég var kominn austur fyrir Kringlumýrarbraut, var ég á hægri akrein á eftir bifreiðinni J-163, en ein bifreið var á milli. Þegar bifeiðin J-163 nálgaðist Hallarmúla, var henni sveigt til vinstri, verulega inn á vinstri akreinina, og rakst hún þá utan í bifreiðina R-28377, sem ekið var

eftir vinstri akreininni við hlið J-163. Við þetta lenti bifeiðin R-28377 uppi á umferðareyju á miðju götunnar, en síðan hægra megin niður af henni, og þar var bifreiðin stöðvuð. Í sama bili bar þar að bifreiðina R-47934, og rakst hún allharkalega aftan á R-28377. — Ég hef athugað uppdrátt lögreglunnar af vettvangi og tel hann réttan. Eftir árekturinn var bifreiðinni J-163 ekið suður Hallarmúla og stöðvuð við hægri gangstéttarbrún, skammt norðan Múlakaffis."

Ingimar Ólafsson gaf skýrslu hér fyrir dómi 14. nóvember 1979 og lýsti þá ofangreinda skýrslu sína rétta. Hann greindi jafnframt svo frá: „Ég ók í umrætt sinn inn Laugaveg og yfir Kringlumýrarbraut. Ég man ekki, hvorum megin á akbrautinni ég ók inn eftir, en rétt áður en ég kom á árekstursstaðinn, ók ég hægra megin á akbrautinni. Ég man ekki, hvort Suðurlandsbrautin hafði merktar akreinar þarna, en tvöföld röð bifreiða óku inn Suðurlandsbrautina í umrætt sinn. Mig minnir, að þó nokkur umferð hafi verið á þessum kafla Suðurlandsbrautarinnar í umrætt sinn. Ég man ekki, á hvaða hraða ég ók í umrætt sinn. Mig minnir, að bifreiðin, sem ekið var á undan mér, hafi verið lítil fólksbifreið, en ég man ekki meira um hana að segja. Ég varð ekkert var við þá bifreið, eftir að árekstur varð. Ég sá, þegar vörubifreiðin beygði til vinstri yfir á vinstri akreinina og fór utan í Escord bifreiðina. Vinstri hjól Escord bifreiðarinnar fóru upp á eyjuna. Vörubifreiðin og Escord bifreiðin voru báðar á hreyfingu, þegar vörubifreiðinni var ekið utan í Escordinn. Ég þekkti ekki ökumann R-28377, Árna Sigurpálsson, og hafði engin samskipti haft við þennan mann, þegar árekturinn varð. Ég minnist þess heldur ekki að hafa séð mann þennan í annað skipti eftir þetta atvik. Ég man nú ekki, hvort ég tók nákvæmlega eftir, þegar bifreiðinni R-47934 var ekið aftan á Escord bifreiðina."

Vitnið Magnús Thorberg, ökumaður bifreiðarinnar R 47934, mætti hjá lögreglunni 26. janúar 1977. Var honum þá kynnt lögregluskýrslan og sýndur uppdráttur af vettvangi. Hann kvaðst telja uppdráttinn réttann og það, sem eftir honum er haft í skýrslu lögreglunnar. Kvaðst hann engu hafa að bæta við fyrri framburð sinn.

Magnús Thorberg gaf skýrslu hér fyrir dómi 14. nóvember 1979. Vitnið segir, að vörubifreiðin J 163 hafi verið yfirbyggð og af stærstu gerð. Vitnið telur tvímælalaust, að vörubifreiðin J 163 hafi dregið bifreið vitnisins og bifreiðina R 28377 uppi, enda kveðst vitnið skyndilega hafa séð vörubifreiðina þröngva bif-

reiðinni R 28377 til vinstri, en vitnið kveðst ekki muna, hvort bifreiðin R 28377 fór með vinstri hjólin upp á umferðareyjuna. Vitnið kveðst hins vegar hafa séð, þegar vörubifreiðin snerti R 28377. Vitnið kveðst hafa litið svo á, að ökumaður vörubifreiðarinnar hafi í reynd átt alla sök á tjóni því, sem varð í umrætt sinn, þ. e. tjóninu á báðum bifreiðunum og líkamstjóni ökumanns R 28377. Kveðst vitnið því strax hafa átt símtal við Ingólf Finnbogason, framkvæmdastjóra hjá Ísl. aðalverktökum s/f, sem var eigandi bílsins. Kveðst vitnið hafa tilkynnt honum, hvað kom fyrir, hálftíma eftir slysið, að ökumaður vörubifreiðarinnar ætti alla sök á ökuóhappinu. Vitnið kveðst hafa verið að koma neðan úr bæ og ekið á vinstri akrein yfir gatnamót Kringlumýrarbrautar og kveðst hafa ekið á vinstri vegarhelmingi alla leið á árekstursstað. Vitnið kveðst hafa ekið mjög hægt þessa leið. Vitnið kveðst hafa hægt á bifreiðinni, þegar það nálgaðist gangbrautina, þar sem áreksturinn varð. Kveðst vitnið hafa ekið á 30—40 km hraða, eftir að það hafði farið yfir Kringlumýrarbrautina, en hægt á ferðinni, þegar það nálgaðist gangbrautina, en vitnið kveðst ekki geta sagt um, á hvaða hraða bifreiðin var, þegar áreksturinn varð. Vitnið kveðst ekki geta nú fullyrt nákvæmlega, hvar vörubifreiðin og bifreiðin R 28377 voru, þegar þær strukust saman. Vitnið kveðst nú ekki heldur geta sagt um það nákvæmlega, hvar bifreið vitnisins og bifreiðin R 28377 voru, þegar bifreið vitnisins rakst á R 28377. Vitnið man ekki eftir því að það hafi séð akreinamerki á akbrautinni. Vitnið segir, að bifreiðum hafi verið ekið í tvöfaldri röð frá Kringlumýrarbraut að árekstursstaðnum. Vitnið kveðst ekki hafa sætt refsingu vegna akstursóhapps þessa.

Vitnið Daníel Friðrik Ingvarsson gaf svofellda skýrslu hjá lögreglunni 26. janúar 1977: „Ég ók bifreið minni J-163 austur Suðurlandsbraut eftir hægri akrein og beygði suður Hallarmúla. — Ég beygði ekki til vinstri við gatnamótin, enda ekki það nálægt hægri vegkanti, að ég þyrfti þess. — Þegar ég beygði, heyrði ég einhverja skruðninga, en gat ekki fundið, að bifreið mín kæmi við neitt. — Ég ók svo að Múlakaffi og stöðvaði þar. Sá ég þá, að árekstur hafði orðið á Suðurlandsbraut vestan Hallarmúla, og fór þangað. — Sá ég, að þarna hafði orðið aftanákeyrsla, og taldi ég, að af því hefðu skruðningarnir stafað, sem ég heyrði, þegar ég beygði. — Ég tók ekki eftir, að fremri bifreiðin væri með skemmdir á hægri hlið. — Þar sem ég taldi mig ekki eiga neinn þátt í þessu, ók ég á brott. — Það var svo um kl. 10:30, að ég var staddur við Ofnasmiðjuna, að lögreglan hafði samband við

mig og skýrði mér frá því, að ég hefði ekið utan í bifreið á Suðurlandsbraut við Hallarmúla kl. 09:30. — Við athugun á bifreið minni kom í ljós, að rautt lakk var á stiga, sem er á bifreiðinni vinstra megin, og eins á aurhlífinni. — Var þetta líkur litur og á fremri bifreiðinni á Suðurlandsbraut við Hallarmúla. — Eins og áður er fram komið, varð ég ekki var við, að bifreið mín lenti á neinu, þó ég vilji ekki fortaka, að svo hafi verið. —"

Daníel Friðrik Ingvarsson hefur hér fyrir dómi 20. nóvember 1979 m. a. skýrt svo frá: „Skýrslan, sem ég gaf lögreglunni, hefur verið lesin fyrir mér. Ég hefi undirritað skýrsluna. Ég tel rétt frá greint í þessari skýrslu. Bifreiðin, sem ég ók í umrætt sinn, var vörubifreið af gerðinni Mercedes Benz. Bifreiðin er knúin dieselvél og er ekki einangrað yfir vélarhlíf bifreiðarinnar. Mikill hávaði er í stýrishúsi bifreiðarinnar, þegar vélin er í gangi. Hávaðinn er það mikill, að maður þyrfti raunverulega að hafa eyrnarhlíf. Ég held, að bifreiðin sé gefin upp fyrir 7 tonn. Bifreiðin var með venjulegum vörupalli. Ég hafði oft áður ekið þessa sömu leið, þar sem ég borðaði oft í Múlakaffi, sem er við Hallarmúlann, og ég var einmitt að fara í kaffi þangað í umrætt sinn. Ég hef ekki sætt sekt fyrir þetta ökuóhapp, og ég veit ekki til, að neitt slíkt mál sé í gangi. Ég kannast ekki við að hafa beygt til vinstri inn á vinstri akreinina, rétt áður en ég beygði til hægri inn Hallarmúlann. Þegar slysið varð, voru tvær akreinar á syðri hluta Suðurlandsbrautarinnar, þar sem ég ók, og ég gekk út frá því, að akbrautinni væri skipt þarna í tvær akreinar. Snjóföl var á, svo að akreinamerking sást ekki, en ég gekk út frá því, að um akreinaskiptingu væri að ræða. Áður en á árekstursstað kom, leit ég í vinstri hliðarspegli og sá þá tvær bifreiðar á eftir mér á sitt hvorri akreininni. Þegar ég nálgaðist beyjuna, hugsaði ég fyrst og fremst um að beyja til hægri inn Hallarmúlann og veitti þá bifreiðunum ekki sérstaka athygli. Ég get nú ekki fullyrt, hvernig þær litu út bifreiðarnar, sem ég sá fyrir aftan í hliðarspeglinum, en þegar ég sá bifreiðarnar, þá tel ég, að þær hafi verið um 20 metra fyrir aftan bifreið mína. Ég dró það ekki í efa, eftir að lögregluþjóninn benti mér á rautt lakk á stiga bifreiðar minnar, og þegar ég hafði athugað skemmdirnar á rauðu bifreiðinni á árekstursstað, að bifreið mín hefði snert þá bifreið. Suðurlandsbrautin, þ. e. akvegurinn til austurs við vegamót Hallarmúla, þrengdist. Akreinar héldust þó fyrir tvær bifreiðar til austurs. Ég man ekki, hve bifreið mín var breið."

Guttormur Þormar, verkfræðingur umferðardeildar gatnamála-

stjórans í Reykjavík, hefur í vottorði, dagsettu 19. nóvember 1979, greint svo frá:

„Skv. ósk yðar skal upplýst, að akreinalínur voru merktar á Suðurlandsbraut á milli Kringlumýrarbrautar og Reykjavegar þegar á árinu 1968. Voru merktar 2 akreinar til austurs að Reykjavegi og 2 akreinar til vesturs frá Hallarmúla. Síðan hefur Suðurlandsbraut verið máluð árlega. — Reynslan er sú, að akreinamerkingar slitni mjög fljótlega, eftir að akstur á nagladekkjum hefst, og ekki hægt að segja nokkuð um það, hvort línurnar hafa verið slitnar af eða ekki, þegar umræddur árekstur átti sér stað þ. 21. des. 1976."

II.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ökumenn bifreiðanna R 47934 og J 163, þeir Magnús Thorberg og Daníel F. Ingvarsson, eigi alla sök á árekstrinum.

Ökumaður J 163 hafi gert sig sekan um að aka aðgæslulaust yfir á vinstri akrein, þar sem bifreið stefnanda var ekið. Athugunarleysi ökumanns J 163 hafi verið svo algert, að hann hafi ekki einu sinni tekið eftir því, að hann með aksturslagi sínu olli stórtjóni á bifreið stefnanda. Hafi ökumaður J 163 því með hinum ólöglega akstri sínum m. a. brotið 1. mgr. 37. gr., og 3. mgr. 46. gr., 2. mgr. og 3. mgr., c 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að ökumaður R 47934 hafi brotið þá meginreglu umferðarlaga að geta stöðvað á þriðjungi þeirrar vegalengdar, sem auð er og hindrunarlaus framundan og ökumaður hefur útsýn yfir, þegar ekið er eftir öðru ökutæki, sbr. 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga. Ökumaður þessi hafi jafnframt gert sig sekan um að fylgjast ekki nægjanlega með umferðinni, sem framundan var, en hann hafi viðurkennt að hafa litið af umferðinni.

Á það er lögð áhersla af hálfu stefnanda, að af gögnum málsins bendi ekkert til þess, að stefnandi beri sjálfur ábyrgð á umferðarslysinu. Þvert á móti megi af gögnum málsins ráða, að hann hafi í alla staði hagað akstri sínum í samræmi við umferðarreglur.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að syðri hluti Suðurlandsbrautar hafi, þegar slysið varð, aðeins verið 6 m á breidd og hvor akrein hafi því verið um 3 m. Bifreiðin J 163 hafi verið 2.45 m á breidd og með hliðsjón af þessu hafi ökumanni þeirrar bifreiðar verið skylt að sýna sérstaka varúð, þegar hann beygði inn í Hallarmúlann. Það hafi hann alls ekki gert.

III.

Lögmaður stefndu Íslenskra aðalverktaka s/f og Samvinnutrygginga g/t hefur í greinargerð haldið því fram, að augljóst sé, að meiðsli stefnanda eigi allar rætur að rekja til þess, að R 47934 var ekið aftan á bifreið hans. Sök ekils R 47934 liggi í augum uppi og fébótaábyrgð hans, eiganda bifreiðarinnar og Hagtryggingar h/f sé deginum ljósari. Það gegni því furðu, að þetta vátryggingarfélag skuli hafna með öllu bótaábyrgð sinni, en vísa á stefndu Helgu Thorberg og Samvinnutryggingar g/t, en þau geti ekki gengist við neinni bótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Af hálfu stefndu Íslenskra aðalverktaka s/f og Samvinnutrygginga g/t er sýknukrafan á því reist, að tjón stefnanda verði ekki á nokkurn hátt rakið til aksturs J 163. Í greinargerð hefur lögmaður þessara stefndu m. a. rökstutt sýknukröfuna á þessa leið:

„Því er mótmælt sem ósönnuðu, að bifreiðinni J-163 hafi verið ekið að gangbrautinni með þeim hætti, sem stefnandi lýsir. Allt eins gat stefnandi hafa fært sína bifreið óeðlilega og hættulega til hægri, en hálka var á akbrautinni og því gat bifreið hans hafa runnið til hliðar. Ljóst er, að ekill R-47934 er ekki vitnisbær um atvik að þessum atburði, þar sem hann hefur viðurkennt, að hann hafi ekki beint athygli sinni að bifreiðunum framundan, þegar þetta var að gerast. Enda var það einmitt athyglisskortur hans, sem olli því, að hann ók aftan á R-28377 kyrrstæðan. Þá er og lítt að treysta á vætti Ingimars Ólafssonar um þetta, þar sem bifreið var á milli hans og J-163 og hlaut að byrgja honum verulega útsýn að R-28377 og J-163, og það hlaut raunar einnig R-47934 að hafa gert. Fæ ég ekki séð, hvernig vitnið átti að geta fylgst svo gjörla með akstri R-28377 og J-163, þegar tvær bifreiðar, sem á undan fóru, bar á milli. Ég bendi á, að vitnið virðist hafa verið starfsfélagi stefnanda og þar með starfsmaður eiganda R-28377. Rýrir þetta einnig sönnunargildi framburðar vitnisins.

Ég held því fram, að R-28377 hafi verið rangstæð vinstra megin á akbrautinni, þar sem ekki hafi verið akreinar á þessum slóðum. Bifreiðinni hafi því verið ekið ranglega og hættulega og þá ekki síst með tilliti til þess, að merkt gangbraut var framundan og stutt í gatnamót.

En jafnvel þótt talið yrði sannað, að akstri J-163 hafi verið svo háttað, sem lýst er í sóknargögnum, og þeirri bifreið hafi verið ekið utan í hlið R-28377, þá hefir það ekki önnur réttaráhrif en bótaábyrgð bifreiðareigandans og Samvinnutrygginga g.t. að því er varðar tjónið á hægri hlið bifreiðarinnar. Sú bótaábyrgð getur

alls ekki að lögum náð til tjóns þess, sem mál þetta fjallar um. Það tjón getur á engan hátt talist afleiðing af akstri J-163. Að afstöðnum samakstri R-28377 og J-163 var fyrrnefnda bifreiðin orðin kyrrstæð, og stefnandi hafði ekki orðið fyrir neinum meiðslum.

Eins og mál þetta er vaxið, hlýt ég að láta til mín taka akstur R-47934 umrætt sinn og sýna fram á sök ökumanns. Bifreiðinni var ekið að merktri gangbraut, strætisvagnastöðvar, og biðskýli eru beggja megin Suðurlandsbrautar á þessum slóðum. Ökumanni bar því að aka með sérstakri gát, en vænta mátti mannaferða eftir gangbrautinni. Bifreiðarstjóri þessi hafði því sérstaka ástæðu til að vera við því búinn, að bifreiðin, sem á undan fór, kynni að verða stöðvuð skyndilega. Auk þess bar honum að sjálfsögðu að sjá til þess, að hæfileg fjarlægð væri á milli bifreiðar hans og R-28377, sbr. meginregluna í 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga. Það liggur í augum uppi, að bifreiðarstjóra þessum misfórst mjög að rækja skyldur sínar í þessu efni, og sérstaklega verður það að teljast gálauslegt af honum að hafa athygli sína bundna við annað en það, sem framundan var. Þetta mikla gáleysi ökumanns R-47934 var gagnger og augljós orsök þess, að hann ók aftan á R-28377, en af þeirri ákeyrslu einni hlaut stefnandi meiðsli sín."

Við hinn munnlega málflutning var af hálfu stefndu Íslenskra aðalverktaka s/f og Samvinnutrygginga g/t viðurkennt, að akbraut Suðurlandsbrautar hafi verið skipt í tvær akreinar, þar sem árekstur varð.

IV.

Af hálfu stefndu Helgu Thorberg og Hagtryggingar h/f er sýknukrafan og varakrafan um skiptingu ábyrgðar á slysi stefnanda m. a. studd eftirgreindum rökum af lögmanni þeirra:

„Hafa verður hugfast, að slysið varð á miðjum morgni um háskammdegið, þannig að enn var dimmt, og jafnframt var bleyta og hálka í götunni. Skiptir þetta síðastnefnda höfuðmáli gagnvart stefndu Helgu Thorberg og Hagtryggingu h.f., þar sem ökumaður R-47934 átti ekki annars völ en hemlunar til að forða árekstri. Má og sjá af hemlaförum á vettvangi, að svigrúm hans til þess var lítið. Gefa þau m.a. til kynna, að fjarlægðin milli R-47934 og R-28377 hafi verið svipuð því sem almennt gerist, þegar bifreiðum er ekið í röð á þessum stað.

Telja verður eftir þessum atvikum, að atferli ökumanns J-163 og R-28377 hafi verið höfuðorsök árekstursins og hin eina, sem máli skipti. Einkum sé það atferli ökumanns vörubifreiðarinnar

J-163, sem þarna komi til, og er ágöllum þess réttilega lýst í skjölum stefnanda. Óyggjandi verður að telja, að ökumaðurinn hafi sveigt til vinstri, áður en hann beygði til hægri, bæði vegna framburðar vitna og sjálfs árekstursins við R-28377, og þá að óþörfu og óeðlilega langt. Ætla má, að lag götunnar hafi og stuðlað að þessu, en hún sýnist þrengjast frá suðri á þessum stað vegna útskots fyrir strætisvagna vestan gangbrautarinnar, þótt hún hafi eðlilega tvöfalda breidd á gatnamótunum. Að sjálfsögðu er þetta ekki til afsökunar fyrir ökumann J-163, heldur bar honum þvert á móti að gæta þess sérstaklega að færa sig ekki svo til vinstri, að til trafala yrði fyrir aðra.

Hinsvegar verður einnig að telja, að stefnandi hafi ekki að öllu leyti brugðist rétt við, og m. a. hemlað að óþörfu eða óþarflega fast. Eigi hann þannig sök á því ásamt ökumanni J-163, að R-47934 lenti á bifreið hans, því báðir saman sköpuðu þeir þá hindrun, er varð ökumanni hennar að falli. Hinsvegar átti hinn síðastnefndi ekki möguleika á að forða því, svo sem að framan getur. Er því eðlilegt að líta svo á, að ekki sé unnt að fella ábyrgð á árekstrinum á stefndu Helgu Thorberg og Hagtryggingu h.f. vegna R-47934, heldur sé hún að öllu leyti hjá eigendum og vátryggjendum hinna bifreiðanna.

Allavega er það óhjákvæmileg niðurstaða, að ábyrgð samkvæmt 68. gr. umfl. verði ekki felld á stefndu Helgu Thorberg og Hagtryggingu h.f. nema að litlum hluta með hliðsjón af öllum atvikum. Því er sérstaklega mótmælt, að unnt sé að skipta ábyrgðinni þannig, að skilið sé á milli snertingar R-28377 við J-163 annarsvegar og R-47934 hinsvegar, þannig að hin síðarnefnda sé J-163 óviðkomandi, og væri það fjarstæða."

Af hálfu þessara stefndu er á það bent, að breidd ökutækis megi ekki vera meiri en 2.35 m, nema sérstakt leyfi komi til, sbr. 1. mgr. 55. gr. umferðarlaga, en breidd bifreiðarinnar J-163 hafi verið 2.45 m. Ætla verði, að tilskilið leyfi hafi fengist, en þá hafi ökumanni bifreiðarinnar borið samkvæmt 5. mgr. 55. gr. umferðarlaganna að sýna sérstaka varúð, en það hafi hann vanrækt.

V.

Álit dómsins.

Eigi er nú um það deilt, að syðri hluta Suðurlandsbrautar var skipt í tvær akreinar, þegar umrætt slys varð, og var hvor akrein 3 m á breidd, þar sem akbrautin var mjóst í grennd við árekstursstaðinn. Vörubifreiðin J 163 var 2.45 m á breidd.

Í 55. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 segir m. a.:

„Breidd ökutækis má hvergi vera meiri en 2.35 m. Vegamálastjóri getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði...“

„Ökumaður ökutækis, sem er breiðara en 2.35 m, skal sýna sérstaka varúð, víkja greiðlega fyrir öðru ökutæki og nema staðar, ef þörf gerist.“

Því er ekki andmælt út af fyrir sig, að undaþága hafi verið veitt vegna bifreiðarinnar J 163, hvað breidd hennar varðar.

Sannað er, að bifreiðinni J 163, sem ekið var eftir hægri akrein, var sveigt inn á vinstri akrein og á bifreiðina R 28377, sem stefnandi ók.

Stefnandi, sem reyndi að beygja undan til vinstri og upp á umferðareyju, sem þar var, gat þó ekki komið í veg fyrir, að bifreiðin J 163 skaddaði bifreiðina R 28377. Stefnandi hemlaði bifreið sinni jafnframt, svo sem honum bar samkvæmt 41. gr. umferðarlaga, en þar segir: „Nú verður umferðarslys, sem vegfarandi á hlut að, og skal hann þá þegar nema staðar, hvort sem hann á sök á eða ekki.“

Um það bil sem stefnandi var að nema staðar, skall bifreiðin R 47934 aftan á bifreiðina R 28377.

Ökumaður J 163 sýndi af sér verulegt gáleysi með því að sveigja bifreið sinni til vinstri inn á nyrðri akrein akbrautarinnar, og var það m. a. andstætt 1. málslið 3. mgr. (sic) umferðarlaga, en þar segir: „Þegar komið er á vegamót og beygt til hægri, ber að aka eins nálægt hægri brún akbrautar og unnt er.“

Í ljós er leitt, að ökumaður vörubifreiðarinnar J 163 var meðvaldur að árekstrinum milli fólksbifreiðanna R 28377 og R 47934, enda verður að líta svo á, að vörubifreiðin hafi myndað eins konar hindrun, sem var meðorsök í því, að bifreiðinni R 47934 var ekið aftan á bifreiðina R 28377. Bera stefndu Íslenskir aðalverktakar s/f og Samvinnutryggingar g/t því skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Hins vegar verður að telja, að ökumaður R 47934 hafi ekki sýnt nægа gát í akstri sínum, svo sem aðstæður voru. Á hann því einnig sök á árekstrinum. Eru stefndu Helga Thorberg og Hagtrygging h/f því einnig bótaskyld gagnvart stefnanda á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir við slysið.

Stefndu hafa ekki leitt í ljós, að stefnandi sjálfur hafi verið meðvaldur að slysinu. Verða stefndu því með hliðsjón af atvikum öllum dæmdir in solidum til að greiða stefnanda tjón hans.

VI

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Tímabundin örorka	kr.	1.042.819
2. Varanleg örorka	—	3.144.501
3. Miskabætur	—	500.000
	Kr.	4.687.320
÷ greidd laun frá Pósti og síma eftir slys auk orlofs	—	127.594
÷ greiddar slysabætur frá Tryggingastofnun ríkisins	—	63.494
	Kr.	4.496.232

Stefndu hafa mótmælt ofangreindum bótakröfum sem allt of hánum svo og vaxtakröfu stefnanda.

Um 1 og 2. Björn Önundarson læknir mat örorku stefnanda. Álitsgerð læknisins er dagsett 26. október 1977. Í niðurlagi hennar segir svo:

„Ályktun: Það er um að ræða rúml. 22 ára gamlan sendibílstjóra, sem h. 21.12'76 slasaðist, er ekið var aftan á bifreið hans, og samtímis var ekið á vinstri hlið bifreiðar slasaða. Slasaði var þegar eftir slys þetta fluttur í Slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, þar sem meiðsli slasaða voru könnuð. Við skoðun á Slysadeild kom í ljós mikill stirðleiki í hálsliðum, hálsvöðvar voru mjög aumir viðkomu, og verkir lágu út í hálsinn vinstra megin, þegar bankað var í hvirfil slasaða. Engin einkenni fundust um leasionir frá miðtaugakerfi eða peripherumtaugum. Við röntgenmyndir af hálsliðum kom ekkert sjúklegt í ljós, nema lítilsháttar slitbreytingar á frambrún IV. liðbols, en það gat ekki verið í neinu sambandi við ofangreint slys.

Slasaði var til meðferðar og eftirlits á Slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík allt þar til í janúar 1977, en þá var hann sendur í æfingameðferð á Æfingastöð fatlaðra og lamaðra að Háaleitisbraut 13, Reykjavík.

Alveg óvinnufær er slasaði talinn hafa verið vegna slyss þessa í um 5 mánaða tímabil, eftir það mun starfsgeta slasaða hafa verið töluvert skert í 2 mánuði og þar á eftir ofurlítið skert í einn mánuð, og varanlega er hér um lítilsháttar örorku að ræða.

Eins og áður er fram komið, eru helstu afleiðingar þessa slyss höfuðverkur, þ. e. verkur í hnakka, verkur í hálsi aftanverðum,

seyðingarverkur í herðum og niður í brjósthluta hryggjar. Verkir þessir eru mun meira áberandi vi. megin í hálsi og herðum. Ekki verður séð, að um verki út í griplimi sé að ræða. Engin merki um laesionir frá miðtaugakerfi eða peripherumtaugum koma fram. Við skoðun finnst, að um veruleg eymsli í vöðvum, bæði í hálsi, hnakka, herðum og niður í hryggjarvöðvana, er að ræða. Hreyfingar í hálsliðum virðast þó að mestu óhindraðar, e. v. t. er þó um lítilsháttar hreyfingarhindrun (rotation til vi.) að ræða. Þá kvartar slasaði og um, að hann fái svima, einkum ef hann þreytist mikið. Einnig tekur slasaði fram, að hann sé slæmur á taugum eftir slysið, en til slíks hafði hann aldrei áður fundið. Við skoðun á Slysadeild komu fram slitbreytingar á IV. liðbol columna cervicalis, en ekki var unnt að setja það í samband við áðurnefnt slys. Slasaði mun áður hafa hlotið höfuðáverka, og samkvæmt bréfi Gísla Auðunssonar, læknis, Húsavík, varð slasaði fyrir bílveltu í Mývatnssveit árið 1973 og var af þeim sökum vistaður á sjúkrahúsinu á Húsavík frá 27.7. 1973 til h. 30.7. 1973, og var ástæða þeirrar sjúkrahúsvistar talin vera commotio cerebri. Ekki verður því með öllu fullyrt, að afleiðingar þess slyss geti ekki hafa haft einhver áhrif á þau einkenni, sem fram komu eftir slysið h. 21.12. 1976.

Þar sem nú svo langt er um liðið frá áðurnefndu slysi, þykir nú ekki líklegt, að um frekari bata á afleiðingum áðurnefnds slyss verði hér eftir að ræða, og þykir því eðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í 5 mánuði	100%
Eftir það í 2 mánuði	50%
Eftir það í 1 mánuð	25%
Varanlega	8%“

Stefnandi vildi eigi una niðurstöðu örorkumatsins. Óskaði hann því eftir dómkvaðningu sérfróðra manna til að meta örorkuna á ný. Þann 25. ágúst 1978 voru læknarnir Haukur Þórðarson og Ásgeir B. Ellertsson dómkvaddir. Í álitsgerð þeirra, sem dagsett er 20. október 1978, segir svo:

„Undirritaðir, sem dómkvaddir voru í matsmálinu nr. 57/1979 „til að skoða Árna Sigurpálsson og meta síðan örorku hans tímabundna og varanlega og láta í té rökstutt álit“, höfum kynnt okkur málsgögn, átt hvor í sínu lagi viðtal við matsbeiðanda,

heyrt frásögn hans af slysinu og einkennum, sem hann rekur til þess, skoðað hann með hliðsjón af mögulegum slysaafleiðingum og látið taka röntgenmyndir af hálsliðum til samanburðar við áður teknar röntgenmyndir.

Niðurstaða okkar: Matsbeiðandi hlaut tognun í hálsi (distorsio colli, N847) í slysinu. Afleiðinganna hefur gætt í minnkandi mæli til þessa og verið langdregnari en ella fyrir þá sök, að samfara atvinnu- og tekjuröskun um tíma eftir slysið sótti á hann taugaspenna, kvíði og svefntruflun, sem aftur stuðlaði að viðhaldi spennuástands í hálsvöðvum.

Með tilvísun til ofangreinds teljum við tímabundna og varanlega örorku matsbeiðanda hæfilega metna í örorkumati Björns Önundarsonar."

Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknaði út tjón stefnanda. Í álitsgerð hans segir m. a.:

„Árni er sagður fæddur 28. febrúar 1955 og hefur samkvæmt því verið 21 árs gamall, er hann varð fyrir ofangreindu slysi. Samkvæmt staðfestu ljósriti af skattframtali hans fyrir starfsárið 1975 og óstaðfestu ljósriti af framtali fyrir starfsárið 1974 voru vinnutekjur hans þau ár sem hér segir:

Árið 1974	kr. 670.093.-
Árið 1975	— 956.569.-

Árni var tæpra 19 ára gamall í ársbyrjun 1974, og er þess vegna vart við því að búast, að vinnutekjur ofangreindra tveggja ára séu nothæfur grundvöllur áætlunar tekna fram í tímann. Árið 1974 starfaði Árni nær einvörðungu hjá Kísiliðjunni hf., en árið 1975 voru launagreiðendur fjórir talsins.

Þegar piltar eiga í hlut og aldurs vegna verður ekki stuðst við vinnutekjur þeirra fyrir slys, er ég vanur að miða tjónsútreikning við algengar tekjur verkamanna, enda veiti sérnám eða aðrar sérstakar ástæður ekki tilefni til annarrar viðmiðunar. Hef ég valið þennan kost í máli Árna. Stuðst er við úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík undanfarin ár. Árin 1976 og 1977 er reiknað með meðalvinnutekjum, eins og þær reyndust samkvæmt úrtaksrannsóknunni hvort árið um sig, en frá og með árinu 1978 er stuðst við reynslu 10 ára tímabilsins 1968—1977 og tekjurnar umreiknaðar með tilliti til breytinga, sem orðið hafa á kauptöxtum. Reiknast mér árlegar vinnutekjur með þessu móti verða sem hér segir:

Árið 1976	kr. 1.567.017,-
Árið 1977	— 2.154.741,-
Árið 1978	— 3.275.900,-
Eftir þann tíma	— 3.905.069,-

Tekið skal fram, að ég geri ekki ráð fyrir skertum tekjum eftir 21 árs aldur, og kemur því ekki til skerðingar vegna aldurs hér.

Miðað við ofangreindan tekjugrundvöll og tap tekna í samræmi við áðurnefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 8 mánuði	kr. 1.042.819,-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	— 2.193.173,-
Samtals	kr. 3.235.992,-

Við útreikninginn hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna, sem slasaði kann að hafa fengið vegna slyssins frá almannatryggingum eða öðrum aðilum.

Reiknað er með 13% ársvöxtum og töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra karla 1951—1960."

Guðjón Hansen hefur þann 29. nóvember 1979 aftur reiknað með líkindatölum tjón stefnanda vegna örorku hans. Hefur hann þar tekið tillit til launabreytinga frá fyrri útreikningi og haft hliðsjón af meðalvinnutekjum kvæntra verkamanna árið 1978 samkvæmt úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar, sem nú voru tiltækar. Í niðurlagi álitegerðarinnar segir svo:

„Miðað við þennan tekjugrundvöll og tap tekna í samræmi við örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 8 mánuði	kr. 1.042.819,-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	— 3.144.501,-
Samtals	kr. 4.187.320,-"

Tjón stefnanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku hans þykir hæfilega metið kr. 3.000.000, og hefur þá verið tekið tillit til slysabóta að fjárhæð kr. 63.394 og launa að fjárhæð kr. 127.594.

Um 3. Með hliðsjón af meiðslum stefnanda og afleiðingum þeirra þykir tjón hans að þessu leyti hæfilega metið kr. 400.000.

Samkvæmt þessu telst heildartjón stefnanda kr. 3.400.000. Ber stefndu að greiða þá fjárhæð óskipt með vöxtum, eins og krafist er.

Þá ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda óskipt málskostnað, sem ákveðst kr. 900.000.

Dómsorð:

Stefndu, Íslenskir aðalverktakar s/f, Samvinnutryggingar g/t, Helga Thorberg og Hagtrygging h/f, greiði óskipt stefnanda, Árna Sigurpálssyni, kr. 3.400.000 með 13% ársvöxtum frá 21. desember 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 22. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og 900.000 krónur í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. maí 1982.

Nr. 210/1979. **Bragi Björnsson**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Guðlaugur Claessen hrl.).

Opinberir starfsmenn. Niðurlagning stöðu. Krafa samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 ekki tekin til greina.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1979. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 32.814.59 krónur með 19% ársvöxtum af

5.039.76 krónum frá 1. júlí 1978 til 1. ágúst s. á., af 10.079.52 krónum frá þeim degi til 1. september s. á., af 15.132.47 krónum frá þeim degi til 1. október s. á., af 20.185.42 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s. á., af 25.238.37 krónum frá þeim degi til 1. desember s. á., af 30.291.32 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1979, af 32.814.59 krónum frá þeim degi 1. júní s. á., með 22% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 15. júní s. á., með 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á, með 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er krafist lægri fjárhæðar að mati dómsins.

Stefndi gerði þessar dómkröfur:

Aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

1. varakrafa hans er, að hann verði ekki dæmdur til að greiða hærri fjárhæð en 10.589.00 krónur með 19% ársvörtum af 1.939.40 krónum frá 1. júlí 1978 til 1. ágúst s. á., af 3.878.80 krónum frá þeim degi til 1. september s. á., af 5.556.35 krónum frá þeim degi til 1. október s. á., af 7.233.90 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s. á., af 8.911.45 krónum frá þeim degi til 1. desember s. á., en með sömu vöxtum og áfrýjandi krefst af 10.589.00 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

2. varakrafa stefnda er sú, að hann verði ekki dæmdur til að greiða hærri fjárhæð en 16.788.90 krónur með 19% ársvöxtum af 5.039.35 krónum frá 1. júlí 1978 til 1. ágúst s. á., af 10.078.70 krónum frá þeim degi til 1. september s. á., af 11.756.25 krónum frá þeim degi til 1. október s. á., af 13.433.80 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s. á., af 15.111.35 krónum frá þeim degi til 1. desember s. á., en með sömu vöxtum og áfrýjandi krefst af 16.788.90 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

3. varakrafa stefnda er sú, að hann verði dæmdur til að greiða aðra hærri fjárhæð að mati réttarins og að málskostnaður verði felldur niður.

Fyrsta varakrafa stefnda er fundin með því að reikna mismun launa aðstoðarbankastjóra 1. júlí til 31. desember 1978, en slíkra launa naut áfrýjandi, meðan hann var starfsmaður Viðlagasjóðs, og launa þessa sömu 6 mánuði eftir 11. flokki, 3. þrepi, í kjarasamningi bankamanna, en áfrýjandi tók laun eftir þessum flokki og launaþrepi, eftir að hann hóf störf í Landsbanka Íslands 1. september 1978. Önnur varakrafa stefnda er fundin með því að leggja saman laun aðstoðarbankastjóra í júlí og ágúst 1978 og síðan launamun mánuðina september—desember með sama hætti og í fyrri varakröfu.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í máli þessu er ekki deilt um, að uppsagnarfrestur eftir bréfi því, sem áfrýjanda var sent 13. mars 1978 og getið er í héraðsdómi, hafi verið nægilegur, heldur einungis um það, hvort áfrýjandi eigi rétt til launa skv. 14. gr. laga nr. 38/1954 vegna þess, að staða hans hafi verið lögð niður. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með tilvísun til forsendna hans.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. október 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 21. september sl., höfðaði Bragi Björnsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri, Rauðalæk 26, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 15. febrúar 1979, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á bótum og orlofsfé, samtals að fjárhæð kr. 3.281.459 með 19% ársvöxtum af kr. 503.976 frá 1. júlí 1978 til 1. ágúst 1978, af kr. 1.007.952 frá þeim degi til 1. sept. 1978,

af kr. 1.513.274 frá þeim degi til 1. okt. 1978, af kr. 2.018.542 frá þeim degi til 1. nóv. 1978, af kr. 2.523.837 frá þeim degi til 1. des. 1978, af kr. 3.029.132 frá þeim degi til 1. jan. 1979, en af kr. 3.281.459 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Við munnlegan málflutning hækkaði lögmaður stefnanda með samþykki lögmanns stefnda vaxtakröfu sína á þá leið að krefjast 19% ársvaxta af stefnufjárhæðum til 1. júní 1979, en 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1979 og 27% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Að öðru leyti voru dómkröfur óbreyttar frá því, sem greint er í stefnu.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að stefndi verði að fullu sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Við þingfestingu málsins var lagt fram samkomulag um að ganga fram hjá sáttanefnd.

Hér fyrir dómi hefur verið leitað um sáttir í málinu, en án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi réðst til starfa hjá Viðlagasjóði 12. maí 1974. Áður vann stefnandi í Landsbanka Íslands og var í Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands. Stefnandi fékk leyfi frá Landsbankanum til áramóta 1974—1975. Stefnandi vann hjá Viðlagasjóði til 30. júní 1978, en þá hætti hann skv. uppsagnarbréfi, dags. 13. mars 1978. Þann tíma, sem stefnandi vann hjá sjóðnum, var hann í Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans. Stefnandi hóf störf að nýju í Landsbanka Íslands 1. september 1978.

Mál þetta höfðar stefnandi til greiðslu sex mánaða launa skv. 14. gr. laga nr. 38/1954.

Stefnandi var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa. Fram kom hjá honum, að hann hafi hafið störf hjá Viðlagasjóði 12. maí 1974, en fyrir þann tíma hafi stefnandi unnið í Landsbanka Íslands og verið forstöðumaður útflutningslánasjóðs. Stefnandi kvaðst hafa fengið hærri laun hjá Viðlagasjóði en hann hafði hjá Landsbankanum. Helgi Bergs hafi ráðið stefnanda til starfa hjá Viðlagasjóði og hafi hann fengið samþykki stjórnar Landsbanka Íslands til þess, að stefnandi fengi leyfi frá störfum til áramóta 1974—1975. Meira hafi ekki verið talað um í upphafi. Stefnandi kveðst hafa verið á launaskrá bankans fram að ára-

mótunum 1974—1975, en þá hafi stefnandi farið af launaskrá hjá bankanum og á kaup hjá Viðlagasjóði. Til áramóta hafi stefnandi fengið kaup hjá Landsbankanum, en Viðlagasjóður borgað mismuninn. Síðan hafi Viðlagasjóður gert upp við Landsbankann um áramót. Benedikt Guðbjartsson hafi verið ráðinn í starf stefnanda í Landsbankanum, en Reinhold Kristjánsson lögfræðingur gegni því starfi í dag.

Stefnandi var spurður um það, hvort hann hafi talist vera í fríi frá Landsbankanum allan tímann, sem hann var hjá Viðlagasjóði. Því svaraði stefnandi, að hann hafi talið sig vera orðinn lausan allra mála við Landsbankann eftir því sem tímar liðu, því það hafi verið komnir aðrir menn í hans starf og hann hafi talið sig lausan allra mála og bankinn verið laus við sig. Ekki hafi verið gengið formlega frá þessu.

Stefnandi hafi verið á launum aðstoðarbankastjóra hjá Viðlagasjóði og hafa haft 13 mánaða laun. Þau laun hafi verið allmiklu hærri en laun þau, sem stefnandi hafði við fyrra starf sitt hjá Landsbankanum. Stefnandi kvaðst í dag hafa í laun um kr. 500 þús. og kvaðst geta trúað, að aðstoðarbankastjóri væri með 7—800 þúsund. Stefnandi kvaðst halda, að mánaðarlaun í núverandi starfi séu þau sömu og í fyrra starfi hans í bankanum, nema það að hann sé 1% stigi lægri í launum núna en hann væri, ef hann hefði haldið áfram stöðugt vinnu í Landsbankanum. Nú fái hann 5% álag á laun eftir 10 ára starf, en ef þessi tími, sem hann var hjá Viðlagasjóði, væri reiknaður með sem bankastörf, þá væri hann með 6% álag. Menn fái 5% álag eftir 10 ár, en 6% álag eftir 16 ár. Stefnandi kvaðst vera búinn að vera ca 7 ár í Útvegsbankanum og 7 ár í Landsbankanum og svo þessi 4 ár hjá Viðlagasjóði. Þessi 4 ár, sem stefnandi var hjá Viðlagasjóði, séu ekki talin með, þannig að stefnandi sé ekki búinn að vera nema 14 ár í bankanum og fái þess vegna ekki nema 5% álag í stað 6%. Ef stefnandi hefði verið í bankanum áfram, þá væri hann fyrir þó nokkru kominn í 6%.

Stefnandi kvaðst ekki hafa reiknað með framtíðarstarfi hjá Viðlagasjóði í upphafi, því þá hafi verið takmarkað verkefni, Vestmannaeyjar, og hafi það náttúrulega hlotið að taka enda eftir einhver ár. En eftir að Neskaupstaður og allt landið var komið undir Viðlagasjóð, hafi stefnandi reiknað með framtíðarstarfi þarna. Eftir snjóflóðið á Norðfirði hafi verið samþykkt lög vegna fjáröflunar til Viðlagasjóðs vegna snjóflóða á Neskaupstað og hafi þá legið ljóst fyrir, að Viðlagasjóður yrði með hamfarabætur á

öllu landinu. Á hverju ári verði tugir snjóflóða og sambærilegra slysa. Þessi slys séu ekki sambærileg við þessi stóru. Þau 19 mál, sem hafi verið hjá landsdeildinni, hafi kannski verið lítil mál út af fyrir sig, en það hafi verið tiltölulega mikil vinna við þau. Það hafi verið 20 milljónir, sem hafi verið greiddar fyrir þessi 19 tjón, sem hafi verið vegna snjóflóða um þetta leyti og seinna á tímabilinu. Stærstu tjónin hafi verið á Siglufirði, þar hafi farið tvö hús.

Það hafi verið ljóst, þegar lögin um Viðlagatryggingu Íslands höfðu verið samþykkt, að þá var þar með búið að leggja Viðlagasjóð niður.

Stefnandi kvaðst hafa hafið störf hjá Landsbankanum 1. september, eftir að hann hætti störfum hjá Viðlagasjóði. Stefnandi kvaðst ekki hafa ætlað að fara aftur í bankann og hafa verið búinn að leita fyrir sér annars staðar.

Stefnanda minnti, að í fyrstu hafi starfsmenn á skrifstofu Viðlagasjóðs verið 12, þeim hafi síðan fækkað og síðast hafi starfsmennirnir verið bara 3, það er stefnandi, sem var framkvæmdastjóri, Þorgeir Halldórsson skrifstofustjóri og Helga Óskarsdóttir fulltrúi, en hún hafi jafnframt fulltrúastarfinu annast vélritun og símavörslu. Aðrir starfsmenn en þessi þrjú síðasttöldu hafi yfirleitt hætt sjálfir, það hafi verið orðið það lítið að gera, það hafi legið í loftinu, að þeim yrði sagt upp vegna minnkandi verkefna, og þá hafi þeir fengið sér vinnu svona smátt og smátt, þannig að það hafi ekki þurft að segja þeim upp.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að Viðlagasjóður hafi verið ríkisstofnun, sbr. lög nr. 4/1973 um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey. Í starfi sínu fyrir Viðlagasjóð hafi stefnandi því verið ríkisstarfsmaður og þar af leiði, að um réttarstöðu hans fari skv. lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ákvæði 14. gr. laganna tryggi mönnum bætur, þegar staða sé lögð niður. Bæturnar séu ákveðnar þannig, að starfsmaðurinn eigi að fá bætur, sem svari til fastra launa, er starfinu fylgdu, í sex mánuði, frá því að hann lét af starfinu, ef þjónustualdurinn sé skemmri en 15 ár. Af þessu ákvæði leiði, að stefnandi eigi rétt til launa tímabilið 1. júlí 1978 til 31. desember 1978. Stefnufjárhæðin miðist við þann launaflokk og það launaþrep, sem stefnandi þáði laun eftir, er hann lét af störfum, að viðbætt-

um 8.33% vegna orlofs. Stefnandi hafi þegið laun samkvæmt launaflokki aðstoðarbankastjóra í kjarasamningi bankamanna.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

Laun í júlí 1978	kr.	503.976
Laun í ágúst 1978	—	503.976
Laun í september 1978	—	505.295
Laun í október 1978	—	505.295
Laun í nóvember 1978	—	505.295
Laun í desember 1978	—	505.295
	Kr.	3.029.132
Til viðbótar komi síðan 8.33%	—	252.327
Samtals	kr.	3.281.459

Viðlagasjóður hafi verið lagður niður 30. júní 1978. Ástæða til uppsagnarinnar sé þannig alfarið byggð á því, að staða stefnanda var lögð niður. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 tryggi ríkisstarfsmönnum bætur, þegar staða sé lögð niður, ýmist með sex mánaða launum eða tólf mánaða launum, frá því að viðkomandi lét af starfi. Viðlagasjóður geti ekki tekið þennan lögákveðna bótarétt af starfsmönnum sínum. Máli sínu til stuðnings bendir stefnandi á eftirtalda dóma Hæstaréttar, 1965, bls. 400, 1966, bls. 275, 1964, bls. 936, 942, 948 og 954. Enn fremur 1953, bls. 231 og 318, 1954, bls. 127.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að nokkur bótaskylda ríkissjóðs hafi stofnast vegna þeirrar uppsagnar, sem er grundvöllur málssóknarinnar. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 geti ekki að réttu lagi átt við um starfsemi Viðlagasjóðs, enda hafi verkefni hans verið þess eðlis, að þeim hafi hlotið að vera markaður aldur þegar í upphafi. Í kjölfar jarðelda á Heimaey á árinu 1973 hafi verið sett lög nr. 4/1973 um neyðarráðstafanir vegna jarðeldanna. Samkvæmt þessum lögum hafi Viðlagasjóður verið settur á fót, en hlutverk hans hafi m. a. átt að vera það að stuðla að endurreisn byggðar í Vestmannaeyjum með hvers kyns fyrirgreiðslu og tjónbótum og draga þannig úr áhrifum náttúruhamfaranna á afkomu og atvinnulíf Vestmannaeyinga og þjóðarheildarinnar. Viðlagasjóður hafi tekið við verkefnum svonefndrar Vestmannaeyjanefndar, sem starfað hafi að neyðarráðstöfunum í þrjár vikur. Vestmannaeyjanefnd hafi þegar ráðið sér starfsmenn, sem fengnir voru að láni úr bönkum. Fyrstu starfs-

mennirnir á skrifstofu Viðlagasjóðs hafi verið bankamenn og hafi verið ákveðið að miða launakjör við kjarasamninga bankastarfsmanna.

Stefnandi hafi hafið störf hjá Viðlagasjóði í maí 1974. Á stjórnarfundi 7. maí þ. á. hafi verið gerð svofelld bókun: „Formaður skýrði frá tilraunum, sem hann hafi gert til að ráða framkvæmdastjóra fyrir sjóðinn. Nú væri Bragi Björnsson, lögfæðingur hjá Landsbanka Íslands, tilbúinn að taka að sér starfið og jafnframt væri fyrir hendi heimild frá bankastjórn Landsbankans um, að hann fengi frí frá störfum til næstu áramóta. Formanni var heimilað að ráða Braga til starfsins.“ Skriflegur ráðningarsamningur muni ekki hafa verið gerður við stefnanda. Ráðning hans eins og annarra starfsmanna á skrifstofu Viðlagasjóðs hafi verið byggð á kjarasamningum bankamanna og hafi hann þegið laun samkvæmt launaflokki aðstoðarbankastjóra, fyrirfram fyrir hvern mánuð. Stefnandi hafi haldið áfram aðild sinni að Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands, meðan hann starfaði hjá Viðlagasjóði, og hafi sjóðurinn reglulega staðið skil á iðgjöldum til eftirlaunasjóðsins, bæði hluta vinnuveitanda og sjóðfélaga. Frí stefnanda hjá Landsbanka Íslands hafi verið framlengt eftir því sem teygðist úr starfstíma Viðlagasjóðs. Stefnandi hafi ekki komið aftur til starfa þar fyrr en 1. september 1978, tveim mánuðum eftir starfslok Viðlagasjóðs.

Tilvist Viðlagasjóðs hafi verið svo sérstaks eðlis, að um hann hljóti að gilda sérsjónarmið að verulegu leyti. Viðlagasjóði hafi aldrei verið ætlað að starfa nema um tiltölulega skamma hríð, þar til brýnasta endurreisnarstarfi í Vestmannaeyjum væri lokið. Lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954 geti því ekki tekið til starfrækslu og starfsmanna Viðlagasjóðs í einu og öllu, þótt rétt sé að taka mið af meginreglum þeirra eftir því sem við kunni að eiga. Starfsmenn Viðlagasjóðs hafi ekki verið ríkisstarfsmenn í þeim skilningi, að þeir nytu óskoraðrar réttarstöðu starfsmannalaganna á borð við starfsmenn ríkisins yfirleitt. Með hliðsjón af eðli og tilgangi Viðlagasjóðs sé sérstaklega fjarstætt, að ákvæði laganna um æviráðningu og niðurlagningu stöðu geti tekið til starfsmanna hans. Fallist rétturinn ekki á þessar röksemdir og telji, að ákvæði laga nr. 38/1954 eigi hér að öllu leyti við, beri engu að síður að sýkna stefnda. Samkvæmt 14. gr. laganna sé það skilyrði bóta vegna niðurlagningar stöðu, að starfsmaður hafi ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Stefnandi hafi tekið aftur við fyrra lögfræði-

starfi sínu hjá Landsbanka Íslands aðeins tveim mánuðum eftir starfslok Viðlagasjóðs. Þar sem ekki hafi verið fram á það sýnt, að störf stefnanda hjá Landsbanka og Viðlagasjóði hafi ekki í meginatriðum verið sambærileg um virðingu og réttargæði, beri að sýkna stefnda þegar af þeirri ástæðu, að bótaskilyrði 14. gr. sé ekki fullnægt.

Í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 38/1954 hafi það verið tekið fram, að annar megintilgangur 14. gr. væri sá „að tryggja þeim starfsmanni, er staða hans er lögð niður, t. d. af sparnaðarástæðum, laun, sem svara ríflegum uppsagnarfresti". Hér sé við það miðað, að eðlilegt sé, að sá starfsmaður, sem ekkert hefur til saka unnið, njóti betri réttar en hinn, sem af gildum ástæðum er vikið frá störfum gegn vilja sínum. Þetta sé gert í því skyni, að starfsmaðurinn fái nægilegt ráðrúm til að afla sér nýrrar atvinnu án þess að skaðast fjárhagslega á þeim biðtíma, sem þarna kunni að myndast. Það hafi verið ljóst þegar á árinu 1975, að Viðlagasjóði var ætlað að ljúka störfum í árslok 1976 og Viðlagatrygging Íslands skyldi þá taka við af honum, sbr. lög nr. 52/1975. Á sameiginlegum fundi stjórna Viðlagasjóðs og Viðlagatryggingar 29. desember 1976 hafi verið gengið frá yfirtöku Viðlagatryggingar á málefnum Viðlagasjóðs, en þennan dag hafi sjóðsstjórnin lokið störfum sínum og hafi umboð hennar runnið út á síðasta degi þessa árs. Hins vegar hafi orðið verulegar tafir á því, að unnt væri að ljúka ýmsum uppgjörum, einkum við Vestmannaeyjakaupstað og Síldarvinnsluna á Norðfirði, svo og frágangi á nokkrum eignasölum. Því hafi orðið að ráði, að nokkrir starfsmenn Viðlagasjóðs héldu áfram störfum og þá á ábyrgð Viðlagatryggingarinnar. Á fundi stjórnar Viðlagatryggingar Íslands 10. mars 1978 hafi verið ákveðið, að starfsemi skrifstofu Viðlagasjóðs yrði hætt 30. júní 1978 í síðasta lagi, og hafi öllu starfsfólki í samræmi við það verið sagt upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara. Stefnanda hafi því verið ljóst um langa hríð, að hverju stefndi, og hafi hann haft óvenju gott tóm til að leita sér nýrra starfa, ef hann ekki vildi hverfa til fyrra starfs síns í Landsbanka Íslands. Stefnukrafan sé því auk alls annars í augljósri og beinni andstöðu við megintilgang 14. gr. laga nr. 38/1954.

Álit dómsins.

Þegar litið er til aðdraganda að stofnun Viðlagasjóðs, þ. e. eldgossins á Heimaey, og hlutverks sjóðsins skv. lögum nr. 4/1973

og reglugerð nr. 62/1973, þykir það hafa líkur gegn sér, að við ráðningu starfsmanna sjóðsins hafi verið stofnað til æviráðningar starfsmanna. Enda bar stefnandi hér fyrir dómi, að þá er hann var ráðinn til starfa fyrir Viðlagasjóð, hafi hann ekki reiknað með framtíðarstarfi hjá sjóðnum, en eftir að Neskaupstaður og allt landið var komið undir Viðlagasjóð, hafi hann reiknað með framtíðarstarfi hjá sjóðnum. Enn fremur kom fram hjá stefnanda, að ljóst hafi verið, þegar lögin um Viðlagatryggingu Íslands höfðu verið samþykkt, að þá hafi þar með verið búið að leggja Viðlagasjóð niður.

Þá er stefnandi réðst til starfa hjá Viðlagasjóði 12. maí 1974, voru í gildi lög um Viðlagasjóð nr. 4 frá 7. febrúar 1973 og reglugerð nr. 62 frá 27. mars 1973. Með lögum nr. 5 frá 28. febrúar 1975 var stofnuð til bráðabirgða sérstök deild við Viðlagasjóð vegna snjóflóða, sem féllu á Norðfirði 20. desember 1974. Í lögum þessum er mælt fyrir um tímabundna fjáröflun til Viðlagasjóðs og skiptingu tekna á milli Norðfjarðardeildar og vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. Í 6. gr. laganna er stjórn Viðlagasjóðs heimilað í samráði við stjórn Bjargráðasjóðs að bæta tjón, sem orðið hafa af náttúruhamförum eða verða annars staðar á landinu. Lög um Viðlagatryggingu Íslands eru nr. 52 frá 27. maí 1975. Samkvæmt 21. gr. þeirra skal Viðlagatrygging Íslands taka við eignum og skuldum Viðlagasjóðs 1. janúar 1977, enda féllu þann dag úr gildi lög nr. 4/1973 og lög nr. 5/1975.

Þannig, að tímabilið 28. febrúar 1975 til 27. maí 1975 hefur stefnandi að eigin sögn reiknað með framtíðarstarfi hjá Viðlagasjóði, en eftir 27. maí 1975 var honum ljóst, að sjóðurinn yrði lagður niður 1. janúar 1977. Af lögum nr. 52/1975 er ljóst, að Viðlagatryggingu Íslands er ekki ætlað að hafa eigin starfsmenn.

Þegar til þess er litið, sem að framan hefur verið rakið úr framburði stefnanda um ráðingu hans til starfa fyrir Viðlagasjóð, leyfis hans frá störfum í Landsbankanum, þess, að hann sagði aldrei upp starfi sínu hjá bankanum, hann fór að nýju til starfa hjá Landsbankanum, hann var allan starfstíma sinn hjá Viðlagasjóði í Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslainds, svo og þegar litið er til hlutverks Viðlagasjóðs, þá þykir verða að fallast á þá skoðun stefnda, að 14. gr. laga nr. 38/1954 eigi ekki við um það, þegar staða stefnanda hjá Viðlagasjóði var lögð niður.

Niðurstaða máls þessa er því sú, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.
Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Braga Björnssonar, í máli þessu.
Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 12. maí 1982.

Nr. 211/1979. **Þorgeir Halldórsson**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Opinberir starfsmenn. Niðurlanging stöðu. Krafa samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 ekki tekin til greina.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1979. Hann krefst þess, að stefndi greiði sér 22.809.21 krónu með 19% ársvöxtum af 3.285.95 krónum frá 1. ágúst 1978 til 1 .september s. á., af 6.571.90 krónum frá þeim degi til 1. október s. á., af 10.149.80 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s. á., af 13.727.70 krónum frá þeim degi til 1. desember s. á. og af 17.305.60 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1979. Frá þeim degi greiðist ársvextir af 22.809.21 krónu sem hér segir: 19% til 1. júní 1979, 22% frá þeim degi til 15. s. m., 39.5% frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% frá þeim degi til 1. júní s. á. og síðan 39% frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og

frá þeim degi hæstu innlánsvextir hvers tíma til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

1. varakrafa hans er sú, að hann verði ekki dæmdur til að greiða hærri fjárhæð en 8.947.02 krónur með 19% ársvöxtum af 3.009.95 krónum frá 1. júlí 1978 til 1. ágúst s. á., af 6.199.90 krónum frá þeim degi til 1. september s. á., af 6.886.68 krónum frá þeim degi til 1. október s. á., af 7.573.46 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s. á. og af 8.260.24 krónum frá þeim degi til 1. desember s. á. Frá þeim degi greiði hann ársvexti af 8.947.02 krónum, eins og áfrýjandi krefst. Þá krefst stefndi þess, að málskostnaður falli niður.

2. varakrafa stefnda er sú, að hann verði dæmdur til að greiða áfrýjanda aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar og málskostnaður falli niður.

Fyrri varakrafa stefnda er fundin með því að leggja saman laun eftir 11. launaflokki, 3. þrepi, í samningum bankamanna í júlí og ágúst 1978 og launamismun milli þess flokks og 16. flokks, 3. þreps, í kjarasamningi fjármálaráðherra og BSRB í september-desember sama ár. Er þá tekið mið af launum áfrýjanda hjá Brunabótafélagi Íslands, þar sem hann hóf störf í september 1978, svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í máli þessu er ekki deilt um, að uppsagnarfrestur eftir bréfi því, sem áfrýjanda var sent 15. mars 1978 og getið er í héraðsdómi, hafi verið nægilegur, heldur einungis um það, hvort áfrýjandi eigi rétt til launa skv. 14. gr. laga nr. 38/1954 vegna þess, að staða hans hafi verið lögð niður. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með tilvísun til forsendna hans.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. október 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi, höfðaði Þorgeir Halldórsson, Lambastaðabraut 4, Seltjarnarnesi, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 15. febrúar 1979, gegn fjámálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Arnarhváli, Reykjavík, til greiðslu á bótum og orlofsfé, samtals að fjárhæð kr. 2.280.921 með 19% ársvöxtum af kr. 328.595 frá 1. ágúst 1978 til 1. september 1978, af kr. 657.190 frá þeim degi til 1. okt. 1978, af kr. 1.014.980 frá þeim degi til 1. nóv. 1978, af kr. 1.372.770 frá þeim degi til 1. des. 1978, af kr. 1.730.560 frá þeim degi til 1. jan. 1979 og af kr. 2.280.921 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Við munnlegan málflutning breytti lögmaður stefnanda með samþykki lögmanns stefnda vaxtakröfu sinni á þá leið, að krefjast 19% ársvaxta af stefnufjárhæðum til 1. júní 1979, en 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1979 og 27% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Við þingfestingu málsins var lagt fram samkomulag aðilja um að ganga fram hjá sáttanefnd.

Hér fyrir dómi hefur verið leitað um sáttir í málinu án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi réðst til starfa hjá Viðlagasjóði á árinu 1973. Skriflegur ráðningarsamningur mun ekki hafa verið gerður við hann. Ráðning stefnanda var byggð á kjarasamningum bankamanna, og þáði hann laun samkvæmt 11. launaflokki, 3. þrepi, í kjarasamningi bankamanna. Hann naut aðildar að Lífeyrissjóði verslunarmanna, meðan hann starfaði hjá Viðlagasjóði. Með bréfi, dags. 15. mars 1978, dskj. 3, var stefnanda sagt upp störfum hjá Viðlagasjóði með þriggja mánaða uppsagnarfresti miðað við 1. apríl 1978. Stefnandi vann allan uppsagnarfrestinn og lét af störfum 30. júní 1978, en þá lauk starfsemi Viðlagasjóðs. Stefnandi mun hafa hafið störf hjá Brunabótafélagi Íslands í september 1978, og þiggur hann þar laun skv. 16. launaflokki.

Mál þetta höfðar stefnandi til greiðslu sex mánaða launa skv. 14. gr. laga nr. 38/1954.

Stefnandi var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa.

Fram kom hjá stefnanda, að hann hafi hafið störf hjá Viðlagasjóði 10. júlí 1973 og hafi hann verið ráðinn eftir auglýsingu í Morgunblaðinu á dskj. 14. Áður en stefnandi hóf störf hjá Viðlagasjóði, kvaðst hann hafa verið í verkamannavinnu. En stefnandi hafi unnið í 11 ár hjá Flugleiðum, það starf hafi mest verið á flugvelli, og kvaðst stefnandi hafa verið erlendis í 8 ár, en 2 ár hér heima og þá hafi stefnandi verið í Lífeyrissjóði verslunarmanna og því hafi verið haldið áfram starfstíma stefnanda hjá Viðlagasjóði. Stefnandi sagði, að það hafi verið að frumkvæði sinna yfirboðara, hann hafi einskis spurt, þegar hann réð sig. Hallgrímur Sigurðsson hafi ráðið stefnanda til starfsins og hafi hann gefið stefnanda upp, hvað stefnandi mundi fá í laun, en ekki hafi verið rætt um kjör að öðru leyti og ekki ráðningartíma heldur, nema bara að þarna væri mikið starf að vinna og það hafi reynst rétt. Stefnanda hafi ekki verið sagt frá því, að launin væru miðuð við bankamenn, en allir starfsmenn sjóðsins hafi haft 13 mánaðalaun. Stefnandi kvaðst ímynda sér, að laun hans hafi verið ámóta og laun við sambærileg störf hjá ríkinu. Stefnandi kvaðst hafa reiknað með, að starfið hjá Viðlagasjóði yrði framtíðarstarf. Stefnandi kvaðst nú ekki vita, hvort hann hafi verið að hugsa um æviráðningu, þegar hann réðst til starfa hjá sjóðnum, en vinnan hafi verið óheyrilega mikil og maður hafi ekki getað séð annað en að það mundi taka mörg mörg ár. Síðan hafi landsdeild verið stofnuð og hafi honum fundist allt bera að sama brunni, að það yrði einhver stofnun í þjóðfélaginu, sem mundi sjá um afleiðingar náttúruhamfara.

Eftir að stefnandi var búinn að starfa hjá Viðlagasjóði í 3—4 ár, hafi framkvæmdastjóri Viðlagasjóðs skrifað fjármálaráðuneytinu bréf og ríkisendurskoðun varðandi aðild starfsmanna sjóðsins að lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, en engin svör hafi borist við bréfum þessum. Þegar þetta var, hafi starfsmennirnir verið stefnandi og Helga Óskarsdóttir. Starfið hafi minnkað og aðrir starfsmenn hafi horfið á braut. Engum starfsmanni hafi verið sagt upp. Nokkrir voru frá Vestmannaeyjum og þeir hafi farið til síns heima. Þetta hafi skammtað sig nokkurn veginn sjálft. Í lögum um Viðlagatryggingu standi: „Hún skal enga starfsmenn hafa.“ En stefnandi kvaðst hafa viljað vinna fyrir Viðlagatryggingu, ef það hefði verið á boðstólum.

Stefnandi kvaðst í lengstu lög hafa haldið í þá von, að einhver yrði að sinna bæði verkum fyrir Viðlagatryggingu og eins hafi verið mikið af vinnu ólokið, þegar starfsmennirnir voru látnir

hætta. Ýmsar blikur hafi verið búnar að vera á lofti, en starfsmennirnir hafi eiginlega ekki trúað þessu, en fundið samt kannski á sér, að það gæti svo farið. Stefnandi kvaðst hafa haldið, að starfinu yrði haldið áfram, eftir að hann fékk uppsagnarbréfið, og honum hafi orðið ljóst, 30. júní 1978, að svo yrði ekki.

Stefnandi kvaðst hafa verið atvinnulaus í júlí og ágúst 1978, en svo hafið starf hjá Brunabótafélagi Íslands og í því starfi taki hann laun skv. 16. launaflokki.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að Viðlagasjóður hafi verið ríkisstofnun, sbr. lög nr. 4/1973 um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey. Stefnandi hafi því verið ríkisstarfsmaður. Þar sem stefnandi hafi verið ríkisstarfsmaður, þá fari um réttarstöðu hans samkvæmt lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ákvæði 14. gr. laganna tryggi mönnum bætur, þegar staða er lögð niður. Bæturnar séu ákveðnar þannig, að starfsmaðurinn eigi að fá bætur, sem svari til fastra launa, er starfanum fylgdi, í sex mánuði, frá því að hann lét af starfi, ef þjónustualdurinn sé skemmri en 15 ár. Af þessu ákvæði leiði, að stefnandi eigi rétt til launa tímabilið 1. júlí 1978 til 31. desember 1978. Stefnufjárhæðin miðist við þann launaflokk og launaþrep, sem stefnandi var í, er hann lét af starfi, að viðbættum 8.33% vegna orlofs. Stefnandi hafi þegið laun skv. 11. launaflokki, 3. þrepi, í kjarasamningi bankamanna. Stefnandi hafi tekið laun sín eftir á fyrir hvern mánuð.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

Laun í júlí 1978, sbr. dskj. 8, bls. 3	kr.	328.970
Laun í ágúst 1978, dskj. 8, bls. 3	—	328.970
Laun í september 1978, sbr. dskj. 9	—	357.790
Laun í október 1978, sbr. dskj. 9	—	357.790
Laun í nóvember 1978, sbr. dskj. 9	—	357.790
Laun í desember 1978, sbr. dskj. 10	—	374.970
	Kr.	2.105.530 (sic)
Til viðbótar orlof 8.33%	—	175.391
Samtals	kr.	2.280.921 (sic)

Viðlagasjóður hafi verið lagður niður 30. júní 1978. Ástæða til uppsagnar stefnanda hafi þannig verið alfarið byggð á því, að staða

stefnanda var lögð niður. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 tryggi starfsmönnum bætur, þegar staða er lögð niður, ýmist með sex mánaða launum eða tólf mánaða launum, frá því að viðkomandi lét af starfi. Handhafi ríkisvaldsins, í þessu tilfelli Viðlagasjóður, geti ekki tekið þennan lögákveðna bótarétt af starfsmönnum sínum. Bent er á eftirtalda dóma Hæstaréttar þessu til stuðnings, 1965, bls. 400, 1966, bls., 275, 1964, bls. 936, 942, 948 og 954. Enn fremur Hrd. 1953, bls. 231 og 318, og Hrd. 1954, bls. 127.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að í auglýsingunni á dskj. 15 sé ekki tekið fram, að um tímabundið starf sé að ræða. En eftir þessari auglýsingu hafi stefnandi verið ráðinn til starfa fyrir Viðlagasjóð. Ekki hafi heldur verið tekið fram við ráðningu stefnanda, að um tímabundið starf væri að ræða. Ekki komi fram í lögum um Viðlagasjóð, að sjóðurinn sé skammtímastofnun. Nú sinni Viðlagatrygging Íslands verkefnum Viðlagasjóðs.

Lög nr. 38/1954 taki til allra ríkisstarfsmanna og séu þau ófrávíkjanleg. Í málinu sé hvorki tölulegur ágreiningur né ágreiningur um málavexti, heldur einungis um réttarstöðu stefnanda, eða túlkun á 14. gr. laga nr. 38/1954, en vafalaust sé, að ákvæði þeirrar greinar eigi við um stefnanda.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að stofnast hafi bótaskylda ríkissjóðs vegna þess, að stefnanda var sagt upp störfum hjá Viðlagasjóði. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 geti ekki að réttu lagi átt við um starfsemi Viðlagasjóðs, enda hafi verkefni sjóðsins verið þess eðlis, að þeim hafi verið markaður aldur þegar í upphafi.

Í kjölfar jarðelda, sem brutust út á Heimaey á öndverðu ári 1973, hafi verið sett lög nr. 4/1973 um neyðarráðstafanir vegna jarðelda í Heimaey. Samkvæmt lögum þessum hafi Viðlagasjóður verið settur á fót, en hlutverk hans hafi m. a. verið að stuðla að endurreisn byggðar í Vestmannaeyjum með hvers kyns fyrirgreiðslu og tjónbótum og draga þannig úr áhrifum náttúruhamfaranna á afkomu og atvinnulíf Vestmannaeyinga og þjóðarheildarinnar. Viðlagasjóður hafi tekið við verkefnum svonefndrar Vestmannaeyjanefndar, sem starfað hafði að neyðarráðstöfunum í þrjár vikur. Vestmannaeyjanefnd hafi þegar ráðið sér starfsmenn, sem fengnir voru að láni úr bönkum. Fyrstu starfsmennirnir á skrifstofu Viðlagasjóðs hafi verið bankamenn. Það hafi verið mat stjórnar sjóðsins, að erfitt mundi verða að fá fólk til þessara starfa, nema með því móti að fá það lánað úr öðrum

störfum. Í því sambandi hafi einkum verið treyst á bankana og hafi verið ákveðið að miða launakjör við kjarasamninga bankastarfsmanna.

Þótt Viðlagasjóður hafi verið stofnaður með lögum í því skyni að tryggja stuðning ríkisvaldsins vegna einstæðra náttúruhamfara í Vestmannaeyjum og þar með að sínu leyti verið „ríkisstofnun", hafi tilvist hans verið svo sérstaks eðlis, að um hann hljóti að gilda sérsjónarmið að verulegu leyti. Viðlagasjóður hafi orðið til vegna einstakra atburða og hafi aldrei verið ætlað að starfa nema um tiltölulega skamma hríð, þar til brýnasta endurreisnarstarfi í Vestmannaeyjum væri lokið. Lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954 geti því ekki tekið til starfrækslu og starfsmanna Viðlagasjóðs í einu og öllu, þótt rétt sé að taka mið af meginreglum þeirra eftir því sem við kunni að eiga. Starfsmenn Viðlagasjóðs hafi því ekki verið ríkisstarfsmenn í þeim skilningi, að þeir nytu óskoraðrar réttarstöðu starfsmannalaganna á borð við starfsmenn ríkisins yfirleitt, enda hafi stefnandi verið allan tímann félagi í Lífeyrissjóði verslunarmanna. Með hliðsjón af eðli og tilgangi Viðlagasjóðs sé sérstaklega fjarstætt, að ákvæði laganna um æviráðningu og niðurlagningu stöðu geti tekið til starfsmanna hans.

Fallist rétturinn ekki á þessar röksemdir og telji, að ákvæði laga nr. 38/1954 eigi hér að öllu leyti við, beri engu að síður að sýkna stefnda. Samkvæmt 14. gr. laganna sé það skilyrði bóta vegna niðurlagningar stöðu, að starfsmaður hafi ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Stefnandi hafi tekið við starfi hjá Brunabótafélagi Íslands aðeins tveim mánuðum eftir starfslok Viðlagasjóðs. Þar sem ekki hafi verið fram á það sýnt, að störf stefnanda hjá Brunabótafélagi Íslands og Viðlagasjóði séu ekki í meginatriðum sambærileg um virðingu og réttargæði, beri að sýkna stefnda þegar af þeirri ástæðu, að bótaskilyrði 14. gr. sé ekki fullnægt.

Þá megi að lokum á það minna, hver var hinn raunverulegi tilgangur með setningu 14. gr. laga nr. 38/1954. Í greinargerð með frumvarpinu til þessara laga á sínum tíma hafi það verið tekið fram, að annar megintilgangur 14. gr. væri sá „að tryggja þeim starfsmanni, er staða hans er lögð niður, t. d. af sparnaðarástæðum, laun, sem svari ríflegum uppsagnarfresti." Hér sé við það miðað, að eðlilegt sé, að sá starfsmaður, sem ekkert hafi til saka unnið, njóti betri réttar en hinn, sem af gildum ástæðum er vikið frá störfum gegn vilja sínum. Þetta sé gert í því skyni, að

starfsmaðurinn fái nægilegt ráðrúm til að afla sér nýrrar atvinnu án þess að skaðast fjárhagslega á þeim biðtíma, sem þarna kann að myndast. Það hafi verið ljóst þegar á árinu 1975, að Viðlagasjóði hafi verið ætlað að ljúka störfum í árslok 1976 og Viðlagatrygging Íslands skyldi þá taka við af honum, sbr. lög nr. 52/1975. Á sameiginlegum fundi stjórna Viðlagasjóðs og Viðlagatryggingar 29. desember 1976 hafi verið gengið frá yfirtöku Viðlagatryggingar á málefnum Viðlagasjóðs, en þennan dag hafi sjóðsstjórnin lokið störfum sínum og umboð hennar hafi runnið út á síðasta degi þessa árs. Hins vegar hafi orðið verulegar tafir á því, að unnt væri að ljúka ýmsum uppgjörum, einkum við Vestmannaeyjakaupstað og Síldarvinnsluna á Norðfirði, svo og frágangi á nokkrum eignasölum. Því hafi orðið að ráði, að nokkrir starfsmenn Viðlagasjóðs héldu áfram störfum og þá á ábyrgð Viðlagatryggingarinnar, sbr. dskj. 13. Á fundi stjórnar Viðlagatryggingar Íslands hinn 10. mars 1978 hafi verið ákveðið, að starfsemi skrifstofu Viðlagasjóðs yrði hætt 30. júní 1978 í síðasta lagi, og hafi öllu starfsfólki verið sagt upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara. Stefnanda hafi því verið ljóst um langa hríð, að hverju stefndi, og hafi hann haft óvenju gott tóm til þess að leita sér nýrra starfa. Stefnukrafan sé því auk alls annars í augljósri og beinni andstöðu við megintilgang 14. gr. laga nr. 38/1954. Sú staðreynd hljóti að styðja sýknukröfu stefnda, ef ákvæði 14. gr. þessara laga verði yfirleitt talin eiga hér við.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að á dskj. 20 og 21 sjáist, hvaða ríkisstarfsmenn hafi notið sambærilegra launa og stefnandi. Ef til vill hafi stefnandi fengið svo há laun, vegna þess að um tímabundið starf var að ræða. Laun stefnanda hafi ekki verið í neinu samræmi við laun annarra starfsmanna ríkisins.

IV.

Álit dómsins.

Þegar litið er til aðdraganda að stofnun Viðlagasjóðs, þ. e. eldgossins á Heimaey, og hlutverks sjóðsins skv. lög nr. 4/1973 og reglugerð nr. 62/1973, þykir það hafa líkur gegn sér, að við ráðningu starfsmanna sjóðsins hafi verið stofnað til æviráðningar starfsmanna.

Þá er stefnandi réðst til starfa hjá Viðlagasjóði 10. júlí 1973, voru í gildi lög um Viðlagasjóð nr. 4 frá 7. febrúar 1973 og reglugerð nr. 62 frá 27. mars 1973. Með lögum nr. 5 frá 28. febrúar

1975 var stofnuð til bráðabirgða sérstök deild við Viðlagasjóð vegna snjóflóða, sem féllu á Norðfirði 20. desember 1974. Í lögum þessum er mælt fyrir um tímabundna fjáröflun til Viðlagasjóðs og skiptingu tekna á milli Norðfjarðardeildar og vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. Í 6. gr. laganna er stjórn Viðlagasjóðs heimilað í samráði við stjórn Bjargráðasjóðs að bæta tjón, sem orðið hafa af náttúruhamförum eða verða annars staðar á landinu. Lög um Viðlagatryggingu Íslands eru nr. 52 frá 27. maí 1975. Samkvæmt 21. gr. þeirra skal Viðlagatrygging Íslands taka við eignum og skuldum Viðlagasjóðs 1. janúar 1977, enda féllu þann dag úr gildi lög nr. 4/1973 og lög nr. 5/1975.

Það er álit dómsins, að lög þau og reglugerð, sem í gildi voru um Viðlagasjóð, þegar stefnandi hóf störf hjá sjóðnum, hafi ekki gefið stefnanda tilefni til þess að reikna með framtíðarstarfi hjá Viðlagasjóði. Eftir setningu laga nr. 52/1975 mátti stefnanda vera ljóst, að ætlunin var, að Viðlagasjóður yrði lagður niður 1. janúar 1977 og jafnframt að Viðlagatryggingu Íslands væri ekki ætlað að hafa eigin starfsmenn. Jafnvel þótt orðalag 6. gr. laga nr. 5/1975 kunni að hafa gefið stefnanda tilefni til þess að reikna með framtíðarstarfi, þá þykir það ekki skipta máli við niðurstöðu máls þessa, og er þá m. a. litið til gildistíma ákvæðisins.

Stefnandi þáði laun samkvæmt 11. flokki, 3. þrepi, í kjarasamningi bankamanna. Dómskjöl 20 og 21 sýna, að laun þessi eru sambærileg við hæstu launaflokka BSRB.

Þegar litið er til hlutverks Viðlagasjóðs, launa stefnanda hjá sjóðnum, þess, að stefnandi var allan starfstíma sinn í Lífeyrissjóði verslunarmanna, þá þykir verða að fallast á þá skoðun stefnda, að 14. gr. laga nr. 38/1954 eigi ekki við um það, þegar staða stefnanda hjá Viðlagasjóði var lögð niður.

Niðurstaða málsins er því sú, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Þorgeirs Halldórssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 13. maí 1982.

Nr. 192/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Þórði Bjarna Sigfússyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Árni Pálsson, fulltrúi sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var áfrýjað að ósk ákærða með stefnu 14. ágúst 1981. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd. Ágrip barst Hæstarétti 18. desember 1981.

Ríkissaksóknari hefur með bréfi til Hæstaréttar, dagsettu 26. apríl 1982, lýst því yfir, að af hálfu ákæruvalds séu niður felldar úr öllum ákæruskjölum í máli þessu tilvitnanir í 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann með þeim breytingum, sem leiða að ofangreindu bréfi ríkissaksóknara að því er varðar heimfærslu brota til lagaákvæða.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00 krónur.

Það athugast, að í héraðsdómi gætir nokkurrar ónákvæmni. Við lýsingu brots, sem ákært er fyrir með ákæruskjali 30. júlí 1980, er ártal ekki tilgreint, heldur aðeins dagsetningin 29. september, en ártalið er 1979. Við lýsingu brots, sem ákært er fyrir með ákæruskjali 27. mars 1981, er ártalið ekki tilgreint, heldur aðeins dagsetning 9. ágúst, en ártalið er

1980. Dagsetningar og ártöl eru rétt greind í ákæruskjölum, og við flutning málsins fyrir Hæstarétti var engum athugasemdum hreyft vegna ónákvæmni þessarar, enda réttar dagsetningar samkvæmt ákæruskjölum lagðar til grundvallar í málflutningi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Þórður Bjarni Sigfússon, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Eyjafjarðarsýslu 22. maí 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. maí sl., er höfðað með þremur ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 10. ágúst 1979, 30. júlí 1980 og 27. mars 1981, á hendur Þórði Bjarna Sigfússyni mælingamanna, Syðra-Laugalandi, Öngulstaðahreppi í Eyjafirði, fæddum 30. nóvember 1937 að Geirlandi í Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, „fyrir að aka mánudaginn 23. apríl 1979 undir áhrifum áfengis bifreiðinni A 5188 frá Hótel KEA á Akureyri heim á leið, uns lögreglumenn stöðvuðu aksturinn á Norðurlandsvegi skammt sunnan Ferðanestis.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 1. nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

„... fyrir að aka laugardaginn 29. september 1979 undir áhrifum áfengis bifreiðinni L 1376 frá Hótel Loftleiðum við Reykjavíkurflugvöll áleiðis til Mosfellssveitar, uns lögreglumenn stöðvuðu aksturinn á Vesturlandsvegi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 1. nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

„... fyrir að aka laugardaginn 9. ágúst 1980 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 57412 frá Skálavík áleiðis til Bolungarvíkur, uns lögreglumenn stöðvuðu akstur ákærða á Skálavíkurheiði á móts við sæluhúsið.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1962 16/4 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21., 16., og 44. gr. áfengislaga.

1970 27/5 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.

1974 1/3 í Reykjavík: Sátt, 16.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mán.

1975 14/11 í Reykjavík: Dómur: 25 daga varðhald fyrir brot á 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævinlangt frá 14/11 1975.

1979 9/3 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

1980 6/10 í Reykjavík: Dómur: 360.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. og 41. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt.

Málavextir.

1.1.

Mánudaginn 23. apríl 1979, kl. 2255, voru lögreglumennirnir Matthías Einarsson, Karl Kristjánsson og Daníel Snorrason á eftirlitsferð í lögreglubifreiðinni A 400 á Norðurlandsvegi framan Akureyrar. Stöðvuðu þeir akstur bifreiðarinnar A 5188. Höfðu þeir tal af ökumanni bifreiðarinnar, sem er ákærði í máli þessu, lagði áfengislykt frá vitum ákærða, og sýndist lögreglumönnunum, að ákærði væri undir áhrifum áfengis. Var ákærði því færður á lögreglustöðina, þar sem honum var tekið blóðsýni til alkóhólákvöðunar.

Þriðjudaginn 24. apríl 1979 var tekin skýrsla af ákærða hjá lögreglunni á Akureyri. Ákærði kveðst hafa farið á barinn á

Hótel KEA mánudagskvöldið 23. apríl og verið þar af og til frá kl. 1900 til 2300. Ákærði kveðst hafa neytt áfengis, en kveðst ekki geta tilgreint nákvæmlega, hve mikið það var. Ákærði kveðst hafa ekið bifreiðinni A 5188 frá Hótel KEA, þar til lögreglan stöðvaði hann á Norðurlandsvegi. Kveðst ákærði ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ákærði kveðst hafa verið ökuréttindalaus við aksturinn. Niðurstaða alkóhólákvörðunar í blóði ákærða með gasgreiningu á súlu reyndist 1.58‰.

Með vísan til niðurstöðu alkóhólákvörðunar í blóði ákærða, skýrslu lögreglunnar svo og framburðar ákærða um áfengisneyslu sína umrætt kvöld þykir sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir. Telst háttsemi ákærða varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978. Ákærði kveðst í skýrslu hjá lögreglu 24. apríl 1979 ekki hafa ökuréttindi, þegar hann ók í framangreint sinn. Af ákæruvaldsins hálfu er ekki gerð sérstök refsikrafa vegna þessa. Með vísan til 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála verður ákærða því ekki dæmd refsing vegna þessa. Að öðru leyti verða kröfur ákæruvaldsins teknar til greina.

1.2.

Laugardaginn 29. september, um kl. 0145, voru lögreglumenn við umferðareftirlit á Vesturlandsvegi á vegaeftirlitsbifreiðinni R 2001. Veittu þeir þá athygli bifreiðinni L 1376, þar sem henni var ekið áleiðis í Mosfellssveit. Stöðvuðu þeir akstur bifreiðarinnar, og virtist þeim ökumaður áberandi ölvaður. Aðspurður kvaðst ökumaður heita Þórður Bjarni Sigfússon, sem er ákærði í máli þessu. Aðspurður kvaðst ákærði hafa drukkið nokkur glös af vodka á Hótel Loftleiðum, en þaðan hafi hann verið að koma. Ákærði kveðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Var ákærði færður í slysadeild Borgarspítalans til töku blóðsýnis til alkóhólákvörðunar.

Miðvikudaginn 16. júlí 1980 kom ákærði fyrir sakadóm Reykjavíkur, kveðst hann þá hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar L 1376 í framangreint sinn. Niðurstaða alkóhólákvörðunar í blóði ákærða reyndist 2.78‰.

Með vísan til niðurstöðu alkóhólákvörðunar í blóði ákærða, skýrslu lögreglunnar svo og framburðar ákærða þykir sannað, að

hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir. Háttsemi ákærða er í ákæruskjali færð til réttra refsiákvæða, og verða því kröfur ákæruvaldsins teknar til greina.

1.3.

Laugardaginn 9. ágúst var tilkynnt til lögreglunnar í Bolungarvík um ölvaða menn á bifreið í Skálavík. Lögreglumennirnir Valdimar Guðmundsson og Ingvar Kristjánsson óku áleiðis í Skálavík til að athuga málið. Er þeir voru á Skálavíkurheiði, mættu þeir bifreiðinni R 57412 og stöðvuðu hana. Var ökumaður, sem er ákærði í máli þessu, færður á lögregluvarðstofuna, þar sem tekið var úr honum blóðsýni til alkóhólákvörðunar. Aðspurður kvaðst ákærði hafa neytt áfengis í Skálavík, en gat ekki sagt til um, hversu mikið það var. Ákærði kveðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Þriðjudaginn 17. febrúar 1981 var ákærði yfirheyrður hjá lögreglunni á Akureyri vegna framangreinds aksturs bifreiðarinnar R 57412. Kveðst ákærði hafa ekið bifreiðinni frá Skálavík, þar til lögreglan stöðvaði hann á Skálavíkurheiði. Ákærði kveðst hafa gert sér grein fyrir, að hann hafi drukkið það mikið áfengi, að það væri yfir leyfilegum mörkum. Hann kveðst hins vegar ekki muna, hvort hann hafi fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Niðurstaða alkóhólákvörðunar í blóði ákærða reyndist 2.93‰.

Með vísan til framburðar ákærða um áfengisneyslu svo og annarra gagna málsins þykir sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir. Háttsemi ákærða er í ákæru færð til réttra refsiákvæða, verða því kröfur ákæruvaldsins teknar til greina.

2.0.

Refsiákvörðun.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 6. október 1980 var ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt og gert að greiða kr. 3.600.00 í sekt til ríkissjóðs. Með hliðsjón af 1. mgr. 77. gr. og 1. mgr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga. Það athugast, að lögreglumaður sá, sem tók skýrslu af ákærða 17. febrúar 1981, gætti eigi 4. mgr. 61. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 1. gr. laga nr. 53/1979. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:
Ákærði, Þórður Bjarni Sigfússon, sæti varðhaldi í 45 daga.
Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. maí 1982.

Nr. 261/1981. **Guðrún Ragnars**
Jón Ragnars
Kjartan Ragnars
Ragna G. Ragnars og
Valgerður Ragnars
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Sverri Ragnars og
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
Elíasi I. Elíassyni,
skiptaráðanda á Akureyri
(enginn).

Kærumál. Skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 29. nóvember 1981, sem barst Hæstarétti 15. desember s. á., kærðu sóknaraðiljar máls þessa til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Akureyrar 13. nóvember 1981. Vitneskju um úrksurðinn fengu sóknaraðiljar 18. nóvember. Kæran er byggð á heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Mál þetta var flutt munnlega 11. maí sl. eftir heimild í 2. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1973.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að hinn kærði úrskurður

verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir skiptaráðandann á Akureyri að taka til opinberra skipta dánarbú Ragnars Ólafssonar, föður sóknaraðilja og varnaraðiljans Sverris Ragnars, en Ragnar lést 14. september 1928 og var síðast til heimilis á Akureyri, „enda metist þarmeð ógild svokölluð skiptagerð 16. apríl 1934". Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðilinn Sverrir Ragnars krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu skiptaráðandans á Akureyri hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Ragnar Ólafsson og Guðrún kona hans áttu 10 börn. Af þeim fjórum, sem ekki eru aðiljar að kærumáli þessu, eru tvö á lífi, Þuríður Einarsson og Ólafur Ragnars. Synirnir Egill og Ásgrímur eru látnir. Ásgrímur átti þrjá syni, Gunnar, Ólaf og Ragnar. Egill átti eina dóttur, Guðrúnu, og ekkja hans, Sigríður Ragnars, er á lífi. Öllu þessu fólki hefur gefist kostur á að láta skiptakröfu sóknaraðilja til sín taka, en hefur ekki gert það.

Svo sem frá er greint í hinum kærða úrskurði, liggur frammi í máli þessu skiptagerningur fyrir dánarbú Ragnars Ólafssonar, dags. 16. apríl 1934, undirritaður af öllum lögráða erfingjum Ragnars og svo sérstaklega skipuðum lögráðamanni þriggja ólögráða erfingja. Í skiptagerningnum eru taldar eignir dánarbúsins, eins og þær voru í upphafi árs 1934, verðmæti þeirra og hvernig þær komi til skipta milli erfingjanna. Á erfðafjárskýrslu vegna dánarbúsins hefur skiptaráðandinn á Akureyri ritað svofellda yfirlýsingu, dags. 30. júní 1934:

„Hjermeð vottast, að jeg hefi borið framanritaða erfðafjárskýrslu saman við skiftagjörning á dánarbúi ræðismanns Ragnars Ólafssonar. Er skýrslan nákvæmlega í samræmi við skiftagjörninginn og er hann undirskrifaður eiginhendi af þeim hinum sömu aðiljum, er tilfærðir eru hjer að framan".

Samkvæmt framangreindu er ótvírætt, að erfingjaskipti fóru fram á dánarbúi þessu þegar á árinu 1934. Geta þær ástæður, sem sóknaraðiljar færa fram fyrir kröfum sínum

um algerlega nýja skiptameðferð og raktar eru í hinum kærða úrskurði, ekki leitt til þess, að svo verði litið á, að enn hafi engin skipti verið gerð á dánarbúinu, svo sem sóknaraðiljar halda fram. Verða kröfur þeirra því ekki teknar til greina á þeim grundvelli.

Sóknaraðiljar rökstyðja kröfur sínar öðrum þræði með því, að ýmsum eignum dánarbús Ragnars Ólafssonar hafi verið haldið utan erfingjaskiptanna á dánarbúinu, ef á annað borð verði á það fallist með varnaraðiljum, að skipti hafi farið fram. Beri því að skipta þeim eignum með þeim erfingjum, sem enn eru á lífi, svo og með erfingjum hinna, sem látnir eru.

Um sumar þeirra eigna, sem sóknaraðiljar hafa sérstaklega tilgreint, að ekki hafi verið teknar til skipta, er þó svo farið, að engar líkur eru að því leiddar, að þær eða verðmæti, sem í stað þeirra megi koma, séu lengur fyrir hendi. Geta þær því ekki lengur komið til skipta. Á þetta við um skuldakröfu á hendur Akureyrarbæ, að höfuðstól um það bil 110.000 krónur, ríkisskuldabréf að fjárhæð 60.000 krónur svo og ýmsar eignatekjur dánarbúsins frá ársbyrjun 1934 til 16. apríl það ár.

Um firmað Ragnar Ólafsson er þess að geta, að samkvæmt tilkynningu til firmaskrár Akureyrar 15. mars 1935 afhenti ekkjan Guðrún Ólafsson það fyrirtæki í hendur varnaraðilja þessa máls Sverri Ragnars hinn 1. janúar 1934. Sat hún þá í óskiptu búi eftir bónda sinn, Ragnar. Kom eign þessi samkvæmt því ekki til skipta við erfingjaskiptin.

Að því er varðar jörðina Svartárkot í Bárðdælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu er það sérstaklega fram að taka, að gögn málsins sýna, að hún hefur verið talin séreign ekkjunnar. Sést ekki, að nokkrum athugasemdum hafi verið við því hreyft við erfingjaskiptin, að jörðinni væri haldið utan skipta. Samkvæmt því eru engin efni til að taka upp skiptin vegna þeirrar eignar, sem fyrir löngu hefur verið ráðstafað í hendur annarra aðilja.

Um fasteignir þær á Oddeyrartanga, sem sóknaraðiljar telja, að hafi verið eign dánarbúsins í apríl 1934, en ekki komið til skipta með erfingjum, er þess loks að geta, að

krafa sóknaraðilja um, að þær verði nú teknar til skipta, yrði því aðeins tekin til greina, að þær eignir hefðu ekki komist úr eigu dánarbúsins í hendur varnaraðilja Sverris með lögmætum hætti, eins og hann heldur þó eindregið fram. Gögn málsins sýna, að um þetta hefur verið ágreiningur með aðiljum um nokkurra ára skeið. Í framhaldi af sölu varnaraðilja á hluta af þessum eignum til þriðja aðilja undirrituðu allir sóknaraðiljar hinn 4. desember 1977, án nokkurs fyrirvara, yfirlýsingu þá, sem orðrétt er greind í hinum kærða úrskurði. Er augljóst af yfirlýsingunni og aðdraganda hennar, að hún varðaði fyrst og fremst fasteignir dánarbúsins á Oddeyrartanga, þær sem varnaraðili Sverrir hafði fengið eignarhald á. Var því sérstaklega brýnt tilefni til þess fyrir sóknaraðilja að kanna þá rækilega, hverjar fasteignir hér var um að tefla og hvernig eignarhald Sverris að þeim væri til komið. Því hefur ekki verið hnekkt, að sóknaraðiljar séu af yfirlýsingu þessari bundnir. Hana verður að skýra svo, að með henni hafi sóknaraðiljar fallið frá því gagnvart varnaraðilja að krefjast þess, að umræddar eignir verði teknar til skipta með erfingjum sem eignir, er verið hafi í dánarbúi Ragnar Ólafssonar, þegar því var skipt árið 1934. Verða kröfur sóknaraðilja því ekki heldur teknar til greina á framangreindum grundvelli. Koma þá ekki sérstaklega til álita önnur málsrök aðilja, er varða þetta atriði.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð og dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja Sverri Ragnars 5.000.00 krónur í kærumálskostnað.

Það athugast, að í hinum kærða úrskurði er ekki getið málskostnaðarkröfu, er varnaraðili Sverrir gerði fyrir skiptarétti á hendur sóknaraðiljum.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Guðrún Ragnars, Jón Ragnars, Kjartan Ragnars, Ragna G. Ragnars og Valgerður Ragnars, greiði varnaraðilja Sverri Ragnars 5.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Akureyrar 13. nóvember 1981.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 16. október sl., er um það deilt, hvort taka skuli til opinberra skipta dánarbú Ragnars Ólafssonar, er andaðist 14. september 1928, er síðast bjó að Strandgötu 5 á Akureyri.

Erfingjar Ragnars voru:

Guðrún Ólafsson, eiginkona hins látna, fædd 11. janúar 1880, dáinn 29. apríl 1973, og börn þeirra hjóna; Egill, fæddur 11. maí 1902, dáinn 1977, Þuríður, fædd 9. apríl 1903, Sverrir, fæddur 16. ágúst 1906, Valgerður, fædd 18. janúar 1908, Ólafur, fæddur 27. apríl 1909, Jón, fæddur 26. október 1910, Ásgrímur, fæddur 1. febrúar 1913, dáinn 1977, Kjartan, fæddur 23. maí 1916, Guðrún, fædd 2. júlí 1917, og Ragna, fædd 5. október 1918.

Skiptabeiðendur og sóknaraðiljar í máli þessu eru: Vargerður Ragnars, Jón Ragnars, Kjartans Ragnars, Guðrún Ragnars og Ragna Ragnars.

Varnaraðili máls þessa er Sverrir Ragnars.

Af hálfu sóknaraðilja er þess krafist, að dánarbú Ragnars Ólafssonar verði tekið til opinberra skipta.

Einnig er krafist opinberrar skiptameðferðar á dánarbúi Guðrúnar Ólafsson að því leyti sem nauðsynlegt telst til að halda skiptum frá 16. apríl 1934 til réttra laga. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu eða að mati réttarins úr hendi varnaraðilja.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist, að synjað verði kröfu sóknaraðilja um uppskrift og opinber skipti dánarbúsins.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa eigi borið árangur.

Málavextir.

Þann 14. september 1928 lést í Kaupmannahöfn Ragnar Ólafsson ræðismaður, Strandgötu 5 á Akureyri, frá eiginkonu sinni, Guðrúnu Ólafsson, og 10 börnum þeirra hjóna.

Hinn 27. október 1928 ritar ekkjan bæjarfógetanum á Akureyri bréf, þar sem hún tilkynnir honum, að hún ætli að sitja í óskiptu búi eftir mann sinn. Í bréfi þessu eru börn þeirra hjóna upp talin, einnig er getið fæðingardags þeirra.

Valdsmaður veitir ekkjunni búsetuleyfi með bréfi, dags. 19. nóvember 1928, og getur þess í bréfinu, að fyrir liggi samþykki myndugra barna hennar til þess, að hún fái leyfið.

Ekkjan situr í óskiptu búi til hins 16. apríl 1934, en þá skiptir hún búinu einkaskiptum með samerfingjum sínum. Valdsmaður skipar með bréfi, dags. 3. apríl 1934, J. C. F. Arnesen ræðismann

til þess að vera umboðs- og fjárráðamann ómyndugra barna ekkjunnar við einkaskiptin. Skiptin fara síðan fram 16. apríl 1934, og eru þau byggð á skiptagerningi, dagsettum sama dag, en hann er aftur byggður á eignaskrá yfir dánarbú Ragnars Ólafssonar frá 1. janúar 1934 og lista yfir útistandandi skuldir dánarbúsins frá sama tíma.

Erfðafjárskýrla A, en í henni skal koma fram hrein eign búsins, er dagsett 16. apríl 1934, ekki er hún undirrituð af erfingjum eigin hendi, heldur nöfn þeirra og votta vélrituð undir skýrsluna. Þar fyrir neðan vottar skiptaráðandi 30. júní 1934, að skýslan sé nákvæmlega í samræmi við skiptagerninginn og að hann sé undirskrifaður eigin hendi af þeim hinum sömu aðiljum, sem tilfærðir eru í erfðafjárskýrslunni.

Erfðafjárskýrsla B, skýrsla um erfðafjárskatt þann, sem greiða bar af erfðahlut hvers erfingja, er dags. 30. júní 1934, og er erfðafjárskattur þá greiddur. Erfðafrjáskýrsla þessi er ekki undirrituð af efingjum eigin hendi, heldur eru nöfn erfingjanna vélrituð undir skýrsluna.

Verða nú raktir framburðir aðilja og vitna eftir því sem ástæða þykir til:

Varnaraðili máls þessa kom fyrir dóminn þann 15. október 1981 og skýrði svo frá, að hann hefði tekið við rekstri dánarbúsins árið 1930 og hefði hann annast hann, þar til skipti fóru fram 16. apríl 1934, en þá hafi búinu verið skipt einkaskiptum.

Mætti (sic) kveðst ekki muna greinilega, hvernig á því stóð, að farið var út í það að skipta búinu, en telur þó, að það hafi verið samkomulag um það milli erfingjanna og móður hans, að búinu yrði skipt.

Mætti (sic) segir, að bræðrum sínum Agli og Ólafi hafi verið seldar Siglufjarðareignirnar um 1930 eða 1932, kaupverð hafi verið kr. 100.000.00 og greiðslukjör óákveðin. En eignirnar hafi þeir fengið upp í væntanlegan arf og hafi þeir verið skuldfærðir hjá dánarbúinu fyrir andvirði Siglufjarðareignanna. Ákveðið var, að greiddir skyldu 5% vextir af kaupverðinu.

Mætti (sic) kveðst hafa keypt Akureyrareignirnar af búinu árið 1933. Kaupverðið hafi verið kr. 100.000.00 og greiðslukjörin óákveðin. Vextir skyldu vera 5% og hafi þeir verið greiddir á ári hverju, þar til búinu var skipt. Mætti (sic) segir, að kaupsamningur þessi hafi verið munnlegur. Afsal fyrir eignunum hafi hann síðan fengið í desember 1934..

Mætti (sic) segir, að skiptin hafi aðallega hvílt á hans herðum,

en honum til aðstoðar hafi verið Jón Arnesen og Pétur Ólafsson, föðurbróðir sinn.

Mætti (sic) segir, að engar athugasemdir né mótmæli hafi komið fram, hvorki frá systkinum hans né umboðsmanni ófjárráða systkina.

Mætti (sic) kveðst hafa selt svokallaða Gránueign árið 1977. Vegna þessarar sölu hafi fjórir bræður hans, þeir Ólafur, Jón, Ásgrímur og Kjartan, komið norður. Kjartan hafi spurt sig eitthvað á þessa leið „ætlar þú að sitja einn að þessu öllu?" Mætti (sic) kveðst telja, að Kjartan hafi þarna átt við andvirði Gránueignarinnar. Mætti (sic) segir, að hann hafi sýnt bræðrum sínum svokallaða Gránueign og í það skiptið hafi hann einnig sýnt þeim lóðir sunnan við Gránufélagsgötu og utan við Gránufélagsgötu, en þær eignir hafi hann keypt af móður sinni.

Vegna þessarar sölu kveðst mætti (sic) hafa ákveðið að greiða samerfingjum sínum kr. 186.000.00 og hafi það verið gert vegna þess, að mætti (sic) hafi skuldað dánarbúi móður sinnar kr. 50.000.00, en erfingjar hafi verið sammála um, þegar búinu var skipt, að allar skuldir við dánarbú móður þeirra yrðu felldar niður. Samerfingjar sínir hafi þá skrifað undir yfirlýsingu, þar sem þeir falla frá frekari kröfum vegna skipta á dánarbúi foreldra okkar (sic), eins og fram komi á dskj. nr. 15.

Mætti (sic) kveðst hafa sýnt bræðrum sínum við þetta tækifæri kaupsamninginn á dskj. nr. 9 og á honum komi fram, að seljandi hafi selt kaupanda allar lóðir sínar, mannvirki og húseignir fyrir austan landamörk Akureyrarkaupstaðar á Oddeyri, og því hafi þeim mátt vera ljóst, að um fleiri eignir væri að ræða en Gránueignina. Og varðandi aðrar eignir, sem ekki eru á skiptasamningnum, eins og Svartárkot og Akureyrarbréfið, þá hafi þær verið séreign móður sinnar og því ekki komið til skipta.

Varðandi firma Ragnars Ólafssonar kveðst mætti hafa tekið við því fyrir skiptin og þess vegna hafi það ekki komið til skipta.

Hvað við kemur frímerkjasafninu þá hafi mætti (sic) tekið úr því einhver merki til þess að „komplettera" sitt eigið safn. Afganginn hafi hann afhent Kjartani bróður sínum.

Ríkisskuldabréfið að fjárhæð kr. 60.000.00 hafi verið séreign móður sinnar.

Mætti (sic) segir það rétt, að hann hafi, er til stóð að fara með þetta mál fyrir skiptarétt, boðið systkinum sínum lóðir, sem hægt yrði að selja fljótlega fyrir kr. 700.000.00 til 800.000.00.

Sama dag kom fyrir dóminn Haukur P. Ólafsson.

Vitnið sagði, að sér hefði verið kunnugt um, að Sverrir hefði keypt Tangann af móður hans, og vissi það ekki betur en að það hefði verið 1934 eða 1935 eða 1936, en vitnið þorði ekki að fullyrða um það.

Vitnið kvað sér vera kunnugt um, að systkinin vissu vel um þessa sölu.

Þennan sama dag kom fyrir dóminn vitnið Ólafur Ragnars.

Vitnið segir, að sér hafi verið kunnugt um, að Sverrir hafi keypt Tangaeignirnar af dánarbúinu árið 1933. Þannig hafi það einnig verið, er hann og Egill keyptu Siglufjarðareignirnar. Samningar hafi verið munnlegir og t. d. hafi afsal fyrir Siglufjarðareignunum ekki verið gefið út fyrr en árið 1952.

Vitnið segir, að sér hafi verið kunnugt um, hvaða eignir þetta voru á Tanganum, og að Sverrir hafi sýnt þeim í skoðunarferðinni árið 1977 aðrar fasteignir á Tanganum, sem hann keypti af búinu 1933, en Gránueignina.

Vitnið kveðst ekki hafa verið viðstatt, er munnlegir samningar voru gerðir milli Sverris og móður þeirra um Tangaeignirnar 1933.

Enginn sóknaraðilja hefur komið fyrir dóminn, en skriflegar aðiljaskýrslur þeirra liggja frammi í dóminum.

Málsástæður og lagarök.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því, að eiginleg skiptameðferð í skilningi skiptalaga hefjist aldrei og þaðan af síður, að henni hafi verið lokið, og virt séu að vettugi öll ákvæði skiptalaga nr. 3/1878, sem ætlað er að tryggja og vernda hagsmuni ólögráða og fjarstaddra erfingja.

Búið hafi ekki verið skrifað upp og virt í skiptarétti Akureyrar samkv. 15. og 16. gr. skiptalaga, sbr. 1. mgr. 74. gr. og a og c lið 5. gr. sömu laga. Embættisvanræksla þessi ein og sér valdi því, að lögmæt skiptameðferð hefjist aldrei. Engin embættisleg könnun fer m. ö. o. fram á því, hvert var raunverulegt andlag skipta, svo sem þó er skilyrðislaust boðið í 1. mgr. 74. gr. skiptalaga, sbr. 15. og 16. gr., sbr. a og c lið 5. gr. skiptalaga.

Fjárráða erfingjar og lögráðamaður fyrir hönd ófjárráða erfingja beiðist ekki formlegs leyfis til einkaskipta, sbr. 70., 71. og 1. mgr. 74. gr. skiptalaga.

Þá hafi lögráðamaður ekki hafst annað að við skiptin en að undirrita skiptagerning, en samkv. 14., 15. og 16. gr., sbr. 1. mgr. 74. gr. skiptalaga skal hann vera viðstaddur uppskriftar- og virð-

ingargerð skiptaréttarins og gæta þar hagsmuna umbjóðenda sinna undir eftirliti skiptaráðandans, sbr. t. d. 1. mgr. og 2. mgr. 50. gr. skiptalaga, sem einnig var yfirfjárráðandi, sbr. lög nr. 60 frá 1917 og tilskipun frá 18. febrúar 1847 um framsal búsins til einkaskipta, hafi því ekki verið heimilt fyrr en að lokinni slíkri uppskriftar- og virðingargerð (sic). Búið hafi aldrei verið framselt formlega til einkaskipta, sbr. 1. mgr. 74. gr. skiptalaga.

Frágangur skiptagernings og skilagreinar til ólögráða erfingja sé brýnt brot á 77. gr. skiptalaga, en samkvæmt henni hafi skiptaráðanda borið að yfirfara eigna- og skiptagerninginn og undirrita hann. Vanræksla þessi ein sér valdi því, að skiptum ljúki aldrei á lögformlegan hátt, sbr. einnig 49 gr. skiptalaga. Engri erfðafjárskýrslu sé skilað og skiptum ljúki því ekki af þeirri ástæðu. Af svokallaðri erfðafjárskýrslu, sbr. dskj. nr. 7, verði hins vegar ráðið, að einu afskipti skiptaráðanda af búskiptum hafi verið þau að veita viðtöku erfðafjárskatti af eignum, sem skipt var.

Skiptin virðast byggð á svokallaðri eignaskrá frá 1. janúar 1934. Skjal þetta sé óundirritað af lögráða erfingjum búsins svo og óyfirfarið af skiptaráðanda og lögráðamanni fyrir hönd ólögráða og fjarstaddra erfingja. Skjalið ber ekki með sér, frá hverjum það stafi, né heldur, að það hafi legið frammi við skiptin 16. apríl 1934. Að skjalið stafi ekki frá ekkjunni, sbr. 59. gr. skiptalaga, og ekki frá skiptaráðanda, sbr. 1. mgr., sbr. 24. og 77. gr. skiptalaga. Eignaskrá þessi frá 1. janúar 1934 sé því gersamlega að engu hafandi í öllu tilliti, formlega og þó sérstaklega efnislega sem grundvöllur af búskiptum, að öðru leyti en því, að það feli í sér sönnun um, hverjum eignum búsins var skipt og við hverju verði og hverjar eignir sættu ekki lögskipaðri skiptameðferð.

Aðrar eignir búsins, sem varnaraðili sé nú þinglýstur eigandi að og ekki komu fram á skiptagerningnum, hafi því ekki komið til skipta.

Þá hafi firma Ragnar Ólafsson, það er verslunarfyrirtækið, eigi komið til skipta.

Krafa búsins á hendur Akureyrarkaupstað samkvæmt b lið 2. gr. kaupsamnings á dskj. nr. 2 hafi ekki komið til skipta. Jörðin Svartárkot í Suður Þingeyjarsýslu með mannvirkjum, ríkisskuldabréf að fjárhæð kr. 60.000.00, en alls sé óvíst, að þessi talning sé tæmandi.

Þá er komið að kröfum varnaraðilja máls þessa.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á því, að samkomulagið frá

1977 sé algerlega bindandi og ekki til að dreifa neinu ákvæði laga nr. 7 frá 1936, þ. e. kaflanum um ógildingu löggerninga, sem ónýti það samkomulag.

Guðrún Ólafsson hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi og sá, sem sitji í óskiptu búi, hafi full eignarráð yfir eignum búsins, sem meðal annars veiti heimild til þess að selja eignir búsins, lausar sem fastar. Guðrún hafi selt varnaraðilja Oddeyrareignirnar árið 1933 og hafi samningur verið munnlegur og hann síðan staðfestur með afsali, dags. 12. desember 1934.

Að formlega hafi verið beðið um leyfi til einkaskipta, þótt bréf þar að lútandi hafi ekki fundist og að því hafi fylgt nauðsynleg gögn, svo sem upplýsingar um eignir og skuldir búsins „framtala".

Ekkert verði fullyrt um, að uppskrift og virðing hafi ekki farið fram, þótt ekkert finnist um það nú.

Skiptaráðandi hafi bersýnilega gert sér far um að fara að lögum og að hann hafi skipað ófjárráða erfingjum lögráðamann. Skiptagerð hafi verið gerð, erfðafjárskýrslu skilað og erfðafjárskattur greiddur.

Skiptin hafi því farið fram löglega í alla staði.

Allar eignir búsins hafi komið til skipta, nema þá hugsanlega frímerki, en þau hafi komið í hlut Guðrúnar.

Niðurstaða.

Svo sem fyrr er rakið, lést Ragnar Ólafsson 14. september 1928. Ekkja Ragnars, frú Guðrún Ólafsson, tilkynnir valdsmanni um, að hún ætli að sitja í óskiptu búi, með bréfi, dags. 27. október 1928.

Valdsmaður veitir ekkjunni búsetuleyfi þann 19. nóvember 1928. Í búsetuleyfi valdsmanns kemur fram, að samþykki myndugra barna þeirra hjóna liggur fyrir.

Þann 3. apríl 1934 skipar skiptaráðandinn J. C. F. Arnesen til þess að vera umboðs- og fjárráðamaður ómyndugra barna ekkjunnar vegna væntanlegra erfingjaskipta á dánarbúi því, sem hér er fyrir dómi. Í skipunarbréfi skiptaráðanda kemur fram, að þetta er gert eftir beiðni frá Guðrúnu Ólafsson í bréfi, dags. 31. mars 1934. 1934 er skiptagerð útbúin, og er skiptagerð þessi undirrituð þann 16. apríl þ. á., og er hún byggð á eignalista, sem fylgir skiptagerðinni, en eignalistinn miðast við eignir dánarbúsins 1. janúar 1934. Erfðafjárskýrslu er síðan skilað 30. júní 1934. Erfðafjárskýrsla þessi er ekki undirrituð eigin hendi af

erfingjum, en skiptaráðandi vottar, að hún sé í samræmi við skiptagerning. Erfðafjárskattur er greiddur sama dag og skýrslunni er skilað.

Í september 1977 selur varnaraðili máls þessa svokallaða Gránueign á Oddeyrartanga. Um sölu þessa var rituð grein í dagblaðið Tímann þetta sama ár. Grein þessi varð til þess, að nokkrir samerfingjar varnaraðilja í máli þessu gerðu sér ferð norður til Akureyrar, þar sem rætt var um þessa sölu og hvenær og hvernig varnaraðili væri kominn að þessari eign.

Í beinu framhaldi að þessu gerði varnaraðili og samerfingjar hans með sér samkomulag, svohljóðandi.

„Í sambandi við sölu á svokallaðri „Gránueign" á Oddeyrartanga, í september síðastliðnum, tek ég undirritaður að mér að greiða meðerfingjum mínum — níu talsins — eins og hér segir:

1. júlí 1978	kr.	15.000.000
1. júlí 1979	—	900.000
1. júlí 1980	—	900.000
1. júlí 1981	—	900.000
Samtals	kr.	17.700.000
Áður greitt í sama skyni	—	900.000
Samtals	kr.	18.600.000

Áðurnefndir meðerfingjar mínir falla frá frekari kröfum vegna skipta í dánarbúum foreldra okkar.

Akudeyri, 4. desember 1977,
Sverrir Ragnars.

Samþykk ofanrituðu.
Kjartan Ragnars.
Þuríður Einarsson.
Guðrún Ragnars.
Ólafur Ragnars.
Valgerður Ragnars.
Ragna Gröndal.
Jón Ragnars.
Ragnar Ragnars.
F.h. Sigr. Ragnars
St. Guðjónsen."

Þegar litið er til samkomulagsins, sem aðiljar máls þessa gerðu

með sér 4. desember 1977, og þess, að ekki er ágreiningur um, hvaða eignum dánarbúsins var skipt 16. apríl 1934, heldur við hverju verði þeim var skipt, þykja eigi vera fram komnir þeir formgallar á skiptunum 1934, að taka beri dánarbú Ragnars Ólafssonar til opinberra skipta.

Í áðurnefndu samkomulagi lýsa aðiljar því yfir, að þeir falli frá frekari kröfum vegna skipta á dánarbúi Ragnars Ólafssonar og frú Guðrúnar Ólafsson. Með samkomulagi þessu komst á bindandi samningur með aðiljum máls þessa. Samkomulagi þessu hefur ekki verið hnekkt fyrir dómi. Samkomulag þetta er því enn í fullu gildi þrátt fyrir yfirlýsingu sóknaraðilja máls þessa á dskj. nr. 39 um, að forsendur samkomulagsins séu með öllu brostnar að því leyti sem þeir falli þar frá frekari kröfum á hendur varnaraðilja vegna skipta á dánarbúum Ragnars Ólafssonar og frú Guðrúnar Ólafsson.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að synja beri kröfu sóknaraðilja, Valgerðar Ragnars, Jóns Ragnars, Kjartans Ragnars, Guðrúnar Ragnars og Rögnu G. Ragnars, um opinber skipti á dánarbúi Ragnars Ólafssonar, fyrrverandi konsúls á Akureyri.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Meðferð máls þessa dróst nokkuð vegna mikilla embættisanna skiptaráðanda.

Úrskurð þennan kvað upp, Erlingur Óskarsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Því úrskurðast:

Kröfur sóknaraðilja, Valgerðar Ragnars, Jóns Ragnars, Kjartans Ragnars, Guðrúnar Ragnars og Rögnu G. Ragnars, um opinber skipti á dánarbúi Ragnars Ólafssonar, fyrrverandi konsúls á Akureyri, er synjað.

Málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 22. maí 1982.

Nr. 117/1982. **Róbert Trausti Árnason**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
borgarstjórn Reykjavíkur
Jón G. Tómasson hrl.).

Kosningarréttur. Lögheimili.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1982. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt skylt að taka nafn áfrýjanda á kjörskrá þá í Reykjavík, sem gildir við borgarstjórnarkosningar, er fram fara í dag.

Stefndi hefur lýst yfir, að hann hreyfi engum andmælum gegn kröfu áfrýjanda.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 35/1960, sbr. lög nr. 42/1966, 1. gr., „skulu ... íslenskir ríkisborgarar, sem eru starfsmenn alþjóðastofnana, sem Ísland er aðili að, eiga lögheimili á Íslandi, þar sem lögheimilið var, er þeir fóru af landi brott."

Áfrýjandi er starfsmaður alþjóðastofnunar, sem fellur undir framangreint lagaákvæði. Samkvæmt því verður tilkynning hans um aðsetursskipti, sem lögð hefur verið fyrir Hæstarétt, ekki skilin svo, að hann hafi flutt lögheimili sitt til Belgíu 11. september 1981. Ber því að taka til greina kröfu hans í máli þessu.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórn Reykjavíkur, ber að taka nafn áfrýjanda, Róberts T. Árnasonar, á kjörskrá þá, sem gildir við borgarstjórnarkosningar í Reykjavík 22. maí 1982.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. maí 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Róbert T. Árnason,

sagður til heimilis að Drápuhlíð 47, Reykjavík, fæddur 24. apríl 1951, nnr. 7352-2382, höfðað gegn borgarstjórn Reykjavíkur til þess að fá viðurkenndan rétt sinn til að vera á kjörskrá í Reykjavík við komandi borgarstjórnarkosningar 22. maí nk.

Stenandi lýsir málavöxtum svo í stefnu:

„Málavextir eru þeir, að við samningu kjörskrár fyrir Reykjavík hefur nafn stefnanda fallið niður, þar sem hann er í þjóðskrá talinn búsettur í Belgíu.

Stefnandi hefur frá því snemma í haust starfað í Brüssel á vegum NATO, og samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili á hann skýlausan rétt á að vera hér á kjörskrá, sbr. meðfylgjandi vottorð utanríkisráðuneytisins á dskj. nr. 3. Áður en stefnandi tók til starfa í Brüssel, var hann við nám í Kanada, og mun það vera ástæða þess, að hann féll af þjóðskrá sem búsettur erlendis. Hann uppfyllir öll skilyrði laga fyrir kosningarrétti, þ. m. t. að eiga lögheimili hér á landi.

Stefnandi lagði ekki fram kæru vegna kjörskrár fyrir borgarstjórn Reykjavíkur innan kærufrests, og er ástæðan sú, að stefnandi var erlendis, er kjörskráin lá frammi fyrir kærufrest, og er mál þetta höfðað með stoð í 24. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar."

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og málatilbúnaði stefnanda eigi mótmælt.

Af hálfu stefnanda hefur verið lagt fram vottorð utanríkisráðuneytis, dags. 18. maí 1982, um, að stefnandi sé starfsmaður Atlantshafsbandalagsins í Brüssel. Þá hefur og af hálfu stefnanda verið lagt fram vottorð Hagstofu Íslands, dags. 20. maí 1982, um, að hann hafi átt lögheimili í Belgíu hinn 1. desember 1981, en áður að Drápuhlíð 47, Reykjavík, og enn fremur skrifleg sókn í málinu, þar sem er að finna túlkun lögmanns stefnanda á ákvæðum 10. gr. laga nr. 35/1960.

Álit dómsins.

Framangreint vottorð Hagstofu Íslands sýnir, að stefnandi hefur flutt lögheimili sitt frá Drápuhlíð 47 til Belgíu, en lögheimili hans er skráð þar í landi 1. desember 1981, og ekki hefur öðru verið haldið fram en svo sé enn. Enda þótt kveðið sé á um í 2. mgr. 10. gr. laga nr. 35/1960, að íslenskir ríkisborgarar, sem eru starfsmenn alþjóðastofnana, sem Ísland er aðili að, skuli eiga lögheimili á Íslandi, en skoða verður Atlantshafsbandalagið sem alþjóðastofnun í skilningi þessa lagaákvæðis, þá hefur stefnandi

engu að síður flutt lögheimili sitt af landi brott og á það nú í Belgíu, og er niðurstaða dómsins því sú, að stefnandi fullnægi ekki kosningarréttarskilyrði því, sem kveðið er á um í d lið 1. mgr. 18. gr. laga nr. 58/1961, og enda þótt kröfu hans hafi eigi verið mótmælt af hálfu stefnda, verður hún ekki tekin til greina.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórn Reykjavíkur, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Róberts T. Árnasonar, í máli þessu.